Hæstaréttardómar 1992 - 1. bindi

Útgáfa 3.1 af rafræna skjalinu

Þetta PDF skjal er hluti afraksturs skönnunar á prentuðum eintökum af dómasafni Hæstaréttar. Markmið þessarar útgáfu er að veita almenningi færi á að eignast sitt eigið eintak af dómum Hæstaréttar án endurgjalds. Hæstiréttur Íslands stendur ekki fyrir útgáfu þessa skjals né komið að henni með öðrum hætti en lýst er hér að neðan.

Sérstakar þakkir fær Bókasafn Hafnarfjarðar fyrir að gefa flest bindanna til skönnunar og Óli Gneisti Sóleyjarson fyrir sín framlög til verkefnisins. Fjárhagslegir styrktaraðilar fá einnig þakkir fyrir fjárframlög sín.

Skjalið er upprunalega birt á vefnum https://urlausnir.is. Þar má finna rafrænar útgáfur hinna bindanna og verða nýrri útgáfur af skjölunum í boði þar.

Takmörkun ábyrgðar

Höfundur skjals þessa afsalar sér allri ábyrgð, að því marki sem lög heimila, vegna beinnar og/eða óbeinnar notkunar skjalsins sjálfs eða afurða sem af því leiðir. Þó stefnt hafi verið að því markmiði að skjalið endurspegli sem best innihald upprunalegu bindanna er hvorki hægt að tryggja né ábyrgjast að það hafi tekist. Framangreint á einnig við um efnislegt innihald prentuðu eintakanna sem skönnuð voru.

Höfundaréttur

Samkvæmt 9. gr. núverandi höfundalaga, nr. 73/1972, njóta dómar ekki verndar höfundalaga. Skrifstofa Hæstaréttar hefur tjáð höfundi skjalsins að Hæstiréttur hyggst ekki gera neinar athugasemdir vegna birtingar þessara rafrænu eintakanna í heilu lagi, en hefur hins vegar ekki útilokað að annað efni en dómar gæti notið verndar höfundalaga. Ef ætlunin er að nýta aðra hluta skjalsins en dómana sjálfa er mælt með því að viðkomandi hafi samband við Hæstarétt eftir því sem við á.

Hvers kyns höfundarréttur sem höfundur skjalsins gæti hafa skapað sér til handa með skönnuninni sjálfri eða öðru framlagi sínu til sköpunar þess, skal vera meðhöndlaður í samræmi við Creative Commons Zero höfundaleyfið (CC0 1.0 Universal eða síðari útgáfa þess).

Ábendingar

Séu ábendingar um mögulegar úrbætur á skjalinu er hægt að koma þeim á framfæri við höfund þess.

Höfundur skjalsins: Svavar Kjarrval (svavar@kjarrval.is)

HÆSTARÉTTARDÓMAR 1992

Efnisskrá til bráðabirgða

1. hefti

Bls.

Aðfinnslur 111, 133, 213
Aðför 476, 481
Aðilaskýrsla 465, 545
Aðild 8, 172, 515
Akstur án ökuréttinda 258
Áfrýjun 507
Áskorunarmál 383, 476
Bifhjól 394
Bifreiðar:
Einkamál .....
Opinber mál 23, 26, 241,244, 251,258, 260, 394, 439, 624
Bókhaldsbrot 154
Bótakrafa í opinberu máli 302
Brenna 225
Brot gegn 4. mgr. 200. gr. alm. hgl. 487
Brottrekstur 328
Dánarbú 296
Dómarar 247
Dómsátt felld úr gildi 241, 244
Dráttarvextir 352
Endurgreiðsla 386
Endurkrafa 111
Farbann 80
Fasteignir 198
Félagsdómur 148
Firma 483
Fjallskil 56
Fjárdráttur 133, 535, 560
Fjárnám 111
Fjársvik 174, 222, 439, 560
Fjölbýlishús 291
Frávísun:
a) frá Félagsdómi 148
b) frá héraðsdómi 60, 210, 476, 515
c) frá Hæstarétti 15, 45, 126
Frávísun staðfest 302
Frávísunaráritun úr gildi felld 383
Frávísunardómur felldur úr gildi 167, 352, 556
Frávísunardómur staðfestur 213, 217, 543
Frestur 263, 264, 265, 266, 267, 496, 498
Fyrirfram greiddur arfur 342

Bls
Fyrning 154, 383
Gagnaöflun 84
Galli 198, 458
Gjafvörn 342
Gjaldþrot 117, 507, 560
Gjaldþrotaskipti 32, 38, 126, 172, 386, 458
Gjaldþrotaúrskurður 512
Greiðslustöðvun 560
Gæsla 48
Gæsluvarðhald 195, 239
Handveð 117
Heimvísun 283, 532, 638
Hjón 342
Hlutafélög 210
Hlutdeild 605
Húsaleiga 549
Hæfi dómara 247
Hæfi meðdómsmanns 379
Kaup 525
Kröfulýsingarfrestur 507
Kærufrestur 15
Kærumál:
Aðfinnslur 213
Aðilaskýrsla 465, 545
Aðild 515
Áskorunarmál 383
Bifreiðar:
Einkamál .....
Opinber mál 241, 244
Bótakrafa í opinberu máli 302
Dómarar 247
Dómsátt felld úr gildi 241, 244
Dráttarvextir 352
Farbann 80
Félagsdómur 148
Frávísun:
a) frá Félagsdómi 148
b) frá héraðsdómi 60, 515
c) frá Hæstarétti 15
Frávísun staðfest 302
Frávísunaráritun úr gildi felld 383
Frávísunardómur felldur úr gildi 167, 352, 556
Frávísunardómur staðfestur 213, 217, 542
Frestur 498
Fyrning 154, 383
Gagnaöflun 84
Gæsluvarðhald 195, 239
Hæfi dómara 247
Hæfi meðdómsmanns 379
Kærufrestur 15
Lögbannskrafa 29

Bls.
Lögræðislög ... 515
Málshöfðunarfrestur ... 167
Málskostnaður ... 29
Meðalganga ... 17
Réttarfar ... 148
Réttarverkanir dóma ... 352
Sameining mála ... 515
Sératkvæði ... 352
Skuldabréf ... 545
Stefna ... 60
Stefnubirting ... 60
Stjórnarskrá ... 195
Tékkar ... 383
Umboð ... 515
Varnir ... 465
Víxilmál ... 465
Þinglýsing ... 1
Landbúnaðarlöggjöf ... 8
Lausafjárkaup ... 458
Leyfissvipting ... 560
Lífeyrissjóður ... 535
Líkamsárás ... 67, 280, 363, 520
Líkamsárás leiðir til dauða ... 605
Lögbannskrafa ... 29
Löggiltir endurskoðendur ... 154
Lögreglumenn ... 448
Lögræðislög ... 515
Lögvarðir hagsmunir ... 126
Manndráp af gáleysi ... 394
Mannréttindasáttmáli Evrópu ... 174
Matsmenn ... 532
Málshöfðunarfrestur ... 167
Málskostnaður ... 29, 174, 300
Meðalganga ... 17
Meðdómendur ... 532
Miskabætur ... 87, 97, 401
Nauðgun ... 87, 97
Nauðungaruppboð ... 283, 286
Opinberir starfsmenn ... 133, 401
Ómaksbætur ... 4, 5, 6, 145
Ómerking ... 45, 283, 476, 532, 638
Ómerking ummæla ... 401
Rán ... 605
Réttarfar ... 67, 148
Réttindasvipting ... 154
Réttarverkanir dóma ... 352
Riftun ... 32, 38, 386, 525
Sameining mála ... 515
Samningar ... 549
Sératkvæði ... 117, 133, 206, 280, 342, 352, 401, 507, 549, 605, 638
Sértökuréttur ... 458

Bls.
Sjómannalög ... 468
Sjóveð ... 468
Skaðabætur, skaðabótamál ... 312, 448, 520
Skattsvik ... 154
Skilasvik ... 560
Skilnaðarsamningur ... 342
Skilorð ... 133, 222, 363, 436, 439, 560, 605
Skilorðsrof ... 503
Skiptaréttarmál ... 296
Skjalafals ... 130, 503
Skriflega flutt mál ... 296, 300
Skuldabréf ... 545
Skuldajöfnuður ... 117
Skuldamál ... 8, 483
Starfslok ... 468
Stefna ... 60
Stefnubirting ... 60, 206, 210, 512
Stjórnarskrá ... 195
Sýkna ... 300
Sýknað af broti gegn 106. gr. alm. hgl. ... 487
Söluskattur ... 154, 560
Sönnun ... 296, 363, 632
Tékkar ... 222, 383, 439
Tómlæti ... 198
Umboð ... 283, 342, 515
Umboðssvik ... 174
Umferðarlög ... 23, 26, 251, 258, 260, 394, 624
Úrskurður ... 501
Úthlutun uppboðsandvirðis ... 269
Útivist í héraði ... 56, 300
Útivist í Hæstarétti ... 111
Útivistardómar ... 6,7, 141, 142, 143, 144, 145, 146, 147, 378
Varnarþing ... 206
Varnir ... 465
Vátrygging ... 439
Vátryggingarsvik ... 225
Veðréttur ... 269
Verkamannabústaðir ... 269
Verksamningur ... 291
Vinnusamningur ... 328, 468
Vítur ... 45, 638
Víxlar, víxilmál ... 465
Þingfesting ... 266, 267, 496, 501
Þinglýsing ... 1
Þjófnaður ... 277, 436, 632
Ærumeiðingar ... 401
Ökuhraði ... 251, 260
Ölvunarakstur ... 624
Örorkubætur ... 312
Öryggisráðstafanir ... 48
45. gr. hæstaréttarlaga ... 206

Hæstaréttardómar.

Útgefandi: Hæstiréttur.

LXXIII. árgangur. 1. hefti. 1992

Mánudaginn 6. janúar 1992.

Nr. 477/1991. **Anna Þóra Pétursdóttir,**
Ásrún Einarsdóttir,
Daníel Pétursson,
Guðný Pétursdóttir,
Guðrún Ragnarsdóttir,
Jón Pétursson,
Kristín Sigfúsdóttir,
Landsbanki Íslands,
Margrét Ragnarsdóttir,
Ragnar Jón Pétursson,
Sigrún Gunnarsdóttir,
Sigurjón Ragnarsson og
Sigurveig Ragnarsdóttir
gegn
Pétri Þór Sigurðssyni
og
Jóni Skaftasyni yfirborgarfógeta
sem þinglýsingardómara í Reykjavík.

Kærumál. Þinglýsing.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Þór Vilhjálmsson, Haraldur Henrysson og Hjörtur Torfason.

Sóknaraðilar kærðu 22. október 1991 þinglýsingu uppboðsafsals fyrir Pósthússtræti 11 í Reykjavík. Kæruheimild er 3. gr. þinglýsingalaga nr. 39/1978. Krefjast sóknaraðilar þess, að lagt verði fyrir þinglýsingardómara að þinglýsa afsalinu án athugasemda og að

afmáð verði úr veðmálabókum endurrit úr fógetabók um fjárnám, sem gert var að kröfu varnaraðila.

Varnaraðili krefst aðallega frávísunar kærumálsins frá Hæstarétti. Til vara er þess krafist, að kröfum sóknaraðila verði hafnað. Til þrautavara er krafist breytingar á athugasemd þinglýsingardómara, svo að fram komi, að fjárnám það, er fyrr getur, hvíli aðeins á eignarhluta sóknaraðilans Sigurjóns Ragnarssonar. Þá krefst varnaraðili kærumálskostnaðar.

Þinglýsingardómari, sem sent hefur Hæstarétti rökstuddar ástæður fyrir úrlausnum sínum, gerir ekki dómkröfur.

Málavextir eru þeir, að fasteignin Pósthússtræti 11 í Reykjavík (Hótel Borg) var seld á nauðungaruppboði 9. janúar 1989. Hæstbjóðendur voru sóknaraðilar þessa kærumáls, sem áttu 6. veðrétt í eigninni. Bókað var, að uppboðshaldari tæki sér 14 daga frest til að taka ákvörðun um fram komin boð. Boði hæstbjóðenda var tekið utan réttar, en uppboðsafsal ekki gefið út fyrr en 3. október 1991. Í því segir m.a.: „Afmá ber af veðmálaskrá eignarinnar allar þinglýstar veðkröfur.“ Afsalið var móttekið til þinglýsingar 9. október 1991 og innfært 17. sama mánaðar, en jafnframt gerð þessi athugasemd: „Aths. Enn er áhvílandi fjárnám Péturs Þórs Sigurðssonar, kr. 1.655.360.- d.26.03.91.“

Tilefni athugasemdar þinglýsingardómara var fjárnámsgerð, sem fram fór 26. mars 1991. Gerðarbeiðandi var varnaraðili þessa kærumáls, en gerðarþoli einn af sóknaraðilunum, Sigurjón Ragnarsson. Að kröfu umboðsmanns gerðarbeiðanda var gert fjárnám „í eignarhluta gerðarþola í Pósthússtræti 11, 7,17% hluti ...“. Endurrit úr fógetabók var móttekið til þinglýsingar 26. mars og innfært 21. júní. Gerð var svohljóðandi athugasemd: „Aths. Gerðarþola brestur þinglýsta eignarheimild að Pósthússtræti 11 ...“.

Sóknaraðilar byggja kröfu sína annars vegar á því, að varnaraðili hafi vitað, að sóknaraðilar hefðu selt Reykjavíkurborg Pósthússtræti 11, þegar hann fékk gert fjárnám í eigninni, en hins vegar á því, að í uppboðsafsali segir, að afmá skuli af veðmálaskrá þinglýstar veðkröfur.

Frávísunarkröfu sína styður varnaraðili þeim rökum, að kæran sé óljós, að sóknaraðilar aðrir en Sigurjón Ragnarsson eigi ekki

aðild, eins og málið sé úr garði gert, og að kæran sé of seint fram komin. Varakrafa varnaraðila er á því byggð, að þinglýsing endurritsins um áðurgreint fjárnám hafi verið lögum samkvæm og að þinglýsing uppboðsafsals hafi ekki áhrif á hana. Telur hann vitneskju sína um sölu til Reykjavíkurborgar engu skipta um úrslit þessa máls, en auk þess hafi ekki legið fyrir fullgildur kaupsamningur, þegar hann fékk fjárnám gert í eigninni. Loks er þrautavarakrafan rökstudd með því, að leiðrétting sú, sem þar greinir, sé í samræmi við fjárnámið.

Eftir að kæra sóknaraðila barst Hæstarétti 27. nóvember sl., var nokkurra nýrra gagna aflað að frumkvæði dómenda. Er málið nú í því horfi, að á það má leggja dóm. Sóknaraðilar allir hafa hagsmuni af úrslitum málsins, enda er uppboðsafsalið gefið út til þeirra allra. Það var innfært í þinglýsingabók 17. október 1991, en ákvörðun þinglýsingardómara, sú sem fram kemur í athugasemd hans, var kærð 22. október, þ.e. innan þess frests, sem tilgreindur er í 3. gr. þinglýsingalaga. Frávísunarkrafa varnaraðila verður af þessum sökum ekki tekin til greina.

Ekki skiptir máli varðandi hina umdeildu þinglýsingu, hvort varnaraðili vissi um sölusamning sóknaraðila við þriðja aðila, sbr. gagnályktun frá lokaákvæði 2. mgr. 29. gr. þinglýsingalaga.

Í uppboðsafsali segir, eins og áður greinir: „Afmá ber af veðmálaskrá eignarinnar allar þinglýstar veðkröfur.“ Fjárnámið, sem málið er af risið, var gert, eftir að tekið var boði því í Pósthússtræti 11, sem sóknaraðilar gerðu á nauðungaruppboði, en áður en uppboðsafsali til þeirra var þinglýst. Uppboðshaldari gat gefið fyrirmæli um, að afmá skyldi veðbönd, sem hvíldu á eigninni og uppboðsandvirði hrökk ekki til að greiða, sbr. 1. mgr. 36. gr. laga um nauðungaruppboð nr. 57/1949. Er ekki lagagrundvöllur til að afmá hið umdeilda aðfararveð, sem ekki var til tryggingar kröfu, sem greiða skyldi af uppboðsandvirðinu.

Samkvæmt framanskráðu verður að hafna kröfu sóknaraðila.

Kærumálskostnaður fellur niður.

Dómsorð:

Krafa sóknaraðila í máli þessu er ekki tekin til greina.

Miðvikudaginn 8. janúar 1992.

Nr. 287/1990. **Jón G. Sandholt**

gegn

Póst- og símamálastofnun.

Ómaksbætur.

Dómur Hæstaréttar.

Aðilar eru sammála um, að mál þetta falli niður.

Áfrýjandi, Jón G. Sandholt, greiði stefnda, Póst- og símamálastofnun, sem sótt hefur dómþing í málinu og krafist ómaksbóta, 15.000 krónur í ómaksbætur að viðlagðri aðför að lögum.

Miðvikudaginn 8. janúar 1992.

Nr. 470/1990. **Eiríkur Jónmundsson**

gegn

bæjarsjóði Blönduóss,
Byggingarsjóði ríkisins,
Búnaðarbanka Íslands, útibúinu Blönduósi,
Ríkisútvarpinu, innheimtudeild,
þrotabúi Sindrasmiðjunnar hf.,
Lífeyrissjóði Landssambands
vörubifreiðastjóra og
Lífeyrissjóði verkalýðsfélaga
á Norðurlandi vestra.

Ómaksbætur.

Dómur Hæstaréttar.

Aðilar eru sammála um, að mál þetta falli niður.

Áfrýjandi, Eiríkur Jónmundsson, greiði stefnda Búnaðarbanka Íslands, útibúinu á Blönduósi, sem sótt hefur dómþing í málinu og einn krafist ómaksbóta, 8.000 krónur í ómaksbætur að viðlagðri aðför að lögum.

Miðvikudaginn 8. janúar 1992.

Nr. 160/1991. **Dögun hf.**

gegn

Hörpu hf.

Útivistardómur.

Dómur Hæstaréttar.

Málsókn þessi fellur niður.

Áfrýjandi, Dögun hf., sem eigi sækir dómþing í máli þessu, greiði 10.000 króna útivistargjald til ríkissjóðs, ef hann vill fá mál sitt tekið fyrir að nýju.

Miðvikudaginn 8. janúar 1992.

Nr. 208/1991. **Rúnar Sigurður Guðjónsson**

gegn

Hjörleifi Hjörleifssyni.

Ómaksbætur.

Dómur Hæstaréttar.

Aðilar eru sammála um, að mál þetta falli niður.

Áfrýjandi, Rúnar Sigurður Guðjónsson, greiði stefnda, Hjörleifi Hjörleifssyni, sem sótt hefur dómþing í málinu og krafist ómaksbóta, 8.000 krónur í ómaksbætur að viðlagðri aðför að lögum.

Miðvikudaginn 8. janúar 1992.

Nr. 482/1991. **Sigurbjörg U. Óskarsdóttir**

gegn

Gjaldheimtunni í Reykjavík,
Íslandsbanka hf.,
Lífeyrissjóði verslunarmanna,
Almennu málflutningsstofunni sf. og
Lífeyrissjóði Dagsbrúnar og Framsóknar.

Útivistardómur.

Dómur Hæstaréttar.

Málsókn þessi fellur niður.

Áfrýjandi, Sigurbjörg U. Óskarsdóttir, sem eigi sækir dómþing í máli þessu, greiði 10.000 króna útivistargjald til ríkissjóðs, ef hún vill fá mál sitt tekið fyrir að nýju.

Miðvikudaginn 8. janúar 1992.

Nr. 497/1989. **Kaupfélag Dýrfirðinga**
(Sigurður G. Guðjónsson hrl.)
gegn
Jóhanni Sigurðssyni
(Jón Oddsson hrl.).

Skuldamál. Landbúnaðarlöggjöf. Aðild.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Þór Vilhjálmsson, Garðar Gíslason og Gunnar M. Guðmundsson.

Í héraði voru bræðurnir Garðar og Jóhann Sigurðssynir stefnendur. Áfrýjunarstefna var gefin út 21. desember 1989 og henni beint að þeim báðum. Garðar lést 19. apríl 1990, og tók Jóhann allan arf eftir hann. Er hann nú einn aðili varnar megin, þar sem skiptum dánarbúsins er lokið og Jóhann tók að sér að greiða skuldir þess.

Áfrýjandi krefst sýknu af kröfum stefnda og málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst staðfestingar héraðsdóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti með dráttarvöxtum.

Aðilar deila hvorki um fjárhæð höfuðstóls né um vexti.

Með tilvísun til forsendna héraðsdóms ber að staðfesta hann með þeirri breytingu á aðild, sem að framan er lýst.

Eftir þessum úrslitum ber að dæma áfrýjanda til að greiða stefnda málskostnað fyrir Hæstarétti, sem er hæfilega ákveðinn 75.000 krónur. Er þá ekki tekið tillit til virðisaukaskatts.

D ó m s o r ð:

Áfrýjandi, Kaupfélag Dýrfirðinga, greiði stefnda, Jóhanni Sigurðssyni, fjárhæð í samræmi við héraðsdóm.

Áfrýjandi greiði stefnda 75.000 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti.

Dómur aukadómþings Ísafjarðarsýslu 14. desember 1989.

Mál þetta, sem dómtekið var að lokinni aðalmeðferð 8. desember 1989, höfðuðu stefnendur, Garðar Sigurðsson, kt. 230727-4149, og Jóhann Sig-

urðsson, kt. 080728-3289, báðir til heimilis að Neðsta-Hvammi í Þingeyrarhreppi, Vestur- Ísafjarðarsýslu, gegn Kaupfélagi Dýrfirðinga á Þingeyri, kt. 680169-6599, fyrir aukadómþingi Ísafjarðarsýslu með stefnu, út gefinni 26. maí 1989 og birtri 6. júní s.á.

Dómkröfur stefnenda eru þær, að stefndi verði dæmdur til að greiða þeim ,,sameiginlega skuld, að fjárhæð krónur 1.527.094,96, auk [nánar tilgreindra dráttarvaxta svo og málskostnað]''.

Dómkröfur stefnda eru þær, að hann verði sýknaður af öllum kröfum stefnenda og þeir dæmdir til að greiða honum málskostnað samkvæmt málskostnaðarreikningi, byggðum á gjaldskrá Lögmannafélags Íslands, auk lögmæltra dráttarvaxta og sérstaks sölugjalds til ríkissjóðs.

Málavextir.

Tildrög mála eru þau, að stefnendur reka félagsbú á jörðinni Neðsta-Hvammi í Þingeyrarhreppi, Vestur-Ísafjarðarsýslu, og hafa gert um langt árabil. Þeir höfðu sameiginlegan viðskiptamannareikning hjá stefnda, og var jafnan lagt inn á hann vegna sláturafurða frá stefnendum. Svo var enn gert vegna slátrunar haustið 1987. Stefnendur lýstu því fyrir dómi, að síðari hluta nóvembermánaðar 1987 hefðu þeir óskað eftir uppgjöri frá stefnda, en kaupfélagsstjórinn þáverandi, Bjarni Grímsson, hefði neitað því og tjáð þeim, að til þess væru engir fjármunir handbærir. Þeir hefðu þá sagst myndu leita réttar síns og í framhaldi þess snúið sér til lögmanns síns 4. desember 1987. Lögmaður stefnenda ritaði stefnda kröfubréf 7. desember 1987, þar sem hann krafði hann um greiðslu skuldar, að fjárhæð kr. 1.100.115,78, samkvæmt viðskiptayfirliti í október auk dráttarvaxta og innheimtukostnaðar. Með bréfi 17. desember 1987 hafnaði stefndi þessari kröfu á þeim forsendum, að ekki væri um gjaldfallna skuld við stefnendur að ræða. Til samkomulags var boðið, að stefnendur fengju greiðslur út af viðskiptareikningnum þannig, að hann greiddist út á þremur til fjórum mánuðum og yrði að fullu greiddur í mars - apríl 1988. Jafnframt yrðu greiddir almennir skuldavextir af inneigninni, á meðan um hana væri að ræða. Lögmaður stefnenda ritaði stefnda kröfubréf að nýju 1. mars 1988 og krafðist nú greiðslu skuldar miðað við viðskiptareikning stefnenda 31. desember 1987, að fjárhæð kr. 1.527.094,00, auk dráttarvaxta og kostnaðar, að fjárhæð kr. 279.728,05, samtals kr. 1.806.823,01. Hann lét þess getið í bréfi sínu, að þessi viðskipti og meðferð stefnda á fé stefnenda gæti leitt til opinberrar rannsóknar. Með skeyti til stefnenda 11. apríl 1988, sem lögmaður þeirra fékk afrit af, tilkynnti stefndi, að á skrifstofu sinni á Þingeyri væri ávísun, sem væri fullnaðaruppgjör til stefnenda. Lögmaður stefnenda ítrekaði með skeyti 12. apríl 1988 kröfur umbjóðenda sinna, þar sem greiðslutilboð stefnda fæli engin skil í sér. Stefndi svaraði með skeyti sama

dag og ítrekaði efni símskeytis frá 11. apríl 1988. Næsta dag tilkynnti stefndi lögmanni stefnenda með skeyti, að hann hefði þann dag greitt inn á hlaupareikning lögmannsins í Útvegsbanka Íslands greiðslur af viðskiptareikningi stefnenda ásamt vöxum. Þessi greiðsla nam kr. 1.581.121,56. Með bréfi 24. apríl 1988 ítrekaði lögmaður stefnenda fyrri kröfugerð þeirra, enda væri greiðslan 13. apríl 1988 aðeins innborgun. Frekari skipti um þetta ágreiningsefni áttu aðilar ekki, þar til mál þetta var höfðað.

Við munnlegan flutning málsins 8. desember 1989 var bókuð eftirfarandi yfirlýsing lögmanna aðila:

Aðilar eru sammála um eftirfarandi:

1) Slátrun hjá stefnendum haustið 1987 lauk fyrir 15. október það ár.

2) Sá háttur hefur tíðkast í skiptum aðila fram til ársins 1987, að greiðslur fyrir sláturafurðir hafa verið lagðar inn á viðskiptareikning stefnenda hjá stefnda og vaxtareiknaðar þar með almennum innlánsvöxtum.

3) Ekki hefur verið gerður sérstakur samningur milli aðila um annan hátt á greiðslum fyrir sláturafurðir en greinir í 29. gr. laga nr. 46/1985.

Stefnendur, Garðar og Jóhann Sigurðssynir, og núverandi kaupfélagsstjóri stefnda, Magnús Guðjónsson, gáfu skýrslur fyrir dómi við aðalmeðferð málsins.

Málsástæður og lagarök.

Stefnendur reisa kröfugerð sína á því, að stefnda hafi borið að gera upp skuldir sínar við stefnendur í samræmi við ákvæði 29. gr. laga nr. 46/1985 varðandi umræddar sauðfjárafurðir þannig: 75% inneignar fyrir 15. október 1987 og 25% fyrir 15. desember 1987. Stefnendur hafi krafist uppgjörs frá stefnda í samræmi við ofangreint þegar haustið 1987, en án árangurs. Hið eina, er stefnendur hafi fengið þá, hafi verið útskrift frá 6. nóvember 1987. Umrædd skipting milli ofangreindra gjalddaga sé samkvæmt bréfi frá framleiðsluráði landbúnaðarins, er sent hafi verið stefnda eins og öðrum sláturleyfishöfum, sbr. 29. gr. laga nr. 46/1985, sbr. og forsendur í dómi bæjarþings Húsavíkur, sem lagður hafi verið fram í málinu og áfrýjað hafi verið til Hæstaréttar. Stefnukrafan í málinu sé reist á skuld stefnda við stefnendur miðað við 31. desember 1987. Sú fjárhæð ætti að vera mun hærri, sbr. 29. gr. laga nr. 46/1985, þar sem dráttarvextir samkvæmt vaxtalögum nr. 25/1987 eigi að leggjast við vanskil miðað við tilgreinda gjalddaga 15. október 1987 og 15. desember 1987. Vextir hafi verið miðaðir við áramót til þess að auðvelda málið og greiða fyrir samkomulagi. Þá vísa stefnendur og til reglna á sviði fjármunaréttar, sbr. lög nr. 39/1922, viðskiptavenja og eðlis máls.

Stefndi vísar til þess, að 1. júlí 1985 hafi tekið gildi lög nr. 46/1985 um

framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum. Lögin hafi leyst af hólmi lög nr. 95/1981 um framleiðsluráð landbúnaðarins, verðskráningu, verðmiðlun og sölu á landbúnaðarvörum o.fl. Lög nr. 46/1985 feli í sér umfangsmiklar breytingar frá eldri löggjöf. Í VI. kafla laganna, 28. og 29. gr., séu m.a. tekin upp sérstök ákvæði um skil og greiðslu afurðaverðs til búvöruframleiðenda. Síðastgreind ákvæði laga nr. 46/1985 þrengi rétt búvöruframleiðenda til að krefja afurðastöðvar um uppgjör fyrir framleiðsluna frá því, sem annars hefði orðið samkvæmt almennum reglum kröfuréttarins, svo sem 12. gr. kaupalaga nr. 39/1922. Uppgjörsreglur 28. og 29. gr. laga nr. 46/1985 séu hins vegar frávíkjanlegar og geri því búvöruframleiðendum og afurðastöðvum kleift að semja um annan greiðslumáta en þann, sem lögin bjóða, sbr. 2. mgr. 29. gr. laga nr. 46/1985.

Stefnendur máls þessa hafi á þriðja áratug stundað sauðfjárbúskap á jörðinni Neðsta-Hvammi í Þingeyrarhreppi, Dýrafirði. Allt til ársins 1988 hafi stefnendur lagt afurðir bús síns inn hjá stefnda og fengið andvirði þeirra greitt inn á viðskiptareikning stefnenda hjá stefnda. Við gildistöku laga nr. 46/1985 hafi hvorki orðið breyting á greiðsluhætti stefnda til stefnenda né hafi verið af þeirra hálfu hafðar uppi athugasemdir við greiðsluaðferðir stefnda árin 1985 og 1986. Þá hafi stefnendur ekki heldur gert kröfu um annan greiðslumáta, er þeir færðu búfénað sinn til slátrunar haustið 1987. Krafa í þá átt hafi fyrst komið fram formlega í bréfi lögmanns stefnenda frá 7. desember 1987. Hafi stefndi í bréfinu verið krafinn um greiðslu skuldar, að fjárhæð kr. 1.100.115,78, auk dráttarvaxta og innheimtukostnaðar samkvæmt gjaldskrá LMFÍ. Fjárhæð þessi hafi verið að mestu sá hluti afurðaverðs til stefnenda, sem stefnda hafi borið að gera upp við stefnendur samkvæmt 1. tl. 1. mgr. 29. gr. laga nr. 46/1985. En þann hluta afurðaverðsins hefði stefndi þegar 15. október 1987 fært stefnendum til tekna í viðskiptareikningi þeirra. Forsvarsmaður stefnda, Bjarni Grímsson, þáverandi kaupfélagsstjóri, hafi mótmælt kröfu lögmanns stefnenda í bréfi 17. desember 1987.

Kröfu sína um sýknu reisir stefndi á eftirfarandi: að 7. desember 1987 hafi stefnendur ekki átt gjaldfallna kröfu á hendur stefnda vegna afurðasölu haustið 1987. Stefndi hafi þegar 15. október 1987 efnt greiðsluskyldu sína samkvæmt 28. gr., sbr. 1. tl. 1. mgr. 29. gr. laga nr. 46/1985, með því að greiða kr. 1.078.135,00 inn á viðskiptareikning stefnenda hjá stefnda. Hér hafi verið um að ræða sömu uppgjörsaðferð og stefndi hafi notað alla tíð gagnvart stefnendum og þeir ekki gert neinar athugasemdir við. Stefnendur hafi ekki heldur, er fé þeirra var leitt til slátrunar haustið 1987, óskað eftir greiðslu fyrir afurðirnar með öðrum hætti en verið hafi undangengin ár. Því verði að líta svo á, að með aðgerðaleysi sínu hafi stefnendur firrt sig rétti til að krefjast uppgjörs með þeim hætti, sem þeir hafi

gert í desember 1987 og fengið framgengt undir hótunum um kæru af hálfu lögmanns þeirra um miðjan apríl 1988.

Stefndi segir, að verði ekki fallist á þessi sjónarmið, verði við ákvörðun á greiðsluskyldu afurðastöðva samkvæmt 28. og 29. gr. laga nr. 46/1985 að horfa til þess, að samningar búvöruframleiðenda og afurðastöðva séu samningar, sem ríkisvaldið, er kjósi að miðstýra landbúnaði, sé jafnframt aðili að. Ákvæði 28. og 29. gr. laga nr. 46/1985 byggist á þeirri forsendu, að afurðastöðvum sé með afurðalánum gert kleift að uppfylla greiðsluskylduna. Frá gildistöku laga nr. 46/1985 hafi ávallt verulega skort á, að ríkið hafi staðið við sitt. Ríkið hafi þannig gert afurðastöðvunum ókleift að greiða út í hönd á tilteknum dögum verðmæti innlagðrar búvöru. Stefnendur, sem séu þátttakendur í samtökum bænda, sem ríkið semji við og tryggi fullt afurðaverð fyrir ákveðið magn búvöru hjá hverjum framleiðanda, séu því að beina spjótum sínum að röngum aðila.

Um lagarök vísar stefndi kröfum sínum til stuðnings til 28. og 29. gr. laga nr. 46/1985, vaxtalaga nr. 25/1987 með síðari breytingum og laga nr. 85/1936 með síðari breytingum.

Niðurstaða.

Lög nr. 46/1985 um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum leystu af hólmi lög nr. 95/1981 um framleiðsluráð landbúnaðarins, verðskráningu, verðmiðlun og sölu á landbúnaðarafurðum o.fl. Yngri lögin fela í sér umfangsmiklar breytingar frá eldri löggjöf um landbúnaðarmálefni, og eru meðal hinna helstu ákvæði um skil og greiðslu afurðaverðs til búvöruframleiðenda. Í 28. gr. laga nr. 46/1985 segir, að afurðastöð sé skylt að haga greiðslum til framleiðanda fyrir innlagðar búvörur í samræmi við ákvæði laganna og þeirra samninga og ákvarðana, sem teknar eru með heimild í þeim. Í 29. gr. laganna eru svo nánari reglur um greiðslur til framleiðenda fyrir afurðir. Þar segir m.a., að fyrir sauðfjárafurðir, lagðar inn á haustsláturtíð, beri afurðastöð að greiða framleiðanda frumgreiðslu í síðasta lagi 15. október til þeirra, sem slátra fyrir þann dag, og fullnaðargreiðslu haustgrundvallarverðs, sem ákveðið er 1. september, eigi síðar en 15. desember. Síðan segir, að heimilt sé einstökum framleiðendum að semja um annan hátt á greiðslum.

Í greinargerð með frumvarpi til laga nr. 46/1985 sagði, að aðstæður hefðu sýnt, að nauðsynlegt væri að hafa ákvæði um greiðslu afurðaverðs mörkuð með frekari hætti í lögum. Í viðskiptum framleiðenda búvara og söluaðila hefðu aðilar í ýmsum tilvikum komið sér saman um tilteknar uppgjörsreglur, en í öðrum tilvikum hefði uppgjör innlagðra búvara ráðist af ákvörðunum söluaðila. Síðan sagði í greinargerðinni: „Með reglum þessarar greinar eru lögboðnar tilteknar uppgjörsreglur, og kunna þær í ein-

staka tilvikum að þrengja rétt framleiðenda frá því, sem annars væri samkvæmt gildandi lögum, en almennt er þessum reglum ætlað að flýta uppgjöri á greiðslum afurðaverðs til framleiðenda.“ Það er ljóst af þessum orðum og raunar allri umræðu á Alþingi um frumvarp til laga nr. 46/1985, að einn megintilgangur þeirra var sá að setja ákveðnar reglur um uppgjör til framleiðenda búvara, er myndu stuðla að því, að „kjör þeirra, sem landbúnað stunda, verði í sem nánustu samræmi við kjör annarra stétta“, sbr. 1. gr. laganna. Þetta hefur þótt nauðsynlegt vegna yfirburða sláturleyfishafa og afurðastöðva gagnvart framleiðendum um langt árabil, þótt hitt sé jafnljóst, að í þessu kynnu að felast einhverjar takmarkanir á rétti framleiðenda samkvæmt ákvæðum 12. gr. laga um lausafjárkaup nr. 39/1922, sbr. og lög nr. 43/1943 um greiðslu íslenskra afurða.

Stefndi reisir sýknukröfu sína í fyrsta lagi á því, að stefnendur hafi ekki átt gjaldfallna kröfu á hendur sér, þegar þeir sjálfir í lok nóvembermánaðar 1987 og lögmaður þeirra með bréfi 7. desember s.á. hafi krafist greiðslu. Hann telur sig hafa efnt greiðsluskyldu sína gagnvart stefnendum með því að greiða inn á viðskiptareikning þeirra samkvæmt langri venju og vaxtareikna fjárhæðina þar með almennum innlánsvöxtum, enda hefðu stefnendur ekki borið fram óskir um breytingar eða haft nokkra fyrirvara á, þegar fé þeirra var leitt til slátrunar haustið 1987. Þeir hefðu því með aðgerðaleysi firrt sig rétti til að krefjast uppgjörs með þeim hætti, sem þeir gerðu. Á þessi sjónarmið stefnda verður ekki fallist. Það er óumdeilt, að enginn sérstakur samningur var milli aðila um annan hátt á greiðslum fyrir sláturafurðir en greinir í 29. gr. laga nr. 46/1985. Með hliðsjón af skýrum uppgjörsreglum þessara laga og ótvíræðum tilgangi þeirra, eins og honum hefur verið lýst, verður ekki talið, að stefnendur hafi þurft að setja fram einhverja sérstaka fyrirvara um, að þeir myndu krefjast greiðslu á grundvelli laganna. Þá verður ekki heldur talið, að milli aðila hafi verið einhvers konar samningsígildi um uppgjör samkvæmt áralangri venju, sem skapaðist og viðhaldið var við allt aðrar aðstæður í löggjöf en nú voru orðnar. Það skiptir ekki máli í þessu sambandi, þótt stefnendur hafi ekki nýtt sér rétt sinn fyrstu tvö árin eftir gildistöku hinna nýju búvörulaga.

Stefndi reisir sýknukröfu sína í annan stað á því, að ríkisvaldið, sem kjósi að miðstýra landbúnaði, hafi með vanefndum sínum gagnvart stefnda varðandi afurðalán gert honum ókleift að greiða út í hönd á tilteknum dögum verðmæti innlagðrar búvöru. Stefnendur, sem séu þátttakendur í samtökum bænda, sem ríkið semji við og tryggi fullt afurðaverð fyrir ákveðið magn búvöru frá hverjum framleiðanda, séu því að beina spjótum sínum að röngum aðila. Það segir að vísu berum orðum í athugasemdum við 29. gr. frumvarps til laga nr. 46/1985, að „ákvæði þessarar greinar byggist á því, að afurðastöðvum sé með afurðalánum gert kleift að uppfylla skyldur þessar“.

Vísað er til þess, að fyrir því sé samþykkt ríkisstjórnarflokkanna 6. september 1984 og ákvörðun ríkisstjórnarinnar 19. mars 1985 um afurðalán landbúnaðar og iðnaðar. Þrátt fyrir þessar forsendur við lagasetningu er ekki unnt að fallast á, að samskipti stefnda við ríkisvaldið geti bundið stefnendur þessa máls umfram og raunar í andstöðu við skýr ákvæði búvörulaga. Sú lagatúlkun fær ekki staðist, að löggjöf geti umfram orðanna hljóðan verið skilyrt með þeim hætti, að efndir milli aðila í lögskiptum geti verið háðar aðgerðum af hálfu þriðja aðila eða efndum hans gagnvart öðrum hvorum eða einhverjum samningsaðila.

Samkvæmt framansögðu verða kröfur stefnenda teknar til greina. Eins og kröfugerð þeirra er úr garði gerð, skiptir ekki máli, hver hlutföll greiðslna hafi átt að vera dagana 15. október og 15. desember 1987, en óumdeilt er, að slátrun hjá stefnendum haustið 1987 hafi verið lokið fyrir 15. október það ár. Krafa þeirra var öll í gjalddaga fallin 15. desember 1987, en vaxta er þó ekki krafist fyrr en frá og með 1. janúar 1988. Stefndi verður því dæmdur til þess að greiða stefnendum kr. 1.527.094,96 að frádreginni innborgun, að fjárhæð kr. 1.581.121,56, 13. apríl 1988 með dráttarvöxtum samkvæmt III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987 af heildarfjárhæðinni frá 1. janúar 1988 til 13. apríl s.á., en af eftirstöðvum hennar eftir framangreinda innborgun frá þeim degi til greiðsludags. Áfallnir dráttarvextir skulu lagðir við höfuðstól skuldar að liðnum hverjum tólf mánuðum, í fyrsta skipti 1. janúar 1989.

Eftir þessum úrslitum er rétt, að stefndi greiði stefnendum sameiginlega málskostnað, og þykir hann hæfilega ákveðinn kr. 120.000,00.

Pétur Kr. Hafstein sýslumaður kvað upp dóm þennan.

Dómsorð:

Stefndi, Kaupfélag Dýrfirðinga, greiði stefnendum, Garðari Sigurðssyni og Jóhanni Sigurðssyni, kr. 1.527.094,96 að frádreginni innborgun, að fjárhæð kr. 1.581.121,56, 13. apríl 1988 með dráttarvöxtum samkvæmt III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987 af heildarfjárhæðinni frá 1. janúar 1988 til 13. apríl s.á., en af eftirstöðvum hennar eftir framangreinda innborgun frá þeim degi til greiðsludags. Áfallnir dráttarvextir skulu lagðir við höfuðstól skuldar að liðnum hverjum tólf mánuðum, í fyrsta skipti 1. janúar 1989.

Stefndi greiði stefnendum sameiginlega málskostnað, að fjárhæð kr. 120.000,00.

Dómi þessum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Miðvikudaginn 8. janúar 1992.

Nr. 505/1991. **Björn Önundarson**

gegn

Rannveigu Þ. Sigurðardóttur.

Kærumál. Frávísun frá Hæstarétti. Kærufrestur.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Þór Vilhjálmsson, Garðar Gíslason og Hjörtur Torfason.

Sóknaraðili hefur kært úrskurð, kveðinn upp á bæjarþingi Reykjavíkur mánudaginn 18. nóvember 1991, í málinu nr. 13060/1990, þess efnis, að sóknaraðila sé sem vitni skylt að svara tilteknum spurningum. Spurningar þessar varða afgreiðslu læknaráðs á tilteknu erindi, en sóknaraðili situr í læknaráði. Kæruheimild er c-liður 1. tl. 1. mgr. laga nr. 75/1973 um Hæstarétt Íslands.

Úrskurðurinn var án forsendna og hljóðar svo:

„Vitninu Birni Önundarsyni er skylt að svara spurningum nr. 4, 5 og 7-15 á dskj. nr. 54."

Krafa sóknaraðila er, að úrskurðinum verði hrundið og sér verði ekki talið skylt að svara spurningunum. Varnaraðili krefst þess aðallega, að málinu verði vísað frá Hæstarétti, en til vara, að hinn kærði úrskurður verði staðfestur. Í báðum tilvikum er þess krafist, að sóknaraðili verði dæmdur til að greiða varnaraðila málskostnað í hæstaréttarmálinu, eins og ekki hefði verið veitt gjafsóknarleyfi í aðalmálinu.

Sóknaraðili heldur því fram, að kæran til Hæstaréttar hafi verið tilbúin og undirrituð milli kl. 16 og 17 mánudaginn 2. desember 1991. Skrifstofa héraðsdómarans hafi þá verið lokuð, og hafi hann ekki getað skilað henni fyrr en daginn eftir. Sóknaraðili vísar til 94. gr. laga nr. 85/1936 um meðferð einkamála í héraði því til stuðnings, að héraðsdómara hafi borið að halda skrifstofu sinni opinni til kl. 21.00. Ekki er fram komið, að sóknaraðili hafi reynt að koma kærunni til skila fyrir þann tíma.

Sóknaraðili var viðstaddur uppkvaðningu hins kærða úrskurðar, og leiðbeindi dómari honum um kærufrest. Sóknaraðila bar því samkvæmt 22. gr. laga nr. 75/1973 að afhenda héraðsdómara kæru, áður en tvær vikur voru liðnar frá uppsögu dómsathafnar, þ.e. í

síðasta lagi mánudaginn 2. desember 1991. Kærufrestur var liðinn, er kæra sóknaraðila var afhent héraðsdómara 3. desember 1991. Ber því að vísa kærumáli þessu frá Hæstarétti.

Dæma ber sóknaraðila til að greiða kærumálskostnað fyrir Hæstarétti, 20.000 krónur, sem renni í ríkissjóð, og er þá tekið tillit til virðisaukaskatts. Kostnaður varnaraðila af meðferð málsins fyrir Hæstarétti greiðist úr ríkissjóði, þar með talin laun skipaðs talsmanns hennar, 16.000 krónur.

Steingrímur Gautur Kristjánsson borgardómari kvað upp hinn kærða úrskurð ásamt meðdómsmönnum, læknunum Sigurði Guðmundssyni og Sigurgeiri Kjartanssyni.

D ó m s o r ð:

Máli þessu er vísað frá Hæstarétti.

Sóknaraðili, Björn Önundarson, greiði 20.000 krónur í kærumálskostnað fyrir Hæstarétti, sem renni í ríkissjóð.

Kostnaður varnaraðila fyrir Hæstarétti greiðist úr ríkissjóði, þar með talin laun skipaðs talsmanns hennar, Viðars Más Matthíassonar hæstaréttarlögmanns, 16.000 krónur.

Miðvikudaginn 8. janúar 1992.

Nr. 504/1991. **Helga Ingólfsdóttir**
f.h. ólögráða sonar síns,
Páls Helga Arnarsonar,
gegn
Guðmundi J. Guðjónssyni,
Guðrúnu V. Sverrisdóttur
og
félagsmálaráðherra.

Kærumál. Meðalganga.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Þór Vilhjálmsson, Garðar Gíslason og Hjörtur Torfason.

Sóknaraðili kærði 2. desember sl. dóm bæjarþings Seltjarnarness frá 20. nóvember í meðalgöngumáli nr. 1059/1991, þar sem synjað er um meðalgöngu í bæjarþingsmáli nr. 605/1991. Kæruheimild er i-liður 1. tl. 1. mgr. 21. gr. laga nr. 75/1973 um Hæstarétt Íslands. Krafa sóknaraðila er, að meðalgangan verði heimiluð.

Varnaraðilarnir Guðmundur J. Guðjónsson og Guðrún V. Sverrisdóttir krefjast staðfestingar héraðsdóms.

Frá félagsmálaráðherra hafa hvorki borist kröfur né greinargerð.

Dómkröfum í héraði er lýst í hinum áfrýjaða dómi.

Ef kröfur stefnenda í héraði, Guðmundar og Guðrúnar, verða teknar til greina, mun Páll Helgi Arnarson ekki eiga þess kost að dveljast áfram á meðferðarheimilinu að Sæbraut 2, þar sem hann er búsettur. Leiðir þetta af því, að þá verður að lögum óheimilt að halda áfram starfsemi þess. Ekki er fram komið, að hann ætti þá kost á öðru sambærilegu heimili. Hvernig sem farið er réttarsambandi hans og félagsmálaráðherra, mun þessi niðurstaða í aðalsök skipta Pál Helga máli að lögum. Fyrir hans hönd er móður hans því heimil meðalganga, eins og krafist er, enda gerir hún sjálfstæðar kröfur um sýknu af kröfum stefnenda í héraði.

Kærumálskostnaðar er ekki krafist.

Dómsorð:

Sóknaraðila, Helgu Ingólfsdóttur f.h. ólögráða sonar síns, Páls Helga Arnarsonar, er heimil meðalganga í máli nr. 605/1991 á bæjarþingi Seltjarnarness.

Dómur bæjarþings Seltjarnarness 20. nóvember 1991.

Mál þetta, sem tekið var til dóms eða úrskurðar að afloknum munnlegum málflutningi 15. þessa mánaðar, hefur Helga Ingólfsdóttir, Ferjubakka 6, Reykjavík, kt. 280946-2579, höfðað fyrir dóminum f.h. ólögráða sonar síns, Páls Helga Arnarsonar, Ferjubakka 6, Reykjavík, kt. 160576-4569, með þingfestingu málsins 22. október sl., á hendur Guðmundi J. Guðjónssyni, kt. 190733-2629, og Guðrúnu V. Sverrisdóttur, kt. 110343-2059, báðum til heimilis að Sæbraut 3, Seltjarnarnesi, og félagsmálaráðherra, Jóhönnu Sigurðardóttur, kt. 041042-4869, félagsmálaráðuneytinu við Tryggvagötu í Reykjavík.

Dómkröfur meðalgöngustefnanda eru þessar:

1. að meðalganga hennar f.h. Páls Helga Arnarsonar verði leyfð í bæjarþingsmáli nr. 605/1991: Guðmundur J. Guðjónsson og Guðrún V. Sverrisdóttir gegn félagsmálaráðherra vegna meðferðarheimilis að Sæbraut 2 á Seltjarnarnesi,

2. að kröfum stefnenda í því máli verði vísað frá dómi, en til vara, ef ekki verður fallist á frávísun málsins frá dómi, er þess krafist, að stefndi félagsmálaráðherra og meðalgöngustefnandi, Helga, verði sýknuð af öllum kröfum stefnenda í málinu.

3. Krafist er, að stefnendum verði gert að greiða meðalgöngustefnanda málskostnað vegna reksturs málsins að mati réttarins.

Af hálfu meðalgöngustefndu, Guðmundar J. Guðjónssonar og Guðrúnar V. Sverrisdóttur, eru þær dómkröfur gerðar, að synjað verði um kröfu meðalgöngustefnanda um meðalgöngu í máli nr. 605/1991.

Af hálfu meðalgöngustefnda félagsmálaráðherra er í greinargerð hans í meðalgöngumáli þessu fallist á, að meðalgöngustefnanda verði leyfð meðalganga í málinu.

Málflutningur aðila snerist um það á þessu stigi málsins, hvort leyfa ætti meðalgöngustefnanda meðalgöngu í bæjarþingsmáli nr. 605/1991 eða ekki, og er það úrlausnarefni dómsins.

Af hálfu aðila er ekki krafist málskostnaðar í þessum þætti málsins.

Af hálfu meðalgöngustefnda félagsmálaráðherra þótti ekki ástæða til að

sækja þing, er málflutningur fór fram um kröfu meðalgöngustefnanda, en vísað til greinargerðar, þar sem fallist var á meðalgönguna.

Lögboðnar sáttaumleitanir dómara reyndust árangurslausar.

Málavextir eru þeir helstir, að haustið 1989 hófst starfræksla meðferðarheimilis fyrir einhverfa unglinga á vegum félagsmálaráðuneytis að Sæbraut 2 á Seltjarnarnesi. Upp kom óánægja með starfsemina meðal íbúa við götu þessa, og fór svo, að meðalgöngustefndu, Guðmundur og Guðrún, sem búsett eru gegnt Sæbraut 2, á Sæbraut 3, höfðuðu bæjarþingsmál nr. 605/1991 fyrir bæjarþingi Seltjarnarness á hendur félagsmálaráðherra vegna meðferðarheimilisins, og eru dómkröfur þeirra þær, að stefnda félagsmálaráðherra verði dæmt óheimilt að starfrækja meðferðarheimili, sambýli eða annars konar stofnun fyrir einhverfa eða aðra þroskahefta að Sæbraut 2 á Seltjarnarnesi og að stefnda verði gert skylt að viðlögðum dagsektum að leggja niður þá starfsemi, sem fer fram í húsinu að Sæbraut 2.

Af hálfu stefnda félagsmálaráðherra er aðallega gerð krafa um, að vísað verði frá dómi þeim þætti í kröfugerð stefnenda, sem lýtur að banni við rekstri á „sambýli eða annars konar stofnun fyrir einhverfa eða aðra þroskahefta að Sæbraut 2 á Seltjarnarnesi", en að stefndi verði sýknaður af öllum öðrum kröfum stefnenda.

Til vara er krafist sýknu af öllum kröfum stefnenda, en til þrautavara, að stefndi verði sýknaður af kröfum stefnenda um bann við að starfrækja „sambýli eða annars konar stofnun fyrir einhverfa eða aðra þroskahefta að Sæbraut 2 á Seltjarnarnesi" og að stefndi verði jafnframt sýknaður af kröfu stefnenda um greiðslu dagsekta.

Samkvæmt bréfi forstöðumanns meðferðarheimilisins að Sæbraut 2 til lögmanns meðalgöngustefnanda, dagsettu 14.10.1991, hefur Páll Helgi, sonur meðalgöngustefnanda, verið búsettur á meðferðarheimilinu frá því í febrúar 1990.

Af hálfu meðalgöngustefnanda er krafa um, að sér verði leyfð meðalganga, rökstudd með því í fyrsta lagi, að ljóst sé, að Páll Helgi myndi missa það heimili, athvarf, umönnun og umsjón, sem hann hefur notið að Sæbraut 2, ef kröfur stefnenda í frumsök yrðu teknar til greina. Allar ástæður hafi bent til þess, að hann myndi eiga kost á því heimili framvegis. Eins og sakir standi nú, liggi ekkert fyrir um, að hann eigi nokkra aðra vist vísa, ef hann missi Sæbrautarheimilið. Þá felist í kröfum stefnenda, verði þær teknar til greina, að óheimilt sé að reka heimili fyrir einhverfa, svipað Sæbrautarheimilinu, í hverfi, sem skipulagt sé sem íbúðarhúsahverfi. Þá taki kröfur stefnenda ekki aðeins fram um, að óheimilt sé að starfrækja meðferðarheimili, sambýli eða stofnun fyrir einhverfa að Sæbraut 2, heldur taki kröfur þeirra einnig til allra annarra, sem talist geta þroskaheftir.

Kröfur stefnenda séu því ákaflega óbilgjarnar og gangi þvert á aldalanga

þróun jafnaðar og velferðar fólks. Ekki verði af málskjölum stefnenda séð, hvert vísa eigi einhverfu fólki og þroskaheftu til dvalar, ef það megi ekki búa í venjulegum íbúðahverfum í landinu. Þá verði ekki séð, hvernig unnt sé að framfylgja ákvæðum 1. mgr. 1. gr. laga nr. 41/1983 um málefni fatlaðra, þar sem kveðið er á um jafnrétti og sambærileg lífskjör fatlaðra við aðra þjóðfélagsþegna, ef þeir megi ekki búa í venjulegum íbúðahverfum. Þá sé samkvæmnin slík í kröfum stefnenda, að auk þess, sem meina eigi einhverfum og þroskaheftum að eiga heimili að Sæbraut 2 á Seltjarnarnesi, sé þeim í málshöfðun stefnenda ekki gefinn kostur á að gæta réttar síns og taka til varna í dómsmálinu. Stefnendur virðist líta svo á, að félagsmálaráðherra einn hafi á hendi allar málsaðildir um meðferðarheimili, sambýli og annars konar stofnanir allra þroskaheftra í landinu. Stefnendur virðist því álíta, að þroskaheftir sjálfir og aðstandendur þeirra hafi ekkert um þessi mál að segja og ekki þurfi að gera þeim kost á að gæta réttar síns fyrir dómstólum landsins.

Lagarök meðalgöngustefnanda fyrir því, að leyfa skuli meðalgöngu, eru þau, að kröfur stefnenda í málinu beinist að meðferðarheimilinu og/eða sambýlinu að Sæbraut 2, sem sé heimili Páls Helga. Þetta heimili hans sé friðheilagt eins og önnur heimili í landinu skv. 66. gr. stjórnarskrárinnar nr. 33/1944. Fjölmörg önnur stjórnarskrárákvæði, svo sem 70. og 78. gr., séu til verndar heimili og rétti Páls Helga í málinu svo og fjölmörg önnur ákvæði, eins og ákvæði laga um málefni fatlaðra nr. 41/1983. Þá séu öll skilyrði til meðalgöngu samkvæmt 50. gr. laga nr. 85/1936.

Af hálfu meðalgöngustefndu, Guðmundar og Guðrúnar, er því mótmælt, að meðalgöngustefnandi eigi nokkra þá aðild að sakarefni málsins, að skilyrðum 50. gr. laga nr. 85/1936 fyrir meðalgöngukröfu teljist fullnægt. Samkvæmt ákvæðinu sé það skilyrði, að úrslit máls skipti mann máli að lögum. Í því felist, að meðalgöngustefnandi hljóti að þurfa að eiga einhvers konar lagalega aðild að réttarsambandinu milli meðalgöngustefndu, Guðmundar, Guðrúnar og félagsmálaráðherra, sem stefnt sé út af. Svo sé alls ekki í þessu máli, enda geti meðalgöngustefnandi ekki gert neinar sjálfstæðar kröfur í málinu óháðar kröfum stefnda félagsmálaráðherra. Ef t.d. stefndi samþykkti stefnukröfurnar, gæti meðalgöngustefnandi ekki fengið neinu um það breytt. Þetta sýni vel lagalega stöðu meðalgöngustefnanda, hún sé öll í skjóli réttinda stefnda gagnvart stefnendum. Þannig geti meðalgöngustefnandi hvorki krafist þess, að honum verði dæmt sakarefnið eða að dómur verði annars svo felldur, að verndaður verði réttur hans. Þá sé einnig ljóst, að úrlausn um sakarefnið ræðst ekki af því, hvaða einstaklingar eigi dvöl á meðferðarheimilinu á hverjum tíma. Málið varði ekki persónur vistmanna að neinu leyti. Enginn ágreiningur sé um það, að meðalgöngustefnanda sé bæði rétt og skylt að leita eftir og nota þjónustu og aðstoð

opinberra aðila. Málsóknin byggist ekki að neinu leyti á því, að einhverfir eigi ekki rétt á þjónustu og aðstoð úr hendi hins opinbera. Krafan lúti hins vegar að staðsetningu heimilisins og nálægð þess við hús stefnenda, en með því telji þau stefnda félagsmálaráðherra brjóta á sér rétt. Þetta sé rétti meðalgöngustefnanda til opinberrar aðstoðar óviðkomandi. M.ö.o. eigi meðalgöngustefnandi enga kröfu á hendur opinberum aðilum um, að þeir brjóti rétt á öðru fólki við að veita honum þá þjónustu, sem hann kalli eftir.

Ljóst virðist hins vegar, að tilgangur meðalgöngustefnanda sé að veita stefnda félagsmálaráðherra einhvers konar liðsinni í málinu án þess að geta gert sjálfstæða kröfu til sakarefnisins. Ákvæði 50. gr. eml. leyfi ekki slíkt.

Jafnframt virðist meðalgöngustefnandi vilja draga inn í málið ástæður, sem komi sakarefni þess ekkert við. Sé þar átt við rétt þann, sem hann telur sig eiga til opinberrar heilbrigðisþjónustu. Dómsmálið snúist ekki um þann rétt. Stefnendur taki fyllilega undir með meðalgöngustefnanda, að hann eigi rétt til þjónustu af hálfu hins opinbera. Þau reisi ekki málsókn sína á því, að einhverfum beri ekki slíkur réttur, og telji þau sig ekki þurfa að sæta því, að aðili stefni sér inn í málið til að hafa uppi málflutning um þetta.

Niðurstaða.

Upplýst þykir í máli þessu, að meðferðarheimilið að Sæbraut 2 á Seltjarnarnesi sé rekið af félagsmálaráðuneyti, af deild innan ráðuneytisins, sem fer með málefni fatlaðra. Fasteignin Sæbraut 2 á Seltjarnarnesi er eign ríkissjóðs. Meðferðarheimilið er rekið samkvæmt lögum nr. 41/1983 um málefni fatlaðra. Óumdeilt er, að Páll Helgi Arnarson á rétt á þeirri samfélagsþjónustu, sem framangreind lög kveða á um.

Þótt dómkröfur stefnenda í frumsök geri sem slíkar ekki ráð fyrir að svipta vistmenn á meðferðarheimilinu að Sæbraut þeirri opinberu þjónustu, sem þeim er áskilin í framangreindum lögum, þá er deginum ljósara, að Páll Helgi myndi missa þá aðstöðu, sem honum hefur verið búin að Sæbraut 2, ef dómkröfur stefnenda í frumsök yrðu teknar til greina. Það orkar því ekki tvímælis, að úrslit í frumsök skipta hann máli. Úr því þarf hins vegar að skera í máli þessu, hvort úrslit málsins skipti hann máli *að lögum* í skilningi 50. gr. laga nr. 85/1936 eða einungis í verki (de facto). Taka þarf afstöðu til þess, hvort aðild hans að sakarefni frumsakar og kröfugerð hans séu með þeim hætti, að skilyrðum 50. gr. eml. sé fullnægt.

Skilja verður kröfugerð meðalgöngustefnanda skv. meðalgöngustefnu svo, ef frá er talin krafa hans um frávísun frumsakar frá dómi, að hann krefjist þess, að tilteknar kröfur í frumsök verði teknar til greina, þ.e. sýknukrafa stefnda félagsmálaráðherra. Sýnast því kröfur meðalgöngu-

stefnanda um efnishlið frumsakar fela í sér, að um svokallaða aukameðalgöngu sé að ræða af hans hálfu.

Ljóst þykir, að sú þjónusta, sem stefndi í frumsök lætur Páli Helga í té á meðferðarheimilinu, er opinber þjónusta, en byggist ekki á samningi einkaréttarlegs eðlis. Stefndi félagsmálaráðherra getur því, án þess að meðalgöngustefnandi geti nokkru um það ráðið, flutt núverandi heimili að Sæbraut 2 á annan stað eða lagt það niður í núverandi mynd. Skylda stefnda í frumsök er að láta meðalgöngustefnanda í té þá þjónustu, sem lög nr. 41/1983 gera ráð fyrir, eftir því sem kostur er, en telja verður það í valdi ráðherra að ákveða, hvar sú þjónusta sé innt af hendi. Af þessu leiðir, að kæmi sú staða upp í frumsök, að stefndi féllist á kröfur stefnenda og hætti starfrækslu meðferðarheimilisins að Sæbraut 2, þá fengi meðalgöngustefnandi engu um það ráðið. Hann myndi ekki geta haldið til streitu sýknukröfu í frumsök. Aðild meðalgöngustefnanda að sakarefni í frumsök telst því eigi vera með þeim hætti, sem áskilið er í 50. gr. eml., og telst hann því ekki eiga lögvarða hagsmuni í skilningi þess ákvæðis til að geta gerst meðalgöngumaður í máli aðila frumsakar.

Samkvæmt framanskráðu ber því að synja meðalgöngustefnanda um meðalgöngu í bæjarþingsmáli nr. 605/1991.

Dómsorð:

Meðalgöngustefnanda, Helgu Ingólfsdóttur f.h. ólögráða sonar síns, Páls Helga Arnarsonar, er synjað um meðalgöngu í bæjarþingsmálinu nr. 605/1991: Guðmundur J. Guðjónsson og Guðrún V. Sverrisdóttir gegn félagsmálaráðherra vegna meðferðarheimilis að Sæbraut 2, Seltjarnarnesi.

Föstudaginn 10. janúar 1992.

Nr. 391/1991: **Ákæruvaldið**
(Bragi Steinarsson vararíkissaksóknari)
gegn
Trausta Jónssyni
(Ólafur B. Árnason hrl.).

Bifreiðar. Umferðarlög.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Þór Vilhjálmsson, Garðar Gíslason og Hjörtur Torfason.

Ríkissaksóknari hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 17. september 1991. Af hálfu ákæruvaldsins er krafist sakfellingar samkvæmt ákæru og refsiákvörðunar ásamt því, að ákærði verði dæmdur til greiðslu sakarkostnaðar í héraði og alls áfrýjunarkostnaðar.

Ákærði krefst sýknu af öllum kröfum ákæruvaldsins.

Samkvæmt frásögn tveggja lögreglumanna voru þeir á ferð norður Fríkirkjuveg í Reykjavík að kvöldi laugardagsins 25. ágúst 1990 í lögreglubifreið, sem búin var ratsjármælitækjum, er þeir sáu bifreið ákærða ekið suður Lækjargötu á miklum hraða. Kveðast þeir hafa beint ratsjárgeisla að bifreiðinni í þann mund, er hún var stödd á móts við Vonarstræti, og hafi ratsjáin sýnt, að ökuhraði hennar væri 75 km miðað við klst. Þeir hafi ekki náð að festa mælitölur á skjá ratsjárinnar, þar sem ákærði hafi dregið snögglega úr hraða bifreiðar sinnar, þegar geisla var beint að henni, en hún reyndist búin ratsjárvara. Ákærði staðfestir, að hann hafi orðið geislans var og stigið á hemla, en synjar fyrir að hafa ekið yfir lögmæltum hámarkshraða í götunni. Frásögnum farþega í bifreið ákærða af atvikinu er lýst í héraðsdómi, og ber þeim ekki saman að öllu leyti.

Ekkert bar í milli bifreiðanna, þegar ratsjármælingin fór fram, og áttu lögreglumennirnir auðvelt um að snúa bifreið sinni við og stöðva akstur ákærða á Fríkirkjuvegi. Samkvæmt ákvæðum 110. gr. laga nr. 74/1974 um meðferð opinberra mála og 2. mgr. 129. gr. laga nr. 85/1936 um meðferð einkamála í héraði verður að telja nægilega fram komið, að ákærði hafi ekið yfir lögleyfðum hraða

í þetta sinn. Þykir ekki varhugavert að álykta, eins og hér stendur á, að ökuhraði hans hafi náð allt að 75 km miðað við klukkustund, svo sem vitnisburður lögreglumannanna gefur til kynna.

Ákærði er þannig sannur að sök um þann verknað, sem lýst er í ákæru. Varðar brot hans við 1. mgr. 37. gr., sbr. 1. mgr. 100. gr. umferðarlaga nr. 50/1987, eins og þar er tiltekið.

Refsing ákærða samkvæmt 1. mgr. 100. gr. umferðarlaga þykir hæfilega ákveðin 10.000 króna sekt í ríkissjóð, og komi þriggja daga varðhald í stað sektarinnar, ef greiðsla bregst.

Dæma ber ákærða til að greiða kostnað sakarinnar í héraði og fyrir Hæstarétti, eins og nánar segir í dómsorði.

D ó m s o r ð:

Ákærði, Trausti Jónsson, greiði 10.000 króna sekt til ríkissjóðs, og komi þriggja daga varðhald í stað sektarinnar, ef hún verður ekki greidd innan fjögurra vikna frá birtingu dóms þessa.

Ákærði greiði allan kostnað sakarinnar í héraði og fyrir Hæstarétti, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð fyrir Hæstarétti, 30.000 krónur, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda fyrir Hæstarétti, Ólafs Birgis Árnasonar hæstaréttarlögmanns, 30.000 krónur.

Dómur sakadóms Akureyrar 6. september 1991.

Mál þetta, sem dómtekið var í dag, hefur ríkissaksóknari höfðað hér fyrir sakadómi Akureyrar með ákæru, út gefinni 18. mars 1991, á hendur Trausta Jónssyni, Hrafnagilsstræti 27, Akureyri, kennitala 171169-5779, „fyrir að aka að kvöldi laugardagsins 25. ágúst 1990 bifreiðinni KD-020 suður Lækjargötu í Reykjavík með allt að 75 kílómetra hraða miðað við klukkustund eftir vegarkafla á móts við Vonarstræti.

Telst þetta varða við 1. mgr. 37. gr., sbr. 1. mgr. 100. gr. umferðarlaga nr. 50, 1987.

Þess er krafist, að ákærði verði dæmdur til refsingar og til greiðslu alls sakarkostnaðar".

Málsatvik.

Hinn 25. ágúst 1990 stöðvuðu lögreglumennirnir Sveinn Erlendsson og Bjarni Ólafur Magnússon bifreiðina KD-020 í Lækjargötu í Reykjavík, en

ökumaður bifreiðarinnar er ákærði í máli þessu. Töldu lögreglumennirnir sig hafa mælt hraða bifreiðarinnar með ratsjá og hraðinn reynst vera 75 km/klst, en þeim hafi ekki tekist að læsa hraðann inn í ratsjána. Hafa lögreglumennirnir báðir borið fyrir dómi, að ratsjáin hafi sýnt framangreindan hraða á bifreiðinni. Ákærði hefur hins vegar bæði fyrir lögreglu og hér fyrir dómi neitað að hafa ekið umfram leyfilegan hraða í greint sinn, þ.e. 50 km/klst.

Í bifreiðinni með ákærða voru þrír farþegar, sem hafa borið vitni fyrir dómi.

Vitnið Erlendur Þór Ólafsson sat í aftursæti bifreiðarinnar og skýrir svo frá, að ratsjárvari bifreiðarinnar hafi farið í gang og það hafi þá séð, að hraðamælirinn sýndi 50 km/klst. Hafi ákærði þá stigið á hemilinn og hraði bifreiðarinnar farið niður í u.þ.b. 40 km/klst.

Vitnið Arnar Birgisson var einnig farþegi í bifreiðinni. Kveðst vitnið ekki hafa fylgst með hraðamæli bifreiðarinnar, en kveðst álíta, að hraði bifreiðarinnar hafi verið á bilinu 70-75 km/klst um það leyti, sem lögreglan gaf merki um að nema staðar. Vitni þetta segir, að ratsjárvarinn hafi ekki farið í gang, en sá framburður stangast á við framburð allra hinna.

Vitnið Jóhannes Níels Sigurðsson sat í aftursæti bifreiðarinnar hægra megin. Kveðst vitnið ekki hafa fylgst með hraðamæli bifreiðarinnar á vegarkaflanum, þegar ekið var suður Lækjargötu á móts við Vonarstræti, en það hafi haft á tilfinningunni, að hraði bifreiðarinnar hafi verið 45-50 km/klst, a.m.k. hafi ekki verið um neinn ofsaakstur að ræða hjá ákærða.

Þegar metinn er framangreindur vitnisburður, einkum með tilliti til framburðar vitnisins Erlends Þórs Ólafssonar, þykir eigi fyllilega sannað, að ákærði hafi gerst sekur um brot það, er í ákæru greinir, og verður hann því sýknaður af refsikröfu ákæruvaldsins í málinu.

Greiða ber sakarkostnað úr ríkissjóði.

Dóm þennan kvað upp Freyr Ófeigsson héraðsdómari.

Dómsorð:

Ákærði, Trausti Jónsson, skal vera sýkn af refsikröfu ákæruvaldsins í máli þessu.

Sakarkostnaður greiðist úr ríkissjóði.

Föstudaginn 10. janúar 1992.

Nr. 128/1991: **Ákæruvaldið**
(Bragi Steinarsson vararíkissaksóknari)
gegn
Júlíusi Petersen Guðjónssyni
(Gunnlaugur Þórðarson hrl.).

Bifreiðar. Umferðarlög.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Þór Vilhjálmsson, Garðar Gíslason og Hjörtur Torfason.

Ríkissaksóknari hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 17. janúar 1991 að ósk ákærða og einnig af hálfu ákæruvaldsins. Krefst ákæruvaldið þess, að hinn áfrýjaði dómur verði staðfestur og ákærði dæmdur til að greiða allan áfrýjunarkostnað.

Ákærði krefst aðallega sýknu í málinu, en til vara þess, að refsing verði milduð.

Ákærði festi bifreiðina G-25097 í snjóskafli á leið um þjóðveginn yfir Hellisheiði, en bifreið þessa hafði hann að láni til ferðarinnar. Er hann einn til frásagnar um athafnir sínar fram til þess, að hann gerði tilraun til að losa bifreiðina með aðstoð vitnisins Vernharðs Gunnarssonar. Frásögn ákærða af áfengisneyslu sinni fyrir þann tíma getur ekki talist trúverðug í ljósi þeirra upplýsinga, sem fengust við alkóhólrannsókn, og annarra atvika. Það er og staðhæfing hans eins, að fyrir sér hafi aðeins vakað að færa bifreiðina á öruggari stað við þjóðveginn, og er ekki í ljós leitt, að nauðsyn þess hafi verið brýn. Með þessum athugasemdum ber að staðfesta hinn áfrýjaða dóm með skírskotun til forsendna hans.

Dæma ber ákærða til að greiða allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, eins og nánar segir í dómsorði.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Ákærði, Júlíus Petersen Guðjónsson, greiði áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, 30.000

krónur, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, dr. Gunnlaugs Þórðarsonar hæstaréttarlögmanns, 30.000 krónur.

Dómur sakadóms Reykjavíkur 28. september 1990.

Ár 1990, föstudaginn 28. september, er á dómþingi sakadóms Reykjavíkur, sem háð er í Borgartúni 7 af Jónasi Jóhannssyni fulltrúa, kveðinn upp dómur í sakadómsmálinu nr. 518/1990: Ákæruvaldið gegn Júlíusi Petersen Guðjónssyni, sem tekið var til dóms 12. s.m.

Málið er höfðað með ákæruskjali ríkissaksóknara, dagsettu 16. maí 1990, á hendur ákærða, Júlíusi Petersen Guðjónssyni stórkaupmanni, Kvistalandi 19, Reykjavík, kt. 060134-3089, „fyrir að reyna að aka aðfaranótt föstudagsins 9. febrúar 1990 undir áhrifum áfengis bifreiðinni G-25097, sem föst var í skafli utan vegar á Hellisheiði í Árnessýslu.

Telst þetta varða við 1., sbr. 2. mgr. 45. gr., sbr. 1. mgr. 100. gr. umferðarlaga nr. 50/1987.

Þess er krafist, að ákærði verði dæmdur til refsingar, til sviptingar ökuréttinda samkvæmt 101. og 102. gr. umferðarlaga og til greiðslu alls sakarkostnaðar".

— — —

Niðurstaða.

Í máli þessu liggur fyrir, að ákærði missti stjórn á bifreiðinni G-25097, er hann var einn á ferð um Hellisheiði skömmu eftir miðnætti föstudaginn 9. febrúar síðastliðinn. Hafnaði bifreiðin í snjóskafli utan vegar, svo að afturendi hennar vísaði í átt að akbrautarbrúninni. Þá er ekki deilt um það, að ákærði hóf neyslu áfengis eftir óhappið og drakk næstu klukkustundir u.þ.b. fjórðung úr pelaflösku af vodka, sem hann átti í bifreiðinni. Hefur ákærði gefið þá skýringu á áfengisneyslunni, að sér hafi verið kalt og því dreypt á áfenginu sér til hressingar. Samkvæmt framburði ákærða er einnig ljóst, að hann reyndi síðar um nóttina í tvígang að losa bifreiðina úr snjóskaflinum. Naut ákærði aðstoðar annarra vegfarenda, sem reyndu að draga bifreið hans út úr skaflinum, en á meðan sat ákærði undir stýri bifreiðarinnar með aflvélina í gangi og reyndi að bakka henni út úr snjónum. Þrátt fyrir þessar tilraunir haggaðist bifreiðin ekki. Hefur ákærði fullyrt, að hann hafi ekki haft í hyggju að aka bifreiðinni til Reykjavíkur, heldur aðeins ganga tryggilega frá henni, svo að hún ylli ekki hættu fyrir umferð.

Sannað er með framburði ákærða og niðurstöðu alkóhólrannsóknar, sem er í samræmi við önnur gögn málsins, að ákærði hefur greint sinn reynt að aka bifreiðinni G-25097, svo sem honum er gefið að sök í ákæru, þrátt

fyrir það að hann hefði áður neytt áfengis og væri sökum þess ekki hæfur til að stjórna ökutæki örugglega. Hefur ákærði með þessari háttsemi gerst brotlegur við 1., sbr. 2. mgr. 45. gr. umferðarlaga. Þykja hvatir þær, sem ákærði ber, að búið hafi að baki háttseminni, ekki vera með þeim hætti, að leysi ákærða undan refsiábyrgð, svo sem aðstæðum var háttað á vettvangi umrædda nótt.

— — —

[Samkvæmt sakavottorði sættist ákærði 1988 á greiðslu sektar og sviptingu ökuleyfis eitt ár fyrir ölvunarakstur og 1989 á greiðslu sektar og sviptingu ökuleyfis einn mánuð fyrir brot gegn 48. gr. umferðarlaga. Áður hafði ákærði 13 sinnum sæst á sektargreiðslu, þar á meðal 8 sinnum fyrir umferðarbrot.]

Refsing og önnur viðurlög.

Ákærði hefur með greindri háttsemi unnið sér til refsingar samkvæmt 1. mgr. 100. gr. umferðarlaga, og þykir hún með hliðsjón af sakaferli ákærða hæfilega ákveðin 40.000 króna sekt til ríkissjóðs, sem greiða skal innan fjögurra vikna frá uppkvaðningu dóms þessa, en ella sæti ákærði varðhaldi í 15 daga.

Fallist er á kröfu ákæruvaldsins um sviptingu ökuréttinda. Þar sem ákærði hefur nú margsinnis brotið gegn ákvæðum 45. gr. umferðarlaga, ber með vísan til 101. og 102. gr. laganna að svipta hann rétti til að stjórna vélknúnu ökutæki í tvö ár frá uppkvaðningu dóms þessa að telja. Samkvæmt 104. gr. sömu laga, sbr. 178. gr. laga um meðferð opinberra mála nr. 74, 1974, ber að ákveða, að áfrýjun fresti ekki áhrifum dómsins að þessu leyti.

Sakarkostnaður.

Loks ber að dæma ákærða samkvæmt 1. mgr. 141. gr. laga um meðferð opinberra mála til að greiða allan sakarkostnað, þ.m.t. málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Gissurar V. Kristjánssonar hdl., 30.000 krónur.

Dómsorð:

Ákærði, Júlíus Petersen Guðjónsson, greiði 40.000 krónur í sekt til ríkissjóðs innan fjögurra vikna frá uppkvaðningu dóms þessa, en sæti ella varðhaldi í 15 daga.

Ákærði er sviptur rétti til að stjórna vélknúnu ökutæki í tvö ár frá dómsuppkvaðningu að telja, og frestar áfrýjun ekki áhrifum dómsins að því leyti.

Ákærði greiði allan sakarkostnað, þ.m.t. málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Gissurar V. Kristjánssonar hdl., 30.000 krónur.

Föstudaginn 10. janúar 1992.

Nr. 6/1992. **María Guðmundsdóttir**
gegn
Gullveigu Sæmundsdóttur.

Kærumál. Málskostnaður. Lögbannskrafa.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Þór Vilhjálmsson, Garðar Gíslason og Hjörtur Torfason.

Sóknaraðili skaut máli þessu til Hæstaréttar með kæru 19. desember sl. Kærður er úrskurður fógetaréttar Garðakaupstaðar frá 6. desember sl. Rúnar S. Gíslason, fulltrúi bæjarfógeta, hefur kveðið upp hinn kærða úrskurð.

Heimilt er að skjóta hinum kærða fógetaréttarúrskurði til Hæstaréttar samkvæmt 3. tl. 1. mgr. 21. gr. laga nr. 75/1973 um Hæstarétt Íslands.

Sóknaraðili krefst þess, að málskostnaður í fógetaréttarmálinu til gerðarþola, Gullveigar Sæmundsdóttur, verði verulega lækkaður. Þá krefst hún kærumálskostnaðar.

Varnaraðili krefst þess, að úrskurðurinn verði staðfestur og sóknaraðili verði dæmdur til að greiða kærumálskostnað.

I.

Héraðsdómari hefur sent Hæstarétti svohljóðandi forsendur og rökstuddar ástæður fyrir hinum kærða úrskurði. Þar segir meðal annars:

„Af hálfu gerðarþola er gerð krafa um málskostnað með vísan til þess, hvernig sú krafa er rökstudd í greinargerð gerðarþola. Annars vegar kveður gerðarþoli tjón sitt fólgið í launamissi og beinum útlögðum kostnaði, samtals að fjárhæð kr. 1.470.640,-, og er liður 1 lágmarkstjón í kaflanum Krafa um tryggingu, hins vegar í töpuðum höfundarlaunum miðað við sölu á 7.000 eintökum af bókinni, samtals að fjárhæð kr. 2.461.050,-, sem er liður 2 í sama kafla.

Engin athugasemd var gerð af hálfu gerðarbeiðanda við framangreinda kröfu gerðarþola.

Af hálfu réttarins er þá að ákvarða, hvort líta beri á hagsmuni aðili á þann veg, að örðugt sé að meta þá til fjár, eða hvort taka eigi mið af hagsmunum gerðarþola, eins og þeir eru settir fram undir liðunum Krafa um tryggingu í greinargerð hans.

Þar sem ekki var hreyft athugasemdum við kröfu gerðarþola um, að málskostnaður skuli ákvarðaður með hliðsjón af kröfu í greinargerð, þykir ekki verða hjá því komist að miða málskostnaðarfjárhæð við hagsmuni þá, sem um er teflt, að því marki, sem sanngjarnt má teljast.

Ekkert er hægt að fullyrða um það, í hve mörgum eintökum Ævisaga Maríu Guðmundsdóttur hefði selst. Ekki er því unnt að miða hagsmuni gerðarþola við fjárhæð þá, sem nefnd er undir lið 2 í kaflanum Krafa um tryggingu. Hins vegar má hafa hliðsjón af lið 1, Lágmarkstjón, í sama kafla.

Með vísan til ofangreinds, verki því, sem í té er látið, og hagsmunum þeim, sem um er fjallað, þykir málskostnaður, er gerðarbeiðanda ber að greiða gerðarþola, hæfilega ákvarðaður kr. 150.000,-, þar með talinn virðisaukaskattur."

II.

Sóknaraðili telur úrskurðaðan málskostnað of háan miðað við málsatvik, þar sem fallið hafi verið frá lögbannsbeiðni, áður en málið yrði flutt munnlega. Lögmanni gagnaðila hafi borist tilkynning um það svo tímanlega, að hann hafi ekki hafið undirbúning að munnlegum flutningi málsins. Því er mótmælt, að varnaraðili eigi fjárkröfu á sóknaraðila, og tekið fram, að slík krafa hafi að vísu verið nefnd, en aðeins til skýringar á kröfu um tryggingu. Hafi aldrei verið tilefni til efnislegra mótmæla af hálfu sóknaraðila.

Í greinargerð til Hæstaréttar lýsir varnaraðili kostnaði vegna lögbannsmálsins. Varnaraðili segir reikning vegna vinnu lögmanns (23 klst.) og fulltrúa hans (11 klst.) ásamt skrifstofukostnaði verða 238.542 krónur að meðtöldum virðisaukaskatti. Varnaraðili kveður lögmönnum rétt að áskilja sér hæfilega þóknun fyrir vinnu sína og vísar í því sambandi til 2. mgr. 2. gr. laga nr. 61/1942 um málflytjendur. Varnaraðili telur málskostnaðarákvörðun héraðsdóms of lága, og muni hún bíða verulegt tjón af því að hafa varið hendur sínar í málinu.

III.

Eins og á stendur, þykir ekki unnt að byggja ákvörðun um málskostnað á þeim fjárhæðum, sem ætla má, að aðilar deili um.

Ekki er ástæða til að vefengja upplýsingar varnaraðila um þann tíma, sem lögmaður hennar hefur varið til málsins. Með hliðsjón af því þykir mega staðfesta hinn kærða úrskurð að niðurstöðu til.

Kærumálskostnaður fellur niður.

Dómsorð:

Hinn kærði úrskurður á að vera óraskaður.

Mánudaginn 13. janúar 1992.

Nr. 56/1989. **Þrotabú Töggs hf.**
(Skarphéðinn Þórisson hrl.)
gegn
Hönnu Elíasdóttur
(Brynjólfur Kjartansson hrl.).

Gjaldþrotaskipti. Riftun.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Guðrún Erlendsdóttir, Gunnar M. Guðmundsson, Haraldur Henrysson, Hrafn Bragason og Pétur Kr. Hafstein.

Áfrýjandi skaut máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 23. febrúar 1989 og gerir eftirfarandi dómkröfur:

„1. Að rift verði með dómi greiðslu stefndu til Töggs hf. á sex víxlum, að nafnverði kr. 1.000.000,-, með gjalddögum 22.12.1985 og 22.11.1986, með skuldabréfi að sömu fjárhæð, út gefnu 15. júní 1987 af Ingvari Sveinssyni, Hegranesi 22, Garðabæ, eiginmanni stefndu, með 20% ársvöxtum til þriggja ára, í fyrsta sinn 15. júní 1988.

2. Að stefnda verði dæmd til að greiða áfrýjanda kr. 1.000.000,- með 45% ársvöxtum af kr. 500.000,- frá 22. desember 1985 til 1. mars 1986, en frá þeim degi með 33% ársvöxtum til 1. apríl 1986, en frá þeim degi með 27% ársvöxtum til 22. nóvember 1986, en frá þeim degi með sömu vöxtum af kr. 1.000.000,- til 1. mars 1987, en frá þeim degi með 30% ársvöxtum til 1. júní 1987, en frá þeim degi með 33,6% ársvöxtum til 1. júlí 1987, en frá þeim degi með 36% ársvöxtum til 1. ágúst 1987, en frá þeim degi með 40,8% ársvöxtum til 1. september 1987, en frá þeim degi með 42% ársvöxtum til 1. október 1987, en frá þeim degi með 43,2% ársvöxtum til 1. nóvember 1987, en frá þeim degi með 45,6% ársvöxtum til 1. desember 1987, en frá þeim degi með 49,2% ársvöxtum til 15.12.1987, frá þeim degi til greiðsludags með dráttarvöxtum skv. 10. gr. vaxtalaga nr. 25/1987. Enn fremur er þess krafist, að vextir leggist við höfuðstól á 12 mánaða fresti, í fyrsta sinn 22. nóvember 1988, og að ársvextir verði reiknaðir af þannig uppfærðum höfuðstól.

3. Þá er krafist málskostnaðar skv. gjaldskrá LMFÍ bæði í héraði og fyrir Hæstarétti."

Stefnda krefst þess, að hinn áfrýjaði dómur verði staðfestur og að áfrýjandi verði dæmdur til að greiða sér málskostnað fyrir Hæstarétti.

Er bú Töggs hf. var tekið til gjaldþrotaskipta 16. júní 1987, voru stefnda og eiginmaður hennar, Ingvar Sveinsson, í stjórn félagsins. Samkvæmt endurriti úr Hlutafélagaskrá 10. janúar 1992 hafði svo verið frá fundi í félaginu 30. mars 1985. Var Ingvar á þessu tímabili formaður stjórnar þess og framkvæmdastjóri, en stefnda meðstjórnandi.

Svo sem rakið er í hinum áfrýjaða dómi, var hinn 15. júní 1987 felld niður skuld stefndu við Tögg hf. samkvæmt sex víxlum, er samþykktir voru af henni til greiðslu á gjalddögum í desember 1985 og nóvember 1986, samtals að fjárhæð 1.000.000 króna. Þetta gerðist á síðasta degi greiðslustöðvunar, sem staðið hafði frá 2. febrúar 1987, en degi áður en bú Töggs hf. var tekið til gjaldþrotaskipta. Í stað víxlanna kom skuldabréf, út gefið samdægurs af Ingvari Sveinssyni, að fjárhæð 2.000.000 króna, en það var jafnframt til greiðslu á nákvæmlega eins skuld hans við Tögg hf., sem felld var niður samtímis. Skuldabréf þetta var til þriggja ára. Það var ekki verðtryggt, en með hæstu lögleyfðu vöxtum frá útgáfudegi. Skuldabréfið var ekki tryggt með veði, og engir ábyrgðarmenn voru á því. Með umræddri ráðstöfun voru jafnframt felldir niður dráttarvextir af skuldinni frá gjalddögum víxlanna.

Þessi háttur á skuldaskilum stefndu við Tögg hf. var henni bersýnilega mjög til hagsbóta, en braut jafnframt í bága við hagsmuni áfrýjanda, þar sem hann hafði í för með sér, að gjaldfallnar kröfur voru ekki til reiðu til fullnustu kröfuhöfum, er bú Töggs hf. hafði verið tekið til gjaldþrotaskipta. Ráðstöfun þessi var því, eins og á stóð, ótilhlýðileg, og mátti stefndu vera það ljóst, þar sem hún hafði um árabil átt sæti í stjórn hlutafélagsins og átti að vita gjörla um mjög erfiða fjárhagsstöðu þess, er hér var komið. Að svo vöxnu máli ber með vísan til 61. gr. gjaldþrotalaga nr. 6/1978, sem áfrýjandi byggir m.a. á riftunarkröfu sína, sbr. 2. mgr. 59. gr. sömu laga, að taka til greina kröfu áfrýjanda um riftun á greiðslu framangreindrar víxilskuldar með umræddu skuldabréfi.

Áfrýjandi krefst greiðslu upphaflegu skuldarinnar með vöxtum frá gjalddögum víxlanna. Af riftuninni leiðir, að lagaskilyrði eru til þess, að áfrýjandi komi fram fjárkröfu sinni í málinu, og ber að taka hana til greina með vöxtum. eins og krafist er.

Samkvæmt þessum málalokum ber að dæma stefndu til að greiða áfrýjanda málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti. Þykir hann eftir atvikum hæfilega ákveðinn samtals 150.000 krónur. Er þá ekki tekið tillit til virðisaukaskatts.

Dómsorð:

Framangreindri greiðslu á skuld stefndu, Hönnu Elíasdóttur, við áfrýjanda, þrotabú Töggs hf., er rift.

Stefnda greiði áfrýjanda 1.000.000 króna með ársvöxtum eins og hér greinir: 45% af 500.000 krónum frá 22. desember 1985 til 1. mars 1986, 33% frá þeim degi til 1. apríl s.á., 27% frá þeim degi til 22. nóvember s.á., 27% af 1.000.000 króna frá þeim degi til 1. mars 1987, 30% frá þeim degi til 14. apríl 1987, en með dráttarvöxtum samkvæmt 10. gr. vaxtalaga nr. 25/1987 frá þeim degi til greiðsludags. Vexti má leggja við höfuðstól á 12 mánaða fresti, í fyrsta sinn 22. nóvember 1988.

Stefnda greiði áfrýjanda 150.000 krónur í málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Dómur bæjarþings Hafnarfjarðar 2. desember 1988.

I.

Mál þetta, sem dómtekið var 26. október 1988, hefur Skarphéðinn Þórisson hrl. sem skiptastjóri þrotabús Töggs hf., nnr. 8959-1902, Bíldshöfða 16, Reykjavík, höfðað fyrir hönd búsins með stefnu, birtri 7. desember 1987, á hendur Hönnu Elíasdóttur, nnr. 3698-6190, Hegranesi 22, Garðabæ.

Dómkröfur stefnanda eru þessar:

„1. að rift verði með dómi greiðslu stefndu til stefnanda á sex víxlum, að nafnverði 1.000.000 kr., með gjalddögum 22.12.1985 og 22.11.1986, með skuldabréfi að sömu fjárhæð, út gefnu 15. júní 1987 af Ingvari Sveinssyni, Hegranesi 22, Garðabæ, eiginmanni stefndu, með föstum 20% ársvöxtum til þriggja ára, í fyrsta sinn 15. júní 1988,

2. að stefnda verði dæmd til að greiða stefnanda kr. 1.000.000 með [nánar tilgreindum vöxtum].

3. Þá er krafist málskostnaðar skv. gjaldskrá LMFÍ".

Af hálfu stefndu eru þessar dómkröfur gerðar:

1. að stefnda verði algerlega sýknuð af öllum kröfum stefnanda,

2. að verði sýknukrafan ekki tekin til greina, verði dráttarvaxtakrafan felld niður aðallega eða dráttarvextir verulega lækkaðir og upphafstími dráttarvaxta miðaður við þau tímamörk, sem stefnandi leysti að nýju til sín víxla þá, er í málinu getur,

3. að hvor aðila beri sinn kostnað af málinu.

Sáttatilraunir dómsins báru eigi árangur.

II.

Stefnandi kveður málavexti þá, að 16. júní 1987 hafi bú Töggs hf. verið tekið til gjaldþrotaskipta hjá borgarfógetaembættinu í Reykjavík. Áður hafi félagið átt í miklum greiðsluerfiðleikum, og hafi því verið veitt heimild til greiðslustöðvunar með úrskurði borgarfógetaembættisins 2.2.1987 í þrjá mánuði, og hafi sá frestur tvisvar verið framlengdur og runnið út 15.6.1987.

Á síðasta degi greiðslustöðvunarinnar, 15.6.1987, daginn fyrir gjaldþrotaúrskurð Töggs hf., hafi stefnda greitt Töggi hf. gjaldfallna víxla, samtals að nafnvirði 1.000.000 kr., frá árunum 1985 og 1986, samþykkta af stefndu sjálfri, með skuldabréfi til þriggja ára með föstum 20% ársvöxtum með fyrsta gjalddaga 15. júní 1988. Skuldabréf þetta sé út gefið af eiginmanni stefndu, Ingvari Sveinssyni, þáverandi forstjóra Töggs hf. Bréfið sjálft sé að fjárhæð 2.000.000 kr., en helmingur þess hafi verið notaður til að greiða sambærilega skuld eiginmanns stefndu við Tögg hf. Uppgjör vegna þessa sé að finna í bókhaldi Töggs hf. á fylgiskjali 1504/1987.

Víxlar þeir, sem stefnda hafi greitt á þennan hátt, sundurliðist þannig:

1. Víxill pr. 22.12.1985	kr.	125.000
2. Víxill pr. 22.12.1985	—	125.000
3. Víxill pr. 22.12.1985	—	250.000
4. Víxill pr. 22.11.1986	—	125.000
5. Víxill pr. 22.11.1986	—	125.000
6. Víxill pr. 22.11.1986	—	250.000
	Kr.	1.000.000

Stefnandi kveður víxla þá, er stefnda hafi greitt á þennan hátt, vera til komna vegna ógreidds hlutafjárloforðs stefndu til Töggs hf.

Í skýrslu endurskoðunarskrifstofunnar Hyggis hf. segir um þessa víxla, að þeir séu til komnir vegna aukningar hlutafjár í félaginu á árinu 1985.

Þeir hafi verið endursendir frá Sjóvá og e.t.v. fleiri viðskiptamönnum og þá færðir í bókhaldinu aftur sem víxileign, en áfallinn kostnaður færður til skuldar á viðskiptareikning Ingvars Sveinssonar.

Af hálfu stefndu var málavöxtum ekki lýst sérstaklega og ekki gerðar athugasemdir við framangreinda málavaxtalýsingu stefnanda.

III.

Af hálfu stefnanda er málsókn á því reist, að greiðsla stefndu til Töggs hf. með skuldabréfi vegna áðurgreindra víxla hafi verið ólögmæt, greiðslueyrir óvenjulegur og greiðslan ekki venjuleg eftir atvikum, sbr. 54. gr. l. nr. 6/1987. Því er jafnframt haldið fram, að rifta megi greiðslu þessari á grundvelli 61. gr. l. nr. 61/1978, þar sem ráðstöfun þessi hafi á ótilhlýðilegan hátt verið kröfuhafa, þ.e. stefndu, til hagsbóta á kostnað annarra eða leitt til þess, að eignir þrotamanns hafi ekki verið til reiðu til fullnustu öðrum kröfuhöfum. Þá hafi greiðslan farið fram, meðan greiðslustöðvun stóð yfir. Á grundvelli 62. gr. gþl. sé því krafist, að stefnda verði dæmd til að greiða stefnanda ofangreinda kröfu, þar sem hún hafi ekki fengist til að greiða hana þrátt fyrir áskorun þar að lútandi.

Í greinargerð stefnanda segir, að aðallega sé byggt á 8. gr. gþl., 54. gr., 1. tl., sömu laga, sbr. 62. gr. laganna, og sjálfstætt á 61. gr., sbr. 63. gr. laganna.

Af hálfu stefndu eru dómkröfur á því reistar, að athafnir hennar hafi ekki brotið í bága við lög nr. 6/1978, 54., 61., 62. og 63. gr. Ráðstöfun stefndu hafi ekki ráðið úrslitum um gjaldfærni stefnanda, og ekki hafi verið um óvenjulegan greiðslueyri að ræða. Greiðslan í þessu máli hafi ekki verið á kostnað annarra, þar sem skuldabréfið, sem var til greiðslu víxlanna, beri hæstu lögleyfða vexti og tímalengd skuldabréfsins sé eðlileg.

Varðandi vaxtakröfuna sé þess að gæta, að samkvæmt bréfi endurskoðandans á dskj. nr. 6, lið 3, komi ekki fram, hvort þar sé um að ræða innlausnardaga stefnanda í víxlunum frá viðskiptamönnum hans eða hvort þar sé um að ræða upphaflegan gjalddaga víxlanna. En í tilvitnuðu bréfi í dskj. nr. 6 komi fram, að kostnaður vegna víxlanna miðað við innlausnardag hafi verið færður á viðskiptareikning Ingvars Sveinssonar.

Við munnlegan málflutning var því haldið fram til styrktar sýknukröfu af lögmanni stefndu, að þær lagagreinar, sem stefnandi byggi á í málinu, eigi ekki við, þar sem búið sé hér ekki skuldari og ekki sé um neinar greiðslur af þess hálfu að ræða. Hér sé hins vegar verið að greiða búinu af hálfu aðila, er skuldi því.

Niðurstaða dómsins.

Eins og áður er getið, reisir stefnandi málsókn sína á 8. gr., 1. mgr. 54. gr., sbr. 62. gr., og 61. gr., sbr. 63. gr. gjaldþrotalaga nr. 6, 1978.

Samkvæmt 8. gr. gþl. er skuldara óskylt og óheimilt að greiða gjald-

fallnar skuldir á greiðslustöðvunartíma eða stofna til verulegra skuldbindinga o.s.frv.

Samkvæmt 1. mgr. 54. gr. gþl. má krefjast riftunar á greiðslu skuldar á síðustu sex mánuðum fyrir frestdag, ef greitt var með óvenjulegum greiðslueyri, fyrr en eðlilegt var, eða greidd var fjárhæð, sem úrslitum réð um gjaldfærni þrotamanns, nema greiðslan hafi verið venjuleg eftir atvikum.

Í máli þessu hefur engin greiðsla verið innt af hendi af hálfu Töggs hf. eða verið stofnað til nýrra skuldbindinga í skilningi 8. gr. gþl. Töggur hf. hefur hér stöðu kröfuhafa, en stefnda kröfu skuldara gagnstætt því, sem tilvitnaðar lagagreinar, 8. gr. og 1. mgr. 54. gr. gþl., gera ráð fyrir. Þessar lagagreinar taka því ekki til þessa álitaefnis, og verða kröfur stefnanda því ekki teknar til greina af þessum ástæðum.

Samkvæmt 61. gr. gþl. má krefjast riftunar ráðstafana, sem á ótilhlýðilegan hátt eru kröfuhafa til hagsbóta á kostnað annarra eða leiða til þess, að eignir þrotamanns verða ekki til reiðu til fullnustu kröfuhöfum eða leiða til skuldaaukningar þeim til tjóns, ef þrotamaður var ógjaldfær eða varð það vegna ráðstöfunarinnar og ef sá, sem hafði hag af ráðstöfuninni, vissi eða mátti vita um ógjaldfærni skuldara og þær aðstæður, sem leiddu til þess, að ráðstöfunin var ótilhlýðileg.

Dómurinn telur ofangreind lagaákvæði ekki taka til þess álitaefnis, sem mál þetta fjallar um. Í fyrsta lagi var þessi ráðstöfun ekki einum kröfuhafa til hagsbóta á kostnað annarra, þar sem stefnda er ekki kröfuhafi í skilningi greinarinnar. Í öðru lagi varð stefnandi ekki ógjaldfær vegna ráðstöfunarinnar. Í þriðja lagi leiddi ráðstöfunin ekki til skuldaaukningar kröfuhöfum til tjóns. Í fjórða lagi leiddi ráðstöfunin ekki til þess, að eignir stefnanda voru ekki til reiðu til fullnustu kröfuhöfum í skilningi 61. gr. gþl., enda þótt samið hafi verið um nýjan greiðslufrest og vöxtum frá eindaga víxlanna sleppt. Niðurstaða dómsins er því sú, að stefnukrafa stefnanda verður ekki tekin til greina af þessum ástæðum.

Niðurstaða dómsins er því sú samkvæmt framansögðu og þar sem stefnandi byggir málsókn sína einvörðungu á áðurgreindum lagaákvæðum, að sýkna ber stefndu af öllum kröfum stefnanda.

Eftir atvikum og með hliðsjón af kröfugerð stefndu þykir rétt að ákveða, að hvor aðili beri sinn kostnað af rekstri málsins.

Dómsuppsaga hefur dregist vegna embættisanna dómara.

Finnbogi H. Alexandersson héraðsdómari kvað upp dóm þennan.

Dómsorð:

Stefnda, Hanna Elíasdóttir, á að vera sýkn af öllum kröfum stefnanda, þrotabús Töggs hf., í máli þessu.

Málskostnaður fellur niður.

Mánudaginn 13. janúar 1992.

Nr. 57/1989. **Þrotabú Töggs hf.**
(Skarphéðinn Þórisson hrl.)
gegn
Ingvari Sveinssyni
(Brynjólfur Kjartansson hrl.).

Gjaldþrotaskipti. Riftun.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Guðrún Erlendsdóttir, Gunnar M. Guðmundsson, Haraldur Henrysson, Hrafn Bragason og Pétur Kr. Hafstein.

Áfrýjandi skaut máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 23. febrúar 1989 og gerir eftirfarandi dómkröfur:

„1. Að rift verði með dómi greiðslu stefnda til Töggs hf. á sex víxlum, að nafnverði kr. 1.000.000,-, með gjalddögum 22.12.1985 og 22.11.1986, með skuldabréfi að sömu fjárhæð, út gefnu 15. júní 1987 af stefnda, með 20% ársvöxtum til þriggja ára, í fyrsta sinn 15. júní 1988.

2. Að stefndi verði dæmdur til að greiða áfrýjanda kr. 1.000.000,- með 45% ársvöxtum af kr. 500.000,- frá 22. desember 1985 til 1. mars 1986, en frá þeim degi með 33% ársvöxtum til 1. apríl 1986, en frá þeim degi með 27% ársvöxtum til 22. nóvember 1986, en frá þeim degi með sömu vöxtum af kr. 1.000.000,- til 1. mars 1987, en frá þeim degi með 30% ársvöxtum til 1. júní 1987, en frá þeim degi með 33,6% ársvöxtum til 1. júlí 1987, en frá þeim degi með 36% ársvöxtum til 1. ágúst 1987, en frá þeim degi með 40,8% ársvöxtum til 1. september 1987, en frá þeim degi með 42% ársvöxtum til 1. október 1987, en frá þeim degi með 43,2% ársvöxtum til 1. nóvember 1987, en frá þeim degi með 45,6% ársvöxtum til 1. desember 1987, en frá þeim degi með 49,2% ársvöxtum til 15.12.1987, frá þeim degi til greiðsludags með dómvöxtum (sic) skv. 10. gr. vaxtalaga nr. 25/1987. Enn fremur er þess krafist, að vextir leggist við höfuðstól á 12 mánaða fresti, í fyrsta sinn 22. nóvember 1988, og að ársvextir verði reiknaðir af þannig uppfærðum höfuðstól.

3. Þá er krafist málskostnaðar skv. gjaldskrá LMFÍ bæði í héraði og fyrir Hæstarétti."

Stefndi krefst þess, að hinn áfrýjaði dómur verði staðfestur og að áfrýjandi verði dæmdur til að greiða sér málskostnað fyrir Hæstarétti.

Er bú Töggs hf. var tekið til gjaldþrotaskipta 16. júní 1987, voru stefndi og eiginkona hans, Hanna Elíasdóttir, í stjórn félagsins. Samkvæmt endurriti úr Hlutafélagaskrá 10. janúar 1992 hafði svo verið frá fundi í félaginu 30. mars 1985. Var stefndi á þessu tímabili formaður stjórnar þess og framkvæmdastjóri.

Svo sem rakið er í hinum áfrýjaða dómi, felldi stefndi niður 15. júní 1987 skuld sína við Tögg hf. samkvæmt sex víxlum, er samþykktir voru af honum til greiðslu á gjalddögum í desember 1985 og nóvember 1986, samtals að fjárhæð 1.000.000 króna. Gerðist þetta á síðasta degi greiðslustöðvunar, sem staðið hafði frá 2. febrúar 1987, en degi áður en bú Töggs hf. var tekið til gjaldþrotaskipta. Í stað víxlanna gaf stefndi samdægurs út skuldabréf, að fjárhæð 2.000.000 króna, en það var jafnframt til greiðslu á nákvæmlega eins skuld Hönnu Elíasdóttur við Tögg hf., sem felld var niður samtímis (sbr. dóm í hæstaréttarmálinu nr. 56/1989). Skuldabréf þetta var til þriggja ára. Það var ekki verðtryggt, en með hæstu lögleyfðu vöxtum frá útgáfudegi. Skuldabréfið var ekki tryggt með veði, og engir ábyrgðarmenn voru á því. Með umræddri ráðstöfun voru jafnframt felldir niður dráttarvextir af skuldinni frá gjalddögum víxlanna.

Þessi háttur á skuldaskilum stefnda og eiginkonu hans við Tögg hf. var þeim bersýnilega mjög til hagsbóta, en braut jafnframt í bága við hagsmuni áfrýjanda, þar sem hann hafði í för með sér, að gjaldfallnar kröfur voru ekki til reiðu til fullnustu kröfuhöfum, er bú Töggs hf. var tekið til gjaldþrotaskipta. Ráðstöfun þessi var því, eins og á stóð, ótilhlýðileg, og hlaut stefnda vegna stöðu sinnar hjá félaginu að vera það fullljóst. Að svo vöxnu máli ber með vísan til 61. gr. gjaldþrotalaga nr. 6/1978, sem áfrýjandi byggir m.a. á riftunarkröfu sína, sbr. 2. mgr. 59. gr. sömu laga, að taka til greina kröfu áfrýjanda um riftun á greiðslu framangreindrar víxilskuldar með umræddu skuldabréfi.

Áfrýjandi krefst greiðslu upphaflegu skuldarinnar með vöxtum

frá gjalddögum víxlanna. Af riftuninni leiðir, að lagaskilyrði eru til þess, að áfrýjandi komi fram fjárkröfu sinni í málinu, og ber að taka hana til greina með vöxtum, eins og krafist er.

Samkvæmt þessum málalokum ber að dæma stefnda til að greiða áfrýjanda málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti. Þykir hann eftir atvikum hæfilega ákveðinn samtals 150.000 krónur. Er þá ekki tekið tillit til virðisaukaskatts.

Dómsorð:

Framangreindri greiðslu á skuld stefnda, Ingvars Sveinssonar, við áfrýjanda, þrotabú Töggs hf., er rift.

Stefndi greiði áfrýjanda 1.000.000 króna með ársvöxtum eins og hér greinir: 45% af 500.000 krónum frá 22. desember 1985 til 1. mars 1986, 33% frá þeim degi til 1. apríl s.á., 27% frá þeim degi til 22. nóvember s.á., 27% af 1.000.000 króna frá þeim degi til 1. mars 1987, 30% frá þeim degi til 14. apríl s.á., en með dráttarvöxtum samkvæmt 10. gr. vaxtalaga nr. 25/1987 frá þeim degi til greiðsludags. Vexti má leggja við höfuðstól á 12 mánaða fresti, í fyrsta sinn 22. nóvember 1988.

Stefndi greiði áfrýjanda 150.000 krónur í málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Dómur bæjarþings Garðakaupstaðar 2. desember 1988.

I.

Mál þetta, sem dómtekið var 26. október sl., hefur Skarphéðinn Þórisson hrl. sem skiptastjóri þrotabús Töggs hf., nnr. 8959-1902, Bíldshöfða 16, Reykjavík, höfðað fyrir hönd búsins með stefnu, birtri 7. desember 1987, á hendur Ingvari Sveinssyni, nnr. 4778-0810, Hegranesi 22, Garðabæ.

Dómkröfur stefnanda eru þessar:

„1. að rift verði með dómi greiðslu stefnda til stefnanda á sex víxlum, að nafnverði 1.000.000 kr., með gjalddögum 22.12. 1985 og 22.11. 1986, með skuldabréfi að sömu fjárhæð, út gefnu 15. júní 1987 af stefnda, með föstum 20% ársvöxtum til þriggja ára, í fyrsta sinn 15. júní 1988,

2. að stefndi verði dæmdur til að greiða stefnanda 1.000.000 kr. með [nánar tilgreindum vöxtum].

3. Þá er krafist málskostnaðar skv. gjaldskrá LMFÍ".

Af hálfu stefnda eru þessar dómkröfur gerðar:

1. að stefndi verði algerlega sýknaður af öllum kröfum stefnanda,

2. að verði sýknukrafan ekki tekin til greina, verði dráttarvaxtakrafan felld niður aðallega eða dráttarvextir verulega lækkaðir og upphafstími dráttarvaxta miðaður við þau tímamörk, sem stefnandi leysti að nýju til sín víxla þá, er í málinu getur,

3. að hvor aðila beri sinn kostnað af málinu.

Sáttatilraunir dómsins báru eigi árangur.

II.

Stefnandi kveður málavexti þá, að 16. júní 1987 hafi bú Töggs hf. verið tekið til gjaldþrotaskipta hjá borgarfógetaembættinu í Reykjavík. Áður hafi félagið átt í miklum greiðsluerfiðleikum, og hafi því verið veitt heimild til greiðslustöðvunar með úrskurði borgarfógetaembættisins 2.2. 1987 í þrjá mánuði, og hafi sá frestur tvisvar verið framlengdur og runnið út 15.6. 1987.

Á síðasta degi greiðslustöðvunarinnar, 15.6. 1987, daginn fyrir gjaldþrotaúrskurð Töggs hf., hafi stefndi greitt Töggi hf. gjaldfallna víxla, samtals að nafnvirði 1.000.000 kr., frá árunum 1985 og 1986, samþykkta af stefnda sjálfum, með skuldabréfi til þriggja ára með föstum 20% ársvöxtum með fyrsta gjalddaga 15. júní 1988. Skuldabréf þetta hafi verið út gefið af stefnda sjálfum. Bréfið sjálft sé að fjárhæð 2.000.000 kr., en helmingur þess hafi verið notaður til að greiða sambærilega skuld eiginkonu stefnda við Tögg hf. Uppgjör vegna þessa sé að finna í bókhaldi Töggs hf. á fylgiskjali 4602/1987.

Víxlar þeir, sem stefndi hafi greitt á þennan hátt, sundurliðast þannig:

1.	Víxill pr. 22.12. 1985	kr.	125.000
2.	" " " "	"	125.000
3.	" " " "	"	250.000
4.	" " 22.11 1986	"	125.000
5.	" " " "	"	125.000
6.	" " " "	"	250.000
		Kr.	1.000.000

Stefnandi kveður víxla þessa vera til komna vegna ógreidds hlutafjárloforðs stefnda til Töggs hf.

Í skýrslu endurskoðunarskrifstofunnar Hyggis hf. segir um þessa víxla, að þeir séu til komnir vegna aukningar hlutafjár í félaginu á árinu 1985. Þeir hafi verið endursendir frá Sjóvá og e.t.v. fleiri viðskiptamönnum og

þá færðir í bókhaldinu aftur sem víxileign, en áfallinn kostnaður færður til skuldar á viðskiptareikning Ingvars Sveinssonar.

Af hálfu stefnda var málavöxtum ekki lýst sérstaklega og ekki gerðar athugasemdir við framangreinda málavaxtalýsingu stefnanda.

III.

Af hálfu stefnanda er málsókn á því reist, að greiðsla stefnda til Töggs hf. með skuldabréfi vegna áðurgreindra víxla hafi verið ólögmæt, greiðslueyrir óvenjulegur og greiðslan ekki venjuleg eftir atvikum, sbr. 54. gr. l. nr. 6/1987. Því er jafnframt haldið fram, að rifta megi greiðslu þessari á grundvelli 61. gr. l. nr. 61/1978, þar sem ráðstöfun þessi hafi á ótilhlýðilegan hátt verið kröfuhafa, þ.e. stefnda, til hagsbóta á kostnað annarra eða leitt til þess, að eignir þrotamanns hafi ekki verið til reiðu til fullnustu öðrum kröfuhöfum. Þá hafi greiðslan farið fram, meðan greiðslustöðvun stóð yfir. Á grundvelli 62. gr. gþl. sé því krafist, að stefndi verði dæmdur til að greiða stefnanda ofangreinda kröfu, þar sem hann hafi ekki fengist til að greiða hana þrátt fyrir áskorun þar að lútandi.

Í greinargerð stefnanda segir, að aðallega sé byggt á 8. gr. gþl., 54. gr., 1. tl., sömu laga, sbr. 62. gr. laganna, og sjálfstætt á 61. gr., sbr. 63. gr. laganna.

Af hálfu stefnda eru dómkröfur á því reistar, að athafnir hans hafi ekki brotið í bága við lög nr. 6/1978, 54., 61., 62. og 63. gr. Ráðstöfun stefnda hafi ekki ráðið úrslitum um gjaldfærni stefnanda, og ekki hafi verið um óvenjulegan greiðslueyri að ræða. Greiðslan í þessu máli hafi ekki verið á kostnað annarra, þar sem skuldabréfið, sem var til greiðslu víxlanna, beri hæstu lögleyfða vexti og tímalengd skuldabréfsins sé eðlileg.

Varðandi vaxtakröfuna sé þess að gæta, að samkvæmt bréfi endurskoðandans á dskj. nr. 6, lið 3, komi ekki fram, hvort þar sé um að ræða innlausnardaga stefnanda í víxlunum frá viðskiptamönnum hans eða hvort þar sé um að ræða upphaflegan gjalddaga víxlanna. En í tilvitnuðu bréfi í dskj. nr. 6 komi fram, að kostnaður vegna víxlanna miðað við innlausnardag hafi verið færður á viðskipareikning stefnda.

Þá telur stefndi, að hann verði ekki dæmdur til greiðslu málskostnaðar í máli þessu, þar sem stefnandi hafi höfðað mál á sama aðila og stefnukröfurnar séu samkynja og af sömu rót runnar, bæjarþingsmál nr. 1503/1987. Í þessu sambandi vísar stefndi til 1. mgr. 71. gr. laga nr. 85/1936.

Við munnlegan málflutning var því haldið fram til styrktar sýknukröfu af lögmanni stefnda, að þær lagagreinar, sem stefnandi byggi á í málinu, eigi ekki við, þar sem búið sé hér ekki skuldari og ekki sé um neinar greiðslur af þess hálfu að ræða. Hér sé hins vegar verið að greiða búinu af hálfu aðila, sem skuldi því.

Niðurstaða dómsins.

Eins og áður er getið, reisir stefnandi málsókn sína á 8. gr., 1. mgr. 54. gr., sbr. 62. gr., og 61. gr., sbr. 63. gr. gjaldþrotalaga nr. 6, 1978.

Samkvæmt 8. gr. gþl. er skuldara óskylt og óheimilt að greiða gjaldfallnar skuldir á greiðslustöðvunartíma eða stofna til verulegra skuldbindinga o.s.frv.

Samkvæmt 1. mgr. 54. gr. gþl. má krefjast riftunar á greiðslu skuldar á síðustu sex mánuðum fyrir frestdag, ef greitt var með óvenjulegum greiðslueyri, fyrr en eðlilegt var, eða greidd var fjárhæð, sem úrslitum réð um gjaldfærni þrotamanns, nema greiðslan hafi verið venjuleg eftir atvikum.

Í máli þessu hefur engin greiðsla verið innt af hendi af hálfu Töggs hf. eða verið stofnað til nýrra skuldbindinga í skilningi 8. gr. gþl. Töggur hf. hefur hér stöðu kröfuhafa, en stefndi kröfu skuldara gagnstætt því, sem tilvitnaðar lagagreinar, 8. gr. og 1. mgr. 54. gr. gþl., gera ráð fyrir. Þessar lagagreinar taka því ekki til þessa álitaefnis, og verða kröfur stefnanda því ekki teknar til greina af þessum ástæðum.

Samkvæmt 61. gr. gþl. má krefjast riftunar ráðstafana, sem á ótilhlýðilegan hátt eru kröfuhafa til hagsbóta á kostnað annarra eða leiða til þess, að eignir þrotamanns verða ekki til reiðu til fullnustu kröfuhöfum eða leiða til skuldaaukningar þeim til tjóns, ef þrotamaður var ógjaldfær eða varð það vegna ráðstöfunarinnar og ef sá, sem hafði hag af ráðstöfuninni, vissi eða mátti vita um ógjaldfærni skuldara og þær aðstæður, sem leiddu til þess, að ráðstöfunin var ótilhlýðileg.

Dómurinn telur ofangreind lagaákvæði ekki taka til þess álitaefnis, sem mál þetta fjallar um. Í fyrsta lagi var þessi ráðstöfun ekki einum kröfuhafa til hagsbóta á kostnað annarra, þar sem stefndi er ekki kröfuhafi í skilningi greinarinnar. Í öðru lagi varð stefnandi ekki ógjaldfær vegna ráðstöfunarinnar. Í þriðja lagi leiddi ráðstöfunin ekki til skuldaaukningar kröfuhöfum til tjóns. Í fjórða lagi leiddi ráðstöfunin ekki til þess, að eignir stefnanda voru ekki til reiðu til fullnustu kröfuhöfum í skilningi 61. gr. gþl., enda þótt samið hafi verið um nýjan greiðslufrest og vöxtum frá eindaga víxlanna sleppt. Niðurstaða dómsins er því sú, að stefnukrafa stefnanda verður ekki tekin til greina af þessum ástæðum.

Niðurstaða dómsins er því sú samkvæmt framansögðu og þar sem stefnandi reisir málsókn sína einvörðungu á áðurgreindum lagaákvæðum, að sýkna ber stefnda af öllum kröfum stefnanda.

Eftir atvikum og með hliðsjón af kröfugerð stefnda þykir rétt að ákveða, að hvor aðili beri sinn kostnað af rekstri málsins.

Dómsuppsaga hefur dregist vegna embættisanna dómara.

Finnbogi H. Alexandersson héraðsdómari kvað upp dóm þennan.

D ó m s o r ð:

Stefndi, Ingvar Sveinsson, á að vera sýkn af öllum kröfum stefnanda, Töggs hf., í máli þessu.

Málskostnaður fellur niður.

Fimmtudaginn 16. janúar 1992.

Nr. 70/1989. **Kristján Guðmundsson**
(Othar Örn Petersen hrl.)
gegn
Sigurði Loftssyni og
Birni Loftssyni
(Árni Guðjónsson hrl.).

Ómerking. Frávísun frá Hæstarétti. Vítur.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Guðrún Erlendsdóttir, Gunnar M. Guðmundsson, Haraldur Henrysson, Hrafn Bragason og Pétur Kr. Hafstein.

Áfrýjandi skaut máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 7. mars 1989 að fengnu áfrýjunarleyfi 21. febrúar 1989. Málið er hér sérstaklega tekið til meðferðar um formhlið þess samkvæmt heimild í 48. gr. laga nr. 75/1973 um Hæstarétt Íslands.

Dómkröfur áfrýjanda eru þessar: 1. Að staðfest verði riftun sín á kaupum á 11 sumarbústaðalóðum úr landi Hrafnhóla, Kjalarneshreppi, af stefndu samkvæmt afsali 12. maí 1984. 2. Að stefndu verði in solidum dæmdir til að endurgreiða sér 370.000 krónur með mánaðarlegum dráttarvöxtum, eins og lýst er í héraðsdómi. 3. Að stefndu verði dæmdir til að afhenda áfrýjanda, honum að kostnaðarlausu, víxla þá, sem áfrýjandi samþykkti og afhenti þeim vegna kaupa á umræddum lóðum, og/eða kvittuð skilríki, sem í stað þeirra víxla hafa komið, svo sem dóma, aðfararhæfar áskorunarstefnur og fjárnámsendurrit, en víxlar þessir eru átta að tölu, allir samþykktir af áfrýjanda til greiðslu í Landsbanka Íslands, Reykjavík, og er þeim nánar lýst í hinum áfrýjaða dómi. 4. Að stefndu verði in solidum dæmdir til að greiða áfrýjanda málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndu krefjast þess, að hinn áfrýjaði dómur verði staðfestur og að áfrýjanda verði gert að greiða sér málskostnað.

Munnlegur málflutningur fór fram í máli þessu á aukadómþingi Kjósarsýslu hinn 1. desember 1987, og var málið þá dómtekið. Það var síðan endurupptekið og endurflutt 10. maí 1988 án nokkurra

skýringa og án þess að ný gögn væru lögð fram eða leitað væri nýrra upplýsinga í málinu, er réttlætt gætu drátt þennan, sbr. 120. gr. laga nr. 85/1936 um meðferð einkamála í héraði. Dómur var kveðinn upp 8. júlí 1988, átta vikum og þremur dögum eftir munnlegan málflutning og dómtöku málsins í annað sinn. Þessi dráttur á dómsuppsögu er freklegt brot á ákvæðum 191. gr. laga nr. 85/1936, enda getur munnlegur málflutningur eigi komið að því gagni, sem til er ætlast, er dómsuppsaga dregst svo lengi. Ber því að ómerkja hinn áfrýjaða dóm og leggja fyrir dómarann að taka málið til munnlegs málflutnings og dómsuppsögu að nýju.

Eftir atvikum þykir rétt, að málskostnaður fyrir Hæstarétti falli niður.

Við munnlegan málflutning fyrir Hæstarétti lagði lögmaður áfrýjanda fram ljósrit 6 bréfa, sem voru send héraðsdómara vegna máls þessa. Tvö fyrstu bréfin, sem dagsett voru 3. maí og 5. ágúst 1988, varða drátt á dómsuppsögu. Í bréfi 30. nóvember 1988 er þess krafist, að lögmaður áfrýjanda fái endurrit dómsins, sem lofað hafi verið þegar í byrjun september, og jafnframt óskað eftir dómsgerðum svo fljótt sem kostur sé. Var þetta ítrekað með bréfi 9. janúar 1989. Lögmaðurinn upplýsti, að hann hefði fengið afhent endurrit dómsins í fyrstu viku febrúar. Tvö síðustu bréfin eru dagsett 8. mars og 8. maí 1989, og er þar ítrekuð krafa um afhendingu dómsgerða.

Sá dráttur, sem samkvæmt framansögðu varð á afgreiðslu eftirrita málsins, brýtur í bága við ákvæði 1. mgr. 44. gr. laga nr. 85/1936.

Víta ber héraðsdómara fyrir þá stórvægilegu galla á málsmeðferð, sem hér að framan er lýst.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera ómerkur, og ber héraðsdómara að taka málið upp að nýju til munnlegs málflutnings og dómsuppsögu.

Málskostnaður fyrir Hæstarétti fellur niður.

Dómur aukadómþings Kjósarsýslu 8. júlí 1988.

I.

Mál þetta, sem dómtekið var 10. maí sl., hefur Kristján Guðmundsson, nnr. 5855-3018, Melási 2, Garðakaupstað, höfðað fyrir dóminum með þing-

festingu 3. mars 1987 á hendur Sigurði Loftssyni, nnr. 7884-8693, Hamratúni 6, Mosfellsbæ, og Birni Loftssyni, nnr. 1343-9648, Drápuhlíð 42, Reykjavík.

Endanlegar dómkröfur stefnanda eru þessar:

1. að staðfest verði með dómi riftun stefnanda á kaupum hans á 11 sumarbústaðalóðum úr landi Hrafnhóla, Kjalarneshreppi, af stefndu, sbr. samþykkt kauptilboð, dags. 5. apríl 1984, og afsal, dags. 12. maí 1984,

2. að stefndu verði in solidum dæmdir til að endurgreiða stefnanda 370.000 kr. með [nánar tilgreindum dráttarvöxtum],

3. að stefndu veri dæmdir til að afhenda stefnanda honum að kostnaðarlausu víxla þá, sem stefndi samþykkti og afhenti þeim vegna kaupa á umræddum lóðum, og/eða kvittuð skilríki, sem í stað þeirra víxla hafa komið, dóma, aðfararhæfar áskorunarstefnur og fjárnámsendurrit, en víxlar þessir eru átta talsins, allir samþykktir af stefnanda til greiðslu í Landsbanka Íslands, Reykjavík, óútgefnir við afhendingu, að fjárhæðum og með gjaldd. sem hér segir: 50.000 kr. pr. 5. júlí 1984, 75.000 kr. pr. 15. janúar 1985, 75.000 kr. pr. 15. júlí 1985, 98.125 kr. pr. 15. janúar 1986, 105.062 kr. pr. 15. júlí 1986, 112.000 kr. pr. 15.janúar 1987, 118.937 kr. pr. 15. júlí 1987, 100.700 kr. pr. 15. janúar 1988,

4. að stefndu verði in solidum dæmdir til að greiða stefnanda málskostnað að skaðlausu að mati dómsins.

Dómkröfur stefndu eru þær, að stefndu verði sýknaðir af öllum dómkröfum stefnanda og að stefnanda verði gert að greiða stefndu málskostnað að skaðlausu skv. taxta LMFÍ.

Dómarinn reyndi sættir án árangurs.

Mál þetta var áður flutt og dómtekið 1.12 1987, en endurflutt og dómtekið að nýju 10.5. sl.

— — —

Niðurstaða dómsins er því sú, að sýkna beri stefndu af öllum kröfum stefnanda.

Málskostnaður, sem stefnandi greiði stefndu, ákveðst 96.000 kr., þar með talið 12% sölugjald.

Finnbogi H. Alexandersson héraðsdómari kvað upp dóm þennan.

Dráttur á dómsuppkvaðningu stafar af miklum embættisönnum dómara.

Dómsorð:

Stefndu, Sigurður Loftsson og Björn Loftsson, skulu vera sýknir af kröfum stefnanda, Kristjáns Guðmundssonar, í máli þessu.

Stefnandi greiði stefndu 96.000 kr. í málskostnað, þar með talið 12% sölugjald.

Föstudaginn 17. janúar 1992.

Nr. 521/1991. **Ákæruvaldið**
(Hallvarður Einvarðsson ríkissaksóknari)
gegn
Steingrími Njálssyni
(Ragnar Aðalsteinsson hrl.).

Gæsla. Öryggisráðstafanir.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Guðrún Erlendsdóttir, Garðar Gíslason, Haraldur Henrysson, Hjörtur Torfason og Þór Vilhjálmsson.

Ríkissaksóknari áfrýjaði máli þessu til Hæstaréttar með yfirlýsingu í sakadómi Reykjavíkur 20. desember sl. og vísaði til 3. mgr. 66. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940. Við munnlegan flutning málsins 15. janúar gerði ríkissaksóknari þær dómkröfur, að ákærði yrði „dæmdur samkvæmt ákæru til að sæta viðeigandi gæslu og öryggisráðstöfunum samkvæmt 67. gr., sbr. 65. gr. og 66. gr. almennra hegningarlaga". Þá er krafist greiðslu sakarkostnaðar í héraði og áfrýjunarkostnaðar.

Ákærði gerir þær kröfur, að hinn áfrýjaði dómur verði staðfestur og verjanda greidd málsvarnarlaun.

I.

Fyrir sakadómi lá sú krafa ríkissaksóknara, að ákærði yrði dæmdur til að sæta gæslu og öryggisráðstöfunum samkvæmt 65. og 66. gr., sbr. 67. gr. almennra hegningarlaga. Í 3. mgr. 66. gr. segir: „Dómsúrlausnum samkvæmt grein þessari má áfrýja eftir reglum um kæru í opinberum málum." Samsvarandi ákvæði er hvorki að finna í 65. gr. né 67. gr. Eins og fyrr segir, var lýst áfrýjun af hálfu ríkissaksóknara á dómþingi, þegar dómur var kveðinn upp, og vísað til sérákvæðisins í 66. gr. Meðferð málsins hefur um flest verið eins og um væri að ræða áfrýjunarmál, m.a. hefur farið fram munnlegur flutningur. Hefur í engu verið gengið á rétt ákærða við rekstur málsins, og ber að leggja á það efnisdóm.

Eins og af framanskráðu má ráða, er ekki að öllu leyti vísað með

sama hætti á hinum tveimur dómstigum í þær þrjár greinar almennra hegningarlaga, sem ríkissaksóknari byggir málatilbúnað sinn á. Skiptir þetta þó engu um framgang málsins, sem dæmt verður á grundvelli afstöðu til lagagreinanna allra.

II.

Fallast ber á það, sem í héraðsdómi segir og varðar 65. og 66. gr. almennra hegningarlaga. Er þess sérstaklega að geta varðandi 66. gr., að í atvikalýsingu í ákæru er ekki að heitingum eða hótunum vikið.

Að því er varðar kröfu ákæruvaldsins á grundvelli 67. gr. almennra hegningarlaga, er þess að geta, að í greininni er mælt fyrir um öryggisráðstafanir vegna brotamanna, sem hættulegir eru umhverfi sínu. Í greininni er ekki að finna heimild til að mæla fyrir um aðgerðir til að ráða bót á áfengissýki eða koma fram lyfjameðferð í því skyni að vinna gegn kynferðislegum misþroska. Í ákæru kemur fram, að öryggisráðstafanir þær, sem krafist er, eigi einkum að vera í því skyni. Fram er komið, að dóms- og kirkjumálaráðuneytið getur einungis komið ákærða í gæslu í fangelsi og að aðrir aðilar geta ekki boðið aðra kosti. Dómstólar eiga úrskurð um það, hvort sú gæsla, sem tök eru á að beita, uppfylli lagaskilyrði. Telja verður, að svo sé ekki nú, að því er ákærða varðar, þar sem aðbúð hans yrði óviðunandi eftir aðstæðum. Er þetta sjálfstæð ástæða þess, að staðfesta ber niðurstöðu hins áfrýjaða dóms. Í héraðsdómi er ferill ákærða rakinn, og ber einnig að líta svo á, að sú frelsisskerðing, sem krafist er, réttlætist ekki af þeim upplýsingum um hann, sem fyrir liggja.

Niðurstaða máls þessa verður því sú, að staðfesta ber hinn áfrýjaða dóm og dæma ríkissjóð til að greiða áfrýjunarkostnað, þar á meðal málsvarnarlaun til verjanda ákærða, eins og greinir í dómsorði.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Áfrýjunarkostnaður málsins greiðist úr ríkissjóði, þar með talin málsvarnarlaun verjanda ákærða, Ragnars Aðalsteinssonar hæstaréttarlögmanns, 100.000 krónur.

Dómur sakadóms Reykjavíkur 20. desember 1991.

Ár 1991, föstudaginn 20. desember, er á dómþingi sakadóms Reykjavíkur, sem háð er í Borgartúni 7 af sakadómurunum Arngrími Ísberg dómsformanni, Guðjóni St. Marteinssyni og Helga I. Jónssyni, kveðinn upp dómur í sakadómsmálinu nr. 719/1991: Ákæruvaldið gegn Steingrími Njálssyni, sem tekið var til dóms 6. desember sl.

Mál þetta er höfðað með ákæruskjali ríkissaksóknara, út gefnu 22. febrúar sl., á hendur Steingrími Njálssyni, þá refsifanga í Hegningarhúsinu við Skólavörðustíg í Reykjavík, kennitala 21.04.42-3679, samkvæmt 10. tl. 1. mgr. 2. gr. laga um meðferð opinberra mála nr. 74, 1974, „í því skyni, að honum verði gert að refsingu lokinni að sæta gæslu samkvæmt 65. og 66. gr. almennra hegningarlaga, þar sem telja verður hann hættulegan vanaafbrotamann, sem margsinnis hefur hlotið fangelsisdóma, m.a. fyrir skírlífisbrot gagnvart ungum drengjum, oft framin undir áhrifum áfengis, síðast 12 mánaða fangelsi samkvæmt dómi Hæstaréttar frá 16. nóvember 1990, og hefur ekki látið skipast við endurtekna refsidóma, fullnustu þeirra og læknismeðferð, og að veruleg hætta sé á því, að hann muni hefja áfengisneyslu og halda áfram brotum, ef hann gengur laus, miðað við undanfarandi breytni hans og umsagnir fangelsislækna og fangelsisprests um andlegt ástand hans nú.

Þess er krafist, að ákærði verði látinn sæta öryggisráðstöfunum samkvæmt 65. og 66. gr., sbr. 67. gr. almennra hegningarlaga, sem miði að því að stemma stigu við frekari brotum hans og að ráða bót á áfengissýki hans og koma fram lyfjameðferð í því skyni að vinna gegn kynferðislegum misþroska hans.

Þess er enn fremur krafist, að ákærði verði dæmdur til greiðslu alls sakarkostnaðar".

Ákærði hefur mótmælt kröfugerð ákæruvaldsins. Hann heldur uppi vörnum í málinu, og hefur verjandi hans krafist sýknu og að allur sakarkostnaður, þar með talin málsvarnarlaun sér til handa, verði greiddur úr ríkissjóði.

Málavextir.

Með ákæruskjali, út gefnu 2. apríl 1990, höfðaði ríkissaksóknari opinbert mál á hendur ákærða fyrir sakadómi Reykjavíkur fyrir brot gegn 209. gr. almennra hegningarlaga og 45. gr. laga um vernd barna og ungmenna nr. 53, 1966. Þess var krafist, að ákærði yrði dæmdur til refsingar, „og enn fremur með vísan til 67. gr. almennra hegningarlaga, að ákærði verði dæmdur til að sæta að refsingu lokinni gæslu samkvæmt 66. gr. sömu laga vegna undanfarandi breytni hans og hættu á, að hann muni halda áfram brotum af því tagi, sem hér um ræðir". Með dómi 11. júní þ.á. var ákærði sakfelldur samkvæmt ákærunni og dæmdur í 18 mánaða fangelsi og til að sæta að refsivist lokinni sérstakri gæslu samkvæmt tilvitnuðum ákvæðum.

Dóminum var áfrýjað til Hæstaréttar að ósk ákærða. Með dómi réttarins frá 16. nóvember s.á. var ákærði sakfelldur fyrir sömu brot og í sakadómi, en refsing hans ákveðin 12 mánaða fangelsi. Kröfu ákæruvaldsins um sérstaka gæslu að lokinni afplánun refsingar var hins vegar vísað frá dómi með þeim rökstuðningi, að ekki hefði „af ákæruvalds hálfu verið gerð grein fyrir því, hvernig umræddri gæslu yrði háttað og hvort kostur sé á gæslu annars staðar en í fangelsi".

Hinn 24. desember 1990 veitti Fangelsismálastofnun ákærða reynslulausn í tvö ár á eftirstöðvum refsingar, 46 dögum, frá og með 27. desember s.á. Samkvæmt gögnum málsins var hann þann dag fluttur að Hólsseli á Fjöllum, en þar mun honum hafa verið búinn dvalarstaður samkvæmt samningi dómsmálaráðuneytisins við ábúendur.

Hinn 9. janúar sl. var framangreind reynslulausn afturkölluð, enda hafði ákærði þá yfirgefið dvalarstað sinn og ekki upplýst um annan dvalarstað eða vinnu eða önnur kjör, er nægja myndu honum til lífsuppeldis, eins og segir í bréfi Fangelsismálastofnunar til hans. Sama dag var ákærði handtekinn í Reykjavík og færður í Síðumúlafangelsi. Ákærði afplánaði eftirstöðvar refsingarinnar frá 9. janúar til 23. febrúar, er hann var úrskurðaður í gæsluvarðhald, eins og síðar verður greint frá.

Ákæran í málinu var gefin út 22. febrúar sl. Jafnframt krafðist ríkissaksóknari þess, að ákærði yrði úrskurðaður til að gangast undir geðheilbrigðisrannsókn. Til að tryggja, að slík rannsókn gæti farið fram, var þess krafist, að ákærði yrði úrskurðaður í gæsluvarðhald í framhaldi af refsivistinni allt til uppkvaðningar dóms í málinu, en þó ekki lengur en til 22. apríl sl. Með úrskurði, upp kveðnum 23. febrúar sl., féllst sakadómur á kröfur ríkissaksóknara.

Ákærði kærði úrskurðinn til Hæstaréttar, sem felldi hann úr gildi með dómi, upp kveðnum 1. mars sl., þar eð lagaskilyrði væru ekki til að verða við kröfu ríkissaksóknara. Þá var enn fremur ekki talin þörf á að mæla fyrir um nýja geðheilbrigðisrannsókn „á þessu stigi málsins".

Meðferð málsins fyrir sakadómi hófst 13. mars sl., og fór þá fram munnlegur flutningur um frávísunarkröfu, er verjandi ákærða hafði haft uppi í þinghaldi 23. febrúar sl., Með dómi, upp kveðnum 19. mars sl., var ákærunni vísað frá sakadómi, þar eð dómurinn taldi, að kröfugerð ákæruvaldsins samkvæmt ákærunni væri hin sama og gerð hefði verið í ákæru, út gefinni 2. apríl 1990, sem endanlega hefði verið dæmd með dómi Hæstaréttar 16. nóvember 1990, eins og rakið hefur verið.

Ríkissaksóknari kærði frávísunardóminn til Hæstaréttar, er felldi hann úr gildi með dómi, upp kveðnum 3. maí sl. Í dómi Hæstaréttar segir: „Í ákæruskjali 22. febrúar sl. er vísað til 65. og 66. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, sbr. 67. gr. sömu laga. Þar er og vísað til þess, að ákærði

var 16. nóvember 1990 dæmdur til að sæta fangelsi 12 mánuði. Frá refsingunni skyldi draga gæsluvarðhald frá 17. febrúar sama ár." Þá er tekið upp í dóminn meginefni 67. gr. almennra hegningarlaga, en síðan segir orðrétt: „Kröfu um öryggisgæslu var vísað frá dómi í áðurnefndu refsimáli, sem dæmt var 16. nóvember 1990. Eru engar réttarfarsreglur því til fyrirstöðu að dæma efnislega um þá kröfu ríkissaksóknara, sem fram kemur í ákæru 22. febrúar sl. og gerð er á grundvelli heimildar í 67. gr. almennra hegningarlaga. Ber því að fella hinn kærða dóm úr gildi."

— — —

Sakaferill ákærða.

Samkvæmt sakavottorði ákærða var ákæru frestað skilorðsbundið á hendur honum í tvö ár frá 1. september 1958 fyrir þjófnað. Frá árinu 1963 hefur hann hlotið 26 refsidóma fyrir kynferðisafbrot, þjófnað, líkamsárásir, fjársvik, skjalafals og ölvun og réttindaleysi við akstur. Síðast var hann dæmdur af Hæstarétti 16. nóvember 1990, eins og grein hefur verið gerð fyrir. Er samanlögð refsivist hans samkvæmt þessum dómum orðin 11 ár og 3 ½ mánuður. Þar að auki hefur hann verið sektaður 16 sinnum fyrir áfengis- og umferðarlagabrot, síðast 30. október sl. fyrir ölvunarakstur.

Verður nú gerð grein fyrir dómum, þar sem ákærði hefur verið sakfelldur fyrir brot gegn XXII. kafla almennra hegningarlaga.

Með dómi sakadóms Gullbringu- og Kjósarsýslu 11. nóvember 1963 var ákærði m.a. sakfelldur fyrir að fleka 11 ára dreng upp í bifreið, að leysa þar niður um hann og slá drenginn í andlitið, þegar hann veitti mótspyrnu.

Með sama dómi var ákærði sakfelldur fyrir að fleka annan 11 ára dreng upp í bifreið til sín, leysa niður um hann og hafa kynferðismök við hann nauðugan.

Með dómi sakadóms Gullbringu- og Kjósarsýslu 11. desember 1964 var ákærði sakfelldur fyrir að fleka 11 ára dreng upp í bifreið og hafa við hann kynferðismök nauðugan.

Með sama dómi var ákærði sakfelldur fyrir að fleka 10 ára dreng upp í bifreið sína og hafa við hann kynferðismök nauðugan.

Þá var ákærði með þessum sama dómi sakfelldur fyrir að fleka 12 ára dreng upp í bifreið sína og hafa við hann kynferðismök nauðugan.

Enn var ákærði með þessum sama dómi sakfelldur fyrir að fleka tvo drengi, 11 og 13 ára, inn á Hafnarsalernið í Keflavík á árunum 1961 - 1963 og hafa við þá kynferðismök.

Með dómi sakadóms Hafnarfjarðar 2. október 1978 var ákærði sakfelldur fyrir að fleka 9 ára dreng upp í bifreið og hafa við hann nauðugan samræðismök.

Með sama dómi var ákærði sakfelldur fyrir að tæla 12 ára dreng inn í hótelherbergi til sín og hafa þar við hann kynferðismök nauðugan.

Með dómi sakadóms Reykjavíkur 5. september 1986 var ákærði sakfelldur fyrir að þukla á 10 ára dreng á lostugan hátt og kyssa hann á andlitið á veitingastofu.

Með sama dómi var ákærði sakfelldur fyrir að veitast að 13 ára dreng í búningsklefa Sundhallarinnar í Reykjavík og fara höndum um líkama hans og kyssa hann.

Með dómi Hæstaréttar Íslands, upp kveðnum 24. febrúar 1988, var ákærði sakfelldur fyrir að hafa veist að 15 ára dreng, losað um föt hans og farið höndum um kynfæri hans utan klæða.

Með sama dómi var ákærði sakfelldur fyrir að hafa veist fáklæddur að 13 ára blaðburðardreng, fært hann úr buxum og farið höndum um kynfæri hans.

Með áðurgreindum dómi Hæstaréttar var ákærða gert að sæta 9 mánaða fangelsisvist og að henni lokinni viðeigandi hælisvist í 15 mánuði.

Með dómi Hæstaréttar, upp kveðnum 16. nóvember 1990, var ákærði sakfelldur fyrir að tæla 7 ára dreng inn í herbergi sitt og hafa þar í frammi við hann lostugt athæfi með því að klæða hann úr buxum og draga niður nærbuxur hans.

Niðurstaða.

Kröfur ákæruvaldsins í málinu eru þær, að ákærði verði „að refsingu lokinni" látinn sæta öryggisráðstöfunum samkvæmt 65. og 66. gr., sbr. 67. gr. almennra hegningarlaga, sem miði að því að stemma stigu við frekari brotum hans og ráða bót á áfengissýki hans og koma fram lyfjameðferð í því skyni að vinna gegn kynferðislegum misþroska hans.

Í máli þessu er ákærða ekki gefinn að sök neinn sérstakur refsiverður verknaður. Verður ákærði þess vegna eigi beittur þeim úrræðum, sem í 65. gr. almennra hegningarlaga greinir, sem eingöngu eru heimil, hafi maður framið brot undir áfengisáhrifum og verið ákærður og sakfelldur fyrir það brot. Fær þessi skilningur bæði stoð í orðalagi lagaákvæðisins og athugasemdum við 5. gr. frumvarpsins, er síðar varð að lögum nr. 31, 1961, er breyttu 65. gr. almennra hegningarlaga. Samkvæmt framansögðu verður ákvæðum nefndrar greinar því ekki beitt gagnvart ákærða í máli þessu.

66. gr. almennra hegningarlaga heimilar ákæruvaldinu, ef maður heitist við annan mann eða hótar honum bana, brennu eða öðrum óförum og refsingu verður annaðhvort ekki við komið eða hún þykir ekki veita næga tryggingu, að hlutast til um, annaðhvort eftir kröfu þess, sem hlut á að máli, eða án kröfu hans, ef nauðsynlegt þykir vegna réttaröryggis, að dóms-

úrskurður gangi um það, hvort gera skuli ráðstafanir til varnar því, að hótunin sé framkvæmd, þar á meðal, hvort setja skuli heitingamann í gæslu.

Ákærði er í máli þessu ekki ákærður fyrir heitingar eða hótanir í garð neins tiltekins manns. Eiga ákvæði 66. gr. því eigi við, eins og hér stendur á, og verður því eigi beitt einum sér.

Í 67. gr. almennra hegningarlaga segir m.a.: „Sé maður dæmdur í þyngri refsingu en varðhald og mjög sennilegt má telja af því, hvernig glæp hans var háttað og andlegu ástandi hans er varið, svo og af undanfarandi breytni hans, að hann muni drýgja afbrot af vana eða í atvinnuskyni og sé því hættulegur umhverfi sínu, má ákveða í refsidómi eða síðar í sérstöku máli, sem höfðað er að tilhlutan ákæruvaldsins, að beitt skuli öryggisráðstöfunum samkvæmt 66. gr. að refsingu lokinni..." Svo sem rakið var, á ákærði að baki langan afbrotaferil. Högni Óskarsson geðlæknir rannsakaði geðheilsu ákærða vegna máls samkvæmt ákæru, dagsettri 2. apríl 1990, svo sem að framan greinir. Enn fremur átti hann viðtal við ákærða í fangelsi 22. febrúar sl. og gaf álit á geðhögum ákærða, dagsett 25. febrúar sl., sem hann hefur staðfest fyrir dómi. Þar segir m.a., eftir að Högni hefur lýst sjúkdómsgreiningu ákærða, sem var óbreytt frá geðrannsókninni: „Og rétt er að taka fram, að þótt svo fátt bendi til þess nú, að Steingrímur sé líklegur til að brjóta af sér á næstunni, þá er ekki hægt að segja með neinni vissu út frá geðlæknisfræðilegum forsendum, að hann muni ekki brjóta af sér."

Ákærði hefur nú verið frjáls maður í tæpa 10 mánuði, allt frá því að Hæstiréttur felldi úr gildi gæsluvarðhaldsúrskurð sakadóms Reykjavíkur með dómi sínum 1. mars sl., og á því tímabili einu sinni gerst brotlegur við umferðarlög.

Þrátt fyrir langan afbrotaferil ákærða telur dómurinn, að ekki sé unnt að segja til um það með neinni vissu, hversu líklegt sé, að hann muni brjóta af sér framvegis. Við mat á því er ekki við annað að styðjast en sakaferil ákærða og læknisfræðileg gögn málsins, en í þeim kemur m.a. fram, að afbrigðileg kynhegðun, sem ákærði er talinn haldinn og greint hefur verið frá að framan, eldist ekki af fólki. Þetta atferli fari þó minnkandi með aldrinum samfara aukinni kyndeyfð, eins og segir í geðheilbrigðisrannsókn Ásgeirs Karlssonar geðlæknis.

Ljóst þykir af orðalagi 67. gr., að þar er gert ráð fyrir því, að maður, sem sæta á öryggisráðstöfunum, er þar greinir, hafi í máli, sem höfðað hefur verið út af tilteknum glæp, verið dæmdur í því máli til óskilorðsbundinnar fangelsisrefsingar og megi þá jafnframt ákveða í þeim dómi eða síðar í sérstöku máli, áður en maðurinn er laus úr afplánun, að hann skuli beittur ofangreindum öryggisráðstöfunum að refsingu lokinni, þ.e.a.s. í beinu framhaldi af fangelsisrefsingunni, og er það í samræmi við kröfugerð í ákæru. Þykir einsýnt, að öryggisráðstöfunum þessum eigi eingöngu að

beita gangvart mjög hættulegum mönnum, sem alls ekki eigi að ganga lausir.

Svo sem rakið hefur verið, vísaði Hæstiréttur með dómi sínum 16. nóvember 1990 frá sakadómi kröfu ákæruvaldsins um gæslu ákærða eftir afplánun refsingar samkvæmt 67. gr., sbr. 66. gr. almennra hegningarlaga, með þeim rökum, að ekki hefði af ákæruvaldsins hálfu verið gerð grein fyrir því, hvernig umræddri gæslu yrði háttað og hvort kostur hefði verið á gæslu annars staðar en í fangelsi. Krafa ákæruvaldsins um gæslu ákærða samkvæmt ákæru í máli þessu er í raun framhald af máli því, er höfðað var á hendur ákærða með ákæru, dagsettri 2. apríl 1990, þ.e. krafa ákæruvaldsins í því máli um gæslu ákærða samkvæmt tilvitnuðum hegningarlagaákvæðum. Ákæruvaldið hefur í máli þessu fært fram gögn, sem dómurinn telur sýna, að gæsla samkvæmt 66. og 67. gr. almennra hegningarlaga sé ekki tiltæk annars staðar en í fangelsi. Þótt dómurinn telji það ekki í verkahring dómstóla að kveða á um það, hvar menn, er dæmdir hafa verið til gæslu samkvæmt tilvitnuðum ákvæðum, séu vistaðir, þykir hins vegar rétt vegna samhengis þessa máls og þess hluta málsins samkvæmt ákæru frá 2. apríl 1990, sem að framan greinir, og í tilefni af ofangreindum dómi Hæstaréttar og málavöxtum að öðru leyti að taka fram, að dómurinn telur, að öryggisráðstafanir gagnvart ákærða í því skyni, er ákæruvaldið hefur krafist í máli þessu og lýst er í ákæru, eigi ekki og geti ekki eðli sínu samkvæmt farið fram í fangelsi.

Með vísan til framanritaðs telur dómurinn ekki vera uppfyllt skilyrði til að dæma ákærða til að sæta öryggisráðstöfunum samkvæmt 67. gr., sbr. 66. gr. almennra hegningarlaga.

Samkvæmt framansögðu ber því að sýkna ákærða af öllum kröfum ákæruvaldsins í málinu og dæma ríkissjóð til að greiða allan sakarkostnað, þ.m.t. málsvarnarlaun skipaðs verjanda ákærða, Ragnars Aðalsteinssonar hrl., sem þykja hæfilega ákveðin 150.000 krónur.

Dómsorð:

Ákærði, Steingrímur Njálsson, er sýknaður af öllum kröfum ákæruvaldsins í máli þessu.

Allur sakarkostnaður, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda ákærða, Ragnars Aðalsteinssonar hrl., 150.000 krónur, greiðist úr ríkissjóði.

Föstudaginn 17. janúar 1992.

Nr. 178/1989. **Kristinn Guðbrandsson**
(Sigurður G. Guðjónsson hrl.)
gegn
Skaftárhreppi
(Valgeir Kristinsson hrl.).

Fjallskil. Útivist í héraði.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Þór Vilhjálmsson, Garðar Gíslason og Pétur Kr. Hafstein.

Áfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með áfrýjunarstefnu 18. maí 1989 að fengnu áfýjunarleyfi samkvæmt 2. mgr. 20. gr. laga nr. 75/1973 um Hæstarétt Íslands hinn 21. apríl s.á. Hann krefst þess aðallega, að málinu verði vísað frá héraðsdómi, en til vara, að hann verði sýknaður af öllum kröfum stefnda. Þá krefst hann málskostnaðar fyrir Hæstarétti úr hendi stefnda auk lögmælts virðisaukaskatts.

Stefndi krefst þess aðallega, að hinn áfrýjaði dómur verði staðfestur, en til vara, að áfrýjanda verði gert að greiða stefnda kr. 13.274,50 með vöxtum. Hann krefst og málskostnaðar.

Með auglýsingu nr. 132/1990 var stefndi Kirkjubæjarhreppur og fjórir aðrir hreppar í Vestur-Skaftafellssýslu sameinaðir í eitt sveitarfélag, Skaftárhrepp. Hið nýja sveitarfélag, Skaftárhreppur, hefur því tekið stöðu stefnda í máli þessu.

Áfrýjandi lét sækja þing í héraði, og fékk lögmaður hans alls 14 fresti til greinargerðar, en greinargerð var ekki skilað. Ekki verður fallist á, að hann megi koma vörnum að fyrir Hæstarétti, sbr. 45. gr. laga nr. 75/1973, og koma málsástæður hans því ekki til álita. Verður því að dæma málið eins og það lá fyrir héraðsdómara.

Ekki verður talið, að málatilbúnaður stefnanda í héraði hafi verið andstæður 88. gr. og 105. gr. laga nr. 85/1936 um meðferð einkamála í héraði og að héraðsdómara hafi borið að vísa málinu sjálfkrafa frá dómi. Eins og hér stendur á, leiðir það ekki heldur til frávísunar málsins, að meðeigendum áfrýjanda að jörðinni Tungu

hafi ekki verið stefnt til greiðslu í máli þessu. Héraðsdómari dæmdi málið eftir framkomnum kröfum, skjölum og skilríkjum, sbr. lokamálslið 2. mgr. 118. gr. laga nr. 85/1936. Með vísan til 42. og 43. gr. laga nr. 42/1969 um afréttarmálefni, fjallskil o.fl., sbr. lög nr. 43/1976, og til laga nr. 6/1986 ber að staðfesta hinn áfrýjaða dóm.

Dæma ber áfrýjanda til þess að greiða stefnda 50.000 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Áfrýjandi, Kristinn Guðbrandsson, greiði stefnda, Skaftárhreppi, 50.000 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 17. október 1988.

Mál þetta, sem dómtekið var 4. október 1988, er höfðað fyrir bæjarþinginu með stefnu, birtri 27. janúar 1988, af Kirkjubæjarhreppi, Vestur-Skaftafellssýslu, nnr. 5588-6881, gegn Kristni Guðbrandssyni, nnr. 5811-7218, Norðurbrún 24, Reykjavík, til greiðslu skuldar, að fjárhæð 26.549 kr., með [nánar tilgreindum vöxtum].

Á reglulegu bæjarþingi 28. júní 1988 lagði stefnandi fram skjal, þar sem hann gerði um það nýja kröfu fyrir dóminum, að stefnanda yrði dæmdur málskostnaður úr hendi stefnda skv. gjaldskrá LMFÍ.

Hina umstefndu skuld kveður stefnandi vera vegna vangoldinna fjallskilagjalda. Stefndi sé eigandi jarðarinnar Eystri-Tungu í Kirkjubæjarhreppi. Hann hafi ekki sinnt skuldbindingum sínum skv. lögum nr. 42/1969 um smölun búfjár á afréttum og heimalöndum, og hafi því stefndi verið krafinn um þátttöku í smölunarkostnaði lögum samkvæmt. Skuld þessi sé vegna fjallskilagjalda, sem stefnanda beri að greiða af jörðinni Eystri-Tungu í Kirkjubæjarhreppi fyrir árið 1979 til 1986. Fjallskilagjöldin séu eftirtalin: Fyrir árið 1979 900 kr., fyrir árið 1980 1.250. kr., fyrir árið 1981 1.800 kr., fyrir árið 1982 2.500 kr., fyrir árið 1983 4.000 kr., fyrir árið 1984 4.800 kr., fyrir árið 1985 3.264 kr. og fyrir árið 1986 8.035 kr.

Stefnandi kveður skuld þessa ekki hafa fengist greidda þrátt fyrir innheimtutilraunir.

Lagarök stefnanda eru eftirfarandi: Stefnandi kveðst reisa dómkröfur sínar á lögum nr. 42/1969 um afréttarmálefni, fjallskil o.fl., sérstaklega 39. gr. þeirra laga, svo og fjallskilasamþykkt nr. 34/1951 fyrir Vestur-Skaftafellssýslu. Fjallskilastjórn hafi jafnað niður kostnaði við smölun

búfjár, og hafi stefnandi tilkynnt stefnda um álagningu gjaldanna skv. lögum, en innheimtutilraunir ekki borið árangur.

Stefndi hefur látið sækja þing, en síðan féll þingsókn niður af hans hálfu, án þess að lögvarnir kæmu fram. Verður þá eftir 118. gr. laga nr. 85/1936 að dæma málið eftir framlögðum skjölum og skilríkjum, og þar sem þau eru í samræmi við dómkröfur stefnanda, verða kröfur hans teknar til greina að öllu leyti.

Á dómskjali nr. 5, þar sem stefnandi krafðist málskostnaðar skv. gjaldskrá LMFÍ úr hendi stefnda, er með undirritun lögmanns stefnda samþykkt, að krafan komist að í málinu, og þykir þá rétt að taka hana til greina með skírskotun til 113. gr. laga nr. 85/1936 um meðferð einkamála í héraði.

Málskostnaður ákveðst 11.070 kr., þar með talinn söluskattur.

Dóminn kvað upp Unnur Gunnarsdóttir, ftr. yfirborgardómara.

Dómsorð:

Stefndi, Kristinn Guðbrandsson, greiði stefnanda, Kirkjubæjarhreppi 26.549 kr. með 31% ársvöxtum af 900 kr. frá 1. janúar 1980 til 1. júní 1980, með 46% ársvöxtum frá þeim degi til 1. janúar 1981, af 2.150 kr. frá þeim degi til 1. mars 1981, með 42% ársvöxtum frá þeim degi til 1. júní 1981, með 37% ársvöxtum frá þeim degi til 1. janúar 1982, af 3.950 kr. frá þeim degi til 1. nóvember 1982, með 45% ársvöxtum frá þeim degi til 1. janúar 1983, af 6.450 kr. frá þeim degi til 21. september 1983, með 37% ársvöxtum frá þeim degi til 20. október 1983, með 36% ársvöxtum frá þeim degi til 20. nóvember 1983, með 32% ársvöxtum frá þeim degi til 20. desember 1983, með 25% ársvöxtum frá þeim degi til 20. janúar 1984, með 19% ársvöxtum af 10.450 kr. frá þeim degi til 15. janúar 1985, með sömu vöxtum af 15.250 kr. frá þeim degi til 1. febrúar 1985, með 3,75% vöxtum á mánuði frá þeim degi til 1. mars 1985, með 4% vöxtum á mánuði frá þeim degi til 1. júní 1985, með 3,5% vöxtum á mánuði frá þeim degi til 1. september 1985, með 3,75% vöxtum á mánuði frá þeim degi til 1. janúar 1986, en af 18.514 kr. frá þeim degi til 1. mars 1986, með 2,75% vöxtum á mánuði frá þeim degi til 1. apríl 1986, með 2,25% vöxtum á mánuði frá þeim degi til 15. janúar 1987, en af 26.549 kr. frá þeim degi til 1. mars 1987, með 2,5% vöxtum á mánuði frá þeim degi til 1. júní 1987, með 2,8% vöxtum á mánuði frá þeim degi til 1.júlí 1987, með 3% vöxtum á mánuði frá þeim degi til 1. ágúst 1987, með 3,4% vöxtum á mánuði frá þeim degi til 1. september 1987, með 3,5% vöxtum á mánuði frá þeim degi til 1. október 1987, með 3,6% vöxtum á mánuði frá þeim degi til 1. nóvember 1987, með 3,8%

vöxtum á mánuði frá þeim degi til 1. desember 1987, með 4,1% mánaðarvöxtum frá þeim degi til stefnubirtingardags, en með dráttarvöxtum skv. 10. gr. laga nr. 25/1987 frá þeim degi til greiðsludags og 11.070 kr. í málskostnað, allt innan 15 daga frá birtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Viðurkenndur er réttur stefnanda til, að dráttarvextir bætist við höfuðstól á 12 mánaða fresti, í fyrsta sinn 1. janúar 1981 af 900 kr. og síðan koll af kolli í samræmi við 12. gr. laga nr. 25/1987.

Laugardaginn 18. janúar 1992.

Nr. 9/1992. **Skipatækni hf.**

gegn

Sigurði Ingvasyni.

Kærumál. Frávísun frá héraðsdómi. Stefna. Stefnubirting.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Þór Vilhjálmsson, Garðar Gíslason og Hjörtur Torfason.

Sóknaraðili hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með kæru 17. desember 1991 samkvæmt heimild í b-lið 1. tl. 1. mgr. 21. gr. laga nr. 75/1973 um Hæstarétt Íslands. Kæruna sendi yfirborgardómarinn í Reykjavík til Hæstaréttar með erindi 30. desember 1991, er barst réttinum 6. janúar 1992.

Sóknaraðili krefst þess, að hinum kærða frávísunardómi verði hrundið og lagt verði fyrir héraðsdómara að leggja efnisdóm á málið. Hann gerir og kröfu um kærumálskostnað.

Af hálfu varnaraðila var ekki sótt þing í málinu við þingfestingu þess á bæjarþingi Reykjavíkur 17. september 1991, en málið var þá dómtekið. Í fyrrgreindu erindi yfirborgardómara segir, að skömmu eftir þingfestinguna hafi embætti sínu borist bréf frá Árna Vilhjálmssyni hæstaréttarlögmanni, sem ritað var 17. september, í tilefni af henni. Fylgdi því ljósrit af bréfi, er lögmaður sóknaraðila hafði ritað varnaraðila 28. mars 1991 vegna sakarefnis máls þessa, að tilteknu heimilisfangi í Svíþjóð. Í bréfi Árna var því haldið fram með vísan til síðarnefnda bréfsins, að sóknaraðila væri kunnugt um heimili varnaraðila. Væri stefnubirting í málinu því ólögleg, svo að því bæri að vísa frá dómi ex officio.

Bréf þessi hefur yfirborgardómari sent Hæstarétti ásamt skjölum málsins, og kveðst hann jafnframt hafa tilkynnt Árna Vilhjálmssyni um kæruna. Frá honum eða varnaraðila sjálfum hafa ekki borist kröfur eða greinargerð.

Í greinargerð sóknaraðila segir meðal annars, að reynt hafi verið við undirbúning málsóknar á hendur varnaraðila að hafa uppi á lögheimili eða dvalarstað hans í útlöndum. Hafi lögmanni sóknaraðila borist óstaðfestar upplýsingar um heimilisfang í Svíþjóð og

hann sent þangað bréf til varnaraðila, sem ekki var svarað. Þegar engra viðbragða varð vart frá varnaraðila, hafi lögmaðurinn leitað til Hagstofu Íslands og fengið þær upplýsingar, að henni væri ókunnugt um heimilisfesti varnaraðila, eins og síðar hafi verið staðfest með því vottorði stofnunarinnar, sem tilfært er í hinum kærða dómi. Sóknaraðili telur, að ekki liggi fyrir, að úrskurður Hagstofunnar árið 1957 um lögheimili varnaraðila í Svíþjóð hafi verið studdur tilkynningu frá honum sjálfum. Hann kveður það hafa fylgt fyrrgreindum upplýsingum, að varnaraðili hefði með höndum tímabundin verkefni utan Svíþjóðar og væri tíðum á ferðalögum. Hann kveður sér og ókunnugt um fjölskylduhagi varnaraðila. Loks telur sóknaraðili ljóst af atvikum, að varnaraðila hafi verið kunnugt um höfðun málsins.

Samkvæmt þágildandi ákvæðum 6. gr. laga nr. 73/1952 um tilkynningar aðsetursskipta hvíldi sú skylda á varnaraðila á árinu 1957, ef hann var þá að taka sér bólfestu erlendis, að tilkynna það sveitarstjórn í því umdæmi hér á landi, sem hann var að flytjast úr. Með hliðsjón af þessu og þeim upplýsingum, er sóknaraðili hafði undir höndum, hafði hann tilefni til að kanna, hvort varnaraðili ætti heimili sitt í Svíþjóð.

Hinn 5. desember 1968 gerðu Norðurlandaþjóðir með sér milliríkjasamning um almannaskráningu, er öðlaðist gildi 1. október 1969, eins og til er vitnað í hinum kærða dómi. Hefur hann nú verið leystur af hólmi með nýjum Norðurlandasamningi um sama efni, er gerður var 8. maí 1989 og öðlaðist gildi 1. október 1990, sbr. auglýsingu nr. 13/1990. Samningi þessum er ætlað að auðvelda almannaskráningu í aðildarlöndunum. Beinist aðalefni hans að því, hversu með skuli fara, þegar maður flyst úr einu landinu í annað til að taka þar upp búsetu, en ekki er mælt fyrir um upplýsingaskipti við síðari búferlaflutning innan nýja dvalarlandsins. Tilvist samningsins gerir hægra um en ella að leita upplýsinga um heimili íslenskra ríkisborgara, er flust hafa til einhvers Norðurlandanna, en honum er ekki ætlað að tryggja, að skrár íslenskra yfirvalda séu jafngóð heimild í því efni og skrár í búsetulandinu sjálfu. Sú krafa er og ekki gerð til íslenskra skráningaryfirvalda að gildandi landslögum, að þau fylgist til hlítar með heimilisfesti þeirra ríkisborgara, sem búsettir eru erlendis á hverjum tíma.

Með þessum athugasemdum ber að staðfesta hinn kærða frávísunardóm með skírskotun til forsendna hans.

Kærumálskostnaður verður ekki dæmdur.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 12. nóvember 1991.

Mál þetta, sem dómtekið var 17. september 1991, er höfðað fyrir bæjarþinginu með stefnu, birtri í Lögbirtingablaðinu 9. ágúst 1991, af Skipatækni hf., kt. 420675-0389, Grensásvegi 13, Reykjavík, á hendur Sigurði Ingvasyni, kt. 260826-2399, með óþekktu heimilisfangi, en talinn vera í Svíþjóð, til að þola dóm samkvæmt dómkröfum stefnanda, svo sem þeim er lýst hér að neðan.

Dómkröfur. Ómerking ummæla.

Stefnandi gerir þær dómkröfur, að eftirfarandi ummæli stefnda, sem auðkennd eru með feitletrun, verði dæmd dauð og ómerk, sbr. 1. mgr. 241. gr. alm. hgl. nr. 19/1940:

a. Birt á Stöð 2 8. mars 1991:

Sigurður segir, *að það skip, sem fyrirhugað er að smíða, sé stórgallað og hættulegt, sannkölluð manndrápsfleyta,* eins og hann sjálfur orðar það.

b. Flutt á Bylgjunni, — hádegisfréttir 9. mars 1991:

Hann segir jafnframt, *að nýja Vestmannaeyjaferjan sé manndrápsfleyta.*

c. Flutt í Ríkisútvarpinu — kvöldfréttir 9. mars 1991:

Sigurður segir, að *Skipatækni hafi notað útfærslu hans varðandi frágang við skrúfu skipsins. Hann hafi sýnt teikningar af þeirri hönnun á fundi með stjórnarmönnum Herjólfs og forsvarsmönnum Skipatækni fyrir 2 árum gegn loforði um, að þær yrðu ekki notaðar nema að fengnu leyfi. Þetta hafi Skipatækni svikið.*

d. Birt á Stöð 2 9. mars 1991:

Sigurður segir í samtali við Stöð 2 í gær, *að hönnuðir ferjunnar hefðu tekið einkaleyfi hans ófrjálsri hendi.*

e. Flutt á Bylgjunni 14. mars 1991:

Hann segir einnig, *að viðskipti í Skipatækni,* sem hannaði skipið, *og skipasmíðastöðvarinnar Flekkefjord í Noregi,* sem á að smíða skipið, *séu í fyllsta máta óeðlileg. Fyrir utan stuldina á hugmyndum sínum* gerir hann athugasemdir við, *að stál í stefndi skipsins sé of þunnt og vélar þess of stórar.*

f. Flutt í Ríkisútvarpinu, — kvöldfréttir 14. mars 1991:

Þú hefur einnig gert ýmsar athugasemdir við þessa ferju, eins og hún liggur núna fyrir, hönnunina á henni, og sagt, að hún sé lífshættuleg. *Að mörgu leyti er hún það, og þessa teikning, sem ég hef áður, en það getur verið (sic), að þeir hafi breytt einhverju, sem ég ekki þekki til í dag, en þá hafa þeir verið að taka athugasemdir, sem ég hefi gert á þessu skipi, en ég álít þrátt fyrir allt, að þetta skip er slæmt, og ég álít, að þetta skip er of dýrt, og ég álít, að þetta skip er hönnunarrugl.*

g. Birt á Stöð 2 14. mars 1991:

Sigurður telur, *að skipið sé illa hannað og stórhættulegt. Það verði of dýrt og óhagkvæmt í rekstri,* og hann segir, *að svo virðist sem allt kapp sé lagt á, að skipið verði smíðað hjá ákveðinni skipasmíðastöð í Noregi, og reynt sé að þrýsta málinu í gegn í miklum flýti fyrir kosningar. Ef ég ekki get fengið það fram, að öll þau einkaleyfi, sem notuð eru í hönnun skipsins, að þá (sic) verð ég að fara fram á lögbann á skipinu, vegna þess að ég ætla mér ekki að láta tækni mína koma í skip, sem ég álít vera illa hannað. Þetta skip er stórhættulegt að mínu mati, og þeir hafa að mörgu leyti viðurkennt það, vegna þess að eftir að ég hafði bent á, að skipið væri óstöðugt, þá breikkuðu þeir skipið frá 15-16 metrum. Ein spurning er bara: Er þetta nóg? Þar að auki er skipið með stóru opnu stykki, hliði að framan, 6 metra á breidd. Það þýðir, að hálfa stefnið að framan er laust, þó að það hangi á lömum og læsingum, en þá, þegar það fer í sjó með svakalegu afli á skipinu, 8.000 hestöflum, að þá getur verið þannig, að það raskist á (sic) og sjór komi inn á dekk...*

Hann segir fleira athugavert: *Stál í stefni skipsins sé of þunnt, vélar séu allt of stórar og olíueyðsla verði þriðjungi of mikil.* Hann gerir ekki aðeins athugasemdir við hönnun skipsins, heldur einnig smíðasamninga. *Öll vinnubrögð miða að því að koma skipinu til Flekkefjord í Noregi. Það er verið að reyna að koma skipinu til Flekkefjord í Noregi, það vitum við, — vegna þess að þeir hafa byggt öll skip, sem Skipatækni hefur gert.*

Sigurður segir, að *svo virðist sem öryggi skipsins skipti engu máli og það sé sama, hvað skipið kosti og hverju það eyði. Öllu skuli fórna til að þrýsta því í flýti í gegn fyrir alþingiskosningar.*

h. Birt á Stöð 2 19. mars 1991:

Ég veit ekki, hvort þeir vilja flytja steypu milli Vestmannaeyja og Þorlákshafnar, eins og þeir gera á Baldri á Breiðafirði, og leysa það á sama hátt. Það er ekki nógu gott. Þetta hefur ekki með skipahönnun Skipatækni að gera. Ég kalla þetta hönnunarrugl. Þá segir hann *plötuþykkt í yfirbyggingu of litla. Svo er það, að skipið er rándýrt.*

i. Birt í Morgunblaðinu 9. mars 1991:

Sigurður sagði ..., *að hann hefði haft hugmyndir um smíði 79 metra*

skips, sem hefðu síðan verið notaðar í styttra skip. Ég álít þetta skip vera hörmulegt, dýrt í smíðum, það þarf mikla orku og er stórhættulegt, því hlutföllin eru röng. Þeir nota tækni, sem ég hef verið að þróa í 15 ár, og mér líkar ekki, þegar verið er að stela frá mér.

j. Birt í Morgunblaðinu 16. mars 1991:

Sigurður segir, *að þar séu sínar hugmyndir notaðar. Þar reyndu þeir að notfæra sér útfærslur, sem ég gerði á Esjunni... Menn verða að vita, hverju þeir eru að stela, til að geta notfært sér hlutina.*

Sigurður sagði, *að samkvæmt teikningum skipsins væri það stórhættulegt. Það er ekki á allra færi að hanna skip. Hönnunin er hörmung.*

Hann benti enn fremur á, *að svo virtist sem alltaf hefði staðið til að byggja skipið hjá Flekkefjord í Noregi. ...en það er á hreinu, að tækni minni var stolið, og það sætti ég mig ekki við.*

k. Birt í Morgunblaðinu 5. apríl 1991:

Fyrir allt þetta hönnunarrugl hafa íslenskir skattborgarar þurft að greiða milli 60-70 milljónir króna.

...ég tel hana hættulega, en það, sem ég vil, er, að öll sú tækni, sem tilheyrir einkaleyfum mínum, verði fjarlægð af þessu skipi...

1. Birt í DV 20. mars 1991:

...sá ég, að þeir höfðu stolið tækni frá mér, sem þeir höfðu lofað að gera ekki. Þeir höfðu lofað að virða mín einkaleyfi, en gerðu það ekki. Ef skipið verður byggt eftir þessum teikningum, verður það stórhættulegt.

Þeir hjá Skipatækni hf. hafa alla tíð reynt að stýra smíði nýs Herjólfs til Flekkefjord í Noregi, þar sem þeir hafa látið smíða 23 togara. Það er dálítið óheiðarlegt og skrýtið.

2. Refsikrafa. Stefnandi gerir enn fremur þær kröfur, að stefndi verði dæmdur til að þola þyngstu refsingu, sem landslög heimila, vegna framangreindra aðdróttana og ærumeiðandi ummæla.

3. Skaðabætur. Stefnandi gerir enn fremur þær dómkröfur, að stefndi verði dæmdur til að greiða sér 10.000.000 kr. í skaðabætur auk 23% ársvaxta af þeirri fjárhæð frá 8. mars 1991 til 1. júlí 1991 og 27% ársvaxta frá þeim degi til birtingardags stefnu, en með dráttarvöxtum samkvæmt 10. gr. laga nr. 25/1987 frá þeim degi til greiðsludags.

4. Miskabætur. Stefnandi gerir enn fremur kröfur um, að stefndi verði dæmdur til að greiða sér 5.000.000 kr. í miskabætur auk 23% ársvaxta af þeirri fjárhæð frá þeim degi til birtingardags stefnu, en með dráttarvöxtum samkvæmt 10. gr. laga nr. 25/1987 frá þeim degi til greiðsludags.

5. Krafa um kostnað vegna birtingar dóms.

Stefnandi gerir enn fremur þær kröfur, að stefndi verði dæmdur til greiðslu hæfilegrar fjárhæðar að mati dómsins til að standa straum af birt-

ingu dómsins og niðurstöðu dóms, sbr. 2. mgr. 241. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

6. Málskostnaðarkrafa.

Að lokum gerir stefnandi þá kröfu, að stefndi verði dæmdur til að greiða sér málskostnað að skaðlausu samkvæmt mati dómsins, og beri málskostnaðarfjárhæðin dráttarvexti samkvæmt III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987 frá 15. degi eftir dómsuppsögu til greiðsludags.

Málsatvik og málsástæður.

Stefnandi kveður málshöfðun þessa vera til komna sökum meinfýsinnar rógsherferðar stefnda gegn stefnanda. Stefnandi kveður forsögu málsins hafa verið þá, að sér hafi verið falin hönnun á smíði nýrrar Vestmannaeyjaferju að beiðni stjórnar Herjólfs hf. og nefndar um smíði nýrrar Vestmannaeyjaferju, sem skipuð hafi verið af samgönguráðherra. Þá hafi stefnanda verið falið af hálfu sömu aðila að annast alþjóðlegt útboð á smíði hinnar nýju ferju.

Stefnandi kveður stefnda hafa komið hingað til lands, er niðurstaða útboðsins hafi legið ljós fyrir, og kynnt sjálfan sig sem heimsfrægan skipaarkítekt, og hafi hann hafið magnaða rógsherferð gegn stefnanda á opinberum vettvangi. Þannig hafi stefndi komið í útvarps-, sjónvarps- og blaðaviðtöl, auk þess sem hann hafi ritað eigin greinar í dagblöð, og slegið um sig með órökstuddum fullyrðingum, dylgjum og aðdróttunum í garð stefnanda máls þessa. Meginmarkmið hans hafi virst vera að sverta nafn stefnanda og gera verk hans ótrúverðug í augum þeirra, er ábyrgð hafi borið á ákvörðunarstað um smíði ferjunnar, og almennings.

Forsendur og niðurstöður.

Við þingfestingu málsins var ekki sótt þing af hálfu stefnda.

Stefndi er íslenskur ríkisborgari, og er málið rekið sem einkarefsimál á hendur honum í samræmi við 3. tl. 242. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940. Málið er því réttilega höfðað fyrir bæjarþingi Reykjavíkur, sbr. 84. gr. laga nr. 85/1936.

Stefnandi hefur lagt fram vottorð Hagstofu Íslands, Þjóðskrár, dagsett 4. september 1991, sem er svohljóðandi: „Hér með staðfestist samkvæmt beiðni, að Hagstofa Íslands úrskurðaði Sigurð Ingvason, kt. 260826-2399, með lögheimili í Svíþjóð frá og með 1. desember 1957, og hefur hann verið skráður þar síðan. Engin gögn eru nú tiltæk á Hagstofunni, sem sýni, hvar í Svíþjóð heimili Sigurðar hafi verið á árunum eftir 1957 eða hvort hann hafi þar enn fasta búsetu."

Telja verður það megintilgang stefnubirtingar, að stefnda megi verða kunnugt um, að mál verði rekið á hendur honum og það þingfest á til-

teknum stað og tiltekinni stundu. Ákvæði 2. mgr. 95. gr. laga nr. 85/1936 er í samræmi við þennan tilgang, en ákvæðið hljóðar svo: „Nú er ókunnugt, hvar birta skuli eða birta skal óákveðnum mönnum, og skal þá stefna eða önnur tilkynning birt í auglýsingablaði landsstjórnarinnar."

Hinn 1. október 1969 tók gildi samningur milli Íslands, Danmerkur, Finnlands, Noregs og Svíþjóðar um almannaskráningu, samanber auglýsingu nr. 178 frá 22. september 1969 og 2. gr. laga nr. 16/1963 um breytingu á lögum nr. 73/1952 um tilkynningu aðsetursskipta. Á stefnda hvíldi því ekki skylda til að fá út gefið samnorrænt flutningsvottorð og upplýsa um fullt aðsetur sitt erlendis, er hann fluttist til Svíþjóðar 1957.

Ekki liggur fyrir í málinu, að stefnandi hafi leitað um það upplýsinga hjá utanríkisráðuneyti Íslands eða skráningaryfirvöldum í Svíþjóð, hvort stefndi hafi skráð lögheimili í Svíþjóð, og ef svo væri, hvert lögheimili hans er. Þá liggur ekki fyrir, að stefnandi hafi gert tilraun til að birta stefnuna fyrir stefnda í Svíþjóð.

Samkvæmt framansögðu þykir stefnandi ekki hafa sýnt fram á, að ókunnugt hafi verið, hvar birta skyldi stefnda stefnuna, í skilningi 2. mgr. 95. gr. laga nr. 85/1936. Telst birting stefnunnar í Lögbirtingablaðinu því ekki fullnægjandi stefnubirting.

Við þingfestingu lagði stefnandi fram 94. tbl. 84. árg. Lögbirtingablaðsins, sem gefið var út föstudaginn 9. ágúst 1991, og hefur það að geyma birtingu á stefnu þeirri, er málshöfðunin grundvallast á. Stefna, undirrituð af lögmanni stefnanda, hefur ekki verið lögð fram af hálfu stefnanda í málinu.

Þegar af þessum ástæðum þykir eigi hjá því komist að vísa máli þessu frá dómi án kröfu. Málskostnaður dæmist ekki.

Dóminn kvað upp Sigurður T. Magnússon, ftr. yfirborgardómara.

Dómsorð:

Máli þessu er vísað frá dómi án kröfu. Málskostnaður dæmist ekki.

Laugardaginn 18. janúar 1992.

Nr. 137/1991. **Ákæruvaldið**
(Hallvarður Einvarðsson ríkissaksóknari)
gegn
Herði Valssyni
(Sigurmar K. Albertsson hrl.).

Líkamsárás. Réttarfar.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Þór Vilhjálmsson, Garðar Gíslason og Hjörtur Torfason.

Ríkissaksóknari skaut máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 13. mars 1991 að ósk ákærða. Einnig var áfrýjað af hálfu ákæruvaldsins og þess krafist, að ákærði yrði sakfelldur samkvæmt ákæru og dæmdur til refsingar, sem yrði þyngd frá því, sem ákveðið var í héraðsdómi. Þá yrði ákvæði dómsins um bætur og vexti staðfest, þó þannig, að miskabætur yrðu ákveðnar 200.000 krónur. Loks var krafist greiðslu sakarkostnaðar í héraði og áfrýjunarkostnaðar, m.a. saksóknarlauna í ríkissjóð.

Hinn skipaði verjandi ákærða hér í dómi krafðist aðallega ómerkingar ákæru og héraðsdóms og frávísunar frá Hæstarétti, til vara sýknu og til þrautavara vægustu refsingar, sem lög leyfa, og lækkunar bóta. Loks var krafist málsvarnarlauna til verjanda.

I.

Ómerkingarkrafa sú, sem sett hefur verið fram af hálfu ákærða, er byggð á því, sem fram kemur í héraðsdómi, að fulltrúi ríkissaksóknara ritaði bréf til sakadóms Reykjavíkur 26. september 1989 og heimilaði að ljúka málinu með dómsátt. Áður hafði lögreglurannsókn farið fram. Ákærði hafnaði sáttaboðinu, enda kvaðst hann saklaus af brotinu, sem hann var sakaður um. Þá mótmælti hann bótakröfu, sem fyrir lá. Með bréfi til sakadóms 14. desember 1989 lýsti fulltrúi ríkissaksóknara því yfir, að ekki væri krafist frekari aðgerða í málinu af ákæruvaldsins hálfu.

Af hálfu ákærða er því haldið fram, að eftir þetta hafi ekki mátt taka málið upp á ný, gefa út ákæru og dæma, enda séu ekki uppfyllt skilyrði þau, sem sett eru í 42. gr. laga nr. 74/1974 um meðferð

opinberra mála. Ljóst hafi verið, að nýr vitnisburður hafi ekki skipt sköpum og unnt hafi verið að koma bótakröfu fram í einkamáli.

Ríkissaksóknari byggir á því, að heimilt hafi verið að taka rannsókn upp að nýju eftir 42. gr. laga nr. 74/1974, enda hafi nýtt vitni gefið sig fram, sem var starfsmaður í veitingahúsi því, sem síðar greinir.

Staðfesta ber þá niðurstöðu sakadómara, að heimilt hafi verið að hefja rannsókn að nýju, sbr. 42. gr. laga nr. 74/1974.

Í áðurnefndu bréfi, sem heimilaði dómsátt, var talið, að ákærði hefði brotið 1. mgr. 217. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940. Í ákæru er brotið talið varða við 1. mgr. 218. gr. laganna, sbr. 11. gr. laga nr. 20/1981. Þessi munur á heimfærslu leiðir ekki til ómerkingar héraðsdóms. Bar sakadómara að leggja ákæruna til grundvallar, eins og hann gerði.

II.

Vitnið Ívar Guðjónsson varð fyrir meiðslum í danssal á Hótel Borg í Reykjavík aðfaranótt 15. janúar 1989. Um sama leyti kvölds átti hann og félagi hans samskipti við ákærða og fleira fólk og urðu stimpingar á dansgólfinu. Sakadómarinn, sem kvað upp héraðsdóm, tók sjálfur skýrslur af ákærða svo og Ívari og 6 öðrum vitnum, áður en hann tók afstöðu til þess, hvort sannað teldist, að ákærði hefði veitt Ívari áverka. Eru ekki efni til að hnekkja í Hæstarétti niðurstöðu héraðsdómara, eins og á stendur, og ber að staðfesta héraðsdóminn um sakarmat svo og um heimfærslu til refsiákvæðis og refsingu. Einnig ber að staðfesta hinn áfrýjaða dóm um bótagreiðslu.

Samkvæmt þessu verður ákærða gert að greiða áfrýjunarkostnað, eins og í dómsorði segir.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur er staðfestur.

Ákærði, Hörður Valsson, greiði áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar á meðal saksóknarlaun í ríkissjóð, 40.000 krónur, og málsvarnarlaun skipaðs talsmanns síns fyrir Hæstarétti, Sigurmars K. Albertssonar hæstaréttarlögmanns, 40.000 krónur.

Dómur sakadóms Reykjavíkur 27. febrúar 1991.

Ár 1991, miðvikudaginn 27. febrúar, er á dómþingi sakadóms Reykjavíkur, sem háð er í Borgartúni 7 af Sverri Einarssyni sakadómara, kveðinn upp dómur í sakadómsmálinu nr. 88/1991: Ákæruvaldið gegn Herði Valssyni, sem tekið var til dóms 25. þ.m.

Málið er höfðað fyrir dóminum með ákæruskjali ríkissaksóknara, dagsettu 14. f.m., á hendur ákærða, Herði Valssyni, Hraunbæ 168 hér í borg, fæddum 27. júlí 1966, fæðingarnúmer 307.

Í ákærunni segir, að málið sé höfðað á hendur ákærða „fyrir að hafa á dansleik á Hótel Borg, Pósthússtræti 11, Reykjavík, aðfaranótt sunnudagsins 15. janúar 1989 sparkað í andlit Ívars Guðjónssonar, kt. 280768-4489, með þeim afleiðingum, að tvær framtennur Ívars brotnuðu.

Telst þetta varða við 1. mgr. 218. gr. almennra hegningarlaga nr. 19, 1940, sbr. 11. gr. laga nr. 20, 1981.

Þess er krafist, að ákærði verði dæmdur til refsingar og til greiðslu skaðabóta og alls sakarkostnaðar".

Málavextir eru þessir:

Mánudaginn 16. janúar 1989 kom Ívar Guðjónsson, þá að Vesturbergi 72 í Reykjavík, á fund Rannsóknarlögreglu ríkisins þeirra erinda að kæra ákærða, Hörð Valsson, fyrir líkamsárás, sem átt hefði sér stað um klukkan 3 aðfaranótt sunnudagsins 15. janúar næst á undan í samkomusal á Hótel Borg í Reykjavík. Samkvæmt kæru Ívars höfðu áður orðið deilur á milli Ívars og ákærða og samferðafólks þeirra á staðnum, og verður gerð grein fyrir þeim síðar, er rakinn verður framburður ákærða og vitna.

Samkvæmt kærunni höfðu brotnað tvær framtennur í Ívari, önnur í efri og hin í neðri gómi. Þá hafði hann hlotið minni háttar áverka annars staðar á líkamanum að eigin sögn.

Samkvæmt frásögn Ívars hafði ákærði gripið fyrirvaralaust um höfuð Ívari, beygt það fram og rekið um leið annað hnéð í andlit Ívari, sem við það féll í gólfið með framangreinda áverka.

Verður nú gerð grein fyrir framburði ákærða og vitna, fyrst framburði kæranda.

Vitnið Ívar Guðjónsson, Seljabraut 24 í Reykjavík, kveðst hafa verið að skemmta sér á dansleik á Hótel Borg aðfaranótt sunnudagsins 15. janúar 1989 ásamt félaga sínum, Magnúsi Rafnssyni. Rétt fyrir kl. 3 um nóttina voru vitnið og Magnús að dansa við tvær stúlkur í þröng á dansgólfinu í samkomusalnum. Rétt hjá þeim voru nokkur pör að dansa, og þekkti vitnið þetta fólk ekkert. Einhver í þessum hópi var að hrinda vitninu til á dansgólfinu án nokkurs tilefnis. Vitnið bað fólkið án árangurs að hætta þessu. Þá sneri vitnið sér snöggt við og ýtti með hendi við einhverri stúlk-

unni. Vitnið kannast ekki við að hafa slegið hana í andlitið. Í framhaldi af þessu skipti engum togum, að piltur úr hópnum réðst að vitninu og greip báðum höndum um handleggi vitnisins framan frá og kreisti fast. Í framhaldi af því hvíslaði hann að vitninu, að ef hann væri ekki með stúlkunni sinni, myndi hann „stúta" vitninu. Rétt á eftir sleppti pilturinn vitninu, sem brá við þetta, en hélt áfram að dansa.

Eftir að framangreint gerðist, varð Magnús, félagi vitnisins, mjög æstur og vildi tala við piltinn og félaga hans, en vitnið reyndi að fá hann ofan af því og hélt honum, en sleppti síðan eftir stutta stund. Magnús átti síðan einhver orðaskipti við piltana, en allt í einu birtist þriðji pilturinn og réðst á Magnús, og féllu þeir í gólfið. Vitnið horfði á þetta án þess að eiga hlut að átökunum, en þá allt í einu tók ákærði um vitnið og greip um höfuð því, beygði það fram og rak um leið annað hnéð í andlit vitninu, sem féll í gólfið. Vitnið er öruggt um það, að það var ákærði, sem veitti því áverkann og enginn efi á því.

Vitnið var alblóðugt í andliti eftir höggið, og eftir að það hafði farið fram í eldhús og þvegið sér um andlitið, hélt það ásamt Magnúsi á fund lögreglunnar, sem flutti vitnið á slysavarðstofuna. Vitnið fann mjög fljótlega eftir höggið, að tvær framtennur, önnur í efri og hin í neðri gómi, voru brotnar niðri við rót.

Vitnið kveðst hafa kannast við svipinn á árásarmanninum og vissi, að félagi hans hafði verið í sama skóla og vitnið. Með þessum hætti hafði vitnið uppi á nafni ákærða og heimilisfangi. Hélt það næsta dag heim til ákærða um kvöldið með félaga sínum, Magnúsi, og höfðu þeir tal af ákærða á heimili hans, en þar var einnig staddur Sverrir, félagi ákærða, sem vitnið kannaðist við úr skóla. Vitnið bar það upp á ákærða, að hann hefði valdið sér framangreindum áverka. Vitnið segir tilefni fararinnar heim til ákærða hafa verið að fá staðfestingu á því, að hann væri árásarmaðurinn, og einnig að leita eftir afstöðu hans til greiðslu bóta fyrir líkamlegt tjón vitnisins. Vitnið kveðst hafa sýnt ákærða tannmissinn og sagt honum, að þetta hefði hlotist af viðskiptum þeirra kvöldið áður. Svar ákærða við þessu var það, að þetta hlytist af því að vera með einhvern skæting. Ekki man vitnið, hvað félagi ákærða sagði. Vitnið segir, að viðhorf ákærða sjálfs til málsins hafi breyst, þegar farið var að tala um möguleika þess, að tryggingar greiddu tjónið. Vildi ákærði þá allt fyrir vitnið gera.

Vitnið segir, að framburður ákærða fyrir dóminum sé verulega skrumskældur. Vitnið kannast ekki við að hafa slegið unnustu ákærða í andlitið. Vitnið segir, að ákærði hafi gert meira en ræða við sig eftir áreksturinn á dansgólfinu, hann hafi gert það, sem vitnið hefur áður lýst. Vitnið man ekki eftir því, að ákærði byði því sættir á dansgólfinu. Vitnið segir, að framburður ákærða um það, að vitnið hafi dottið í gólfið í ryskingum

Magnúsar og ókunna mannsins, sé eins langt frá raunveruleikanum og hægt sé. Vitnið mótmælir því, að mjög skuggsýnt hafi verið, þar sem árásin hafi orðið, þar hafi verið besta lýsingin í salnum og fæst fólkið. Vitnið heldur því fram, að það hafi verið mjög lítið ölvað umrætt sinn.

Vitnið segir, að mörgum mánuðum eftir umræddan atburð hafi það frétt, að Arnar Ólafsson hefði séð umræddan atburð. Hafði vitnið þá samband við hann, og nokkru síðar lét vitnið ákæruvaldið vita um þetta vitni.

Vitnið segir, að stúlkurnar, sem voru að dansa við þá félaga, hafi ekki verið viðstaddar, þegar árásin varð.

Vitnið telur, að ákærði hafi verið ölvaður, en treystir sér ekki til að meta ölvunarástand hans.

Ákærði segir ákæruna ranga, og kannast hann ekki við að hafa gerst sekur um það að sparka í andlit Ívari Guðjónssyni með þeim afleiðingum, að tvær framtennur Ívars brotnuðu.

Ákærði kannast við að hafa verið á dansleik á Hótel Borg aðfaranótt sunnudagsins 15. janúar 1989 og var þar ásamt Sverri Eyjólfssyni, Helgu Margréti Reykdal og unnustu sinni, Ingibjörgu Lilju Halldórsdóttur.

Um kl. 2.45 um nóttina voru þau öll fjögur að dansa á troðfullu dansgólfinu. Rákust þá saman unnusta ákærða og maður nokkur, og gerðist þetta oftar. Af þessari ástæðu áttu maðurinn og unnusta ákærða einhver orðaskipti, sem enduðu með því, að maðurinn sló unnustu ákærða í andlitið. Ákærði ræddi um þetta við manninn og spurði, hvað ætti að þýða að slá kvenmann. Maðurinn brást illa við þessu og hellti yfir ákærða svívirðingum. Ákærði vildi gleyma þessu atviki, og skyldu þeir takast í hendur því til staðfestu. Þetta vildi maðurinn ekki og taldi ákærða ruglaðan að láta sér detta í hug, að hann myndi taka í hönd ákærða.

Eftir framangreint hurfu ákærði og þau þrjú, sem með honum voru, í annan enda salarins og töldu málinu lokið. Þessu var þó ekki að heilsa, því að stuttu síðar kom maðurinn og félagi hans með honum. Félaginn sneri sér að ákærða og spurði hann, hvort hann hefði verið að abbast upp á vin sinn. Ákærði varð undrandi og spurði á móti, hvort málið væri ekki úr sögunni. Hinn hélt nú ekki og greip í hálsmál ákærða. Í framhaldi af þessu urðu stimpingar á milli þeirra þriggja og orðahnippingar. Um þetta leyti fóru stúlkurnar tvær, sem voru með ákærða og Sverri, til þess að sækja dyraverði. Eftir að þær voru farnar, bar að fjórða manninn, sem ákærði veit engin deili á. Kom hann að hægri öxl ákærða aftan frá. Stökk maður þessi á félaga mannsins, sem átt hafði upphaflega í útistöðum við ákærða. Hélt hann þá taki á ákærða, og í framhaldi af þessu duttu þeir báðir í gólfið og einnig maðurinn, sem síðar reyndist vera Ívar Guðjónsson. Ákærði sá, að aðkomumaðurinn lá efstur á gólfinu innan um borð og stóla. Ekki tók ákærði eftir því, hvar Ívar lá í þvögunni, en skuggsýnt var í

salnum. Ákærði og félagi hans ákváðu í framhaldi af þessu að yfirgefa samkomuhúsið til að koma í veg fyrir frekari viðskipti við framangreinda menn. Ákærði kveðst ekki hafa átt neinn þátt í því, að mennirnir duttu, og ekki féll ákærði í gólfið. Ekki sá ákærði neinar barsmíðar, eftir að mennirnir höfðu fallið í gólfið.

Ákærði segir, að bæði Ívar og félagi hans hafi verið mikið drukknir, sérstaklega félagi Ívars. Var þetta ástæðan til þess, að ákærði vildi fara á brott og forðast mennina.

Vitnið Magnús Rafnsson, Vesturbergi 74 í Reykjavík, kveðst hafa verið aðfaranótt sunnudagsins 15. janúar 1989 að dansa ásamt Ívari Guðjónssyni og tveimur dömum á mannmörgu dansgólfi á Hótel Borg. Vitnið segir, að Ívar hefði haft á orði við sig, að einhver dama væri alltaf að ýta á bakið á honum. Ekki varð vitnið sérstaklega vart við það sjálft, að ýtt væri á það. Þegar þeir félagar fóru af dansgólfinu, hafði Ívar orð á því, að einhver piltur hefði tekið um handleggi sér og kreist. Ekki man vitnið, hvort það fylgdi með, að pilturinn hefði átt orðastað við Ívar.

Framangreint leiddi til þess, að vitnið vildi tala við piltinn, sem hafði kreist handleggina á Ívari, en hann var því mótfallinn. Vitnið lét sér ekki segjast og náði skömmu síðar tali af piltinum og blótaði honum. Heldur vitnið, að það sé ákærði, sem það sér í dóminum. Um svipað leyti kom að þriðji aðili, sem vitnið þekkti ekki þá, og réðst hann að vitninu og felldi það í gólfið með hrindingu. Í framhaldi af því lagðist umræddur aðili ofan á vitnið á gólfinu, og veltust þeir eitthvað um á gólfinu. Segir vitnið, að Ívar hafi staðið og horft á þetta án þess að hafast að. Einhverjir aðilar komu og drógu vitnið og þann, sem felldi það, í sundur á gólfinu. Á meðan verið var að gera það, sá vitnið, að ákærði tók um höfuð Ívari, beygði það niður og sparkaði með hnénu í andlit honum. Við þetta tók Ívar um andlitið, sem vitnið sá, að var blóðugt. Hann hélt síðan fram í eldhús og bað vitnið að svipast um eftir árásarmanninum. Hélt vitnið fram í anddyrið í þessum tilgangi, og þar sá vitnið þann, sem hafði ráðist á það. Hann tók í vitnið og sagði því, að það ætti ekki að skipta sér af svona hlutum. Fleira fór þeim ekki á milli, en vitnið sá ekki árásarmanninn.

Vitnið fór næsta dag með Ívari heim til ákærða, sem hann var þá búinn að fá að vita, að væri árásarmaðurinn. Spurði Ívar ákærða, hvort hann kannaðist við atvikið, og gerði hann það. Ívar sagði ákærða, að hann hygðist kæra hann. Ákærði sagði fátt við því, svo að vitnið muni.

Vitnið sá ekki til Ívars á dansgólfinu, að hann slægi til stúlku þar.

Vitnið segir, að Hallfríður, sem búi á Njálsgötu og vinni á kjúklingastað í Faxafeni, viti, hver það var, sem réðst á vitnið umrætt sinn.

Vitnið Sverrir Eyjólfsson, Hraunbæ 168 í Reykjavík, kveðst umrætt sinn hafa verið ásamt ákærða og tveimur dömum að dansa laust fyrir kl. 3 á

troðfullu og dimmu dansgólfi á Hótel Borg. Voru þau stödd á miðju dansgólfinu, og sá vitnið Ívar Guðjónsson ýta við unnustu ákærða. Vitnið segist ekki muna í dag, hvort unnustan hafi ýtt á móti. Vitnið segir, að Ívar hafi brugðið hendinni fyrir sig á enni unnustunnar. Vitnið man ekki, hvort hann ýtti eða sló á ennið. Í framhaldi af þessu urðu einhver orðaskipti milli vitnisins og Ívars, en ekki man vitnið, hvernig hann tók því. Hins vegar tók félagi Ívars þessu illa. Nokkru síðar voru vitnið og samferðafólk þess stödd í öðrum enda danssalarins, þegar Ívar og félagi hans komu þangað, og var félagi Ívars æstur, og urðu einhver orðaskipti milli þeirra allra fjögurra piltanna. Á meðan á þessu stóð, kom aðvífandi óviðkomandi piltur, sem stökk á Magnús, og féll hann í gólfið, en ekki man vitnið, hvort umræddur aðili féll líka í það. Segir vitnið, að um leið og Magnús féll í gólfið, hafi Ívar einnig fallið í það, og sá vitnið, að Magnús tók hann með í fallinu, en vitnið stóð beint fyrir framan þá.

Vitnið sá ekki, að ákærði tæki á Ívari, svo að það muni. Vitnið segir, að það hafi séð Ívar rekast á borð eða stól með allan líkamann, þegar hann var að falla í gólfið.

Vitnið segir, að Ívar hafi verið ölvaður, en það sá ekki slík merki á ákærða.

Vitnið fullyrðir, að það hafi allan tímann fylgst svo með ákærða, að það geti fullyrt, að hann hafi ekki með einum eða öðrum hætti getað valdið Ívari Guðjónssyni broti á þeim tveim tönnum, sem um ræðir í máli þessu.

Vitnið Arnar Ólafsson, Haukanesi 10 í Garðabæ, kveðst hafa verið veitingastjóri á Hótel Borg og man eftir því, að nótt eina í janúar 1989 sá það Ívar Guðjónsson, sem það kannast við, en þeir eru ekki kunningjar. Sá vitnið, að Ívar var í átökum við einhvern annan mann, sem það þekkti ekki. Vitnið sá ekki upphaf þessara átaka, en sá manninn, sem var í átökunum við Ívar, leggja til hans og í framhaldi af því, að Ívar greip fyrir andlitið. Vitnið sá ekki, hvort maðurinn sparkaði eða barði Ívar, en vitnið fór til Ívars og sá, að hann var blóðugur í andliti. Fylgdi vitnið Ívari fram í eldhús og hjálpaði honum að þvo blóðið framan úr sér. Vitnið sá ekki upp í Ívar og að brotnar væru úr honum tennur. Vitnið segir, að árásarmaðurinn hafi rokið í burtu, eftir að Ívar hafði hlotið áverkann. Vitnið treystir sér ekki til að þekkja umræddan mann aftur. Segir vitnið, að maðurinn hafi verið hár og með ljósan háralit.

Vitnið sér ákærða í dóminum og treystir sé ekki til að segja til um, hvort hann sé maðurinn, sem lagði til Ívars umrætt sinn.

Vitnið minnist þess ekki að hafa séð önnur átök, þegar framangreint var að gerast.

Vitnið segir, að Ívar Guðjónsson hafi hringt til þess einhvern tíma eftir umræddan atburð og spurt það, hvort það hefði ekki orðið vitni að um-

ræddum atburði, og svaraði vitnið því játandi. Nokkrum vikum síðar hafði rannsóknarlögreglan samband við vitnið.

Vitnið Ingibjörg Lilja Halldórsdóttir, Víðihlíð 15, Reykjavík, er unnusta ákærða. Vitnið óskar ekki eftir að nýta undanþágurétt sinn frá vitnisburði.

Vitnið kveðst umrætt sinn hafa verið á dansgólfinu á Hótel Borg að dansa við unnusta sinn, ákærða Hörð Valsson, og var mikil þröng á gólfinu. Meðal annarra, sem þar voru að dansa við dömur, voru tveir piltar, sem mikið fór fyrir. Vitnið sneri baki í annan þessara pilta, sem vitnið þekkti ekki þá, en veit nú, að heitir Ívar, en hann var alltaf að hrinda vitninu, sem ekki hafði bragðað áfengi. Þegar vitninu var hrint, lenti það oftast á vini ákærða, Sverri. Vitnið reyndi að ýta Ívari frá sér, þar sem það stóð kyrrt á dansgólfinu. Einnig hrinti Ívar vitninu, svo að það lenti á Helgu, vinkonu sinni. Gekk þá vitnið að Ívari, sem spurði mjög grimmdarlega, hvað væri eiginlega að því og hvort vitnið sæi ekki, að hann væri að dansa hérna. Vitnið spurði á móti, hvort það mætti ekki gera það líka. Við þessi ummæli vitnisins lyfti Ívar annarri hendi og hristi fingurna framan í vitnið, en sló síðan með handarbakinu í enni þess. Við þetta hrasaði vitnið frá Ívari, og minnir vitnið, að Sverrir hafi sagt við Ívar, hvað væri eiginlega að honum og hvort hann væri að berja stelpuna. Við þessi ummæli varð Ívar trylltur, og hélt vitnið, að hann myndi berja sig aftur. Vitnið kveðst nú hafa snúið sér að Helgu og spurt hana, hvort hún hefði séð, hvað Ívar hefði gert. Ekki fékk vitnið svar við því, en ákærði bað vitnið að vera rólegt. Það kveðst ekki hafa verið reitt, heldur undrandi.

Vitnið kveðst hafa séð ákærða ræða við Ívar, og var ákærði að reyna að róa hann. Hann var mjög æstur og tók ekki tilboði ákærða um að gleyma atvikinu með handsali.

Eftir að þetta gerðist, fóru ákærði, Helga og Sverrir á brott frá Ívari, en vitnið varð eftir að ræða við hann og var m.a. að reyna að útskýra fyrir honum, að ákærði vildi sættast við hann, en Ívar sagði, að hann hefði ekkert gert ákærða. Þessu svaraði vitnið á þann veg, að Ívar hefði barið sig, en hún væri unnusta ákærða og því ekki óeðlilegt, að honum sárnaði. Vitnið segir, að Ívar hafi þá sagt, að hann hafi talið, að vitnið hefði barið sig. Eftir þetta taldi vitnið þýðingarlaust að ræða við Ívar og hélt á brott til hinna, sem voru stödd annars staðar í danssalnum, og fóru þau að dansa þar. Var um rólegan dans að ræða, og meðan á honum stóð, komu Ívar og félagi hans til þeirra fjögurra. Gengu þeir beint til ákærða, og þegar þeir komu þangað, greip félagi Ívars, sem vitnið veit nú, að heitir Magnús, í hálsmál ákærða og spurði hann, hvort hann hefði verið að „abbast" upp á vin sinn. Jafnframt sagði Magnús, að hann ætlaði sér að ganga frá ákærða. Um leið og þetta var að gerast, hrinti Ívar ákærða frá sér, en þegar það gerðist, hélt Magnús enn í hálsmál ákærða. Jafnframt því að

hrinda ákærða lét Ívar þau orð falla, að ákærði væri skíthæll og hvort hann héldi, að hann væri hræddur við hann. Þegar hér var komið, sagði vitnið við vinkonu sína, að þau skyldu drífa sig út. Hélt vinkonan þá af stað og ætlaði fram í fatahengi. Sneri hún þá baki við deiluaðilum. Þegar Helga var lögð af stað, sagði vitnið við ákærða, hvort þau ættu ekki að fara út. Samþykkti hann það. Þegar hann var að samþykkja það, hélt Magnús enn í hálsmál hans, og beindi vitnið því orðum sínum til Magnúsar og sagði við hann eitthvað á þá leið, að hann skyldi hætta þessu. Svar Magnúsar var það, hvort það, druslan, væri ennþá þarna. Við þessi ummæli reiddist vitnið og hélt af stað áleiðis fram í fatahengið. Þegar vitnið hafði gengið nokkur skref áleiðis fram, sneri það sér við og leit aftur til deiluaðila og sá þá Ívar liggja í gólfinu. Vitnið tók ekki eftir öðrum í gólfinu. Ákærði kom nú til vitnisins ásamt Sverri, og gengu þau öll þrjú fram í fatahengið og fóru á brott úr húsinu.

Vitnið segir, að það hafi áreiðanlega snúið baki við Ívari, þegar hann féll í gólfið, og því ekki séð aðdraganda þess, að það gerðist. Þá segist vitnið ekki hafa séð blóð á fötum ákærða eftir samskipti hans við Ívar.

Vitnið Helga Margrét Reykdal, Hlíðartúni 7 í Mosfellsbæ, kveðst hafa verið ásamt ákærða, unnustu hans og Sverri Eyjólfssyni að dansa laust fyrir kl. 3 aðfaranótt sunnudagsins 15. janúar 1989 á troðfullu og dimmu dansgólfi á Hótel Borg. Þegar þau voru þarna, sagði Ingibjörg Lilja við vitnið, hvort það hefði séð, hvað piltur á dansgólfinu hefði gert við sig, og benti jafnframt á Ívar Guðjónsson og sagði, að hann hefði slegið sig á ennið. Vitnið kveðst sjálft ekki hafa séð þennan atburð. Eftir að ákærði hafði heyrt um þetta, gekk hann til Ívars og ræddi við hann, en ekki heyrði vitnið, hvað þeim fór á milli. Vitnið sá hins vegar, að ákærði rétti fram hönd í átt til Ívars, og tók það svo, að hann vildi taka í hönd honum. Látbragð Ívars við þessu var á þann veg, að hann vildi ekki taka í hönd ákærða. Eftir þetta fóru vitnið og þau þrjú, sem með því voru, í annan enda danssalarins. Voru þau að dansa þar, þegar Ívar og félagi hans komu þangað, og sá vitnið félaga Ívars, sem vitnið vissi, að hét Magnús, grípa í hálsmál ákærða og að einhver orð féllu á milli þeirra, en ekki heyrði vitnið orðaskil. Þegar hér var komið, hélt vitnið áleiðis fram í fatahengi og sá ekkert eftir það, sem gerðist á milli ákærða, Ívars og Magnúsar. Næst sá vitnið Ívar fyrir utan danshúsið, þegar vitnið var að búast til heimferðar. Vitnið sá aftan á Ívar í þetta skipti og sá því ekki, hvort hann var blóðugur í andliti.

Vitnið Hallfríður Brynjólfsdóttir, Njálsgötu 87 í Reykjavík, staðfestir, að það vinni á kjúklingastað við Faxafen í Reykjavík. Það kveðst kannast við Ívar Guðjónsson og kveðst einu sinni fyrir alllöngu hafa séð hann að næturlagi á Hótel Borg blóðugan í andliti.

Vitnið segist hafa séð mann koma að Magnúsi Rafnssyni rétt áður, en vitnið þekkir Magnús, og sá vitnið mann þennan stökkva á Magnús og fella hann í gólfið. Um leið féll Ívar í gólfið, þar sem Magnús féll utan í hann. Vitnið kveðst hafa séð, að Ívar var blóðugur, þegar hann stóð upp. Vitnið var svo nálægt, þegar þetta gerðist, að það segir, að það hefði fallið í gólfið með þeim, ef það hefði ekki verið nýbúið að færa sig til. Vitnið veit engin deili á manni þeim, sem stökk á Magnús umrætt sinn. Vitnið kveðst kannast við ákærða, og segir vitnið, að hann og félagi hans hafi rétt fyrir umræddan atburð, þegar maðurinn birtist, staðið andspænis Ívari og Magnúsi. Síðan sá vitnið Magnús grípa í hálsmál ákærða framan frá. Í beinu framhaldi af því birtist framangreindur maður. Vitnið segir, að ákærði hafi ekki fallið í gólfið með hinum tveimur. Vitnið er rækilega spurt að því, hvort það geti fullyrt, að það hafi allan tímann haft augun á ákærða, svo að það geti útilokað, að hann hafi veitt Ívari Guðjónssyni áverka í andliti umrætt sinn. Vitnið kveðst hafa horft á ákærða allan tímann og aldrei misst á honum sjónar og geti því fullyrt, að hann hafi ekki þarna á gólfinu, eftir að maðurinn réðst á Magnús, valdið Ívari áverkum í andliti. Vitnið kveðst ekki hafa litið af ákærða, fyrr en hann hvarf á brott, eftir að mennirnir þrír höfðu fallið í gólfið.

Ákærði og vitnið Ívar voru samprófaðir um misræmið í framburði þeirra. Samprófun bar ekki árangur, og hélt hvor um sig fast við framburð sinn.

Í vottorði Tryggva Þorsteinssonar, læknis á slysadeild Borgarspítalans, dagsettu 12. apríl 1989, segir svo um komu Ívars Guðjónssonar á deildina:

„Þ. 15/1 '89 kl. 04.16 var komið með framangreindan Ívar Guðjónsson hingað á slysad. Bsp. til rannsóknar á meiðslum, sem hann hafði hlotið fyrr um nóttina. Var Ívar fluttur hingað á Bsp. í lögreglubíl. Ívar skýrði svo frá, að sparkað hefði verið í andlit hans, en nánari tildrög þessa árásarmáls er ekki að finna í plöggum Ívars í slysad. Við höggið brotnuðu framtennur úr neðri gómi. Ekki var að finna los á öðrum tönnum. Aðrir áverkar komu ekki fram við þessa skoðun. Ívari var bent á að leita til tannlæknis strax daginn eftir. Ívar fékk að fara heim að rannsókn lokinni."

Vitnið Ívar leitaði til Magnúsar Torfasonar tannlæknis næsta dag, og segir svo í vottorði hans, dags. 18. maí 1989, um mál Ívars:

„Sj. kom 16/1 '89 með brotnar tennur, +1 og -1. Kostnaður við rótfyllingar, fyllingar og krónu á þessar tennur er nú kominn í kr. 53.290. Miðað við núverandi ástand er möguleiki á, að smíða verði postulínskrónu á +1. Kostnaður við það miðað við verðlag í dag kr. ca. 30.000. Gera má ráð fyrir, að endurnýja þurfi krónurnar a.m.k. einu sinni á ævinni, og verð á krónu er samanber ofan 30.000 (x 2). Að öðru leyti er erfitt að meta framhaldið, t.d. rótfyllingar, en telja verður núverandi ástand tanna þokka-

legt fyrir utan spurninguna um krónusmíðina, sem ég tel ekki æskilega, eins og á stendur, en gæti komið til greina seinna."

Ríkissaksóknari heimilaði með bréfi, dagsettu 26. september 1989, að ljúka máli ákærða með dómsátt, enda féllist hann á að greiða hæfilega sekt auk sakarkostnaðar og skaðabóta og ágreiningur um þær tefði ekki meðferð málsins.

Ákærði hafnaði framangreindu boði í dóminum 6. nóvember 1989 og kvaðst saklaus af því, sem hann væri grunaður um. Var málið við svo búið sent ríkissaksóknara að nýju, og með bréfi, dagsettu 14. desember 1989, tilkynnti hann dóminum, að eigi væri krafist frekari aðgerða í málinu af ákæruvaldsins hálfu.

Vitnið Arnar Ólafsson hringdi síðar í fulltrúa ríkissaksóknara og bar, að það hefði orðið vitni að atburðinum. Var Rannsóknarlögreglu ríkisins þá ritað bréf hinn 5. nóvember sl. og þess beiðst, að vitnið Arnar yrði yfirheyrt. Það var síðan gert næsta dag og í framhaldi af því höfðað mál þetta. Var það heimilt, enda lágu fyrir nýjar upplýsingar í málinu.

Niðurstöður.

Sannað er með vottorðum lækna og framburði vitnanna Ívars, Magnúsar, Arnars og Hallfríðar, að vitnið Ívar varð fyrir meiðslum umrædda nótt á Hótel Borg, er í því brotnuðu tvær tennur. Þá er einnig sannað með framburði framangreindra vitna, að vitnið Ívar hlaut þessi meiðsli í framhaldi af átökum, sem urðu í samkomusalnum á milli vitnisins Magnúsar og óþekkts manns og að vitnið Ívar féll í gólfið í framhaldi af þeim.

Ákærði hefur staðfastlega neitað sakargiftum. Óumdeilt er, að deilur voru með ákærða og unnustu hans annars vegar og vitnunum Ívari og Magnúsi hins vegar, áður en vitnið Ívar á að hafa hlotið þann áverka, sem ákærða er gefið að sök að hafa veitt honum. Hins vegar eru aðilar ekki á eitt sáttir um það, hvernig upphaf deilnanna hafi verið, og um einstök atriði í því sambandi.

Vitnin Ingibjörg Lilja og Helga Margrét höfðu ekki aðstöðu til þess að sjá, þegar vitnið Ívar hlaut þau meiðsli, sem um ræðir í máli þessu. Er vætti þessara vitna því gagnslaust að þessu leyti.

Ákærði neitar, eins og áður greinir, að atburðarásin hafi í lokin orðið eins og vitnin Ívar og Magnús bera. Þá bera vitnin Sverrir og Hallfríður bæði á þann veg, að þau hafi fylgst svo með ákærða, að hann hafi ekki getað valdið áverkanum. Andstæður þessum framburði er framburður vitnanna Ívars og Magnúsar, sem bera afdráttarlaust með sama hætti um það, hvernig vitnið Ívar hlaut áverkana, og fær framburður þeirra stoð í framburði vitnisins Arnars. Til styrktar þessum framburði kemur það mat dómsins, að afar ósennilegt er, að tvær framtennur, önnur í efri og hin

í neðri gómi, hafi getað brotnað í vitninu Ívari við það eitt að falla í gólfið, jafnvel þótt hann hefði í fallinu rekist utan í húsgögn.

Þegar allt er virt í heild, sem nú var rakið, er með læknisvottorðum og vætti vitnanna Ívars og Magnúsar, sem stutt er vætti vitnisins Arnars, þrátt fyrir framburð ákærða, sem fær stoð í framburði vitnanna Sverris og Hallfríðar, sannað, að ákærði hefur valdið vitninu Ívari þeim áverkum, sem lýst er í læknisvottorðum og ákæru, með þeim hætti að keyra annað hné sitt í andlit honum, en þetta gerðist í framhaldi af átökum, svo sem að framan er lýst. Er þetta brot á 1. mgr. 218. gr. almennra hegningarlaga, sbr. 11. gr. laga nr. 20, 1981.

Sakaferill ákærða.

Samkvæmt vottorði frá sakaskrá ríkisins hefur ákærði ekki áður sætt refsingum, svo að kunnugt sé.

Refsing.

Refsing ákærða þykir hæfilega ákveðin varðhald í 20 daga, en vegna ungs aldurs ákærða og þess, að hann hefur ekki áður sætt refsingu, þykir mega ákveða, að fresta skuli fullnustu refsingarinnar, og niður skal hún falla að tveimur árum liðnum frá uppkvaðningu dómsins að telja, haldi ákærði almennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga, sbr. 4. gr. laga nr. 22, 1955.

Skaðabætur.

Gísli Gíslason héraðsdómslögmaður hefur með bréfi, dagsettu 19. maí 1989, sett fram skaðabótakröfu á hendur ákærða í máli þessu. Er krafan sundurliðuð á eftirgreindan hátt:

„Tannviðgerðir	kr.	62.930
Vinnutap	kr.	19.394
Jakkaföt	kr.	22.000
Miski (óþægindi og lýti auk frekari tannviðgerða)	kr.	200.000
Samtals	kr.	304.324
Lögfræðikostnaður skv. gjaldskrá LMFÍ	kr.	41.395
Bótakrafa samtals	kr.	345.719

ásamt dráttarvöxtum skv. lögum nr. 25/1987 um dráttarvexti, til greiðsludags."

Af hálfu ákærða er bótakröfunni mótmælt. Með saknæmri háttsemi sinni í máli þessu er ákærði bótaskyldur fyrir sönnuðu tjóni vitnisins Ívars, en lagðar hafa verið fram nótur vegna tannviðgerðar. Verður sá liður kröf-

unnar því tekinn til greina. Til styrktar liðnum Vinnutap liggur frammi vottorð frá Iðnaðarbanka Íslands, að vitnið Ívar hafi verið frá störfum dagana 16.-20. janúar 1989 vegna veikinda. Kemur fram í vottorðinu, að laun hans hafi á þessu tímabili verið sú fjárhæð, sem fram kemur í kröfugerðinni. Hins vegar kemur ekkert fram um það, að vitnið Ívar hafi tapað þessum launum. Verður því af þeirri ástæðu þessum lið vísað frá dóminum. Ekkert kemur fram um það í málinu, að jakkaföt vitnisins hafi skemmst eða orðið ónýt. Þeim lið verður því einnig vísað frá. Miskabætur vegna meiðslanna þykja eftir atvikum hæfilega ákveðnar 100.000 krónur. Ekki verður dæmt um lögfræðikostnað, þar sem dæmt er um kröfu þessa í opinberu máli.

Ákærði verður samkvæmt framansögðu dæmdur til þess að greiða Ívari Guðjónssyni, Seljabraut 24 í Reykjavík, 162.930 krónur ásamt dráttarvöxtum skv. III. kafla vaxtalaga nr. 25, 1987, frá 19. júní 1989 til greiðsludags.

Sakarkostnaður.

Loks ber að dæma ákærða samkvæmt 1. mgr. 141. gr. laga nr. 74, 1974, um meðferð opinberra mála til þess að greiða allan sakarkostnað, þar með talin málsvarnarlaun til skipaðs verjanda síns, Ólafs Sigurgeirssonar héraðsdómslögmanns, 50.000 krónur.

Dómsorð:

Ákærði, Hörður Valsson, sæti varðhaldi í 20 daga, en fresta skal fullnustu refsingarinnar, og niður skal hún falla að tveimur árum liðnum frá uppkvaðningu dómsins að telja, haldi ákærði almennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga.

Ákærði greiði Ívari Guðjónssyni, Seljabraut 24 í Reykjavík 162.930 krónur í skaðabætur ásamt dráttarvöxtum skv. III. kafla vaxtalaga nr. 25, 1987, frá 19. júní 1989 til greiðsludags.

Ákærði greiði allan sakarkostnað, þar með talin málsvarnarlaun til skipaðs verjanda síns, Ólafs Sigurgeirssonar héraðsdómslögmanns, 50.000 krónur.

Laugardaginn 18. janúar 1992.

Nr. 5/1992. **Ákæruvaldið**
gegn
Þorbirni Vilhelm Gunnarssyni.

Kærumál. Farbann.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Þór Vilhjálmsson, Garðar Gíslason og Hjörtur Torfason.

Varnaraðili hefur með heimild í 1. og 3. tl. 172. gr. laga nr. 74/1974 um meðferð opinberra mála, sbr. 10. tl. sömu gr., skotið til Hæstaréttar úrskurði sakadóms Reykjavíkur um farbann. Kæran er frá 30. desember 1991, en barst Hæstarétti 3. janúar 1992.

Af hálfu ákæruvaldsins er þess krafist, að hinn kærði úrskurður verði staðfestur.

Réttinum barst 16. janúar 1992 greinargerð varnaraðila, dagsett 14. janúar. Varnaraðili hefur ekki sett fram formlegar kröfur, en líta verður svo á, að með kærunni krefjist hann þess, að Hæstiréttur felli farbannsúrskurðinn úr gildi.

I.

Varnaraðili óskaði eftir því í þinghaldi í sakadómi Reykjavíkur 30. desember 1991, að skipaður verjandi sinn yrði leystur undan starfanum. Jafnframt óskaði varnaraðili eftir, að tiltekinn lögmaður yrði skipaður verjandi, en sá lögmaður baðst undan starfanum sökum anna. Hefur varnaraðili ekki bent á annan íslenskan lögmann sem verjanda sinn. Jafnframt hefur hann lýst yfir við Hæstarétt, að hann muni sjálfur fylgja fram vörn í kærumáli þessu. Þykir verða við það að sitja, sbr. 3. mgr. 81. gr. laga nr. 74/1974.

Í greinargerð varnaraðila segir:

„1) Farbann frá Íslandi hefur verið í gildi í fjóra mánuði frá og með 18. október 1991 og framlenging var úrskurðuð í undirrétti þar til 30. mars 1992, samtals sjö mánuðir. Farbannið er í sjálfu sér stórfelldur refsidómur, en þeir, sem eru í farbanni, eru í reynd fangar hins íslenska réttarkerfis.

Ég er þeirrar skoðunar, að sá tími, sem fer í farbann frá Íslandi, verði að vera metinn, með því það virðist óhugsandi, að farbannið

teljist ekki annar refsidómur og að þannnig sé dæmt tvívegis fyrir eitt dómsmál, en það er ótækt. Auk þess er farbannstíminn mun lengri en tíminn, sem upprunalegur refsidómur áskilur.

2) Engar sannanir eru fyrir því að frekari framlenging banns sé nauðsynleg. Stefndi hefur verið samvinnuþýður í öllum þáttum málsins og ekki eru nein sönnunargögn á annan veg.

3) Ég á mjög erfitt með að skilja hvernig íslenska réttarkerfið getur réttlætt að halda útlendingi í farbanni langt tímabil. Meðan sá maður er í banni er hann algjörlega á valdi ríkisins (eins og fangi er) án starfsleyfis eða getu til að sjá sér farborða. Þetta er ekki réttlæti, heldur frekar sýndardómstóll."

III.

Varnaraðili er erlendur maður og kom til landsins 19. september 1991. Með dómi sakadóms Reykjavíkur 19. nóvember 1991 var hann dæmdur til að sæta sex mánaða fangelsisvist, en þar af var helmingur skilorðsbundinn í þrjú ár. Þeim dómi óskaði varnaraðili áfrýjað til Hæstaréttar.

Við rannsókn málsins hefur verið aflað upplýsinga frá Interpol um varnaraðila. Komið hefur fram, að fingraförum hans ber saman við fingraför manns, sem hlotið hefur refsidóm í Kanada sem Lars-Erik Torbjorn Matti Pekka Gunnarsson og fæddur er 8. september 1965 í Manitoba í Kanada.

Varnaraðili hefur sætt farbanni frá 18. október 1991 samkvæmt fjórum úrskurðum sakadóms Reykjavíkur. Hinn fyrsti var kveðinn upp 18. október 1991, og var hann staðfestur með dómi Hæstaréttar 25. sama mánaðar. Úrskurður um framlengingu farbanns til 13. nóvember 1991 var kveðinn upp 30. október og staðfestur með dómi Hæstaréttar 5. nóvember. Með úrskurði 13. nóvember 1991 var farbannið framlengt til 30. desember. Með úrskurði þeim, sem hér er til meðferðar, var farbannið framlengt, þar til Hæstaréttardómur gangi í máli ákæruvaldsins gegn varnaraðila, en þó ekki lengur en til 4. mars 1992 kl. 16.00.

Hæstarétti hafa borist dómsgerðir og ágrip sakadómsmálsins, og hefur málið hlotið númerið 494/1991. Munnlegur málflutningur í Hæstarétti er ráðgerður 30. þessa mánaðar.

Með vísan til þessa og forsendna hins kærða úrskurðar ber að staðfesta hann.

Uppkvaðning dóms í kærumálinu hefur dregist nokkuð, þar sem beðið hefur verið eftir greinargerð varnaraðila, en hann hefur ekki orðið við tilmælum um að benda á lögmann sem verjanda sinn.

Kærumálskostnaður verður ekki dæmdur.

Dómsorð:

Hinn kærði úrskurður á að vera óraskaður.

Úrskurður sakadóms Reykjavíkur 30. desember 1991.

Ár 1991, mánudaginn 30. desember, er á dómþingi sakadóms Reykjavíkur, sem háð er í Borgartúni 7 af Júlíusi B. Georgssyni aðalfulltrúa, kveðinn upp úrskurður þessi.

Ríkissaksóknari hefur krafist þess, að Þorbirni Vilhelm Gunnarssyni, sem talinn er namibískur ríkisborgari, fæddur 8. september 1965, verði gert að sæta áframhaldandi farbanni frá lokum þess farbanns, sem rennur út kl. 16.00 í dag, þar til dómur Hæstaréttar Íslands gengur í máli ákæruvaldsins gegn honum, en þó eigi lengur en til miðvikudagsins 4. mars nk. kl. 16.00. Enn fremur verði honum á farbannstímanum uppálagt að halda sig innan íslenskrar lögsögu og verði meinuð för frá Íslandi, og halda skuli hann sig innan aðalstarfssvæðis RLR og koma á skrifstofu RLR dag hvern kl. 11.00 eða á annan umsaminn stað og tíma dagsins.

Með dómi sakadóms Reykjavíkur, upp kveðnum 19. nóvember sl., var ákærði dæmdur í sex mánaða fangelsi, þar af þrjá mánuði skilorðsbundið, fyrir brot gegn 248. og 249. gr. almennra hegningarlaga. Dómi þessum áfrýjaði ákærði til Hæstaréttar innan lögboðins áfrýjunarfrests.

Frá 18. október sl. hefur ákærði sætt farbanni, síðast með úrskurði sakadóms Reykjavíkur, upp kveðnum 13. nóvember sl.

Gögn málsins hafa verið útbúin í hendur Hæstarétti, og hefur það hlotið þar málsnúmerið 494/1991.

Af hálfu ákæruvalds hefur verið upplýst, að þess sé vænst, að unnt verði að taka málið fyrir í Hæstarétti í janúarmánuði nk., en ekki sé vitað nánar, hvenær í mánuðinum.

Til að tryggja nærveru ákærða við uppsögu dóms Hæstaréttar Íslands í máli hans þykir óhjákvæmilegt með vísan til framanritaðs og skírskotun til 1. mgr. 72. gr. laga nr. 74, 1974, og með hliðsjón af þeim lagasjónarmiðum, er liggja til grundvallar 3. tl. 1. mgr. 67. gr. sömu laga, svo og til 15. gr. laga nr. 45, 1965, um eftirlit með útlendingum, að verða við kröfu ákæruvaldsins, svo sem nánar greinir í úrskurðarorði.

Þá hefur ákærði farið þess á leit við dóminn, að sér verði afhent öll gögn sín, en þau munu vera í vörslum Útlendingaeftirlitsins.

Meðal gagna málsins er listi yfir þessa muni, en þeir voru haldlagðir með dómsúrskurði, meðan á rannsókn málsins stóð. Að lista þessum athuguðum og virtum þykir rétt að heimila, að ákærða verði afhentir þeir munir, sem á listanum greinir, þó að undanskildu vegabréfi hans og flugfarsseðlum.

Úrskurðarorð:

Ákærði, Þorbjörn Vilhelm Gunnarsson, sem talinn er namibískur ríkisborgari, fæddur 8. september 1965, skal sæta áfram farbanni, þar til hæstaréttardómur gengur í máli ákæruvaldsins gegn honum, en þó eigi lengur en til miðvikudagsins 4. mars nk. kl. 16.00. Hann skal halda sig innan íslenskrar lögsögu og er meinuð för frá Íslandi, og halda skal hann sig innan aðalstarfssvæðis RLR og koma á skrifstofu RLR dag hvern kl. 11.00 eða á annan umsaminn stað og tíma dagsins til að tilkynna um veru sína.

Ákærða er heimilt að fá afhenta alla þá muni sína, sem nú eru í vörslum Útlendingaeftirlitsins, að undanskildu vegabréfi og flugfarsseðlum.

Laugardaginn 18. janúar 1992.

Nr. 7/1992. **Ingi B. Ársælsson**
gegn
Ríkisendurskoðun og
fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs.

Kærumál. Gagnaöflun.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Þór Vilhjálmsson, Hjörtur Torfason og Pétur Kr. Hafstein.

Sóknaraðili skaut máli þessu til Hæstaréttar með kæru 6. desember 1991 með vísan til heimildar í f-lið 1. tl. 1. mgr. 21. gr. laga nr. 75/1973 um Hæstarétt Íslands.

Sóknaraðili krefst þess, að hinum kærða úrskurði verði hrundið og Hæstiréttur dæmi, að fram skuli fara eftir kröfu sóknaraðila opinber rannsókn á meintum réttarbrotum Ríkisendurskoðunar, fjármálaráðuneytis og dómsmálaráðuneytis vegna uppsagnar sóknaraðila úr starfi sem fulltrúa hjá Ríkisendurskoðun í febrúar 1984, brigðum á samkomulagi um starfslok hans og meintum brotum á réttindum hans samkvæmt lögum um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins nr. 38/1954. Taki rannsóknin einnig til annarra mögulegra brota opinberra aðila, sem tengjast máli kæranda.

Varnaraðilar hafa ekki sent Hæstarétti kröfur eða greinargerð.

Sóknaraðili hefur leitað til ríkissaksóknara og dómsmálaráðuneytis með beiðni um opinbera rannsókn vegna þeirra meintu brota, sem eru tilefni kröfugerðar hans í þessu kærumáli. Yfirvöld hafa ekki séð ástæðu til að hefja slíka rannsókn.

Í niðurlagi 114. gr. laga nr. 85/1936 um meðferð einkamála í héraði er kveðið á um, að dómari geti beint því til aðila að afla gagna um tiltekin atriði til skýringar máli, eftir því sem honum þykir nauðsyn vera. Þá getur dómari samkvæmt 120. gr. sömu laga bent aðilum á nauðsyn á öflun nýrra gagna eftir dómtöku máls.

Þessi lagaákvæði eða önnur ákvæði laga nr. 85/1936 veita aðila að einkamáli ekki heimild til að bera ákvarðanir ríkissaksóknara og dómsmálaráðuneytis varðandi opinbera rannsókn undir dómara í einkamáli með þeim hætti, sem krafist er í máli þessu.

Með vísan til þessa og með skírskotun til forsendna hins kærða úrskurðar ber að staðfesta hann.

Kærumálskostnaður dæmist ekki.

Dómsorð:

Hinn kærði úrskurður á að vera óraskaður.

Úrskurður bæjarþings Reykjavíkur 20. nóvember 1991.

Mál þetta, sem tekið var til úrskurðar að loknum munnlegum málflutningi 6. þ.m., er höfðað hér fyrir þinginu með stefnu, birtri 8. apríl 1988.

Stefnandi er Ingi Björgvin Ársælsson, Lynghaga 8, Reykjavík.

Stefndu eru Ríkisendurskoðun, Laugavegi 105, Reykjavík, og fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs, Arnarhvoli við Lindargötu, Reykjavík.

Málið var tekið til úrskurðar um framkomna kröfu stefnanda um úrskurð bæjarþings Reykjavíkur um öflun gagna með opinberri rannsókn á meintum réttarbrotum Ríkisendurskoðunar, fjármálaráðuneytis og dómsmálaráðuneytis vegna ólögmætrar uppsagnar stefnanda úr starfi sem fulltrúa hjá Ríkisendurskoðun í febrúar 1984, brigðum á samkomulagi um starfslok hans og réttindum hans samkvæmt lögum um réttindi og skyldur opinberra starfsmanna nr. 38/1954. Stefnandi reisir kröfu sína á 8. gr. laga nr. 38/1954 og 66. gr. laga nr. 85/1936 og VI. kafla þeirra laga í heild og kveður, að úrskurður bæjarþingsins um kröfuna skuli beinast að ríkissaksóknaraembættinu.

Stefndu krefjast þess, að kröfunni verði hafnað og málið verði tekið til munnlegs málflutnings, endurflutnings, eins og ákveðið hafi verið. Þeir vísa í 8. gr. laga nr. 38/1954, að þar sé gert ráð fyrir opinberri rannsókn, þegar lausn sé veitt um stundarsakir. Stefnandi hafi á sínum tíma kosið að fara ekki þessa leið. Krafa verði því ekki gerð á grundvelli þessa ákvæðis nú eftir allan þennan tíma, enda segi í ákvæðinu, að rannsóknin skuli fara fram „þá þegar". Krafan verði ekki reist á VI. kafla laga um meðferð einkamála í héraði. Krafa stefnanda nú sé um frest í málinu, og hann hafi þegar fengið fjölmarga fresti í þessu sama skyni undir rekstri málsins undanfarin þrjú ár. Því sé beinlínis óheimilt að veita frekari frest, sbr. 105. og 110. gr. eml. Auk þessa hafi gagnaöflun verið lýst lokið, og aðalmeðferð hafi þegar farið fram, en vegna endurupptöku hafi endurflutningur átt að fara fram, þegar stefnandi hafi sett fram þessa kröfu. Engin lagaheimild sé fyrir úrskurði sem þessum, og bæjarþingið hafi ekki lögsögu yfir ríkissaksóknara.

Niðurstaða.

Engin lagaheimild er fyrir því, að bæjarþing Reykjavíkur úrskurði um öflun gagna með opinberri rannsókn, og verður krafa stefnanda því ekki tekin til greina.

Garðar Gíslason borgardómari kvað upp úrskurðinn.

Því úrskurðast:

Krafa stefnanda um úrskurð bæjarþingsins um öflun gagna með opinberri rannsókn er ekki tekin til greina.

Mánudaginn 20. janúar 1992.

Nr. 449/1991. **Ákæruvaldið**
(Björn Helgason saksóknari)
gegn
Gauta Ólafssyni
(Hilmar Ingimundarson hrl.).

Nauðgun. Miskabætur.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Guðrún Erlendsdóttir, Gunnar M. Guðmundsson, Haraldur Henrysson, Hrafn Bragason og Pétur Kr. Hafstein.

Ríkissaksóknari skaut máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 1. nóvember 1991 að ósk ákærða, en einnig af hálfu ákæruvalds, til sakfellingar samkvæmt ákæru og þyngingar á refsingu.

Héraðsdómari færir brot ákærða réttilega til refsiákvæðis í 1. mgr. 194. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940. Þá verður fallist á það sakarmat héraðsdómara, að líkamsáverkar þeir, er ákærði veitti brotaþola, eigi undir verknaðarlýsingu 217. gr. almennra hegningarlaga, en ekki 1. mgr. 218. gr. sömu laga, eins og í ákæru greinir. Í því sambandi ber sérstaklega að athuga, að ákæruvaldið hefur ekki gert reka að því að leggja fyrir Hæstarétt upplýsingar um andlegt heilsufar brotaþola umfram þær, sem fram koma í vottorðum lækna og félagsráðgjafa skömmu eftir hinn umræddda atburð og raktar eru í héraðsdómi. Ákvæði 194. gr. almennra hegningarlaga tæmir hins vegar sök gagnvart 217. gr. laganna, og verður því ákvæði eigi beitt samhliða við refsiákvörðun. Við mat á refsingu ber jafnframt að líta til 8. tl. 70. gr. almennra hegningarlaga, eins og héraðsdómari gerir.

Refsing ákærða þykir hæfilega ákveðin fangelsi í tvö ár.

Eins og mál þetta liggur fyrir Hæstarétti, ber að staðfesta ákvörðun hins áfrýjaða dóms um miskabætur. Þá verður ákvæði héraðsdóms um sakarkostnað staðfest.

Ákærði skal greiða áfrýjunarkostnað sakarinnar, eins og í dómsorði greinir.

Dómsorð:

Ákærði, Gauti Ólafsson, sæti fangelsi í tvö ár.

Staðfest eru ákvæði hins áfrýjaða dóms um miskabætur og sakarkostnað.

Ákærði greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, 40.000 krónur, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Hilmars Ingimundarsonar hæstaréttarlögmanns, 40.000 krónur.

Dómur sakadóms Reykjavíkur 24. október 1991.

Ár 1991, fimmtudaginn 24 október, er á dómþingi sakadóms Reykjavíkur, sem haldið er að Borgartúni 7 af Ingibjörgu Benediktsdóttur sakadómara, kveðinn upp dómur í sakadómsmálinu nr. 529/1991: Ákæruvaldið gegn Gauta Ólafssyni, sem tekið var til dóms 9. þ.m.

Málið er höfðað með ákæru, dagsettri 2. ágúst sl., á hendur Gauta Ólafssyni, Álfheimum 5, Reykjavík, fæddum 10. júlí 1964, fæðingarnúmer 776, „fyrir nauðgun og líkamsárás með því að hafa aðfaranótt þriðjudagsins 9. júlí 1991 í kjallaraherbergi nr. 104 á Hótel City, Ránargötu 4 A, ráðist á konuna X, fædda [.....] 1958, slegið hana hnefahögg í andlitið, svo að hún missti meðvitund, og þröngvað henni með ofbeldi til holdlegs samræðis, síðan slegið hana nokkur högg í andlitið, allt með þeim afleiðingum, að konan hlaut áberandi mar og bólgu umhverfis hægra auga og missti tvær framtennur í efri gómi.

Telst þetta varða við 1. mgr. 194. gr. og 1. mgr. 218. gr. almennra hegningarlaga nr. 19, 1940.

Þess er krafist, að ákærði verði dæmdur til refsingar og til greiðslu alls sakarkostnaðar og greiðslu skaðabóta, verði þeirra krafist".

Málavextir eru þessir:

Samkvæmt skýrslu lögreglunnar í Reykjavík kom X kl. 3.30 aðfaranótt laugardagsins 9. júlí sl. á lögreglustöðina í Reykjavík og kærði Gauta Ólafsson, ákærða í máli þessu, fyrir líkamsárás og nauðgun í herbergi á Hótel City, sem ákærði tók á leigu þessa nótt. Samkvæmt lögregluskýrslunni kom ákærði á sama tíma og X á lögreglustöðina og viðurkenndi þennan verknað. Var hann færður í framhaldi af því í fangageymslu og vistaður þar til morguns, en þá fékk Rannsóknarlögregla ríkisins málið til rannsóknar. X var færð á slysadeild Borgarspítalans.

Samkvæmt læknisvottorði Jóns Baldurssonar, læknis á slysa- og bækl-

unardeild Borgarspítalans, dags. 12. júlí, kom X á slysadeildina kl. 3.36 þessa sömu nótt. Í vottorðinu segir, að hún hafi kvartað um óþægindi frá glóðarauga hægra megin. Þá segir þetta í vottorðinu um ástand hennar:

„Við skoðun var sjúklingur vakandi, áttuð (sic) á stað og stund og með eðlileg lífsmörk. Ölvunareinkenni voru talsverð og mikil áfengislykt úr vitum. Við skoðun á höfði var áberandi mar og bólga umhverfis hægra auga, augnhreyfingar voru hins vegar eðlilegar og sjúklingur neitaði tvísýni. Sjáöldur voru eðlileg. Í efri gómi vantaði tvær fremstu framtennur, og þar voru lítils háttar merki um nýlega blæðingu. Munnur og kok voru a.ö.l. án áverkamerkja. Háls var eymslalaus og engin merki um áverka á barka né barkakýli, þótt röddin væri áberandi hás. Við skoðun á taugakerfi fundust engin brottfallseinkenni."

Þá segir enn fremur í vottorðinu, að X hafi ekki viljað gangast undir frekari skoðun á þessu stigi, en fallist á að láta taka röntgenmyndir af andlitsbeinum. Myndirnar hafi sýnt, að engin merki voru um beinbrot. Mælt var með köldum bökstrum vegna glóðaraugans. Ekki var talin ástæða til frekari meðferðar né eftirlits af hálfu slysadeildar, en haft var samráð við Rannsóknarlögreglu ríkisins um, að borgarlækni yrði gert viðvart um þetta mál, svo að sjúklingur gæti komist í skoðun hjá kvensjúkdómalækni vegna málsins.

Í vottorðinu er þess ekki getið, að þær tvær framtennur, sem vantaði í efra góm X, hafi verið gervitennur, en X hefur sjálf borið, svo sem síðar er lýst, að um gervitennur hafi verið að ræða.

Dr. med. Arnar Hauksson kvensjúkdómalæknir skoðaði X kl. 12.15 þennan sama dag. Í vottorði hans segir svo um skoðunina:

„Skoðun: X lyktar vel af áfengi. Segir sér sé flökurt og vera þreytt, er óðamála og óskýr í framsögn. Hún skerpist, er á viðtal líður, og er í alla staði samvinnuþýð. Hún er með gríðarlegt mar á andliti, en hefur verið í grandskoðun á slysadeild Borgarspítala, vísast með áverka til þeirrar skoðunar.

Kvensjúkdómaskoðun: Hrufl á innanverðu hæ. læri, annars engir ytri áverkar. Eðlileg leggöng og legháls og tekin sýni þaðan í leit að sæðisfrumum og til kynsjúkdómaræktunar.

Smásjárskoðun: Ekki finnast sæðisfrumur í skoðuðum sýnum, því eru send sýni í meinafrumurannsókn.

Samantekt: X kærir ungan mann fyrir líkamsárás og nauðgun á Hótel City aðfaranótt þriðjudagsins 9.7. Voru drukkin, og er hún mjög þreytt við skoðun, og veður á henni, en er samvinnuþýð. Er stokkbólgin í andliti, en hefur verið í skoðun á slysadeild og vísast með líkamsáverka í þá skoðun. Ekki finnast sæðisfrumur við smásjárleit, svo að send eru sýni í meinafrumuskoðun. Teknar eru ræktanir (sic) fyrir kynsjúkdóma svo og sýni til

vefjaflokkagreiningar. X er kynnt starfsemi Stígamóta. Henni er gefinn lyfseðill á sýklalyf í fyrirbyggjandi tilgangi gegn hugsanlegum sýkingum."

Gunnlaugur Geirsson, prófessor í réttarlæknisfræði, skoðaði sýni þau, sem dr. Arnar tók við kvensjúkdómaskoðunina. Í vottorði hans, dags. 30. júlí sl., segir m.a., að sæðisfrumur hafi greinst í sýninu. Mestur hluti þeirra sé með hrörnunareinkennum, en einnig sjáist heillegar, dreifðar sæðisfrumur. Þá segir, að eftir útliti að dæma gætu síðarnefndu frumurnar stafað hvort heldur væri frá samförum, sem konan átti um 21 klst. fyrir skoðun eða 10,5 klst. fyrir skoðun. Í áliti prófessorsins kemur fram, að ekki sé unnt að nota sýnin til að greina, hvort sæðið stafi frá tilteknum manni.

Í vottorði Sigurlaugar Karlsdóttur, geðlæknis á geðdeild Landspítalans, dags. 17. júlí sl., kemur fram, að X er haldin manio-depressivum sjúkdómi, og sé hún öryrki og óvinnufær af völdum sjúkdómsins. Hún þoli mjög illa ytra álag, og leiði það oft til dvalar á sjúkrahúsi. Því megi búast við, að líkamsárásin og nauðgunin leiði til langvarandi ójafnvægis (sic).

Þá kemur fram í vottorði Önnu Eiríksdóttur, félagsráðgjafa á geðdeild Landspítalans, sem átti að beiðni Rannsóknarlögreglu ríkisins viðtal við X 11. sama mánaðar, að hún hafi verið mjög miður sín og liðið illa vegna þessa atburðar.

Af hálfu tæknideildar Rannsóknarlögreglu ríkisins fór fram vettvangsrannsókn í framangreindu hótelherbergi. Í vettvangsskýrslunni kemur m.a. fram, að í herberginu eru tvö aðskilin rúm, en á milli þeirra tvö náttborð. Annað rúmið var með laki og kodda, hvort tveggja töluvert blóðugt, en sæng á gólfi til fóta. Undir lakinu fundust rifnar kvennærbuxur, sem voru blóðugar á innanverðri klofbót. Undir fatahengi og við hliðina á rúminu fundust tvær tölur, sem reyndust vera sams konar þeim og voru á blússu þeirri, sem X var í þessa nótt.

Þá rannsakaði tæknideildin enn fremur fatnað þann, sem X var í þessa nótt. Skyrta, hneppt að framan með sex hnappagötum, var blóðug á framanverðum kraga báðum megin, og á hana vantaði tvær tölur; einnig var dauft blóðkám á öxlum og ofarlega á aftanverðri hægri ermi. Dauft blóðkám var báðum megin við neðanverða buxnaklauf á hnésíðum buxum, og var 17,8 cm rennilás á þeim alveg rifinn frá öðrum megin. Þá voru blóðstrokur á innanverðri klofbót þeirra.

Tæknideildin tók einnig ljósmyndir af vettvangi svo og af framangreindu laki og kodda og ofangreindum fatnaði X. Þá voru teknar andlitsmyndir af X sama dag og hún kærði atburðinn, en þær sýna áverka á andliti, einkum á hægra auga. Koma ljósmyndirnar heim og saman við rannsókn tæknideildar, sem lýst er hér að framan.

Ragnar Vignir aðstoðaryfirlögregluþjónn og Sævar Þ. Jóhannesson lögreglufulltrúi, sem unnu að rannsókn tæknideildar af hálfu Rannsóknarlög-

reglu ríkisins, komu fyrir dóminn og staðfestu framangreind gögn tæknideildar.

X var yfirheyrð fyrir dóminum. Þá hafði Rannsóknarlögregla ríkisins við hana viðtal að lokinni röntgenmyndatöku 9. júlí sl., en vegna ástands hennar var ekki tekin formleg skýrsla. Hefur X staðfest, að efni viðtalsins sé rétt eftir sér haft í skýrslu Eiríks Helgasonar rannsóknarlögreglumanns.

X hefur skýrt svo frá, að hún hafi hitt ákærða á Blúsbarnum kvöldið áður og þar hafi þau tekið tal saman ásamt fleira fólki, en hún þekkti ákærða ekki áður. Þau hafi síðar um kvöldið snætt saman ásamt Ameríkana, sem þau höfðu rætt við á Blúsbarnum, og í framhaldi af því farið á Laugaveg 22 með viðkomu á öðrum stað. Þau hafi bæði neytt áfengis og verið orðin talsvert ölvuð. Hún hafi einnig verið undir áhrifum lyfja, sem hún kvaðst verða að neyta vegna sjúkdóms síns. Hún hafi ætlað að fara til Færeyja daginn eftir og hafði keypt flugmiða. Þar sem hún átti að fara snemma morguninn eftir, hafi hún ætlað að gista í bænum, en ekki ætlað upp í Breiðholt heim til sín. Því hafi hún samþykkt að fara með ákærða á hótel þessa nótt, en hann hafi stungið upp á því, að þau færu saman á hótel, en hún hafi ekkert viljað með hann hafa kynferðislega. Þau hafi farið á Hótel City við Ránargötu og hann þar greitt fyrir herbergi fyrir þau. Hún kvaðst hafa verið orðin mjög þreytt og viljað fara að sofa, en ákærði hafi leitað á hana, en hún ekkert viljað með hann hafa og sagt honum það. Í framhaldi af því hafi hann oftsinnis slegið hana í andlitið með krepptum hnefa og haft við hana samfarir að óvilja hennar. Hún vissi ekki, hvort honum varð sáðfall. Hún kvaðst hafa misst meðvitund um stund, en þegar hún rankaði við sér og varð þess vör, að ákærði var farinn út úr herberginu, hafi hún forðað sér út. Þetta hafi verið um kl. 1.00. Næturvörður hótelsins hafi hringt fyrir sig á leigubíl, sem síðar ók sér með viðkomu á leigubílastöð á lögreglustöðina við Hverfisgötu. X vísaði til ljósmyndatæknideildar um þá áverka, sem hún hlaut af völdum ákærða, og kvaðst hún enn fremur hafa misst tvær gerviframtennur í efra gómi.

Vitnið Ágúst Ragnarsson kvaðst hafa verið umrætt sinn við vinnu sína sem næturvörður á Hótel City, er þangað kom maður laust eftir kl. 1.00 og óskaði eftir tveggja manna herbergi til gistingar fyrir sig og stúlku, sem hann var með. Kvaðst Ágúst hafa sagt, að það myndi vera í lagi, og fór þá maðurinn út og náði í stúlku, sem þar beið, og greiddi hann fyrir þau gistinguna. Maðurinn hafi sýnt skilríki, og kvaðst Ágúst muna eftir því, að á skilríkjunum stóð nafnið Gauti. Hann hafi ekki séð mikil áfengisáhrif á manninum, en stúlkan hafi verið töluvert við skál. Ekki mjög löngu síðar hafi maðurinn komið og farið út, og ca. 15 mínútum síðar hafi stúlkan komið upp, og var hún þá stokkbólgin um annað augað, fötin fráhneppt og hún illa til reika. Hún hafi sagt, að maðurinn hefði slegið sig og nauðgað

sér, og hafi hann þá spurt hana, hvort hann ætti ekki að hringja á lögreglu, en hún sagt, að hún vildi frekar tala við kunningja sinn, sem hún kvað vinna á tiltekinni leigubílastöð. Hann hafi reynt að ná símasambandi við kunningjann, en það ekki tekist, og bað hún hann þá að hringja á leigubifreið, sem hann og gerði. Hann hafi spurt hana, hvort hún vildi ekki fá nafn mannsins, og hafi hún fengið það. Hann hafi skrifað nafn mannsins hjá sér á blað, þar sem hann fyllti ekki út sérstakt eyðublað fyrir gistinguna.

Vitnið Sigurður Ólafsson leigubifreiðarstjóri skýrði svo frá, að hann hefði verið sendur að Hótel City og tekið þar upp stúlku umrædda nótt. Hún hefði verið blá og marin í andliti og greinilega undir áhrifum áfengis. Að ósk stúlkunnar hefði hann ekið henni áleiðis í Asparfell. Hann hefði spurt stúlkuna, hvers vegna hún væri svona illa leikin, og svaraði hún því til, að „strákurinn" hefði barið sig og nauðgað sér. Hann hefði spurt hana, hvort hún ætlaði að láta hann komast upp með þetta, og er þau voru á Sæbraut við Snorrabraut, hefði hann spurt hana, hvort hann ætti ekki að koma við með hana á lögreglustöðinni, en hún hefði neitað því. Á leiðinni í Asparfell var haft samband við hann, og fékk hann þau skilaboð frá stöðinni á Langholtsvegi, að þar væri maður, sem vildi tala við stúlkuna. Kvaðst hann hafa skilið það þannig, að um lögreglumann væri að ræða, og ók hann með stúlkuna þangað. Er þangað kom, kom þar út maður, og sagði stúlkan þá, að þetta væri umræddur „strákur", sem hefði barið sig og nauðgað sér. Hún hefði beðið sig að aka strax á brott, þar sem hún vildi ekki tala við hann. Bað hún hann að aka sér niður á lögreglustöð, en þar snerist henni hugur og ákvað nú að kæra manninn strax. Hann hefði ekið stúlkunni þangað og farið með hana fyrir varðstjóra, sem skráði nafn hennar. Sigurður kvaðst hafa sagt varðstjóranum frá því, sem hann vissi um málið. Að beiðni varðstjórans hringdi hann á Bæjarleiðastöðina, og var honum sagt í því símtali, að maðurinn væri farinn. Hefði varðstjórinn beðið sig að aka stúlkunni strax á slysavarðstofuna. Á leiðinni út hefðu þau séð manninn, sem vildi tala við stúlkuna á stöðinni. Hann hefði setið þar í leigubifreið og verið að fara út úr bifreiðinni og stúlkan þá viljað flýta sér í bifreið vitnisins, sem þá ók henni af stað á slysadeildina.

Vitnið Olgeir Þorvaldsson leigubifreiðarstjóri minntist þess, að maður kom umrædda nótt á stöð Bæjarleiða við Langholtsveg, en þar er vitnið bifreiðarstjóri. Maðurinn hefði verið í miklu ójafnvægi (sic) og farið að ræða við sig og símastúlkuna og sagt, að hann væri „alveg í rusli" af því, að hann hefði brotið af sér og vissi ekki, hvað hann ætti að gera. Hann hefði síðan sagt þeim, að hann hefði nauðgað stúlku á hótelherbergi á Hótel City og „barið hana í klessu". Þau hefðu sagt honum, að hann yrði að eiga þetta við sjálfan sig. Maðurinn hefði sagt eitthvað í þeim dúr, að sig hefði lengi langað til og dreymt um að fremja verknað af þessu tagi, en

nú sæi hann mikið eftir því. Sér hefði þótt frásögn mannsins líkleg miðað við það sálarástand, sem hann var í.

Olgeir minntist þess, að önnur leigubifreið hefði komið með umrædda stúlku akandi að stöðinni, en hvernig það vildi til, vissi hann ekki.

Maðurinn hefði farið út, þegar bíllinn kom, en stúlkan hefði greinilega ekki viljað tala við hann, því að bílnum hefði strax verið ekið út af planinu aftur og á brott. Maðurinn hefði síðan tekið þá ákvörðun að gefa sig fram við lögregluna, og bað hann vitnið að aka sér í því skyni á lögreglustöðina við Hlemm, sem vitnið gerði. Er það ók manninum þangað, hefði maðurinn ekki vitað, að stúlkan hafði þá kært hann fyrir verknaðinn.

Vitnið Rósa Svavarsdóttir símaafgreiðslustúlka kvaðst hafa verið við vinnu sína á stöð Bæjarleiða við Langholtsveg umrædda nótt, er þangað kom maður, sem var miður sín. Hann hefði verið kófsveittur um hárið, en ekki sjáanlega undir áfengisáhrifum, en hann hefði sagt sér, að hann hefði verið við áfengisdrykkju fyrr um kvöldið eða nóttina. Hann hefði spurt sig, hvort hún myndi segja frá því, ef hún hefði gert eitthvað hræðilegt af sér, og játti hún því. Hann hefði þá sagt, að hann hefði nauðgað og lamið stúlku á Hótel City þá skömmu áður, og beðið sig að hringja niður á lögreglustöð til að kanna, hvort nauðgun hefði verið kærð. Kvaðst hún hafa gert það og fengið þau svör, að engin slík kæra hefði borist. Á meðan maðurinn var þarna, var hringt og óskað eftir bíl að Hótel City, og spurði hún bílstjórann, sem þangað fór, hvort farþeginn væri stúlka, sem væri illa til reika og með áverka. Hefði bílstjórinn játað því, og hefði hún að beiðni mannsins beðið bílstjórann að koma við þarna á stöðinni. Hefði maðurinn sagt, að hann ætlaði að biðja stúlkuna fyrirgefningar. Bílstjórinn hefði komið á staðinn, en strax ekið á brott, því að stúlkan vildi ekki tala við hann. Kvaðst Rósa hafa sagt við manninn, að ef hann sæi eftir verknaðinum, skyldi hann gefa sig fram við lögregluna og fara niður á lögreglustöð. Það hefði hann gert og Olgeir, bifreiðarstjóri á stöðinni, ekið honum í þessum tilgangi á lögreglustöðina. Skömmu síðar hefði lögreglan hringt og spurt, hvort maðurinn væri þarna á stöðinni, og hún svarað, að hann væri farinn.

Ákærði var yfirheyrður um málið hjá Rannsóknarlögreglu ríkisins dagana 9. og 16. júlí sl. Þá var hann yfirheyrður fyrir dómi fyrrgreindan dag svo og við meðferð málsins.

Ákærði hefur allt frá fyrstu yfirheyrslu játað sakargiftir.

Hann hefur lýst aðdraganda þess, að þau fóru saman að Hótel City, á sama veg og stúlkan. Hann kveðst hafa setið að spjalli við Ameríkana á Blús-barnum við Laugaveg. Sá ameríski hafi kallað stúlkuna að borði þeirra, og tóku þau tal saman. Síðar um kvöldið hefði hann boðið Ameríkananum að borða með sér á veitingastað í sama húsi, og hefði

stúlkan fylgst með og þegið af sér veitingar. Að því loknu héldu þau þrjú áfram að drekka. Um eittleytið hefði hann stungið upp á því við stúlkuna, að þau færu saman á hótel og fengju sér gistingu, og hefði hún samþykkt það, en áður hefði ekkert verið þeirra í milli, hvorki kossar né annað því um líkt. Hann hefði tekið á leigu herbergi á Hótel City, sem var í kjallara, og greitt fyrir þau bæði. Þau hefðu bæði verið orðin mjög drukkin. Tvö aðskilin rúm hefðu verið í herberginu, og hefði stúlkan lagst upp í annað í öllum fötum og sagt við sig, að hún væri ekki til í „neitt kysseri" eða slíkt og lagst til svefns. Hann hefði afklætt sig úr öllu nema nærbuxum og farið yfir í rúmið til hennar, en hún ekkert viljað með sig hafa. Hann hefði haldið áfram að reyna að koma henni til við sig kynferðislega, en ekkert gengið, stúlkan hefði sagt, að hún vildi „ekkert svona". Hann hefði reynt að losa um tölur á blússu hennar, en gefist upp á því og rifið af henni blússuna, en skömmu áður hefði hún sagt við sig, að hún vildi komast í síma, en hann ekki leyft henni það. Hún hefði reynt að dangla eitthvað í sig, en hann þá tekið fyrir munn henni og í framhaldi af því slegið hana eitt hnefahögg í andlitið í þeim tilgangi, að sér reyndist auðveldara að koma fram vilja sínum við hana. Við höggið hefði hún misst meðvitund. Þá hefði hann hreinlega rifið utan af henni fötin, en hann myndi ekki, hvort hann reif nærbuxur hennar líka, og í framhaldi af því hefði hann haft við hana kynmök. Í byrjun makanna hefði stúlkan verið meðvitundarlaus, en síðan rankað við sér. Hann kvaðst ekki muna, hvort hún streittist þá á móti. Sér hefði ekki orðið sáðfall, og þar sem hann varð mjög reiður af því, hefði hann slegið stúlkuna nokkur hnefahögg með hægri hendi í andlitið. Stúlkan hefði ekkert viðnám veitt, er hér var komið sögu. Það hefði eingöngu verið vegna reiði sinnar af því að verða ekki sáðfall, að hann sló hana. Að þessu loknu hefði hann farið úr rúmi hennar og kveikt ljósið og þá séð áverka á stúlkunni, m.a. hefði annað auga hennar verið bólgið. Kvaðst ákærði ekki mótmæla því, að afleiðingar árásar sinnar á stúlkuna væru þær, sem í ákæru greinir. Þessu næst kvaðst ákærði hafa klætt sig og farið út og hlaupið í átt að miðbænum. Hann hefði ætlað heim til sín og tekið leigubíl við Naustið og beðið bílstjórann að aka sér að Álfheimum 112, en það númer væri ekki til. Bílstjórinn hefði hleypt sér út á Álfheimunum, en ákærði hugðist ganga heim að Álfheimum 5, þar sem hann leigði herbergi. Sér hefði hins vegar snúist hugur og hann forðað sér og því gengið fram hjá heimili sínu að leigubílastöð við Langholtsveginn. Hann hefði rætt þar við símastúlkuna og einn bílstjóranna og sagt þeim frá verknaðinum. Hann hefði beðið símastúlkuna að hringja á lögreglustöðina og spyrja, hvort kæra hefði verið lögð fram vegna líkamsárásar og nauðgunar, hvað hún gerði. Hefði hún sagt, að svo væri ekki. Hann hefði í framhaldi af því ráðfært sig við stúlkuna um það, hvað hann ætti að gera. Hún hefði

sagt sér, að leigubíll væri að aka stúlkunni í Breiðholtið. Hann hefði þá beðið hana að ná sambandi við bílinn og fá bílstjórann til að aka stúlkunni á stöðina á Langholtsveginum, hvað bílstjórinn gerði. Þegar bíllinn kom, hefði stúlkan hins vegar ekki viljað við sig tala og bílnum verið ekið á brott. Hann hefði ekki vitað betur en stúlkan væri á leiðinni upp í Breiðholt. Hann hefði fengið bílstjóra á stöðinni til að aka sér á lögreglustöðina við Hlemm. Þegar þangað kom og ákærði var í þann veginn að fara út úr bifreiðinni, var þar leigubíllinn, sem ók stúlkunni. Kom bílstjórinn og sá hann og fór svo inn á stöðina, en kom að vörmu spori með tvo lögregluþjóna með sér. Báðu þeir ákærða að koma með sér, hvað hann gerði.

Ákærði segir, að þegar hann kom á lögreglustöðina í því skyni að gefa sig fram, hefði hann ekki vitað, að stúlkan var þegar búin að kæra hann, en í viðtali við varðstjóra hefði komið fram, að stúlkan hefði kært sig fyrir líkamsárás, en ekkert verið minnst á nauðgun. Hann hefði hins vegar sjálfur sagt varðstjóranum, að hann hefði að auki nauðgað stúlkunni.

Ákærði gerði engar athugasemdir við framburð framangreindra vitna að öðru leyti en því, að hann kvaðst ekki minnast þess að hafa sagt við leigubílstjórann, sem hann ræddi við á leigubílastöðinni við Langholtsveginn og síðar ók honum niður á lögreglustöð, að sig hefði dreymt um að fremja verknað sem þennan.

Niðurstöður.

Ákærði hefur játað sakargiftir og skýrt hreinskilnislega frá málavöxtum frá upphafi. Þykir sannað með játningu hans, sem fær stoð í framburði vitnisins X og annarra vitna svo og öðrum gögnum, svo sem læknisvottorðum og rannsóknargögnum tæknideildar, að hann hafi gerst sekur um þann verknað, sem hann er ákærður fyrir. Sá verknaður ákærða að þröngva stúlkunni með ofbeldi til samræðis við sig varðar við 1. mgr. 194. gr. almennra hegningarlaga, en líkamsárás ákærða á hana varðar við 217. gr. sömu laga, en lagður er til grundvallar sá framburður stúlkunnar, að tennur þær, sem ákærði sló úr henni, hafi verið gervitennur. Við mat á refsingu ákærða verður litið til þess, að árás hans á stúlkuna, áður en hann kom fram vilja sínum við hana svo og eftir það, var ófyrirleitin og með öllu tilefnislaus og að ákærði hóf samfarirnar við hana meðvitundarlausa, svo að hún kom engum vörnum við. Hins vegar gaf ákærði sig fram við lögreglu að fyrra bragði og hefur frá upphafi játað brot sitt hreinskilnislega og undanbragðalaust, sbr. 8. tl. 70. gr. almennra hegningarlaga, sbr. einnig með hliðsjón af 9. tl. 74. gr. sömu laga. Þá ber við ákvörðun refsingar ákærða að vísa til ákvæða 77. gr. sömu laga.

Ákærði hefur ekki fyrr hlotið refsingu. Þykir refsing hans hæfilega ákveðin 18 mánaða fangelsi.

X hefur með skírskotun til 1. mgr. 264. gr. almennra hegningarlaga krafist þess, að ákærði greiði sér 1.000.000 kr. í miskabætur. Ekki er krafist vaxta af fjárhæðinni. Ákærði vildi ekki tjá sig um skaðabótakröfuna, en fól verjanda sínum að taka afstöðu til hennar. Verjandinn hefur krafist þess, að bótakrafan verði stórlega lækkuð. Svo sem gögn málsins bera með sér, hefur brotaþoli, sem er haldinn geðrænum sjúkdómi, orðið fyrir andlegum og líkamlegum þjáningum vegna þeirrar háttsemi ákærða, sem hann hefur verið sakfelldur fyrir. Þykja miskabætur til hennar hæfilega ákveðnar 300.000 krónur.

Þá ber að dæma ákærða til að greiða allan sakarkostnað, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, 80.000 krónur, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Hilmars Ingimundarsonar hæstaréttarlögmanns, 80.000 krónur.

Dómsorð:

Ákærði, Gauti Ólafsson, sæti 18 mánaða fangelsi.

Ákærði greiði X 300.000 krónur.

Ákærði greiði allan sakarkostnað, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, 80.000 krónur, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Hilmars Ingimundarsonar hæstaréttarlögmanns, 80.000 krónur.

Þriðjudaginn 21. janúar 1992.

Nr. 479/1991. **Ákæruvaldið**
(Hallvarður Einvarðsson ríkissaksóknari)
gegn
Jónasi Jónassyni
(Hilmar Ingimundarson hrl.).

Nauðgun. Miskabætur.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Guðrún Erlendsdóttir, Gunnar M. Guðmundsson, Haraldur Henrysson, Hrafn Bragason og Pétur Kr. Hafstein.

Ríkissaksóknari hefur með stefnu 25. nóvember 1991 skotið máli þessu til Hæstaréttar að ósk ákærða, en einnig af hálfu ákæruvaldsins til þyngingar á refsingu.

I.

Fyrir Hæstarétt hefur verið lagt vottorð Trausta Valssonar sálfræðings, dagsett 15. janúar 1992. Þar segir, að X sé nú til meðferðar hjá honum vegna þeirra atburða, sem um getur í málinu. Síðan segir: „Hins vegar á X mjög erfitt með að ræða um nauðgunina, og svo getur hæglega farið, að stúlkan treysti sér einfaldlega ekki til að takast á við það sársaukafulla mál að svo stöddu. Því til stuðnings bendi ég á, að X byrjaði í meðferð hjá geðlækni, en hætti strax.

Á þessu stigi vil ég ekki kveða upp úr um afleiðingar nauðgunarinnar á andlega heilsu X, en þó leyfi ég mér að fullyrða, að þær séu afar miklar. Nauðgunin situr í stúlkunni og speglar daglegt líf hennar, hefur áhrif á líðan hennar og samskipti við aðra. Á því þarf að taka í meðferð."

II.

Málsatvik eru nægjanlega rakin í hinum áfrýjaða dómi. Fallast má á það með héraðsdómara, að framburður móður ákærða hafi lítið vægi í málinu. Sama gildir um framburð gests hennar, eins og honum er háttað. Þau eru þó til vitnis um, að átök urðu milli ákærða og X. Byggja verður því niðurstöðu málsins á öðrum gögnum þess.

Ákærði hefur frá upphafi neitað sakargiftum. Frásögn hans, sem í fyrstu var í verulegum atriðum í samræmi við framburð X, breyttist nokkuð við yfirheyrslu hjá rannsóknarlögreglu, þegar tæpir níu mánuðir voru liðnir frá atburðum, og síðan enn á ný fyrir dómi rúmum mánuði þaðan í frá. Heldur hann því nú fram, að hann hafi lent í átökum við stúlkuna, eftir að hann hafi haft samfarir við hana með hennar vilja. Hann hefur ekki getað fært fram sennilegar ástæður fyrir því, að hann bar öðruvísi í upphafi. Framburður X hefur aftur á móti alltaf verið hinn sami í öllum verulegum atriðum. Fær sú frásögn stuðning af rannsókn á vettvangi, rannsókn á fatnaði og líkama stúlkunnar og framburði þeirra, sem hittu hana strax eftir atburði. Þá styrkist frásögn hennar af fyrri framburði ákærða hjá Rannsóknarlögreglu ríkisins og að nokkru af síðari framburði hans þar. Telja verður því, að sönnun sé komin fram fyrir sakargiftum á hendur ákærða, eins og þeim er lýst í ákæru. Ber því að staðfesta hinn áfrýjaða dóm um sakfellingu ákærða og færslu brots hans til refsiákvæðis. Þegar litið er til málavaxta, sérstaklega ungs aldurs X og aðstæðna allra, þykir verða að þyngja refsingu ákærða, og er hún hæfilega ákveðin fangelsi í tvö ár og þrjá mánuði. Þegar þessi sömu atriði eru virt og höfð hliðsjón af framlögðu vottorði um sálfræðilega meðferð X vegna afleiðinga árásar ákærða, þykir mega staðfesta ákvæði hins áfrýjaða dóms um miskabætur.

Ákvæði hins áfrýjaða dóms um sakarkostnað á að vera óraskað.

Ákærði greiði áfrýjunarkostnað málsins, svo sem í dómsorði greinir.

Dómsorð:

Ákærði, Jónas Jónasson, sæti fangelsi í tvö ár og þrjá mánuði.

Ákærði greiði X 500.000 krónur í miskabætur ásamt vöxtum samkvæmt 7. gr. vaxtalaga nr. 25/1987, sbr. lög nr. 67/1989, frá 29. desember 1990 til greiðsludags.

Ákvæði héraðsdóms um sakarkostnað er staðfest.

Ákærði greiði áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, 50.000 krónur, og málsvarnarlaun

skipaðs verjanda síns fyrir Hæstarétti, Hilmars Ingimundarsonar hæstaréttarlögmanns, 50.000 krónur.

Dómur sakadóms Reykjavíkur 18. nóvember 1991.

Ár 1991, mánudaginn 18. nóvember, er á dómþingi sakadóms Reykjavíkur, sem haldið er í Borgartúni 7 af Pétri Guðgeirssyni sakadómara, kveðinn upp dómur í sakadómsmálinu nr. 604/1991: Ákæruvaldið gegn Jónasi Jónassyni, sem dómtekið var 14. sama mánaðar.

Málið er höfðað með ákæruskjali ríkissaksóknara, dagsettu 18. október 1991, á hendur ákærða, „Jónasi Jónassyni, Unufelli 36, Reykjavík, kennitala 041064-5289, fyrir nauðgun með því að hafa aðfaranótt 29. desember 1990 á heimili sínu, eftir að stúlkan X, 16 ára, hafði neitað að hafa við hann samfarir og flúið út úr húsinu, elt hana uppi á nærbuxum einum fata og ráðist á hana spölkorn frá húsinu og misþyrmt henni, m.a. slegið hana hnefahögg í andlitið, hárreytt hana og dregið hana inn í húsið og þar haldið áfram að þjarma að henni og varna henni brottfarar og loks með líkamlegu ofbeldi og ógnandi framkomu þröngvað henni til holdlegs samræðis.

Telst þetta varða við 1. mgr. 194. gr. almennra hegningarlaga nr. 19, 1940.

Þess er krafist að ákærði verði dæmdur til refsingar, til greiðslu alls sakarkostnaðar og til greiðslu skaðabóta, verði þeirra krafist".

Málavextir.

Laugardaginn 29. desember 1990 var hringt til lögreglu úr Völvufelli 14 vegna stúlku, sem þar væri og vildi kæra nauðgun. Lögreglumenn fóru á staðinn og hittu þar fyrir X, til heimilis að [...]. Sagði hún, að maður að nafni Jónas hefði nauðgað sér í Unufelli 36. Að sögn Sveins Erlendssonar lögregluþjóns var hún nokkuð ölvuð. Þar sem áverkar voru á henni, var hún flutt á slysadeild. Lögreglumennirnir fóru í Unufell 36, og mátti þá að sögn Sveins sjá blóðbletti þar fyrir utan. Hefði ákærði lokið upp fyrir þeim. Innan dyra hefði mátt sjá greinileg merki um átök. Blóðslóð hefði legið frá útidyrum að herbergisdyrum ákærða. Þar inni hefði allt verið „á öðrum endanum" og stór blóðpollur á gólfi. Þar hefði og legið brotin ölkrús úr gleri. Þegar lögreglumennirnir voru á förum úr íbúðinni, hefði maður komið út úr hjónaherberginu, og hefði hann aðspurður sagt, að hann hefði einskis orðið var um nóttina. Þegar á lögreglustöðina kom, hefði ákærði kannast við að hafa átt mök við stúlkuna, og hefði það verið með fullum vilja hennar.

Rannsóknarlögreglu ríkisins var gert viðvart um mál þetta um nóttina, og fór Sigurður Benjamínsson rannsóknarlögreglumaður á slysadeild

Borgarspítalans og hitti þar fyrir stúlkuna og foreldra hennar. Stúlkan sagðist hafa orðið fyrir nauðgun og var að hans sögn í mikilli geðshræringu, og var skýrslutöku því frestað. Stúlkan kvaðst annars hafa verið lítið ölvuð, eftir að hafa drukkið tvö glös af áfengisblöndu og einn bjór.

Ákærða var tekið blóð til alkóhólrannsóknar kl. 6 um morguninn, og reyndust í því 1,18‰ af alkóhóli.

Í málinu er vottorð Brynjólfs Mogensens, yfirlæknis á slysadeild Borgarspítalans. Samkvæmt því var komið með X þangað kl. 3.58 um nóttina. Þá segir þar: „X kvartaði um óþægindi í höfði, hæ. hendi og vi. fæti. X var greinilega mjög miður sín, grætur í viðtali og skoðun. Ekki er að finna teikn um heila- eða taugáverka, en kúla á hnakkasvæði. Nef er bólgið, og blæðir aðeins úr vi. nös. Hrufl á baugfingri og litlafingri hæ. handar. Litlifingur bólginn og marinn og grunur um beináverka. Sár á tá nr. III á vi. fæti og táin mjög bólgin og aum. Einnig sár á tá nr. II hæ. megin.

Sár þvegin, og þurfti að sauma sár á tá nr. III á vi. fæti. Rtg-myndir að morgni af nefi og hæ hendi leiddu ekki í ljós neina beináverka. Að morgni var sjúklingur kominn með verk í bak, meira vi. megin, sem leiddi niður. Dálítil þreifieymsli í mjóbaki, mest yfir vöðvum vi. megin. Hreyfiferill mjaðma í góðu lagi. Æða- og taugastarfsemi fóta eðlileg. Vegna bakáverkans var þvag skoðað fyrir blóði, og virtist þvagsýni eðlilegt. Að auki var höfuðhár laust að hluta og virtist geta samræmst því, að togað hefði verið í hárið.

Kvensjúkdómalæknir var fenginn þá um nóttina til að meta ytri sem innri áverka á kynfærum."

Í vottorði Arnar Haukssonar, dr.med., kvensjúkdómalæknis segir svo m.a.:

„Skoðun: Gerð laugardagsmorguninn 29.12. kl. 5.30, ca. 3 klst. eftir verknað. X er greinilega í geysilegri spennu, sennilega eitthvað undir áhrifum áfengis, en ætla má, að skelfing þeirra atburða, sem átt hafa sér stað, sé meginorsök skelfingar hennar. Hún rekur greiðlega atburði fram til nauðgunarinnar, en hleypur þá hratt yfir, og er ekki reynt að fara nákvæmlega í söguþráð, þar sem sýnt er, að það verði henni um megn. Horfir allan tímann stjörf út undan sér, en gjóar öðru hverju hálftryllingslegu augnaráði í kringum sig og að spyrli. Móðir hennar situr afsíðis, þögul. Er þó samvinnuþýð í alla staði og gerir sér grein fyrir nauðsyn þess, að hún sé í þesari skoðun. Spyr, hvort ekki sé hægt að flýta þessu, svo að hún komist sem fyrst heim, og er það reynt. Hefur áhyggjur af því, hvað unnusti hennar muni segja.

Almenn skoðun: Þrútin í andliti. Tvær skrámur ca. 8 cm langar þvert á hægri kinn. Blóð í vi. nös og þroti neðan nefs, á efri vör. Skráma innan á efri vör og sprunga og mar og bólga innan á neðri vör. Byrjandi bólga

á nefhrygg, en virðist óbrotið, engin bólga um augu. Á hvirfli er stærðarkúla, stokkbólgin, ca. 3 x 3 cm blóðmar, helaumt, og annað aftan á hnakka, stærra, 4 x 3 cm. Hreyfingar augna og andlitsvöðva eru eðlilegar. Marblettur, 1 x 1 cm, ferskur, rétt neðan hæ. olnboga og þroti um hæ. úlnlið. Litlifingur og baugfingur eru plástraðir saman frá slysavarðstofu. Mun hafa skorist á þeim. Tvær langar samhliða rispur og mar á löngutöng endilangri. Verulegt mar og bólga framanvert á vi. framhandlegg á tveimur löngum, breiðum svæðum, ca. 4 x 8 cm, og þroti og för eftir þéttingsfast handtak yfir peysuermi um vi. úlnlið. Hrufl neðan vi. herðablaðs, ca. 4 x 5 cm. Hvellaum yfir lófastórum bletti þar undir, án þess að þar sjáist marblettur. Blóðhlaupið, upplyft mar, ca. 3 x 5 cm, framan á hæ. legg miðjum. Plástruð á ,,vísitá'' hæ. fótar, og ,,löngutá'' vi. fótar frá slysavarðstofu. Rispa, hrufl, aftan á vi. hæl, og stjörnulaga skurðsár, opið, ca. 1½ cm í þvermál, aftan á hæ. læri ofanvert. Tveir opnir skurðir aftan á rasskinnum, alveg við mót læris og rass, bogadregnir, ca. 3 cm hæ. megin og annað 2 cm minna, opið, á sama stað vi. megin. X kvartar um verulegan sársauka yfir tám (gengur hölt), kúlunum á höfði, nefi og áðurnefndu svæði aftan á baki.

Kvensjúkdómaskoðun: Eðlilegir barmar. Roði í leggangaopi, en engir áverkar. Aum við innsetningu skoðunaráhalds. Í leggöngum ríkulegt a.þ.v. sæðisblandað slím. Tekin eru sýni í smásjárleit að sæðisfrumum.

Smásjárskoðun: Ríkulegt magn heilla sæðisfrumna finnst í öllum skoðuðum glerjunum (sic).''

Í skýrslu Kristjáns Friðþjófssonar rannsóknarlögreglumanns um skoðun á fatnaði X segir, að greinst hafi sæði í klofbót á nærbuxum. Lykkjuföll og göt hafi verið á báðum skálmum og sitjanda á sokkabuxum. Þá hafi blóðblettir verið víða í kjól hennar og saumsprettur undir báðum handarkrikum. Loks kemur fram, að jakki stúlkunnar hafi verið allur útataður í hári og 33ja cm saumspretta upp síðuna og upp handarkrika og áfram 13 cm út ermina vinstra megin.

Rannsóknarlögreglumennirnir Sigurður og Kristján hófu vettvangsathugun í Unufelli 36 kl. 10.10. Skýrsla Sigurðar um athugunina er svohljóðandi:

,,Móðir ákærða, Elín Áróra Jónsdóttir, var heima ásamt sambýlismanni sínum, og vísaði hún okkur á herbergi sonar síns. Er herbergið næst inngangi í húsið, og snúa gluggar til norðurs.

Við hlið herbergisins til austurs er eldhús, og eru stofa og borðstofa, opin, framan við áðurnefnd herbergi, og í suðurhluta eru tvö herbergi, m.a. hjónaherbergi, og síðan í vesturenda miðsvæðis er baðherbergi.

Herbergi kærða var læst, og höfðu lögreglumenn, sem handtóku kærða, gert það í nótt að beiðni undirritaðs.

Á gólfi herbergisins, úti í horni við hlið dyranna, var mikið af glerbrotum, og við skoðun mátti sjá, að þetta voru brot úr bjórkönnu, og var botnstykki könnunnar undir rúmi í herberginu. Einnig var í horninu við dyrnar brotinn myndarammi, en glerið heilt, og ljósmynd lá á gólfinu. Móðir kærða var spurð, hvort hún kannaðist við, að myndin hefði verið í þessum ramma, sem var allmiklu stærri en myndin, og kannaðist hún ekki við það, en sagði myndina vera af sér og eiginmanni sínum fyrrverandi, sem væri látinn.

Á rúminu var sæng, tveir koddar og rúmábreiða, en lakið var ekki á rúmdýnunni, heldur lá á gólfinu undir rúminu upp við vegg. Á rúmdýnunni mátti sjá blóðdropa svo og á gólfi framan við rúmið, og eins var blóðkám á vegg við hlið herbergisdyranna, bæði að innan og eins var blóðkám á vegg við hlið herbergisdyranna, bæði að innan og eins að utan beggja vegna dyranna á veggnum, sem snýr að stofunni.

Framan við herbergisdyrnar er gólfmotta, og beggja vegna við hana mátti sjá blóðdropa svo og blóðdropa í forstofugangi og á stofugólfi að baðherbergi. Eins voru blóðdropar á baðherbergisgólfi og örlítið blóðkám á vöskum í baðherbergi.

Við skoðun á rúmábreiðunni, sem áður er nefnd, mátti greina blett, og við prófun, sem Kristján Friðþjófsson framkvæmdi með phosphatesmo-KM-sæðisprófun, gaf bletturinn jákvæða svörun. Rúmábreiðan var tekin til frekari skoðunar."

Ljósmyndir voru teknar af fatnaðinum og vettvangi og enn fremur gerður uppdráttur af vettvangi.

X hefur skýrt svo frá, að hún hafi kynnst ákærða á veitingastaðnum Gauki á Stöng. Hafi ákærði farið að stíga í vænginn við sig. Þau hafi farið í leigubíl og ætlað á annan veitingastað, en fyrst hafi þau komið við heima hjá ákærða, þar sem hann hafi ætlað að ná þar í peninga og bjór. Er þangað kom, hafi hún viljað bíða í bílnum á meðan, en ákærði talið hana á að koma með sér inn og borgað bílinn. Þegar inn kom, hafi setið þar við sjónvarp maður og kona, sem hún áleit vera foreldra ákærða. Hafi hún kynnt sig fyrir þeim og þegið bjórglas með þeim. Ákærði hafi svo viljað fá hana á tal við sig inn í herbergi sitt, og hafi hún tekið með sér bjórglasið. Hafi ákærði viljað slökkva öll ljós nema eitt, en hún ekki viljað það og hann látið undan. Ákærði hafi farið að tala um, að faðir sinn væri dáinn og vinkona sín hefði dáið fyrir fimm mánuðum. Hefði hann ekki verið með kvenmann í þann tíma. Kveðst hún hafa vottað ákærða samúð sína, en sagt, að hún væri með pilti og hún vildi ekki vera með ákærða. Hafi ákærði togað hana til sín úr stól, sem hún sat á, og hafi hún sest á rúmið hjá honum. Hafi hann verið kominn úr öllu nema nærbuxunum. Hafi hann stungið peningum í jakkavasa hennar og beðið hana að hjálpa sér, en hún svarað: „Nei, ég vil það ekki á þann hátt, sem þú vilt,"

en hann þá sagt: „Víst viltu það.“ Hafi hann boðið sér allt að 20.000 krónur fyrir að hafa við sig samfarir.

Kveðst hún síðan hafa sagt við hann, að hún þyrfti að fara aðeins á salernið, en hann þá talað um, að henni fyndist hann alveg vonlaus, ljótur og ómögulegur, en hún sagt, að hann væri bara drukkinn og þyrfti að sofa. Hún hafi svo hlaupið fram og út og komist að horninu á bílskúrunum, sem eru rétt hjá húsinu, en þar hafi ákærði náð sér og dregið sig á hárinu inn í húsið og slegið sig með hnefanum í andlitið og víðar um líkamann og hrint sér utan í vegginn og sparkað í sig. Hafi hún fengið blóðnasir. Kveðst hún hafa öskrað upp til að reyna að vekja á sér athygli og leita hjálpar, og þegar þau hafi verið komin inn í forstofuna eða ganginn, hafi foreldrar Jónasar komið og reynt að halda aftur af honum og ná sér frá honum, og hafi hún losnað og gripið utan um móður hans og beðið um hjálp. Kveðst hún hafa dregið föður hans inn í eldhús og beðið hann að hjálpa sér og hann sagst ætla að gera það, en farið með sig fram á gang og sagt þeim að sættast. Hafi móðir Jónasar sagt sér að fara inn á salerni og þurrka framan úr sér blóðið, þar sem hún hafi verið alblóðug í andliti og einnig á höndum, og hafi hún gert það. Hafi ákærði hótað að lumbra á móður sinni. Jónas hafi borið það á sig í viðurvist foreldranna, að hún hefði stolið frá sér peningum, farið í vasa sinn og hent peningunum á skrifborðið í herbergi sínu.

Þegar Jónas hafi verið að reyna að draga sig inn í herbergi sitt, hafi hún gripið í bjórkönnu og slegið hann tvisvar í höfuðið vinstra megin. Hafi ákærði annaðhvort náð könnunni af sér eða hún lent í gólfinu, eftir að hún sló hann, en kannan hafi brotnað á gólfinu. Stúlkan kveður foreldra Jónasar hafa lagt að sér að sættast við Jónas, og hafi hún þá farið inn í herbergi hans til að reyna að róa hann, þar sem hún vildi ekki verða fyrir frekari meiðslum. Hafi hún svarað öllu játandi, sem Jónas sagði við hana eftir þetta, og hafi hann talað um, að hún væri ekki heil á geðsmunum og hefði stolið af sér peningum, en þeir hefðu verið horfnir af borðinu, þar sem hún hafði látið þá. Kveðst hún ekki vita, hvað orðið hafi um þessa peninga, en ákærði hafi sagt, að þetta hefðu verið 5.000 krónur. Áður hafi hún fengið að sækja handtösku sína, sem hún hefði misst úti, þegar hún reyndi að flýja. Ákærði hafi þá fylgt sér út fyrir á nærbuxunum. Hún hafi aldrei þorað að flýja af ótta við, að hann næði sér og berði sig aftur. Þegar hún hafi farið aftur inn í herbergið, hafi foreldrar ákærða verið í stofunni að horfa á sjónvarpið. Eftir að hún var komin inn til ákærða, hefði hann klætt hana úr ytri kjólnum og sagt, að hún hefði verra af, ef hún leyfði það ekki. Hafi hann sagt sér að leggjast hjá sér í rúmið og hún ekki þorað að gera annað vegna aflsmunar þeirra, og hafi hann þá lagst ofan á sig og farið að skaka sér ofan á sér. Eftir nokkra stund hafi hann rifið hana

úr sokkabuxum, sem hún var í, eða hálfpartinn slitið þær utan af henni og síðan fært hana úr nærbuxunum. Hún hafi streist á móti og haldið saman fótunum, en ákærði hótað að berja hana og bera á hana meiri þjófnað og að lokum komið lim sínum inn í kynfæri hennar og haft við hana samfarir. Telur hún, að honum hafi orðið sáðlát, meðan hann var með liminn inni í henni. Hafi ákærði spurt hana, meðan á samförunum stóð, hvort henni þætti þetta gott, og hafi hún svarað því játandi til að þóknast honum, og eins hafi hann spurt, hvort hann væri ekki æðislegur og hvort hann væri ekki stór á honum, og hafi hún svarað því öll játandi eins og áður til að þóknast honum. Hafi hún verið grátandi, meðan á samförunum stóð, en ekki þorað að veita mótspyrnu. Að lokum hafi hún náð að ýta Jónasi af sér og margbeðið um að fá að fara heim til móður sinnar, en hann sagt: „Ekki fyrr en ég er búinn." Hafi hann beðið sig um að hafa samfarir við sig lengur, en hún neitað. Hafi hún sagst myndu segja, að hún hefði lent í áflogum við vinkonu sína, til þess að losna frá honum. Að lokum hafi hann látið undan henni. Kveðst hún síðan hafa tekið handtösku sína og tekið þar gallabuxur, sem hún hafi haft meðferðis, og farið í nærbuxurnar, gallabuxurnar, sokka og skó og peysu, sem hún hafi einnig verið með, og sett annað í handtöskuna og hlaupið út og að næsta húsi, sem ljós hafi verið í. Hafi hún bankað þar upp á og beðið pilt, sem kom þar til dyra, að hringja á lögregluna, sem hafi komið nokkru síðar. Sokkabuxurnar hafi orðið eftir í herbergi ákærða. Þegar þetta varð, hefði hún verið búin að drekka tvo kokteila og einn bjór, og hafi hún ekki fundið til áfengisáhrifa heima hjá ákærða.

Ákærði skýrði frá því í skýrslu hjá rannsóknarlögreglu að kvöldi laugardagsins 29. desember, að hann hefði hitt stúlkuna á Gauki á Stöng. Þaðan hefðu þau farið í leigubíl og ætlað í veitingastaðinn Casablanca, en fyrst komið við heima hjá sér til þess að sækja peninga. Hefði hann gert þar upp bílinn og fengið stúlkuna með sér inn. Þá hefðu þar verið í stofunni móðir sín og maður að nafni Guðmundur, sem hún sé í tygjum við. Þau hafi heilsað stúlkunni. Þau stúlkan hefðu svo fljótlega farið inn í herbergi hans.

Hann hefði farið að reyna við stelpuna og farið að kyssa hana og taka utan um hana, eins og gengur, og viljað fá hana til að hafa við sig samfarir. Hefði hún tekið utan um hann. Hann hefði eftir smástund farið úr öllum fötum nema nærbuxum og lagst upp í rúmið, en stúlkan hefði ekki verið tilbúin að vera með sér. Hann hefði látið stúlkuna hafa 3-4 þúsund krónur í peningum og þannig reynt að kaupa hana til að hafa við sig samfarir, en hún ekki viljað. Nokkru síðar hefði stúlkan farið út, og hefði hann þá reiðst og hlaupið út á eftir henni á nærbuxum einum fata og náð henni við endann á bílskúrum, sem standi meðfram götunni. Kvaðst hann hafa

rifið í hár stúlkunni og dregið hana langleiðina inn í húsið og slegið hana, og hafi hún öskrað hástöfum. Hefði hún einnig slegið sig í höfuðið og með einhverju, sem hann vissi ekki, hvað var. Hefðu móðir sín og Guðmundur hlotið að hafa séð og heyrt, þegar hann var í stimpingum við stúlkuna inni í íbúðinni og þegar hún sló hann í höfuðið. Móðir sín hefði spurt, hvað gengi á, og beðið þau um að hætta þessum látum. Kvaðst hann hafa spurt stúlkuna, hvar peningarnir væru, sem hún hefði tekið, og hefði hún tekið peningana úr vasa sínum og látið þá á borðið í herbergi hans. Þau stúlkan hefðu síðan farið inn í herbergi hans og hann lokað dyrunum á eftir þeim og lagst upp í rúmið og beðið hana að gera slíkt hið sama, og hefði hún gert það. Hefði hann svo lagst yfir stúlkuna og fært hana úr sokkabuxum og nærbuxum, og taldi hann, að sokkabuxurnar hefðu rifnað við það. Hefði hann farið að strjúka kynfæri stúlkunnar, sem legið hefði á bakinu, með fingrunum, en ekki farið með þá inn í kynfæri hennar, og hefði hún sjálf fært fæturna í sundur. Sér hefði risið hold og hann sett lim sinn inn í kynfæri stúlkunnar og hafið samræðishreyfingar liggjandi ofan á stúlkunni. Hefði hún ekki veitt mótspyrnu og hann því talið, að stúlkan vildi þetta, og haldið áfram samræðishreyfingunum, þar til sér hefði orðið sáðlát inn í kynfæri hennar. Að þessu loknu hefði hann lagst við hlið hennar. Eftir stutta stund hefði hann spurt, hvort hún vildi meira, en hún neitað því og ýtt honum frá sér.

Ákærði sagði, að hann hefði hvorki hótað stúlkunni á nokkurn hátt á undan samförunum né heldur á meðan á þeim stóð. Stúlkan hefði klætt sig að þeim loknum, og hefði hann kysst hana að skilnaði, áður en hún fór, og hefðu þau skilið í góðu að hans áliti.

Ákærði kvaðst vera samþykkur að greiða stúlkunni sanngjarnar bætur fyrir áverka, sem hún hefði orðið fyrir af hans völdum.

Ákærði kannaðist aðspurður við að hafa sagt, að faðir sinn væri dáinn og vinkona sín hefði dáið fyrir fimm mánuðum og hann hefði beðið hana að hjálpa sér, þar sem hann hefði ekki fengið það í fimm mánuði. Hefði hann ætlað að vekja stúlkuna til meðaumkunar. Önnur orðaskipti þeirra, sem stúlkan hermdi, kannaðist hann ekki við.

Í annarri skýrslu hjá rannsóknarlögreglu 24. september 1991 bar hann, að þau X hefðu verið inni í herberginu og eitthvað að tala saman og kyssast. Hefði hann farið úr fötunum og þau verið uppi í rúmi. Hefði hann látið hana hafa nokkur þúsund krónur. Hún hefði svo sagst þurfa aðeins að skreppa fram og hlaupið út úr húsinu. Um leið hefði hann áttað sig á því, að allir peningarnir voru horfnir. Eitthvað af þeim hefði hann geymt á borðinu og sumt í skúffu. Þegar hann hefði áttað sig á þessu, hefði hann hlaupið á nærfötunum og líklega berfættur út á eftir stúlkunni og náð henni rétt hjá bílskúrum, sem eru við enda hússins. Hefði hún slegið til sín, en

hann náð í hárið á henni og dregið hana á því inn í húsið. Hefði hún misst töskuna sína við þetta. Hann hefði hvorki sparkað í stúlkuna né hrint henni utan í vegg, en kvaðst hafa slegið hana og dregið hana á hárinu. Þegar þau hefðu verið komin inn í herbergi hans og búin að sættast, hefði hún áttað sig á því, að hún hafði tapað töskunni, og farið út og sótt hana. Hann hefði ekkert fylgst með því, heldur beðið inni hjá sér á meðan.

Þegar ákærði var beðinn að skýra áverka á X, sagði hann, að glerbrot hefðu verið á gólfinu úr mynd, sem hún hefði tekið og slegið sig með í höfuðið. Gler í myndinni hefði brotnað og brotin farið í gólfið. Þau hefðu tekist eitthvað á og hún dottið í gólfið í þeim átökum. Hann hefði einnig slegið hana í andlitið og hún fengið blóðnasir. Þetta hefði allt gerst, eftir að þau hefðu haft mök. Einungis lítil átök hefðu orðið þeirra í milli áður og aðeins þarna úti. Hann hefði slegið hana eitthvað í andlitið nokkur högg og önnur, sem hefðu lent annars staðar á henni.

Þegar ákærði gaf skýrslu hér í dómi 6. þ.m., breytti hann framburði sínum. Hann skýrði svo frá, að þegar þau stúlkan hefðu hist á Gauki á Stöng, hefði hún hegðað sér mjög undarlega. Eftir að þau hefðu reynt að komast inn á öðrum veitingastað, hefðu þau tekið leigubíl og ætlað að fara í veitingastaðinn Casablanca, en fyrst hefði hann þurft að koma við heima að sækja peninga. Stúlkan hefði strax viljað koma með honum inn þar og ekki viljað bíða í bílnum á meðan. Ákærði kvaðst þá hafa borgað bílinn og bíllinn farið. Kvaðst ákærði hafa litið á klukkuna, og hefði hún verið rétt fyrir hálfeitt, þegar þau komu heim til hans.

Eftir að inn var komið, hefðu þau stúlkan farið inn í stofu, þar sem móðir hans og sambýlismaður hennar voru. Þau hefðu sest og talað við þau góða stund og horft á sjónvarp. Kvaðst hann svo hafa farið inn í herbergi sitt og stúlkan komið á eftir sér, og hefði hún lokað dyrunum. Hefðu þau farið að tala saman og kyssast og svo farið að hafa samfarir með vilja hennar. Að samförunum loknum hefði hún sagt, að hún þyrfti að fara, og kveðst ákærði hafa sagt: „Við sjáumst svo seinna." Stúlkan hefði stolið peningum bæði úr skúffu og af borði. Ákærði kvaðst hafa heyrt, að hún tók peningana, og hefði hann hlaupið út á eftir henni og náð henni við bílskúrshornið, tekið í hendurnar á henni og dregið hana inn. Hann hefði svo tekið af henni peningana, en stúlkan hefði þá slegið hann með könnu í höfuðið. Kvaðst ákærði hafa vankast við það og skorist svo á fótum, að hann hefði varla getað gengið. Skömmu eftir það hefði stúlkan farið.

Ákærði gaf þá skýringu á þessum breytta framburði sínum, að rannsóknarlögreglumennirnir hefðu beitt sig þvingunum og hótað sér því að loka sig inni, ef hann skýrði ekki frá á sama veg og standi í lögregluskýrslunum. Þá hefði sér verið neitað um læknishjálp. Þegar ákærða var bent á, að innbyrðis samræmi væri á milli lögregluskýrslnanna, sem þó væru

gerðar með löngu millibili, sagði hann, að hann hefði ekki verið beittur þvingunum við seinni skýrsluna.

Þegar ákærði kom hér fyrir dóm að nýju 14. þ.m., var hann spurður um það, hvar þau Guðmundur og móðir hans hefðu verið stödd, þegar átök urðu með þeim X utan dyra og inni á gangi. Kvað ákærði þau hafa verið inni í svefnherbergi, og hefðu þau kíkt fram í sjónvarps-„holið". Kvað hann skýrslu sína um þetta hjá rannsóknarlögreglu 29. desember sl. vera ranga. Þá kvað ákærði það vera rangt hjá Guðmundi, að hann hefði verið mjög ölvaður, þegar þetta var (sbr. hér á eftir). Hefði hann aðeins verið lítillega undir áhrifum í þetta sinn. Hann kvað stúlkuna hafa fengið sér peningana, sem hún hefði stolið af sér, þegar þau stóðu fyrir utan herbergi hans. Hefði hann stungið peningunum í vasann. Kvaðst hann hafa verið berfættur, en klæddur í jakkaföt, þegar þetta var, og væri það rangt í skýrslum sínum hjá rannsóknarlögreglu, að hann hefði verið í nærbuxum og bol. Kvaðst hann hafa verið illa fyrir kallaður, þegar hann gaf seinni skýrslu sína hjá rannsóknarlögreglu, og hefði hann því borið, að hann hefði verið í nærbuxum og bol og berfættur. Hann kvaðst hafa bæði skorist á fæti og höfði af glerbrotum á gólfi, og hefði mikið blætt úr sér.

Rannsóknarlögreglumennirnir Sigurður Benjamínsson og Eiríkur Hreinn Helgason, sem yfirheyrðu ákærða, hafa borið, að ákærði hafi engum þvingunum sætt við yfirheyrslurnar og ákærði ekki kvartað undan neinu í því sambandi. Hafi yfirheyrslurnar farið fram með eðlilegum og venjulegum hætti.

Vitnið Örn Svavarsson hefur skýrt frá því, að laust eftir kl. 3 um nóttina hafi komið heim til sín í Völvufell 14 ung stúlka, sem hann hafði ekki áður séð, og sagt, að sér hefði verið nauðgað í húsi við Unufell. Hafi hún beðið um, að hringt yrði á lögreglu fyrir sig. Stúlkan hafi verið með tösku meðferðis og verið grátandi og í geðshræringu. Hann hafi hleypt stúlkunni inn og spurt hana, hvort hún vildi ekki, að hann hringdi heim til hennar, en hún neitað því og beðið sig um að hringja í lögreglu, sem hann hefði gert, og hafi stúlkan beðið eftir lögreglunni hjá sér. Stúlkan hafi verið blóðrisa á annarri eða báðum höndum. Þá hafi hún verið rauð og þrútin í andliti. Hann kvaðst hafa látið hana fá bréfþurrku og séð, að í hana kom blóð, annaðhvort úr nefi hennar eða munni. Hann hafi ekkert séð að hári stúlkunnar. Hann hafi spurt stúlkuna um, hvað gerst hefði, meðan þau hafi beðið eftir lögreglu, og hún sagst hafa hitt þann, sem nauðgaði henni, á eða við einhvern skemmtistað og hún farið með honum heim að sækja bjór. Hún hefði þá farið með manninum inn. Hún hefði komist út úr herbergi frá manninum og til foreldra hans, sem hefðu verið heima. Þá hafi hún sagt, að maðurinn hefði togað í hár sér, dregið sig til baka og slegið og komið fram vilja sínum við sig. Hafi stúlkan brostið í grát aftur og aftur, meðan hún sagði frá.

Hann kveðst ekki átta sig á því, hvort stúlkan hafi verið undir áhrifum áfengis, en hún hafi ekki borið það með sér.

Móðir ákærða, Elín Áróra Jónsdóttir, skýrði frá því hjá rannsóknarlögreglu 29. desember sl., að á að giska 30-45 mínútum eftir miðnætti hefði ákærði komið heim með stúlkuna og boðið henni upp á bjór, sem hann átti, og hefðu hún þegið það. Sjálf kvaðst hún hafa setið yfir kaffibolla ásamt Guðmundi, vini sínum. Vel hafi farið á með ákærða og stúlkunni, og hefðu bæði verið undir áhrifum áfengis. Þau Jónas og stúlkan hefðu síðan farið inn í herbergi hans, sem gengið er inn í úr „holinu", þar sem þau Guðmundur sátu yfir sjónvarpinu. Hefðu þau tekið með sér bjórglösin, sem þau voru að drekka úr, og Jónas lokað á eftir þeim. Ekki sé hægt að læsa dyrunum að herbergi hans. Þau Guðmundur hefðu horft á sjónvarpið, þar til kvikmyndin var búin, þ.e. fyrri myndin af þeim tveimur, sem boðið var upp á, og þá farið að hátta. Ekki hefði hún heyrt neinn hávaða frá herberginu. Eftir að hún var háttuð og lögst til svefns, hefðu þau Guðmundur heyrt hávaða framan úr íbúðinni. Hefði hún opnað svefnherbergisdyrnar og séð Jónas, þar sem hann stóð í herbergisdyrum sínum og stúlkan fyrir framan hann. Hefði Jónas verið að krefja stúlkuna um peninga, sem hún hefði stolið frá honum. Hefði hún séð, að stúlkan dró eitthvað úr hægri kápu- eða jakkavasa sínum og rétti Jónasi. Hún hefði ekki séð stúlkuna vel, sökum þess að rökkvað var í herberginu, og geti ekki sagt, hvort hún hefði verið slösuð eða föt hennar í óreiðu. Jónas hefði hún ekki séð nema að litlu leyti, þar sem stúlkan skyggði á hann. Hún kvaðst hafa spurt ákærða, hvað gengi á, en ekki fengið svar við því. Hefði hún þá lokað svefnherbergisdyrunum. Skömmu eftir þetta hefði útidyrahurðinni verið skellt aftur og hún álitið, að stúlkan væri farin, enda hefði hún heyrt einhvern ganga út. Hún hefði sofnað eftir þetta og ekki vitað af neinu fyrr en um morguninn, að hún hefði frétt hjá Guðmundi, að Jónas hefði verið leiddur brott af lögreglu.

Vitnið var yfirheyrt að nýju hjá rannsóknarlögreglu 3. janúar 1991. Kvað hún það alrangt hjá X, að X hefði gripið utan um sig og beðið þau Guðmund um hjálp. Eins væri það rangt, að hún hefði sagt stúlkunni að þurrka framan úr sér blóð. Hið eina, sem hún hefði heyrt, hefði verið hávaði. Hefði hún farið fram úr rúminu og opnað dyrnar á svefnherberginu og gægst fram. Hefði Jónas verið að krefja stúlkuna um peninga, sem hún hefði stolið af honum, og hefði stúlkan látið hann hafa peninga. Kvaðst hún svo hafa lokað svefnherbergisdyrunum og ekki orðið vör við neinn hávaða eftir það, nema útidyrunum hefði verið lokað nokkru síðar, og taldi hún þá, að stúlkan væri farin. Hún hefði ekki heyrt nein öskur í stúlkunni, og hefði hún örugglega farið fram, ef svo hefði verið. Þá hefði hún ekki orðið vör við nein átök milli Jónasar og stúlkunnar. Hún hefði þó heyrt brothljóð, en ekkert aðgætt það frekar og talið, að þau hefðu misst glas í gólfið.

Vitnið hefur komið fyrir dóm og borið á sama veg.

Guðmundur Guðjónsson, sem nefndur var, skýrði frá því hjá rannsóknarlögreglu 29. desember sl., að þau Elín hefðu setið við sjónvarpið, þegar Jónas kom heim og með honum einhver stúlka. Hefðu þau bæði verið undir áhrifum áfengis, Jónas og stúlkan. Hefðu þau sest í sófann hjá þeim Elínu, og hefði Jónas sótt bjór handa sér og stúlkunni. Eftir einhverja stund hefðu þau tvö farið inn í herbergi Jónasar, og taldi hann, að klukkan hefði þá verið um hálftvö. Þau Elín hefðu horft til enda á bíómynd, sem var í sjónvarpinu, og síðan farið inn í svefnherbergi Elínar. Eftir að þau voru háttuð, hefði hann heyrt einhver læti frammi í „holi" íbúðarinnar, og hefðu þau Elín litið fram. Hefði Jónas staðið lítið klæddur inni í herbergi sínu, en stúlkan staðið fyrir framan dyrnar hjá honum, fullklædd. Kvaðst hann halda, að Jónas hefði verið á nærbuxum einum fata. Hefði Jónas verið að krefja stúlkuna um einhverja peninga, sem hann hefði sagt, að hún hefði stolið frá sér. Kvaðst vitnið ekki vita, um hve mikla peninga hefði verið að ræða. Stúlkan hefði tekið einhverja peninga úr jakkavasa sínum og rétt Jónasi. Eftir þetta hefðu þau Elín farið upp í rúm án þess að heyra meira í Jónasi og stúlkunni. Hefði hann heyrt hurðarskell eftir þetta og álitið, að stúlkan væri að fara. Hann kvaðst giska á, að klukkan hefði þá verið um hálffjögur til fjögur. Hið næsta, sem hann hefði vitað, hefði verið það, að lögreglumenn hefðu verið að sækja Jónas um fimmleytið. Hann hefði ekki fengið nein svör við því, hvers vegna þeir væru að fara með Jónas.

Vitnið gaf aðra skýrslu 8. janúar 1991. Hann kvaðst þá ekki kannast við að hafa orðið var við, að stúlkan hefði hlaupið út og að ákærði hefði hlaupið á eftir henni og dregið hana á hárinu inn í húsið aftur, eftir að hún hefði öskrað á hjálp. Hefði hann ekki heldur orðið vitni að neinum átökum milli Jónasar og stúlkunnar og því síður, að stúlkan hefði beðið sig að hjálpa sér. Þá kvað vitnið það vera rangt hjá Jónasi, að hann hefði dregið stúlkuna inn á gang á hárinu, og eins, að þau Elín hefðu hlotið að hafa heyrt og séð stimpingar milli hans og stúlkunnar og þegar stúlkan sló hann í höfuðið með bjórkönnu. Eins væri rangt hjá Jónasi, að þau Elín hefðu verið stödd í stofunni og að Elín hefði spurt, hvað gengi á, og beðið þau að hætta þessum látum. Kvað vitnið Jónas hafa verið mjög ölvaðan, og hefði hann ekki munað eftir því síðar að hafa sótt bjór handa sér og stúlkunni.

Vitnið hefur komið fyrir dóm og skýrt frá á sama veg.

Niðurstaða.

Ákærði hefur verið óstöðugur í skýrslum sínum, sem hver um sig er ótrúverðug. Frásögn X er á hinn bóginn í fjölmörgum atriðum studd rannsókn á vettvangi og á fatnaði stúlkunnar og líkama. Þá nýtur hún stuðnings af vætti Sveins Erlendssonar lörgregluþjóns og Arnar Svavarssonar. Vætti

þeirra Elínar Áróru Jónsdóttur og Guðmundar Guðjónssonar rekst í verulegum atriðum bæði á skýrslur ákærða og stúlkunnar, og geta þau ekki talist vera óvilhöll og trúverðug. Að öllu þessu athuguðu þykir verða að treysta framburði stúlkunnar og telja sannað, að ákærði hafi með ofbeldi og ógnunum þröngvað henni til holdlegs samræðis. Hefur ákærði með því orðið sekur um brot gegn 1. mgr. 194. gr. almennra hegningarlaga.

Af hálfu stúlkunnar hefur þess verið krafist, að ákærði verði dæmdur til þess að greiða henni 1.500.000 krónur í miskabætur ásamt vöxtum samkvæmt 7. gr. vaxtalaga nr. 25, 1987, sbr. lög nr. 67, 1989. Þykir miski X vera hæfilega metinn til bóta 500.000 krónur, og ber að dæma ákærða til þess að greiða henni þá fjárhæð ásamt almennum útlánsvöxtum samkvæmt 7. gr. vaxtalaga frá 29. desember 1990 að telja til greiðsludags.

Viðurlög, sakarkostnaður.

Ákærði hlaut skilorðsbundna ákærufrestun fyrir þjófnað árið 1983. Þá var hann sektaður sama ár fyrir brot gegn 157. gr. almennra hegningarlaga. Loks hefur honum verið refsað þrisvar fyrir ölvun við akstur, síðast í maí í fyrra. Þykir refsing ákærða vera hæfilega ákveðin fangelsi í 18 mánuði.

Dæma ber ákærða til þess að greiða allan sakarkostnað, þar með taldar 55.000 krónur í saksóknarlaun til ríkissjóðs og 55.000 krónur í málsvarnarlaun til Hilmars Ingimundarsonar hæstaréttarlögmanns.

Dómsorð:

Ákærði, Jónas Jónasson, sæti fangelsi í 18 mánuði.

Ákærði greiði X 500.000 krónur í miskabætur ásamt almennum útlánsvöxtum samkvæmt 7. gr. vaxtalaga frá 29. desember 1990 að telja til greiðsludags.

Ákærði greiði allan sakarkostnað, þar með taldar 55.000 krónur í saksóknarlaun til ríkissjóðs, og 55.000 krónur í málsvarnarlaun til Hilmars Ingimundarsonar hæstaréttarlögmanns.

Föstudaginn 24. janúar 1992.

Nr. 143/1988. **Björn Emilsson**
(Haraldur Blöndal hrl.)
gegn
Sláturfélagi Arnfirðinga.

Endurkrafa. Útivist í Hæstarétti. Fjárnám. Aðfinnslur.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Guðrún Erlendsdóttir, Gunnar M. Guðmundsson, Haraldur Henrysson, Hrafn Bragason og Pétur Kr. Hafstein.

Áfrýjandi skaut hinum áfrýjaða dómi til Hæstaréttar með stefnu 19. maí 1988 og hinni áfrýjuðu fjárnámsgerð að fengnu áfrýjunarleyfi 27. september sama ár með stefnu 28. sama mánaðar. Hann gerir svofelldar dómkröfur: „aðallega, að hinn áfrýjaði dómur verði ómerktur og málinu vísað frá héraðsdómi, til vara, að hinn áfrýjaði dómur og meðferð málsins í héraði frá og með þinghaldi 11. febrúar (sic) verði ómerkt og málinu vísað til löglegrar málsmeðferðar og dómsálagningar, en til þrautavara, að hinum áfrýjaða dómi verði hrundið og breytt og á þá leið, að áfrýjandi verði sýknaður af öllum kröfum stefnda." Þá krefst áfrýjandi þess, að hin áfrýjaða fjárnámsgerð verði úr gildi felld og að stefndi verði dæmdur til að greiða sér málskostnað fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms svo og, að hin áfrýjaða fjárnámsgerð verði staðfest og að áfrýjandi verði dæmdur til að greiða sér málskostnað fyrir Hæstarétti.

Við munnlegan málflutning fyrir Hæstarétti var ekki sótt þing af hálfu stefnda.

Aðalkrafa áfrýjanda kemur ekki fram í áfrýjunarstefnu, sbr. 3. tl. 2. mgr. 34. gr. laga nr. 75/1973 um Hæstarétt Íslands. Ber því að vísa henni frá Hæstarétti.

Áfrýjandi færir fram þau rök fyrir varakröfu sinni, að rétt hefði verið að fresta málinu, er það var tekið fyrir öðru sinni á bæjarþingi Kópavogs 11. febrúar 1988 og þingsókn féll niður af hálfu stefnda, þar eð lögmaður hans hafi þá haft lögmæt forföll vegna veikinda. Þessi fullyrðing er engum gögnum studd. Verður því að hafna varakröfunni.

Þrautavarakröfu sína um sýknu styður áfrýjandi þeim rökum, að viðskiptum sínum og stefnda hafi lokið þannig, að hann skuldi stefnda ekkert, heldur þvert á móti.

Í stefnu til Hæstaréttar er gerður áskilnaður um að leggja fram ný gögn og til að bera fram málsástæður og rök fyrir sýknukröfu. Þessu stóðu skilyrði í 45. gr. laga nr. 75/1973 í vegi, eins og hér stóð á samkvæmt framansögðu, enda var látið við þenna áskilnað sitja. Samkvæmt því ber að dæma málið á sama grunni og það var dæmt í héraði.

Að frátalinni 9.000 króna reikningsskuld áfrýjanda við stefnda er áfrýjandi endurkrafinn í málinu um ýmsar greiðslur, sem hann stóð fyrir af hálfu hins stefnda félags á árunum 1983 og 1984, er hann sá um rekstur þess. Þær telur stefndi sér óviðkomandi, svo sem rakið er í hinum áfrýjaða dómi. Skorti fylgiskjöl í bókhaldi stefnda fyrir ýmsum þessara greiðslna og skýringar á tilurð þeirra og tilefni. Fjárhæðir þær, sem krafist er endurgreiðslu á, eru í samræmi við framlögð gögn í héraði. Verður við það að miða, að ágreiningur málsaðila lúti eingöngu að því, hvort til greiðslna þessara hafi verið stofnað í þágu stefnda eða áfrýjanda sjálfs, og þar með, hver sé að lögum greiðsluábyrgð á þeim þeirra í milli. Ljóst er, að brýnt var, að aflað væri um þetta tiltækra gagna og skýrslna í málinu. Eins og atvikum málsins er háttað, hlaut sú gagnaöflun að mæða mjög á áfrýjanda. Fyrir þá sök raskar útivist hans í héraði óhjákvæmilega réttarstöðu hans í málinu.

Samkvæmt framansögðu og með skírskotun til forsendna hins áfrýjaða dóms ber að staðfesta hann svo og hina áfrýjuðu fjárnámsgerð, sem ekki sætir andmælum út af fyrir sig.

Eftir þessum málalokum ber að dæma áfrýjanda til að greiða stefnda málskostnað fyrir Hæstarétti. Ákveðst hann með hliðsjón af útivist stefnda 30.000 krónur.

Á það skorti, að málatilbúnaður í héraði væri nægilega skýr og skilvirkur, einkum að því er varðar uppsetningu kröfugerðar, aðgreiningu einstakra þátta hennar og reifun þeirra. Er þetta aðfinnsluvert.

Verulegir agnúar eru á dómsgerðum í máli þessu og ágripi þeirra að því leyti, að þar er margt torlæsilegt. Verður að átelja þetta.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur og hin áfrýjaða fjárnámsgerð eiga að vera óröskuð.

Áfrýjandi, Björn Emilsson, greiði stefnda, Sláturfélagi Arnfirðinga, 30.000 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti.

Dómur bæjarþings Kópavogs 22. febrúar 1988.

Mál þetta, sem dómtekið var 11. febrúar sl., er höfðað fyrir bæjarþinginu með stefnu, birtri 17. desember sl., af Sláturfélagi Arnfirðinga, Bíldudal, nnr. 8189-4515, gegn Birni Emilssyni, nnr. 1327-0570, Kársnesbraut 59, Kópavogi, til greiðslu skuldar, að fjárhæð 673.655,76 kr., auk [nánar tilgreindra vaxta]. Þá er krafist málskostnaðar að skaðlausu samkvæmt gjaldskrá LMFÍ.

Stefnandi kveður málsatvik vera þau, að stefndi hafi að verulegu leyti séð um rekstur stefnanda árin 1983 og 1984. Skuldin væri til komin vegna ýmissa úttekta stefnda, ýmist á peningum hjá stefnanda eða vörum eða þjónustu óviðkomandi stefnanda, en stefndi hafi látið stefnanda greiða. Á mót nefndum úttektum hafi stefndi lagt fram reikninga frá einkafyrirtæki sínu fyrir vinnu sína hjá stefnanda. Stefnandi mótmælir þessum reikningum sem allt of háum, og hafi stefnandi boðist til að greiða helming nefndra reikninga, og væri tekið tillit til þess í stefnufjárhæð. Þá hafi stefndi lagt fram reikning fyrir sturtuvagni, og hafi einnig verið tekið tillit til þess í stefnufjárhæð. Í upphafi árs hafi stefnandi átt útistandandi hjá stefnda 9.000 kr. frá fyrra ári. Hinn 13/10 1983 hafi stefndi látið millifæra 100.000 kr. út af reikningi stefnanda yfir á viðskiptareikning sinn. Hinn 28/12 1983 hafi stefndi tekið út 190.000 kr. með ávísun út af bankareikningi stefnanda. Hinn 11/1 1984 hafi stefndi tekið 82.354 kr. með ávísun út af bankareikningi stefnanda. Hinn 2/4 1984 hafi stefndi tekið 15.340 kr. með ávísun út af bankareikningi stefnanda. Hinn 10/4 1984 hafi stefndi tekið 7.500 kr. út af bankareikningi stefnanda. Hinn 6/12 1983 hafi stefndi tekið vörur út hjá Málningu h/f fyrir samtals 6.958,76 kr. Vörurnar hafi verið færðar í viðskiptareikning stefnanda, sem hafi greitt úttektina 27/1 1987. Sonur stefnda, Emil Björnsson, hafi kvittað fyrir móttöku varanna. Hinn 27/1 1984 hafi stefndi tekið ýmsar vörur út hjá Ofnasmiðjunni h/f. Staðgreiðslunóta væri rituð út á einkafyrirtæki stefnda, enda hafi vörurnar ekki verið ætlaðar til nota fyrir stefnanda. Stefndi hafi hins vegar látið stefnanda greiða vörurnar, samtals 18.000 kr. Hinn 27/2 1984 hafi stefndi látið stefnanda greiða reikning vegna aksturs sendibifreiðar með rusl fyrir einkafyrir-

tæki sitt, samtals 740 kr. Hinn 25/2 1984 hafi stefndi greitt 8.283 kr. með ávísun út af bankareikningi stefnanda fyrir vöru og þjónustu til Barkar h/f, sem hafi verið stefnanda óviðkomandi. Hinn 11/7 1984 hafi stefndi tekið 18.000 kr. með ávísun út af bankareikningi stefnanda. Þá hafi stefnandi verið krafinn um greiðslu á 400.000 kr. vegna kaupa hans á tveimur frystigámum. Frystigáma þessa hafi stefndi keypt í eigin nafni, en hins vegar látið stefnanda borga þá. Frystigámar þessir hafi aldrei nýst stefnanda né heldur komist í vörslur stefnanda. Samanlagðar nemi fjárhæðir þessar 856.202.76 kr.

Á móti framangreindum úttektum stefnda hafi hann lagt fram reikninga. Reikningur, dagsettur í febrúar 1984, að fjárhæð 60.000 kr., fyrir 5 tonna sturtuvagni, sem stefndi hafi selt stefnanda. Til þessa reiknings sé tekið tillit að fullu. Þá hafi stefndi einnig lagt fram 12 reikninga frá einkafyrirtæki sínu, Teiknistofunni Laugavegi 96. Samtals væru reikningar þessir upp á 245.094 kr. Stefnandi hafi boðist til að greiða stefnda helming þessarar fjárhæðar fyrir störf sín hjá stefnanda. Stefnandi hafi aldrei samið um það við Teiknistofuna Laugavegi 96, að menn á hennar vegum ynnu fyrir sig. Samið hafi verið beint við Björn Emilsson um, að hann starfaði hjá stefnanda sem launþegi, en alls ekki, að hann legði fram reikninga frá einkafyrirtæki sínu, þar sem gerð væri krafa um útselda vinnu. Þannig væru 122.547 kr. dregnar frá úttektum stefnda vegna endurgjalds til hans fyrir vinnu sína fyrir stefnanda. Samanlagðar nemi þessar fjárhæðir 182.547 kr. Þegar þessi fjárhæð hafi verið dregin frá ofangreindum úttektum stefnda hjá stefnanda, sé stefnufjárhæðin fundin, 673.655,76 kr.

Um lagarök vísar stefnandi til almennra og sérstakra reglna kröfuréttarins um greiðslu fjárskuldbindinga auk almennra reglna samningaréttarins.

Af hálfu stefnda var sótt þing, þegar málið var þingfest 14. janúar 1988, en er málið var tekið fyrir á reglulegu bæjarþingi 11. febrúar sl., féll þingsókn niður af hálfu stefnda. Verður þá eftir 118. gr. laga nr. 85/1936 að dæma eftir framlögðum skjölum og skilríkjum, og þar sem þau eru í samræmi við dómkröfur stefnanda, verða kröfur hans teknar til greina að öllu leyti.

Málskostnaður ákveðst 83.452 kr., þ.m.t. söluskattur.

Dóminn kvað upp Sigríður Ingvarsdóttir héraðsdómari.

Dómsorð:

Stefndi, Björn Emilsson, greiði stefnanda, Sláturfélagi Arnfirðinga, Dýrafirði, 673.655,76 kr. auk 32% ársvaxta af 673.655,76 kr. frá 1.1. '85 til 1.2. '85, en 3,75% mánaðarvaxta frá þeim degi til 1.3. '85, en 4% mánaðarvaxta frá þeim degi til 1.6. '85, en 3,5% mánaðar-

vaxta frá þeim degi til 1.9. '85, en 3,75% mánaðarvaxta frá þeim degi til 1.3. '86, en 2,75% mánaðarvaxta frá þeim degi til 1.4. '86, en 2,25% mánaðarvaxta frá þeim degi til 1.3. '87, en 2,5% mánaðarvaxta frá þeim degi til 1.6. '87, en 33,6% ársvaxta frá þeim degi til 1.7. '87, en 36% ársvaxta frá þeim degi til 1.8. '87, en 40,8% ársvaxta frá þeim degi til 1.9. '87, en 42% ársvaxta frá þeim degi til 1.10. '87, en 43,2% ársvaxta frá þeim degi til 1.11. '87, en 45.6% ársvaxta frá þ.d. til 1.12. '87, en 49,2% ársvaxta frá þ.d. til stefnubirtingardags, en hæstu lögleyfðu vanskilavaxta, eins og þeir eru ákveðnir af Seðlabanka Íslands á hverjum tíma, frá þeim degi til greiðsludags, en vextir leggjast við höfuðstól á 12 mánaða fresti, í fyrsta sinn 1. janúar 1986, og 83.452 kr. í málskostnað, allt innan 15 daga frá birtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Fjárnámsgerð fógetaréttar Kópavogs 16. maí 1988.

Ár 1988, mánudaginn 16. maí, var fógetaréttur Kópavogs settur að Kársnesbraut 59, Kópavogi, og haldinn þar af fulltrúa bæjarfógeta, Guðgeiri Eyjólfssyni, með undirrituðum vottum. Fyrir var tekið málið: Sláturfélag Arnfirðinga gegn Birni Emilssyni.

Fógeti leggur fram:

nr. 1, gerðarbeiðni, nr. 2, dóm bæjarþings Kópavogs 22/2 1988 ásamt birtingarvottorði.

Fyrir gerðarbeiðanda mætir Bjarni Þór Óskarsson lögfr. og krefst fjárnáms fyrir 673.655,76 kr. með 32% ársvöxtum af 673.655,76 frá 1.1. '85 til 1.2. '85, 3,75% frá þ.d. til 1.3. '85, 4% mánaðarvöxtum frá þ.d. til 1.6. '85, 3,5% mánaðarvöxtum frá þ.d. til 1.9. '85, 3,75% mánaðarvöxtum frá þ.d. til 1.3. '86, 2,75% mánaðarvöxtum frá þ.d. til 1.4. '86, 2,25% mánaðarvöxtum frá þ.d. til 1.3. '87, 2,5% mánaðarvöxtum frá þ.d. til 1.6. '87, 33,6% ársvöxtum frá þ.d. til 1.7. '87, 36% ársvöxtum frá þ.d. til 1.8. '87, 40,8% ársvöxtum frá þ.d. til 1.9. '87, 42% ársvöxtum frá þ.d. til 1.10. '87, 43,2% ársvöxtum frá þ.d. til 1.11. '87, 45,6% ársvöxtum frá þ.d. til 1.12. '87, 49,2% ársvöxtum frá þ.d. til stefnubirtingardags, en hæstu lögleyfðu vanskilavöxtum, eins og þeir eru ákveðnir af Seðlabanka Íslands á hverjum tíma, frá þ.d. til greiðsludags, 970 kr. í birtingarkostnað, 83.452 kr. í málskostnað skv. gjaldskrá LMFÍ, 4.412 kr. vegna gerðarbeiðni, kostnaðar við gerðina og eftirfarandi uppboðs/innheimtuaðgerða, allt á ábyrgð gerðarbeiðanda, en kostnað gerðarþola.

Gerðarþoli býr hér, en er ekki viðstaddur, en fyrir hann mætir Anna L. Kristjánsdóttir, sem er hér. Áminnt um sannsögli kveðst hún ekki geta greitt.

Skv. kröfu umboðsmanns gerðarbeiðanda og ábendingu mætts lýsti fógeti yfir fjárnámi í eign gerðarþola, Kársnesbraut 59, Kópavogi.

Fallið var frá virðingu.

Fógeti gætti leiðbeiningarskyldu sinnar, skýrði þýðingu gerðarinnar og kvaðst myndu skýra gerðarþola frá fjárnáminu með ábyrgðarbréfi.

Þriðjudaginn 28. janúar 1992.

Nr. 306/1989. **Þrotabú Ingólfs Óskarssonar**
(Hróbjartur Jónatansson hrl.)
gegn
Íslandsbanka hf.
(Ragnar Aðalsteinsson hrl.).

Gjaldþrot. Skuldajöfnuður. Handveð. Sératkvæði.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Guðrún Erlendsdóttir, Gunnar M. Guðmundsson, Haraldur Henrysson, Hrafn Bragason og Pétur Kr. Hafstein.

Frá og með 1. janúar 1990 breyttist heiti stefnda og varð Íslandsbanki hf.

Áfrýjandi skaut máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 10. ágúst 1989. Hann gerir þær dómkröfur, að stefnda verði gert að greiða sér 1.160.802 krónur auk árlegra innlánsvaxta sem hér segir: 28% frá 8. mars 1988 til 11. júní s.á., 29% frá þeim degi til 1. júlí s.á., 32% frá þeim degi til 1. ágúst s.á., 33% frá þeim degi til 21. ágúst s.á., 28% frá þeim degi til 1. september s.á., 18% frá þeim degi til 11. október s.á., 13% frá þeim degi til 21. október s.á., 10% frá þeim degi til 21. nóvember s.á., 7% frá þeim degi til stefnubirtingardags 15. desember 1988, en með dráttarvöxtum samkvæmt 10. gr., sbr. 12. gr. vaxtalaga nr. 25/1987, frá þeim degi til greiðsludags. Þá krefst áfrýjandi málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Nokkur ný skjöl hafa verið lögð fyrir Hæstarétt.

Það er óumdeilt í málinu, að stefndi og Ingólfur Óskarsson gerðu á árinu 1986 samning um kaup hins fyrrnefnda á viðskiptavíxlum og öðrum verðbréfum gegn því, að ákveðinn hundraðshluti af andvirði hinna keyptu viðskiptabréfa yrði lagður inn á sérstakan reikning á nafni Ingólfs Óskarssonar í vörslu stefnda. Hinn umdeildi reikningur, verðtryggður sparireikningur nr. 168198, var stofnaður 15. janúar 1986. Samkvæmt framlögðum gögnum stefnda um hreyfingar á reikningnum var síðasta grunnfjárhæð lögð inn á

reikninginn 15. október 1987, en hinn 18. apríl 1988 er öll innstæða tekin út af reikningnum. Úrskurður um gjaldþrotaskipti á búi Ingólfs Óskarssonar var kveðinn upp 8. mars 1988.

Í máli þessu heldur stefndi því fram, að hann hafi haft handveð í skuldbindingu sinni gagnvart Ingólfi Óskarssyni samkvæmt framangreindum reikningi. Skriflegum samningi um viðskipti þessi er ekki til að dreifa, og stefndi hefur ekki lagt fram gögn, sem skýlaust kveða á um handveð þetta. Gera verður þá kröfu til innlánsstofnana, að eins og hér stendur á, tryggi þær sér skýrar og ótvíræðar sannanir fyrir veðréttindum. Stefndi telst því ekki hafa sannað, að hann hafi átt handveð í innstæðu á verðtryggða sparireikningnum nr. 168198.

Með bréfi 23. ágúst 1988 til áfrýjanda staðfesti lögmaður stefnda fyrir hönd hans, að hann hefði í sinni vörslu 1.160.000 krónur, sem væru „bundin innstæða af keyptum víxlum til tryggingar á móti víxlakaupum". Muni andvirði þess fjár varið til greiðslu viðskiptakrafna Ingólfs Óskarssonar. Með bréfi 4. nóvember sama ár er staðfest, að þetta hafi verið gert. Eins og að framan greinir, virðist þetta í raun gert 18. apríl 1988, en þá er sambærileg fjárhæð tekin út af reikningnum.

Stefndi heldur því fram, að skilyrði og forsenda víxlakaupanna hafi verið stofnun sparireiknings nr. 168198 og að úttektir af bókinni hafi eingöngu verið til greiðslu skulda vegna keyptra verðbréfa, ef aðalskuldari greiddi þau ekki.

Fyrir skiptarétti Reykjavíkur hinn 19. október 1988 lýsti Ingólfur Óskarsson þessum viðskiptum svo, að greiðslur út af framangreindum reikningi hefðu einungis getað farið fram með samþykki stefnda og hann hefði sjálfur aldrei fengið peninga af reikningnum nema til þess að greiða skuldir sínar við stefnda. Gögn málsins um færslur á reikningnum styðja málstað stefnda og frásögn Ingólfs Óskarssonar um viðskipti hans við stefnda. Þegar þetta er virt og það, hversu nátengdur þessi reikningur var kaupum bankans á verðbréfum frá Ingólfi Óskarssyni, þykir mega leggja til grundvallar dómi í málinu, að stefndi hafi getað ráðstafað innstæðu þessari án atbeina Ingólfs Óskarssonar til greiðslu verðbréfa, sem voru í vanskilum, af svokölluðum víxlakvóta, en ómótmælt er, að það hafi stefndi gert.

Telja verður því nægjanlega leitt í ljós, að stefnda hafi verið heimilt að jafna inneign reikningsins gegn skuldum Ingólfs Óskarssonar, eins og hann gerði 18. apríl 1988, þótt hann hefði þá verið úrskurðaður gjaldþrota, sbr. og 32. gr. gjaldþrotalaga nr. 6/1978. Ákvæði 59. gr. sömu laga þykja ekki vera þessu í vegi, eins og hér stendur á. Með framangreindum athugasemdum ber að staðfesta niðurstöðu hins áfrýjaða dóms.

Rétt þykir, að áfrýjandi greiði stefnda málskostnað, eins og í dómsorði greinir. Er þar ekki tekið tillit til virðisaukaskatts.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Áfrýjandi, þrotabú Ingólfs Óskarssonar, greiði stefnda, Íslandsbanka hf., 200.000 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti.

Sératkvæði
hæstaréttardómaranna Gunnars M. Guðmundssonar og Péturs Kr. Hafstein.

Við teljum það nægjanlega fram komið, að stefndi hafi einn haft ráðstöfunarrétt á innstæðu hins umdeilda bankareiknings og hún hafi frá upphafi ekki verið til annars ætluð en að tryggja greiðslu skulda Ingólfs Óskarssonar við stefnda vegna kaupa stefnda á viðskiptavíxlum og öðrum verðbréfum af honum. Því beri að fallast á, að stefndi hafi bæði átt handveð í innstæðu reikningsins og getað jafnað henni á móti gjaldföllnum skuldum þrotamanns á hverjum tíma á eindæmi sitt. Áfrýjandi getur ekki hér fengið betri rétt gagnvart stefnda en Ingólfur Óskarsson hafði. Við teljum þannig, að stefnda hafi verið heimilt að taka til sín andvirði reikningsins 18. apríl 1988, sbr. 32. gr. gjaldþrotalaga nr. 6/1978, sbr. og 2. mgr. 24. gr. sömu laga.

Með þessari athugasemd og skírskotun til forsendna hins áfrýjaða dóms að öðru leyti erum við samþykkir dómsorði meiri hluta dómenda.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 17. júlí 1989.

Mál þetta, sem tekið var til dóms að loknum munnlegum málflutningi 29. f.m., er höfðað hér fyrir þinginu með stefnu, birtri 8. desember 1988.

Stefnandi er Hróbjartur Jónatansson hdl., skiptastjóri í þrotabúi Ingólfs Óskarssonar, kt. 010241-3409, Skógarhlíð 6, Reykjavík.

Stefndi er Alþýðubankinn hf., kt. 420171-0139, Laugavegi 31, Reykjavík.

Dómkröfur stefnanda eru þessar:

aðallega, að stefndi verði dæmdur til þess að afhenda stefnanda sparisjóðsbók nr. 168198, út gefna af stefnda á nafn Ingólfs Óskarssonar, kt. 010241-3409, Hjallavegi 7, Reykjavík, að fjárhæð 1.160.802 kr. auk [nánar tilgreindra vaxta],

til vara, að stefndi verði dæmdur til að greiða 1.160.802 kr. auk hæstu innlánsvaxta frá 8.3.1988 til stefnubirtingardags, en með dráttarvöxtum skv. III. kafla vaxtalaga frá þeim degi til greiðsludags. Enn fremur er krafist málskostnaðar úr hendi stefnda, er beri dráttarvexti skv. III. kafla vaxtalaga að liðnum 15 dögum frá dómsuppsögu til greiðsludags.

Dómkröfur stefnda eru þær, að hann verði sýknaður af öllum kröfum stefnanda, og jafnframt, að stefnandi verði dæmdur til að greiða málskostnað að skaðlausu, er beri dráttarvexti skv. III. kafla vaxtalaga frá 15. degi eftir uppsögu dóms til greiðsludags.

I.

Stefnandi kveður málavexti eftirfarandi:

Með úrskurði, upp kveðnum 8. mars 1988, var bú Ingólfs Óskarssonar, kt. 010241-3409, Hjallavegi 7, Reykjavík, og einkafirma hans, Sportvöruverslunar Ingólfs Óskarssonar, Klapparstíg 40, Reykjavík, tekið til opinberra skipta sem gjaldþrota. Var innköllun gefin út 10. mars 1988, og birtist hún fyrst í 54. tbl. Lögbirtingablaðsins 5. maí sl. Lauk kröfulýsingarfresti 5.7.1988, og var fyrsti skiptafundur haldinn 2. september 1988. Hinn 18. mars 1988 skipaði skiptaráðandinn í Reykjavík Hróbjart Jónatansson hdl. bústjóra til bráðabirgða í þrotabúinu, og var hann kosinn skiptastjóri í búinu á skiptafundi 2.9.1988.

Hinn 6. apríl 1988 ritaði skiptastjóri stefnda bréf og tilkynnti um gjaldþrotaskipti á búi Ingólfs Óskarssonar, auk þess sem þess var krafist, að öllum reikningum þrotamanns við stefnda yrði lokað og fjármunum hans tafarlaust komið í vörslur skiptaráðandans í Reykjavík til varðveislu. Hinn 6.6.1988 átti skiptastjóri fund með lögmanni stefnda, Guðjóni Á. Jónssyni hdl., á skrifstofu skiptaráðandans í Reykjavík, þar sem m.a. var tilkynnt, að stefndi hefði handveð í tiltekinni sparisjóðsbók þrotamanns við stefnda til tryggingar öllum kröfum stefnda á hendur þrotamanni. Með bréfi, dags. 16.6.1988, ritaði skiptastjóri lögmanni stefnda bréf, þar sem óskað var

þess, að skjölum um framangreindan handveðssamning þrotamanns og stefnda yrði komið á framfæri við stefnanda, svo að unnt yrði að taka afstöðu til umræddrar kröfu stefnda. Hinn 27.6.1988 var þrotamaður yfirheyrður í skiptarétti Reykjavíkur, og var bókað eftir honum í skiptabók Reykjavíkur, að hann hefði ekki gert handveðssamninga við banka. Framannefndum bréfum svaraði stefndi eigi, og voru nefndar óskir ítrekaðar með bréfi til stefnda, dags. 26. júlí 1988. Hinn 5. júlí 1988 ritaði stefndi kröfulýsingu í stefnanda, þar sem krafist var 7.000.000 kr. utan skuldaraðar. Var kröfum þessum hafnað að svo stöddu með bréfi 19. júlí 1988. Með bréfi, dags. 23. ágúst 1988, tilkynnti lögmaður stefnda, að stefndi hefði í sinni vörslu u.þ.b. 1.160.000 kr., er væru innstæða þrotamanns vegna seldra víxla til stefnda, og myndi því fé verða varið til greiðslu á skuldum þrotamanns við stefnda. Hinn 4. nóvember 1988 lýsti stefndi endanlegum kröfum sínum til stefnanda, þar sem m.a. kom fram, að stefndi hefði nýtt andvirði af sparisjóðsbók þrotamanns, nr. 168198, til greiðslu á skuldum stefnda, í stað þess að skila stefnanda sparisjóðsbókinni ellegar andvirði hennar. Með bréfi, dags. 15.11.1988, ítrekaði skiptastjóri enn höfnun á veðrétti í umþrættri sparisjóðsbók til handa stefnda og krafðist tafarlausrar afhendingar hennar. Hinn 28. nóvember 1988 synjaði lögmaður stefnda um afhendingu á bókinni, þar sem andvirði hennar hefði verið varið til greiðslu á skuldum við stefnda.

Málsástæður og lagarök.

Aðalkrafa.

Stefnandi reisir kröfur sínar um afhendingu hinnar umþrættu sparisjóðsbókar á þeirri málsástæðu, að bókin og þeir fjármunir, sem í hana voru skráðir, hafi verið eign þrotamanns, Ingólfs Óskarssonar, nú þrotabús hans, og beri stefnda í samræmi við ákvæði 25. gr., sbr. 22. gr. laga nr. 6/1978, að afhenda stefnanda bankabókina til ráðstöfunar. Hafi stefndi eigi sýnt fram á réttindi sín til ráðstöfunar á sparisjóðsbókinni í sína þágu án afskipta stefnanda, svo sem með samningum um handveð.

Sökum þessa séu vörslur stefnda á sparisjóðsbókinni óheimilar gegn mótmælum stefnanda, og beri stefnda að afhenda sparisjóðsbókina með innstæðu og áföllnum vöxtum stefnanda.

Því sé haldið fram af hálfu stefnda, að stofnast hafi samningur á milli þrotamanns, Ingólfs Óskarssonar, og stefnda um handveð til handa stefnda í innstæðu nefndrar sparisjóðsbókar til tryggingar skuldbindingum þrotamanns. Þrátt fyrir ítrekaðar óskir þar um hefur stefndi eigi fært sönnur á slíkan veðsamning. Hvorki hafa skjöl verið lögð fram til stuðnings staðhæfingum um veðsamning né hafa vitnisburðir þrotamanns eða annarra ýtt stoðum undir fyllyrðingar stefndu.

Í þinghaldi í skiptarétti Reykjavíkur 27.6.1988 sé bókað:

„Bústjóri spyr út í, hvort samið hafi verið um handveðssetningu fyrir fram í bókum, sem bankar telja sig hafa handveð í. Mætti kveðst ekki vita til þess, en útiloki ekki slíkt."

Skiptastjóri stefnanda telur framangreind ummæli þrotamanns hnekkja fullyrðingum stefnda þess efnis, að fullgildur samningur hafi komist á um handveð í sparisjóðsbókinni.

Stefnandi vísar í þá meginreglu gjaldþrotalaga nr. 6/1978 svo og skiptalaga nr. 3/1878 ásamt síðari breytingum, er varðar jafnræði kröfuhafa til fullnustu krafna sinna úr þrotabúi. En í lögum þessum eru forréttindi einstakra kröfuhafa til fullnustu af eigum þrotabús frávik frá hinni almennu reglu og koma einungis til álita í þeim tilvikum, þegar ótvíræð lagaskilyrði eru til. Sökum þessa ber að skýra þröngri lögskýringu sérréttindaákvæði til einstakra kröfuhafa, er veiti einstökum lánardrottnum forgang til fullnustu krafna sinna umfram aðra, og krefjast þess, að slík réttindi séu óumdeilanlega stofnuð með gildum hætti skv. gjaldþrotalögum.

Einstakir kröfuhafar, sem telja sig eiga rétt til fullnustu utan skuldaraðar, njóta eigi réttarverndar, nema sérstakar ráðstafanir hafi verið gerðar til verndunar réttindum í samræmi við almennar reglur þar um. Hinar víðtæku riftunarreglur VIII. kafla gjaldþrotalaga bera þess glöggt vitni, hversu strangar kröfur eru gerðar til tryggingar einstökum réttindum, svo að þau teljist gild gagnvart lögunum, sbr. t.d. ákvæði 57. gr. laganna, sbr. 24. gr.

Stefnandi bendir á framlögð tryggingarbréf, sem séu fullgild skv. efni sínu, enda út gefin og þinglýst og veita stefnda því tilætlaða réttarvernd.

Þegar framangreind lagaskilyrði og sjónarmið séu virt, sé ljóst, að því aðeins eigi stefndi rétt til fullnustu utan skuldaraðar af innstæðu hinnar umþrættu sparisjóðsbókar, ef hann sannar ótvíræð veðréttindi sín í bókinni.

Slíkt hafi stefndi eigi getað sannað, og beri honum því að afhenda bókina eiganda hennar, stefnanda máls þessa, með innstæðu og áföllnum vöxtum.

Varakrafa.

Af bréfi lögmanns stefnda, dags. 28.11.1988, til skiptastjóra stefnanda má ráða, að stefndi hafi ráðstafað hinn 18.4.1988 allri innstæðu á sparisjóðsbókinni, þ.m.t. áföllnum vöxtum, til lúkningar skuldum þrotamanns við stefnda, enda þótt stefnandi hefði áður krafist afhendingar bókarinnar. Telur stefnandi slíka ráðstöfun fjármuna stefnanda af hálfu stefnda óheimila greiðslu á skuld eftir úrskurð um gjaldþrot, og sæti hún því riftun skv. ákvæðum VIII. kafla laga nr. 6/1978, sbr. einkum 59. gr. og 61. gr. laganna.

Stefnandi bendir á, að fyrst í greinargerð lögmanns stefnda, sem lögð

hafi verið fram í máli þessu 26. janúar 1989, komi fram af hálfu stefnda sú fullyrðing, að stefndi sé eigandi sparisjóðsbókarinnar. Slíkt sé vitanlega fráleitt og með öllu óskiljanlegt þrátt fyrir tilraunir stefnda til útskýringa í málflutningi. Fróðlegt væri að fá upplýsingar um það, hvort stefndi, Alþýðubankinn, teldi sig eiganda að öllum sparisjóðsbókum, sem viðskiptavinir hans vistuðu í bankanum.

Við munnlegan málflutning dró stefnandi í efa framburð Ingólfs Óskarssonar fyrir skiptarétti 19. október 1988 og lýsti því, að lítt væri að treysta framburði hans, þar sem hann ætti persónulegra hagsmuna að gæta.

II.

Stefndi lýsir málavöxtum svo, að viðskipti bankans og Ingólfs Óskarssonar hafi staðið lengi og nefnd sparisjóðsbók hafi verið sérstaklega stofnuð 17. janúar 1986 til þess að tryggja greiðslu skulda Ingólfs við bankann. Bankinn og Ingólfur hafi gert samning um svokallaðan víxlakvóta, þ.e. bankinn heimilaði, að keyptir yrðu af Ingólfi viðskiptavíxlar og önnur viðskiptabréf upp að ákveðnu hámarki samkvæmt ákvörðun hverju sinni. Skilyrði og forsenda verðbréfakaupanna hafi verið stofnun sparisjóðsbókar þeirrar, sem um sé deilt í máli þessu, og skyldi inn á hana leggja 10% af andvirði hinna keyptu viðskiptabréfa. Þannig hafi innstæða bókarinnar hækkað eftir því, sem viðskiptin jukust, og hafi innstæðan einungis verið til komin með þessum hætti. Úttektir af bókinni hafi einvörðungu verið í höndum bankans og hans ákvörðun, hvort nota skyldi brot af innstæðu bókarinnar til að greiða skuldir Ingólfs vegna keyptra verðbréfa í vanskilum, ef skuldirnar greiddust ekki ella.

Stefndi reisir sýknukröfu sína í fyrsta lagi á því, að sparisjóðsbókin hafi verið eign Alþýðubankans hf. allt frá stofnun hennar 17. janúar 1986. Ingólfur Óskarsson hafi aldrei haft ráðstöfunarrétt á bókinni eða andvirði hennar að neinu leyti, heldur hafi sá réttur verið algerlega í höndum bankans. Andvirði bókarinnar hafi átt að mæta áhættunni af því, að keypt verðbréf greiddust, og yfirfærsla á eignarrétti innstæðunnar hafi ekki átt að eiga sér stað, nema viðskiptamaður gerði upp allar skuldir sínar við bankann og felldur væri niður samningur um kaup á viðskiptakröfum. Á tímabilinu frá 17.1.1986 til 18.4.1988 hafi sex útborganir átt sér stað úr bókinni, allar samkvæmt einhliða ákvörðun bankans, enda hafi Ingólfur Óskarsson engu ráðið þar um samkvæmt samningi aðila. Engin rök séu fyrir því, að þrotabú Ingólfs öðlist betri rétt til innstæðu bókarinnar en þrotamaður hafði fyrir gjaldþrotið. Bókin hafi aldrei verið í vörslu þrotamanns og innstæða hennar á hverjum tíma aðeins ætluð til að tryggja skuldir þrotamanns við bankann. Nafn Ingólfs við númer bókarinnar hafi ekki veitt honum sjálfstæðan rétt til hennar. Sparisjóðsbókin hafi því ekki verið eign

þrotamanns skv. 22. gr. laga nr. 6/1978 fyrir uppsögu gjaldþrotaúrskurðar og sé því ekki eign þrotabúsins skv. 25. gr. sömu laga.

Verði ekki á þetta fallist, er sýknukrafan í öðru lagi á því reist, að til fullgilds handveðs í innstæðu bókarinnar hafi verið stofnað 17.1.1986, er bókin var stofnuð. Ljóst sé, að bankinn hafi öðlast tryggingarréttindi í bókinni, þar sem hún hafi gagngert verið stofnuð til þess að tryggja greiðslu skulda Ingólfs við bankann. Þess vegna hafi bankinn gert sérstakar ráðstafanir til verndar rétti sínum með því að halda umráðum bókarinnar og einkarétti á ráðstöfun innstæðu bókarinnar. Ingólfur Óskarsson hafi sjálfur lýst þessu í þinghaldi í skiptarétti Reykjavíkur og vísað í viðtekna reglu í bönkum og vel þekkta viðskiptavenju. Formbundinn samningur sé ekki skilyrði fyrir stofnun fullgilds handveðs. Þegar þetta sé virt, verði að telja, að stefnandi verði að sýna fram á, að stefndi hafi ekki handveð í innstæðu bókarinnar, og það hafi ekki tekist.

Í þriðja lagi, verði ekki þrátt fyrir allt fallist á, að handveð hafi stofnast, þá hafi bankinn a.m.k. haldsrétt í bókinni. Stefnda hafi ekki borið að afhenda stefnanda bókina eða innstæðu hennar við upphaf skipta nema fá jafnframt greiddar lýstar kröfur í þrotabúið, sem bókin hafi tryggt. Skuldajafnaðarréttur rýmkist mjög við gjaldþrot skv. 32. gr. gjaldþrotalaga.

Stefndi mótmælir sérstaklega varakröfu stefnanda um riftun, þar sem hinu almenna skilyrði riftunar skv. VIII. kafla gjaldþrotalaga um, að ráðstöfun hafi rýrt efni búsins, sé ekki fullnægt. Réttindi stefnda til innstæðu bókarinnar séu réttindi utan skuldaraðar, og sé því ekki um brot á jafnræðisreglu gjaldþrotalaga að ræða. Jafnvel þótt innstæða bókarinnar væri talin eign stefnanda í skilningi 25. gr. laganna, þá sé handveð eða haldsréttur stefnda verndaður af 2. mgr. 24. gr. sömu laga, og stefndi eigi því rétt á fullnustu utan skipta.

Stefndi bendir á, að í sundurliðun kröfulýsingar hans í þrotabúið sé endanleg fjárhæð lýstra krafna 2.028.378 kr., og hafi þá verið dregnar frá heildarskuldum þrotabúsins við stefnda á úrskurðardegi 1.160.802 kr., sem hafi verið innstæða bókarinnar 18. apríl 1988, þegar bankinn hafi tekið fjárhæð þessa út af henni upp í kröfur sínar.

III.

Í dómþingi 9. maí sl. lýstu aðilar gagnaöflun lokið, og var ákveðið að taka málið til munnlegs málflutnings án skýrslutöku fyrir dómi. Aðilar voru sammála um að leggja mál þetta í dóm án frekari gagnaöflunar hér fyrir dómi en þeirrar, er í sóknar- og varnarskjölum greinir, og eru þeir því bundnir af sönnunarfærslu þeirri, sem á þessum gögnum verður reist.

Stefndi hefur lýst samningi þeim, sem Ingólfur Óskarsson gerði við bankann, og verður að leggja fullyrðingar stefnda og Ingólfs Óskarssonar um

efni samnings þessa til grundvallar, enda eru þær studdar framlögðum gögnum bankans um hreyfingar á sparisjóðsbókinni, og mótmæli stefnanda við þeim í munnlegum málflutningi voru allt of seint fram komin, sbr. 3. mgr. 110. gr. laga nr. 85/1936.

Af samningi bankans og Ingólfs Óskarssonar um kaup bankans á viðskiptabréfum og stofnun hinnar umdeildu sparisjóðsbókar til tryggingar greiðslu skulda Ingólfs við bankann verður ekki ráðið, að bókin hafi átt að vera eign bankans, og verður sú málsástæða stefnda því ekki tekin til greina. Bókin verður því talin hafa verið eign Ingólfs Óskarssonar.

Af samningi bankans og Ingólfs Óskarssonar má vera ljóst, að sparisjóðsbókin hafi sérstaklega verið stofnuð til þess að tryggja greiðslu skulda Ingólfs við bankann. Bankinn hélt umráðum bókarinnar og hafði einkarétt á að ráðstafa innstæðu hennar til þess að greiða skuldir og ábyrgðir Ingólfs. Ekki er annað leitt í ljós en Ingólfur Óskarsson hafi verið útilokaður frá því að ráðstafa innstæðu bókarinnar á eigin spýtur. Að þessu leyti verður að telja leitt í ljós, að bankinn hafi haft bókina að handveði með samningi við Ingólf, þótt formbundinn veðsamningur hafi ekki verið gerður, enda var ljóst, hvað veðið átti að tryggja og hvernig bankinn mátti leita fullnustu í því.

Ber því að taka sýknukröfu stefnda til greina, en rétt þykir, að hvor aðila beri sinn málskostnað.

Garðar Gíslason borgardómari kvað upp dóminn.

Dómsorð:

Stefndi, Alþýðubankinn hf., skal vera sýkn af kröfum stefnanda, þrotabús Ingólfs Óskarssonar, í máli þessu.

Hvor aðila beri sinn málskostnað.

Miðvikudaginn 29. janúar 1992.

Nr. 380/1989. **Þrotabú Sigurðar Guðmundssonar**
(Ingi Ingimundarson hrl.)
gegn
Þórarni Kópssyni
(Björgvin Þorsteinsson hrl.).

Frávísun frá Hæstarétti. Gjaldþrotaskipti. Lögvarðir hagsmunir.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Hrafn Bragason og Hjörtur Torfason og Sveinn Snorrason hæstaréttarlögmaður.

Sigurður Guðmundsson hefur áfrýjað máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 29. september 1989 að fengnu áfrýjunarleyfi 25. s.m. Hefur hann krafist þess aðallega, að hinn áfrýjaði dómur verði ómerktur og málinu vísað heim í hérað til löglegrar meðferðar, en til vara þess, að hann verði sýknaður af öllum kröfum stefnda. Þá verði stefnda gert að greiða sér málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti. Kröfur þessar voru settar fram í greinargerð 29. september 1990, er Jón Bjarnason hæstaréttarlögmaður lagði fram fyrir Sigurðar hönd.

Með úrskurði skiptaréttar Reykjavíkur 10. september 1990 var bú Sigurðar Guðmundssonar tekið til gjaldþrotaskipta. Skiptastjóri var ráðinn snemma vors 1991 til að fara með búið, og hefur hann tekið við rekstri málsins af þess hálfu. Gerir hann sömu kröfur og fyrr greinir að viðbættri þeirri þrautavarakröfu, að málskostnaður í héraði og fyrir Hæstarétti falli niður.

Stefndi hefur gert þær dómkröfur, að hinn áfrýjaði dómur verði staðfestur og áfrýjandi dæmdur til að greiða sér málskostnað fyrir Hæstarétti. Við munnlegan flutning málsins var því haldið fram af hálfu stefnda með vísan til 2. mgr. 19. gr. laga nr. 75/1973 um Hæstarétt Íslands, að vísa bæri málinu frá Hæstarétti án kröfu vegna þeirrar viðurkenningar, sem krafa stefnda á grundvelli héraðsdóms hafi hlotið við meðferð á þrotabúinu.

Fyrir Hæstarétt hafa verið lögð gögn um skiptin á þrotabúi áfrýjanda. Kröfulýsingarfrestur rann út 31. desember 1990, og lýsti lögmaður stefnda í héraði kröfu hans í búið með bréfi 8. nóvember

1990. Lét hann þess ógetið, að héraðsdómi um kröfuna hefði verið áfrýjað. Ekki var ljóst fyrr en eftir fyrsta skiptafund, að eignir væru í búinu. Var skiptastjóri þá ráðinn, og lauk hann 8. apríl 1991 við gerð skrár um lýstar kröfur samkvæmt 1. mgr. 108. gr. gjaldþrotalaga nr. 6/1978. Lagði skiptastjóri þar til, að krafa stefnda yrði viðurkennd sem almenn krafa, að fjárhæð 3.085.050 krónur. Með bréfi til lögmanns stefnda 9. s.m. tilkynnti skiptastjórinn þessa afstöðu sína til kröfunnar. Ekkert hefur fram komið, er bendi til þess, að réttra aðferða hafi ekki verið gætt við gerð kröfuskrár og kynningu hennar fyrir kröfuhöfum.

Hinn 18. apríl 1991 var haldinn skiptafundur til að taka afstöðu til krafna í búið á grundvelli álitsgerðar skiptastjóra. Voru þar mættir fulltrúar fjögurra kröfuhafa og fyrrnefndur lögmaður þrotamanns, sem búið hafði áfrýjunarmál hans til flutnings fyrir Hæstarétti. Á fundinum var ekki hreyft neinum andmælum við afstöðu skiptastjóra til kröfu stefnda, og mátti krafan þannig teljast samþykkt af hálfu búsins, sbr. 110. gr. gjaldþrotalaga. Um kröfuna hefur ekkert verið fjallað á síðari skiptafundum í búinu né heldur um mál þetta.

Hér fyrir dómi hefur skiptastjóri lýst því yfir, að við gerð kröfuskrár hafi sér verið ókunnugt um, að máli þessu hefði verið áfrýjað, og hafi hann frétt af því löngu síðar. Afstaða sín til kröfu stefnda hafi mótast af því, að héraðsdómur væri endanlegur, enda áfrýjunarfrestur liðinn. Geti hún ekki talist bindandi, eins og hér standi á, heldur sé sér rétt að leiða málið til lykta fyrir hönd búsins.

Við gjaldþrot Sigurðar Guðmundssonar tók þrotabú hans við aðild að máli þessu. Taka bar afstöðu til þess við athugun á kröfu stefnda, hvernig bregðast skyldi við áfrýjun málsins. Við umfjöllun á löglegum skiptafundi var krafan samþykkt án fyrirvara af hálfu kröfuhafa í búinu og án athugasemda af hálfu þrotamanns, eins og þegar er fram komið. Telja verður með vísan til ákvæða 1. mgr. 110. gr. gjaldþrotalaga, að þetta samþykki við kröfunni samrýmist ekki frekari meðferð máls þessa, og hafi búið nú ekki lögvarða hagsmuni af áfrýjun þess. Samkvæmt því ber að vísa málinu frá Hæstarétti ex officio.

Rétt er eftir atvikum, að málskostnaður fyrir Hæstarétti falli niður.

Dómsorð:

Máli þessu er vísað frá Hæstarétti.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 2. mars 1989.

Mál þetta, sem dómtekið var 21. febrúar sl., er höfðað fyrir bæjarþinginu með áskorunarstefnu, birtri 24. júní 1988, af Þórarni Kópssyni, nafnnr. 9415-6475, Krosshömrum 1, Reykjavík, gegn Sigurði Guðmundssyni, nafnnr. 7860-3690, Logafold 166, Reykjavík.

Dómkröfur.

Dómkröfur stefnanda eru þær, að stefndi verði dæmdur til greiðslu skuldar, að fjárhæð 1.079.626 kr., með [nánar tilgreindum vöxtum svo og málskostnaðar].

Niðurstaða.

Stefnandi hefur lagt fram í málinu fjóra víxla með formlegri heimild sér til handa. Allir eru víxlarnir án afsagnar, en þess ekki getið í stefnu. Ekki er fallist á þá málsástæðu stefnda, að slík vanlýsing leiði til sýknu, og verður þessi málsástæða stefnda því ekki tekin til greina.

Telja verður gegn andmælum stefnanda, að mótmæli þau, er komu fram af hálfu stefnda eftir framlagningu greinargerðar og áður eru rakin, séu of seint fram komin, sbr. 110. gr. laga nr. 85/1936, og komi því ekki til álita.

Ber því að taka til greina kröfur stefnanda að öllu leyti og dæma stefnda til greiðslu málskostnaðar, sem þykir hæfilega ákveðinn 214.000 kr., þar með talinn söluskattur.

Kristjana Jónsdóttir borgardómari kvað upp dóm þennan.

Dómsorð:

Stefndi, Sigurður Guðmundsson, greiði stefnanda, Þórarni Kópssyni, 1.079.626 kr. með 40,8% ársvöxtum frá 18. ágúst 1987 til 1. september 1987, með 42% ársvöxtum frá þeim degi til 1. október 1987, með 43,2% ársvöxtum frá þeim degi til 1. nóvember 1987, með 45,6% ársvöxtum frá þeim degi til 1. desember 1987, með 49,2% ársvöxtum frá þeim degi til 1. janúar 1988, með 51,6% ársvöxtum frá þeim degi til 1. mars 1988, með 45,6% ársvöxtum frá þeim degi til 1. maí 1988, með 44,4% ársvöxtum frá þeim degi til 24. júní 1988, en með dráttarvöxtum skv. III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987 frá þeim degi til greiðsludags, þannig, að áfallnir dráttarvextir leggist við höfuðstól á 12 mán-

aða fresti, í fyrsta sinn 18. ágúst 1988, og 214.000 kr. í málskostnað, allt innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Miðvikudaginn 29. janúar 1992.

Nr. 276/1991. **Ákæruvaldið**
(Björn Helgason saksóknari)
gegn
Róbert Guðmundssyni
(Hilmar Ingimundarson hrl.).

Skjalafals.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Guðrún Erlendsdóttir, Gunnar M. Guðmundsson, Haraldur Henrysson, Hrafn Bragason og Pétur Kr. Hafstein.

Ríkissaksóknari hefur með stefnu 14. júní 1991 skotið máli þessu til Hæstaréttar að ósk ákærða, en einnig af hálfu ákæruvaldsins til þyngingar refsingu.

Nafn ákærða samkvæmt fæðingarvottorði er Sverrir Róbert Guðmundsson. Fyrir Hæstarétt hefur verið lagt vottorð Hagstofu Íslands, þar sem fram kemur, að fyrra nafn ákærða var fellt úr þjóðskrá hinn 1. desember 1982. Er heiti málsins breytt í samræmi við það.

Staðfesta ber hinn áfrýjaða dóm með vísan til forsendna hans.

Ákærði greiði allan áfrýjunarkostnað málsins, eins og í dómsorði greinir.

D ó m s o r ð:

Hinn áfrýjaði dómur skal vera óraskaður.

Ákærði, Róbert Guðmundsson, greiði allan áfrýjunarkostnað málsins, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, 20.000 krónur, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns fyrir Hæstarétti, Hilmars Ingimundarsonar hæstaréttarlögmanns, 20.000 krónur.

Dómur sakadóms Reykjavíkur 28. maí 1991.

Ár 1991, þriðjudaginn 28. maí, er á dómþingi sakadóms Reykjavíkur, sem háð er í Borgartúni 7 af Helga I. Jónssyni sakadómara, kveðinn upp dómur í sakadómsmálinu nr. 296/1991: Ákæruvaldið gegn Sverri Róbert Guðmundssyni, sem tekið var til dóms 21. þ.m.

Málið er höfðað með ákæru ríkissaksóknara, dagsettri 7. maí sl., á hend-

ur ákærða, Sverri Róbert Guðmundssyni, Bergþórugötu 41, Reykjavík, kennitala 261168-5459, „fyrir skjalafals með því að hafa fimmtudaginn 7. desember 1989 afhent Bílaskiptum hf. í Reykjavík sem greiðslu fyrir bifreið skuldabréf, sem hann hafði falsað á nafnritun Sigrúnar Ásgeirsdóttur og Steinunnar Magnúsdóttur sem sjálfskuldarábyrgðarmanna, en skuldabréfið var út gefið af ákærða sama dag, að fjárhæð 470.000 kr., bundið lánskjaravísitölu með grunnvísitölu 2722, sem endurgreiða skyldi með 24 afborgunum á eins mánaðar fresti, fyrst 12. janúar 1990.

Telst þetta varða við 155. gr. almennra hegningarlaga nr. 19, 1940.

Þess er krafist, að ákærði verði dæmdur til refsingar og til greiðslu alls sakarkostnaðar".

Ákærði hefur játað skýlaust að hafa fimmtudaginn 7. desember 1989 afhent Bílaskiptum hf. hér í borg sem greiðslu fyrir bifreið skuldabréf, sem hann hafði falsað á nafnritun Sigrúnar Ásgeirsdóttur og Steinunnar Magnúsdóttur sem sjálfskuldarábyrgðarmanna. Var skuldabréfið út gefið af ákærða sama dag og að ofan greinir, að fjárhæð 470.000 kr., bundið lánskjaravísitölu með grunnvísitölu 2722, og átti að endurgreiða það með 24 afborgunum á mánaðarfresti, í fyrsta sinn 12. janúar 1990. Er ofangreind háttsemi sönnuð með afdráttarlausri játningu ákærða, sem er í samræmi við annað það, sem fram er komið í málinu. Varðar atferli ákærða við 1. mgr. 155. gr. almennra hegningarlaga nr. 19, 1940.

Samkvæmt sakavottorði ákærða hefur hann sætt eftirtöldum refsidómum:

[Í sakavottorði eru tilgreindir sex refsidómar fyrir auðgunarbrot (einn þeirra einnig fyrir skjalafals), upp kveðnir á árabilinu 1987-1990.]

Þá hefur ákærði sæst átta sinnum á sektargreiðslu í dómi fyrir þjófnaðarbrot, umferðarlagabrot og brot gegn fíkniefnalöggjöfinni. Síðast sættist ákærði 29. mars 1990 á 70.000 króna sekt fyrir brot gegn lögum um ávana- og fíkniefni.

Hinn 7. september 1989 var ákærða veitt reynslulausn í tvö ár á eftirstöðvum samtals 240 daga fangelsisrefsinga samkvæmt þremur dómum. Ákærði rauf skilorð reynslulausnarinnar og hóf afplánun eftirstöðvanna 26. apríl 1990. Hinn 23. október s.á. var honum veitt skilorðsbundin reynslulausn á 90 daga eftirstöðvum refsinga samkvæmt þremur dómum. Samkvæmt því, sem rakið hefur verið, kemur ekki til álita að taka upp reynslulausnina frá 23. október 1990, þar eð brot það, sem ákærði hefur verið sakfelldur fyrir í máli þessu, er framið, áður en hún tók gildi.

Ákærði hefur unnið sér til refsingar samkvæmt 1. mgr. 155. gr. almennra hegningarlaga. Verður refsing hans ákveðin með hliðsjón af sakaferli hans svo og 78. gr. almennra hegningarlaga vegna dómsáttarinnar frá 29. mars

1990 og dómsins frá 23. ágúst s.á. Þykir refsing ákærða samkvæmt framansögðu hæfilega ákveðin fangelsi fimm mánuði.

Að lokum verður ákærði dæmdur til greiðslu alls sakarkostnaðar, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda ákærða, Hilmars Ingimundarsonar hæstaréttarlögmanns, sem þykja hæfilega ákveðin 20.000 krónur.

Dómsorð:

Ákærði, Sverrir Róbert Guðmundsson, sæti fangelsi fimm mánuði.

Ákærði greiði allan sakarkostnað, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda ákærða, Hilmars Ingimundarsonar hæstaréttarlögmanns, 20.000 krónur.

Fimmtudaginn 30. janúar 1992.

Nr. 247/1991. **Ákæruvaldið**
(Hallvarður Einvarðsson ríkissaksóknari)
gegn
Kristínu Maríu Indriðadóttur
(Tryggvi Gunnarsson hrl.).

Fjárdráttur. Opinberir starfsmenn. Aðfinnslur. Skilorð. Sératkvæði.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Guðrún Erlendsdóttir, Gunnar M. Guðmundsson, Haraldur Henrysson, Hrafn Bragason og Pétur Kr. Hafstein.

Ríkissaksóknari skaut máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 15. maí 1991 að ósk ákærðu, en einnig af ákæruvalds hálfu til þyngingar refsingu.

Í starfi ákærðu sem deildarþroskaþjálfa á Kópavogshæli fólst meðal annars að taka við og geyma vasapeninga vistmanna á viðkomandi deild, hafa umsjón með ráðstöfun þeirra og afhenda síðan gjaldkera skilagrein með viðeigandi fylgiskjölum. Bar ákærðu að halda peningum þessum aðgreindum frá eigin fé.

Fyrir liggur í málinu afdráttarlaus játning ákærðu á því að hafa breytt fjárhæðum á 26 fylgiskjölum, sem samtals námu þeirri fjárhæð, er í ákæru málsins greinir, þ.e. 56.000 krónum, í því skyni að stemma af sjóðinn. Ekki er ákært fyrir skjalafals í málinu.

Samkvæmt skýrslum Rannsóknarlögreglu ríkisins um yfirheyrslur yfir ákærðu 30. janúar 1990 kom oftsinnis fram hjá henni, að vöntun sú í sjóði, sem hún var að bæta úr með ofangreindum breytingum á fylgiskjölum, stafaði bæði af eigin lántökum hennar úr sjóðnum, sem hún hefði ekki getað endurgreitt, og vöntun á fylgiskjölum vegna greiðslna í þágu vistmanna. Nánar aðspurð gat hún ekki gert grein fyrir því, hvernig ofangreind fjárhæð skiptist að þessu leyti.

Við dómsmeðferð í héraði hélt ákærða því hins vegar fram, að sjóðsvöntun hefði að öllu leyti stafað af því, að fylgiskjöl vantaði vegna greiðslna í þágu vistmanna. Breytingar sínar á fylgiskjölum hefðu verið gerðar til að vinna upp mismun af þessum sökum. Hún

hefði að vísu í örfá skipti tekið fé að láni úr sjóðnum, en ætíð endurgreitt. Var á ákærðu að skilja, að í skýrslum rannsóknarlögreglu hefði komið fram mistúlkun á framburði sínum. Skýrslur þessar hafði ákærða staðfest með undirskrift sinni og jafnframt sett upphafsstafi sína undir hverja vélritaða síðu.

Þegar litið er til allra málavaxta og einkum til þeirrar aðferðar, sem ákærða viðhafði, þykir sannað, að hún hafi, svo sem hún skýrði frá hjá rannsóknarlögreglu 30. janúar 1990, að einhverju leyti hagnýtt sér umrætt fé í eigin þágu. Er fallist á það með héraðsdómara, að skýringar ákærðu fyrir dómi séu ekki trúverðugar. Hér verður þó einnig á því að byggja, að hluti þeirrar fjárhæðar, sem ákært er fyrir, kunni að hafa verið notaður í þágu vistmanna. Verður því ekki fullyrt, hversu mikinn hluta fjárins ákærða hagnýtti sér sjálf. Þetta þykir þó ekki eiga að firra ákærðu refsiábyrgð, enda bar henni að gera skilmerkilega grein fyrir ráðstöfun fjárins.

Að þessu athuguðu er fallist á þá niðurstöðu héraðsdómara, að ákærða hafi gerst brotleg við 1. mgr. 247. gr., sbr. 138. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Fyrir liggur í málinu, að ákærða hefur greitt 33.000 krónur af fjárhæð þeirri, sem ákært er fyrir. Með það í huga og önnur atvik málsins þykir rétt að staðfesta ákvæði hins áfrýjaða dóms um refsingu ákærðu og skilorðsbindingu hennar. Einnig ber að staðfesta málskostnaðarákvæði dómsins.

Dæma ber ákærðu til að greiða áfrýjunarkostnað sakarinnar, svo sem í dómsorði greinir.

Yfirheyrslur í máli þessu fyrir héraðsdómi voru mjög langar, en á skorti, að þær væru nægilega markvissar. Urðu þær því mun umfangsmeiri en efni voru til. Verður að finna að þessum annmarka á málsmeðferð.

Gera verður athugasemd við þann hátt, sem Ríkisendurskoðun hafði á við gerð upphaflegrar skýrslu í málinu, þar sem án fyrirvara er staðhæft, að ákærða hafi gerst sek um skjalafals og fjárdrátt. Í bréfi stofnunarinnar til Rannsóknarlögreglu ríkisins 26. janúar 1990 er og á óviðeigandi hátt dregin ályktun af yfirlýsingu ákærðu 19. janúar 1990.

Samkvæmt skýrslum rannsóknarlögreglu var vottur ekki viðstaddur yfirheyrslur eða upplestur á skýrslum ákærðu, heldur vott-

aði einungis undirritun þeirra. Er þetta ekki í samræmi við 37. gr. laga nr. 74/1974 um meðferð opinberra mála.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Ákærða, Kristín María Indriðadóttir, greiði áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, 50.000 krónur, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Tryggva Gunnarssonar hæstaréttarlögmanns, 50.000 krónur.

Sératkvæði
Péturs Kr. Hafstein hæstaréttardómara.

Eins og fram kemur í atkvæði meiri hluta dómenda, er niðurstaða rannsóknar hjá lögreglu og fyrir héraðsdómi ekki samhljóða um þær sakargiftir, sem ákært er fyrir. Ákærða hefur staðfastlega haldið því fram fyrir dómi, að hún hafi ætíð endurgreitt að fullu þá fjármuni, er hún viðurkennir að hafa um stundarsakir tekið til sinna þarfa úr sjóði vistmanna á Kópavogshæli. Hún staðhæfir þar, að breytingar á bókhaldsgögnum hafi hún einungis gert til þess að leiðrétta skekkjur, er skapast hafi í sjóði vegna skorts á fylgiskjölum um einstakar greiðslur fyrir vistmenn. Eigi nýtur í málinu óyggjandi gagna um raunverulega stöðu úttekta á hverjum tíma og mismun þess fjár, er ákærða veitti viðtöku og ráðstafaði í þágu vistmanna.

Með hliðsjón af framansögðu og rannsóknargögnum að öðru leyti tel ég varhugavert að fullyrða, að ákæruvaldinu hafi tekist að færa fram gegn neitun ákærðu lögfulla sönnun fyrir því, að ákærða hafi dregið sér fé í auðgunarskyni, svo að varði við 1. mgr. 247. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, sbr. 243. gr. sömu laga. Ákærða verður að mínum dómi að njóta þess vafa, sem í málinu er, sbr. 108. gr. laga nr. 74/1974 um meðferð opinberra mála. Ég tel það verða svo að vera þrátt fyrir óheimila meðferð ákærðu á fjármunum skjólstæðinga sinna á Kópavogshæli og rangar tilgreiningar í skjölum, sem henni verður þó eigi gerð sérstök refsiábyrgð fyrir, eins og ákæru er háttað. Ég tel þannig, að sýkna beri ákærðu af sakargiftum ákæruvaldsins í málinu og fella allan kostnað sakarinnar á ríkissjóð.

Ég er samþykkur athugasemdum meiri hluta dómenda um þátt Ríkisendurskoðunar, vottun lögregluskýrslna og rannsókn málsins fyrir héraðsdómi.

Dómur sakadóms Kópavogs 6. apríl 1991.

Mál þetta, sem dómtekið var 26. mars sl. að loknum munnlegum málflutningi, er höfðað af ákæruvaldsins hálfu með ákæru, dags. 8. október 1990, „á hendur Kristínu Maríu Indriðadóttur, Hverfisgötu 5, Hafnarfirði, fæddri 29. júní 1953, fæðingarnúmer 258, fyrir fjárdrátt í opinberu starfi sem deildarþroskaþjálfi á Kópavogshæli með því að hafa á tímabilinu frá október 1986 fram í ágúst 1989 dregið sér samtals 56.000 kr. af lífeyri vistmanna hælisins frá Tryggingastofnun ríkisins, svonefndum vasapeningum, sem ákærða hafði umsjón með. Ákærða leyndi fjárdrættinum með því að falsa fylgiskjöl í bókhaldi.

Telst þetta varða við 1. mgr. 247. gr., sbr. 138. gr. almennra hegningarlaga nr. 19, 1940.

Þess er krafist, að ákærða verði dæmd til refsingar og til greiðslu alls sakarkostnaðar".

Í þinghaldi 19. nóvember sl. leiðrétti fulltrúi ríkissaksóknara villu í ákærunni varðandi tímabilið, sem hin meintu brot eru talin hafa verið framin á, en það er frá október 1988, en að öðru leyti eins og í ákæru greinir.

Málavextir.

Ákærða vann á Kópavogshæli í nokkur ár, áður en hún fór í Þroskaþjálfaskólann árið 1982. Þau ár, sem hún var í skólanum, starfaði hún jafnframt á Kópavogshæli. Hún útskrifaðist úr skólanum vorið 1985 og tók við starfi deildarþroskaþjálfa á Kópavogshæli þá um haustið, en hætti þar 1. september 1989. Á deild þeirri, sem ákærða starfaði við sem deildarþroskaþjálfi, voru að jafnaði 8 vistmenn, en 10-15 starfsmenn. Í starfi deildarþroskaþjálfa fólst að hafa yfirumsjón með deildinni, þ. á m. umsjón með vasapeningum vistmanna, sem greiddir voru af Tryggingastofnun ríkisins. Einn af starfsmönnum hælisins, gjaldkeri vasapeninga, sá um að taka vasapeningana út af sparisjóðsreikningi og deila þeim á einstaka vistmenn, en deildarþroskaþjálfar tóku við peningunum hjá gjaldkera og kvittuðu fyrir. Deildarþroskaþjálfar báru ábyrgð á að skila gjaldkera kvittunum vegna eyðslu vistmanna á peningunum, og var uppgjöri að jafnaði skilað á eins til tveggja mánaða fresti. Jafnframt færðu deildarþroskaþjálfar sjóðsbækur, er sýndu fé, er deildarþroskaþjálfi hafði fengið í hendur fyrir viðkomandi vistmenn, og úttektir vegna eyðslu þeirra.

Í greinargerð Ríkisendurskoðunar, sem gerð var í tilefni af athugun á bókhaldi og fjárreiðum deildarinnar, er ákærða veitti forstöðu, kemur fram, að Ríkisendurskoðun hafi haft samband við ákærðu, þar sem grunur vaknaði um, að reikningum hefði verið breytt. Ákærða hafi þá viðurkennt að hafa breytt reikningum. Skrifstofustjóri Ríkisendurskoðunar hefur staðfest greinargerðina fyrir dómi. Einnig hefur hann staðfest, að fjárhæðir reikninga, er ákærða breytti, voru færðar þannig breyttar í viðkomandi sjóðsbók. Reikningar þessir hafa verið lagðir fram í málinu, en þeir eru dagsettir frá 6.11. 1988 til 14.8. 1989. Einnig hefur verið lögð fram yfirlýsing, dags. 19. janúar 1990, undirrituð af ákærðu í viðurvist tveggja starfsmanna Ríkisendurskoðunar, þar sem hún viðurkennir að hafa breytt reikningum til hækkunar um 33.000, og nefndi hún til skýringar þessu freistingu, sem peningar stundum valda. Þá er tekið fram, að hún muni greiða skuld sína að fullu, strax og óskað er.

Í gögnum frá Ríkisendurskoðun kemur fram, að ákærða kom þangað 22. janúar 1990, og hafi hún þá skýrt svo frá, að hún hafi ekki dregið sér allt þetta fé, heldur hafi hún hækkað reikninga til að leiðrétta sjóðinn vegna glataðra fylgiskjala.

Ákærða hefur viðurkennt bæði hjá lögreglu og fyrir dómi að hafa breytt reikningum þannig, að fjárhæðir þeirra hækkuðu samtals um 56.000 kr., sem er sama fjárhæð og hún er ákærð fyrir að hafa dregið sér. Ákærða kvaðst hafa breytt reikningunum vegna þess, að peninga vantaði í kassann, þegar hún gerði hann upp. Þá hefur komið fram, að ákærða gerði sér ljóst, að peningar, sem hún tók við, og skil á nótum hafi algjörlega verið á hennar ábyrgð. Ákærða viðurkenndi við yfirheyrslu hjá lögreglu, að vöntun í sjóð væri vegna þess, að hún hafði sjálf fengið lánaða peninga úr kassanum, sem hún eyddi í eigin þágu og greiddi ekki til baka í sumum tilfellum, en einnig væri vöntun vegna þess, að stundum hefði gleymst að fá reikninga fyrir ákveðnum kaupum fyrir vistmenn eða kvittanir ekki legið fyrir af öðrum ástæðum.

Er ákærða var yfirheyrð fyrir dómi 19. nóvember 1990, kvaðst hún í öllum tilfellum hafa greitt það til baka, sem hún fékk lánað. Hún hafi aðeins breytt nótum til að leiðrétta skekkju á sjóðnum, sem hafi komið til vegna þess, að nótur voru ekki fyrir hendi vegna eyðslu vistmanna á peningum. Bókhaldið hafi oft setið á hakanum, þar sem henni þótti önnur verk brýnni. Stundum hafi komið fyrir, að hún hafi sjálf lagt til peninga í kassann, til þess að hann stemmdi. Ákærða kom aftur fyrir dóm 26. mars 1991. Þá kom fram, að hún hefði farið yfir nótur, áður en hún skilaði þeim, og er hún sá, að eitthvað hafði verið keypt eða greitt fyrir á tímabilinu, hefði hún í einhverjum tilvikum bætt því inn á fyrirliggjandi nótur og hækkað þær með því að breyta tölum eða bæta við þær tölustöfum.

Hún hafi þó ekki endilega gert það samtímis að skrifa inn á nóturnar og breyta fjárhæðum, en við yfirheyrsluna var henni bent á, að þetta virtist ekki alltaf gert með sama penna.

Í gögnum málsins kemur fram, að svonefndir vasapeningar vistmanna Kópavogshælis voru notaðir til persónulegra þarfa þeirra, svo sem kaupa á fatnaði, hársnyrtingu, snyrtivörum, skrautmunum eða sælgæti svo og vegna bæjarferða, og var þá farið t.d. í bíó eða annað, sem kostnaður fylgdi. Ákærða geymdi peningana í læstri hirslu, sem enginn annar en hún hafði aðgang að. Þá hefur komið fram, að ákærða hafi lítið farið sjálf með vistmenn í innkaupaferðir, það hafi aðrir starfsmenn deildarinnar gert. Hún afhenti starfsmönnunum peninga, eftir því sem til þurfti, og var bæði henni og öðrum starfsmönnum ljóst, að nauðsynlegt var að skila kvittuðum reikningum fyrir allri eyðslu, en ef það var ekki hægt, þurfti að gefa viðhlítandi skýringar á því, í hvað peningarnir hefðu farið. Í einhverjum tilfellum þurfti ákærða eða starfsmenn að leggja til eigið fé í þágu vistmanna, en það var, þegar ekki voru tiltækir fjármunir í sjóði þeirra. Þetta hafi starfsmennirnir svo jafnan fengið endurgreitt, þegar unnt var að koma því við.

Vitnið Guðni Már Henningsson starfaði á deildinni, sem ákærða veitti forstöðu, frá 1986 og þar til hún hætti störfum. Hann skýrði svo frá, að hver vistmaður hefði fengið ákveðna fjárhæð í vasapeninga reglulega, en taka þurfti nótur fyrir öllu, sem keypt var eða eytt í. Þetta hafi ekki verið gert í öllum tilfellum, t.d. ef keypt var fyrir smáar upphæðir, en einnig hafi komið fyrir, að nótur hafi ekki verið tiltækar, þótt eytt hafi verið í stærri hluti. Í þeim tilfellum hafi þeir gefið ákærðu skýringar á því, hvernig peningum hefði verið varið, og tók ákærða skýringar þeirra gildar. Hún hafi stundum útbúið nótur í samræmi við skýringar starfsmannanna. Þótt ákærða hafi brýnt sérstaklega fyrir þeim að taka ávallt nótur fyrir allri eyðslu, hafi þess alls ekki alltaf verið gætt, sérstaklega þar sem þeir vissu, að hægt var að útbúa nótur eftir á. Þetta hafi verið nokkuð laust í reipunum, enda fundu þeir, að þeim var treyst, en peningum vistmanna hafi ekki verið eytt nema eins og til var ætlast.

Vitnið Sólveig Steinsson Hannesdóttir starfaði sem deildarþroskaþjálfi á Kópavogshæli á árunum 1987 til 1990. Hún hefur skýrt svo frá, að reikningsskil á vasapeningum vistmanna hælisins hafi verið með þeim hætti, að hún hafi þurft að skila nótum við uppgjör. Ef ekki hafði tekist að fá nótu fyrir ákveðnum útgjöldum, t.d. strætisvagnaferðum, útbjó hún sjálf nótu með nákvæmum skýringum. Annars hafi hún gætt þess sérstaklega að fá ávallt nótur og halda þeim vel til haga, og þannig hafi hún látið kassann stemma. Þetta hafi gengið eftir, og hún hafi aldrei lent í neinum sérstökum vanda við uppgjörið.

Vitnið Hafdís Margrét Fjeldsted starfaði á Kópavogshæli á árunum 1987

til 1989, en hún tók út peninga fyrir vistmenn hælisins og afhenti deildarþroskaþjálfum til nota fyrir vistmenn viðkomandi deilda. Yfirleitt hafi hún aðeins greitt út fé annan hvern þriðjudag, nema, ef sérstaklega stóð á, tóku deildarþroskaþjálfar þess á milli við fé hjá henni. Hún hafi svo tekið við nótum frá deildarþroskaþjálfum, sem hún bar saman við yfirlitsblöð eða sjóðsblöð, en nóturnar voru svo sendar skrifstofu ríkisspítala. Það hafi ekki verið í sínum verkahring að gera sjóðinn upp. Nótum hafi deildarþroskaþjálfar skilað eftir eigin hentisemi, en hún hafi farið fram á, að þeir skiluðu ekki sjaldnar en á tveggja mánaða fresti. Annars hafi hún ekkert haft yfir deildarþroskaþjálfum að segja. Sér hafi ekki verið gerð grein fyrir því, að hún hafi sem gjaldkeri átt að hafa eftirlit með störfum deildarþroskaþjálfa, hvernig vasapeningum var ráðstafað, eða kalla eftir reikningum eða öðrum skjölum. Yfirmenn hælisins hafi aldrei gengið eftir því, hvað hún gerði í þessu sambandi. Hún hafi ekki orðið vör við neitt sérstakt eftirlit með meðferð vasapeninga af hálfu skrifstofu ríkisspítala. Hún hafi ekki vitað fyrr en nokkrum mánuðum eftir, að hún byrjaði að vinna á Kópavogshæli, að hún gæti leitað til ákveðins aðila hjá ríkisspítölum, ef hún þurfti á leiðbeiningum að halda. Sér hafi ekki verið kennt starfið, heldur hafi hún lært það sjálf af bókum. Hún hafi vitað til þess, að deildarþroskaþjálfar gátu búið til nótur, ef þær voru ekki fyrir hendi, vegna eyðslu fyrir allt að 1.000 kr., t.d. ef gleymdist að taka nótu í bíó- eða sjoppuferð. Þurfti þá að tilgreina fjárhæð og í hvað hafði verið eytt, en ekki vissi hún, hvaða skilyrði voru sett að öðru leyti um þetta atriði eða hver hefði hugsanlega sett þau skilyrði. Ekki vissi hún heldur til, að gerðar væru athugasemdir, þótt bætt hafi verið við einhverjum kostnaði á fyrirliggjandi nótur.

Af hálfu ákærðu er krafist sýknu af kröfum ákæruvaldsins og að allur sakarkostnaður, þ.m.t. málsvarnarlaun skipaðs verjanda að viðbættum virðisaukaskatti, verði felldur á ríkissjóð. Af hennar hálfu er því haldið fram, að þrátt fyrir breytingar á reikningum hafi hún ekki dregið sér fé vistmanna, enda liggi engin gögn fyrir um það. Reikningum hafi í öllum tilfellum verið breytt vegna þess, að ekki hafi verið fengnar nótur, þegar viðkomandi kaup fyrir vistmenn fóru fram. Því hafi það fé, sem talið er vanta í sjóð, í raun farið til vistmanna sjálfra, en alls ekki til ákærðu.

Niðurstöður.

Í máli þessu liggur fyrir, að ákærða breytti fylgiskjölum í bókhaldi fyrir vasapeninga vistmanna Kópavogshælis þannig, að fjárhæðir úttekta hækkuðu um 56.000 kr. Ákærða hefur viðurkennt að hafa fengið lánað af vasapeningunum og hefur við yfirheyrslu hjá lögreglu viðurkennt að hafa breytt skjölum vegna vöntunar í sjóð, sem stafaði m.a. af fjárdrætti hennar. Skýringar hennar fyrir dómi á því, hvers vegna hún breytti fylgi-

skjölunum með þeirri aðferð, sem hún viðhafði, þykja ófullnægjandi og ekki trúverðugar. Þegar þetta er virt, verður að telja sannað, að ákærða hefur gerst sek um háttsemi þá, sem henni er að sök gefin í ákæruskjali og þykir þar réttilega heimfærð til refsilagaákvæða.

Ákærða er sakhæf og hefur ekki verið sakfelld áður, þegar frá er talinn dómur sakadóms Kópavogs 8. júní 1979, er hún var dæmd í fimm mánaða fangelsi, skilorðsbundið í tvö ár, fyrir brot gegn 1. mgr. 155. gr. alm. hgl.

Refsing ákærðu þykir hæfilega ákveðin fangelsi tvo mánuði, en með vísan til málavaxta þykir rétt að fresta fullnustu refsingar og að hún falli niður að þremur árum liðnum frá birtingu dómsins að telja, haldi ákærða almennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, sbr. 4. gr. l. nr. 22/1955.

Þá ber að dæma ákærðu til greiðslu alls sakarkostnaðar, þ.m.t. málsvarnarlauna skipaðs verjanda síns, Tryggva Gunnarssonar hrl., sem þykja hæfilega ákveðin 85.000 kr. að viðbættum virðisaukaskatti, og saksóknarlauna í ríkissjóð, sem þykja hæfilega ákveðin 60.000 kr.

Dóm þennan kvað upp Sigríður Ingvarsdóttir héraðsdómari.

Dómsorð:

Ákærða, Kristín María Indriðadóttir, sæti fangelsi tvo mánuði, en fresta skal fullnustu refsingar, og niður skal hún falla að þremur árum liðnum frá birtingu dómsins að telja, verði haldið almennt skilorð 57. gr. laga nr. 19/1940, sbr. 4. gr. l. nr. 22/1955.

Ákærða greiði allan kostnað sakarinnar, þ.m.t. málsvarnarlaun Tryggva Gunnarssonar hrl., 85.000 kr. auk virðisaukaskatts, og saksóknarlaun í ríkissjóð 60.000 kr.

Dómi þessum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Mánudaginn 3. febrúar 1992.

Nr. 153/1991. **Aðalsteinn M. Aðalsteinsson**

gegn

Gústaf Einarssyni.

Útivistardómur.

Dómur Hæstaréttar.

Málsókn þessi fellur niður.

Áfrýjandi, Aðalsteinn M. Aðalsteinsson, sem eigi sækir dómþing í máli þessu, greiði 10.000 króna útivistargjald til ríkissjóðs, ef hann vill fá mál sitt tekið fyrir að nýju.

Mánudaginn 3. febrúar 1992.

Nr. 165/1991. **Þórarinn Jakobsson og**
Hallgrímur Einarsson
gegn
fjármálaráðherra
vegna Fasteigna ríkissjóðs,
Þóri Gunnarssyni,
Tryggingastofnun ríkisins,
Atvinnuleysistryggingasjóði,
Ingunni Egilsdóttur,
Sigurði Egilssyni,
Matthíasi Guðmundssyni,
Rauðará hf. og
Félagsmiðstöðinni.

Útivistardómur.

Dómur Hæstaréttar.

Málsókn þessi fellur niður.

Áfrýjendur, Þórarinn Jakobsson og Hallgrímur Einarsson, sem eigi sækja dómþing í máli þessu, greiði 10.000 króna útivistargjald til ríkissjóðs, ef þeir vilja fá mál sitt tekið fyrir að nýju.

Mánudaginn 3. febrúar 1992.

Nr. 199/1991. **Helgi Friðgeirsson**

gegn

Árna Marinóssyni,
Vélbátatryggingu Reykjaness,
Verslun O. Ellingsen hf.,
Kaupfélagi Suðurnesja,
Friðgeiri Björgvinssyni,
Þ. Skaftasyni hf.,
Landsbanka Íslands,
Olíufélaginu Skeljungi,
Byggðastofnun Reykjavíkur,
Búnaðarbanka Íslands,
Atlasi hf. og
tollstjóranum í Reykjavík.

Útivistardómur.

Dómur Hæstaréttar.

Málsókn þessi fellur niður.

Mánudaginn 3. febrúar 1992.

Nr. 249/1991. **Kristmundur Skarphéðinsson,**
Jakob Arnar Sverrisson,
Gunnlaugur Valtýsson
persónulega og f.h. firma þeirra,
Fisk-verk-taks sf.,
gegn
Randveri Sigurðssyni.

Útivistardómur.

Dómur Hæstaréttar.

Málsókn þessi fellur niður.

Áfrýjendur, Kristmundur Skarphéðinsson, Jakob Arnar Sverrisson, Gunnlaugur Valtýsson persónulega og f.h. firma þeirra, Fisk-verk-taks sf., sem eigi sækja dómþing í máli þessu, greiði 10.000 króna útivistargjald til ríkissjóðs, ef þeir vilja fá mál sitt tekið fyrir að nýju.

Mánudaginn 3. febrúar 1992.

Nr. 332/1991. **Flugfax hf.**

gegn

Flugleiðum hf.

Útivistardómur. Ómaksbætur.

Dómur Hæstaréttar.

Málsókn þessi fellur niður.

Áfrýjandi, Flugfax hf., sem eigi sækir dómþing í máli þessu, greiði 10.000 króna útivistargjald til ríkissjóðs, ef hann vill fá mál sitt tekið fyrir að nýju.

Einnig greiði áfrýjandi stefnda, Flugleiðum hf., sem sótt hefur dómþing í málinu og krafist ómaksbóta, 5.000 krónur í ómaksbætur að viðlagðri aðför að lögum.

Mánudaginn 3. febrúar 1992.

Nr. 503/1991. **B.K. Verktakar**

gegn

Íslandsbanka og

Halldóri Svavarssyni.

Útivistardómur.

Dómur Hæstaréttatar.

Málsókn þessi fellur niður.

Áfrýjandi, B.K. Verktakar, sem eigi sækir dómþing í máli þessu, greiði 10.000 króna útivistargjald til ríkissjóðs, ef hann vill fá mál sitt tekið fyrir að nýju.

Mánudaginn 3. febrúar 1992.

Nr. 512/1991. **Halldóra Ármannsdóttir**
gegn
Ásgeiri Björnssyni hdl.
sem skiptastjóra f.h. þb. Gagns hf.

Útivistardómur.

Dómur Hæstaréttatar.

Málsókn þessi fellur niður.

Áfrýjandi, Halldóra Ármannsdóttir, sem eigi sækir dómþing í máli þessu, greiði 10.000 króna útivistargjald til ríkissjóðs, ef hún vill fá mál sitt tekið fyrir að nýju.

Mánudaginn 3. febrúar 1992.

Nr. 4/1992. **Sigurjón Ragnarsson**
gegn
Pétri Þór Sigurðssyni.

Útivistardómur.

Dómur Hæstaréttatar.

Málsókn þessi fellur niður.

Áfrýjandi, Sigurjón Ragnarsson, sem eigi sækir dómþing í máli þessu, greiði 10.000 króna útivistargjald til ríkissjóðs, ef hann vill fá mál sitt tekið fyrir að nýju.

Mánudaginn 3. febrúar 1992.

Nr. 11/1992. **Einar Ólafur Arnbjörnsson,**
Arnbjörn Hjörleifur Arnbjörnsson og
Aðalheiður Erna Arnbjörnsdóttir
gegn
Þorsteini Gíslasyni.

Útivistardómur.

Dómur Hæstaréttatar.

Málsókn þessi fellur niður.

Áfrýjendur, Einar Ólafur Arnbjörnsson, Arnbjörn Hjörleifur Arnbjörnsson og Aðalheiður Erna Arnbjörnsdóttir, sem eigi sækja dómþing í máli þessu, greiði 10.000 króna útivistargjald til ríkissjóðs, ef þau vilja fá mál sitt tekið fyrir að nýju.

Mánudaginn 3. febrúar 1992.

Nr. 21/1992. **Félag íslenskra atvinnuflugmanna**
gegn
Vinnuveitendasambandi Íslands
fyrir hönd Flugleiða hf.

Kærumál. Félagsdómur. Frávísun frá Félagsdómi. Réttarfar.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Þór Vilhjálmsson, Gunnar M. Guðmundsson, Haraldur Henrysson, Hrafn Bragason og Pétur Kr. Hafstein.

Sóknaraðili hefur með heimild í 67. gr. laga nr. 80/1938 um stéttarfélög og vinnudeilur skotið málinu til Hæstaréttar með kæru 10. janúar 1992, sem barst dóminum 14. janúar. Hann krefst þess, að úrskurður félagsdóms 7. janúar 1992 í málinu nr. 9/1991 verði úr gildi felldur og málinu vísað frá félagsdómi. Þá krefst sóknaraðili málskostnaðar fyrir félagsdómi og kærumálskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Varnaraðili krefst þess, að hinn kærði úrskurður verði staðfestur og sóknaraðili dæmdur til að greiða kærumálskostnað.

1. liður.

Eins og í hinum kærða úrskurði segir, er þessi kröfuliður þannig: „að viðurkennt verði með dómi, að flugmönnum sé skylt samkvæmt gr. 17-14 í kjarasamningi aðila frá 30. apríl 1991 að framkvæma þau störf við undirbúning brottfarar, sem flugvélstjórar sinntu fram til þess, að Flugleiðir tóku í notkun flugvélar af gerðinni Boeing 737-400, þar á meðal skoðun flugvéla fyrir flug, færslu dagbóka og útskrift flugvélarinnar með kvittun í viðhaldsdagbók hennar.“

Ákvæði það í kjarasamningi, sem til er vitnað, er þannig:

„17-14 Lífeyrissjóðsiðgjald.

Vegna tilkomu B-737 og B-757 flugvéla og yfirtöku flugmanna á störfum, sem flugvélstjórar sinntu áður á eldri gerðum flugvéla, þar með talið eftirlit með eða framkvæmd eldsneytisáfyllingar, skoðun flugvéla fyrir flug og færslu dagbóka frá 1. maí 1989, lækki

lífeyrissjóðsiðgjald flugmanna í 4% og hlutdeild Flugleiða eykst að sama skapi. ...“

Fram er komið, að flugrekstrarstjóri Flugleiða hf. sendi formanni Félags íslenskra atvinnuflugmanna bréf 17. október 1991. Meginmál þess er þannig:

„Í upphafi útgerðar Flugleiða á 737-400 vélunum var ákveðið að ganga til samninga við erlenda viðhaldsaðila á öllum viðkomustöðum til þess að sjá um m.a. forskoðun vélanna (transit check) ásamt flugmönnum. Þótti annað ekki forsvaranlegt, þar eð um nýja tegund flugvélar var að ræða og engin reynsla starfsfólks fyrir hendi.

Nú þegar við höfum öðlast þessa reynslu, hefur verið ákveðið að segja þessum línuviðhaldssamningum upp, sem þýðir að flugmenn, eins og ávallt áður, gera „transit check“ en án þess að flugvirki staðarins gangi í spor hans og geri sömu hlutina. Þá bætist við eftirlit með eldsneytisáfyllingu.

Ég tel farsælast að aðilar hittist og gangi í bróðerni frá þessum málum. Ég legg til að fundur verði haldinn snemma í 43ju viku eftir vali formanns. Ég vænti skjótra viðbragða.“

Formaður félagsins svaraði með bréfi 15. nóvember, þar sem segir meðal annars:

„Það er álit stjórnar FÍA, að flugmenn á B-737 vélum Flugleiða hafi, frá því er þær voru teknar í notkun, gegnt þeim störfum, sem flugvélstjórar sinntu áður á eldri gerðum flugvéla.

Sú breyting, sem þú boðar í bréfi þínu, er að áliti stjórnarinnar bein viðbót við núverandi störf flugmanna, og er því ekki skv. þeim kjarasamningi sem unnið er eftir. Um allt slíkt ber auðvitað að semja sérstaklega.“

Fleiri gögn liggja frammi í málinu um þennan ágreining. Er nægilega fram komið, í hverju hann er fólginn. Ber að fallast á, að hann varði túlkun á fyrrgreindu ákvæði í kjarasamningi, og staðfesta niðurstöðu félagsdóms að þessu leyti.

2. liður.

Eins og í hinum kærða úrskurði segir, er þessi kröfuliður þannig: „að viðurkennt verði með dómi, að fyrirmæli stefnda (þ.e. Félags íslenskra atvinnuflugmanna) til félagsmanna sinna um að framkvæma ekki skoðun flugvéla fyrir flug í samræmi við starfsreglur

Flugleiða eins og þeim var breytt 27. nóvember 1991 og koma skyldu til framkvæmda 1. desemer 1991, séu brot á kjarasamningi aðila frá 30. apríl 1991 og ólögmæt aðgerð í andstöðu við ákvæði 14. til og með 17. greinar laga um stéttarfélög og vinnudeilur nr. 80/1938."

Í málinu liggur frammi bréf Vinnuveitendasambands Íslands til Félags íslenskra atvinnuflugmanna frá 3. desember 1991, þar sem segir meðal annars:

„Sunnudaginn 1. desember framkvæmdu félagsmenn Félags íslenskra atvinnuflugmanna ekki forskoðun (transit check) á B-737 flugvélum Flugleiða í Kaupmannahöfn, Osló, London og Amsterdam, og bera viðkomandi flugstjórar því við, að það sé samkvæmt fyrirmælum FÍA, sbr. og bréf félagsins til Flugleiða dags. 15. og 27. nóvember. Aðgerðum þessum hefur síðan verið haldið áfram á viðkomustöðum félagsins erlendis."

Með þessu og öðru, sem fyrir liggur í málinu, er ágreiningsefnið varðandi þennan kröfulið nægilega afmarkað. Það athugast, að það varðar sama réttarágreining og kemur fram í 1. kröfulið, en ekki leiðir það til frávísunar, eins og á stendur.

3. liður.

Eins og í hinum kærða úrskurði segir, er þessi kröfuliður þannig: „Að viðurkennt verði með dómi, að stefndi sé skaðabótaskyldur fyrir tjóni því, sem Flugleiðum hefur verið valdið með neitun á að framkvæma starfsreglur Flugleiða frá 27. nóvember 1991, sem komu til framkvæmda 1. desember 1991."

Í 44. gr. og 65. gr. laga nr. 80/1938 segir, að félagsdómur dæmi um skaðabótakröfur. Er ljóst, að slíkar kröfur ber að gera með þeim hætti, sem fyrir er mælt í 88. gr. laga nr. 85/1936 um meðferð einkamála í héraði, sbr. lög nr. 54/1988. Byggist það á 69. gr. laga nr. 80/1938. Ber eftir fordæmum að skilja c-lið 1. mgr. 88. gr. einkamálalaga þannig, að varnaraðili hér fyrir dómi hafi átt að tiltaka í krónum, hve hárra bóta er krafist. Ber því að vísa þessum kröfulið frá félagsdómi.

Kærumálskostnaður fellur niður.

Dómsorð:

Hinn kærði úrskurður er staðfestur um þá tvo kröfuliði, sem að ofan greinir.

Vísað er frá félagsdómi kröfu varnaraðila, Vinnuveitendasambands Íslands f.h. Flugleiða hf., um viðurkenningu á bótarétti, en kröfunni er beint að sóknaraðila, Félagi íslenskra atvinnuflugmanna.

Kærumálskostnaður fellur niður.

Úrskurður félagsdóms 7. janúar 1992.

Mál þetta dæma Garðar Gíslason, Björn Helgason, Gylfi Knudsen, Jón Þorsteinsson og Gunnar Guðmundsson.

Mál þetta, sem tekið var til dóms eða úrskurðar að loknum munnlegum málflutningi 3. þ.m. um frávísunarkröfu stefnda, er höfðað með stefnu, birtri 12. desember 1991, og framhaldsstefnu, þingfestri 20. desember 1991.

Stefnandi er Vinnuveitendasamband Íslands, Garðastræti 41, Reykjavík, f.h. Flugleiða hf., Reykjavíkurflugvelli.

Stefndi er Félag íslenskra atvinnuflugmanna, Háaleitisbraut 68, Reykjavík.

Að framkominni framhaldsstefnu hljóða dómkröfur stefnanda nú svo:

1. að viðurkennt verði með dómi, að flugmönnum sé skylt samkvæmt gr. 17-14 í kjarasamningi aðila frá 30. apríl 1991 að framkvæma þau störf við undirbúning brottfarar, sem flugvélstjórar sinntu fram til þess, að Flugleiðir tóku í notkun flugvélar af gerðinni Boeing 737-400, þar á meðal skoðun flugvéla fyrir flug, færslu dagbóka og útskrift flugvélarinnar með kvittun í viðhaldsdagbók hennar,

2. að viðurkennt verði með dómi, að fyrirmæli stefnda til félagsmanna sinna um að framkvæma ekki skoðun flugvéla fyrir flug í samræmi við starfsreglur Flugleiða, eins og þeim var breytt 27. nóvember 1991 og koma skyldu til framkvæmda 1. desember 1991, séu brot á kjarasamningi aðila frá 30. apríl 1991 og ólögmæt aðgerð í andstöðu við ákvæði 14. til og með 17. grein laga um stéttarfélög og vinnudeilur nr. 80/1938,

3. að viðurkennt verði með dómi, að stefndi sé skaðabótaskyldur fyrir tjóni því, sem Flugleiðum hefur verið valdið með neitun um að framkvæma starfsreglur Flugleiða frá 27. nóvember 1991, sem koma skyldu til framkvæmda 1. desember 1991,

4. að stefnda verði gert að greiða stefnanda málskostnað að mati dómsins.

Um form krefst stefndi þess, að málinu verði vísað frá dómi, en um efni, að hann verði sýknaður af öllum kröfum stefnanda. Hann krefst og málskostnaðar úr hendi stefnanda, en til vara, að málskostnaður verði felldur niður.

Stefndi reisir frávísunarkröfu sína á því, að kröfur og málatilbúnaður stefnanda séu svo vanreifuð, að ekki verði lagður dómur á málið, og að dómur, sem tæki kröfur stefnanda til greina, leysi ekki úr ágreiningi aðila. Kröfugerð stefnanda verði ekki skilin öðruvísi en flugmenn hafi vanefnt grein 17-14 í gildandi kjarasamningi í einu og öllu. Að þessu leyti sé kröfugerð stefnanda ekki aðeins villandi, heldur beinlínis röng.

Í 1. tl. kröfu stefnanda verði ekki ráðið, um hvaða störf sé ágreiningur. Stefnanda hefði verið rétt að krefjast með glöggum og ótvíræðum hætti, að flugmenn sinntu nákvæmlega tilgreindum störfum, sem flugvélstjórar önnuðust á eldri vélum.

2. tl. sé sama marki brenndur. Krafist sé viðurkenningar á, að ætluð fyrirmæli stefnda til félagsmanna sinna um það, að þeir neiti að framkvæma skoðun flugvéla fyrir flug með þeim hætti, sem stefnandi hafi ákveðið, séu brot á kjarasamningi og brot á II. kafla laga nr. 80/1938. Þessi fyrirmæli séu hvorki skilgreind með glöggum hætti né rakin orðrétt lið fyrir lið.

Um 3. tl. gildi hið sama. Þar sé ekki skilgreiningu að finna á ætluðum ólögmætum athöfnum. Auk þess hafi félagsdómur ekki vald til að dæma eingöngu um skaðabótaskyldu án tjónsfjárhæðar.

Stefndi vísar í 50. gr. laga nr. 80/1938 og 88. gr., 105. gr. og 108. gr. laga nr. 85/1936. Hann telur kröfur stefnanda ekki heldur nægilega ákveðnar, sbr. 67. gr. laga nr. 85/1936 og 69. gr. laga nr. 80/1938.

Stefnandi krefst þess, að frávísunarkröfu stefnda verði hrundið og að sér verði dæmdur málskostnaður í þessum þætti málsins. Hann kveður ágreining aðila snúast um það, um hvað hafi verið samið með grein 17-14 í kjarasamningi aðila, og kröfugerðin beri það greinilega með sér og sé nægilega skýr. Um andmæli stefnda við 3. tl. sérstaklega segir stefnandi þau stafa af misskilningi, sbr. dóm félagsdóms 7. febrúar 1969 í máli nr. 1/1969.

Niðurstaða.

Í máli þessu er deilt um túlkun á gr. 17-14 í síðastgildandi kjarasamningi aðila frá 30. apríl 1991. Ágreiningur um skilning á kjarasamningi fellur undir verkefni félagsdóms samkvæmt 2. tl. 44. gr. laga nr. 80/1938 um stéttarfélög og vinnudeilur. Ber því að hafna frávísunarkröfu stefnda.

Málskostnaður dæmist ekki í þessum þætti málsins.

Því úrskurðast:

Frávísunarkröfu stefnda, Félags íslenskra atvinnuflugmanna, er hrundið.

Málskostnaður dæmist ekki í þessum þætti málsins.

Sératkvæði

Jóns Þorsteinssonar:

Í meginatriðum er ekki deilt um, hverjar séu starfsskyldur félagsmanna stefnda samkvæmt grein 17-14 í kjarasamningi aðila, heldur hitt, hvort þessar starfsskyldur hafi verið inntar af hendi. Ágreiningsefnið tengist túlkun flugrekstrarreglna, sem eru utan kjarasamnings. Úrlausn ágreinings af þessu tagi heyrir ekki undir félagsdóm. Þess ber einnig að gæta, að víðtæk kröfugerð stefnanda í máli þessu leitar svara við lögfræðilegum álitaefnum án þess að gefa kost á því að dæma um skýrlega afmarkað sakarefni.

Með tilvísun til framangreindra röksemda, sbr. 2. tl. 44. gr. laga um stéttarfélög og vinnudeilur og 67. gr. laga um meðferð einkamála í héraði, verður að vísa máli þessu frá félagsdómi.

Eftir atvikum þykir rétt, að málskostnaður falli niður.

Þriðjudaginn 4. febrúar 1992.

Nr. 286/1990. **Ákæruvaldið**
(Bragi Steinarsson vararíkissaksóknari)
gegn
Daníel Þórarinssyni,
Daníel Daníelssyni
(Hilmar Ingimundarson hrl.)
og
Gunnari Reyni Magnússyni
(Helgi V. Jónsson hrl.).

Skattsvik. Söluskattur. Bókhaldsbrot. Fyrning. Réttindasvipting. Löggiltir endurskoðendur.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Guðrún Erlendsdóttir, Gunnar M. Guðmundsson, Haraldur Henrysson, Hjörtur Torfason og Hrafn Bragason.

Ríkissaksóknari skaut máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 13. júní 1990, en ákærðu vildu una dómi. Af hálfu ákæruvaldsins er krafist sakfellingar samkvæmt ákæru og þyngingar á refsingum Daníels Þórarinssonar og Daníels Daníelssonar, en til refsiákvörðunar, að því er varðar Gunnar Reyni Magnússon. Þá er krafist sviptingar leyfis til verslunaratvinnu eða réttar til slíks leyfis, að því er varðar Daníel Þórarinssson, en sviptingar á löggildingu til endurskoðunarstarfa, að því er varðar Gunnar Reyni Magnússon.

Eftir uppkvaðningu héraðsdóms hafa verið teknar skýrslur hjá Rannsóknarlögreglu ríkisins af vitninu Helga Daðasyni Hjörvar og viðbótarskýrslur af ákærða Gunnari Reyni og samprófun þeirra farið fram. Skýrslur hafa ekki verið teknar fyrir dómi, og þessi nýju gögn hafa engu breytt um sönnunarstöðu í máli þessu frá því, er það var dæmt í héraði.

Með skírskotun til forsendna hins áfrýjaða dóms ber að staðfesta hann um sakfellingu og færslu brota til refsiákvæða, að því er varðar Daníel Þórarinsson. Eins og ákæru er háttað, ber að staðfesta hinn áfrýjaða dóm um sakfellingu Daníels Daníelssonar fyrir hlutdeild í brotum Daníels Þórarinssonar samkvæmt II. kafla ákæru, en færa ber brot hans til 7. mgr. 25. gr. laga nr. 10/1960

um söluskatt, sbr. 4. gr. laga nr. 33/1982. Þá þykir mega staðfesta hinn áfrýjaða dóm um sýknu Gunnars Reynis Magnússonar af bæði I. og II. kafla ákæru með skírskotun til forsendna dómsins.

Staðfesta má ákvörðun héraðsdóms um fangelsisrefsingu Daníels Þórarinssonar og skilorðsbindingu hennar. Hins vegar þykir mega lækka sektarákvörðun héraðsdóms, og er sektin ákveðin 2.000.000 króna. Er þá höfð hliðsjón af aldri Daníels Þórarinssonar ásamt því, að hann hefur hreinskilnislega játað sök sína og greitt að fullu skattaskuld sína með álagi og dráttarvöxtum, en ljóst er, að það hefur gengið fjárhagslega nærri honum. Í stað sektarinnar komi varðhald í fjóra mánuði, greiðist hún ekki innan fjögurra vikna frá birtingu dóms þessa.

Refsing ákærða Daníels Daníelssonar þykir með tilliti til 7. mgr. 25. gr. söluskattslaga hæfilega ákveðin í héraðsdómi, en samkvæmt 2. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940 er sektin ákveðin með vísan til þess ákvæðis, þótt lögin um söluskatt hafi fallið úr gildi með gildistöku laga nr. 50/1988 um virðisaukaskatt.

Staðfest eru ákvæði héraðsdóms um sakarkostnað og um sviptingu verslunarleyfis, sem ákveðst í tvö ár frá uppkvaðningu þessa dóms.

Samkvæmt framangreindri niðurstöðu þykir rétt, að allur áfrýjunarkostnaður greiðist úr ríkissjóði að undanskildum málsvarnarlaunum Daníels Þórarinssonar og Daníels Daníelssonar, sem ákveðast eins og í dómsorði greinir.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur skal vera óraskaður að öðru leyti en því, að sekt Daníels Þórarinssonar ákveðst 2.000.000 króna, og komi fjögurra mánaða varðhald í stað sektarinnar, greiðist hún ekki innan fjögurra vikna frá birtingu dóms þessa. Ákvæði héraðsdóms um sviptingu verslunarleyfis Daníels Þórarinssonar tekur gildi frá birtingu dóms þessa.

Ákærði Daníel Þórarinsson greiði málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Hilmars Ingimundarsonar hæstaréttarlögmanns, 50.000 krónur.

Ákærði Daníel Daníelsson greiði málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Hilmars Ingimundarsonar hæstaréttarlögmanns, 30.000 krónur.

Allur annar áfrýjunarkostnaður greiðist úr ríkissjóði, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda Gunnars Reynis Magnússonar, Helga V. Jónssonar hæstaréttarlögmanns, 80.000 krónur.

Dómur sakadóms Reykjavíkur 18. apríl 1990.

Ár 1990, miðvikudaginn 18. apríl, er á dómþingi sakadóms Reykjavíkur, sem háð er í Borgartúni 7 af Pétri Guðgeirssyni sakadómara og meðdómsmanninum Birni Óskari Björgvinssyni, löggiltum endurskoðanda, kveðinn upp dómur í sakadómsmálinu nr. 230-132/1990: Ákæruvaldið gegn Daníel Þórarinssyni, Daníel Daníelssyni og Gunnari Reyni Magnússyni, sem dómtekið var 29. mars sl.

Málið er höfðað með ákæruskjali ríkissaksóknara, dagsettu 7. mars 1989, á hendur ákærðu, Daníel Þórarinssyni framkvæmdastjóra, Gnoðarvogi 76, Reykjavík, fæddum þar í borg 24. apríl 1921, Daníel Daníelssyni verslunarmanni, Ásbúð 11, Garðakaupstað, fæddum 27. maí 1950 í Reykjavík, og Gunnari Reyni Magnússyni, löggiltum endurskoðanda, Hrauntungu 3, Kópavogi, fæddum 8. nóvember 1925 í Reykjavík, fyrir brot á almennum hegningarlögum og lögum um söluskatt, svo sem hér á eftir verður nánar rakið.

I.

Ákærða Gunnari Reyni Magnússyni, löggiltum endurskoðanda, sem færði eða lét færa á endurskoðunarskrifstofu sinni í Reykjavík bókhald fyrir meðákærða Daníel Þórarinsson og einkafirma hans, Vinnufatabúðina, Laugavegi 76, Reykjavík, og aðrar verslanir firmans fyrir rekstrarárin 1983 og 1984 og semja ársreikninga fyrir þau ár, áritaði þá þannig, að hann hefði samið þá eftir bókum fyrirtækisins, þótt grundvallarmisræmi væri milli bókhaldsins og ársreikninganna, svo sem, að árið 1983 er heildarvelta á rekstrarreikningi tilgreind 26.553.590 kr. í stað 36.824.400 kr. í bókhaldi, vörukaup á sama ári eru á rekstrarreikningi tilgreind 19.031.649 kr. í stað 27.933.203 kr. í bókhaldi, rekstrarárið 1984 er heildarvelta á rekstrarreikningi tilfærð 39.677.345 kr. í stað 56.571.738 kr. í bókhaldi, vörukaup á sama ári eru tilfærð á rekstrarreikningi 28.569.346 kr. í stað 35.817.905 kr. í bókhaldi, er gefið að sök að hafa í blekkingarskyni hagað gerð ársreikninganna með ofangreindum hætti.

II.

Ákærða Daníel Þórarinssyni er gefið að sök að hafa þrátt fyrir vitneskju um framangreindar rangfærslur í ársreikningunum notað þá í lögskiptum við opinbera aðila.

Brot ákærðu, að því er varðar rangfærslu ársreikninganna, svo sem því hefur verið lýst, varðar refsingu samkvæmt 158. gr. almennra hegningarlaga nr. 19, 1940, og auk þess, að því er ákærða Gunnar Reyni varðar, 138. gr. sömu laga.

III.

Ákærða Daníel Þórarinssyni er gefið að sök að hafa á árunum 1983, 1984 og 1985 dregið undan við framtal til söluskatts verulegan hluta af vörusölu verslana Vinnufatabúðarinnar, Laugavegi 76 í Reykjavík, sem er einkafyrirtæki hans. Eru sala þessi og undandreginn söluskattur talin nema eftirtöldum fjárhæðum:

Ár	Sala	Söluskattur
1983	kr. 10.320.000	1.963.690
1984	kr. 16.200.000	3.082.536
1985	kr. 19.277.394	3.789.932
	Kr. 45.797.394	8.836.158

IV.

Ákærða Daníel Daníelssyni er gefið að sök að hafa á fyrrgreindu tímabili samið og undirritað hinar röngu söluskattsskýrslur þannig: Skýrslur fyrir janúar-nóvember 1983, skýrslur fyrir alla mánuði áranna 1984 og 1985 að undantekinni söluskattsskýrslu fyrir júnímánuð 1985, en ákærði annaðist á tímabilinu rekstur verslunarinnar að Laugavegi 76 og sá um að leggja dagsölu verslananna inn á bankareikning fyrirtækisins, hlaupareikning nr. 6191 í Búnaðarbanka Íslands, hafði heimild til að gefa út tékkaávísanir á þann reikning og átti að fylgjast með honum.

V.

Ákærða Gunnari Reyni Magnússyni, löggiltum endurskoðanda, sem samdi eða lét semja fyrir rekstrarárin 1983 og 1984 skattframtöl ákærða Daníels Þórarinssonar ásamt tilheyrandi fylgiskjölum með þeim og kærði álögð opinber gjöld ákærða Daníels, er gefið að sök að hafa í blekkingarskyni samið eða látið semja fylgiskjöl með skattframtölunum, og á það hér sérstaklega við um skýrslu um samanburð söluskattsskýrslna og ársreikninga fyrir ofangreind ár, sem hann lagði fram með skattkærum, dagsettum 31. október 1984 og 19. ágúst 1985, í því skyni að villa um fyrir skattyfirvöldum.

Ákærðu teljast með framangreindum sakarefnum, svo sem þau eru rakin í þessum kafla ákæru, hafa gerst brotlegir við 1. og 6. mgr. 25. gr. laga nr. 10, 1960, sbr. 7. mgr. sömu greinar, að því er tekur til ákærða Daníels Daníelssonar og ákærða Gunnars Reynis Magnússonar, allt sbr. 4. gr. laga nr. 33/1982.

VI.

Þess er krafist:

að ákærðu verði dæmdir til refsingar,

að ákærði Daníel Þórarinsson verði sviptur leyfi til verslunaratvinnu eða rétti til slíks leyfis samkvæmt 2. mgr. 68. gr. alm. hgl. nr. 19, 1940, sbr. 13. gr. laga um verslunaratvinnu nr. 41, 1968,

að ákærði Gunnar Reynir Magnússon verði með heimild í 68. gr. almennra hegningarlaga nr. 19, 1940, sviptur löggildingu til endurskoðunarstarfa, sbr. og 15. gr. laga nr. 67/1976,

að ákærðu verði dæmdir til greiðslu alls sakarkostnaðar.

Í þinghaldi 7. mars sl. var bókað eftir vararíkissaksóknara, að ákæruefnið í V. kafla hér að framan væri einskorðað við þau skjöl, sem þar eru tilgreind „og ákæruefnið varði".

Málavextir.

Ákærði Daníel Þórarinsson hóf rekstur Vinnufatabúðarinnar um 1964, að því er hann telur, og hefur verslunin verið einkafyrirtæki hans. Verslanir ákærða eru á Hverfisgötu 26 og Laugavegi 76. Einnig rak ákærði verslun á Skúlagötu 26 á árunum 1984 og 1985. Aðallega er seldur vinnu- og sportfatnaður og að langmestu leyti í smásölu.

Bókhald verslunarinnar hefur árum saman verið fært á endurskoðunarskrifstofu Gunnars Reynis Magnússonar, ákærða í máli þessu, en hann hlaut löggildingu til endurskoðunarstarfa 5. desember 1956. Þá hefur skrifstofan annast gerð ársreikninga og skattframtala fyrir verslunina. Bókhaldið var fært í tölvu og að meira eða minna leyti eftir á. Sala í verslununum var skráð á strimil í sjóðvél, og var dagsalan lögð inn á hlaupareikning ákærða nr. 6191 í Búnaðarbanka Íslands. Voru tekjur í bókhaldi fyrirtækisins færðar eftir innleggskvittunum á reikning þennan.

Athugun skattyfirvalda fór fram á árunum 1985 og 1986 á bóhaldi og söluskattsskilum Vinnufatabúðarinnar rekstrarárin 1983-1985 og skattframtölum fyrir sömu ár. Í skýrslu rannsóknardeildar ríkisskattstjóra segir, að komið hafi í ljós, að bókhaldi, tekjuskráningu og ársreikningum fyrirtækisins hafi verið mjög ábótavant þessi ár. Verulegt misræmi hafi verið á milli bókhalds rekstrarárin 1983 og 1984 annars vegar og skattframtala, ársreikninga og söluskattsskýrslna fyrir þessi sömu ár hins vegar. Aftur

á móti hafi verið samræmi milli ársreiknings og bókhalds rekstrarárið 1985.

Tölurnar eru þessar samkvæmt skýrslunum:

1983	*Bókhald*	*Skattframtöl, ársreikn.*	*Söluskatts-skýrslur*
Heildarvelta	kr. 36.824.400	kr. 26.553.590	kr. 25.212.438
Söluskattsskyld velta	kr. 35.584.504	kr. 25.313.694	kr. 25.212.438
Vörukaup	kr. 27.933.203	kr. 19.031.649	
1984			
Heildarvelta	kr. 56.571.738	kr. 39.677.345	kr. 38.692.335
Söluskattsskyld velta	kr. 54.775.573	kr. 38.725.483	kr. 38.657.475
Vörukaup	kr. 35.817.905	kr. 28.569.346	
1985			
Heildarvelta	kr. 64.820.313	kr. 64.820.313	kr. 43.465.046
Söluskattsskyld velta	kr. 62.742.439	kr. 62.742.439	kr. 43.465.046
Vörukaup	kr. 44.660.609	kr. 44.660.609	

Hinn 17. desember 1986 úrskurðaði ríkisskattstjóri samkvæmt heimild í 101. gr. laga nr. 75, 1981, um tekjuskatt og eignarskatt ákærða Daníel Þórarinssyni hækkun opinberra gjalda sem hér segir:

Aðstöðugjald 1984	kr.	143.000
Tekjuskattur 1985	kr.	3.022.000
Útsvar 1985	kr.	785.750
Sjúkratryggingargjald 1985	kr.	139.000
Aðstöðugjald 1985	kr.	117.000
Samtals	kr.	4.206.750

Sama dag úrskurðaði ríkisskattstjóri með heimild í 16. gr. og 21. gr. laga nr. 10, 1960, um söluskatt ákærða viðbótarsölugjald og álag sem hér segir:

1983	kr.	1.963.690
1984	kr.	3.082.536
1985	kr.	3.789.932
Álag til 16. janúar 1987	kr.	8.864.686
Samtals	kr.	17.700.844

Álag samkvæmt 1. tl. 2. mgr. 21. gr. söluskattslaga nam samtals 1.778.857 kr.

Hefur ákærði nú greitt upp þessar aukaálögur, og fyrir liggur í málinu, að verslunarhúsnæði ákærða á Laugavegi 76 og íbúð hans í Gnoðarvogi 76 voru seld á nauðungaruppboði í nóvember á fyrra ári og mars á þessu ári.

I.

Ákærði Gunnar Reynir hefur skýrt frá því, að á skrifstofu sinni á þeim tíma, sem um ræðir, hafi að jafnaði unnið átta manns í ársverkum talið. Hafi hann verið eini löggilti endurskoðandinn fram til 1. janúar 1984, en þá hafi ráðist til sín annar endurskoðandi. Vinnu hafi verið hagað þannig, að hver starfsmaður hafi að jafnaði haft með sömu viðskiptamennina að gera, en ákærði kveðst ekki hafa sett sig inn í verkin, nema til sín væri leitað. Hann hefði þó fylgst með því, við hvað hver starfsmaður var að vinna. Ákærði kveðst hafa treyst starfsfólki sínu fyllilega og hafa áritað ársreikninga viðskiptamanna sinna í trausti þess, að reikningarnir væru réttilega samdir eftir bókhaldi þeirra. Ákærði kveður 240 - 260 aðila vera í viðskiptum hjá sér. Ákærði kveður mann að nafni Helga Daðason Hjörvar hafa séð um að færa bókhald Vinnufatabúðarinnar og semja ársreikninga fyrir rekstrarárin 1983 og 1984. Hefði Helgi unnið hjá sér árin 1982 til 1985, þegar honum var sagt upp störfum vegna óreglu. Auk Vinnufatabúðarinnar hefði hann unnið við að færa upp bókhald annarra smáfyrirtækja. Hann hefði séð um að merkja fylgiskjöl, tölvufæra bókhald og stemma af og ganga frá reikningum. Ákærði kveðst ekki hafa gefið honum önnur almenn fyrirmæli en þau, að hann ætti að vinna verk sín eins og lög og reglur mæltu fyrir. Ákærði kveðst hafa treyst Helga fyllilega, enda hefði hann fengið um hann góðan vitnisburð fyrri vinnuveitenda. Ákærði kveður Helga hafa skýrt sér frá því, þegar hann hafi verið að vinna við bókhald Vinnufatabúðarinnar fyrir árið 1983, að sjóður væri neikvæður. Kveðst ákærði hafa sagt honum að leita að skekkjum, sem gætu skýrt þetta. Hafi Helgi sagt sér nokkru seinna, að hann hefði fundið skekkjuna í vörukaupum, og væri hann búinn að leiðrétta hana. Kveðst ákærði hafa tekið orð hans trúanleg. Síðar hefði komið í ljós, að Helgi hefði rétt af vörukaupareikninginn með millifærslum, sem námu um 10 milljónum króna. Kveðst ákærði nú sjá, að þetta hefði verið tilefni til athugunar af sinni hálfu, en þar sem starf Helga hefði verið misfellulaust fram að þessu, hefði hann ekki látið verða af því.

Ákærði kveðst ekki geta skýrt þann mismun, sem er á bókhaldi og ársreikningum þessara ára. Þetta hafi komið sér alveg á óvart. Kveðst hann viðurkenna, að það hafi verið mistök hjá sér að treysta starfsmanni þessum eins og hann gerði og fylgjast ekki betur með starfi hans.

Ákærði hefur skýrt frá því, að þegar skattrannsóknarmenn hafi komið á skrifstofu sína að sækja bókhaldsgögn fyrirtækisins, hafi þau ekki fundist fyrir utan tölvufærða hreyfingalista. „Ballansblöð" og millifærslulistar hafi verið horfin, og kveðst hann hafa grun um, að Helgi hafi tekið gögnin, þegar honum var sagt upp.

Ákærðu Daníel Þórarinsson og Daníel Daníelsson hafa borið, að Helgi Daðason Hjörvar hafi séð um að færa upp bókhald Vinnufatabúðarinnar fyrir rekstrarárin 1983 og 1984 og semja ársreikninga fyrir þau ár. Þeir viti ekki til þess, að Gunnar Reynir hafi sjálfur komið þar nærri.

Helgi Daðason Hjörvar, sem sagður er fæddur 28. september 1952, hefur aldrei verið yfirheyrður í máli þessu. Er hann talinn vera búsettur í Flórída í Bandaríkjunum og starfa þar við endurskoðun. Af gögnum málsins má ályktа, að Helgi hafi verið góður bókhaldsmaður og nokkuð vanur því að stemma af bókhald og jafnvel ársreikninga.

Áætlunartölur ríkisskattstjóra eru byggðar á innborgunum á hlaupareikning ákærða Daníels Þórarinssonar, andvirði seldra víxla o.fl. Er á það að líta, að ákærði átti í fjárhagserfiðleikum á þessum tíma. Er því ekki unnt að fullyrða, að heildarvelta ákærða og Vinnufatabúðarinnar hafi verið hærri en kemur fram í hreyfingalistum, sem málinu fylgja, þ.e. 35.117.816,31 kr. árið 1983, en í ársreikningi er hún tilgreind 26.553.590 kr. Árið 1984 var heildarveltan samkvæmt þessu 49.677.105,98 kr., en í ársreikningi er hún tilgreind 39.677.345 kr. Vörukaup voru eins og í ákæru segir.

Ákærði áritaði reikninga meðákærða Daníels Þórarinssonar og Vinnufatabúðarinnar fyrir rekstrarárin 1983 og 1984 á þann hátt, að hann hefði samið þá eftir bókum Vinnufatabúðarinnar, sem færðar hefðu verið á skrifstofu hans, upplýsingum eigenda og fleiri aðila. Endurskoðun hefði ekki verið framkvæmd, en innstæða í bankareikningum hefði verið sannreynd. Vörubirgðir hefðu verið taldar og verðlagðar án aðstoðar sinnar.

Gegn neitun ákærða Gunnars Reynis verður ekki talið sannað, að hann hafi haft vitneskju um misræmi það, sem reyndist vera á milli ársreikninga og bókhalds meðákærða Daníels Þórarinssonar og Vinnufatabúðarinnar, eða að hann hafi hagað gerð reikninganna þannig í blekkingarskyni. Ber samkvæmt því að sýkna hann af broti gegn 158. gr. almennra hegningarlaga.

Skilja verður áritun ákærða á þann veg, að hann hafi ábyrgst, að reikningarnir væru í samræmi við bókhald meðákærða. Er á það að líta, að samkvæmt 10. gr. laga um löggilta endurskoðendur nr. 67, 1976, gat ákærði með áritun sinni gert fyrirvara um þetta. Verður að telja, að hann hafi með áritun sinni á ársreikningana vottað um málefni, sem honum var ekki kunnugt um. Varðar þetta athæfi ákærða við 147. gr., sbr. 138. gr.

almennra hegningarlaga, en eins og ákæru er hagað, þykir hún taka til þess brots. Hefur málið og verið flutt að því leyti.

Áritun ákærða á fyrri reikninginn er dagsett 29. október 1984 og hin síðari 16. ágúst 1985. Sök ákærða var því fyrnd samkvæmt 1. tl. 81. gr. hegningarlaga, þegar málið var höfðað. Ber samkvæmt þessu að sýkna hann af I. kafla ákæru.

II.

Ákærði Daníel Þórarinsson hefur undanbragðalaust viðurkennt að hafa látið rangfæra ársreikninga sína fyrir rekstrarárin 1983 og 1984, eins og rakið hefur verið, og að hafa undirritað þá og látið skrifstofu meðákærða Gunnars Reynis afhenda þá skattyfirvöldum ásamt skattframtölum fyrir sömu ár. Var fyrri reikningurinn afhentur 5. nóvember 1984, en hinn síðari 20. ágúst 1985. Hefur ákærði með þessu brotið gegn 158. gr. almennra hegningarlaga.

III.

Ákærði Daníel Þórarinsson hefur undanbragðalaust viðurkennt að hafa dregið undan við framtal til söluskatts verulegan hluta af vörusölu verslana sinna. Kveðst hann hafa ákveðið fjárhæð hverrar söluskattsskýrslu í samráði við son sinn, meðákærða Daníel Daníelsson. Ekki hafi það verið ætlun þeirra að koma sér undan því að greiða þetta fyrir fullt og allt. Þeir hafi ætlað sér að gera þetta upp síðar, en þó ekki ákveðið, hvenær það yrði. Daníel Daníelsson útbjó og undirritaði söluskattsskýrslurnar að undanskilinni skýrslu fyrir júnímánuð 1985, sem ákærði Daníel Þórarinsson undirritaði sjálfur.

Samkvæmt bókhaldsgögnum málsins, sbr. I. kafla hér að framan, svo og söluskattsskýrslum ákærða voru söluskattsskyld velta hans og framtalin söluskattsvelta árin 1983 - 1985 sem hér segir:

	Sölusksk. velta skv. sölusksk.	*Sölusksk. velta skv. bókhaldi*	*Mismunur*
Árið 1983	kr. 25.313.694	kr. 35.117.816	kr. 9.804.122
Árið 1984	kr. 38.725.483	kr. 48.725.243	kr. 9.999.760
Árið 1985	kr. 43.465.046	kr. 62.742.440	kr. 19.277.394

Var undandregin söluskattsskyld velta þessara þriggja ára því 36.889.619 kr. og undandreginn söluskattur samkvæmt því 7.558.216 kr.

Með því að draga undan þá söluskattsskylda veltu, sem hér hefur verið gerð grein fyrir, braut ákærði gegn 1. mgr., sbr. 6. mgr. 25. gr. laga nr. 10, 1960, um söluskatt, eins og þeim var breytt með lögum nr. 33, 1982.

Þau lög féllu úr gildi með gildistöku laga nr. 50, 1988, um virðisaukaskatt. Samkvæmt 2. gr. almennra hegningarlaga varðar brot ákærða nú við ákvæði 1. mgr., sbr. 6. mgr. 40. gr. þeirra laga, sem eru hliðstæð fyrrgreindum ákvæðum söluskattslaganna.

IV.

Ákærði Daníel Daníelsson kveðst hafa séð um að leggja inn andvirði vörusölu úr verslunum Vinnufatabúðarinnar á hlaupareikning nr. 6191 í Búnaðarbankann og útbúa og skrifa undir allar söluskattsskýrslur áranna 1983- 1985 í samráði og að fyrirlagi föður síns, meðákærða í málinu. Skrifaði ákærði undir allar skýrslurnar með einni undantekningu, eins og í ákæru segir. Þá hafði ákærði heimild til þess að ávísa af hlaupareikningi þessum, en hann kveðst ekki hafa skrifað út af reikningnum nema með samþykki meðákærða.

Samkvæmt gögnum málsins var innlögð á reikninginn sala úr búð árin 1983-1984 í mánuði hverjum sem hér segir:

Mánuður:	*Árið 1983 Innlögð sala á hlr. 6191.*	*Sala skv. innsendum söluskattsskýrslum*	*Mismunur Van-/(of-) talin velta*
Janúar	1.306.348	2.194.798	(888.450)
Febrúar	2.991.904	1.737.390	1.254.514
Mars	1.713.300	1.258.238	455.062
Apríl	1.652.179	1.659.719	(7.540)
Maí	2.923.581	1.690.762	1.232.819
Júní	3.110.304	1.881.890	1.228.414
Júlí	3.402.367	2.595.258	807.109
Ágúst	3.283.303	1.898.154	1.385.149
September	3.087.929	2.578.074	509.855
Október	4.397.671	1.781.641	2.616.030
Nóvember	2.785.504	1.845.833	939.671
Desember	4.463.426	4.090.681	372.745
	35.117.816	25.212.438	9.905.378

Mánuður	*Árið 1984 Innlögð sala. á hlr. 6191*	*Sala samkv. innsendum söluskatts-skýrslum*	*Mismunur Van-/)of-) talin velta*
Janúar	2.525.874	2.256.389	269.485
Febrúar	3.944.208	2.657.599	1.286.609
Mars	2.245.698	1.931.547	314.151

Apríl	2.640.193	2.014.988	625.205
Maí	5.051.269	3.093.309	1.957.960
Júní	4.935.081	3.999.973	935.108
Júlí	4.982.614	4.344.944	637.670
Ágúst	4.732.174	4.244.604	487.570
September	4.472.572	3.581.421	891.151
Október	3.311.534	2.642.068	669.466
Nóvember	3.686.598	3.116.448	570.150
Desember	6.108.561	4.809.045	1.299.516
	48.636.376	38.692.335	9.944.041

Ákærði Daníel Daníelsson hefur ekki skýrt mismuninn á innleggi þessu og söluskattsveltunni, sem hann taldi fram í skýrslunum. Kveðst hann hafa gert skýrslurnar eftir þeim gögnum, sem hann hafði og taldi rétt, en faðir sinn hefði ráðið endanlega, hvaða tölur stóðu í skýrslunum. Í einstaka tilfelli hefði verið munur á milli innleggs á hlaupareikninginn og framtalinnar söluskattsveltu.

Telja verður, þegar litið er til framburðar Daníels Þórarinssonar, sem rakinn er í III. kafla hér að framan, og þess, að ákærði sá um að leggja inn andvirði vörusölunnar á hlaupareikninginn í Búnaðarbankanum og vinna söluskattsskýrslurnar í samráði við meðákærða, föður sinn, að hann hafi hlotið að vita, að skýrslurnar voru verulega rangar. Með því að gera og undirrita hinar röngu skýrslur braut ákærði gegn 1. mgr., sbr. 6. mgr., sbr. 7. mgr. 25. gr., söluskattslaganna. Varðar brot hans samkvæmt 2. gr. almennra hegningarlaga nú við ákvæði 1. mgr., sbr. 6. mgr., sbr. 7. mgr., 40. gr. laga um virðisaukaskatt, sem eru hliðstæð þessum ákvæðum söluskattslaganna. Ákærði er þó, eins og ákæru er háttað, ekki sakfelldur fyrir skýrsluna fyrir desember 1983.

V.

Ákærði Gunnar Reynir hefur skýrt frá því, að hann og skrifstofa sín hafi ekkert haft með gerð söluskattsskýrslna fyrir Vinnufatabúðina að gera, heldur hafi meðákærðu unnið þær sjálfir. Kveðst hann ekki hafa vitað af því, að söluskattsveltan væri vanframtalin, enda hefur komið fram hjá honum, að hann hafi ekki sett sig inn í bókhaldið eða ársreikningana. Nýtur framburður hans um þetta stuðings af skýrslum meðákærðu.

Ákærði kannast við, að skattframtöl ákærða Daníels Þórarinssonar og fylgiskjöl með þeim hafi verið samin á skrifstofu sinni. Auk þess hafi skýrslurnar um samanburð söluskattsskýrslna og ársreikninga, sem fylgdu skattkærum 31. október 1984 og 19. ágúst 1985, verið samdar á skrifstofunni, og hafi Helgi Daðason líklega gert það. Ákærði neitar því, að hann

hafi látið semja gögnin í blekkingarskyni til þess að villa um fyrir skattyfirvöldum.

Skilja verður bókun ríkissaksóknara 7. mars sl. og síðasta efnislið ákærunnar á þann veg, að ákærði Gunnar Reynir sé þar saksóttur fyrir hlutdeild í söluskattssvikum meðákærða Daníels Þórarinssonar með því að láta skattyfirvöldum í té tvær skýrslur um samanburð söluskattsskýrslna og ársreikninga, sem fylgdu skattkærum Daníels, dagsettum 31. október 1984 og 19. ágúst 1985.

Gegn neitun ákærða Gunnars Reynis og með vísan til þess, sem rakið hefur verið hér að framan, verður ekki talið sannað, að ákærði hafi gerst sekur um brot þetta, og ber að sýkna hann af ákærunni að þessu leyti.

Viðurlög, sakarkostnaður.

Sakaferill ákærðu Daníels Þórarinssonar og Daníels Daníelssonar hefur ekki þýðingu í málinu.

Refsing ákærða Daníels Þórarinssonar þykir hæfilega ákveðin fangelsi sex mánuði. Rétt þykir að fresta framkvæmd refsingarinnar og ákveða, að hún falli niður að liðnum tveimur árum frá dómsuppsögu, haldi ákærði almennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga. Þá ber samkvæmt 1. mgr. 25. gr. söluskattslaga, sbr. 40. gr. laga um virðisaukaskatt, að dæma ákærða Daníel Þórarinsson til þess að greiða sekt til ríkissjóðs. Þykir hún með hliðsjón af aldri og ástæðum ákærða svo og álagi, sem honum var gert að greiða samkvæmt 1. tl. 2. mgr. 21. gr. söluskattslaga, vera hæfilega ákveðin 4.000.000 krónur. Í stað sektarinnar komi varðhald sex mánuði, greiðist hún ekki innan fjögurra vikna frá dómsbirtingu.

Refsing ákærða Daníels Daníelssonar þykir samkvæmt 4. gr. laga nr. 33, 1982, vera hæfilega ákveðin 100.000 krónur í sekt til ríkissjóðs, og komi varðhald 20 daga, greiðist sektin ekki innan fjögurra vikna frá dómsbirtingu.

Brot ákærða Daníels Þórarinssonar er stórfellt, og þykir hlýða samkvæmt 2. mgr. 68. gr. almennra hegningarlaga að svipta hann verslunarleyfi í tvö ár frá dómsbirtingu að telja.

Dæma ber ákærða Daníel Þórarinsson til þess að greiða verjanda sínum, Jóni Þóroddssyni héraðsdómslögmanni, 60.000 krónur í málsvarnarlaun og ákærða Daníel Daníelsson til þess að greiða verjendum sínum, Hjalta Steinþórssyni hæstaréttarlögmanni, 15.000 krónur, og Bergsteini Georgssyni héraðsdómslögmanni, 35.000 krónur í málsvarnarlaun.

Málsvarnarlaun skipaðs verjanda ákærða Gunnars Reynis, Helga V. Jónssonar hæstaréttarlögmanns, 75.000 krónur, ber að greiða úr ríkissjóði svo og 1/3 annars sakarkostnaðar, en dæma ber ákærðu Daníel Þórarinsson og Daníel Daníelsson til þess að greiða óskipt 2/3 hluta annars sakarkostnaðar, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, 50.000 krónur.

Hjalti Steinþórsson hæstaréttarlögmaður var leystur frá verjandastörfum fyrir ákærða Daníel Daníelsson vegna veikindaforfalla undir rekstri málsins, og var Bergsteinn Georgsson héraðsdómslögmaður skipaður í hans stað.

Dómsorð:

Ákærði Gunnar Reynir Magnússon er sýkn af ákæru í máli þessu.

Ákærði Daníel Þórarinsson sæti fangelsi sex mánuði. Fresta ber fullnustu refsingarinnar, og fellur hún niður að liðnum tveimur árum frá dómsuppsögu, haldi ákærði almennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga. Ákærði greiði auk þess í sekt til ríkissjóðs 4.000.000 króna, og komi sex mánaða varðhald í stað sektarinnar, greiðist hún ekki innan fjögurra vikna frá dómsbirtingu.

Ákærði Daníel Daníelsson greiði 100.000 króna sekt til ríkissjóðs, og komi 20 daga varðhald í stað sektarinnar, greiðist hún ekki innan fjögurra vikna frá dómsbirtingu.

Ákærði Daníel Þórarinsson er sviptur verslunarleyfi í tvö ár frá dómsbirtingu að telja.

Ákærði Daníel Þórarinsson greiði verjanda sínum, Jóni Þóroddssyni héraðsdómslögmanni, 60.000 krónur í málsvarnarlaun.

Ákærði Daníel Daníelsson greiði verjendum sínum, Hjalta Steinþórssyni hæstaréttarlögmanni, 15.000 krónur, og Bergsteini Georgssyni héraðsdómslögmanni, 35.000 krónur í málsvarnarlaun.

Málsvarnarlaun verjanda ákærða Gunnars Reynis, Helga V. Jónssonar hæstaréttarlögmanns, 75.000 krónur, greiðist úr ríkissjóði.

Annan sakarkostnað greiði ríkissjóður að ⅓ hluta, en ákærðu Daníel Þórarinsson og Daníel Daníelsson óskipt að ⅔ hlutum, þar með taldar 50.000 krónur í saksóknarlaun til ríkissjóðs.

Þriðjudaginn 4. febrúar 1992.

Nr. 520/1991. **Þrotabú Árna Sigurðssonar**

gegn

Guðrúnu Halldórsdóttur.

Kærumál. Frávísunardómur felldur úr gildi. Málshöfðunarfrestur.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Þór Vilhjálmsson, Garðar Gíslason og Hjörtur Torfason.

Sóknaraðili hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með kæru 16. desember 1991 samkvæmt heimild í b-lið 1. tl. 1. mgr. 21. gr. laga nr. 75/1973 um Hæstarétt Íslands. Barst kæran réttinum 23. s.m., en greinargerðir frá málsaðilum komu fram 6. og 9. janúar 1992.

Sóknaraðili krefst þess, að hinum kærða frávísunardómi verði hrundið og lagt verði fyrir héraðsdómara að leggja efnisdóm á málið. Hann gerir og kröfu um kærumálskostnað.

Varnaraðili krefst staðfestingar á dóminum og kærumálskostnaðar úr hendi sóknaraðila.

Bú Árna Sigurðssonar var tekið til gjaldþrotaskipta með úrskurði skiptaréttar Ísafjarðar 12. nóvember 1990. Úrskurði þessum var áfrýjað til Hæstaréttar með stefnu 9. janúar 1991 í hæstaréttarmálinu nr. 14/1991, sem nú bíður flutnings, en sú áfrýjun hefur ekki frestað framkvæmd skiptanna. Er mál þetta höfðað af sóknaraðila á grundvelli ákvæða í VIII. kafla gjaldþrotalaga nr. 6/1978 til riftunar á ráðstöfunum Árna, sem gerðar voru með kaupmála milli hans og varnaraðila nokkru fyrir upphaf skiptanna, og riftunar á veðsetningu varnaraðila á fasteign, er varð séreign hennar með kaupmálanum. Af hálfu varnaraðila er litið svo á, að lögmæltur frestur til höfðunar riftunarmáls hafi verið liðinn, þegar málið var höfðað á bæjarþingi Ísafjarðar. Krafa hennar um staðfestingu hins kærða frávísunardóms er á þessu byggð, og eru önnur atriði varðandi málið eða gjaldþrotið ekki til úrlausnar hér fyrir dómi.

Úrskurðurinn um gjaldþrot Árna Sigurðssonar var kveðinn upp á grundvelli árangurslausrar löghaldsgerðar í fógetarétti Ísafjarðar 12. júlí 1990, þar sem hann hafði lýst því yfir, að hann gæti ekki bent á neinar eignir til tryggingar umkrafinni skuld. Þegar birta átti honum skiptastefnu, út gefna 10. ágúst s.á., var hann farinn af

landi brott. Var úrskurðurinn kveðinn upp að honum fjarstöddum í þinghaldi, sem boðað var með annarri skiptastefnu, og hefur hann ekki mætt eða látið mæta við síðari réttarhöld vegna búskiptanna. Kröfulýsingarfrestur rann út 28. janúar 1991, og námu lýstar kröfur um 14,5 milljónum króna. Skiptaráðandi á Ísafirði hefur sjálfur farið með þrotabúið hingað til. Er honum ekki kunnugt um eignir í búinu aðrar en þær, sem til þess gætu runnið við riftun fyrrgreindra ráðstafana.

Höfðun máls þessa var ákveðin á fyrsta skiptafundi í búinu 6. mars 1991. Bauðst einn kröfuhafa til að bera kostnað af málinu, og var lögmanni hans falið að reka það af hálfu búsins. Á það má fallast með héraðsdómara, að skiptaráðandi hafi haft í höndum nægilegar upplýsingar til að meta, hvort efni væru til að krefjast riftunar hinna umdeildu ráðstafana, áður en kröfulýsingarfrestur rann út. Eins og eignastöðu búsins var háttað, átti hann þess hins vegar ekki kost að fylgja fram riftunarkröfu, meðan ekki var ljóst, hvort kröfuhafar vildu bera kostnað af málshöfðun. Frestur til málshöfðunar samkvæmt 1. mgr. 68. gr. gjaldþrotalaga gat því ekki byrjað að líða, fyrr en fundurinn var haldinn. Var fresturinn þannig ekki liðinn, þegar stefna var birt í máli þessu, hvernig sem annars er litið á gildi þeirra birtingaraðgerða, sem fram fóru gagnvart varnaraðila.

Samkvæmt þessu ber að fella hinn kærða frávísunardóm úr gildi og leggja fyrir héraðsdómara að taka málið upp að nýju til löglegrar meðferðar.

Rétt er eftir atvikum, að kærumálskostnaður falli niður.

Dómsorð:

Hinn kærði frávísunardómur er úr gildi felldur, og ber héraðsdómara að taka mál þetta upp að nýju til löglegrar meðferðar.

Dómur bæjarþings Ísafjarðar 24. október 1991.

Stefna í máli þessu var gefin út 10. júlí sl. og birt í Lögbirtingablaði, er út kom 26. júlí, og af stefnuvottum í New Jersey-fylki í Bandaríkjunum 31. júlí. Málið var þingfest 5. september og tekið til dóms eða úrskurðar um frávísunarkröfu stefndu 28. nóvember.

Stefnandi er þrotabú Árna Sigurðssonar, kt. 180441-2559, sem nú er búsettur í Bandaríkjunum, en búið er til skipta í skiptarétti Ísafjarðar. Stefnda er Guðrún Halldórsdóttir, kt. 100348-3069, nú til heimilis að 84 Ambassador Drive í Red Bank, New Jersey, Bandaríkjunum.

I.

Í stefnu er gerðar þessar kröfur:

„1. Að rift verði með dómi gjöf Árna Sigurðssonar, kt. 180441-2559, nú til heimilis að 84 Ambassador Drive, Red Bank, New Jersey, 07701, Bandaríkjum Norður-Ameríku, áður að Fagraholti 12, Ísafirði, til eiginkonu hans, Guðrúnar Halldórsdóttur, kt. 100348-3069, sama stað, en gjöfin felst í kaupmála þeirra hjóna, sem dagsettur er 27. febrúar 1990 og skráður í kaupmálabók bæjarfógetaembættisins á Ísafirði í mars 1990.

2. Að stefnda, Guðrún, verði dæmd til að afhenda þrotabúi Árna Sigurðssonar til eignar fasteignina Fagraholt 12 á Ísafirði.

Til vara er þess krafist, að stefnda verði dæmd til að greiða stefnanda bætur, að fjárhæð 10.500.000 kr., að frádregnum veðkröfum, eins og fjárhæð þeirra var 27. febrúar 1990., ásamt dráttarvöxtum frá 27. febrúar 1990 til greiðsludags.

3. Að rift verði með dómi samningi stefndu, Guðrúnar, er fólst í veðsetningu hennar á fasteigninni Fagraholti 12 samkvæmt veðskuldabréfi, að fjárhæð 8.000.000 kr., útgefið 14. ágúst 1990. Til vara er þess krafist, að stefnda verði dæmd til að greiða stefnanda 8.000.000 kr. ásamt dráttarvöxtum skv. III. kafla vaxtalaga frá 14. ágúst 1990 til greiðsludags og að dráttarvextir leggist við höfuðstól á 12 mánaða fresti, fyrst 14. ágúst 1991.

4. Að stefnda, Guðrún, verði dæmd til að greiða stefnanda 2.000.000 kr. auk dráttarvaxta skv. III. kafla laga nr. 25/1987 frá 27. febrúar 1990 til greiðsludags. Dráttarvextir leggist við höfuðstól á 12 mánaða fresti, fyrst 27. febrúar 1991.

5. Í öllum tilvikum er krafist málskostnaðar skv. gjaldskrá LMFÍ og/eða framlögðum reikningi auk virðisaukaskatts af málflutningsþóknun og að málskostnaður beri dráttarvexti skv. III. kafla vaxtalaga frá 15. degi eftir dómsuppsögu til greiðsludags. Krafist er vaxtareiknings í samræmi við 12. gr. laga nr. 25/1987, vaxtalaga. Sérstaklega er áskilinn réttur til að krefjast greiðslu á matskostnaði, ef undir rekstri málsins er tilefni til þess að óska matsgerðar."

Í þessum þætti málsins gerir stefnda þær kröfur, að málinu verði vísað frá dómi og sér dæmdur málskostnaður skv. gjaldskrá LMFÍ. Stefnandi hefur krafist þess, að frávísunarkröfu stefndu verði hrundið og sér tildæmdur málskostnaður í þessum þætti málsins.

II.

Atvik máls þessa eru í stórum dráttum þau, að hjónin Árni Sigurðsson og stefnda, Guðrún Halldórsdóttir, gerðu með sér kaupmála, er skrásettur var við embætti bæjarfógetans á Ísafirði 9. mars 1990. Skv. kaupmálanum skyldi fasteignin Fagraholt 12 á Ísafirði og ýmsir búsmunir vera séreign stefndu, Guðrúnar.

Bú Árna Sigurðssonar var tekið til gjaldþrotaskipta með úrskurði 12. nóvember 1990 að kröfu Íslandsbanka hf., en gjaldþrotabeiðni bankans er dagsett 12. júlí 1990. Samþykkt var að höfða mál þetta á skiptafundi í búinu 6. mars. sl.

III.

Stefnda reisir kröfu sína um frávísun málsins í fyrsta lagi á því, að Árni Sigurðsson og stefnda, Guðrún, eigi samaðild í málinu skv. 46. gr. laga 85/1936, svo að stefna hefði þurft þeim báðum.

Í öðru lagi heldur stefnda því fram, að málshöfðunarfrestur 68. gr. laga 6/1978 hafi verið úti, er málið var höfðað. Bendir hún á, að 7. september 1990 hafi skiptaráðandinn á Ísafirði tilkynnt sér með skeyti, að til málshöfðunar þessarar gæti komið. Málshöfðunarfrestur hafi því tekið að líða þegar við uppkvaðningu gjaldþrotaúrskurðar 12. nóvember 1990. Kröfulýsingarfrestur hafi runnið út 28. janúar 1991, og verði talið, að miða beri við það tímamark, hafi málshöfðunarfresturinn samt verið liðinn, er málið var höfðað með birtingu stefnu 31. júlí 1991. Mótmælir stefnda því, að stefnubirting í Lögbirtingablaði hafi verið nægileg, en fyrirsvarsmenn þrotabúsins hafi vitað, hvert heimilisfang hennar var.

Stefnandi bendir á, að stefna hafi verið birt í Lögbirtingablaði 26. júlí 1991, þar sem óvissa hafi ríkt um heimilisfang stefndu. Telur hann, að þetta sé fullnægjandi stefnubirting. Þá bendir hann á, að engum eignum sé til að dreifa í þrotabúinu, eins og nú standi, og því hafi sá, er fór með forræði búsins, eigi getað höfðað málið fyrr en að loknum skiptafundi í búinu, þar sem kröfuhafar, einn eða fleiri, lýstu sig reiðubúna að bera kostnað af málshöfðun. Fyrsti skiptafundur hafi verið boðaður 18. febrúar 1991, en hann þá verið felldur niður vegna veðurs og ófærðar. Fyrsti skiptafundur hafi verið haldinn 6. mars, og hafi málshöfðun þá verið ákveðin.

IV.

Stefna í máli þessu var birt í Lögbirtingablaði og fyrir stefndu sjálfri á heimili hennar í Bandaríkjunum. Í stefnu segir, að heimili stefndu sé 84 Ambassador Drive í Red Bank í New Jersey-fylki í Bandaríkjunum. Skiptaráðandi sendi stefndu áðurnefnt skeyti 7. september 1990 á þetta heimilisfang. Þá var stefnan birt fyrir stefndu á þessum stað. Verður því að telja,

að fyrirsvarsmanni búsins hafi verið kunnugt um heimilisfang stefndu. Stefnubirting í Lögbirtingablaði telst því ekki málshöfðun í skilningi 103. gr., sbr. 2. mgr. 95. gr. laga nr. 85/1936, eins og hér hagar til. Verður því að líta svo á, að málið hafi verið höfðað 31. júlí 1991, en þann dag var stefna birt fyrir stefndu af stefnuvottum í New Jersey-fylki. Verður þá að leysa úr því, hvenær málshöfðunarfrestur hafi tekið að líða.

Í dómi, er Hæstiréttur kvað upp 22. apríl 1988 (Hrd. 1988, 590), er 68. gr. laga 6/1978 skýrð svo, að málshöfðunarfrestur taki ekki að líða fyrr en í fyrsta lagi við lok kröfulýsingarfrests. Upphaf málshöfðunarfrests í þessu máli verður skv. þessari skýringu eigi talið vera fyrr en 28. janúar 1991. Ljóst er af gögnum málsins, að þá voru fengnar þær upplýsingar allar, er nauðsynlegar voru, til að kröfugerð yrði mótuð og mál höfðað. Eigi þykir skipta máli í þessu sambandi, að ekki var vitað um eignir í búinu. Miða verður upphaf málshöfðunarfrests við 28. janúar 1991. Er málið var höfðað, voru liðnir rúmir sex mánuðir frá þeim degi, og verður því að vísa málinu frá dómi.

Rétt er, að málskostnaður falli niður.

Með úrskurði, upp kveðnum 5. september sl., vék Pétur Kr. Hafstein bæjarfógeti sæti í máli þessu. Með bréfi dóms- og kirkjumálaráðuneytisins, dags. 12. september, var Jón Finnbjörnsson, settur héraðsdómari á Keflavíkurflugvelli, skipaður setudómari í málinu, og kveður hann upp dóm þennan.

Dómsorð:

Máli þessu er vísað frá dómi. Málskostnaður fellur niður.

Miðvikudaginn 5. febrúar 1992.

Nr. 77/1990. **Tryggvi Björnsson**
(Þórólfur Kr. Beck hrl.)
gegn
Almennu málflutningsstofunni sf. og Ágeiri Péturssyni, skiptaráðanda í Kópavogi, f.h. þrotabús áfrýjanda
(Jónatan Sveinsson hrl.).

Gjaldþrotaskipti. Aðild.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Þór Vilhjálmsson, Garðar Gíslason og Hjörtur Torfason.

Áfrýjandi hefur skotið málinu til Hæstaréttar með stefnu 1. mars 1990 að fengnu áfrýjunarleyfi 20. febrúar sama ár.

Áfrýjandi krefst þess, að hinn áfrýjaði úrskurður verði felldur úr gildi og Málflutningsstofan, Skeifunni 17, sem nú heitir Almenna málflutningsstofan sf., verði dæmd til að greiða áfrýjanda málskostnað fyrir Hæstarétti.

Stefndi Almenna málflutningsstofan sf. krefst aðallega sýknu af kröfum áfrýjanda og að áfrýjanda verði gert að greiða stofunni málskostnað fyrir Hæstarétti, en til vara þess, að málskostnaður verði felldur niður.

Af hálfu skiptaráðandans í Kópavogi f.h. þrotabús áfrýjanda hafa ekki verið gerðar kröfur fyrir Hæstarétti.

Rétt var að stefna skiptaráðanda fyrir Hæstarétt í máli þessu fyrir hönd þrotabúsins skv. 1. gr. laga nr. 19/1894 um stefnur til æðra dóms í skiptamálum.

Áfrýjandi reisir kröfur sínar á því, að hann hafi greitt að fullu beint til kröfuhafa, Sjóvár-Almennra tryggginga hf., þá kröfu, er gjaldþrotaskiptabeiðni hafi byggst á. Hafi þetta verið daginn áður en beiðnin var tekin til úrskurðar í skiptarétti Kópavogs. Því hafi ekki verið skilyrði til að taka bú hans til gjaldþrotaskipta.

Stefndi Almenna málflutningsstofan sf. reisir sýknukröfu sína á aðildarskorti.

Fallast ber á þá málsástæðu hinnar stefndu lögmannsstofu, að nægjanlega skýrt komi fram í gögnum málsins, að krafa um töku

bús áfrýjanda til gjaldþrotaskipta hafi verið gerð fyrir hönd Sjóvár-Almennra trygginga hf. (áður Almennra trygginga hf.). Heiti málsins og ónákvæmar bókanir í skiptarétti Kópavogs breyta engu um það, að hin stefnda lögmannsstofa er sjálf ekki aðili skiptaréttarmálsins. Ber að sýkna hana af kröfum áfrýjanda. Rétt þykir með hliðsjón af atvikum öllum, að hvor þessara aðila beri sinn kostnað af málinu fyrir Hæstarétti.

Fram er komið í málinu, að áfrýjandi greiddi að fullu skuld sína við skiptabeiðanda, Sjóvá-Almennar tryggingar hf., á skrifstofu félagsins 18. október 1989. Við fyrirtöku í skiptarétti Kópavogs 19. sama mánaðar var krafa skiptabeiðanda tekin til úrskurðar. Samkvæmt bókun var áfrýjandi boðaður til þinghaldsins, en mætti ekki. Úrskurður um gjaldþrotaskipti var kveðinn upp 17. nóvember sama ár.

Er skiptakrafan var tekin til úrskurðar, var skiptabeiðandi ekki lengur lánardrottinn áfrýjanda. Brast því lagaskilyrði til að taka búið til gjaldþrotaskipta, sbr. c-lið 1. mgr. 13. gr. gjaldþrotalaga. Ber því að fella hinn áfrýjaða úrskurð úr gildi.

Dómsorð:

Stefndi Almenna málflutningsstofan sf. á að vera sýkn af kröfum áfrýjanda, Tryggva Björnssonar, í máli þessu. Málskostnaður í þessum þætti málsins fellur niður.

Hinn áfrýjaði úrskurður er felldur úr gildi.

Fimmtudaginn 6. febrúar 1992.

Nr. 494/1991. **Ákæruvaldið**
(Björn Helgason saksóknari)
gegn
Þorbirni Gunnarssyni
(Magnús Thoroddsen hrl.).

Fjársvik. Umboðssvik. Málskostnaður. Mannréttindasáttmáli Evrópu.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Þór Vilhjálmsson, Garðar Gíslason, Haraldur Henrysson, Hjörtur Torfason og Pétur Kr. Hafstein.

Ríkissaksóknari hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 5. desember 1991 að ósk ákærða og einnig af hálfu ákæruvaldsins. Dómkröfur ákæruvaldsins eru þær, að ákærði verði sakfelldur samkvæmt ákæru og refsing hans þyngd og að ákvæði héraðsdóms um skaðabætur úr hendi ákærða verði staðfest og ákærði auk þess dæmdur til að greiða Hótel Íslandi 41.602 krónur í skaðabætur ásamt dráttarvöxtum frá 15. október 1991 til greiðsludags. Jafnframt verði ákærði dæmdur til að greiða allan sakarkostnað í héraði og allan kostnað af áfrýjun málsins.

Af hálfu ákærða er þess krafist aðallega, að hann verði sýknaður af öllum kröfum ákæruvaldsins, en til vara þess, að sér verði einungis gerð sektarrefsing svo væg sem lög leyfa. Verði ákærði hins vegar dæmdur til að sæta refsivist, komi vist hans í gæsluvarðhaldi 16.-18. október 1991 henni til frádráttar.

Ákærða var 17. janúar 1992 skipaður sá verjandi, er flytur fram vörn hans fyrir Hæstarétti, og hefur ákærði lýst sig samþykkan þeirri skipun. Hann hefur og tjáð sig sjálfur fyrir réttinum.

Atvikum varðandi þær sakir, sem bornar eru á ákærða í máli þessu, er skilmerkilega lýst í hinum áfrýjaða dómi sakadóms Reykjavíkur. Við rannsókn málsins hefur ákærði verið fáorður um hagi sína og ástæður til dvalar hér á landi. Gögn málsins gefa til kynna, að ákærði hafi verið félítill, er hann kom hingað til lands í septembermánuði 1991. Er óljóst, hvaða fjármuni hann hafði til

ráðstöfunar umfram þá, sem fundust í fórum hans við lögregluransnókn í októbermánuði. Viðskipti ákærða við Hótel Holt, sem um ræðir í I. þætti ákæruskjals, verður að skoða í ljósi þessa. Varðandi kaup á vörum frá Kristu sf., sem um ræðir í II. þætti ákæruskjals, er á það að líta, að ákærði hófst handa um þau án þess að kanna, hvort hann gæti fengið tilskilin atvinnuleyfi. Þá ber að byggja á þeim upplýsingum, sem fram hafa komið um skuldastöðu ákærða gagnvart bankastofnuninni Nedbank í Jóhannesarborg, vegna notkunar hans á greiðslukortum fyrir komuna hingað. Ákærði ber ekki brigður á þau greiðslukortaviðskipti hér á landi, er orðið hafa stofn að skuld hans við Kreditkort hf., sem III. þáttur ákæruskjals tekur til.

Með skírskotun til forsendna hins áfrýjaða dóms og til fyrrgreindra athugasemda ber að staðfesta dóminn að öðru leyti en því, að rétt þykir að skilorðsbinda refsingu ákærða að fullu, eins og í dómsorði greinir. Er þá meðal annars litið til þess, að hann hefur sætt farbanni á grundvelli 72. gr. laga nr. 74/1974 um meðferð opinberra mála, frá því að hann var leystur úr gæsluvarðhaldi 18. október 1991, eins og rakið er í hinum áfrýjaða dómi.

Dæma ber ákærða til að greiða áfrýjunarkostnað málsins, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, 50.000 krónur, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns fyrir Hæstarétti, Magnúsar Thoroddsen hæstaréttarlögmanns, 80.000 krónur.

Við meðferð máls þessa fyrir dómi hefur ákærði notið aðstoðar dómtúlks, þar sem hann er ekki mæltur á íslenska tungu, sbr. 1. mgr. 40. gr. laga nr. 85/1936 um meðferð einkamála í héraði og 2. mgr. 19. gr. laga nr. 74/1974 um meðferð opinberra mála, sem skýra ber með hliðsjón af e-lið 3. mgr. 6. gr. Evrópusamnings um verndun mannréttinda og mannfrelsis, sbr. auglýsingu nr. 11/1954. Er rétt, að kostnaður vegna þessa í héraði og fyrir Hæstarétti verði greiddur úr ríkissjóði.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður að öðru leyti en því, að fresta skal fullnustu refsingar ákærða, Þorbjörns Gunnarssonar, og falli hún niður að liðnum þremur árum frá uppsögu dóms þessa, haldi ákærði almennt skilorð 57. gr.

almennra hegningarlaga nr. 19/1940, sbr. 4. gr. laga nr. 22/1955.

Komi til fullnustu á refsingu ákærða, skal vist hans í gæsluvarðhaldi 16.- 18. október 1991 koma til frádráttar.

Ákærði greiði áfrýjunarkostnað sakarinnar annan en kostnað af atbeina dómtúlks, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, 50.000 krónur, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns fyrir Hæstarétti, Magnúsar Thoroddsen hæstaréttarlögmanns, 80.000 krónur.

Dómur sakadóms Reykjavíkur 19. nóvember 1991.

Ár 1991, þriðjudaginn 19. nóvember, er á dómþingi sakadóms Reykjavíkur, sem háð er í Borgartúni 7 af Hirti O. Aðalsteinssyni sakadómara, kveðinn upp dómur í sakadómsmálinu nr. 602/1991: Ákæruvaldið gegn Þorbirni Gunnarssyni, sem tekið var til dóms 12. nóvember sl.

Málið er höfðað með ákæruskjali ríkissaksóknara, dagsettu 29. október sl., á hendur ákærða, Þorbirni Vilhelm Gunnarssyni, sem talinn er namibískur ríkisborgari, til heimilis í Windhoek í Namibíu og fæddur í Namibíu 3. september 1965, „fyrir eftirgreind auðgunarbrot í september og október 1991 í Reykjavík:

I. Hótelsvik.

Fyrir að hafa tekið á leigu herbergi á eftirgreindum tveimur hótelum og látið færa sér vörur og veitingar og þegið þjónustu sem hótelgestur án þess að hafa nokkra fyrirsjáanlega möguleika á að geta greitt fyrir þjónustuna:

1. Á Hótel Holti við Bergstaðastræti dagana 19. september til 11. október. Er ákærði var krafinn um greiðslu skuldarinnar 11. október, 214.823 kr., gat hann ekki greitt hana, og var ákærða þá vísað af hótelinu, eftir að hann hafði afhent vegabréf sitt og farseðla til tryggingar greiðslu skuldarinnar.

2. Á Hótel Íslandi, Ármúla 9, dagana 11. til 15. október, en þann dag handtók Rannsóknarlögregla ríkisins ákærða á hótelinu vegna grunar um hegningarlagabrot, og gat ákærði þá ekki greitt hótelreikninginn, samtals 41.602 kr.

Þykir ákærði með fyrrgreindum hótelsvikum hafa gerst brotlegur við 248. gr. almennra hegningarlaga nr. 19, 1940.

II. Fjársvik.

Fyrir að hafa í lok september og byrjun október með blekkingum fengið fyrirsvarsmenn heildsölufyrirtækisins Kristu sf., Kringlunni 8-12, sem selur Sebastian-snyrtivörur, til að afhenda sér í Garðastræti 11 snyrtistól og ýmsar snyrtivörur og hluti til kynningar á þeim, samtals að verðmæti 426.671 kr., án þess að hafa nokkra fyrirsjáanlega möguleika á að geta greitt varninginn og undir því yfirskini, að ákærði væri íslenskur ríkisborgari, fæddur á Húsavík, með mikla þekkingu á þessum snyrtivörum og hefði virðisaukaskattsnúmer 4254. Er fyrirsvarsmönnum fyrirtækisins urðu ljósar blekkingar ákærða 13. október, fóru þeir að Garðastræti 11 og tókst að ná til baka meiri hluta varningsins, og hluti hans fannst á Hótel Holti, en mismuninn, að verðmæti 32.816 kr., hefur ákærði ekki greitt, og í ljós er komið, að uppgefið virðisaukaskattsnúmer hefur fyrirtæki á Hellu.

Telst þetta varða við 248. gr. almennra hegningarlaga.

III. Umboðssvik.

Fyrir að hafa á tímabilinu 19. september til 6. október misnotað í staðgreiðsluviðskiptum Mastercard-greiðslukort nr. 5412-8309-0321-7355, út gefið til ákærða af Nedbank í Jóhannesarborg í Suður-Afríku, sem vegna misnotkunar ákærða hafði verið sett á vákortalista 3. og 17. september 1991. Vegna þessa varð Eurocard á Íslandi, Kreditkort hf., bundið við að greiða viðskipti ákærða út á kortið, samtals að fjárhæð 38.865 kr.

Telst þetta varða við 249. gr. almennra hegningarlaga.

IV.

Þess er krafist, að ákærði verði dæmdur til refsingar og til greiðslu alls sakarkostnaðar auk skaðabóta. Þá er þess og krafist, að ákærða verði með væntanlegum refsidómi gert að verða af landi brott, sbr. 13. gr. laga um eftirlit með útlendingum nr. 45, 1965, er hann hefur þolað refsingu samkvæmt dóminum".

Málavextir eru þessir:

I.

Ákærði, sem samkvæmt namibísku vegabréfi heitir Torbjornen Gunnasson, en kveðst sjálfur heita Þorbjörn Vilhelm Anders Gunnarsson, kom til Íslands 19. september sl. og átti bókað far til Amsterdam 18. október sl. Ákærði dvaldist í fyrstu á Hótel Holti, frá 19. september til 11. október sl., er honum var vísað af hótelinu eftir kröfu hótelstjórans. Hinn 14. október sl. sneri hótelstjórinn sér til RLR og lagði fram kæru á hendur ákærða. Kvað hann reikning ákærða hafa verið kominn upp í 214.823 kr., og er óskað var eftir því, að ákærði greiddi reikninginn, hefði hann sagt,

að hann ætti enga peninga. Hefði ákærða verið veittur frestur til að inna greiðslu af hendi, en hún ekki borist. Hótelstjórinn tók í sínar vörslur vegabréf ákærða og farseðil.

Ákærði var handtekinn 15. október sl., og samkvæmt upplýsingum RLR fannst eftirfarandi í fórum hans:

— — —

Samkvæmt gengi gjaldmiðla í október sl. nemur verðmæti fjármuna þeirra, er fundust í fórum ákærða, samtals rúmlega 60.000 krónum.

Við rannsókn málsins vöknuðu grunsemdir RLR um, að ákærði væri annar en hann sagðist vera, og 25. október sl. bárust þær upplýsingar frá Interpol, Kanada, að ákærði væri Lars-Erik Gunnarsson, fæddur í Manitoba, Kanada, 8. september 1965, og væri hann eftirlýstur þar í landi vegna auðgunarbrots, framins í febrúar sl. Hinn 7. nóvember sl. bárust RLR myndrit fingrafara Lars-Eriks Torbjorns Mattis Pekkas Gunnarssonar, f. 8.9. '65. Rannsóknarlögreglumennirnir Haraldur Árnason og Bjarni J. Bogason báru saman fingraför þessi við fingraför ákærða og komust að þeirri niðurstöðu, að um sömu fingraför væri að ræða.

Ákærða voru kynnt ofangreind gögn á dómþingi 12. nóvember sl. Ákærði kvað gögnin staðfesta, að hann væri Þorbjörn Gunnarsson. Þá kvað ákærði gögnin ekki mæla gegn því, að hann væri namibískur ríkisborgari, þar sem því sé ekki haldið fram í þessum gögnum, að ákærði sé kanadískur ríkisborgari. Ákærði kvaðst fæddur 8. september 1965. Aðspurður, hvort ákærði kannaðist við að hafa gengið undir nafninu Lars-Erik Torbjorn Matti Pekka Gunnarsson í Kanada, kvaðst ákærði eingöngu vísa til fæðingarvottorðs síns. Ákærði hélt fast við, að hann væri fæddur í Namibíu.

Ofangreindir rannsóknarlögreglumenn komu fyrir dóm sama dag og staðfestu áðurgreinda fingrafararannsókn.

Ákærði skýrði svo frá fyrir dómi, að hann kannaðist við að hafa haft herbergi á leigu á Hótel Holti og þegið þjónustu þar, eins og rakið er í ákæruskjali. Ákærði taldi, að reikningurinn, að fjárhæð 214.823 kr., væri ekki réttur. Ákærði kvað, að bætt hefði verið við reikninginn þjónustu 14. október sl., en þá hefði hann ekki verið á hótelinu. Þá kvaðst ákærði enga reikninga hafa séð, sem hann hefði kvittað fyrir, og aðra reikninga kveðst hann ekki geta samþykkt. Ákærði viðurkenndi herbergisleiguna, en kvaðst ekki geta sagt til um annað, vegna þess að hann hefði ekki kvittaða reikninga í höndum. Ákærði kvað Skúla Þorvaldsson hafa krafið sig um greiðslu, og kvað ákærði, að krafan hefði hljóðað upp á rúmlega 190.000 krónur. Ákærða þótti þetta nokkuð skyndileg framkoma af hálfu Skúla,

enda hefði ríkt ágætis-samkomulag milli þeirra og starfsfólks fram til þess tíma. Ákærði kvaðst nú enga möguleika hafa á að greiða þennan reikning, sökum þess að Skúli og lögreglan hefðu tekið öll gögn sín af sér. Ákærði kvaðst hafa haft möguleika á að greiða reikninginn, þegar Skúli krafðist þess, ef sér hefði verið leyft að fara í herbergi sitt. Ákærði kvaðst ekki hafa átt möguleika á að tjá Skúla þetta, þar sem Skúli hefði verið mjög harðorður í sinn garð. Kvaðst ákærði hafa tjáð Skúla mörgum sinnum, að hann þyrfti að komast í herbergi sitt til að ná í persónulega muni sína. Kvað ákærði, að Skúli hefði krafist greiðslu í íslenskum krónum, og hefði hann talið erlendan gjaldeyri ekki duga.

Ákærði játaði að hafa þegið veitingar og þjónustu á hótelinu, en kvaðst ekki geta sagt til um nákvæma fjárhæð. Ákærði kvað mögulegt, að á reikningnum væri um réttar fjárhæðir að ræða, en þó mótmælti ákærði úttekt 14. október sl. Ákærði kvaðst vita, að eigur sínar hefðu horfið, og sé þar um að ræða megnið af því, sem var í peningaskáp í herbergi sínu, en þar var erlendur gjaldeyrir, farmiði, sem Skúli hafði tekið, persónuskilríki, bók með heimilisföngum auk annarra hluta. Kvað ákærði augljóst, að peningaskápurinn hefði verið opnaður, því að í honum var bankabók, sem sér hefði verið skilað. Er ákærði var yfirheyrður hjá RLR 22. október sl., kvað hann, að m.a. hefðu verið í peningaskápnum 1.730 sterlingspund, 5.500 franskir frankar og 300 Bandaríkjadalir. Samkvæmt gengi í nóvember eru þetta um 250.000 íslenskar krónur.

Aðspurður, hvort rætt hefði verið um greiðslu fyrir 11. október sl., kvað ákærði, að hann hefði spurst fyrir um það eftir aðra viku, en sér hefði þá verið sagt, að greitt væri við brottför.

Ákærði tók fram, að hann neitaði ekki skuld sinni við Hótel Holt, sem hann taldi vera á viðskiptalegum grundvelli, en engin svik af sinni hálfu hefðu verið höfð í frammi.

Er ákærði var yfirheyrður fyrir dómi 16. október sl. vegna kröfu um gæsluvarðhald á hendur honum, skýrði hann svo frá, að hann hefði haft fé í fórum sínum, er hann kom á hótelið, en sér hefði verið hent út af hótelinu 11.10. sl., og hefði hann þá ekki haft fé til að greiða fyrir alla dvöl sína á hótelinu.

Vitnið Skúli Þorvaldsson, kt. 070341-3799, Espigerði 12, Reykjavík, skýrði svo frá fyrir dómi, að ákærði hefði pantað hótelherbergi á Hótel Holti frá París, og hefði hann verið beðinn að senda staðfestingu á faxi með greiðslukortsnúmeri, en vitnið kvað ákærða ekki hafa gert það. Vitnið kvað, að ákærði hefði ekki verið krafinn um greiðslukort, þegar hann skrifaði sig inn á hótelið, enda kvað vitnið það ekki vera venju. Vitnið kvað ákærða hafa sagst vera starfsmaður hjá Namib-Air, og hefði hann spurst fyrir um afslátt vegna þess. Vitnið kvað ákærða hafa sýnt skilríki,

sem sýndu, að hann væri starfsmaður þessa félags. Stuttu eftir að ákærði kom á hótelið, hefði hann óskað eftir viðtali við vitnið, og kvað vitnið ákærða hafa tjáð sér, að hann væri af íslenskum ættum, fæddur hér og hefði átt hér heim til tveggja ára aldurs. Hefði ákærði sagst hafa flust til Svíþjóðar og átt þar heimili í sex ár, en frá átta ára aldri hefði hann verið í Suður-Afríku. Vitnið kvað ákærða hafa spurt, hvort vitnið kannaðist við bræðurna Kristjánssyni, er byggju í Kanada, en vitnið kvað ákærða hafa tjáð sér, að þeir væru móðurbræður sínir. Vitnið kvað ákærða ekki hafa minnst neitt á ríkisborgararétt sinn. Kvað vitnið ákærða hafa sagt sér ævisögu sína og tilgang dvalar sinnar hér á landi, sem hefði verið að athuga möguleika á þjálfun starfsmanna Namib-Air hér á landi. Kvað vitnið ákærða hafa sagst ætla að dveljast eina viku á hótelinu. Vitnið kvað ákærða hafa verið kurteisan í allri umgengni. Hefði ákærði eftir nokkra dvöl hér talað um, að dvalarkostnaður væri mikill hér á landi, og talið óvíst, að unnt væri að senda starfsmenn flugfélagsins hingað. Vitnið kvað, að ákærði hefði framlengt dvöl sína nokkrum sinnum, en ekki verið krafinn skýringa á því.

Vitnið kvað, að athygli ákærða hefði verið vakin á því, að hann þyrfti að fara að huga að greiðslu á reikningnum, og kvað vitnið, að ákærði hefði ekki talið vandkvæði á því. Vitnið taldi, að eyðsla ákærða hefði ekki verið óeðlileg, en dvöl hans þó verið í lengra lagi. Vitnið kvað, að ákærði hefði einhvern daginn pantað 28 manna borð í veitingasalnum, en afþakkað það sama dag. Þá kvað vitnið, að ákærði hefði spurt, hvort hægt væri að sjá um giftingarveislu fyrir 500 manns, en það ekki náð neitt lengra. Vitnið kvaðst nú hafa farið að heyra áværing af því, að ákærði væri ekki allur, þar sem hann væri séður, og hefði vitnið þá farið að heyra ýmsar sögur af honum, m.a. frá Útlendingaeftirlitinu. Vitnið kvað, að einhvern daginn hefði verið hringt á hótelið frá Keflavíkurflugvelli og spurt um ákærða, sem átti að vera mættur í flug til Amsterdam eftir nokkrar mínútur. Vitnið kvað, að íslensk kona, Lovísa að nafni, hefði hringt frá París og sagt sínar farir ekki sléttar af kynnum sínum við ákærða. Hefði hann lofað sér gistingu í íbúð móður sinnar, en heimilisfang hefði ekki staðist. Kvað vitnið, að sér hefði nú fundist ástæða til að krefja ákærða um greiðslu föstudaginn 11. október sl., og kvaðst vitnið hafa beðið starfsfólk að afhenda ákærða ekki lykilinn að herbergi sínu. Vitnið kvaðst hafa komið um kl. 20.30 að ræða við ákærða, og kvað vitnið, að ákærði hefði óskað eftir því að ræða einslega við sig. Kvaðst vitnið hafa rætt við ákærða á skrifstofu sinni og hafa sagt við ákærða, að hann væri ekki allur, þar sem hann væri séður, og kvað vitnið ákærða hafa viðurkennt það, að hann hefði logið að fólki, en ákærði hefði sagt, að það væri ekki saknæmt. Hefði ákærði sagst ekki geta greitt reikninginn. Vitnið kvaðst hafa krafið ákærða

um tryggingu fyrir greiðslu, en ákærði enga tryggingu getað lagt fram, og jafnframt hefði hann sagt, að hann hefði farið yfir á greiðslukorti sínu. Vitnið kvað ákærða hafa boðið farseðil og vegabréf sem tryggingu, en vitnið kvaðst hafa tjáð ákærða, að þetta væri engin trygging, hugsanlega væru þetta fölsuð skjöl, eða ákærði hefði fleiri slík skjöl í fórum sínum. Vitnið kvaðst samt hafa tekið við þessum skjölum, og jafnframt kvaðst vitnið hafa leitað ráða hjá Útlendingaeftirlitinu. Vitnið kvaðst hafa tjáð ákærða, að hann gæti ekki dvalist lengur á hótelinu. Ákærði hefði þá tjáð vitninu, að hann ætlaði að fá símsenda peninga, og hefði hann ætlað að reyna að borga á mánudeginum. Vitnið kvaðst hafa tjáð ákærða, að vitnið myndi bíða fram á mánudag. Vitnið kvað ákærða hafa beðið um að mega fara upp á herbergi sitt, en vitnið kvaðst hafa neitað honum um það. Hefði ákærði sagst þurfa að komast í lyf, sem þar væru, en vitnið kvaðst hafa tjáð ákærða, að hann gæti nálgast þau með öðrum hætti. Vitnið kvað ákærða ekki hafa minnst á, að hann væri með peninga uppi á herbergi sínu. Vitnið kvað, að í öllum herbergjunum í hótelinu, sem eru 50 talsins, væru öryggishólf, sem notuð eru þannig, að gestir velja sér sína eigin fjögurra stafa tölu, sem þeir stimpla á lyklaborð á öryggishólfinu. Vitnið kvaðst ásamt aðstoðarhótelstjóra hafa tæki til að opna hólfin í þeim tilvikum, að gestur gleymi tölum eða gestur fari af hóteli án þess að skilja hólfið eftir opið. Vitnið kvaðst hafa ásamt aðstoðarhótelstjóra, Sigurði Skúla Bárðarsyni, tæmt öryggishólf ákærða þriðjudaginn 15. október sl. Vitnið kvað, að engir fjármunir hefðu verið í hólfinu nema einn tékki, stílaður á ákærða, að því er vitnið taldi, af Namib-Air, að fjárhæð ca. 1.800 R. Þá hefði verið þarna erlent tékkhefti, skilríki og aðrir pappírar. Var þetta sett í tösku, sem hefði ásamt öðrum farangri ákærða verið skilin eftir í herberginu og það læst með sérstakri öryggislæsingu. Vitnið kvað RLR hafa síðan tekið allan farangur ákærða. Vitnið kvað, að Sigurður Skúli gæti borið um það, sem í hólfinu fannst. Vitnið kvað það ekki vinnureglu á Íslandi að krefja gesti um greiðslukort í upphafi dvalar. Sé gestum treyst, og kunni útlendingar að meta það. Vitnið kvað Hótel Holt vera í sérflokki, og sé það í samtökum sérstakrar hótelkeðju, sem hafi á sér sérstakan gæðastimpil, og séu tæplega 400 hótel í 38 eða 39 þjóðlöndum í heiminum aðilar að þessum samtökum. Vitnið kvað, að sér hefði ekki verið birt kæra um, að fjármunir ákærða hefðu horfið af hótelinu. Margspurt kvað vitnið, að engir fjármunir hefðu verið í öryggishólfinu.

Ákærði og vitnið voru samprófaðir, en ekki náðist samræmi í framburði þeirra. Vitnið vann eið að framburði sínum.

Vitnið Sigurður Skúli Bárðarson, aðstoðarhótelstjóri á Hótel Holti, kt. 010950-2799, Stekkjarflöt 23, Garðabæ, skýrði svo frá fyrir dómi, að framkoma ákærða hefði að öllu leyti verið eðlileg. Kvað vitnið, að reikn-

ingur ákærða hefði verið orðinn nokkuð hár, og kvaðst vitnið hafa óskað eftir greiðslu frá ákærða. Hefði ákærði sagt, að hann væri ekki með handbært fé, en þetta hefði verið á föstudegi eftir lokun banka, en ákærði sagst vera með peninga í banka. Vitnið kvaðst hafa óskað eftir tryggingu frá ákærða, sem enga tryggingu hefði getað sett, og kvaðst vitnið þá hafa neitað honum um aðgang að herberginu. Vitnið kvaðst ekki muna, hvort ákærði ýtti á um að komast inn í herbergi sitt, og ítrekaði vitnið, að ákærði hefði sagt, að hann hefði enga peninga á sér. Vitnið kvað, að ákærði og Skúli hefðu átt viðræður saman, en vitnið kvaðst ekki hafa verið viðstatt. Vitnið kvað ákærða hafa farið af hótelinu, og hefði hann skilið farangur sinn eftir í herberginu. Kvað vitnið, að þurft hefði að rýma herbergið fyrir öðrum gestum, og hefði gestur komið í herbergið daginn eftir, að því er vitnið taldi, en vitnið kvaðst hafa verið í fríi laugardag, sunnudag og mánudag. Vitnið kvað, að öryggishólf í herbergi ákærða hefði verið opnað föstudagskvöldið, og kvað vitnið, að farangurinn hefði verið skilinn eftir í herberginu, sem hefði verið læst með öryggislæsingu. Vitnið kvaðst telja, að farangur ákærða hefði verið settur í annað herbergi, en vitnið kvaðst þó ekki geta borið frekar um það sökum þess, að það var ekki viðstatt. Vitnið kvaðst ásamt Skúla hafa opnað öryggishólfið.

Borinn var undir vitnið framburður Skúla þess efnis, að öryggishólfið hefði verið opnað á þriðjudeginum, en vitnið kvað sig minna, að hólfið hefði verið opnað á föstudeginum. Vitnið kvað, að í hólfinu hefðu verið minnismiðar, starfsmannaskírteini frá Namib-Air, ávísun í erlendum gjaldmiðli, stíluð á Gunnarsson, bankabók með 15.000 króna innstæðu, smáhlutir og úr. Vitnið kvað, að ekki hefði verið um frekari fjármuni að ræða í hólfinu. Vitnið kvað, að þessi hlutir hefðu verið skildir eftir í hólfinu og því læst. Vitnið kvaðst ekki hafa verið viðstatt, þegar lögreglan sótti eigur ákærða. Vitnið kvað sér ekki kunnugt um, að ákærði hefði boðið fram greiðslu, áður en hann fór af hótelinu.

Aðspurt, hvort vitninu hefði verið kunnugt um, hvort ákærði ætlaði að opna hárgreiðslustofu hér á landi, kvaðst vitnið hafa frétt það, eftir að málið kom upp.

Vitnið Sigrún Ásmundsdóttir, kt. 280465-3139, Kaplaskjólsvegi 31, Reykjavík, skýrði svo frá, að það hefði ekki verið viðstatt, þegar ákærði skráði sig á hótelið, en kvaðst hafa farið af verði skömmu áður. Vitnið kvað ákærða hafa sagt, að hann væri fæddur á Húsavík, ætti ömmu og afa á Vopnafirði og móður, sem starfaði í Suður-Afríku fyrir Sameinuðu þjóðirnar. Þá hefði ákærði sagst eiga barn með frægri íslenskri söngkonu, sem hann sagðist ætla að giftast. Vitninu skildist, að ákærði væri Suður-Afríkumaður, en vitnið kvað ákærða aldrei hafa tjáð sér neitt um það.

Vitnið kvaðst starfa í gestamóttöku. Vitnið kvað öryggishólf vera í hverju

herbergi, sem væri þannig úr garði gert, að gesturinn veldi sjálfur leyninúmer, en hægt væri að opna hólfið með sérstökum öryggislykli, sem þrír starfsmenn hótelsins hefðu aðgang að. Vitnið kvað, að ákærði hefði tjáð starfsfólki og það verið altalað meðal starfsfólks, að ákærði væri starfsmaður Namib-Air. Kvað vitnið ákærða hafa sagst vera að kanna aðstæður, svo að unnt væri að kenna namibískum flugumferðarstjórum á Íslandi. Vitnið tók fram, að ekki væri víst, að ákærði hefði sagt sér þetta allt sjálfur, heldur væri hugsanlegt, að starfsfólk hefði rætt þetta. Vitnið tók fram, að samskipti ákærða við starfsfólk hefðu verið mjög góð. Vitnið kvaðst ekki hafa heyrt, hvað ákærða og Skúla fór á milli, er ákærða var vísað af hótelinu.

Vitnið Andrea Magdalena Jónsdóttir, sem starfar við gestamóttöku á Hótel Holti, kt. 210769-3909, Smáraflöt 49, Garðabæ, skýrði svo frá fyrir dómi, að ákærði hefði sagt, að tilgangur sinn með dvöl sinni hér væri sá að kanna aðstæður hér á landi fyrir þjálfun starfsfólks Namib-Air. Vitnið kvað, að tæpri viku áður en ákærði fór af hótelinu, hefði hann talað um, að hann ætlaði að starfa við snyrtingu hér á landi og ekki hverfa aftur til Namibíu.

Vitnið Guðmundur Guðmundsson, deildarfulltrúi hjá RLR, kt. 131232-7569, skýrði svo frá fyrir dómi, að það hefði fyrst séð farangur ákærða á Hótel Holti, og var hann þá í herbergi til hliðar við lyftuna. Vitnið kvað, að síðar hefði verið búið að flytja farangurinn í herbergi á 2. hæð, þangað sem farangurinn var sóttur. Vitnið kvaðst ekki hafa verið viðstatt, þegar öryggishólf ákærða var tæmt, og ekki kvaðst vitnið hafa vitað, að ákærði hefði aðgang að því. Vitnið kvað sér ekki kunnugt um aðra fjármuni en þá, er fram koma á heildarlista yfir allt, sem haldlagt var við rannsókn málsins og liggur frammi í máli þessu.

Vitnið Baldvin Einarsson rannsóknarlögreglumaður, kt. 120860-7399, skýrði svo frá fyrir dómi, að það hefði fyrst séð farangur ákærða í geymslu á jarðhæð í Hótel Holti daginn, sem hann var handtekinn. Vitnið kvað ekkert hafa verið tekið þar þá, nema merkimiði hefði verið tekinn af einni ferðatösku, en ekki hefði verið leitað í farangrinum. Vitnið kvað, að nokkrum dögum síðar hefði farangur ákærða verið sóttur í annað herbergi. Vitnið kvað það hafa komið fram við yfirheyrslur, að ákærði hafði aðgang að öryggishólfi. Vitnið kvaðst ekki hafa verið viðstatt leit í því. Vitnið kvað sér ekki kunnugt um aðra fjármuni ákærða en þá, er fram koma á heildarlista yfir allt, sem haldlagt var við rannsókn málsins og liggur frammi í máli þessu. Vitnið kvaðst staðfesta undirskrift sína undir ofangreindan lista. Vitnið tók fram, að ekkert hefði verið leitað í farangrinum, fyrr en dómsúrskurður lá fyrir.

Niðurstaða.

Ákærði hefur við rannsókn og meðferð málsins viðurkennt að hafa haft herbergi á leigu á Hótel Holti dagana 19. september til 11. október sl. og þegið

á þeim tíma þjónustu og veitingar. Með framburði vitna í máli þessu og öðrum gögnum málsins telst sannað, að ákærði hafi hvorki getað innt greiðslu af hendi né lagt fram tryggingu fyrir reikningi, er hann var krafinn um greiðslu á honum, sem samkvæmt gögnum hótelsins nam 214.823 kr.

Ákærði hefur talið sig hafa átt nægа fjármuni í peningaskáp í hótelherbergi sínu, en fjármunir þessir hafi horfið. Ekkert hefur fram komið í málinu, er bendir til þess, að þessi framburður ákærða eigi við rök að styðjast. Þá er til þess að líta, að ekki er að sjá af gögnum málsins, að ákærði hafi vakið máls á þessu fyrr en við yfirheyrslur hjá RLR 22. október sl. Verður því að telja, að hér sé um fyrirslátt einan af hálfu ákærða að ræða, og verður framburði hans að þessu leyti því hafnað.

Samkvæmt framansögðu telst því fyllilega sannað, að ákærði hafi með ofangreindri háttsemi sinni gerst sekur um háttsemi þá, sem honum er gefin að sök í ákærulið I, 1 og þar þykir rétt færð til refsiákvæða.

II.

Með bréfi, dagsettu 19. október sl., lagði Ingibjörg Ólafsdóttir, móttökustjóri á Hótel Íslandi, fram kæru á hendur ákærða. Kvað hún ákærða hafa komið á hótelið að kvöldi 11. október sl. og óskað eftir gistingu. Samkvæmt innnskriftarseðli kvaðst ákærði hafa komið frá Frakklandi 1. október sl. Kvað Ingibjörg ákærða hafa ætlað að gista eina nótt og greiða með Visa-greiðslukorti, sem hann sýndi, en hann hefði framlengt dvöl sína og gist tvær nætur. Hinn 15. október sl. hefði ákærði farið af hótelinu í fylgd lögreglumanna. Kvað Ingibjörg ákærða hafa leynt starfsfólk dvöl sinni á Hótel Holti, og kvað hún honum ekki myndu hafa verið veitt gisting, ef vitað hefði verið um skuld hans þar. Var reikningur ákærða á Hótel Íslandi kominn í 41.602 kr., og var ekkert greitt inn á hann.

Ákærði skýrði svo frá, að hann kannaðist við að hafa verið með herbergi á leigu á Hótel Íslandi og þegið þar þjónustu, eins og rakið er í ákæru. Aðspurður, hvort reikningurinn væri réttur, kvaðst ákærði ekki neita ábyrgð, en kvaðst ekki geta sagt til um einstök atriði hans, sökum þess að sig vantaði gögn. Ákærði kvað, að hann hefði ekki verið krafinn um greiðslu, enda var hann handtekinn á hótelinu og leiddur þaðan út í lögreglufylgd. Ákærði kvað, að hann hefði haft möguleika á að greiða reikninginn. Ákærði kvaðst hafa haft í fórum sínum reiðufé í íslenskum krónum og ferðatékka, þegar hann kom á hótelið. Ákærði kvaðst ekki hafa gert starfsfólkinu grein fyrir því, hvar hann dvaldist áður, enda kvaðst hann ekki hafa verið um það spurður, og ekki sé venja, að spurt sé um slíkt. Ákærði kvaðst hafa skrifað á innskriftarmiða hótelsins, að hann hefði komið til landsins 1. otóber sl. Ákærði kvað, að vegna kringumstæðna og hugarástands hefði hann gert þetta.

Vitnið Hilmar Þórarinsson, kt. 190460-2079, Borgarholtsbraut 37, Kópavogi, skýrði svo frá fyrir dómi, að það hefði starfað í gestamóttöku á Hótel Íslandi föstudaginn 11. október sl., og kvaðst vitnið muna eftir því, að ákærði hefði komið að kvöldi þess dags og beðið um gistingu eina nótt. Vitnið kvað ákærða hafa fyllt út eyðublað að öllu leyti sjálfan. Vitnið kvaðst hafa spurt ákærða um það, hvernig greiðslu yrði hagað, og hefði ákærði þá spurt, hvort tekið væri við Visa-greiðslukorti. Vitnið kvaðst hafa samþykkt það, en kvaðst ekki hafa séð greiðslukort í fórum ákærða. Vitnið kvaðst ekki hafa spurt ákærða, hvaðan hann hefði komið. Vitninu virtist ákærði vera „afslappaður". Vitnið kvaðst engin afskipti hafa haft af ákærða eftir þetta. Vitnið kvað, að reglan væri sú, að greiða skuli eina nótt fyrir fram, og kvað vitnið, að hér hefði verið um þau mistök af sinni hálfu að ræða, að ákærði var ekki látinn greiða fyrir gistinguna. Vitnið kvaðst ekki vita til, að ákærði hefði verið krafinn um greiðslu, þegar hann fór af hótelinu. Þá kvað vitnið alvanalegt, að gestir tilkynntu gestamóttöku, ef þeir óskuðu framlengingar á dvöl sinni.

Niðurstaða.

Ákærði hefur við rannsókn og meðferð málsins kannast við að hafa dvalist á Hótel Íslandi dagana 11. til 15. október sl. og þegið þar þjónustu sem hótelgestur. Þá hefur ákærði kannast við að hafa ekki gert starfsfólki hótelsins grein fyrir viðskilnaði sínum við Hótel Holt, en ætla má, að sú vitneskja hefði leitt til þess, að ákærða yrði ekki veitt gisting. Hins vegar ber að líta til þess, að ákærði var ekki krafinn um greiðslu, enda var hann handtekinn á hótelinu 15. október sl. og færður þaðan í lögreglufylgd. Þá er þess að gæta, að í fórum ákærða fundust fjármunir, er nægja myndu til greiðslu reikningsins, sem samkvæmt gögnum hótelsins nam 41.602 kr. Þegar allt framanritað er virt, verður að telja ósannað, að fyrir ákærða hafi vakað að greiða ekki fyrir áðurgreinda þjónustu, og ber því að sýkna ákærða af ákærulið I,2.

III.

Með bréfi, dagsettu 14. október sl., til RLR lagði Sveinn Grétar Jónsson f.h. Kristu sf., Kringlunni 8-12 hér í borg, fram kæru á hendur ákærða. Kvað Sveinn ákærða hafa fengið afgreiddar snyrtivörur frá fyrirtækinu, að verðmæti 426.671 kr., á þeim forsendum, að hann væri að setja upp snyrtistofu á virtri hárgreiðslustofu hér í borg. Að sögn Sveins kvaðst ákærði vera íslenskur ríkisborgari, fæddur á Húsavík, með viðurkennt alþjóðapróf í snyrtingu og með virðisaukaskattsnúmerið 4254. Ákærði fékk vörurnar afhentar dagana 3. til 10. október sl. gegn loforði um greiðslu 11. október sl. Að sögn Sveins kvaðst ákærði þurfa að fara snögga ferð

til Parísar 11. október vegna andláts föður síns, og fékk hann frestun á uppgjöri reikningsins til 19. október kl. 10.00. Kvaðst Sveinn síðan hafa frétt, að ákærði fór aldrei til Parísar, og jafnframt kvaðst hann hafa komist að því, að ýmislegt af því, sem ákærði sagði um sjálfan sig, stóðst ekki. Kvaðst Sveinn því hafa óttast, að ákærði hefði ætlað að hverfa af landi brott án þess að gera upp skuld sína.

Ákærði skýrði svo frá, að hann hefði komist í samband við aðila, sem versla með Sebastian-snyrtivörur, og kvaðst hann hafa hitt Svein Grétar Jónsson á starfsstöð Kristu sf. við Laugaveg. Ákærði kvaðst upphaflega hafa ætlað að vinna fyrir umrætt Sebastian-umboð, en það hefði ekki verið ætlun sín að selja vörur þess. Ákærði kvað sér hafa verið tjáð, að þar væri enga vinnu fyrir hann að hafa, en í næstu viku eftir þetta hefði ákærði tekið þá ákvörðun að starfa sjálfstætt. Kvaðst ákærði hafa ætlað að vinna með Lovísu Jónsdóttur, eiganda hárgreiðslustofunnar Venusar, Garðastræti 11 hér í borg. Kvaðst ákærði hafa ætlað að taka þar herbergi á leigu og koma þar upp starfsemi. Var ætlunin, að þarna yrði hárgreiðslu- og snyrtistofa. Kvaðst ákærði hafa haft samband við Svein sem seljanda umræddrar snyrtivöru, og var hann fús til viðskipta við ákærða. Ákærði kannaðist við að hafa fengið afhentar vörur frá Sveini og jafnframt, að verðmæti þeirra hefði verið um það bil sú fjárhæð, er í ákæru greinir. Ákærði kvað, að svo hefði verið um samið, að greiðslu yrði skipt í þrennt, og skyldi fyrsta afborgun fara fram 20 dögum eftir afhendinguna, þ.e. 26. október sl., en afgangurinn yrði greiddur með tveimur afborgunum með mánaðar-millibili. Ákærði kvaðst hafa fengið vörureikninga í hendur, en enginn skriflegur samningur verið gerður milli þeirra og hvorki undirritaðir víxlar né skuldabréf. Ákærði kvað, að þeir hefðu rætt um staðgreiðslu fyrir vöruna, en afsláttur sá, sem seljandi vildi veita, hefði ekki verið nægjanlegur. Ákærði kvaðst hafa útfyllt umsóknareyðublað vegna umsóknar um starf hjá Kristu sf. Kvaðst ákærði í þessari umsókn hafa ofmetið menntun sína, en það hefði eingöngu verið í þeim tilgangi að styðja atvinnuumsókn sína. Ákærði neitaði því að hafa tjáð Sveini, að hann væri íslenskur ríkisborgari, en hann kvaðst hafa sagt í atvinnuumsókn sinni, að hann væri fæddur á Húsavík. Ákærði kannaðist við að hafa sagt, að hann hefði nokkra þekkingu á þessum snyrtivörum, enda kvað ákærði, að svo hefði verið. Ákærði kannaðist ekki við að hafa gefið Sveini upp virðisaukaskattsnúmer, og kvað hann hér vera um uppspuna af hálfu Sveins að ræða. Ákærði kvað sig hafa haft möguleika á að greiða fyrstu afborgun, en síðari afborganir hefði hann getað fjármagnað með sölu.

Ákærði kvaðst hafa pantað tvo stimpla frá fyrirtæki í gegnum síma, og kveður ákærði, að á hvorugum stimplinum hafi átt að vera virðisaukaskattsnúmer. Ákærði kvaðst aðeins hafa séð annan stimpilinn. Ákærði

kvaðst ekki geta gefið skýringu á því, hvernig á því stæði, að á öðrum stimplinum væri vsk-nr. 4254. Ákærði kvað, að hann hefði selt um 5-10 hluti af áðurgreindum snyrtivörum, og kvað hann heildarsöluverðið vera um 15.000-20.000 ísl. kr. Kvað ákærði kaupin hafa verið skrásett í sérstaka bók, en greiðslukortaviðskipti hefðu verið færð í bókhald Lovísu. Ákærði kvað, að Sveinn Grétar hefði fengið allar aðrar vörur í hendur.

Vitnið Sveinn Grétar Jónsson, kt. 160546-7869, Kringlunni 65, Reykjavík, skýrði svo frá, að ákærði hefði sótt um vinnu hjá Kristu sf., en vitnið kvaðst vera framkvæmdastjóri þess fyrirtækis. Kvað vitnið ákærða hafa sagst vera að koma frá Kanada, og hefði hann unnið þar með Sebastian Artistic Team. Kvað vitnið, að ákærði hefði gefið upp nöfn kanadískra umboðsmanna, sem vitnið kvaðst kannast við. Þá hefði ákærði gefið upp nöfn á ýmsum stöðum, sem hann hefði unnið á í heiminum. Vitnið kvað, að eiginkona sín hefði kynnt sig fyrir ákærða, sem hefði verið tjáð nokkrum dögum síðar, að ekki væri laus staða fyrir hann. Vitnið kvað ákærða hafa sagst vera íslenskur ríkisborgari, fæddur á Húsavík, og með próf frá CIDESCO í snyrtingu og hárgreiðslu. Kvað vitnið ákærða hafa komið tveimur dögum síðar með Lovísu Jónsdóttur, og þá hefði hún tjáð vitninu, að þau ætluðu að vinna saman. Kvað vitnið, að ákærði hefði beðið um snyrtivörur fyrir Lovísu persónulega, og kvað vitnið, að ákærði hefði þekkt nöfnin á litunum og þannig sýnt fram á, að hann hafði þekkingu á þessum litum. Vitnið tók fram, að umræddar snyrtivörur væru einungis seldar af fagmönnum. Kvaðst vitnið ekkert hafa séð því til fyrirstöðu að selja ákærða þessar vörur. Kvað vitnið ákærða hafa lýst yfir áhuga sínum á að selja umræddar snyrtivörur, og hefði hann fengið birgðalista, og hefði ákærði sagst ætla að fá einn „tester" af öllu og þrjú eintök af hverri vörutegund til sölu. Kvað vitnið, að nokkrum dögum síðar hefði ákærði lagt inn pöntun, og hefði hann gefið upp kennitölu, sem tölvan hefði ekki tekið við. Kvaðst vitnið þá hafa haft samband við ákærða, sem taldi Hagstofuna hafa gert mistök, og hefði hann nú gefið upp aðra tölu, sem tölvan sætti sig nú við. Þá kvað vitnið, að ákærði hefði gefið upp fjögurra stafa virðisaukaskattsnúmer, og hefði ákærði talað um, að faðir sinn ætti fyrirtæki hér, og kvaðst vitnið hafa skilið ákærða sem svo, að hér væri um virðisaukaskattsnúmer föður hans að ræða. Vitnið kvaðst hafa rætt greiðsluskilmála við ákærða, sem hefði spurt, hver vaninn væri í þeim efnum. Kvaðst vitnið hafa tjáð honum, að venjulega væri þriðjungur greiddur út við afhendingu, en afgangurinn á víxlum. Vitnið kvað, að ákærði hefði lýst yfir áhuga á staðgreiðslu, og kvaðst vitnið hafa boðið honum afslátt, sem samsvaraði víxilkostnaði. Vitnið kvað, að þeir hefðu samið um það, að ákærði staðgreiddi vöruna 11. október. Kvað vitnið ákærða hafa sagst vilja hafa reikninginn á núlli, en við síðari viðskipti gætu þeir rætt um

annað fyrirkomulag. Vitnið kvað, að ekki hefði samist svo á milli þeirra, að vörurnar yrðu greiddar með afborgunum. Vitnið kvað, að vörurnar hefðu verið sendar ákærða að Garðastræti 11 og ákærði kvittað þar fyrir þeim. Vitnið kvað, að ekki hefði verið um óeðlilega pöntun af hálfu ákærða að ræða miðað við það, að aðstaða ákærða væri í tengslum við þekkta hárgreiðslustofu. Vitnið kvað, að ákærði hefði hringt 9. október sl. og tjáð vitinu, að faðir sinn hefði dáið, og þyrfti hann að fara til Parísar. Hefði ákærði ekki getað komið 11. október og óskað eftir viku-greiðslufresti. Vitnið kvaðst hafa samþykkt þetta. Kvaðst vitnið síðar hafa frétt, að ákærði fór ekki utan. Vitnið kvaðst hafa sótt megnið af vörunni að Garðastræti 11 að beiðni Lovísu, en ýmislegt hefði þó vantað í. Vitnið kvaðst fyrst hafa séð stimpilmerki þau, er greinir á skjali 1, bls. 3, í málinu nr. 3318/91, á sunnudeginum, þegar vitnið sótti vörurnar í Garðastræti. Vitnið kvaðst ekki hafa séð nein prófskírteini hjá ákærða, en vitnið taldi, að ákærði hefði ekki sannað kunnáttu sína á snyrtivörunum öðruvísi en á þann hátt, að hann hafði greinilega þekkingu á þeim. Vitnið kvað ákærða oft hafa haft samband við sig, og eftir á að hyggja fannst vitninu, að ákærði hefði með þessu verið að „byggja upp" traust vitnisins. Vitnið kvað samband þeirra hafa verið gott. Vitnið kvað, að viðskiptasamband þeirra hefði verið eðlilegt þangað til kl. 7 að kvöldi 11. október sl., er vitnið frétti, að ákærði hafði ekki farið til Parísar. Vitnið kvaðst hafa hringt í Útlendingaeftirlitið laugardaginn 12. október sl. til að fá vitneskju um það, hvort ákærði væri enn hér á landi, og þá, hvar hann dveldist.

Ákærði og vitnið voru samprófaðir, en ekki náðist samræmi í framburð þeirra.

Vitnið Lovísa Jónsdóttir hárgreiðslumeistari, kt. 040446-4279, Boðagranda 7, Reykjavík, skýrði svo frá fyrir dómi, að mágkona sín hefði hringt og sagst vera með mann í atvinnuleit, sem væri hárgreiðslumeistari og snyrtifræðingur, og jafnframt hefði vitninu verið tjáð, að maðurinn hefði unnið mikið fyrir Sebastian-snyrtivörur. Vitnið kvaðst hafa hitt ákærða laugardaginn 21. september sl. á hárgreiðslustofu vitnisins í Garðastræti. Vitnið kvað ákærða hafa tjáð sér, að hann kæmi frá Namibíu, en væri íslenskur ríkisborgari. Hefði hann sagst vera með alþjóðaskírteini í hárgreiðslu og snyrtingu, en engin skilríki sýnt. Vitnið kvaðst hafa farið með ákærða til Kristu sf. og kynnt hann fyrir Hönnu Kristínu þar. Vitnið kvaðst ekki vita frekar, hvað þeim fór á milli, en vitnið kvað, að á mánudeginum eftir hádegi hefði ákærði verið á stofu vitnisins og verið þar megnið af deginum. Vitninu fannst ákærði tala þannig, að hann hefði þekkingu á þessum hlutum. Vitnið kvað ákærða hafa fengið það svar á þriðjudeginum frá Kristu sf., að hann fengi ekki vinnu þar. Vitnið kvað, að áður en svarið frá Kristu sf. kom, hefði ákærði spurt vitnið, hvort það vildi leigja ákærða

herbergi, þar sem ákærði ætlaði að opna snyrtistofu, og kvaðst vitnið hafa tekið sér umhugsunarfrest. Vitnið kvaðst síðan hafa ákveðið að leigja ákærða herbergið. Vitnið kvaðst hafa viljað fá skírteinin hjá ákærða til að fá þau viðurkennd hjá hérlendum fagfélögum, en ákæri hefði sagt, að hann fyndi þau ekki. Hefði ákærði pantað inn vörur hjá tveimur fyrirtækjum og vörurnar verið fluttar á stofu vitnisins, en á nafni ákærða. Vitnið kvaðst hafa skýrt ákærða frá því, að hér á landi þyrfti bókhald og annað að vera í lagi. Vitnið kvað ákærða ekki hafa hafið rekstur sinn. Vitnið kvaðst ekki hafa heyrt, hvað forráðamönnum Kristu og ákærða fór á milli við pöntun á vörunum. Vitnið kvað, að fyrirtækin hefðu tekið vörurnar til baka. Vitnið kvað ákærða hafa pantað stimpla vegna væntanlegs fyrirtækis síns, og kvaðst vitnið hafa tjáð ákærða, að á stimplum þyrfti helst að vera virðisaukaskattsnúmer. Vitnið kvaðst hafa hlustað á, þegar ákærði hringdi vegna stimplanna, en kvaðst ekki geta fullyrt, að ákærði hefði þá gefið upp virðisaukaskattsnúmer. Vitnið kvaðst hafa farið til Parísar og kvaðst hafa reynt að finna hótel, sem ákærði benti vitninu á, en það heimilisfang hefði ekki staðist. Vitnið kvaðst hafa spurt ákærða, eftir að hann hafði dvalist einhvern tíma á Hótel Holti, hver myndi borga reikninginn fyrir hann, og kvað vitnið, að ákærði hefði sagt föður sinn myndu greiða. Vitnið kvað ákærða hafa talað um að borga snyrtivörurnar út í hönd. Vitnið kvaðst hafa séð einn stimpil, sem ákærði pantaði, og var ekki virðisaukaskattsnúmer á honum. Vitnið kvaðst ekki hafa séð þann stimpil, sem er með virðisaukaskattsnúmerinu. Vitnið kvað, að öllum vörunum hefði verið skilað, nema ákærði hefði verið búinn að gefa einhverjar vörur frá sér, en hann hefði ekkert selt, svo að vitnið vissi til. Vitnið kvað ákærða hafa verið ráðlagt að hafa samband við Árna í Útlendingaeftirlitinu. Vitnið kvað ákærða hafa hringt, en ekki vissi vitnið, við hvern hann talaði, en ákærði hefði sagt, að hann hefði haft samband við Útlendingaeftirlitið og allt væri klappað og klárt. Vitnið kvað ákærða hafa komið með tryggingarvíxil vegna umsóknar um Vísa-greiðslukort og sýnt vitninu og jafnframt látið í ljós undrun sína á því, að slíks væri krafist.

Vitnið kvað ákærða hafa sýnt hæfni sína í því, sem hann gerði, og augljóst, að ekkert kom honum í opna skjöldu á því sviði, sem hann sagðist hafa þekkingu á. Vitnið kvað, að ekkert hefði bent til, að ákærði hefði ætlað að koma vörunum undan. Vitnið kvað ákærða hafa haft fullan hug á að stofna til viðskipta, og ekki hvarflaði að vitninu, að ákærði hefði ætlað að hverfa úr landi. Vitnið kvaðst hafa ráðlagt ákærða að staðgreiða ekki vörurnar frá Kristu sf., m.a. vegna þess, að staðgreiðsluafslátturinn væri ekki nægilegur. Vitnið kvaðst standa í þeirri trú, að fyrirtækin hefðu stofnað til reikningsviðskipta við ákærða vegna þess, að forráðamenn þeirra tryðu því, að ákærða væri alvara með það að fara út í viðskipti.

Vitnið kvaðst telja, að ákærði hefði samið við Svein Grétar um greiðslufrest. Vitnið kvaðst telja, að ákærði hefði haft gott vit á rekstri slíks fyrirtækis, og taldi vitnið, að fyrirætlanir ákærða hefðu verið þær að búa hér á landi. Vitnið kvað, að ákærði hefði upphaflega ætlað með vitninu til Parísar ásamt öðru hárgreiðslufólki, en ákærði hefði átt að mæta hjá Útlendingaeftirlitinu á svipuðum tíma, en hann hefði þó átt að geta náð flugvélinni. Vitnið kvaðst ekki geta borið um vitneskju starfsfólks á Hótel Holti um hæfni ákærða á snyrtisviðinu. Vitnið kvaðst telja, að það hefði ekki verið ætlun ákærða að svíkja vörur út úr fólki, og þá taldi vitnið, að ákærða hefði vegnað vel á þessu sviði, ef ekki hefði komið til aðgerða. Vitnið kvaðst muna eftir því, að ákærði hefði sýnt einhverjum á hárgreiðslustofunni mynd af móður sinni, sem viðkomandi hefði kannast við.

Niðurstaða.

Ákærði hefur kannast við að hafa fengið afhentar frá fyrirtækinu Kristu sf. snyrtivörur þær, er í ákæru greinir, og hefur hann lýst yfir, að hann hygðist stofna til atvinnurekstrar hér á landi. Virðist hér hafa verið um skyndiákvörðun af hálfu ákærða að ræða, en hann hefur upplýst, að upphaflega hafi hann snúið sér til forráðamanna Kristu sf. í þeim tilgangi að fá atvinnu Er upplýst í máli þessu, að ákærði fékk vörurnar afhentar gegn greiðslufresti, en ákærða og Svein Grétar greinir á um nánari tilhögun fyrirhugaðrar greiðslu. Ákærði hefur talið, að hann hefði möguleika á að greiða fyrstu afborgun, en síðari greiðslur hefði hann getað fjármagnað með sölu. Ákærði hefur viðurkennt að hafa í atvinnuumsókn sinni ofmetið menntun sína, og jafnframt hefur hann kannast við að hafa sagst vera íslenskur ríkisborgari, en talið það gert í þeim tilgangi einum að styrkja atvinnuumsókn sína. Þá hefur slæðst inn á stimpil, sem ákærði pantaði, virðisaukaskattsnúmer, sem í ljós hefur komið, að fyrirtæki á Hellu hefur. Þegar allt framanritað er virt, verður að telja, að ofangreindar blekkingar ákærða gagnvart forráðamönnum Kristu sf. hafi verið til þess fallnar að vekja traust á ákærða sem viðsemjanda, og má ætla, að hefði þeim verið sannleikurinn ljós, hefði ekki orðið af samningum við ákærða. Þar sem telja verður, að fjárhag ákærða hafi verið þannig háttað, að hann hafi verið ófær um að stand skil á skuldbindingum sínum og hann þannig stefnt hagsmunum viðsemjenda sinna í verulega hættu, telst nægilega sannað, að ákærði hafi með ofangreindri háttsemi sinni gerst sekur um fjársvik samkvæmt 248. gr. almennra hegningarlaga.

IV.

Með bréfi til RLR, dagsettu 22. október sl., lögðu Kreditkort hf. fram kæru á hendur ákærða fyrir misnotkun á Mastercard-greiðslukorti nr.

5412-8309-0321-7355, sem gefið var út til ákærða af Nedbank í Jóhannesarborg í Suður-Afríku. Segir í bréfi kæranda, að umrætt kort hafi verið sett á vákortalista 3. og 17. september sl. Hafi kortið verið notað hér á landi dagana 19. september til 6. október sl., og nemur fjárhæð úttekta ákærða samtals 38.865 kr. Í málinu liggja frammi eiðfestar staðfestingar frá Richard Martin Ferreira, yfirmanni fjársvikadeildar Nedbank Credit Card, um það, að ákærði hafi fengið umrætt greiðslukort 14. mars sl., og hafi úttektarheimild hans verið $1.745. Ákærði hafi hins vegar farið til Evrópu, og nam skuld hans við bankann $9.680. Hafi umrætt greiðslukort því verið afturkallað 26. júní sl. Sökum þessa var greiðslukort ákærða sett á vákortalista, fyrst 6. ágúst sl., og því eru Eurocard á Íslandi, Kreditkort hf., bundin af úttektum ákærða.

Ákærði skýrði svo frá, að hann kannaðist við að eiga umrætt Mastercard-greiðslukort. Ákærði kvað sér ekki hafa verið kunnugt um, að umrætt kort hefði verið sett á vákortalista, enda kvaðst hann hafa verið að heiman um það leyti. Ákærði kvað, að úttektir sínar út af kortinu hefðu rúmast innan þeirrar heimildar, er hann hafði. Ákærði kannaðist við að hafa undirritað greiðslunótur þær, er liggja frammi í máli þessu, og kvaðst hann ekki gera athugasemd við fjárhæð í ákæruskjali. Ákærði kvaðst ekki hafa fylgst með úttektum, vegna þess að úttektir eru sjálfkrafa skráðar á reikning hans í bankanum. Ákærði kvaðst ekki hafa haft áhyggjur af stöðu sinni í bankanum, sem er útibú Nedbank í Windhoek, og hefur sá banki heimildarskjöl um hús hans og tvær bifreiðar. Ákærði kvað hvíta menn í Suður-Afríku fá greiðslukort, og kvað hann bankann ábyrgjast þær úttektir, sem hann telur menn standa undir.

Niðurstaða.

Ákærði hefur við rannsókn og meðferð málsins kannast við að hafa notað umrætt greiðslukort hér á landi, og hefur hann ekki gert athugasemd við þá fjárhæð, sem tilgreind er í ákæruskjali. Ákærði hefur hins vegar talið úttekt sína rúmast innan heimildar þeirrar, er hann hafði. Þegar litið er til eiðfestrar yfirlýsingar starfsmanns umræddsa banka um úttektarheimild ákærða og þeirrar skuldar, er hann hafði stofnað til við bankann langt umfram heimildir, verður að telja, að ákærða, sem bar að fylgjast með úttektum sínum, hafi hlotið að vera ljóst, hver staða sín var gagnvart bankanum. Ákærði hefur því með úttektum sínum hér á landi bundið Kreditkort hf. til greiðslu á 38.865 kr. Telst því sannað, að ákærði hafi með þessari háttsemi sinni gerst sekur um umboðssvik samkvæmt 249. gr. almennra hegningarlaga.

Málsmeðferð.

Rétt þykir á þessu stigi að gera grein fyrir rannsókn og meðferð málsins. Ákærði var handtekinn á Hótel Íslandi kl. 13.45 15. október sl., og 16.

október sl. var ákærði að kröfu RLR úrskurðaður í gæsluvarðhald til miðvikudagsins 23. október sl. kl. 16.00.

Gæsluvarðhaldsúrskurðurinn var kærður til Hæstaréttar Íslands, sem með dómi, upp kveðnum 18. október sl., felldi ofangreindan úrskurð úr gildi. Áður en hæstaréttardómur lá fyrir, hafði sakadómur Reykjavíkur 18. október sl. kl. 15.35 hafnað kröfu ákærða þess efnis, að hann yrði látinn laus úr gæsluvarðhaldi. Eftir að dómur Hæstaréttar lá fyrir, var ákærða að kröfu RLR gert að sæta farbanni með úrskurði sakadóms Reykjavíkur, upp kveðnum 18. október sl. kl. 20.30, allt til miðvikudags 30. október sl. kl. 16.00. Ofangreindur úrskurður var kærður til Hæstaréttar Íslands, sem með dómi, upp kveðnum 25. október sl., staðfesti hann. Eftir þingfestingu málsins 30. október sl. var farbann ákærða að kröfu ríkissaksóknara framlengt til miðvikudags 13. nóvember 1991 kl. 16.00. Ákærði kærði úrskurðinn til Hæstaréttar Íslands, sem með dómi, upp kveðnum 5. nóvember sl., staðfesti úrskurð sakadóms Reykjavíkur.

Auk þessa var 18. október sl. kveðinn upp úrskurður um heimild til rannsóknar á munum, sem lagt hafði verið hald á hjá ákærða. Ákærði kærði þann úrskurð til Hæstaréttar Íslands, en kæran var afturkölluð 24. október sl. Þá var 18. október sl. kveðinn upp úrskurður í sakadómi Reykjavíkur um heimild RLR til að taka fingraför og ljósmyndir af ákærða. Ákærði kærði úrskurðinn til Hæstaréttar Íslands, sem staðfesti hann með dómi, upp kveðnum 28. október sl.

Viðurlög.

Samkvæmt sakavottorði ákærða hefur hann ekki sætt refsingu, svo að kunnugt sé. Refsing ákærða þykir hæfilega ákveðin með hliðsjón af 77. gr. almennra hegningarlaga fangelsi sex mánuði, en fullnustu helmings refsivistarinnar þykir mega fresta, og skal hún niður falla að liðnum þremur árum frá uppkvaðningu dómsins, haldi ákærði almennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga.

Ákæruvaldið hefur gert þá kröfu, að ákærða verði með dómi gert að verða af landi brott, sbr. 13. gr. laga um eftirlit með útlendingum nr. 45/1965, er hann hefur þolað refsingu samkvæmt dóminum. Í lagagrein þessari segir m.a., að hafi útlendur maður sest að hér á landi, skuli vísa honum burt, ef hann verði, áður en hann hefur dvalist hér full fimm ár samfleytt, sekur að lagadómi um verk, sem svívirðilegt er að almenningsáliti.

Dómurinn getur ekki fallist á, að brot þau, sem ákærði hefur nú verið sakfelldur fyrir, séu þess eðlis, að áðurgreind lagagrein eigi hér við. Ber því að sýkna ákærða af þessari kröfu ákæruvaldsins.

Skaðabætur.

Eftirtaldir hafa lagt fram skaðabótakröfur á hendur ákærða í máli þessu:

1. Sveinn Grétar Jónsson v/Kristu sf. 32.816 kr. auk hæstu lögleyfðu dráttarvaxta frá 11. október 1991 til greiðsludags.

2. Skúli Þorvaldsson v/Hótel Holts 214.823 kr. ásamt hæstu lögleyfðu vöxtum frá 14. október 1991 til greiðsludags.

3. Hótel Ísland 41.602 kr. ásamt dráttarvöxtum frá 15. október 1991 til greiðsludags.

4. Kreditkort hf. 38.865 kr. ásamt vanskilavöxtum.

Ákærði hefur mótmælt skaðabótakröfu Sveins Grétars, og hann hefur ekki samþykkt þá fjárhæð, sem Skúli fer fram á. Ákærði samþykkti kröfu Hótel Íslands, en gerði fyrirvara um fjárhæðina. Þá mótmælti ákærði kröfu Kreditkorta hf.

Þar sem ákærði var sýknaður af háttsemi þeirri, er skaðabótakrafan í 3. lið tekur til, ber einnig að sýkna hann af bótakröfunni, sbr. 3. mgr. 146. gr. laga nr. 74/1974. Aðrar kröfur, sem þykja nægilega rökstuddar, verða teknar til greina þannig, að vextir samkvæmt lið 2 og 4 skulu vera dráttarvextir og upphafstími vaxta samkvæmt lið 4 skal vera 22.10 '91.

Sakarkostnaður.

Samkvæmt 2. mgr. 141. gr. laga nr. 74/1974 ber að dæma ákærða til greiðslu 9/10 hluta réttargæslu- og málsvarnarlauna skipaðs verjanda síns, Ragnars Aðalsteinssonar hrl., sem þykja hæfilega ákveðin 200.000 kr., en 1/10 hluti greiðist úr ríkissjóði. Annan sakarkostnað, þar með talin saksóknarlaun, er renna í ríkissjóð og þykja hæfilega ákveðin 100.000 kr., greiði ákærði að 9/10 hlutum, en 1/10 greiðist úr ríkissjóði.

Jón Erlendsson, fulltrúi ríkissaksóknara, flutti málið af hálfu ákæruvaldsins.

Dómsorð:

Ákærði, Þorbjörn Gunnarsson, sæti fangelsi sex mánuði, en fresta skal fullnustu helmings refsivistarinnar, og skal hún niður falla að liðnum þremur árum frá uppkvaðningu dómsins, haldi ákærði almennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga.

Ákærði skal vera sýkn af kröfu ákæruvaldsins um brottvísun úr landi.

Ákærði greiði skaðabætur sem hér segir:

1. Sveini Grétari Jónssyni v/Kristu sf. 32.816 kr. ásamt dráttarvöxtum frá 11. október 1991 til greiðsludags.

2. Skúla Þorvaldssyni v/Hótel Holts 214.823 kr. ásamt dráttarvöxtum frá 14. október 1991 til greiðsludags.

3. Kreditkortum hf. 38.865 kr. ásamt dráttarvöxtum frá 22. október 1991 til greiðsludags.

Ákærði greiði 9/10 hluta réttargæslu- og málsvarnarlauna skipaðs verjanda síns, Ragnars Aðalsteinssonar hrl., kr. 200.000, en 1/10 hluti greiðist úr ríkissjóði. Annan sakarkostnað, þar með talin saksóknarlaun, er renna í ríkissjóð, 100.000 kr., greiði ákærði að 9/10 hlutum, en 1/10 greiðist úr ríkissjóði.

Fimmtudaginn 6. febrúar 1992.

Nr. 51/1992. **Ákæruvaldið**

gegn

Hallgrími Viggó Marinóssyni.

Kærumál. Gæsluvarðhald. Stjórnarskrá.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Þór Vilhjálmsson, Garðar Gíslason og Pétur Kr. Hafstein.

Varnaraðili hefur með heimild í 3. tl. 172. gr. laga nr. 74/1974 um meðferð opinberra mála skotið hinum kærða úrskurði til Hæstaréttar. Var kærunni lýst, þegar úrskurðurinn var kveðinn upp. Varnaraðili gerir aðallega kröfu um frávísun gæsluvarðhaldskröfunnar frá sakadómi. Varakrafa hans er sú, að hinn kærði úrskurður verði felldur úr gildi. Krafist er kærumálskostnaðar.

Af hálfu ákæruvalds er krafist staðfestingar hins kærða úrskurðar.

Í 65. gr. stjórnarskrár lýðveldisins Íslands nr. 33/1944 segir meðal annars: „Hvern þann, sem tekinn er fastur, skal án undandráttar leiða fyrir dómara."

Varnaraðili var handtekinn kl. 4.20 aðfaranótt 3. febrúar. Fram er komið, að krafa Rannsóknarlögreglu ríkisins um gæsluvarðhald var gerð að kvöldi þess dags. Varnaraðili var leiddur fyrir dómara kl. 10.35 að morgni 4. febrúar.

Rétt hefði verið, að varnaraðili kæmi fyrir dómara, fyrr en raun varð á, en efni eru þó ekki til, að þetta atriði leiði til þess, að fella beri hinn kærða úrskurð úr gildi. Að þessu athuguðu verður hann staðfestur.

Kærumálskostnaður verður ekki dæmdur.

Dómsorð:

Hinn kærði úrskurður á að vera óraskaður.

Úrskurður sakadóms Reykjavíkur 4. febrúar 1992.

Ár 1992, þriðjudaginn 4. febrúar, er á dómþingi sakadóms Reykjavíkur, sem háð er í Borgartúni 7 af Símoni Sigvaldasyni fulltrúa, kveðinn upp úrskurður þessi.

RLR hefur gert þá kröfu, að Hallgrími Marinóssyni, kt. 160744-3329, heildsala og veitingamanni, til heimilis að Dragavegi 6, Reykjavík, verði með úrskurði gert að sæta gæsluvarðhaldi allt til föstudagsins 7. febrúar nk. kl. 16.00.

Kærði hefur mótmælt kröfu RLR.

Málavextir eru þeir, að um klukkan 00.25 aðfaranótt mánudagsins 3. febrúar sl. var tilkynnt til lögreglunnar í Reykjavík frá stjórnstöð Strætisvagna Reykjavíkur, að eldur væri í húsi Sportklúbbsins, Borgartúni 32, Reykjavík. Strætisvagnsstjóri, er ók fram hjá húsnæðinu um kl. 00.22, sá reyk leggja frá húsinu, og starfsfélagi hans, sem fór um um mínútu síðar, sá þá eld í gluggum á þriðju hæð hússins. Fram hefur komið við rannsókn málsins, að gestir hafi farið af staðnum um klukkan 23.30, og hafi þá Hallgrímur Marinósson, kærði í máli þessu, verið einn í húsinu. Hefur kærði skýrt frá því, að hann hafi lokið uppgjöri peningakassa um klukkan 23.40 og í framhaldi af því yfirgefið húsið um klukkan 23.50-23.55.

Fram er komið í málinu, að kærði hafi um miðjan janúarmánuð sl. keypt hjá Vátryggingafélagi Íslands tryggingar varðandi allan rekstur sinn, m.a. rekstrarstöðvunartryggingu, er miði við tæplega tveggja milljóna króna rekstrarhagnað á árinu, og brunatryggingu á innbúi.

Rannsókn á vettvangi er aðeins lokið á fyrstu hæð hússins, og hafa ýmis sýni verið tekin til rannsóknar á Rannsóknastofu háskólans, þ. á. m. blóðsýni úr kærða. Samkvæmt gögnum málsins hefur RLR náð tali af vitnum, sem m.a. fóru fram hjá húsinu um og eftir miðnætti, en ýtarleg skýrslutaka hefur ekki enn farið fram, og ekki hefur náðst til allra þeirra, er mál þetta hugsanlega varða.

Eins og nú hefur verið rakið og fram kemur í gögnum málsins, er sakarefni þetta mjög alvarlegt og ljóst, að tjón er verulegt. Þrátt fyrir það að kærði neiti því eindregið að hafa átt aðild að þeim bruna, er varð, þykja öll rannsóknargögn málsins og þá sérstaklega það, hve skammur tími leið, frá því að kærði yfirgaf húsnæðið og þar til tilkynnt var um brunann, benda sterklega til þess, að kærði tengist málinu meira en hann vill vera láta og rétt sé, að hann sæti gæsluvarðhaldi, meðan á frumrannsókn málsins stendur.

Brot þau, er kærði er grunaður um, geta varðað fangelsisrefsingu skv. XVIII. kafla almennra hegningarlaga.

Með vísan til framanritaðs og skírskotunar til 1. tl. 1. mgr. 67. gr. laga nr. 74, 1974, þykir rétt að taka kröfu RLR til greina að fullu. Skal kærði samkvæmt því sæta gæsluvarðhaldi allt til föstudagsins 7. febrúar nk. kl. 16.00.

Samkvæmt 53. gr. og 66. gr. laga nr. 74, 1974, skal handtekinn mann án undandráttar leiða fyrir dómara, enda sé hann ekki þegar látinn laus.

Dómari skal, þá er handtekinn maður hefur verið leiddur fyrir hann, innan sólarhrings leggja rökstuddan úrskurð á það, hvort sökunautur skuli settur í varðhald eða ekki. Samkvæmt gögnum málsins var kærði handtekinn af lögreglu kl. 04.20 3. febrúar sl. Dráttur sá, er orðið hefur á því, að kærði hafi verið færður fyrir dómara, þykir ekki varða því, að kröfu þessari skuli vísað frá dómi, enda segir í áður tilvitnuðum ákvæðum laga nr. 74, 1974, að handtekinn mann skuli án undandráttar færa fyrir dómara, sé hann ekki þegar látinn laus. Þó hefði Rannsóknarlögreglu ríkisins verið rétt að gera fyrr gangskör að því, að kærði yrði færður fyrir dómara vegna gæsluvarðhaldskröfunnar.

Úrskurðarorð:

Kærði, Hallgrímur Marinósson, skal sæta gæsluvarðhaldi allt til föstudagsins 7. febrúar 1992 kl. 16.00.

Föstudaginn 7. febrúar 1992.

Nr. 271/1989. **Magnús Guðmundsson**
(Ingi Ingimundarson hrl.)
gegn
Kristjönu Einarsdóttur og
Helga J. Fortescue
(Jón Oddsson hrl.)
og gagnsök.

Fasteignir. Galli. Tómlæti.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Guðrún Erlendsdóttir, Gunnar M. Guðmundsson, Haraldur Henrysson, Hrafn Bragason og Pétur Kr. Hafstein.

Aðaláfrýjandi áfrýjaði máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 6. júlí 1989. Hann krefst aðallega sýknu af kröfum gagnáfrýjenda og málskostnaðar úr þeirra hendi í héraði og fyrir Hæstarétti, en til vara, að kröfur þeirra verði stórlega lækkaðar og málskostnaður látinn niður falla.

Gagnáfrýjendur áfrýjuðu málinu til Hæstaréttar með stefnu 5. september 1989 að fengnu áfrýjunarleyfi 28. ágúst sama ár og gera þær dómkröfur, að aðaláfrýjandi verði dæmdur til að greiða þeim 2.017.400 krónur með dráttarvöxtum frá 3. júlí 1988 til greiðsludags og málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

I.

Gagnáfrýjendur keyptu af aðaláfrýjanda húseign þá, sem um ræðir í málinu, með kaupsamningi 22. febrúar 1984. Þau tóku við eigninni 15. maí sama ár, en afsal fyrir henni var gefið út 13. febrúar 1985. Í afsalinu er svofellt ákvæði: „Kaupendur, sem hafa búið í húsinu nú um 9 mánaða skeið, sætta sig við ástand hins selda í alla staði."

Hinn 28. apríl 1988 ritaði lögmaður gagnáfrýjenda bréf til aðaláfrýjanda og bar fram kvörtun um galla á húsinu. Hinn 3. júní sama ár sneri lögmaðurinn sér til bæjarfógetans í Garðabæ með beiðni um dómkvaðningu matsmanna til að „skoða og meta ... skemmdir og galla" á húsinu. Þar er verkefni matsmanna lýst í 15

liðum. Hinn 4. júlí sama ár voru dómkvaddir tveir sérfróðir menn til að framkvæma umbeðið mat. Matsgerð þeirra er dagsett 24. september sama ár. Efni hennar er að nokkru rakið í héraðsdómi.

II.

Í matsgerðinni er ekki fjallað um alla liði, sem tilgreindir voru í matsbeiðni. Allt að einu byggja gagnáfrýjendur kröfugerð sína í málinu á henni, svo langt sem hún nær. Fjárhæðir þeirra liða, sem metnir voru, nema samtals 1.617.400 krónum, sem eru fjárkrafa gagnáfrýjenda í málinu, auk 400.000 króna vegna óþæginda, röskunar og miska. Sundurliðast matsfjárhæðin þannig:

1. Steypuskemmdir	kr.	535.000
2. Frágangur á þakskeggi	—	20.000
3. Endurbætur á lofti yfir stofu	—	315.000
4. Endurbætur annarra lofta	—	505.000
5. Málning og hreinsun á veggjum	—	65.000
6. Eyðing skordýra	—	6.400
7. Endurnýjun tveggja rúðna	—	35.000
8. Stálsúla	—	36.000
9. Skert afnot hússins vegna rasks	—	100.000
	Kr.	1.617.400

Um 1. Samkvæmt matsgerðinni kom í ljós við skoðun matsmanna, að töluvert hafði verið gert við sprungur í steypu utan húss. Sýndust þeim viðgerðir þessar gamlar. Þeir taka fram, að greinilega sé um verulegar steypuskemmdir að ræða, er beri einkenni alkalívirkni og frostáhrifa. Virtust matsmönnum skemmdir þessar hafa verið til staðar „um lengri tíma í allnokkrum mæli". Telja þeir álitlegastan kost að setja utan á húsið viðurkennt klæðningarefni til að hindra frekari skemmdir á því.

Gagnáfrýjandinn Helgi J. Fortescue var inntur eftir því, er hann gaf aðilaskýrslu fyrir dómi, hvenær hann hefði fyrst orðið var sprunguskemmda á útveggjum hússins. Kvað hann það hafa verið um tveim árum eftir að það var keypt. Þær hafi svo farið að aukast og víða komið fram á veggjunum ummerki þessara skemmda. Samkvæmt því hafa liðið full tvö ár, frá því að þessa galla varð vart, uns kvartað var.

Um 2. - 5., 8. og 9. Í matsgerðinni greinir frá því, að timburklæðning undir þakskeggi yfir suðurgluggum stofu sé

óþétt og mikið op sé þar uppi við vegg. Í það hafi verið fyllt að hluta með trélistum og bambusstöngum. Þá geta matsmenn þess, að töluvert bil sé frá veggjum upp í þakklæðningu (2-3 cm). Þetta hafi í för með sér, að mjög geti blásið inn yfir plasteinangrun í þakrými. Nauðsynlegt sé að ganga betur frá þakskegginu með því að þéttklæða það og útbúa síðan hæfilega stór göt fyrir loftblástur inn í þakrýmið.

Matsmenn telja orsakir þess, að stofuloft féll niður, vera ófullnægjandi vindþéttingu ofan við einangrun í þakrými og hinn gallaða frágang við þakbrún. Loftþrýstingssveiflur yfir loftum hafi að öllum líkindum valdið „þreytu" í festingum loftklæðningar og leitt til þess, að þær biluðu. Festing loftklæðningar hafi aftur á móti virst vera með þeim hætti, sem tíðkaðist á þeim tíma, er húsið var byggt.

Það er álit matsmanna, að endurvinna verði einangrun í öllum loftum hússins að bílskúr undanskildum. Eigi verði hjá því komist að rífa niður loft í herbergjum og eldhúsi til að komast að sperrum. Í 3. og 4. lið er metinn kostnaður við að rífa niður loft, taka niður einangrun, koma fyrir vindvarnarlagi milli sperra, koma einangrun fyrir að nýju, setja upp rakavarnarlag, lagfæra raflögn í loftinu og klæða loftin að nýju.

Bæði í matsgerðinni og dómi héraðsdóms, sem skipaður var sérfróðum meðdómendum, kemur glöggt fram, að frágangur í þakrými hússins braut ekki í bága við byggingarsamþykkt, sem gilti fyrir Garðahrepp, er húsið var byggt á árunum 1968-1971. Þá kemur og fram, að hann var ekki frábrugðinn því, sem venjulegt var á þeim tíma. Samkvæmt því verður frágangur þessi eigi talinn hafa verið með þeim hætti, að hann út af fyrir sig gæti varðað aðaláfrýjanda bótaábyrgð að lögum.

Samkvæmt matsgerðinni er á uppdráttum af húsinu sýnd stálsúla undir járnbita á norðausturhorni þess. Súla þessi reyndist ekki vera til staðar, og athugun matsmanna leiddi í ljós, að þakviðir voru ekki festir við járnbitann.

Í aðilaskýrslu gagnáfrýjandans Helga kemur fram, að þess hafi fljótlega orðið vart, eftir að flutt var inn í húsið vorið 1984, að klæðning á stofuloftinu var aldrei til friðs. Hún hafi alltaf verið á hreyfingu bæði við veggi og á samskeytum. Í vondum veðrum

hafi verið svo mikill vindblástur inni í húsinu, að með öllu hafi verið óeðlilegt. Um ári eftir kaupin á því hafi hann farið að kynna sér, hverju þetta gæti sætt.

Að þessu víkur einnig í aðilaskýrslu gagnáfrýjandans Kristjönu Einarsdóttur. Hún greinir frá því, að fljótlega eftir að flutt var í húsið, hafi borið á miklum gusti niður um loft og ryktaumar hafi komið niður meðfram öllu loftinu.

Ljóst er, að gagnáfrýjendum gafst tilefni til þess, fljótlega eftir að þau tóku við húsinu, að bera fram kvartanir við aðaláfrýjanda út af vindblæstri inn í húsið. Ærið tilefni sýnist og hafa verið til þess, að látið væri kanna, hverjar gætu verið orsakir þessa. Ræðst af matsgerðinni, að orsaka hafi verið að leita, að minnsta kosti að hluta, í ófullnægjandi frágangi timburklæðningar milli útveggja og þaks og of stórum loftopum inn undir þakið. Má raunar sjá ummerki þessa ágalla á einni þeirra ljósmynda, sem matsgerðinni fylgdu. Ætla má, að allt það, sem matsmenn rekja undir þessum liðum, hefði komið í ljós við könnun á orsökum vindblásturs inn í húsið.

Um 6. og 7. Þessir tveir liðir eru engum haldbærum rökum studdir, og ber þegar af þeirri ástæðu að hafna þeim.

III.

Gagnáfrýjendum hefur ekki tekist að sanna, að kvartað hafi verið við aðaláfrýjanda yfir göllum þeim, sem að framan eru raktir, fyrr en með áðurnefndu bréfi lögmanns þeirra 28. apríl 1988. Þá voru liðin tæp fjögur ár, frá því að gagnáfrýjendur tóku við húsinu, en eins og að framan greinir, urðu þau gallanna vör fljótlega eftir það, og gafst þá þegar tilefni til að kvarta yfir þeim og láta kanna orsakir þeirra og umfang.

Með hliðsjón af ákvæðum 52. gr. laga um lausafjárkaup nr. 39/1922 og dómvenju um réttaráhrif tómlætis, að því er varðar kvartanir vegna galla í fasteignaviðskiptum, verður að líta svo á, að kvartanir gagnáfrýjenda vegna umræddra galla hafi komið svo seint fram, að lagaskilyrði bresti til þess, að bótakröfur þeirra í málinu á þeim byggðar geti náð fram að ganga. Samkvæmt því ber að sýkna aðaláfrýjanda af kröfum gagnáfrýjenda í málinu.

Rétt er eftir atvikum, að málskostnaður í héraði og fyrir Hæstarétti falli niður.

Dómsorð:

Aðaláfrýjandi, Magnús Guðmundsson, á að vera sýkn af kröfum gagnáfrýjenda, Kristjönu Einarsdóttur og Helga J. Fortescue, í máli þessu.

Málskostnaður í héraði og fyrir Hæstarétti fellur niður.

Dómur bæjarþings Garðakaupstaðar 2. maí 1989.

Mál þetta, sem dómtekið var 10. apríl sl., hafa Kristjana Einarsdóttir og Helgi J. Fortescue, bæði til heimilis að Reynilundi 2, Garðakaupstað, höfðað hér fyrir dóminum með stefnu, birtri 10. október 1985, gegn Magnúsi Guðmundssyni, Boðahlein 26, Garðakaupstað.

Dómkröfur stefnenda eru þær, að stefndi verði dæmdur til að greiða þeim skaðabætur, að fjárhæð 2.017.400 kr., auk dráttarvaxta af þeirri fjárhæð með [nánar tilgreindum hætti og einnig málskostnað].

Dómkröfur stefnda eru aðallega þær, að hann verði sýknaður af öllum kröfum stefnenda og tildæmdur málskostnaður að skaðlausu samkvæmt gjaldskrá Lögmannafélags Íslands með kostnaðarálagi vegna matsmáls stefnenda og söluskatts samkvæmt lögum nr. 1/1988. Til vara er þess krafist, að dómkröfur verði stórlega lækkaðar og málskostnaður verði þá látinn falla niður.

Sáttaumleitanir fyrir dómi hafa ekki borið árangur.

I.

Stefnendur, sem eru hjón, kveða málavexti þá, að þau hafi keypt eignina Reynilund 2 í Garðakaupstað af stefnda með kaupsamningi, dagsettum 22. febrúar 1984. Húsið sé steinsteypt einbýlishús á einni hæð og hafi verið reist á árunum 1968 til 1971. Þau hafi fengið eignina afhenta 15. maí 1984, en afsal gefið út 13. febrúar 1985. Stefnendur kveðast hafa staðið við skuldbindingar sínar skilvíslega samkvæmt kaupsamningi. Tekið hafi verið fram í kaupsamningi, að stefnendum væri kunnugt um raka við skorstein, en að öðru leyti, að kaupendur hafi kynnt sér hið selda og sætti sig við það að öllu leyti. Jafnframt hafi verið kveðið á í kaupsamningi, að seljandi lofi að láta kunnáttumenn gera við skemmdir, sem orðið hefðu vegna raka við skorstein.

Stefnendur kveða margvíslega leynda galla hafa komið í ljós á fasteigninni. Þau telja stefnda hafa leynt þau veigamiklum atriðum um ástand eignarinnar. Stefndi hafi fyrir sölu eignarinnar gert ýmsar ráðstafanir til að fela umrædda galla og skemmdir. Auk þess sé húsið eigi byggt samkvæmt reglum og góðum venjum, er giltu á þeim tíma, er húsið var byggt.

Stefnendur kveðast hafa orðið vör við mikla galla og skemmdir undir vorið 1988. Hafi þau kvartað við stefnda með bréfi, dagsettu 28. apríl 1988. Var því bréfi svarað af lögmanni stefnda 9. maí 1988. Fundur var haldinn með aðilum og lögmönnum þeirra, og á þeim fundi kom í ljós, að stefndi taldi sig ekki skaðabótaskyldan. Í framhaldi af því hafi stefnendur ritað 3. júní 1988 beiðni um dómkvaðningu matsmanna, og fór hún fram 4. júlí 1988.

— — —

Stefndi reisir sýknukröfu sína einnig á tómlætisreglum. Stefnendur hafi fyrst kvartað um galla á eigninni með bréfi, dagsettu 28. apríl 1988, fjórum árum eftir afhendingu hússins. Hafi skaðabótaskylda verið fyrir hendi, hafi stefnendur glatað þeim rétti samkvæmt 54. gr. laga nr. 39/1922.

Stefndi mótmælir þeirri fullyrðingu stefnenda, að hann hafi leynt þau veigamiklum atriðum um ástand og byggingarlag fasteignarinnar og að hann hafi fyrir sölu gert ýmsar ráðstafanir til að fela galla og skemmdir. Þá er miskakröfu stefnenda mótmælt sérstaklega á þeirri forsendu, að 264. gr. laga nr. 19/1940 eigi ekki við hér, eins og málum sé háttað.

Gefið hafa munnlega skýrslu fyrir dómi í máli þessu stefnendur, Helgi Fortescue og Kristjana Einarsdóttir, matsmennirnir Magnús Guðjónsson húsasmíðameistari og Ragnar Ingimarsson prófessor, Leifur Benediktsson verkfræðingur, Benedikt Björnsson, löggiltur fasteignasali, og Auðunn Hermannsson, fyrrverandi fasteignasali.

Dómendur fóru á vettvang að Reynilundi 2 í Garðakaupstað og kynntu sér aðstæður ásamt lögmönnum og stefnendum.

III.

Það er álit hinna sérfróðu meðdómsmanna, sem og styðst við framburð matsmanna, að frágangur í þakrými hússins að Reynilundi 2 í Garðakaupstað hafi ekki brotið í bága við byggingarsamþykkt frá 1967, sem gilti fyrir Garðahrepp, þá er húsið var reist. Einangrun þaks með frauðplasti var almenn á þeim tíma, er húsið var reist, og frauðplastseinangrun var jafnframt ætluð sem vindvarnarlag. Hins vegar hefur komið í ljós, að hún vill skreppa saman með árunum, og myndast þá bil á milli einangrunar og sperra með þeim afleiðingum, að loft á greiða leið úr loftrás fyrir ofan og niður í þakrými. Þar sem milliveggir hússins eru úr timbri, hefur kalt útiloft leitað niður í gegnum veggi og í vistarverur, þar sem einhver óþéttleiki hefur verið í herbergisklæðningu. Að vísu hefur verið illa gengið frá rakavarnarlagi, og hefur það m.a. átt þátt í því, að loft gat blásið niður í vistarverur hússins.

Enda þótt stefnda hafi mátt vera kunnugt um óþéttleika hússins og hafi

borið að skýra stefnendum frá þeim ágalla, þá er kaupin voru gerð, telur dómurinn, að kvörtun stefnenda hafi verið allt of seint fram borin samkvæmt undirstöðurökum 54. gr. laga nr. 39/1922. Fram hefur komið í málinu, að stefnendur urðu þess strax vör, eftir að þau fluttust í húsið, að vindur gnauðaði niður úr lofti og út um rafmagnsdósir og tengla á milliveggjum. Hitastillir reyndist ónothæfur af þessum sökum. Stefnendur kvörtuðu sannanlega ekki fyrr en með bréfi, dagsettu 28. apríl 1988, tæpum fjórum árum eftir, að þau fengu eignina afhenta.

Óskýrð er hins vegar orsök þess, að loftklæðning í stofu féll niður á árinu 1988. Þykir stefndi eiga að bera hallann af því. Verður stefndi dæmdur til að greiða stefnendum kostnað við að setja upp nýja loftklæðningu í stofu, og þykir sá kostnaður hæfilega ákveðinn 196.000 kr.

Steypuskemmdir eru verulegar í flestum veggjum utan húss. Er sprungunet alldreift um flesta veggi og stakar sprungur á stöku stað. Meðdómsmenn eru sammála matsmönnum um, að sterkar líkur séu til, að steypuskemmdir séu vegna alkalívirkni og frostáhrifa. Ekki hefur komið fram í málinu, að húsið hafi lekið.

Við nákvæma skoðun mátti sjá, að gert hafði verið við stakar sprungur í steypu. Viðgerð þessi er gömul og leynist þeim, er ekki hafa sérþekkingu á steypuskemmdum.

Leggja verður til grundvallar framburð stefnenda, sem er samhljóða framburði fasteignasalans, sem skoðaði húsið, að steypuskemmdir þær, er nú eru á húsinu, hafi ekki verið komnar fram við skoðun. Styðst það við álit hinna sérfróðu meðdómsmanna. Með tilliti til þess, að stefndi stóð að byggingu hússins og bjó í því alla tíð frá byggingu þess, þykja stefnendur eiga rétt á afslætti að tiltölu vegna þeirra ágalla, sem á útveggjum hússins eru, enda þykir ekki annað hafa komið fram í málinu en að stefnendur hafi keypt húsið fullu verði. Í þessu sambandi þykja stefnendur ekki hafa fyrirgert bótarétti sínum vegna tómlætis. Þykir afsláttur hæfilega ákveðinn 400.000 kr., og er þá haft í huga, að nauðsynlegt er að klæða húsið að utan, þar sem steypuskemmdir eru það miklar.

Dómurinn fellst á þá skoðun matsmanna, að nokkuð skorti á frágang þaks á austurhorni hússins og nauðsynlegt sé að koma þar fyrir súlu, eins og teikningar hússins gera ráð fyrir. Verða bætur, 36.000 kr., vegna þessa teknar til greina.

Gegn mótmælum stefnda þykir ósannað, að silfurskottur og drekar hafi verið í húsinu við sölu, og verða því kröfur stefnenda um greiðslur, 6.400 kr., vegna þess ekki teknar til greina. Með tilliti til aldurs hússins ber að sýkna stefnda af kröfu stefnenda um greiðslu 35.000 kr. vegna tveggja rúðna, sem móða var sest á.

Stefnendur gera kröfu um 400.000 kr. vegna óþæginda, röskunar á stöðu

og högum auk miska skv. 264. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940. Skilyrði bóta samkvæmt þessu ákvæði hegningarlaga er, að sá, sem sekur hefur gerst um meingerð, hafi drýgt hana af illfýsi. Þessi skilyrði 264. gr. þykja ekki eiga við í þessu máli, og verður því miskabótakrafa stefnenda ekki tekin til greina. Kröfur stefnenda um 65.000 kr. vegna málningar á veggjum og 100.000 kr. vegna afnotamissis af húsnæðinu verða ekki teknar til greina.

Samkvæmt framansögðu verður niðurstaða málsins sú, að stefndi verður dæmdur til að greiða stefnendum samtals 632.000 kr. (196.000 + 36.000 + 400.000) með dráttarvöxtum samkvæmt 10. gr. l. nr. 25/1987, sbr. l. nr. 9/1989, frá 24. október 1988, sbr. 15. gr. l. nr. 25/1987, til greiðsludags. Stefnendum er heimilt að leggja dráttarvexti við höfuðstól skuldarinnar á 12 mánaða fresti, í fyrsta sinn 24. október 1989.

Eftir þessum úrslitum málsins ber að dæma stefnda til að greiða málskostnað, sem telst hæfilega ákveðinn 100.000 kr., auk 12.000 kr. í söluskatt. Hefur þá verið tekið tillit til matskostnaðar, en aðeins var unnt að styðjast við matsgerð að litlu leyti við úrlausn málsins. Samkvæmt 175. gr. l. nr. 85/1936, sbr. 21. gr. l. nr. 54/1988, ber að taka kröfu stefnenda um dráttarvexti á málskostnað til greina. Skulu dráttarvextir reiknast frá 15. degi eftir dómsuppsögu og til greiðsludags.

Dóm þennan kváðu upp Gunnar Aðalsteinsson héraðsdómari og meðdómsmennirnir Björn Marteinsson verkfræðingur og Sveinn Karlsson byggingatæknifræðingur.

Dómsorð:

Stefndi, Magnús Guðmundsson, Boðahlein 26, Garðakaupstað, greiði stefnendum, Kristjönu Einarsdóttur og Helga J. Fortescue, Reynilundi 2, Garðakaupstað, 636.000 kr. ásamt dráttarvöxtum skv. 10. gr. laga nr. 25/1987, sbr. lög nr. 9/1989, frá 24. október 1988 til greiðsludags.

Höfuðstólsfæra skal vexti á 12 mánaða fresti, í fyrsta sinn 24. október 1989.

Stefndi greiði stefnendum 100.000 kr. í málskostnað auk 12.000 kr. í söluskatt, og ber málskostnaðurinn dráttarvexti samkvæmt 10. gr. laga nr. 25/1987 frá 15. degi eftir dómsuppsögu og til greiðsludags.

Föstudaginn 7. febrúar 1992.

Nr. 225/1990. **Friðrik Kjarrval**
(Björgvin Þorsteinsson hrl.)
gegn
hreppsnefnd Skarðshrepps
(Skúli Pálsson hrl.).

Stefnubirting. Varnarþing. 45. gr. hæstaréttarlaga. Sératkvæði.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Þór Vilhjálmsson, Garðar Gíslason og Hjörtur Torfason.

Áfrýjandi skaut máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 6. júní 1990 að fengnu áfrýjunarleyfi 10. maí sama ár. Hann krefst þess, að hinn áfrýjaði dómur verði ómerktur og málinu vísað frá héraðsdómi. Til vara krefst hann sýknu af kröfum stefnda og til þrautavara lækkunar þeirra. Þá krefst hann málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst staðfestingar héraðsdóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Aðalkröfu sína byggir áfrýjandi á því, að sér hafi ekki verið löglega stefnt fyrir héraðsdóm. Lögheimili sitt hafi verið á Miðsandi í Hvalfjarðarstrandarhreppi í Mýra- og Borgarfjarðarsýslu. Hafi borið að stefna sér fyrir aukadómþing þar í sýslu og óheimilt að stefna sér fyrir aukadómþing Dalasýslu. Þá telur áfrýjandi, að héraðsstefnan hafi ekki verið birt á lögmæltan hátt, þar sem ekki verði séð af vottorði stefnuvotta, hvar á Miðsandi birt hafi verið og hvaða vikudag birt var. Þá sé ekki glöggt, hver hafi verið þar til að taka við stefnunni.

Af hálfu stefnda er því haldið fram, að stefna hafi mátt áfrýjanda fyrir aukadómþing Dalasýslu eftir 84. gr. laga nr. 85/1936 um meðferð einkamála í héraði. Þá komi það fram á vottorði stefnuvotta, að rétt hafi verið stefnt.

Áfrýjandi átti lögheimili á Miðsandi 15. ágúst 1989. Í vottorði stefnuvotta segir, að þar hafi stefnan verið birt kl. 15.10 þann dag. Neðan við þetta vottorð hefur Kristinn Björnsson ritað fyrrgreindan dag, að sér hafi verið birt stefnan og afhent afrit af henni. Var því

birt og vottað með þeim hætti, að fullnægjandi er samkvæmt 96. gr. og 92. gr. einkamálalaga.

Í máli þessu var áfrýjandi krafinn um greiðslu vegna kostnaðar við þvingunaraðgerð á grundvelli búfjárræktarlaga nr. 31/1973. Var þar um að ræða fullnustu vegna réttarbrots, og var því eftir 84. gr. einkamálalaga heimilt að reka málið í Dalasýslu.

Aðalkrafa áfrýjanda verður af þessum sökum ekki tekin til greina.

Í áfrýjunarstefnu er að finna áskilnað um nýjar kröfur og málsástæður, ef tilefni verður til, og er um það vitnað til 45. gr. laga nr. 75/1973 um Hæstarétt Íslands.

Áfrýjandi sótti ekki þing í héraði. Stefna var ekki birt honum sjálfum, og ekki er ljóst, hvort hann vissi um þingfestinguna í Dalasýslu. Mótmæli hans gegn kröfu hreppsnefndar Skarðshrepps eru þau aðallega, að aðgerðirnar í Akureyjum hafi verið ólöglegar. Þá telur áfrýjandi, að krafa um 36.000 krónur vegna leigu á báti sé of há. Áfrýjandi hefur enga aðilaskýrslu gefið og ekki lagt fram gögn til styrktar mótmælum sínum. Ekki er útilokað, að það ylli áfrýjanda réttarspjöllum, ef kröfur stefnda verða teknar til greina, og afsakanlegt kann að vera, að hann hafði ekki uppi kröfur í héraði. Teljast skilyrði 45. gr. hæstaréttarlaga því uppfyllt, og má hann koma að kröfum og málsástæðum hér fyrir dómi. Þær hefur hann ekki rökstutt með þeim hætti, að unnt sé að taka kröfur hans til greina.

Af framanskráðum orsökum ber að staðfesta héraðsdóm.

Rétt er, að áfrýjandi greiði stefnda málskostnað fyrir Hæstarétti, 50.000 krónur.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Áfrýjandi, Friðrik Kjarrval, greiði stefnda, hreppsnefnd Skarðshrepps, 50.000 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti.

Sératkvæði

Hjartar Torfasonar hæstaréttardómara.

Ég er sammála öðrum dómendum um lögmæti stefnubirtingar í máli þessu og þingfestingar þess á aukadómþingi Dalasýslu. Á hinn

bóginn er á það að líta, að málið er höfðað vegna afdrifaríkrar þvingunaraðgerðar, sem hin stefnda sveitarstjórn lét framkvæma á grundvelli reglna í X. kafla búfjárræktarlaga nr. 31/1973 um fóðrun og hirðingu búfjár. Mælt er um það skýrum stöfum í 55. gr. laganna, hvernig standa skuli að slíkum aðgerðum, og mörkuð sú stefna, að aflífun búfjár vegna vanfóðrunar eða vanhirðu skuli einungis beitt í neyð, þegar ekki sé annars úrkosta.

Í stefnu í héraði segir um aðgerðina, að dýralæknir og lögreglumenn hafi framkvæmt hana fyrir tilhlutan sýslumanns Dalasýslu eftir ítrekaðar viðvaranir forðagæslumanns, hreppsnefndar og sýslumanns. Ætla verður, að til séu um málið skýrslur eða bókanir hjá öllum þessum yfirvöldum, auk þess sem finna megi einhver skjalleg merki um viðvaranir þeirra til áfrýjanda. Þess sér þó engan stað í skjölum málsins, þar sem stefndi lagði ekki annað fram við þingfestingu þess til sönnunar kröfu sinni en yfirlitsreikning sinn um hinn umdeilda kostnað. Var sá málatilbúnaður með öllu óviðunandi, og átti héraðsdómari ekki að leggja dóm á málið, eins og það lá fyrir. Áfrýjandi lagði ekki fram skýrslur eða gögn um efni málsins, þegar hann kom mótmælum sínum á framfæri hér fyrir dómi, en honum er ekki ætlandi að bæta úr vanreifun málsins að þessu leyti. Er það því niðurstaða mín, að fella beri hinn áfrýjaða dóm úr gildi og vísa máli þessu frá héraðsdómi.

Dómur aukadómþings Dalasýslu 29. september 1989.

Mál þetta, sem dómtekið var 25. september sl., er höfðað fyrir aukadómþinginu með stefnu, birtri 15. september sl., af hreppsnefnd Skarðshrepps, kt. 580269-4869, Dalasýslu, gegn Friðriki Kjarrval, kt. 050734-2779, með lögheimili að Miðsandi, Hvalfjarðarstrandarhreppi, Borgarfjarðarsýslu.

Dómkröfur.

Dómkröfur stefnanda eru þær, að stefndi verði dæmdur til að greiða 57.019 kr. auk [nánar tilgreindra vaxta svo og málskostnað].

Málsatvik og málsástæður.

Stefnandi kveður málavexti vera þá, að stefndi hafi verið með sauðfé í Akureyjum á Skarðsströnd. Sauðfé þetta hafi gengið þar sjálfala og fjölgað sér ótakmarkað. Ekki hafi verið næg beit fyrir fé þetta, og þrátt fyrir ítrekaðar viðvaranir forðagæslumanns, hreppsnefndar og sýslumanns hafi eigi

verið bætt úr, og hafi því fé verið vanfóðrað og illa til reika. Stefnandi kveður og, að fyrir tilhlutan sýslumanns Dalasýslu hafi dýralæknir ásamt lögreglu og aðstoðarmönnum verið sendur til að aflífa fé, og hafi fé síðan verið grafið 8. mars 1988. Stefnandi kveður, að af þessum aðgerðum hafi hlotist kostnaður, er stefnandi hafi orðið að greiða, og sé stefndi nú endurkrafinn um þann kostnað.

Að því er varðar málsástæður og lagarök, kveðst stefnandi vísa til 10. kafla búfjárræktarlaga nr. 31/1973, einkum 55. gr. og 58. gr. Stefndi hefur hvorki sótt né látið sækja þing. Verður því eftir 118. gr. laga nr. 85/1936 að dæma málið eftir framlögðum skilríkjum, og þar sem þau eru í samræmi við dómkröfur stefnanda, verða þær teknar til greina að öllu leyti.

Málskostnaður ákveðst 25.000 kr.

Dóm þennan kvað upp Georg Kr. Lárusson, settur sýslumaður.

Dómsorð:

Stefndi, Friðrik Kjarrval, greiði stefnanda, hreppsnefnd Fellsstrandarhrepps (sic), 57.019 kr. auk 45,60% ársvaxta frá 8. mars 1988 til 1. maí 1988, með 44,40% ársvöxtum frá þeim degi til 1. júlí 1988, með 52,80% ársvöxtum frá þeim degi til 1. ágúst 1988, með 56,40% ársvöxtum frá þeim degi til 1. september 1988, með 49,20% ársvöxtum frá þeim degi til 1. október 1988, með 33,60% ársvöxtum frá þeim degi til 1. nóvember 1988, með 27,60% ársvöxtum frá þeim degi til 1. desember 1988, með 24% ársvöxtum frá þeim degi til 1. janúar 1989, með 21,60% ársvöxtum frá þeim degi til 1. mars 1989, með 24% ársvöxtum frá þeim degi til 1. apríl 1989, með 33,60% ársvöxtum frá þeim degi til 1. maí 1989, með 38,40% ársvöxtum frá þeim degi til 1. júní 1989, með 42% ársvöxtum frá þeim degi til 1. júlí 1989 og með 45,60% ársvöxtum frá þeim degi til 25. september 1989, en þá með dráttarvöxtum, eins og ákveðnir eru af Seðlabanka Íslands á hverjum tíma, til greiðsludags. Krafa stefnanda um höfuðstólsfærslu vaxta á 12 mánaða fresti er tekin til greina. Stefndi greiði stefnanda 25.000 kr. í málskostnað, og er þar með talinn söluskattur. Dómur þessi er aðfararhæfur að liðnum 15 dögum frá birtingu hans.

Föstudaginn 7. febrúar 1992.

Nr. 391/1990. **Þrotabú Dreifingar hf.**
(Sigurður Georgsson hrl.)
gegn
Árna Svavarssyni
(Sigurður G. Guðjónsson hrl.).

Frávísun frá héraðsdómi. Stefnubirting. Hlutafélög.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Þór Vilhjálmsson, Garðar Gíslason og Hrafn Bragason.

Áfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 26. október 1990 að fengnu áfrýjunarleyfi 22. sama mánaðar. Þrotabúið gerir þær dómkröfur, að málinu verði vísað frá héraðsdómi og að hin áfrýjaða fjárnámsgerð verði felld úr gildi. Þá krefst það málskostnaðar fyrir Hæstarétti úr hendi stefnda. Bú Dreifingar hf. var tekið til gjaldþrotaskipta 20. nóvember 1991.

Stefndi gerir þær dómkröfur, að hinn áfrýjaði dómur og eftirfarandi fjárnámsgerð verði staðfest og áfrýjanda gert að greiða stefnda málskostnað fyrir Hæstarétti.

Ekki var sótt þing í héraði í máli þessu af hálfu Dreifingar hf.

Þrotabúið byggir kröfu sína um frávísun málsins frá héraðsdómi á því, að stefna hafi ekki verið löglega birt. Stefnan var birt fyrir Jóni Hjaltasyni, meðstjórnanda í hlutafélaginu, á heimili hans 1. júní 1990.

Dreifing hf. er skrásett hlutafélag. Lagt hefur verið fram í Hæstarétti vottorð Hlutafélagaskrár frá 29. apríl 1991 þess efnis, að stjórnarformaður frá 8. september 1989 sé Haukur Hjaltason til heimilis að Reykjahlíð 12 í Reykjavík. Fram er komið, að heimilisfang félagsins var að Skipholti 29 í Reykjavík.

Í 4. og 5. mgr. 95. gr. laga nr. 85/1936 um meðferð einkamála í héraði segir:

„Ef birta á stefnu eða aðra tilkynningu skrásettu ... félagi, þá telst rétt birt á hinu skrásetta heimili ...“

„Ef birta þarf félagi annars ... má birting fara fram [á] ... vinnustofu formanns stjórnar þess ...“

Stefnan í málinu var því ekki réttilega birt, sbr. Hæstaréttardóma 1988, 254 og 1990, 404. Ber því að ómerkja hinn áfrýjaða dóm og málsmeðferð í héraði svo og fjárnámsgerðina og vísa máli þessu frá héraðsdómi.

Rétt þykir, að málskostnaður fyrir Hæstarétti falli niður.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur og málsmeðferð eiga að vera ómerk, og er máli þessu vísað frá héraðsdómi.

Hin áfrýjaða fjárnámsgerð er úr gildi felld.

Málskostnaður fyrir Hæstarétti fellur niður.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 3. júlí 1990.

Mál þetta, sem dómtekið var 28. júní 1990, er höfðað fyrir bæjarþinginu með áskorunarstefnu, birtri 1. júní 1990, af Árna Svavarssyni, kt. 110553-5289, Álfheimum 13, Reykjavík, á hendur Dreifingu hf., kt. 490287-1599, Skipholti 29, Reykjavík, en f.h. hlutafélagsins stefnist stjórnarformanni þess, Jóni Hjartarsyni, kt. 020544-2889, Melabraut 59, Seltjarnarnesi.

Mál þetta var upphaflega höfðað sem áskorunarmál og það þingfest á reglulegu bæjarþingi 14. júní 1990. Á reglulegu bæjarþingi 28. júní 1990 var málið endurupptekið og því vikið til venjulegrar meðferðar, þar sem málið á ekki undir áskorunarmeðferðina. Var málið dómtekið sama dag.

Stefnandi krefst þess, að stefndu verði gert að greiða sér 51.358 kr. ásamt dráttarvöxtum skv. III. kafla laga nr. 25/1987 af 23.655 kr. frá 16. febrúar 1990 til 23. febrúar 1990, en þá af 51.358 kr. til greiðsludags auk málskostnaðar skv. gjaldskrá LMFÍ. Þess er krafist, að dráttarvextir leggist við höfuðstól á 12 mánaða fresti, í fyrsta sinn ári eftir gjalddaga. Þá er þess krafist, að dæmdur málskostnaður beri hæstu lögleyfðu dráttarvexti frá 15. degi eftir dómsuppsögu til greiðsludags, sbr. 175. gr. laga nr. 85/1936, sbr. 21. gr. laga nr. 54/1988, og þess jafnframt krafist, að áfallnir dráttarvextir af málskostnaði leggist við höfuðstólinn á 12 mánaða fresti, sbr. 12. gr. laga nr. 25/1987.

Varðandi málavexti og málsástæður kveður stefnandi skuld þessa vera skv. tveimur reikningum, dags. 16. febrúar 1990 og 23. febrúar 1990, samtals að fjárhæð 51.358 kr., sem til séu komnir vegna teppahreinsunar og límhreinsunar. Við útgáfu reikninganna, kveður stefnandi, að stefndi hafi fengið afhent eintak af hvorum, og hafi verið samið um, að reikningarnir greiddust innan 20 daga frá útgáfu þeirra. Stefnandi kveður, að þrátt

fyrir ítrekaðar innheimtutilraunir hafi krafan ekki verið greidd og málsókn þessi því óhjákvæmileg.

Varðandi lagarök kveður stefnandi mál þetta höfðað skv. 20. kafla laga nr. 25/1987, og til stuðnings framangreindum kröfum vísast til laga nr. 7/1936.

Stefndi hefur hvorki sótt né látið sækja þing, og er honum þó löglega stefnt. Verður þá eftir 118. gr. laga nr. 85/1936 að dæma málið eftir framlögðum skjölum og skilríkjum, og þar sem þau eru í samræmi við dómkröfur stefnanda, verða kröfur hans teknar til greina að öllu leyti.

Málskostnaður ákveðst 16.200 kr.

Dóminn kvað upp Páll Hreinsson, ftr. yfirborgardómara.

Dómsorð:

Stefndi, Dreifing hf., greiði stefnanda, Árna Svavarssyni, 51.358 kr. ásamt hæstu lögleyfðu dráttarvöxtum skv. 10. gr. laga nr. 25/1987 af 23.655 kr. frá 16. febrúar 1990 til 23. febrúar 1990, en þá af 51.358 kr. til greiðsludags auk 16.200 kr. í málskostnað. Þá ber stefnda að greiða stefnanda dráttarvexti af málskostnaði 15 dögum eftir dómsuppsögu til greiðsludags.

Þá leggist áfallnir dráttarvextir við höfuðstól á 12 mánaða fresti, í fyrsta sinn 12 mánuðum eftir upphafsdag vaxta. Þá leggist áfallnir dráttarvextir við höfuðstól málskostnaðar á 12 mánaða fresti, í fyrsta sinn 12 mánuðum eftir upphafsdag vaxta.

Dómi þessum ber að fullnægja innan 15 daga frá birtingu hans að viðlagðri aðför að lögum.

Föstudaginn 7. febrúar 1992.

Nr. 36/1992. **Snorri Ólafsson**

gegn

Gylfa Gunnarssyni.

Kærumál. Frávísunardómur staðfestur. Aðfinnslur.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Þór Vilhjálmsson, Garðar Gíslason og Hrafn Bragason.

Sóknaraðili skaut máli þessu til Hæstaréttar með kæru, sem barst bæjarfógetanum á Neskaupstað 13. janúar 1992. Kærður er frávísunardómur bæjarþings Neskaupstaðar 19. nóvember 1991. Kæruheimild er í b-lið 1. tl. 1. mgr. laga nr. 75/1973 um Hæstarétt Íslands.

Sóknaraðili krefst þess, að frávísunardómurinn verði felldur úr gildi og málinu vísað heim í hérað til meðferðar lögum samkvæmt. Þá krefst hann kærumálskostnaðar.

Af hálfu varnaraðila var ekki sótt þing í héraði, og hann hefur ekki sent Hæstarétti kröfur eða greinargerð.

Hinn kærði dómur var kveðinn upp að aðilum fjarstöddum. Sóknaraðila barst vitneskja um hann 6. janúar 1992. Telst kæran því nægjanlega snemma fram komin.

Með vísan til forsendna hins kærða dóms ber að staðfesta hann.

Átelja verður þann drátt, sem varð á uppkvaðningu héraðsdóms í málinu.

Kærumálskostnaður verður ekki dæmdur.

D ó m s o r ð:

Hinn kærði dómur á að vera óraskaður.

Dómur bæjarþings Neskaupstaðar 19. nóvember 1991.

Mál þetta, sem þingfest var og dómtekið 27. júní 1991, höfðaði stefnandi, Snorri Ólafsson, kt. 290844-4289, á hendur stefnda, Gylfa Gunnarssyni, kt. 270740-2789, með stefnu, út gefinni 13. júní 1991, og birti fyrir stefnda sjálfum 14. júní 1991.

Við þingfestingu málsins 27. júní 1991 sótti stefndi eigi þing, og var málið

þá dómtekið að kröfu stefnanda. Mál þetta er því dæmt sem útivistarmál eftir framlögðum gögnum.

Í stefnu kveðst stefnandi gera þær kröfur, „...að stefndi verði dæmdur til að greiða stefnanda skuld, að fjárhæð 4.534.301 kr., auk dráttarvaxta af stefnufjárhæðinni skv. 10. gr., sbr. 12. gr. vaxtalaga nr. 25/1987 með síðari breytingum, frá 23. ágúst 1990 til greiðsludags og að heimilt verði að leggja áfallna dráttarvexti við höfuðstól skuldar á 12 mánaða fresti, í fyrsta sinn 23. ágúst 1991, og reikna þannig áframhaldandi dráttarvexti af samanlagðri fjárhæð höfuðstóls skuldar og áfallinna (sic) til að greiða stefnanda málskostnað að skaðlausu skv. gjaldskrá LMFÍ að viðbættum 24,5% virðisaukaskatti, sbr. l. 50/1988, á málflutningsþóknun, og beri málskostnaðarfjárhæðin dráttarvexti skv. 10. gr., sbr. 12. gr. vaxtalaga nr. 25/1987, frá 15. degi eftir dómsuppsögu til greiðsludags".

Þá gerir stefnandi grein fyrir málavöxtum í stefnu „... með því að vísa til kaupa stefnda f.h. einkafirma hans, Mánalax, skv. samningi við Bakkalax hf., dags. 16. september 1987. Um er að ræða móttökukvittun Mánalax, dags. 16. sept. 1987, á 8.436 st. laxaseiða frá Bakkalaxi hf. af Isnó-stofni. Umsamið verð er 80 kr. pr. stk. Þessi seiði eru hluti af ca. 27-28.000 seiðamagni, sem Mánalax tekur síðar skv. samkomulagi. Af hálfu Bakkalax hf. var að öllu leyti staðið við skuldbindingar skv. umræddu samkomulagi. Til tryggingar greiðsluskuldbindingum sínum afhenti stefndi við kaupin Bakkalaxi hf. veðskuldabréf, útg. 10. október 1987 af stjórn Steypusölunnar hf., Neskaupstað, að fjárhæð upphaflega 2.000.000 kr., út gefið til handhafa. Lánstími var umsaminn skv. skuldabréfinu 15 mánuðir, og er lánið skv. lánskjaravísitölu. Vextir eru hæstu skuldabréfavextir Landsbanka Íslands á hverjum tíma frá 10.10.1987. Skuldabréfið er með veðtryggingu, þ.e.a.s. 12. veðrétti í C-götu 5, Neskaupstað. Stefnandi sem handhafi bréfsins framselur það til Landsbanka Íslands, Selfossi, 3.11.1987, en hann hafði þá fengið kröfur á hendur Mánalaxi framseldar frá Bakkalaxi hf. varðandi ofangreinda sölu á fiskseiðum. Þar sem umrætt skuldabréf fékkst eigi greitt þrátt fyrir ítrekuð tilmæli, varð stefnandi að leysa til sín skuldabréfið 23. ágúst 1990 með 4.534.301 kr., sem er stefnufjárhæðin".

Málsástæðum og lagarökum lýsir stefnandi svo í stefnu: „Kröfur stefnanda eru reistar á ofangreindum viðskiptum, en stefndi rak Mánalax sem einkafirma og ber því ótakmarkaða og persónulega ábyrgð á skuldum firmans. Mánalax er ekki skráður með sérstaka kennitölu í opinberum skrám. Stefnandi er handhafi ofangreinds veðskuldabréfs og hefur leyst það til sín, auk þess sem hann fékk kröfur Bakkalax hf. á hendur Mánalaxi framseldar. Umrætt veðskuldabréf var lagt fram sem trygging fyrir fullum skilum stefnda á umræddu kaupverði. Um er að ræða kröfur vegna vanskila stefnda á kaupverði ofangreindra laxaseiða frá 16. september 1987. Hin

veðsetta fasteign að C-götu 5, Neskaupstað, var seld á nauðungaruppboði 10. febrúar 1989, og var kaupandi Iðnlánasjóður og kaupverð 7,5 milljónir króna. Ekki fékkst upp í skuld skv. ofangreindu skuldabréfi, og Steypusalan hf. í Neskaupstað hefur um langan tíma ekki verið starfrækt. Tilraun stefnda með því að greiða umrædda skuld með ofangreindu veðskuldabréfi hefur ekki tekist og því umrætt kaupverð í vanskilum. Stefnandi þurfti að innleysa skuldabréfið í Landsbanka Íslands, Selfossi, 23. ágúst 1990 með 4.534.301 kr., sem er stefnufjárhæðin, og er dráttarvaxta krafist frá þeim tíma".

Umrætt samkomulag eða móttökukvittun frá 16. september 1987 hljóðar svo: „Í dag hefur Mánalax, Norðfirði, móttekið 8.436 st. laxaseiði frá Bakkalaxi af Isnó-stofni."

Seiðin eru afhent hjá Fiskeldisfélaginu Strönd hf., Hvalfjarðarströnd. Umsamið verð 80 kr. pr. stk. Þessi seiði eru hluti af ca. 27-28.000 seiða magni, sem Mánalax tekur síðar samkvæmt samkomulagi.

Afh. f. h. Bakkalax: Snorri Ólafsson (sign).

Mótt. f. h. Mánalax: Gylfi Gunnarsson (sign)."

Niðurstaða.

Mál þetta er dæmt sem útivistarmál, og liggur því ekkert fyrir um afstöðu stefnda til sakarefnis. Verður niðurstaða málsins þá eingöngu reist á þeim gögnum, er lögð voru fyrir dómara málsins.

Ekki verður séð, að nægilegt samband sé milli stefnukröfu og samkomulagsins frá 16. september 1987. Af stefnu má ráða, að stefnt sé vegna kaupa á 27-28.000 seiðum, og er stefnufjárhæðin í samræmi við það, en í áðurnefndu samkomulagi viðurkennir stefndi einungis móttöku á 8.436 seiðum. Engin gögn voru lögð fyrir dómara, er sýna afhendingu á þeim 27-28.000 seiðum, sem nefnd eru í samkomulaginu.

Í samkomulaginu frá 16. september 1987 kemur ekki fram, með hvaða hætti seiðin skyldu greidd, einungis er nefnt verð hvers seiðis. Í málinu liggur frammi skuldabréf, út gefið af Steypustöðinni hf. til handhafa 10. október 1987, að höfuðstól 2.000.000 kr. Af stefnu virðist mega ráða, að skuldabréfið sé til greiðslu á 27-28.000 seiðum. Gögn málsins bera það ekki með sér, að bréfið hafi verið notað í viðskiptum vegna seiðakaupanna, og ekki er bréfið áritað um framsal til stefnanda frá stefnda.

Vegna þessara atriða þykir krafa stefnanda ekki samrýmast framkomnum gögnum, og eru því þeir gallar á málatilbúnaði stefnanda, að máli hans verður að vísa frá dómi, sbr. I. málslið 2. mgr. 118. gr. laga nr. 85/1936, sbr. og d-lið 1. mgr. 88. gr. s. l.

Málskostnaður dæmist eigi.

Dóm þennan kvað upp Ólafur K. Ólafsson, bæjarfógeti í Neskaupstað.

D ó m s o r ð:

Máli þessu er vísað frá dómi.

Föstudaginn 7. febrúar 1992.

Nr. 37/1992. **Vélsmiðja Tálknafjarðar hf.**
gegn
Sigurði Pálmasyni.

Kærumál. Frávísunardómur staðfestur.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Þór Vilhjálmsson, Garðar Gíslason og Hjörtur Torfason.

Sóknaraðili skaut máli þessu til Hæstaréttar með kæru, sem barst sýslumanninum í Barðastrandarsýslu 2. janúar 1992. Kærður er frávísunardómur aukadómþings Barðastrandarsýslu 17. desember 1991. Kæruheimild er í b-lið 1. tl. 1. mgr. laga nr. 75/1973 um Hæstarétt Íslands.

Sóknaraðili krefst þess, að frávísunardóminum verði hrundið og lagt verði fyrir héraðsdómarann að leggja efnisdóm á málið. Þá krefst sóknaraðili kærumálskostnaðar.

Varnaraðili krefst þess, að frávísunardómurinn verði staðfestur og sóknaraðila gert að greiða málskostnað.

Málsaðilar voru ekki viðstaddir dómsuppsögu í héraði, og lögmaður sóknaraðila fékk ekki vitneskju um úrslit málsins fyrr en 27. desember 1991. Telst kæran því nægjanlega snemma fram komin.

Héraðsdómari synjaði sóknaraðila um heimild til að leggja fram skjöl í málinu, þegar þing var háð 3. desember sl. Skjöl þessi tengdust ekki nýjum kröfum eða málsástæðum, og hefði því verið rétt að taka við þeim. Eins og málið er nú komið, verða dómaranum þó ekki hér í dómi gefin fyrirmæli þar að lútandi. Hefur héraðsdómari kveðið upp frávísunardóm með heimild í 116. gr. laga nr. 85/1936 um meðferð einkamála í héraði, enda telur hann vandkvæði á að dæma málið eftir þeim gögnum, sem fyrir liggja. Er ekki rétt, eins og á stendur, að hagga við þessari niðurstöðu.

Eftir atvikum er rétt, að kærumálskostnaður falli niður.

Dómsorð:

Hinn kærði dómur á að vera óraskaður.

Kærumálskostnaður fellur niður.

Dómur aukadómþings Barðastrandarsýslu 17. desember 1991.

Mál þetta, sem var tekið til dóms eða úrskurðar 3. desember sl., er höfðað með stefnu, áritaðri um birtingu 30. apríl 1991.

Stefnandi er Vélsmiðja Tálknafjarðar, Tálknafirði, kt. 690269-3689. Stefndi er Sigurður Pálmason, Maríubaka 28, Reykjavík, kt. 240348-4979.

Dómkröfur stefnanda eru, að stefndi greiði honum 302.604,70 kr. auk 23% ársvaxta af 95.389 kr. frá 27.7. 1990 til 30.9. 1990, af 387.354 kr. frá þeim degi til 1.10.1990, 21% ársvaxta frá þeim degi til 30.10. 1990, af 302.604,70 kr. frá þeim degi til 1.3. 1991, 23% ársvaxta frá þeim degi til birtingardags stefnu, en með dráttarvöxtum skv. 10. gr. l. nr. 25/1987 frá þeim degi til greiðsludags auk málskostnaðar skv. gjaldskrá LMFÍ og að málskostnaðarfjárhæðin beri dráttarvexti skv. III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987 frá 15. degi eftir dómsuppsögu til greiðsludags. Krafist er málskostnaðar vegna flutnings um formhlið málsins á sama hátt.

Stefndi gerði upphaflega þær dómkröfur aðallega, að málinu yrði vísað frá dómi, og til vara, að stefndi yrði sýknaður af öllum kröfum stefnanda. Frávísunarkrafa stefnda byggðist upphaflega á mistökum við stefnubirtingu, en síðar var fallið frá því, en með bókun í flutningi málsins um formhlið þess 3. desember mótmælti stefndi framlagningu skjala stefnanda sem of seint fram kominna og krafðist frávísunar vegna vanreifunar. Stefndi krefst málskostnaðar skv. gjaldskrá LMFÍ og að málskostnaðarfjárhæðin beri dráttarvexti skv. III. kafla l. nr. 25/1987 frá 15. degi eftir dómsuppsögu til greiðsludags. Krafist er málskostnaðar vegna flutnings um formhlið málsins á sama hátt.

Stefnandi segir málavexti þá, að hann hafi unnið við að skoða og skipta um drif í mb. Kló, RE-147, sem er í eigu stefnda. Við þingfestingu lagði stefnandi fram tvo reikninga, sem eru svohljóðandi:

Sigurður Pálmason v/Kló.

1990 júní. An: samkv. verkb. nr. 53	vinna	47.908
	vélav.	3.740
	efni	79.359
	kr.	131.007
	vsk.	15.618
	kr.	115.389

Nr. 682.

1990 ágúst. An: samkv. verkb. nr. 181	vinna	17.055
	vélav.	3.410
	flutningsk.	5.000
	efni	331.798

kr.	357.263
vsk. af efni	65.298
samtals kr.	291.965

Nr. 964.

Stefnandi segir, að 27.7. 1990 hafi stefndi borgað 20.000 kr. inn á fyrri reikninginn, og eftirstöðvar hans hafi þá numið 95.389 kr. Og 30.10. 1990 hafi stefndi greitt 95.389 kr., og þá hafi áfallnir dráttarvextir vegna eftirstöðva fyrri reiknings verið 10.639.70 kr. Eftirstöðvar, 302.604,70 kr., sem séu stefnukröfur þessa máls, hafi ekki fengist greiddar þrátt fyrir ítrekaðar innheimtutilraunir.

Stefndi segir málavöxtu þá, að stefndi hafi fest kaup á drifi í fiskibát sinn, Kló, RE-147, af gerðinni Sóma 800, árg. 1987, hinn 10.10. 1989. Hinn 31.8. 1990 hafi drifið bilað og var dæmt ónýtt af stefnanda málsins, umboðsaðila Brimborgar. Á ábyrgðartíma drifsins hafi það verið skoðað með reglubundnum hætti hjá umboðsaðila Brimborgar hf., stefnanda, sem jafnframt hafi skipt um olíu á því. Stefndi hafi aldrei litið svo á, að stefnandi væri að vinna í sína þágu, heldur sem umboðsaðili Brimborgar hf., enda hafi stefnandi sjálfur náð í nýtt drif til Reykjavíkur, þegar hann hafi úrskurðað það (sic) ónýtt.

Við flutning um formhlið máls 3. desember 1991 óskaði stefnandi eftir því að fá að leggja fram skjöl í málinu.

Þessari framlagningu mótmælti stefndi með framlagningu bókunar. Stefndi vísar til 88., sbr. og 105. gr. l. 85/1936, og tekur fram, að ekki séu fyrirvarar í greinargerð stefnanda um frekari framlagningu gagna eða málsútlistanir. Því hefði málatilbúnaður stefnanda ekki gefið neina ástæðu til ýtarlegri efnisfjöllunar í greinargerð stefnda en þar sé fram færð. Framlagning þessara gagna myndi í verulegum atriðum raska málinu. Þar sem stefndi hafi ekki haft tök á að fjalla um gögn þessi í greinargerð sinni eða koma mótmælum þar að, sé framlagningu þessara skjala mótmælt.

Stefnandi vísar þessum rökum á bug og segir alvanalegt, að framlagning skjala sé með þessum hætti. Hann mótmælir því, að framlagning þessara skjala raski málinu. Hér sé einungis um nánari útlistanir að ræða á því, sem áður hefur komið fram í framlögðum reikningum.

Var þá þegar kveðinn upp svohljóðandi úrskurður:

Þar sem hvorki í stefnu, dagsettri 27. mars 1991, né í greinargerð stefnanda, dagsettri 17. maí 1991, er minnst á önnur gögn, er enn þurfi að afla, eða aðra fyrirvara, þykir rétt, sbr. 105. gr. laga nr. 85/1936, að hafna umræddum skjölum stefnanda sem of seint fram komnum.

Úrskurður:

Lögmanni stefnanda er synjað um frekari framlagningu skjala.

Var þá málið tekið til flutnings um frávísunarkröfu stefnda.

Stefndi telur, að hér sé um frávísun ex officio að ræða, því að málið sé stórlega vanreifað, og krefst því frávísunar. Vísað er til 88. gr., 105. gr., 110. gr., 1. og 2. mgr., og 108. gr. laga nr. 85/1936 til stuðnings kröfu þessari. Í 105. gr. segi, að í greinargerð skuli geta málsástæðna og lagaraka, en það sé ekki gert í máli þessu af hálfu stefnanda. Málatilbúnaður stefnanda sé í ósamræmi við 88. gr. einkamálalaga. Krafa stefnanda sé reist á reikningum, sem séu ósundurliðaðir, ódagsettir og ekki studdir undirgögnum. Engin rök sé því að finna fyrir reikningum þessum og málið því ekki nægjanlega upplýst. Máli sínu til stuðnings vísar stefndi í Hrd. 1964,122, 1988, 1207 og 1319, og 1989, 8. Reikningar þessir segi ekki hálfa söguna. Í stefnu sé ruglað saman stefnda og Brimborg, tveimur ólíkum aðilum. Reikningar séu ódagsettir, en slíkt hljóti að vera ófullnægjandi, þar sem dagsetningar hljóti að vera grundvöllur vaxtaútreiknings. Lagarök stefnanda séu ómarkviss, þar sem aðeins sé vísað til kaupalaga í heild, þar sem stefnanda hafi verið nær að vísa í tilteknar greinar. Þegar allt þetta sé virt, hljóti menn að sjá, að málið sé svo vanreifað, að það sé ekki tækt til dóms.

Stefnandi mótmælir því, að málið sé vanreifað. Skýrt komi fram í stefnu, hvers sé krafist. Stuðst sé við reikninga, rakið, í hverju starf stefnanda var fólgið, svo að ljóst sé, á hverju málatilbúnaður er reistur. Engar aðfinnslur hafi verið gerðar um þetta atriði í greinargerð stefnda, þó að honum hafi verið það í lófa lagið. Því telur stefnandi, að krafa um frávísun á þessum grundvelli sé of seint fram komin. Reikningar þeir, sem fram eru lagðir, séu sundurliðaðir í vinnu, vélavinnu, efni og skatt. Gagnrýni stefnda á tilvísanir til laga sé marklaus, þar sem tilvísun til kaupalaga í heild sé nægileg, enda eigi þau við í heild, en ekki endilega eitthvert sérstakt ákvæði. Grundvöllur kröfu sé reikningar, vinnuseðlar séu aldrei lagðir fram, er menn eru rukkaðir. Ekkert sé fram komið, sem segi, að reikningum sé eitthvað áfátt. Dagsetningar eins og ágúst, júní séu fyllilega nægilegar. Báðir reikningar beri með sér, í hverju mál sé fólgið, og því sé það ekki vanreifað. Varðandi fylgigögn, sem ekki komust að í máli þessu, hafi lögmanni stefnda verið send þau 11. nóvember á faxi, svo að honum hefði verið auðvelt að taka afstöðu til þess, sem þar kom fram.

Niðurstaða.

Þegar litið er til þess, að stefnandi leggur aðeins fram til stuðnings kröfu sinni ljósrit tveggja reikninga, sem eru ódagsettir í júní og ágúst 1990, vegna vinnu við skoðun og skipti á drifi, án þess að frekar komi fram, hvað býr þar að baki, og án þess að gera fyrirvara um framlagningu frekari skjala og með vísan til 105. gr. laga 85/1936 þykir mega fallast á það með stefnda,

að málið sé ekki nægilega upplýst af hálfu stefnanda, til þess að það sé tækt til dóms.

Stefndi hefur krafist málskostnaðar vegna flutnings málsins um formhlið, og þykir hann hæfilega ákveðinn 46.906 kr.

Sölvi Sölvason, fulltrúi sýslumannsins í Barðastrandarsýslu, kvað upp dóm þennan.

Dómsorð:

Máli þessu er vísað frá dómi.

Stefnandi, Vélsmiðja Tálknafjarðar, Tálknafirði, kt. 690269-3689, greiði stefnda, Sigurði Pálmasyni, Maríubakka 28, Reykjavík, kt. 240348-4979, 46.906 kr. í málskostnað.

Föstudaginn 7. febrúar 1992.

Nr. 355/1991. **Ákæruvaldið**
(Björn Helgason saksóknari)
gegn
Ívari Árnasyni
(Örn Clausen hrl.).

Fjársvik. Tékkar. Skilorð.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Haraldur Henrysson og Hjörtur Torfason og Auður Þorbergsdóttir borgardómari.

Ríkissaksóknari hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 15. ágúst 1991 að ósk ákærða og einnig af hálfu ákæruvaldsins til þyngingar á refsingu.

Með skírskotun til forsendna hins áfrýjaða dóms ber að staðfesta hann, að því er varðar sakfellingu og heimfærslu til refsiákvæða. Refsing ákærða þykir og hæfilega ákveðin í dóminum, fangelsi 60 daga.

Upplýst er hér fyrir dómi, að ákærði búi við skerta heilsu og örorku af þeim sökum og eigi erfitt uppdráttar að ýmsu leyti. Með hliðsjón af því og öðrum atvikum þykir mega skilorðsbinda refsingu hans, eins og nánar segir í dómsorði.

Ákvæði hins áfrýjaða dóms um sakarkostnað eiga að vera óröskuð.

Ákærði greiði áfrýjunarkostnað sakarinnar, eins og í dómsorði greinir.

Dómsorð:

Ákærði, Ívar Árnason, sæti fangelsi 60 daga, en fullnustu refsingarinnar skal frestað, og fellur hún niður að liðnum þremur árum frá uppsögu dóms þessa, haldi ákærði almennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, sbr. 4. gr. laga nr. 22/1955.

Ákvæði hins áfrýjaða dóms um sakarkostnað eiga að vera óröskuð.

Ákærði greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, 30.000 krónur, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Arnar Clausen hæstaréttarlögmanns, 30.000 krónur.

Dómur sakadóms Reykjavíkur 13. ágúst 1991.

Ár 1991, þriðjudaginn 13. ágúst, er á dómþingi sakadóms Reykjavíkur, sem haldið er í Borgartúni 7 af Pétri Guðgeirssyni sakadómara, kveðinn upp dómur í sakadómsmálinu nr. 391/1991: Ákæruvaldið gegn Ívari Árnasyni, sem dómtekið var sama dag.

Málið er höfðað með ákæruskjali ríkissaksóknara, dagsettu 7. júní 1991, á hendur ákærða, Ívari Árnasyni, Grjótagötu 14 B, Reykjavík, kt. 270354-289, „fyrir tékkasvik með því að hafa í febrúar og mars 1990 gefið út til handhafa eftirtalda 19 tékka á reikning sinn nr. 68769 í Landsbanka Íslands, aðalbanka, án þess að innstæða væri fyrir þeim á reikningnum, og notað tékkana í viðskiptum með eftirgreindum hætti í Reykjavík:

1. Nr. 2033978, 4.000 kr., dagsettur 16. mars. Notaður í staðgreiðsluviðskiptum, og ber tékkinn framsal Birgis Eyþórssonar og ÁTVR, Lindargötu 46.

2. Nr. 2033979, 1.000 kr., dagsettur 17. mars. Notaður í staðgreiðsluviðskiptum, með framsali Georgs Sigurðssonar.

3. Nr. 2033980, 1.000 kr., dagsettur sama dag. Notaður í staðgreiðsluviðskiptum, með framsali Björns Ólafssonar og stimpli Brauðbitans, Laugavegi 45.

4. Nr. 2033981, 2.000 kr., dagsettur 18. mars. Greiddar veitingar í Duushúsi, Aðalstræti 4 B.

5. Nr. 2033982, 2.000 kr., dags. sama dag. Sama notkun.

6. Nr. 2033983, 1.000 kr., dagsettur 19. mars. Greiddar veitingar í Nýja kökuhúsinu.

7. Nr. 2033988, 2.000 kr., dagsettur 25. mars. Greiddar veitingar í Í leiðinni, Hafnarstræti 20.

8. Nr. 2033989, 2.000 kr., dagsettur 24. mars. Greiddar vörur í Sköluturninum Vesturgötu 27.

9. Nr. 2034015, 1.000 kr., dagsettur 13. febrúar. Greiddar veitingar í Tunglinu, Lækjargötu 2.

10. Nr. 2034016, 1.000 kr., dags. sama dag. Sama og 4. tl.

11. Nr. 2034017, 1.000 kr., dagsettur 15. febrúar. Notaður í Söluturninum Vesturgötu 27.

12. Nr. 2034018, 1.000 kr., dagsettur 15. febrúar. Notaður í staðgreiðsluviðskiptum, með framsalsstimpli Haukaness hf.

13. Nr. 2034019, 2.000 kr., dagsettur 16. febrúar. Notaður í versluninni Austurstræti 17.

14. Nr. 2034020, 1.000 kr., dagsettur 18. febrúar. Greiddar veitingar á Hótel Borg.

15. Nr. 2034021, 1.000 kr., dagsettur 19. febrúar. Greiddar veitingar í Snæðingi, Tryggvagötu 14.

16. Nr. 2034022, 1.000 kr., dagsettur sama dag. Greiddar veitingar í Kabarett, Austurstræti 4.

17. Nr. 2034023, 2.000 kr., dagsettur 14. febrúar. Greiddar vörur í verslun Miklagarðs sf., Holtagörðum.

18. Nr. 2034024, 8.000 kr., dags. sama dag. Sama og 17. tl.

19. Nr. 2034025, 4.500 kr., dags. sama dag. Sama og 17. tl.

Telst þetta varða við 248. gr. almennra hegningarlaga nr. 19, 1940.

Þess er krafist, að ákærði verði dæmdur til refsingar og til greiðslu alls sakarkostnaðar".

Málavextir.

Ákærði hefur viðurkennt að hafa gefið út þá tékka, sem í ákæru greinir, án þess að innstæða væri á reikningi hans, og notað tékkana í staðgreiðsluviðskiptum. Er tékkunum og notkun þeirra rétt lýst í ákæru. Hefur ákærði með þessu orðið sekur um brot gegn 248. gr. almennra hegningarlaga.

Viðurlög.

Ákærði hlaut árið 1972 skilorðsbundna frestun ákæru fyrir skjalafals, og 18. janúar 1988 var hann dæmdur í sex mánaða fangelsi fyrir skjalafals og þjófnað.

Refsing ákærða þykir hæfilega ákveðin fangelsi í 60 daga.

Dæma ber ákærða til þess að greiða allan sakarkostnað.

Dómsorð:

Ákærði, Ívar Árnason, sæti fangelsi 60 daga.

Ákærði greiði allan sakarkostnað.

Þriðjudaginn 11. febrúar 1992.

Nr. 305/1991. **Ákæruvaldið**
(Björn Helgason saksóknari)
gegn
Öldu Sólrúnu Guðmundsdóttur
(Guðjón Styrkársson hrl.).

Brenna. Vátryggingarsvik.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Guðrún Erlendsdóttir, Gunnar M. Guðmundsson, Haraldur Henrysson, Hrafn Bragason og Pétur Kr. Hafstein.

Ríkissaksóknari skaut máli þessu til Hæstaréttar með áfrýjunarstefnu 4. júlí 1991 til sakfellingar samkvæmt ákæru og refsiákvörðunar. Þá er þess krafist, að ákærða verði dæmd til greiðslu skaðabóta og alls sakarkostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti.

Á það verður að fallast með héraðsdómara, að játning ákærðu fyrir lögreglu 4. desember 1990 verði ekki lögð til grundvallar í málinu. Ákærða hefur að vísu ekki gefið viðhlítandi skýringar á því, hvers vegna hún dró játningu sína til baka degi síðar, en hún var ekki leidd fyrir dómara, þegar framangreind játning lá fyrir. Hins vegar er á það að líta, að sá lögreglumaður, sem yfirheyrði ákærðu umrætt sinn, hefur borið fyrir dómi, að framburður hennar hafi ekki verið trúverðugur, er á yfirheyrsluna leið. Sjálf hefur ákærða fyrir dómi haldið fast við fyrri og síðari framburð sinn hjá lögreglu um sakleysi sitt. Þá hefur ákærða jafnan borið, bæði hjá lögreglu og fyrir dómi, að hún hafi ekki talið, að sú vátrygging, sem hún og eiginmaður hennar keyptu hjá Vátryggingafélagi Íslands hf. tveimur dögum fyrir brunann, hefði þá öðlast gildi, þar sem iðgjald hafði ekki verið greitt.

Eins og greinir í hinum áfrýjaða dómi, bendir margt til þess, að ákærða hafi valdið eldsvoðanum í Hafnarstræti 86 A á Akureyri 25. nóvember 1990. Rannsókn málsins hefur þó ekki leitt til þess, að loku sé fyrir það skotið, að aðrir kunni að eiga hlut að íkveikjunni. Með hliðsjón af því og skírskotun til forsendna hins áfrýjaða dóms þykir því ekki gegn neitun ákærðu fram komin full sönnun

um sök hennar, sbr. 108. gr. laga nr. 74/1974 um meðferð opinberra mála. Ber því að staðfesta hinn áfrýjaða dóm.

Eftir þessum úrslitum verður áfrýjunarkostnaður sakarinnar lagður á ríkissjóð, eins og í dómsorði greinir.

Í héraðsdóminn eru teknir langir kaflar úr skýrslum ákærðu og vitna hjá lögreglu og fyrir dómi, stundum án nægilegrar úrvinnslu, sbr. 166. gr. laga nr. 74/1974.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Allur áfrýjunarkostnaður sakarinnar greiðist úr ríkissjóði, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda ákærðu, Guðjóns Styrkárssonar hæstaréttarlögmanns, 60.000 krónur.

Dómur sakadóms Akureyrar 30. apríl 1991.

Mál þetta, sem dómtekið var 9. apríl sl., hefur ríkissaksóknari höfðað hér fyrir sakadómi Akureyrar með ákæru, út gefinni 31. janúar 1991, á hendur Öldu Sólrúnu Guðmundsdóttur, Hafnarstræti 86 A, Akureyri, fæddri 20. nóvember 1936, fæðingarnúmer 482, „fyrir brennu með því að hafa sunnudagsmorguninn 25. nóvember 1990 milli kl. 10.00 og 10.20 í íbúð sinni á miðhæð hússins Hafnarstrætis 86 A valdið eldsvoða á þann hátt að leggja þvott á eldavél og setja straum á allar fjórar hellur eldavélarinnar, svo að eldur hlaust af. Þykir ákærða með framangreindum hætti hafa stofnað lífi þeirra, er í húsinu voru, eins íbúa í rishæð og eins íbúa, sem var sofandi á jarðhæð, í bersýnilegan háska og valdið eignatjóni og augljósri hættu á enn meira eignatjóni í húsinu, hefði eldurinn náð að breiðast út frekar en orðið var, en hann uppgötvaðist fljótlega af íbúa rishæðar og var slökktur af slökkviliði Akureyrar.

Telst þetta varða við 1. mgr., sbr. 2. mgr. 164. gr. almennra hegningarlaga nr. 19, 1940.

Ákærðu er einnig gefið að sök að hafa með framangreindum eldsvoða gert tilraun til vátryggingarsvika, en fyrir ákærðu vakti að fá tryggingarbætur fyrir brunatjón, og í því skyni keypti hún fjölskyldutryggingu hjá Vátryggingafélagi Íslands hf. föstudaginn 23. nóvember 1990.

Telst þetta varða við 248. gr., sbr. 20. gr. almennra hegningarlaga".

Eru dómkröfur ákæruvaldsins þær, að ákærða verði sakfelld samkvæmt ákæru og dæmd til refsingar og til greiðslu skaðabóta og alls sakarkostnaðar.

— — —

Málsatvik eru þessi:

Samkvæmt skýrslu slökkviliðsstjórans á Akureyri, Tómasar B. Böðvarssonar, var sunnudaginn 25. nóvember 1990 kl. 11.24 hringt á slökkvistöðina á Akureyri frá Hafnarstræti 86 A og tilkynnt, að kviknað væri í á miðhæð hússins, en hús þetta er tvílyft timburhús með portbyggðu risi, og eru í því þrjár íbúðir, ein á hverri hæð. Slökkviliðið fór þegar á vettvang, og er þangað kom, reyndist mikill eldur á 2. hæð, og stóðu eldtungur út um glugga á eldhúsinu, sem er við austurvegg hússins. Allt fólk í húsinu var komið út. Greiðlega gekk að slökkva eldinn, en nokkurn tíma tók að eftirslökkva, þ.e. rífa þiljur og ganga úr skugga um, að glóð leydist ekki þar á bak við og í reiðingi, sem er einangrun hússins. Miklar skemmdir urðu á miðíbúðinni af eldi í eldhúsinu, sem brann allt að innan. Einnig skemmdist töluvert af eldi í stofum og baðherbergi. Svefnherbergi skemmdist töluvert af hita og reyk. Töluverðar skemmdir urðu í risíbúð af reyk og hita og í íbúð á 1. hæð, aðallega af vatni.

Samkvæmt skýrslu lögreglunnar barst henni tilkynning um brunann kl. 11.20 sama dag, og fóru Daníel Snorrason, Jóhannes Sigfússon og Sigurður Sigurðsson rannsóknarlögreglumenn á vettvang og hófu rannsókn að slökkvistarfi loknu, en því var að mestu lokið kl. 11.40. Í ljós kom, að eldurinn hafði komið upp í eldhúsi miðhæðar, sem ásamt rishæð er í eigu ákærðu og eiginmanns hennar. Höfðu eldsupptök orðið með þeim hætti, að settur hafði verið taubunki ofan á eldavél í eldhúsinu og allar hellur vélarinnar, fjórar að tölu, verið settar á fullan straum. Var því augljóst, að um var að ræða vísvitandi íkveikju. Er eldsins varð vart, var íbúð ákærðu og eiginmanns hennar á miðhæð hússins mannlaus, en í rishæð var staddur leigjandi, Guðmundur Jónasson, auk þess var Gylfi Garðarsson, eigandi íbúðar á neðstu hæð, heima hjá sér.

Við rannsókn á sýnum, sem tekin voru úr brunaleifum ofan af vélinni, fundust engar leifar eldfimra efna (lífrænna leysiefna).

Við rannsóknina kom í ljós, að ákærða og eiginmaður hennar höfðu skömmu fyrir brunann, þ.e. 23. nóvember 1990, keypt sér tryggingarpakka, svokallaða fjölskyldutryggingu, hjá Vátryggingafélagi Íslands hf., en trygging þessi fól m.a. annars í sér innbústryggingu, að fjárhæð 3.000.000 kr. Í upphafi rannsóknar féll grunur á ákærðu og eiginmann hennar um að vera völd að brunanum, en við frekari rannsókn beindist grunurinn aðeins að ákærðu.

Helstu vitni og rannsóknaraðilar hafa gefið skýrslur hér fyrir dóminum.

Vitnið Guðmundur Jónasson, leigjandi í rishæð hússins, gerði slökkviliðinu viðvart um eldinn. Skýrir vitnið svo frá atvikum umræddan morgun, að það hafi verið eitt heima í risíbúðinni og farið á fætur um kl. 10.00. Kveðst vitnið hafa litið á klukku, og hafi hún verið alveg um 10, plús eða

mínus 2 mínútur. Kveðst vitnið hafa farið óklætt í eldhúsið og fengið sér léttan morgunverð. Þá kveðst það hafa sest í stofuna og farið að lesa íþróttasíður í gömlu Morgunblaði. Kveðst vitnið hafa átt von á nýju blaði og því haft andvara á sér gagnvart umgangi um dyrnar austan á húsinu. Þar sem það hafi verið að lesa Morgunblaðið, hafi það fyrst orðið vart við brunalykt án þess að veita henni sérstaka athygli. Kveðst vitnið hafa álitið lyktina koma frá brennandi rusli að utan.

Við fyrstu yfirheyrslu hjá lögreglu taldi vitnið sig hafa fundið lyktina um kl. 10.30, en við síðari yfirheyrslur hefur vitnið fullyrt, að kl. hafi verið milli 10.15 og 10.20. Kveðst vitnið síðan hafa munað eftir því, að það ætlaði að þvo þvott. Það hafi því farið til herbergis síns, klætt sig og tínt saman óhreinan þvott þar. Það hafi síðan farið með tauið í baðherbergið og sett það í þvottavélina ásamt óhreinu taui, sem var í baðherberginu. Það hafi síðan gangsett þvottavélina. Þá hafi það tekið þvottabala, sem var í baðherberginu, með hreinum, en rökum þvotti. Það kveðst hafa farið með balann út og hengt þvottinn á snúrur fyrir austan húsið. Er það kom inn aftur, hefði brunalyktin verið orðin sterkari en áður. Það hafi síðan sest aftur við Morgunblaðið í stofunni. Kveðst vitnið síðan hafa heyrt einhvern umgang um útidyr, að það heldur, og hafi það því farið fram í stigaganginn og litið eftir því, hvort Mogginn væri kominn, en svo hafi ekki verið. Vitnið kveðst hafa verið að bíða eftir Morgunblaðinu. Það hafi því sest aftur við gamla Moggann. Þá hafi verið komin talsverð brunalykt í íbúðina. Kveðst vitnið þá hafa farið um íbúðina til að aðgæta, hvort eitthvað þar væri að brenna. Kveður vitnið lyktina hafa verið áberandi sterkasta í eldhúsinu og baðherberginu, en hvort tveggja sé yfir eldhúsinu á miðhæðinni. Kveðst vitnið hafa skoðað þvottavélina sérstaklega og meira að segja tekið af henni hlíf og aðgætt, hvort eitthvað væri að brenna eða sviðna í henni. Svo hafi ekki verið. Kveðst vitnið þá hafa litið út um glugga, en ekki orðið vart við neitt óeðlilegt. Það hafi þá sest enn við gamla Moggann og farið að fletta honum. Kveðst það hafa setið um stund, en þá farið að súrna í augum vegna brunans. Kveðst það þá hafa farið enn hring um íbúðina og nú m.a. opnað skápa í eldhúsinu, en ekkert athugavert séð, en brunalyktin hafi verið langmest í eldhúsinu. Kveðst vitnið hafa verið orðið þess fullvisst, að húsið væri farið að brenna. Kveðst það þá hafa farið að dyrunum hjá ákærðu og eiginmanni hennar og barið þar tvisvar til þrisvar fast á útidyrahurðina, en enginn hafi svarað. Það hafi þá farið upp í risíbúðina aftur og þá séð, að reykjarslæða var komin í íbúðina. Kveðst það þá hafa farið að íbúð Gylfa á neðstu hæð og barið tvisvar á hurðina. Gylfi hafi komið til dyra, auðsjáanlega nývaknaður. Kveðst vitnið hafa spurt Gylfa að því, hvort hann fyndi ekki brunalykt, og hafi Gylfi strax fundið hana. Þeir hafi síðan farið inn í stofu til Gylfa, þar

sem Gylfi hafi rokið á hurð, sem negld var aftur, en liggur í stigaganginn upp á miðhæðina. Segir vitnið, að Gylfi hafi brotið hurðina upp og ýtt frá haug af ýmsu dóti, sem var fyrir henni. Þeir hafi síðan farið upp stigann og þá séð, að miðhæðin var full af reyk. Kveðst vitnið þá hafa hlaupið upp til sín aftur og hringt til slökkviliðsins eftir aðstoð. Segir það, að u.þ.b., sem það lagði tólið á símann aftur, hafi orðið sprenging á hæðinni fyrir neðan. Kveðst vitnið þá hafa hraðað sér út, eins og það stóð, og slökkviliðið komið skömmu síðar.

Vitnið hefur borið, að það hafi verið búið að finna brunalykt, áður en það gangsetti þvottavélina. Þá hefur vitnið borið, að það hafi ekki gangsett þvottavélina morguninn áður.

Vitnið Ingibjörg Þóra Heiðarsdóttir, sem bjó í rishæð, hefur einnig borið, að þvottavélin hafi ekki verið gangsett morguninn áður.

Vitnið Gylfi Garðarsson kveðst hafa vaknað við, að Guðmundur Jónasson barði á dyrahurð sína um kl. 11.10. Það skýrir á sama hátt frá atvikum eftir það og vitnið Guðmundur Jónasson.

Vitnið Jónatan Ólafsson blaðburðarmaður ber, að það hafi borið Morgunblaðið í húsið um kl. 11.00 umræddan morgun.

Rannsóknarlögreglumenn ásamt Sigmundi Þórissyni, eftirlitsmanni Rafmagnseftirlits ríkisins, könnuðu með tilraun, hversu langan tíma tæki að koma upp eldi í líni eða sængurfatnaði á sama hátt og gert var í Hafnarstræti 86 A í greint sinn. Lögðu þeir lín eða sængurfatnað ofan á keramikplötu eldavélarinnar og líktu eftir taui því, er reyndist hafa verið ofan á eldavélinni, eftir því, sem leifar sýndu, og upplýsingum ákærðu.

Í skýrslu Daníels Snorrasonar rannsóknarlögreglumanns segir:

„Straumi var síðan hleypt á allar hellur eldavélarinnar kl. 16.17. Tímamælingar voru gerðar af og til (sic) svo og lesið af hitamæli, en hitaleiðara hafði verið stungið inn í línið. Þá voru teknar ljósmyndir og sömuleiðis videó-mynd af tilrauninni. Fengin var að láni myndbandstökuvél hjá Samveri hf., myndbanda- og kvikmyndagerð. Fengum við með fjórar 20 mín. myndbandsspólur. Bilun kom upp, er komið var á síðari hluta annarrar spólu, svo að myndataka féll þá niður, meðan gert var við bilunina. Tímasetning var lesin inn af og til (sic), meðan á tilrauninni stóð. Eins og fram kemur við skoðun myndbandsins, tók það 59,35 mínútur, frá því að straumur var settur á eldavélina og þar til eldur kviknaði í líninu. Kviknaði hann fyrst, þar sem línið var þynnst. Aðeins liðu 3,27 mínútur, þar til að lykt fór að finnast.

Tafla, sem sýnir tíma og hitastig.

Tími	Lýsing ástands	Hitastig
3.27	Þá byrjar að rjúka úr líninu	17,7°C

5.00	Kominn töluverður reykur	
7.00	Vaxandi reykur	30,0°C
13.50	Erfitt að vera inni í herb.	100°C
15.00	Línið byrjað að kolast, þar sem það er þynnst	104,0°C
16.00-31.00	Ástand svipað, - vaxandi reykur og hiti	
54.00	Glóð í jaðri línsins	128°C
56.20		133°C
59.35	Eldur brýst út (sic)	137°C

Tilkynnt var um eld að Hafnarstræti 86 A, Ak., kl. 11.20. Ef gengið er út frá því, að það hafi tekið jafnlangan tíma að koma upp eldi þar og í tilrauninni, sem fyrr er lýst, og áætlað, að það taki 10 til 20 mínútur fyrir eldinn að magnast, svo að hann fari að loga út um glugga, má ætla, að straumur hafi verið settur á eldavélina kl. 10.00 - 10.10."

Vitnið Tómas Búi Böðvarsson slökkviliðsstjóri skýrir svo frá um sprenginguna þá, er um getur í framburði vitnisins Guðmundar Jónassonar, að algengt sé, sérstaklega í timburhúsum, að svokallaðar reyksprengingar verði, án þess að nokkuð sérstakt eldfimt þurfi til að koma. Telur vitnið fullvíst, að um slíka sprengingu hafi verið að ræða. Segir vitnið, að slíkar sprengingar stafi af ófullkomnum bruna í byrjun, svo að þá safnist fyrir brennanlegar lofttegundir, sem ekki nái að loga, vegna þess að hitastig verði ekki nógu hátt.

Hinn 27. nóvember 1990 var ákærða fyrst yfirheyrð af lögreglu, og er skýrsla hennar svohljóðandi:

„Áminnt um sannsögli skýrir Alda frá því, að hún og eiginmaður sinn séu eigendur að efri hæð og risi hússins nr. 86 A við Hafnarstræti. Hún segir, að þau hafi ekki keypt þessar hæðir á sama tíma. Hún segir, að þau hafi fyrst keypt íbúðina í risinu í mars sl., að hún telur. Kaupverðið hafi verið 1.500.000 kr. Þau hafi síðan keypt efri hæðina um mánaðamótin ágúst - september sl., og segir hún, að þau hafi flutt inn 1. september sl. Kaupverð þeirrar hæðar hafi verið 2.200.000 kr. Hún segir, að það sé nokkuð löng forsaga að því, að þau keyptu Hafnarstræti 86 A. Hún segir, að þau hafi átt íbúð að Hafnarstræti 79, Ak., sem þau hafi selt fyrir nokkrum árum. Málaferli séu búin að ganga vegna þeirra kaupa í sjö ár, en þau hafi ekkert fengið út úr þeim málaferlum. Hún segir, að þau hafi því þurft að fara í leiguíbúð. Hún segir, að þau hafi þurft að fara íbúð úr íbúð, þar til þau síðan keyptu tvær íbúðir, sem þau gátu ekki haldið. Þau hafi síðan keypt íbúð í verkamannabústöðum á byggingarstigi. Hún segir, að þau hafi skilað þeirri íbúð vegna þess, að hún hafi reynst gölluð. Þá hafi hún hækkað mjög í verði. Upphaflega hafi kaupverð hennar átt

að vera kr. 4.200.000 kr. eða 4.700.000 kr., en síðan hefði hún hækkað upp í rúmlega 6.000.000 kr., svo að þau hafi séð, að þetta væri ekki við þeirra hæfi, þar sem þau áttu ekkert og hefðu því ekki getað staðið í skilum. Hún segir, að kaupin á Hafnarstræti 86 A hafi svo komið til á þann hátt, að kona, sem hún vann með, Ester Sigurðardóttir, hafi átt risið, en hún er ekkja. Hún hafi verið að hugsa um að hefja búskap með manni og ætlað að flytja til hans. Hún hafi þá verið að tala um að reyna að selja íbúðina, en það hafi ekki gengið. Þá hafi verið sett á íbúðina um 2.000.000 kr. Alda kveðst hafa sagt við hana, að hún skyldi gera henni tilboð á 1.500.000 kr. án þess að hafa séð íbúðina. Þessu hafi hún varpað fram án þess að eiga von á, að Ester tæki því. Nokkru síðar hefði Ester komið og sagt, að hún ætlaði að taka tilboðinu. Alda segir, að hún hafi þá ekki einu sinni munað, upp á hvað það hljóðaði. Hún hafi því beðið um frest til að skoða þetta nánar. Það hafi síðan orðið úr, að gengið var frá kaupunum á hennar tilboði, og hafi þau hjónin tekið að sér húsnæðisstjórnarlán og síðan gefið út skuldabréf. Engin útborgun hafi verið við undirskrift, en þau hefðu átt að borga fyrstu afborgun í íbúðinni 10. desember nk., að upphæð 300.000 kr. Alda segir, að þau hjónin séu búin að útvega peninga fyrir þeirri upphæð. Þau hafi þurft að taka lán fyrir upphæðinni. Hún segir, að þau hafi verið að vonast til þess, að þegar að þessari greiðslu kæmi, yrðu málaferlin, sem áður er getið, afstaðin og þau búin að fá peninga úr því máli.

Alda segir, að þau hafi flutt inn í risið nokkrum dögum eftir, að skrifað var undir kaupsamning. Hún segir, að fljótlega hafi þau frétt, að efri hæðin í húsinu væri til sölu. Hún kveðst þá hafa haft orð á því við eiginmann sinn að kaupa þá hæð, þar sem hún átti erfitt með að ganga upp stigana, þar eð hún sé með annan fót „bilaðan" eftir skurðaðgerð, sem hún gekkst undir fyrir 12-14 árum, auk þess sem hún hefur eftirköst eftir vinnuslys, er hún varð fyrir við vinnu í Efnaverksmiðjunni Sjöfn. Hún kveðst hafa skipt um vinnu og farið að vinna niðri á Niðursuðuverksmiðju K. Jónssonar, en þar kveðst hún geta setið og staðið við vinnuna. Þannig geti hún unnið fulla vinna, sem þau þurfi á að halda vegna húsakaupanna. Hún segir, að síðan hafi tekist kaupsamningar um efri hæðina. Þar hafi ekki heldur verið nein útborgun. Þau hafi gengið inn í lán, og síðan hafi verið gefin út tvö skuldabréf, samtals að fjárhæð rúm 1.000.000 kr. Skuldabréfin hafi bæði verið með sama gjalddaga á árinu 1992.

Alda segir, að þau hjónin leigi risið, en þar séu þrjú herbergi auk tveggja herbergja, sem eru undir súð. Hún segir, að nú séu fjórir leigjendur í risinu. Það sé kærustupar, auk þess sem vinkona stúlkunnar með eitt barn leigi þar. Alda segir, að þau fari stundum öll til síns heima um helgar, en hún telur, að stúlkurnar báðar séu úr Skagafirði. Alda kveðst hafa orðið vör

við parið á laugardeginum, en kveðst ekkert hafa orðið vör við leigjendur sína að morgni sunnudagsins. Hún segir nú, að hún muni það ekki fyrir víst, hvort hún heyrði í þvottavél á sunnudagsmorguninn eða hvort það var daginn áður.

Þá segir Alda, að þau hjónin búi á efri hæð hússins. Hún segir, að á þeirri hæð sé svefnherbergi, stofa, eldhús, búr og snyrting. Þá sé frammi á gangi lítið herbergi í suðvesturhorni hæðarinnar. Alda segir, að gengið sé inn í íbúðina að sunnan. Þar sé gengið inn á jarðhæð, en síðan upp stiga upp á smá-stigapall fyrir framan íbúðina. Af stigapallinum sé gengið inn í umrætt hornherbergi og síðan til norðurs inn í stofuna.

Á neðri hæð, segir Alda, að Gylfi Garðarsson búi, og muni hann eiga þá hæð að undanskildu einu herbergi, sem þau eiga. Hún segir, að dyr séu á íbúð Gylfa suður í forstofu jarðhæðarinnar, þar sem gengið er upp til þeirra hjóna. Gylfi eigi þar rétt til að ganga um, sem hún segir, að hann nýti sér ekki. Hann muni þess í stað ganga um þvottahúss megin hjá sér eða úr stigahúsi, sem er austan á húsinu. Hún segir, að dyr séu úr stigahúsinu inn í eldhús á efri hæð, en búið hafi verið að klæða hurðina af og setja eldhússinnréttingu fyrir, er þau keyptu hæðina. Alda segir, að Gylfi muni hafa verið sofandi, þegar eldurinn kom upp. Hún kveðst þá ekki hafa vitað af honum.

Aðspurð um tryggingar á húseigninni segir Alda, að hún viti ekki með vissu, hvernig þeim er háttað. Varðandi innbústryggingu segir hún, að þau hafi verið ótryggð þar til sl. föstudag. Hún segir s.s., að þau hafi ekki verið með neina tryggingu í allan fyrra vetur. En sl. föstudag, segir hún, að þau hafi farið og keypt tryggingu. Hún segir ástæðuna til þess vera þá, að þau hafi óttast það, að þakið væri orðið lélegt á húsinu og þakplötur kynnu að fjúka, og þau hefðu þá ekki efni á að greiða neinar bætur. Hún segir, að þetta hafi fyrst og fremst vakað fyrir þeim, er þau fóru út í VÍS til þess að athuga með tryggingu þar. Hún segir, að þangað hafi þau komið í matartíma sínum sl. föstudag, og þar hafi þeim verið boðið upp á „pakkatryggingu". Í henni hafi verið brunatrygging innbús, slysatrygging og húseigandatrygging. Hún segir, að þau hafi ekki tryggt áður, þar sem þau áttu ekki peninga fyrir iðgjöldum. Hún segir, að þeim hafi verið sagt, að það tæki einhvern tíma að ganga frá þessu. Þar með hafi Sigtryggur farið með sig í vinnu og farið síðan aftur í VÍS. Þá hafi hann ekki átt peninga fyrir iðgjöldum í heilt ár. Nú segir Alda, að hún hafi á fimmtudeginum verið búin að hringja í starfsmann VÍS, Helgu að nafni. Hún hafi sagt, að þau gætu tekið tryggingu fram að áramótum, síðan tekið tryggingu að nýju um áramót og fengið að skipta þeim iðgjaldagreiðslum. Sigtryggur hafi því óskað eftir að fá að greiða iðgjöld af tryggingunni til áramóta nk. Það hafi verið gengið að því hjá VÍS, og hafi þá þurft að reikna út

þá upphæð, sem greiða átti, og Sigtryggi sagt, að það yrði sendur til hans „gíró"-seðill í vikunni á eftir. Alda segir, að þess vegna hafi sér verið brugðið svo mjög, er hún kom á brunastað og hélt, að tryggingin hefði ekki öðlast gildi, og því sagt við rannsóknarlögreglumenn á vettvangi, að þau hefðu engar tryggingar.

Aðspurð segir Alda, að hún hafi farið nokkuð snemma að hátta sl. laugardagskvöld. Hún segir, að Sigtryggur muni hafa farið seinna í rúmið, ef hún man rétt. Hún segir, að hvorugt þeirra neyti áfengis, og því hafi það ekki verið inni í myndinni (sic). Alda segir, að Sigtryggur hafi átt að koma til vinnu fyrir kl. 10.00, og hafi hann því sjálfsagt vaknað fyrir kl. 9.00. Hún segir, að Sigtryggur hafi farið fram úr og lagað kaffi. Hann hafi síðan fært henni kaffi í rúmið og vakið hana. Kveðst hún álíta, að það muni hafa verið um kl. 9.30. Hún kveðst þá hafa farið á fætur og verið komin úr rúmi, er Sigtryggur fór í vinnuna. Alda kveðst hafa sest við eldhússborðið og reykt sígaréttur og drukkið kaffi. Hún kveðst hafa farið að ræða það við Sigtrygg, að þau þyrftu að fara að hreyfa sig meira, þau væru orðin svo slöpp. Alda segir, að Sigtryggur hafi verið farinn fyrir kl. 9.45, og kveðst hún hafa farið um kl. 10.30. Alda er nú margspurð að því, hvað hún hafi aðhafst, frá því að Sigtryggur fór í vinnuna og þar til hún fór út. Hún kveðst, eins og áður segir, hafa setið við eldhússborðið og verið að velta fyrir sér, á hverju hún ætti að byrja í sambandi við tiltekt (sic) á dóti, sem þau voru nýbúin að koma með úr Melasíðu.

Aðspurð segir Alda það fasta reglu hjá þeim að læsa útidyrum á kvöldin, áður en þau fara að hátta. Sömuleiðis sé það föst venja að læsa útidyrum, þegar þau fara að heiman á daginn. Hún kveðst telja, að það hafi hún gert samkvæmt venju, er hún fór út á sunnudagsmorguninn, a.m.k. hefðu þeir Gylfi og Guðmundur sagt, að dyrnar hefðu verið læstar.

Alda er að því spurð, hvort hún hafi sinnt eitthvað heimilisstörfum, áður en að hún fór út. Hún segir, að svo hafi ekki verið. Hún segir, að Sigtryggur hafi það fyrir reglu að taka til sjálfvirku kaffikönnuna á kvöldin, svo að hann þurfi ekki annað en setja hana í samband á morgnana. Hann hafi síðan þann hátt á að setja kaffikönnuna í samband á morgnana og láta kaffikönnuna renna upp á, meðan hann raki sig. Síðan hafi hann alltaf fært sér kaffi í rúmið, eftir að hún fór í uppskurðinn á sjúkrahúsinu. Sunndagsmorguninn, segir hún, að Sigtryggur hafi tekið könnuna úr sambandi, og því hafi engin rafmagnstæki verið í sambandi. Hún segir, að eldavélin hafi ekki verið notuð síðan kvöldið áður. Hún segir, að eldavélin sé af gerðinni AEG með svokallaðri keramikplötu. Þau hafi keypt hana fyrir u.þ.b. fjórum árum. Hún kveðst ekki muna, hvort ljós sé framan á vélinni, sem gefi til kynna, hvort kveikt sé á hellunum. Núna segir hún, að svo sé. Hún segir, að ljós kvikni ofan á keramikplötunni, þegar einhver

hella verður meira en snertiþurr. Alda er þá spurð að því, hvort hún hafi unnið við einhvern þvott um morguninn. Hún segir, að svo hafi ekki verið. Hún kveðst hafa verið með þvott inni í stofu, sem sonur sinn ætti, en hann væri sjómaður. Hún kvaðst hafa þvegið þann þvott, en þó fengið Guðrúnu, dóttur sína, til að hjálpa sér, þar sem hún sá fram á, að hún næði ekki að þvo allan þvottinn annars, áður en hann færi aftur út á sjó. Sonur sinn hefði síðan komið heim og tekið hluta af þvottinum, en það, sem eftir var, hefði hann skilið eftir þar heima. Alda segir, að sá þvottur, sem eftir varð, hafi verið bæði í þriggjasætasófanum inni í stofu og samstæðum stól. Hún kveðst ekki hafa hreyft við þvottinum, áður en hún fór út. Þvottur hafi því legið í stólnum og sófanum og verið þar fleiri (sic) daga.

Öldu er nú á það bent, að ljóst sé, út frá hverju eldur kviknaði. Þvotturinn hafi verið lagður á eldavélarplötuna og tvær hellur eldavélarinnar skildar eftir á mesta straum. Hún segir, að sér sé ljóst, að það hafi þá verið kveikt í húsinu, en hún kveðst ekki hafa gert það. Hún er þá spurð, hvort hún geti skýrt það, hver hafi kveikt í. Hún kveðst ekki geta svarað því, það eina, sem hún viti, sé, að hún hafi ekki gert það. Alda kveðst hafa séð, er hún kom á brunastað, eftir að búið var að slökkva, að leifar af handklæði sonar síns voru á eldavélinni. Hún kveðst hafa spurt, hvers vegna handklæðið væri þarna, þar sem það hefði ekki verið þar, er hún fór út.

Hlé er gert á yfirheyrslu kl. 17.30.

Yfirheyrslu fram haldið kl. 19.00.

Kærðu er nú kynnt réttarstaða handtekins manns. Hún kveðst ekki óska eftir réttargæslumanni á þessu stigi málsins. Kærða er nú beðin að gera grein fyrir ferðum sínum, eftir að hún yfirgaf heimili sitt kl. 10.30 á sunnudagsmorgun. Hún kveðst hafa gengið inn í nýju verslunina í Hafnarstræti 20, Ak. Þar kveðst hún hafa keypt saltkjöt og baunir og smávegis af sælgæti. Aðspurð kveðst hún ekki geta gert sér grein fyrir því, hve lengi hún var að ganga þarna inn eftir. Hún kveðst hafa verið í versluninni, rétt á meðan hún verslaði, en tafist aðeins, meðan leitað var að saltkjötinu. Eftir það kveðst hún hafa gengið upp göngustíg, sem liggur vestur úr Aðalstræti og þar upp í Spítalaveg. Á þeirri leið kveðst hún hafa hitt samverkakonu sína, Jónínu Guðmundsdóttur, og hefðu þær gengið í rólegheitum saman áfram upp Spítalaveg, norður Eyrarlandsveg, yfir bifreiðastæði norðan við MA og síðan vestur Hrafnagilsstræti. Við mót Skólastígs hefði leiðir þeirra skilið. Jónína hefði þá verið á leið að útibúi KEA við Byggðaveg. Kærða kveðst hins vegar hafa gengið norður Skólastíg að Íþróttahöllinni, þar sem hún kveðst hafa hitt eiginmann sinn. Hún kveðst hafa dvalist þar nokkra stund. Kærða er spurð, hve Sigtryggur hafi starfað lengi í Íþróttahöllinni. Hún segir, að það séu einhver ár. Aðspurð kveðst hún einu

sinni áður hafa farið að hitta Sigtrygg í vinnunni, en það sé nokkuð síðan. Aðspurð, hvort þetta hafi verið erfið og löng leið fyrir hana fótaveika að ganga með matvöru í poka stóran hluta leiðarinnar, segir hún, að svo hafi verið. Kærða kveðst hafa drukkið tvo kaffibolla og reykt tvær sígarettur hjá manni sínum. Eftir það kveðst hún hafa gengið áleiðis heim. Kærða kveðst hafa gengið austur frá Íþróttahöllinni, niður með Gagnfræðaskóla Akureyrar að norðan og áfram niður Kaupangstræti. Er hún hafi komið niður að Hótel KEA, hafi hún fundið reykjarlykt, en ekkert séð. Hún hafi þá gengið suður í Hafnarstræti, og er hún var komin þar á beina kaflann og sá heim til sín, kveðst hún hafa séð, að reykur stóð út úr íbúð sinni og slökkviliðið þar fyrir utan. Kærða kveðst hafa fengið „sjokk" og hlaupið á vettvang. Þar hafi svo rannsóknarlögreglumenn haft tal af sér og ekið sér á vinnustað eiginmanns síns.

Kærða segir, að sér finnist allt benda til þess, að þarna hafi verið kveikt í heimili sínu. Hún neitar því samt algerlega að hafa gert það sjálf. Hún er þá spurð eftir, hver hafi getað komist inn í læsta íbúðina til að kveikja í. Kærða segir, að börn sín þrjú hafi lykla að íbúðinni, en það eru Sigtryggur, sem er búsettur í Keflavík, Guðmundur, sem er á sjó frá Skagaströnd, og Guðrún, sem býr hér á Akureyri. Auk þess segir hún, að norsk vinkona Guðmundar, Kim að nafni, sem leigir herbergi á Hótel Varmahlíð, hafi lykla að íbúðinni. Hún segir, að aðrir séu ekki með lykla. Kærða er þá spurð, hvort það sé ekki ljóst, að eitthvert þeirra hafi kveikt í íbúðinni. Hún svarar: „Ég trúi því bara ekki"."

Með úrskurði sakadóms Akureyrar var ákærða 29. nóvember úrskurðuð í gæsluvarðhald til miðvikudags 12. desember 1990. Á gæsluvarðhaldstímanum var ákærða alloft yfirheyrð af lögreglu, og hélt hún sig í meginatriðum við framangreindan framburð að öðru leyti en því, að hún kvaðst, áður en hún yfirgaf íbúðina, hafa tekið potta og pönnu, sem á eldavélinni voru, og þvegið það. Þá breytti hún síðar framburði sínum um brottfarartíma úr íbúðinni, taldi sig hafa yfirgefið íbúðina fyrr eða kl. 10.10 til 10.15, og hefur hún síðan borið svo, að hún hafi yfirgefið íbúðina einhvern tíma upp úr kl. 10.00. Þá kom fram hjá ákærðu, að hún taldi sig hafa heyrt í þvottavél á rishæðinni, áður en hún yfirgaf íbúðina, en kvaðst þó ekki geta fyllyrt, að það hefði ekki verið morguninn áður.

Við yfirheyrslu hjá lögreglu 4. desember 1990 breytti ákærða framburði sínum, og er skýrsla hennar frá þeirri yfirheyrslu svohljóðandi:

„Kærða kveðst nú vilja breyta fyrri framburði sínum. Hún segir nú, að það rétta sé, að hún hafi orðið völd að eldsvoðanum, er varð á heimili hennar umræddan dag. Hún segir, að morgunninn hafi liðið, eins og hún lýsti í fyrstu skýrslu sinni, þar til eiginmaður hennar, Sigtryggur Sigtryggsson, fór að heiman. Hún er nú beðin að lýsa því, sem gerðist, eftir að

Sigtryggur fór að heiman. Hún skýrir svo frá: „Ég drekk þarna kaffi í eldhúsinu, set leirtauið í vaskinn, fer inn í Höfner, þaðan upp í Höll og heim". Kærða er nú spurð, hvernig þetta hafi atvikast heima hjá henni. Hún svarar: „Ég set þvottinn á eldavélina og straum á". Hún er spurð, hvenær hún hafi farið að heiman. Hún svarar: „Einhvern tíma upp úr 10.00." Hún er spurð, hvort hún hafi þá verið búin að kveikja á eldavélinni. Hún svarar: „Já." Kærða er þá spurð, hvenær þessi hugmynd hafi vaknað hjá henni. Hún segist ekki vita það, en segir síðan, að það hafi verið þarna um morguninn. Kærða er þá spurð um þátt eiginmanns síns í þessu. Hún segir, að hann sé enginn, hann myndi frekar deyja en gera eitthvað illt. Aðspurð, hvort það að kaupa tryggingu fyrir helgi hafi ekki verið einn liður í þessari áætlanagerð, svarar kærða, að svo hafi verið. Hún segir, að ástæðan til þessa verknaðar hafi verið peningaleysi. Mætta er spurð að því, hvort hún hafi fundið brunalykt eða séð rjúka úr þvottinum, sem hún kveðst nú hafa sett á eldavélina, sem hún síðan kveikti á. Hún kveðst hvorki hafa séð reyk né fundið lykt.

— — —

Daginn eftir yfirheyrslu þessa, 5. desember 1990, dró ákærða játningu sína til baka og hvarf til fyrra framburðar síns, sem hún í meginatriðum hefur haldið sig við síðan, þ. á m. hér fyrir dóminum.

Hér fyrir dóminum gefur ákærða þá skýringu á framburði sínum 4. des. 1990, að hún hafi játað brotið vegna hótana rannsóknarlögreglu. Hótað hafi verið að setja dóttur sína og eiginmann í fangelsi, ef hún játaði ekki, og það hafi hún ekki getað hugsað sér. Aðrar skýringar hefur ákærða ekki gefið á þessum framburði sínum.

Daníel Snorrason rannsóknarlögreglumaður, sem tók skýrslu þessa af ákærðu, hefur hér fyrir dóminum neitað því að hafa beitt ákærðu hótunum, hvorki beinum né óbeinum, og skýrir svo frá, að í upphafi hafi framburður ákærðu verið trúverðugur, en er á yfirheyrsluna leið, hafi framburður hennar orðið ótrúverðugur og virst settur fram eins og ákærða væri viljandi að gera framburð sinn ótrúverðugan.

Réttargæslumaður og verjandi ákærðu, Arnar Sigfússon hdl., var viðstaddur yfirheyrslu þessa, og hefur hann ekki við flutning málsins tekið undir framburð ákærðu um þetta efni.

— — —

Fram er komið, að eini inngangurinn í íbúð ákærðu og eiginmanns hennar á miðhæð hússins var um dyr á suðurhlið hússins, sem ákærða kveðst hafa læst, áður en hún fór að heiman frá sér, og reyndust vera læstar, er slökkvistarf hófst. Þá er fram komið, að innangengt í íbúð

ákærðu var úr herbergi á neðstu hæð, er sonur hennar hafði til umráða, en á herbergi þessu er gluggi, er snýr til austurs. Rannsakað var, hvort hugsanlega hefði verið farið inn um glugga þennan, og fundust þess engin merki, að svo hefði verið, en möguleikar taldir á, að grannur og lipur maður gæti komist inn um hið opnanlega fag gluggans.

Gerð var nákvæm könnun á fjárhag ákærðu og eiginmanns hennar. Skýrsla Jóhannesar Sigfússonar rannsóknarlögreglumanns um niðurstöðu þeirrar könnunar er svohljóðandi:

— — —

Auk gagna þeirra, sem að framan eru rakin, var kannað, hvort hugsanlega hefði leynst maður í framangreindu herbergi á neðstu hæð hússins, þaðan sem innangengt var á miðhæðina, og var m.a. kannað, hvort þroskaheftur vinur sonar ákærðu hefði dvalið þar um nóttina, en ekkert hefur komið fram, er leiði líkur að því, að einhver hefði getað leynst í þessu herbergi án vitundar ákærðu og eiginmanns hennar.

Þá fylgja máli þessu sjónvarpsupptaka á vettvangi og myndbandsupptaka af íkveikjutilraun þeirri, er lögreglumenn gerðu. Sést þar m.a., að meðan á tilrauninni stóð, var hurð að tilraunaherbergi opnuð nokkrum sinnum og súrefni hleypt inn, svo að ætla má, að eldurinn hafi kviknað eitthvað fyrr en ella.

Með framburði vitnisins Guðmundar Jónassonar, sem studdur er íkveikjutilraun rannsóknarlögreglu, svo og framburði slökkviliðsstjóra, Tómasar Búa Böðvarssonar, um orsök reyksprengju (sic) þeirrar, er varð, þykja miklar líkur á, að kveikt hafi verið á hellum eldavélarinnar með taubunkanum ofan á fljótlega upp úr kl. 10.00. Framburður ákærðu um það, hvenær hún yfirgaf heimili sitt umræddan morgun, hefur verið á reiki, þ.e., að í upphafi kveðst hún hafa yfirgefið heimili sitt um kl. 10.30. Síðar hefur hún haldið því fram, að það hafi verið 10-15 mínútur yfir 10.00. Síðari framburður ákærðu um þetta atriði þykir studdur framburði vitnisins Jónínu Helgu Guðmundsdóttur og eiginmanns hennar svo og tíma þeim, er líklegt er, að hún hafi komið á brunastað, er slökkvistarfi var að mestu lokið.

Ákærða telur sig hafa heyrt í þvottavélinni á rishæðinni, áður en hún yfirgaf íbúðina, en samkvæmt framburði vitnisins Guðmundar Jónassonar gangsetti hann hana, eftir að hann varð brunalyktar var.

Bendir framangreint til, að kveikt hafi verið á eldavélinni, áður en ákærða yfirgaf íbúðina.

Ekkert hefur komið fram, er leiði líkum að því, að annar en ákærða sjálf hafi getað framið verknaðinn.

Ákærða hefur ekki gefið fullnægjandi skýringar á afturköllun játningar þeirrar, er hún gaf fyrir lögreglu 4. desember 1990.

Ákærða hefur alla tíð neitað að hafa vitað, að fjölskyldutrygging sú, er eiginmaður hennar keypti hjá Vátryggingafélagi Íslands hf. föstudaginn 23. nóvember 1990, hafði tekið gildi, þegar bruninn varð, þrátt fyrir það að hún bar við yfirheyrslu hjá lögreglu 4. des. 1990, að tryggingarkaup þessi hefðu verið liður í áætlun um íkveikjuna og að ástæðan fyrir verknaðinum hefði verið peningaleysi, en fram er komið, að fjárhagur ákærðu og eiginmanns hennar var bágborinn. Af gögnum málsins verður ekki ráðið, að tryggingarfjárhæðin hafi verið óeðlilega há miðað við verðmæti innbús, og af gögnum málsins verður ekki ráðið, að ákærða hagnaðist sérstaklega við brunann.

Framburður starfsmanna tryggingafélagsins og eiginmanns ákærðu bendir ekki til, að ákærða hafi sérstaklega sýnt innbústryggingunni áhuga eða aflað sér upplýsinga um gildistöku tryggingarinnar. Það er því ekkert það fram komið í málinu, er bendi til, að ákærða hafi vitað, að tryggingin hafði tekið gildi.

Samkvæmt framanskráðu eru fram komnar verulegar líkur á, að ákærða hafi valdið eldsvoðanum í greint sinn, en óupplýst er, hvaða hvatir kunni að hafa legið þar að baki.

Gegn neitun ákærðu hér fyrir dómi verður sök hennar ekki reist á játningu hennar fyrir lögreglu 4. desember 1990, sem samkvæmt framburði Daníels Snorrasonar rannsóknarlögreglumanns var ekki trúverðugur. Önnur gögn málsins, sem að framan er getið, eru eigi svo óyggjandi, að ein sér nægi til sönnunar á sök ákærðu.

Þykir því ekki liggja fyrir lögfull sönnun á sök ákærðu í máli þessu samkv. 108. gr. laga nr. 74/1974, og ber því að sýkna hana af kröfum ákæruvaldsins.

Í málinu liggja fyrir skaðabótakröfur frá Sjóvá-Almennum tryggingum hf. og Vátryggingafélagi Íslands hf., sem eigi verður dómur á lagður samkv. 146. gr. laga nr. 74/1974.

Dæma ber ríkissjóð til greiðslu alls sakarkostnaðar í máli þessu, þ.á m. þóknunar skipaðs verjanda ákærðu, Arnars Sigfússonar héraðsdómslögmanns, sem þykir hæfilega ákveðin 120.000 kr. auk virðisaukaskatts.

Dóm þennan kvað upp Freyr Ófeigsson héraðsdómari.

Dómsorð:

Ákærða, Alda Sólrún Guðmundsdóttir, skal vera sýkn af refsikröfum ákæruvaldsins í máli þessu.

Allur sakarkostnaður, þ.m.t. málsvarnarlaun skipaðs verjanda ákærðu, Arnars Sigfússonar héraðsdómslögmanns, 120.000 kr. auk virðisaukaskatts, greiðist úr ríkissjóði.

Þriðjudaginn 11. febrúar 1992.

Nr. 62/1992. **Ákæruvaldið**

gegn

Hallgrími Viggó Marinóssyni.

Kærumál. Gæsluvarðhald.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Þór Vilhjálmsson, Garðar Gíslason og Pétur Kr. Hafstein.

Varnaraðili hefur með heimild í 3. tl. 172. gr. laga nr. 74/1974 um meðferð opinberra mála skotið hinum kærða úrskurði til Hæstaréttar. Var kærunni lýst, þegar úrskurðurinn var kveðinn upp. Varnaraðili krefst þess, að hinn kærði úrskurður verði felldur úr gildi. Þá er krafist kærumálskostnaðar.

Af hálfu ákæruvalds er krafist staðfestingar hins kærða úrskurðar.

Með vísan til forsendna hins kærða úrskurðar þykir eftir atvikum rétt að staðfesta hann.

Kærumálskostnaður verður ekki dæmdur.

D ó m s o r ð:

Hinn kærði úrskurður á að vera óraskaður.

Úrskurður sakadóms Reykjavíkur 7. febrúar 1992.

Ár 1992, föstudaginn 7. febrúar, er á dómþingi sakadóms Reykjavíkur, sem háð er í Borgartúni 7 af Símoni Sigvaldasyni fulltrúa, kveðinn upp úrskurður þessi.

RLR hefur gert þá kröfu, að Hallgrími Viggó Marinóssyni, kt. 160744-3329, heildsala og veitingamanni, til heimilis að Dragavegi 6, Reykjavík, verði með úrskurði gert að sæta áframhaldandi gæsluvarðhaldi frá lokum fyrra gæsluvarðhalds allt til föstudagsins 14. febrúar nk. kl. 16.00.

Kærði hefur mótmælt kröfu RLR.

Um málavexti vísast til gæsluvarðhaldsúrskurðar, upp kveðins 4. febrúar sl., vegna fyrri kröfu RLR um gæsluvarðhald á hendur kærða. Þeim gæsluvarðhaldsúrskurði skaut kærði til Hæstaréttar Íslands, og hefur Hæstiréttur með dómi í málinu nr. 51/1992 staðfest niðurstöðu sakadóms Reykjavíkur um gæsluvarðhald á hendur kærða.

Áframhaldandi rannsókn málsins hefur leitt það í ljós, að eldur hafi komið upp á þremur stöðum á fyrstu hæð hússins, og enn fremur, að upphafsstaðirnir séu ótengdir hver öðrum. Þá hafa brunaferlar bent til þess, að logað hafi frá eldfimum efnum, en þrátt fyrir það að slökkvilið hafi byrjað slökkvistarfið u.þ.b. 30 mínútum eftir, að kærði læsti húsinu og yfirgaf vettvang, var útbreiðsla og eyðilegging elds gífurleg. Þá kemur fram í rannsóknargögnum málsins, að kærði hafi orðið síðastur til að yfirgefa húsnæðið, og jafnframt er það talið liggja fyrir, að húsnæðið hafi verið læst, er slökkviliðið kom að því. Kærða er einum til að dreifa vegna grunar um íkveikju.

Ekki liggja enn fyrir niðurstöður rannsókna Rannsóknastofu háskólans á ýmsum sýnum, er þangað hafa verið send til rannsóknar, og enn hefur ekki náðst til allra þeirra vitna, er nauðsynlegt er að yfirheyra.

Með vísan til framanritaðs, þess, er áður hefur verið getið vegna fyrri kröfu RLR, og skírskotunar til 1. tl. 1. mgr. 67. gr. laga nr. 74, 1974, þykir rétt að taka kröfu RLR til greina að fullu. Skal kærði samkvæmt því sæta gæsluvarðhaldi allt til föstudagsins 14. febrúar nk. kl. 16.00.

Úrskurðarorð:

Kærði, Hallgrímur Viggó Marinósson, skal sæta áframhaldandi gæsluvarðhaldi allt til föstudagsins 14. febrúar nk. kl. 16.00.

Miðvikudaginn 12. febrúar 1992.

Nr. 515/1991. **Ákæruvaldið**

gegn

Guðmundi Max Jónssyni.

Kærumál. Dómsátt úr gildi felld. Bifreiðar.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Þór Vilhjálmsson, Garðar Gíslason og Hjörtur Torfason.

Ríkissaksóknari hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með kæru 23. desember 1991 samkvæmt heimild í 6. mgr. 112. gr. laga nr. 74/1974 um meðferð opinberra mála. Er það krafa ákæruvaldsins, að hin kærða dómsátt verði úr gildi felld.

Samkvæmt dómsgerðum sakadóms Rangárvallasýslu, sem sendar voru Hæstarétti 4. febrúar 1992, var varnaraðila gert kunnugt um kröfu ákæruvaldsins 23. janúar 1992, og gerði hann grein fyrir viðhorfum sínum til hennar á dómþingi 29. s.m. Ber að skilja þau svo, að hann óski þess, að hin kærða dómsátt verði látin óhögguð standa. Hann tekur þó fram, að aðstæður sínar hafi breyst, eftir að sáttin var gerð. Settur héraðsdómari í málinu hefur og sent Hæstarétti athugasemdir sínar, sbr. 2. mgr. 174. gr. laga nr. 74/1974.

Sunnudaginn 2. júní 1991 var ákærði á heimleið frá Seljavöllum undir Eyjafjöllum, þar sem hann hafði gist nóttina áður, þegar lögreglumenn stöðvuðu akstur hans á Suðurlandsvegi laust eftir hádegið við Djúpadal í Hvolhreppi. Var ástæða þess sú, að hann ók yfir lögmæltum hámarkshraða. Við rannsókn fundust merki um áfengisáhrif í blóði hans. Ákærði kvaðst ekki hafa neytt áfengis frá því kvöldið áður og ekki fundið til áfengisáhrifa við aksturinn, og skýrslur lögreglumanna gefa ekki til kynna, að hann hafi verið áberandi ölvaður. Svo stóð á fyrir ákærða, að hann hafði nýlega fengið starf við stjórn vinnuvéla, sem ökuréttindi þurfti til. Í athugasemdum héraðsdómara segir um hagi ákærða, að hann sé ungur og óráðinn og hafi áður átt erfitt uppdráttar að ýmsu leyti. Hafi verið litið til þess og starfsins við þá ákvörðun að svipta hann ekki ökuleyfi vegna akstursins í þetta sinn. Samkvæmt sakavottorði ákærða hefur hann tvívegis gengist undir dómsátt vegna brota á

ákvæðum umferðarlaga um skráningu og skoðun ökutækja, og með dómsátt 7. febrúar 1991 var hann sviptur ökuleyfi einn mánuð vegna aksturs á ólöglegum hraða.

Að öllu athuguðu er ekki unnt að líta svo á, að ákærði eigi sér svo sérstakar málsbætur, að réttlætanlegt sé að beita heimildarákvæði síðari málsliðar 1. mgr. 102. gr. umferðarlaga nr. 50/1987 við umfjöllun á verknaði hans. Var héraðsdómara þannig ekki rétt að ljúka máli þessu án þess að svipta hann ökuréttindum tiltekinn tíma vegna þess brots á 1., sbr. 2. mgr. 45. gr. umferðarlaga, sem sannað er í málinu. Ber því að fella hina kærðu dómsátt úr gildi á grundvelli 6. mgr. 112. gr. laga um meðferð opinberra mála, eins og krafist er af hálfu ákæruvaldsins.

Dómsorð:

Hin kærða dómsátt er úr gildi felld.

Endurrit úr sakadómsbók Rangárvallasýslu.

Ár 1991, mánudaginn 18. nóvember, er sakadómur Rangárvallasýslu settur að Hlíðarvegi 4 á Hvolsvelli og þar haldinn af settum héraðsdómara, Margréti Heinreksdóttur, með undirrituðum votti.

Fyrir er tekið mál nr. 18/1991: Rannsókn í tilefni af kæru um umferðarlagabrot á hendur Guðmundi Max Jónssyni.

Dómari leggur fram eftirtalin skjöl í frumriti:

nr. 1, bréf fulltrúa sýslumanns,

nr. 2, skjalaskrá.

Fyrir dómi er mættur kærði, áminntur um sannsögli.

Nafn: Guðmundur Max Jónsson.

Stétt eða atvinna: vélamaður.

Heimili: Freyvangi 3, Hellu.

Fæðingardagur: 151069-5769.

Fæðingarstaður: Selfossi.

Gætt er ákvæða 2. mgr. 77. gr. laga nr. 74/1974.

Kærði játar, að efni kærunnar sé rétt, og kannast við ofangreint brot sitt. Hann hafi sunnudaginn 2.6.1991 ekið bifreiðinni GG-442 undir áhrifum áfengis, svo sem segi í kæru.

Hann samþykkir að greiða 15.000 kr. í sekt til ríkissjóðs til að sleppa við málsókn út af brotinu, sem varðar við 1. mgr., sbr. 2. mgr. 45. gr., sbr. 1. mgr. 100. gr. umfl. nr. 50/1987.

Alkóhól í blóði reyndist vera 0,77‰.

Sektin greiðist fyrir 16.12.1991, en ella sæti kærði varðhaldi sex daga.

Málskostnaður, 5.672 kr., greiðist embætti sýslumanns fyrir sama tíma.

Rétt þykir með hliðsjón af högum kærða og sakavottorði að beita heimild 1. mgr. 102. gr. laga nr. 50/1987 til að sleppa sviptingu ökuleyfis að þessu sinni.

Framangreint brot hefur ítrekunarverkun á síðara brot, sbr. 71. gr. l. nr. 19, 1940.

Dómari lét málsókn falla niður.

Miðvikudaginn 12. febrúar 1992.

Nr. 516/1991. **Ákæruvaldið**

gegn

Helga Bjarna Óskarssyni.

Kærumál. Dómsátt úr gildi felld. Bifreiðar.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Þór Vilhjálmsson, Garðar Gíslason og Hjörtur Torfason.

Ríkissaksóknari hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með kæru 23. desember 1991 samkvæmt heimild í 6. mgr. 112. gr. laga nr. 74/1974 um meðferð opinberra mála. Er það krafa ákæruvaldsins, að hin kærða dómsátt verði úr gildi felld.

Samkvæmt dómsgerðum sakadóms Rangárvallasýslu, sem sendar voru Hæstarétti 4. febrúar 1992, var varnaraðila gert kunnugt um kröfu ákæruvaldsins 23. janúar 1992. Gerði hann grein fyrir viðhorfum sínum til hennar á dómþingi 29. s.m., þar sem hann fór þess á leit, að hin kærða dómsátt yrði látin óhögguð standa. Settur héraðsdómari í málinu hefur og sent Hæstarétti athugasemdir sínar, sbr. 2. mgr. 174. gr. laga nr. 74/1974.

Sunnudaginn 7. júlí 1991 var ákærði á heimleið úr helgarferð í Þórsmörk, þegar lögreglumenn komu að bifreið hans utan vegarslóða við Jökulsá vestan lónsins. Var ákærði sofandi í aftursæti bifreiðarinnar og virtist áberandi ölvaður, er lögreglumenn tóku hann tali. Hann kvaðst vera að bíða eftir eiginkonu sinni, sem myndi aka bifreiðinni heim. Sjálfur hefði hann fengið far yfir lónið skömmu áður að bifreiðinni, þar sem hann hefði skilið hana eftir á leið þeirra í Þórsmörk, og síðan ekið henni nokkurn spöl til að koma henni yfir ársprænur, sem væru tiltölulega vatnsmiklar, í því skyni að greiða fyrir akstri eiginkonu sinnar. Ákærði kvaðst ekki hafa neytt áfengis um morguninn, áður en hann hreyfði bifreiðina, og ekki fundið til áfengisáhrifa við aksturinn. Hins vegar hefði hann hresst sig á áfengisblöndu, sem var í bifreiðinni, áður en hann lagðist þar til svefns. Fram hefur komið um hagi ákærða, að hann þurfi mjög á bifreið að halda í atvinnurekstri sínum. Samkvæmt sakavottorði ákærða hefur hann ekki gerst brotlegur við umferðarlög síðan á árinu 1978.

Á það má fallast með héraðsdómara, að líklegt sé, að ákærði hafi ekki stofnað öðrum í hættu með akstri bifreiðarinnar á þessum stað og að taka megi mark á þeirri staðhæfingu hans, að hann hafi ekki ætlað að aka lengra sjálfur. Þrátt fyrir það verður ákærði ekki talinn eiga sér svo sérstakar málsbætur, að réttlætanlegt sé að beita heimildarákvæði síðari málsliðar 1. mgr. 102. gr. umferðarlaga nr. 50/1987 við umfjöllun á verknaði hans. Var héraðsdómara þannig ekki rétt að ljúka máli þessu án þess að svipta hann ökuréttindum tiltekinn tíma vegna þess brots á 1., sbr. 2. mgr. 45. gr. umferðarlaga, sem sannað er í málinu. Ber því að fella hina kærðu dómsátt úr gildi á grundvelli 6. mgr. 112. gr. laga um meðferð opinberra mála, eins og krafist er af hálfu ákæruvaldsins.

Dómsorð:

Hin kærða dómsátt er úr gildi felld.

Endurrit úr sakadómsbók Rangárvallasýslu.

Ár 1991, mánudaginn 18. nóvember, er sakadómur Rangárvallasýslu settur að Hlíðarvegi 4 á Hvolsvelli og þar haldinn af settum héraðsdómara, Margréti Heinreksdóttur, með undirrituðum votti.

Fyrir er tekið mál nr. 17/1991: Rannsókn í tilefni af kæru um umferðarlagabrot á hendur Helga B. Óskarssyni.

Dómari leggur fram eftirtalin skjöl í frumriti:

nr. 1, bréf fulltrúa sýslumanns,

nr. 2, skjalaskrá.

Fyrir dómi er mættur kærði, áminntur um sannsögli.

Nafn: Helgi Bjarni Óskarsson.

Stétt eða atvinna: kaupmaður.

Heimili: Freyvangi 17, Hellu.

Fæðingardagur: 180255-2819.

Fæðingarstaður: Hellu, Rangárvallasýslu.

Gætt er ákvæða 2. mgr. 77. gr. laga nr. 74/1974.

Kærði játar, að efni kærunnar sé rétt, og kannast við ofangreint brot sitt. Hann hafi ekið bifreiðinni R-60784 sunnudaginn 7.7.1991 u.þ.b. 1 km vegalengd yfir 2-3 lækjarsprungur (sic), hafandi drukkið áfengi til kl. 2.00 þá um nóttina. Hann hafi síðan lagt bifreiðinni utan vegar, drukkið áfengisblöndu, sem þar var, og lagst til svefns, meðan hann beið eftir konu sinni, sem ætlaði að aka bifreiðinni heim.

Hann samþykkir að greiða 17.000 kr. í sekt til ríkissjóðs til að sleppa við málsókn út af brotinu, sem varðar við 1. mgr., sbr. 2. mgr. 45. gr., sbr. 1. mgr. 100. gr. laga nr. 50/1987.

Alkóhól í blóði kærða reyndist vera 0,95‰.

Sektin greiðist fyrir 16.12.1991, en ella sæti kærði í hennar stað varðhaldi sjö daga.

Málskostnaður, 8.114 kr., greiðist fyrir sama tíma.

Með hliðsjón af aðstæðum kærða og sakavottorði þykir rétt að beita heimild 1. mgr. 102. gr. laga nr. 50/1987 til að sleppa sviptingu ökuréttinda að þessu sinni.

Framangreint brot hefur ítrekunarverkun á síðara brot, sbr. 71. gr. l. nr. 19, 1940.

Dómari lét málsókn falla niður.

Miðvikudaginn 12. febrúar 1992.

Nr. 63/1992. **Ákæruvaldið**

gegn

Steinari Þór Guðjónssyni.

Kærumál. Dómarar. Hæfi dómara.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Þór Vilhjálmsson, Garðar Gíslason og Hjörtur Torfason.

Með leyfi ríkissaksóknara og heimild í 1. tölulið 171. gr. laga nr. 74/1974 um meðferð opinberra mála hefur varnaraðili kært til Hæstaréttar úrskurð, sem kveðinn var upp í sakadómi Reykjavíkur 6. febrúar 1992. Er þar hafnað kröfu um, að yfirsakadómari og fulltrúar hans teljist vanhæfir til að fara með mál þetta.

Varnaraðili krefst þess, að yfirsakadómari víki sæti í málinu og málsvarnarlaun verði tildæmd í héraði og fyrir Hæstarétti.

Af hálfu ákæruvalds er krafist staðfestingar hins kærða úrskurðar.

Þegar aðalfulltrúi yfirsakadómara staðfesti bráðabirgðasviptingu ökuleyfis með úrskurði 17. október 1991, var það gert í sakadómi Reykjavíkur, enda um dómsathöfn að ræða samkvæmt 103. gr. umferðarlaga nr. 50/1987.

Með tilvísun til þessa og forsendna úrskurðarins ber að staðfesta hann. Ákvörðun um málsvarnarlaun bíður málslykta.

D ó m s o r ð:

Hinn kærði úrskurður er staðfestur.

Úrskurður sakadóms Reykjavíkur 6. febrúar 1992.

Ár 1992, fimmtudaginn 6. febrúar, var á dómþingi sakadóms Reykjavíkur, sem háð var í Borgartúni 7 af Gunnlaugi Briem yfirsakadómara, kveðinn upp úrskurður þessi í sakadómsmálinu: Ákæruvaldið gegn Steinari Þór Guðjónssyni.

Hilmar Ingimundarson hæstaréttarlögmaður hefur í þinghaldi 31. f.m. gert þá kröfu f.h. ákærða, að yfirsakadómari og þar með fulltrúar hans víki sæti í máli þessu, og er í því efni vísað til 7. tl. 36. gr. laga nr. 85,

1936, sbr. 2. mgr. 15. gr. laga nr. 74, 1974, eins og þau ákvæði verða skýrð með hliðsjón af 6. gr. mannréttindasáttmála Evrópu, sbr. auglýsingu nr. 11, 1954.

Er krafa þessi áréttuð í greinargerð lögmannsins, dagsettri 4. þ.m., með vísan til framangreindra ákvæða og að auki gerð krafa um, að málsvarnarlaun verði tildæmd.

Í greinargerðinni segir á þessa leið: „Ákærði byggir kröfu sína á því, að yfirsakadómarinn í Reykjavík svo og fulltrúar hans teljist vanhæfir að fjalla um málið vegna fyrri afskipta aðalfulltrúa yfirsakadómarans í málinu fyrir útgáfu ákæru.

Ákærði telur, að við uppkvaðningu úrskurðar í málinu, dags. 17. október 1991, hafi fulltrúinn, sem vann að málinu á ábyrgð yfirsakadómarans, tekið slíka efnislega afstöðu, að ekki samrýmist því, að yfirsakadómarinn eða fulltrúar hans fari með málið eftir útgáfu ákæru.

Í þessu sambandi bendir ákærði á, að þannig var brugðist við kröfu hans þess efnis, að bráðabirgðaökuleyfissvipting yrði felld úr gildi, að fulltrúinn bókaði: „Dómarinn gerir kærða og lögmanni hans ljóst, að hann muni ekki verða við fram kominni kröfu.“ Krafist var þá úrskurðar um þessa synjun. Í framhaldi af því var síðan kveðinn upp úrskurður, þar sem fulltrúinn reisir niðurstöður sínar á efnislegum atriðum, svo sem að í máli þessu liggi fyrir játning kærða um akstur bifreiðarinnar R-26071 að undangenginni neyslu áfengis.

Ákærður telur því, að hætta sé á því, að yfirsakadómarinn og fulltrúar hans geti eigi litið óhlutdrægt á málavöxtu. Verði því að telja þá vanhæfa að fjalla þannig efnislega um málið eftir útgáfu ákæru, og beri því yfirsakadómaranum að víkja sæti í málinu.“ Í þessu efni er vísað til framangreindra lagaákvæða.

Mál þetta barst dóminum frá lögreglustjóranum í Reykjavík með bréfi, dagsettu 26. ágúst á fyrra ári, og fól yfirsakadómari Júlíusi B. Georgssyni aðalfulltrúa það til meðferðar.

Samkvæmt lögregluskýrslu í málinu hafði ákærði verið stöðvaður við akstur bifreiðarinnar R-26071 hér í borginni aðfaranótt 28. janúar á fyrra ári, og lá fyrir grunur um, að hann væri með áfengisáhrifum. Ákærða var tekið blóðsýni, og samkvæmt gögnum frá lögreglu var alkóhólmagn í því 2,73‰. Framburður ákærða hjá lögreglu 12. febrúar var á þessa leið:

„Mér hefur verið kynnt sakarefnið, og er mér kunnugt um það, hvað mig varðar. Ég var við áfengisdrykkju í Bjórhöllinni umrætt kvöld og drakk töluvert mikið, svo að ég varð nokkuð ölvaður. Ekki hefði komið til, að ég færi að aka bifreið í því ástandi, sem ég var, nema vegna skertrar dómgreindar vegna umræddrar áfengisneyslu. Ég geri mér ekki grein fyrir

því, hvert ég var að fara, þegar lögreglan hafði af mér afskipti, en líklegast hef ég verið á leiðinni til kunningja míns. Annað hef ég ekki um málið að segja."

Lögreglustjóri svipti ákærða ökuleyfi til bráðabirgða 20. ágúst.

Júlíus Georgsson aðalfulltrúi kvaddi ákærða fyrir dóm, og mætti hann 17. október með Hilmari Ingimundarsyni hrl. Aðalfulltrúinn gaf ákærða kost á að ljúka málinu með dómsátt, þ.e. greiðslu hæfilegrar sektar, og til að sæta sviptingu ökuleyfis tólf mánuði. Ákærði kvaðst ekki hafa fundið til áfengisáhrifa við aksturinn og hafnaði sáttaboðinu. Sagði hann, að það kæmi sér á óvart, hversu mikill vínandi hefði reynst í blóði sínu, og fengi það ekki staðist miðað við það, að þá hefði útlit hans og önnur einkenni átt að vera á allt annan veg en fram komi í skýrslu varðstjóra. Hlyti blóðsýni úr sér að hafa misfarist í meðferð eða skráningu, þar sem alkóhólmagnið í því væri óeðlilega hátt miðað við áfengisáhrif þau, sem hann fann fyrir. Hann krafðist þess jafnframt, að bráðabirgðasvipting ökuleyfis, sem lögreglustjórinn í Reykjavík hefði ákvarðað sér 20. ágúst, yrði felld úr gildi.

Aðalfulltrúinn vildi ekki á það fallast, og krafðist ákærði úrskurðar um synjunina. Kvað aðalfulltrúinn samdægurs upp úrskurð, þar sem hann hafnaði kröfu ákærða. Ákærði skaut úrskurðinum til Hæstaréttar Íslands, sem felldi úrskurðinn úr gildi með dómi 30. sama mánaðar. Aðalfulltrúinn endursendi lögreglustjóranum í Reykjavík málskjölin með bréfi, dagsettu daginn eftir, og gat þess þar, að ákærði hafnaði dómsátt. Að frumkvæði embættis lögreglustjóra fór fram frekari rannsókn í málinu hjá embættinu dagana 14. og 19. nóvember án beiðni eða afskipta dómsins, og mættu þrír lögreglumenn til skýrslugjafar. Einnig voru lögð fram þrjú vottorð um blóðsýnatökur, vottorð frá Rannsóknastofu háskólans um móttöku á blóðsýnum og vottorð um beiðni um töku blóðsýna og niðurstöðu þeirra. Lögreglustjóri sendi málið síðan ríkissaksóknara með bréfi, dagsettu 25. nóvember, og gaf ríkissaksóknari út ákæru í því 29. s.m.

Yfirsakadómari hafði engin afskipti af málinu, meðan á meðferð aðalfulltrúans á því stóð, og var ókunnugt um hana, þar til hann fékk framangreindan dóm Hæstaréttar í hendur. Eftir að aðalfulltrúinn fékk ákæruna í málinu, ræddi hann við yfirsakadómara og bað um að verða leystur frá meðferð þess vegna fyrri afskipta sinna af því. Yfirsakadómari féllst á beiðni aðalfulltrúans og fól Símoni Sigvaldasyni fulltrúa meðferð málsins. Þingfesti hann málið 6. desember á fyrra ári.

Yfirsakadómari lítur svo á samkvæmt því, sem nú hefur verið rakið, að engin rök séu til þess að telja, að framangreindar aðgerðir valdi vanhæfi sínu til að fara með mál þetta, og þar með, að fulltrúar sínir verði vanhæfir til þess. Verður krafa ákærða því ekki tekin til greina.

Úrskurðarorð:

Kröfu Hilmars Ingimundarsonar hrl. f.h. ákærða, Steinars Þórs Guðjónssonar, um, að yfirsakadómari og þar með fulltrúar hans skuli taldir vanhæfir til að fara með mál þetta, er hafnað.

Málsvarnarlaun verða ekki tildæmd á þessu stigi málsins, og bíður ákvörðun um þau efnisdóms í málinu.

Miðvikudaginn 12. febrúar 1992.

Nr. 296/1991. **Ákæruvaldið**
(Bragi Steinarsson vararíkissaksóknari)
gegn
Pétri Hauki Guðmundssyni
(Valgeir Kristinsson hrl.).

Bifreiðar. Umferðarlög. Ökuhraði.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Þór Vilhjálmsson, Garðar Gíslason og Hjörtur Torfason.

Ríkissaksóknari hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 1. júlí 1991 að ósk dómfellda og einnig af hálfu ákæruvaldsins. Ákæruvaldið krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms að öðru leyti en því, að fésekt verði hækkuð. Þá verði ákærði dæmdur til greiðslu alls áfrýjunarkostnaðar, þar með talin saksóknarlaun til ríkissjóðs.

Af hálfu ákærða er þess krafist aðallega, að málinu verði vísað frá sakadómi, en til vara, að hinum áfrýjaða dómi verði hrundið og hann verði sýknaður af öllum kröfum ákæruvaldsins. Þess er og krafist, að skipuðum verjanda verði tildæmd málsvarnarlaun.

Engir formgallar eru á ákæru eða meðferð málsins, er leiða eiga til frávísunar þess frá sakadómi.

Þegar ökuhraði bifreiðar ákærða var mældur með ratsjá úr lögreglubifreiðinni, sem var á ferð, sýndi ratsjáin 101 km hraða miðað við klst. Var bifreið ákærða því stöðvuð. Þá sagði ákærði, að hann hefði talið sig vera á um 85 km hraða.

Tilgáta ákærða um, að mistök hafi átt sér stað við hraðamælinguna á þann hátt, að ratsjártækið hafi verið stillt miðað við kyrrstöðu lögreglubifreiðarinnar, hlýtur því að byggjast á þeirri forsendu, að henni hafi verið ekið á 15-16 km hraða. Í skýrslu lögreglumannanna er ekkert skráð um hraða lögreglubifreiðarinnar, en ekkert bendir til, að tilgáta ákærða fái staðist.

Með skírskotun til forsendna hins áfrýjaða dóms ber að staðfesta hann með þessari athugasemd.

Samkvæmt þessu verður ákærða gert að greiða áfrýjunarkostnað, eins og í dómsorði segir.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur er staðfestur.

Ákærði, Pétur Haukur Guðmundsson, greiði áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar á meðal saksóknarlaun í ríkissjóð, 35.000 krónur, og málsvarnarlaun skipaðs talsmanns síns fyrir Hæstarétti, Valgeirs Kristinssonar hæstaréttarlögmanns, 35.000 krónur.

Dómur sakadóms Reykjavíkur 16. maí 1991.

Ár 1991, fimmtudaginn 16. maí, er á dómþingi sakadóms Reykjavíkur, sem háð er í Borgartúni 7 af Símoni Sigvaldasyni fulltrúa, kveðinn upp dómur í sakadómsmálinu nr. 262/1991: Ákæruvaldið gegn Pétri Hauki Guðmundssyni, sem tekið var til dóms 6. maí sl.

Málið er höfðað með ákæruskjali ríkissaksóknara, dagsettu 10. desember sl., á hendur ákærða, Pétri Hauki Guðmundssyni, til lögheimilis að Svalbarða 3, Hafnarfirði, en með dvalarstað að Einarsnesi 40, Reykjavík, kt. 060748-4899, „fyrir að aka að kvöldi sunnudags 12. ágúst 1990 bifreiðinni R-76966 vestur Ártúnsbrekku í Reykjavík með allt að 110 kílómetra hraða miðað við klukkustund eftir vegarkafla við Elliðaár.

Telst þetta varða við 1. mgr. 37. gr., sbr. 1. mgr. 100. gr. umferðarlaga nr. 50, 1987, og 23. gr. lögreglusamþykktar fyrir Reykjavík, nr. 625, 1987.

Þess er krafist, að ákærði verði dæmdur til refsingar og til greiðslu alls sakarkostnaðar".

Málavextir.

Sunnudaginn 12. ágúst 1990 um kl. 23.35 ók ökumaður bifreiðarinnar R-76966 vestur Ártúnsbrekku í Reykjavík. Veitti lögreglan eftirtekt bifreiðinni og mældi hraða hennar með ratsjá úr lögreglubifreið 202, sem ekið var austur Miklubraut í Ártúnsbrekku. Mældist hraði bifreiðarinnar R-76966 samkvæmt ratsjármælingunni 101 km m.v. klst. Var akstur bifreiðarinnar stöðvaður og haft tal af ökumanni. Í Ártúnsbrekku, þar sem mæling fór fram, er heimilaður hámarkshraði 60 km m.v. klukkustund.

Í frumskýrslu lögreglu er skráð, að í viðtölum við ákærða hafi hann talið sig hafa ekið á um 85 kílómetra hraða m.v. klst., en að hann hefði aukið hraða bifreiðarinnar til að liðka um fyrir umferð. Í framburðarskýrslu ákærða hjá lögreglu sama dag er skráð: „Mætti kvaðst ekki í sjálfu sér geta rengt þessa mælingu, en taldi möguleika á, að þessum hraða hefði hann náð í mjög stuttan tíma, er hann jók hraðann við að færa sig milli akreina."

Ákærða var boðið að ljúka málinu með dómsátt í sakadómi Reykjavíkur 15. október 1990, en því hafnaði hann.

Þeir lögreglumenn, er stöðvuðu akstur ákærða 12. ágúst 1990, voru kvaddir til skýrslutöku hjá lögreglu 13. nóvember 1990. Skýrðu þeir frá því, að umræddan dag hefði bifreið ákærða verið ekið fremst bifreiða vestur Ártúnsbrekku, þá er mæling fór fram, og hefði henni þar sýnilega verið ekið með mestum hraða. Lögreglumennirnir skýrðu frá því, að þá er bifreið ákærða hefði komið inn í ratsjárgeislann, hefði ratsjármælitækið sýnt 101 km hraða m.v. klst. Lögreglumennirnir kváðust þess fullvissir, að engar aðrar bifreiðar hefðu getað haft áhrif á mælinguna, þar sem bifreið ákærða hefði verið langt á undan öðrum bifreiðum.

Fyrir dómi skýrði ákærði frá því, að hann hefði ekið bifreiðinni R-76966 vestur Ártúnsbrekku í Reykjavík sunnudaginn 12. ágúst 1990. Ákærði kvaðst hafa ekið bifreiðinni á vinstri akrein, þar til komið hefði verið að efri innkeyrslu að Nesti í Ártúnsbrekku, en þá hefði hann ekið yfir á hægri akrein. Kvaðst ákærði hafa ekið eftir hægri akrein niður í miðja brekkuna, þar til bifreið hefði komið af afrein frá hægri, en þá hefði hann fært bifreiðina yfir á vinstri akrein til að liðka um fyrir umferð. Ákærði kvaðst hafa litið snöggt á hraðamæli bifreiðarinnar, þegar hann veitti athygli stöðvunarmerki lögreglu, en það kvað ákærði hafa verið, er hann hefði sveigt af hægri yfir á vinstri akrein. Kvað ákærði hraðamæli bifreiðarinnar þá hafa sýnt 80 km m.v. klst. Ákærði bar fyrir dómi, að sá möguleiki væri hugsanlegur, að hraði bifreiðarinnar hefði þá ef til vill minnkað, frá því er hann hefði haft akreinaskipti.

Fram kom hjá ákærða fyrir dómi, að stálþil, svonefnt akrið, væri á milli akreina í Ártúnsbrekku. Taldi hann, að þil þetta hefði verið í sjónlínu bifreiðar sinnar og lögreglubifreiðarinnar og hefði getað haft áhrif á ratsjármælinguna.

Fyrir dómi var ákærði spurður út í framburð sinn hjá lögreglu 12. ágúst 1990, þar sem bókað var eftir honum, að hann rengdi ekki mælingu lögreglu 12. ágúst 1990 og að hann hefði náð „þessum hraða" í stuttan tíma, er hann jók hraðann við að færa sig á milli akreina. Kvaðst ákærði í framburði sínum hafa verið að vísa til þess, að hann æki þessa leið að jafnaði á 60 til 80 km hraða m.v. klst. Í þessum orðum hefði ekki verið fólgin játning á hraðamælingu lögreglu.

Fyrir dóminn hafa verið kvödd nokkur vitni. Eru það lögreglumenn þeir, er afskipti höfðu af akstri ákærða 12. ágúst 1990. Þá kom fyrir dóm Gunnar Sigurðsson lögreglumaður, er tók af ákærða framburðarskýrslu sama dag. Einnig komu fyrir dóminn tveir farþegar, er voru í bifreið ákærða, þá er mæling fór fram. Að lokum kom fyrir dóminn Haraldur Sigurðsson, yfirverkfræðingur hjá Pósti og síma, sérfræðingur um gerð

ratsjármælitækja. Verður nú gerð grein fyrir framburði ofangreindra vitna.

Vitnið Erlendur Jónsson var annar þeirra tveggja lögreglumanna, er afskipti höfðu af akstri ákærða. Fyrir dómi kvaðst vitnið muna glögglega eftir því, er bifreið ákærða hefði verið stöðvuð vegna of hraðs aksturs í Ártúnsbrekku. Hefði lögreglan veitt eftirtekt bifreið ákærða, þar sem henni hefði verið ekið vestur Miklubraut, og hefði hún þar farið fremst í flokki bifreiða. Hefði hraði bifreiðarinnar mælst 101 km m.v. klst. Vitnið kvað bifreið ákærða hafa verið komna niður fyrir akrið í Ártúnsbrekku, þá er mæling fór fram. Á þeim tíma hefði lögreglubifreiðin verið komin yfir Elliðaárbrýr á austurleið. Vitnið kvað aðstæður á mælingarstað hafa verið góðar, þó hefði verið skýjað og einhver dumbungur yfir. Vitnið skýrði frá því, að það hefði verið ökumaður lögreglubifreiðarinnar, þá er mæling fór fram, en lögreglumaðurinn Páll Magnússon hefði stjórnað ratsjármælitækinu. Að mælingu lokinni hefði bifreið ákærða verið stöðvuð og honum tjáður mældur hraði. Vitnið var innt eftir því, hvort akrið á Miklubraut hefði verið í sjónlínu á milli lögreglubifreiðarinnar og bifreiðar ákærða, þá er mæling fór fram, og kvaðst vitnið þess fullvisst, að svo hefði ekki verið.

Vitnið kom aftur fyrir dóm 28. febrúar 1991. Var vitnið þá beðið að gera nánari grein fyrir staðsetningu bifreiðar ákærða, þá er mæling fór fram, svo og staðsetningu lögreglubifreiðarinnar á sama tíma. Vitnið merkti staði bifreiðanna inn á uppdrátt af vettvangi.

Páll Magnússon lögreglumaður kom fyrir dóm 12. febrúar 1991. Framburður vitnisins var um atvik samhljóða framburði lögreglumannsins Erlends Jónssonar. Vitnið gerði nánari grein fyrir staðsetningu bifreiðar ákærða, er mæling fór fram, og kvað hana hafa verið stadda rétt ofan við afrein frá Bíldshöfða, er ákærði hefði sveigt yfir á vinstri akrein. Vitnið skýrði frá því, að akrið á vegi hefði ekki verið í sjónlínu á milli bifreiðar ákærða og lögreglubifreiðarinnar við mælinguna, og hefði engin bifreið verið nálægt bifreið ákærða, er áhrif gat haft á mælinguna.

Vitnið gerði grein fyrir því, að ratsjármælitækið mældi bifreiðar ýmist með því, að lögreglubifreiðin væri kyrrstæð eða á ferð. Væri takki á ratsjármælitækinu, er væri notaður til að skipta þar á milli. Vitnið kvaðst þess fullvisst, að ratsjáin hefði verið stillt miðað við, að lögreglubifreiðin væri á ferð, þá er mæling fór fram umræddan dag. Vitnið kvaðst á þessum tíma ekki hafa lokið námskeiði í meðferð ratsjártækja, en hefði þó starfað töluvert við mælingar fyrir þann tíma.

Vitnið Gunnar Sigurðsson lögreglumaður hefur komið fyrir dóminn til skýrslugjafar, en það skráði framburð ákærða í lögregluskýrslu á lögreglustöð. Vitnið kvaðst ekki muna sérstaklega eftir málinu. Vitnið staðfesti fyrir dómi rétt skráð efni framburðarskýrslu ákærða á lögreglustöð.

Fyrir dóm hafa komið vitnin Ásmundur Daníelsson og Ásdís Elfa Pétursdóttir, en þau voru farþegar í bifreið ákærða, þá er hraðamæling lögreglu fór fram. Fram kom við yfirheyrslur yfir vitnunum, að þau mundu óglöggt eftir atvikum umræddan dag og kváðust ekki geta gert sér grein fyrir hraða ákærða, þar sem þau hefðu ekki litið á hraðamæli bifreiðarinnar. Þá gátu vitnin ekki gert grein fyrir staðsetningu annarra bifreiða í Ártúnsbrekku, þá er ákærði ók þar um 12. ágúst 1990, áður en lögregla hafði afskipti af honum.

Loks kom fyrir dóminn Haraldur Sigurðsson, yfirverkfræðingur hjá Pósti og síma, sérfræðingur um gerð og útbúnað ratsjármælitækja. Vitnið gerði grein fyrir því, hvernig ratsjármælitæki lögreglunnar starfa við aðstæður líkar þeim, þá er mæling lögreglunnar fór fram í Ártúnsbrekku 12. ágúst 1990. Vitnið kvað akrið á vegi ekki trufla mælingu lögreglu nema þá þannig, að ratsjárgeisli endurkastaðist af akriðinu, en við það sýndi mælitækið engan mældan hraða. Ef ratsjáin hefði mælt hraða bifreiðar ákærða á 101 km m.v. klst., þá væri það sá hraði, sem leggja bæri til grundvallar með tilliti til skekkjumarka í mælingu ratsjárinnar.

Vitnið kvað ratsjármælitækið starfa með þeim hætti, að það mældi hraða bifreiða ýmist með því, að lögreglubifreiðin væri í kyrrstöðu eða á hreyfingu. Væri þá notaður sérstakur takki á ratsjármælitækinu, er væri stilltur miðað við það, hvort lögreglubifreiðin væri kyrrstæð eða á ferð. Ef mælitækið væri stillt með þeim hætti, að mæla ætti úr kyrrstæðri lögreglubifreið, en hún væri engu að síður á ferð, þá legði ratsjármælitækið saman hraða lögreglubifreiðarinnar og hraða þeirrar bifreiðar, er ratsjárgeislinn næmi. Þá gerði vitnið grein fyrir því, að þættir eins og útleiðsla í lögreglubifreið og háspennulínur gætu haft áhrif á ratsjármælitæki, en þá með þeim hætti, að mælitækið yrði óvirkt, og kæmi þá enginn fastur aflestur.

Dómarinn hefur gengið á vettvang og kannað aðstæður.

Niðurstöður.

Í ákæruskjali er ranglega farið með hraða bifreiðar ákærða, en þar á hann réttilega að vera skráður 101 km hraði m.v. klst., og er það í samræmi við önnur gögn málsins. Um er að ræða augljósa ritvillu, og þykir þetta misræmi eigi koma í veg fyrir, að efnisdómur verði lagður á málið, sbr. 3. mgr. 118. gr. laga nr. 74, 1974, og er frávísunarkröfu lögmanns ákærða því hafnað.

Svo sem fram kemur hér að framan, gætir verulegs ósamræmis í framburði ákærða annars vegar og framburði lögreglumannanna tveggja hins vegar um það, hver hraði ákærða hafi verið, þá er lögregla hafði afskipti af akstri hans í Ártúnsbrekku. Við meðferð málsins hefur ákærði haldið

því fram, að hann hafi ekki ekið hraðar en á 80 km hraða m.v. klst. Fram hefur komið í máli lögreglumannanna hins vegar, að ákærði hafi mælst á 101 km hraða. Er framburður lögreglumannanna í veigamiklum atriðum samhljóða og ekkert það fram komið, sem veikir hann. Verður hann því lagður til grundvallar.

Ekkert er fram komið í málinu, sem veikir hraðamælingu lögreglu. Fram hefur komið, að lögregla hafi mælt hraða bifreiðar ákærða 101 km m.v. klst., og er sú mæling færð í dagbók lögreglunnar, en ljósrit úr henni liggur frammi í málinu. Þar kemur einnig fram, að ratsjáin hafi verið prófuð fyrir og eftir mælingu, og er dagbókin undirrituð af báðum lögreglumönnunum. Þá þykir framburður ákærða hjá lögreglu vandskýrður með öðrum hætti en svo, að hann hafi viðurkennt mældan hraða lögreglu, þrátt fyrir það að hann hafi fyrir dómi talið sig hafa verið að vísa til þess, hve hratt hann æki þessa leið yfirleitt.

Með vísan til þess, sem að framan er rakið, svo og framburðar vitnisins Haralds Sigurðssonar, yfirverkfræðings hjá Pósti og síma, telst sannað þrátt fyrir neitun ákærða, að hann hafi ekið bifreiðinni R-76966 vestur Miklubraut í Ártúnsbrekku að kvöldi sunnudagsins 12. ágúst 1990 með allt að 101 km hraða m.v. klst. Með þessum hraðakstri braut ákærði gegn 1. mgr. 37. gr. umferðarlaga nr. 50, 1987, og 23. gr. lögreglusamþykktar fyrir Reykjavík nr. 625, 1987.

Samkvæmt sakavottorði ákærða hefur hann sætt refsingum sem hér segir:

1968 6/5 Árnessýsla. Sátt: 300 kr. sekt f. brot g. umfl.

1968 3/10 Árnessýsla. Sátt: 4.000 kr. sekt f. brot g. 2., sbr. 3. mgr. 25. gr umfl. og 1. mgr. 24. gr. áfl. Sviptur ökul. 6 mán. frá 3.10.'68.

Ákærði hefur með greindri háttsemi unnið sér til refsingar samkvæmt 1. mgr. 100. gr. umferðarlaga, og þykir refsingin samkvæmt því, er að framan greinir, hæfilega ákveðin 9.000 króna sekt til ríkissjóðs. Ákveðst vararefsing sektarinnar þriggja daga varðhald, verði hún ekki greidd innan fjögurra vikna frá uppkvaðningu dómsins.

Loks ber að dæma ákærða til greiðslu alls sakarkostnaðar, þar með talinna málsvarnarlauna skipaðs verjanda síns, Valgeirs Kristinssonar hæstaréttarlögmanns, sem þykja hæfilega ákveðin 40.000 kr.

Dómsorð:

Ákærði, Pétur Haukur Guðmundsson, greiði 9.000 króna sekt til ríkissjóðs, og komi í stað sektarinnar varðhald þrjá daga, verði hún ekki greidd innan fjögurra vikna frá uppkvaðningu dómsins.

Ákærði greiði allan sakarkostnað, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Valgeirs Kristinssonar hæstaréttarlögmanns, 40.000 kr.

Miðvikudaginn 12. febrúar 1992.

Nr. 480/1991. **Ákæruvaldið**
(Bragi Steinarsson vararíkissaksóknari)
gegn
Vilhjálmi Thomas
(Páll Arnór Pálsson hrl.).

Bifreiðar. Umferðarlög. Akstur án ökuréttinda.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Þór Vilhjálmsson, Garðar Gíslason og Hjörtur Torfason.

Ríkissaksóknari áfrýjaði héraðsdómi til Hæstaréttar með stefnu 28. október 1991 að ósk ákærða. Er krafist staðfestingar dómsins og greiðslu áfrýjunarkostnaðar.

Af hálfu ákærða er krafist vægustu refsingar, sem lög leyfa, svo og þess, að skipuðum verjanda verði tildæmd málsvarnarlaun.

Eins og fram kemur í héraðsdómi, er sannað, að ákærði ók bifreið 17. júní á síðasta ári, þó að hann hefði verið sviptur ökuréttindum í tvö ár frá 23. ágúst 1989 að telja. Var svipting ákveðin með sátt í sakadómi 29. september 1989 vegna brots ákærða á 45. gr. umferðarlaga nr. 50/1987, en þetta lagaákvæði fjallar um akstur undir áfengisáhrifum. Þá gekkst ákærði undir sektargreiðslur með sáttum í sakadómi 9. nóvember 1990 og 10. janúar 1991. Í bæði skiptin var um að ræða brot á 48. gr. umferðarlaga, sem bannar akstur manna, sem ekki hafa ökuskírteini, sömu lagagrein og ákært er fyrir í þessu máli. Þar sem hér er um að ræða þriðja brot gegn þessu ákvæði, ber að staðfesta refsiákvæði hins áfrýjaða dóms.

Samkvæmt framansögðu verður héraðsdómur staðfestur og ákærða gert að greiða áfrýjunarkostnað, eins og segir í dómsorði.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur skal vera óraskaður.

Ákærði, Vilhjálmur Thomas, greiði áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, 30.000 krónur, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Páls Arnórs Pálssonar hæstaréttarlögmanns, 30.000 krónur.

Dómur sakadóms Reykjavíkur 10. október 1991.

Ár 1991, fimmtudaginn 10. október, er á dómþingi sakadóms Reykjavíkur, sem háð er í Borgartúni 7 af Símoni Sigvaldasyni fulltrúa, kveðinn upp dómur í sakadómsmálinu nr. 512/1991: Ákæruvaldið gegn Vilhjálmi Thomas, sem tekið var til dóms sama dag.

Málið er höfðað með ákæruskjali ríkissaksóknara, dagsettu 19. júlí sl., á hendur ákærða, Vilhjálmi Thomas, Unufelli 50, Reykjavík, kt. 110553-5369, „fyrir að aka mánudaginn 17. júní 1991, sviptur ökuréttindum, bifreiðinni Í-1485 suður Nóatún í Reykjavík, uns lögreglan stöðvaði akstur hans á móts við Stangarholt.

Telst þetta varða við 1. mgr. 48. gr., sbr. 1. mgr. 100. gr. umferðarlaga nr. 50, 1987.

Þess er krafist, að ákærði verði dæmdur til refsingar og til greiðslu alls sakarkostnaðar".

— — —

Með afdráttarlausri játningu ákærða og öðrum gögnum málsins er sannað, að ákærði hefur gerst sekur um þá háttsemi, er honum er gefin að sök í ákæruskjali og þar þykir rétt færð til refsiákvæða. Telst brot ákærða varða við 1. mgr. 48. gr. umferðarlaga nr. 50, 1987.

Samkvæmt sakavottorði ákærða hefur hann frá árinu 1980 til þessa dags tólf sinnum gengist undir dómsáttir vegna brota á lögum um ávana- og fíkniefni og umferðarlögum, nú síðast 10. janúar sl. í sakadómi Reykjavíkur fyrir brot gegn 1. mgr. 48. gr. nefndra umferðarlaga.

Ákærði hefur með greindri háttsemi unnið sér til refsingar samkvæmt 1. mgr. 100. gr. umferðarlaga. Með hliðsjón af sakaferli ákærða þykir refsingin hæfilega ákveðin 30 daga varðhald.

Dæma ber ákærða samkvæmt 1. mgr. 141. gr. laga um meðferð opinberra mála nr. 74, 1974, til greiðslu alls sakarkostnaðar.

Dómsorð:

Ákærði, Vilhjálmur Thomas, sæti varðhaldi 30 daga.

Ákærði greiði allan sakarkostnað.

Miðvikudaginn 12. febrúar 1992.

Nr. 474/1991. **Ákæruvaldið**
(Bragi Steinarsson vararíkissaksóknari)
gegn
Jóhannesi Þór Hilmarssyni
(Páll Arnór Pálsson hrl.).

Bifreiðar. Umferðarlög. Ökuhraði.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Þór Vilhjálmsson, Garðar Gíslason og Hjörtur Torfason.

Ríkissaksóknari hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar að ósk ákærða með stefnu 5. nóvember 1991. Af hálfu ákæruvaldsins er þess krafist, að hinn áfrýjaði dómur verði staðfestur, en ákærði fer fram á mildun refsingar.

Með ákvörðun lögreglustjórans í Reykjavík 31. ágúst 1990 var ákærði sviptur ökuréttindum til bráðabirgða samkvæmt 103. gr. umferðarlaga nr. 50/1987 vegna aksturs á bifhjóli á ólöglegum hraða. Mótmælti hann hraðamælingu lögreglunnar, en gerði ekki reka að því að krefjast dómsúrskurðar um sviptinguna. Málið var sent sakadómi Reykjavíkur, þar sem því var lokið með dómsátt 1. október 1990. Var ákvörðun lögreglustjóra þar staðfest og sviptingartími tiltekinn einn mánuður frá 31. ágúst, auk þess sem ákærði gekkst undir sekt. Hafði hann þá þegar verið staðinn að þeim akstri, sem mál þetta tekur til, hinn 27. september 1990.

Staðfesta ber ákvæði héraðsdóms um sakfellingu ákærða vegna brota hans og færslu þeirra til refsiákvæða.

Ákvæði umferðarlaga nr. 50/1987 um refsingar kveða ekki á um ítrekunaráhrif af brotum. Tilvísun héraðsdómara til 71. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940 varðandi refsingu ákærða á því ekki við.

Eins og rakið er í héraðsdómi, hefur ákærði, sem er 27 ára að aldri, alloft orðið sekur um brot gegn ákvæðum umferðarlaga um ökuhraða og sætt réttindasviptingu þeirra vegna svo og vegna aksturs undir áhrifum áfengis. Jafnframt hefur hann áður verið staðinn að akstri sviptur ökuréttindum, alls fjórum sinnum, og

leiddi síðasta brotið til varðhaldsrefsingar, sem hann afplánaði haustið 1991.

Refsingu ákærða í máli þessu ber að ákveða sem hegningarauka við fyrrgreinda dómsátt í sakadómi Reykjavíkur samkvæmt 78. gr. almennra hegningarlaga. Við ákvörðun hennar ber að líta til sakaferils ákærða, sbr. 5. tl. 1. mgr. 70. gr. sömu laga. Að öllu athuguðu telst refsingin hæfilega ákveðin varðhald 60 daga.

Staðfesta ber ákvæði hins áfrýjaða dóms um sakarkostnað í héraði.

Áfrýjandi greiði allan áfrýjunarkostnað málsins, eins og í dómsorði greinir.

Dómsorð:

Ákærði, Jóhannes Þór Hilmarsson, sæti varðhaldi 60 daga.

Ákvæði hins áfrýjaða dóms um sakarkostnað á að vera óraskað.

Ákærði greiði áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, 30.000 krónur, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Páls Arnórs Pálssonar hæstaréttarlögmanns, 30.000 krónur.

Dómur sakadóms Hafnarfjarðar 4. janúar 1991.

Ár 1991, föstudaginn 4. janúar, er á dómþingi sakadóms Hafnarfjarðar, sem háð er á skrifstofu dómsins, Strandgötu 31, Hafnarfirði, af Höllu Bachmann Ólafsdóttur héraðsdómara, kveðinn upp dómur í sakadómsmálinu nr. 2675/90: Ákæruvaldið gegn Jóhannesi Þór Hilmarssyni, sem tekið var til dóms 19. desember sl.

Mál þetta höfðaði ríkissaksóknari með ákæruskjali, dagsettu 5. desember 1990, gegn ákærða, Jóhannesi Þór Hilmarssyni verkamanni, til heimilis að Krókahrauni 4, Hafnarfirði, kt. 210464-5309, fæddum í Kópavogi, „fyrir að aka eftirgreindum bifreiðum fimmtudaginn 27. september 1990, sviptur ökuréttindum, úr Kópavogi til Reykjavíkur, svo sem hér segir:

1) Um kl. 16.40 bifreiðinni R-54046, en lögreglan stöðvaði akstur hans á Lönguhlíð.

2) Um kl. 20.20 bifreiðinni Y-14091, en lögreglan stöðvaði akstur hans á Grettisgötu.

Telst þetta varða við 1. mgr. 48. gr., sbr. 1. mgr. 100. gr. umferðarlaga nr. 50, 1987.

Þess er krafist, að ákærði verði dæmdur til refsingar og til greiðslu alls sakarkostnaðar".

— — —

Niðurstöður.

Með játningum ákærða, sem eru í samræmi við önnur gögn málsins, þykir vera sannað, að hann hafi gerst sekur um háttsemi þá, sem hann er ákærður fyrir. Varða brot hans við 1. mgr. 48. gr. laga nr. 50, 1987.

Samkvæmt sakavottorði ákærða hefur hann sætt eftirtöldum kærum og refsingum:

[Í sakav. eru tilgreindir tveir refsidómar og níu dómsáttir, allt vegna umferðarbrota, þ. á m. sátt 1. okt. 1990, en þá sættist ákærði á sviptingu ökuleyfis einn mánuð frá 31. ágúst 1990 að telja.]

Refsing ákærða.

Dómsáttin frá 28. maí 1986 og dómsáttin frá 13. mars 1987 ásamt dómi frá 24. september 1990 hafa ítrekunaráhrif samkvæmt 71. gr. almennra hegningarlaga á brot ákærða, sem hér er fjallað um, og verður honum dæmd refsing með tilliti til þess.

Ákærði hefur unnið sér til refsingar samkvæmt 1. mgr. 100. gr. umferðarlaga, og þykir hún hæfilega ákveðin með hliðsjón af 78. gr. almennra hegningarlaga 75 daga varðhald, en dómurinn er hegningarauki við dómsátt sakadóms Reykjavíkur frá 1. október sl.

Sakarkostnaður.

Loks ber að dæma ákærða til greiðslu alls sakarkostnaðar.

Dómsorð:

Ákærði, Jóhannes Þór Hilmarsson, sæti varðhaldi 75 daga.

Ákærði greiði allan sakarkostnað.

Fimmtudaginn 13. febrúar 1992.

Nr. 469/1991. **Jóhanna Tryggvadóttir persónulega og f.h. einkafirma hennar, Evrópuferða,**
gegn
Þorkatli Skúlasyni f.h. einkafirma hans, Endurskoðunarskrifstofu Þorkels Skúlasonar,
og gagnsök.

Frestur.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Guðrún Erlendsdóttir, Haraldur Henrysson og Pétur Kr. Hafstein.

Aðaláfrýjandi skaut máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 25. nóvember 1991 að fengnu áfrýjunarleyfi 14. sama mánaðar. Gagnáfrýjandi skaut málinu til Hæstaréttar með stefnu 19. desember 1991. Áfrýjað er dómi bæjarþings Kópavogs 15. mars 1991. Áfrýjunarstefnur í aðalsök og gagnsök voru þingfestar í Hæstarétti 8. janúar 1992, og voru málin þá sameinuð og frestað til 3. febrúar 1992. Er málið var tekið fyrir þann dag, óskaði aðaláfrýjandi eftir fresti til maí 1992. Þá krafðist hann málskostnaðar úr hendi gagnáfrýjanda.

Af hálfu gagnáfrýjanda hefur frestsbeiðninni verið mótmælt og þess krafist, að málinu verði frestað til 2. mars 1992.

Mótmæli sín byggir gagnáfrýjandi á því, að lengri frestur sé ónauðsynlegur. Hann hafi lýst því yfir við þingfestingu málsins, að hann myndi sjá um gerð ágrips í málinu, og muni hann leggja það fram ásamt dómsgerðum og greinargerð 2. mars n.k., og verði málið þá tilbúið til flutnings af sinni hálfu.

Í greinargerð aðaláfrýjanda kemur fram, að honum sé nauðsynlegt að fá frest til maímánaðar til að afla frekari gagna í málinu.

Aðaláfrýjandi hefur fengið eins mánaðar frest í málinu frá þingfestingu þess. Með hliðsjón af 41. gr. laga nr. 75/1973 um Hæstarétt Íslands er rétt að veita honum frest til reglulegs þingdags 4. maí 1992.

Málskostnaður verður ekki dæmdur í þessum þætti málsins.

Dómsorð:

Máli þessu er frestað til reglulegs þingdags 4. maí 1992.

Fimmtudaginn 13. febrúar 1992.

Nr. 470/1991. **Jóhanna Tryggvadóttir persónulega og f.h. sjálfseignarstofnunarinnar Heilsuræktarinnar Glæsibæ**

gegn

Þorkatli Skúlasyni f.h. einkafirma hans, Endurskoðunarskrifstofu Þorkels Skúlasonar,

og gagnsök.

Frestur.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Guðrún Erlendsdóttir, Haraldur Henrysson og Pétur Kr. Hafstein.

Aðaláfrýjandi skaut máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 25. nóvember 1991 að fengnu áfrýjunarleyfi 14. sama mánaðar. Gagnáfrýjandi skaut máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 19. desember 1991. Áfrýjað er dómi bæjarþings Kópavogs 15. mars 1991. Áfrýjunarstefnur í aðalsök og gagnsök voru þingfestar í Hæstarétti 8. janúar 1992, og voru málin þá sameinuð og frestað til 3. febrúar 1992. Er málið var tekið fyrir þann dag, óskaði aðaláfrýjandi eftir fresti til maí 1992. Þá krafðist hann málskostnaðar úr hendi gagnáfrýjanda.

Af hálfu gagnáfrýjanda hefur frestsbeiðninni verið mótmælt og þess krafist, að málinu verði frestað til 2. mars 1992.

Mótmæli sín byggir gagnáfrýjandi á því, að lengri frestur sé ónauðsynlegur. Hann hafi lýst því yfir við þingfestingu málsins, að hann myndi sjá um gerð ágrips í málinu, og muni hann leggja það fram ásamt dómsgerðum og greinargerð 2. mars n.k., og verði málið þá tilbúið til flutnings af sinni hálfu.

Í greinargerð aðaláfrýjanda kemur fram, að honum sé nauðsynlegt að fá frest til maímánaðar til að afla frekari gagna í málinu.

Aðaláfrýjandi hefur fengið eins mánaðar frest í málinu frá þingfestingu þess. Með hliðsjón af 41. gr. laga nr. 75/1973 um Hæstarétt Íslands er rétt að veita honum frest til reglulegs þingdags 4. maí 1992.

Málskostnaður verður ekki dæmdur í þessum þætti málsins.

D ó m s o r ð:

Máli þessu er frestað til reglulegs þingdags 4. maí 1992.

Fimmtudaginn 13. febrúar 1992.

Nr. 471/1991. **Jóhanna Tryggvadóttir**

gegn

Þorkatli Skúlasyni f.h. einkafirma hans, Endurskoðunarskrifstofu Þorkels Skúlasonar,

og gagnsök

Frestur.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Guðrún Erlendsdóttir, Haraldur Henrysson og Pétur Kr. Hafstein.

Aðaláfrýjandi skaut máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 25. nóvember 1991 að fengnu áfrýjunarleyfi 14. sama mánaðar. Gagnáfrýjandi skaut málinu til Hæstaréttar með stefnu 19. desember 1991. Áfrýjað er dómi bæjarþings Kópavogs 15. mars 1991. Áfrýjunarstefnur í aðalsök og gagnsök voru þingfestar í Hæstarétti 8. janúar 1992, og voru málin þá sameinuð og frestað til 3. febrúar 1992. Er málið var tekið fyrir þann dag, óskaði aðaláfrýjandi eftir fresti til maí 1992. Þá krafðist hann málskostnaðar úr hendi gagnáfrýjanda.

Af hálfu gagnáfrýjanda hefur frestsbeiðninni verið mótmælt og þess krafist, að málinu verði frestað til 2. mars 1992.

Mótmæli sín byggir gagnáfrýjandi á því, að lengri frestur sé ónauðsynlegur. Hann hafi lýst því yfir við þingfestingu málsins, að hann myndi sjá um gerð ágrips í málinu, og muni hann leggja það fram ásamt dómsgerðum og greinargerð 2. mars nk., og verði málið þá tilbúið til flutnings af sinni hálfu.

Í greinargerð aðaláfrýjanda kemur fram, að honum sé nauðsynlegt að fá frest til maímánaðar til að afla frekari gagna í málinu.

Aðaláfrýjandi hefur fengið eins mánaðar frest í málinu frá þingfestingu þess. Með hliðsjón af 41. gr. laga nr. 75/1973 um Hæstarétt Íslands er rétt að veita honum frest til reglulegs þingdags 4. maí 1992.

Málskostnaður verður ekki dæmdur í þessum þætti málsins.

D ó m s o r ð:

Máli þessu er frestað til reglulegs þingdags 4. maí 1992.

Fimmtudaginn 13. febrúar 1992.

Nr. 514/1991. **Grétar Haraldsson**

gegn

Gjaldheimtunni í Reykjavík,
Lífeyrissjóði málm- og skipasmiða og
Íslandsbanka hf.

Þingfesting. Frestur.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Guðrún Erlendsdóttir, Haraldur Henrysson og Pétur Kr. Hafstein.

Áfrýjandi skaut máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 30. desember 1991 til þingfestingar 3. febrúar 1992. Áfrýjað er nauðungaruppboði á hluta fasteignarinnar Kleppsvegar 150 í Reykjavík, sem fram fór 28. september 1990. Máli þessu var áður áfrýjað til Hæstaréttar með stefnu 8. október 1990. Með dómi Hæstaréttar 9. desember 1991 var málinu vísað frá Hæstarétti.

Hinn 3. febrúar sl. var af hálfu áfrýjanda óskað eftir fresti til reglulegs þingdags í júní 1992. Í greinargerð, sem áfrýjandi hefur sent Hæstarétti, gerir hann þá kröfu, að málið verði þingfest og því frestað til 2. mars 1992.

Af hálfu stefndu Gjaldheimtunnar í Reykjavík og Íslandsbanka hf. var beiðni um frest mótmælt og þess krafist, að málinu yrði vísað frá Hæstarétti.

Af hálfu stefnda Lífeyrissjóðs málm- og skipasmiða var þing ekki sótt 3. febrúar sl.

Mótmæli sín gegn fresti styðja stefndu Gjaldheimtan í Reykjavík og Íslandsbanki hf. þeim rökum, að áfrýjandi hafi þegar haft nægan tíma til að búa mál sitt til flutnings fyrir Hæstarétti.

Lögð hefur verið fram staðfesting þess, að áfrýjandi hefur fengið í hendur dómsgerðir í málinu. Rétt þykir að þingfesta málið og veita áfrýjanda frest til að skila dómsgerðum, ágripi og greinargerð til reglulegs þingdags í mars 1992.

Málskostnaður verður eigi dæmdur í þessum þætti málsins.

D ó m s o r ð:

Mál þetta er þingfest og því frestað til reglulegs þingdags 2. mars 1992.

Fimmtudaginn 13. febrúar 1992.

Nr. 15/1992. **Hraðfrystihús Þórkötlustaða hf.**
gegn
Skipasmiðjunni Herði hf.

Þingfesting. Frestur.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Guðrún Erlendsdóttir, Haraldur Henrysson og Pétur Kr. Hafstein.

Áfrýjandi skaut máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 9. janúar 1992 að fengnu áfrýjunarleyfi sama dag. Áfrýjað er dómi bæjarþings Keflavíkur 22. júlí 1991.

Er mál þetta skyldi þingfesta 3. febrúar 1992, kom fram sú krafa frá stefnda, að málið yrði ekki þingfest og því vísað frá Hæstarétti.

Áfrýjandi gerir þá kröfu, að málið verði þingfest og því frestað til reglulegs þingdags í júní 1992. Þá krefst áfrýjandi málskostnaðar úr hendi stefnda.

Mótmæli sín styður stefndi þeim rökum, að áfrýjanda skorti réttháefi, þar sem félaginu hafi verið slitið eftir sameiningu þess við Fiskanes hf. í Grindavík. Hafi samruni félaganna verið tilkynntur til Hlutafélagaskrár 28. desember 1990. Áfrýjandi sé því ekki til sem félag eða lögpersóna og geti því ekki verið aðili að dómsmáli.

Af hálfu áfrýjanda er því haldið fram, að félagið hafi ekki verið afskráð hjá hlutafélagaskrá samkvæmt 3. mgr. 130. gr. laga nr. 32/1978 um hlutafélög. Hafi félagið m.a. stjórn og framkvæmdastjóra. Félagið sé því enn til og hafi bæði aðildarhæfi og réttháefi.

Af gögnum málsins verður ekki séð, að Hraðfrystihús Þórkötlustaða hf. hafi verið afskráð í Hlutafélagaskrá, sbr. 3. mgr. 130. gr. laga nr. 32/1978.

Lagarök standa ekki til þess að synja þingfestingar máls þessa. Verður það því þingfest, og með hliðsjón af 41. gr. laga nr. 75/1973 um Hæstarétt Íslands verður því frestað til reglulegs þingdags í júní 1992.

Rétt þykir að dæma stefnda til að greiða áfrýjanda málskostnað, eins og í dómsorði greinir.

D ó m s o r ð:

Mál þetta er þingfest og því frestað til reglulegs þingdags 1. júní 1992.

Stefndi, Skipasmiðjan Hörður hf., greiði áfrýjanda, Hraðfrystihúsi Þórkötlustaða hf., 10.000 krónur í málskostnað.

Þriðjudaginn 18. febrúar 1992.

Nr. 273/1989. **Byggingarsjóður verkamanna**
(Jón Þorsteinsson hrl.)
gegn
Íslandsbanka hf.
(Othar Örn Petersen hrl.),
Ingvari Helgasyni hf.
(Ingi Ingimundarson hrl.),
Tryggingu hf.
(Stefán Pálsson hrl.),
Guðrúnu Jónsdóttur
(Ingólfur Hjartarson hrl.),
Z-brautum og gluggatjöldum hf.,
þrotabúi Raftækjaverksmiðjunnar hf.
(Valgeir Kristinsson hrl.)
og Heimilistækjum hf.
(Helgi V. Jónsson hrl.).

Verkamannabústaðir. Úthlutun uppboðsandvirðis. Veðréttur.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Guðrún Erlendsdóttir, Gunnar M. Guðmundsson, Haraldur Henrysson, Hrafn Bragason og Pétur Kr. Hafstein.

Áfrýjandi skaut máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 7. júlí 1989 að fengnu áfrýjunarleyfi 3. sama mánaðar samkvæmt heimild í 2. mgr. 4. gr. laga um nauðungaruppboð nr. 57/1949, sbr. 1. mgr. 20. gr. laga nr. 75/1973 um Hæstarétt Íslands. Áfrýjandi gerir þær dómkröfur, að hinum áfrýjaða úrskurði verði hrundið þannig, að við úthlutun uppboðsandvirðis húseignarinnar Hamrabergs 4, Reykjavík, verði krafa sín látin ganga fyrir kröfum hinna stefndu fjárnámshafa. Þá krefst hann málskostnaðar í uppboðsrétti og fyrir Hæstarétti úr hendi stefndu.

Stefndu Íslandsbanki hf., sem hefur tekið við rekstri máls þessa af Alþýðubankanum hf., Ingvar Helgason hf., Trygging hf., Z-brautir og gluggatjöld hf. og þrotabú Raftækjaverksmiðjunnar hf. krefjast staðfestingar hins áfrýjaða úrskurðar og málskostnaðar fyrir Hæstarétti úr hendi áfrýjanda.

Stefnda Guðrún Jónsdóttir skilaði greinargerð til Hæstaréttar og krafðist staðfestingar hins áfrýjaða úrskurðar og málskostnaðar, en þingsókn af hennar hálfu féll niður við munnlegan málflutning.

Hvorki hefur borist greinargerð frá stefnda Heimilistækjum hf. né verið sótt þing af hálfu þess stefnda.

I.

Í hinum áfrýjaða úrskurði er því lýst, að húseignin Hamraberg 4, Reykjavík, er verkamannabústaður. Um þá bústaði gilda sérstakar reglur, sbr. lög nr. 51/1980 um Húsnæðisstofnun ríkisins, sem í gildi voru á þeim tíma, sem hér um ræðir, sbr. nú lög nr. 86/1988. Samkvæmt IV. kafla laganna annast Byggingarsjóður verkamanna lánveitingar til félagslegra íbúðabygginga, og stjórnir verkamannabústaða ráðstafa íbúðum eftir þeim reglum, sem ákveðnar eru í lögunum og reglugerð nr. 527/1980 um Byggingarsjóð verkamanna. Það er ljóst af þeim reglum, að íbúðir þessar lúta ekki venjulegum reglum í fasteignaviðskiptum. Efnalitlu fólki og fólki, sem á í erfiðleikum, gefst kostur á að eignast íbúðir á sérstökum kjörum, sem að öllu leyti eru lögbundin, m.a. með láni úr Byggingarsjóði verkamanna, sem nema má allt að 90% af kostnaðarverði íbúðar og endurgreiðist á 42 árum. Lán þetta skal vera tryggt með 1. veðrétti í viðkomandi íbúð, sbr. 1. mgr. 52. gr. laga nr. 51/1980. Samkvæmt 51. gr. laganna er íbúðareiganda óheimilt að veðsetja íbúð í verkamannabústöðum fyrir öðrum lánum en lánum Byggingarsjóðs verkamanna fyrstu 15 árin frá útgáfu afsals.

Stjórn verkamannabústaða í Reykjavík, sem var þinglýstur eigandi fasteignarinnar Hamrabergs 4, afhenti Gunnvöru Rögnvaldsdóttur eignina hinn 21. desember 1981. Afsal fyrir eigninni var gefið út 30. júní 1983. Sama dag gaf Gunnvör út veðskuldabréf til áfrýjanda, tryggt með 1. veðrétti í eigninni. Afsalinu var þinglýst 4. október 1983, en veðskuldabréfinu 17. sama mánaðar. Á tímabilinu frá 15. september 1982 til 26. ágúst 1983 var þinglýst 9 fjárnámum á fasteignina. Öllum fjárnámunum var þinglýst með athugasemdum þess efnis, að gerðarþoli væri ekki þinglýstur eigandi eða að stjórn verkamannabústaða væri þinglýstur eigandi. Fjárnám má aðeins gera í réttindum, sem fengin eru, þegar það fer fram, sbr. 1. mgr. 28. gr. laga um aðför nr. 19/1887. Samkvæmt 50. gr. laga nr. 51/1980 skal gefa út afsal gegn yfirtöku áhvílandi skulda, og sam-

kvæmt 2. mgr. 14. gr. reglugerðar nr. 527/1980 er útgáfa skuldabréfs fyrir láni hjá Byggingarsjóði verkamanna skilyrði þess, að kaupandi fái skriflegt afsal fyrir íbúðinni.

Þegar virt eru lagaákvæði um byggingu verkamannabústaða og höfð í huga þau sjónarmið, sem liggja þeim að baki, verður að líta svo á, að áfrýjanda beri óskertur 1. veðréttur fyrir láni sínu, enda þótt stefndu hefðu þinglýst fjárnámunum, áður en þinglýsing veðskuldabréfsins fór fram. Það breytir ekki þessari niðurstöðu, þótt áfrýjandi hafi ekki að öllu leyti farið eftir settum reglum við afhendingu íbúðarinnar.

Samkvæmt þessu eru kröfur áfrýjanda teknar til greina.

Rétt þykir, að málskostnaður falli niður í héraði og fyrir Hæstarétti.

Dómsorð:

Við úthlutun uppboðsandvirðis húseignarinnar Hamrabergs 4, Reykjavík, skal veðréttur áfrýjanda, Byggingarsjóðs verkamanna, ganga fyrir rétti hinna stefndu fjárnámshafa, Íslandsbanka hf., Ingvars Helgasonar hf., Tryggingar hf., Guðrúnar Jónsdóttur, Z-brauta og gluggatjalda hf., þrotabús Raftækjaverksmiðjunnar hf., og Heimilistækja hf.

Málskostnaður í héraði og fyrir Hæstarétti fellur niður.

Úrskurður uppboðsréttar Reykjavíkur 19. apríl 1989.

I.

Mál þetta var tekið til úrskurðar að loknum munnlegum málflutningi 13. apríl sl.

Sóknaraðili er Byggingarsjóður verkamanna, Mávahlíð 4, Reykjavík.

Varnaraðilar eru Alþýðubankinn hf. og Trygging hf., bæði í Reykjavík.

Kröfur sóknaraðila eru þær, að við úthlutun uppboðsverðs húseignarinnar Hamrabergs 4, Reykjavík, verði krafa sóknaraðila látin ganga fyrir öðrum veðkröfum, er hvíldu á eigninni. Jafnframt er gerð krafa til hæfilegs málskostnaðar úr hendi varnaraðila.

Af hálfu varnaraðila Alþýðubankans hf. er þess krafist, að úthlutun uppboðsandvirðis eignarinnar til varnaraðila samkvæmt frumvarpi að úthlutunargerð, dags. 10. desember 1987, verði staðfest. Jafnframt því er gerð krafa til málskostnaðar úr hendi sóknaraðila. Við munnlegan mál-

flutning var gerð sú varakrafa, að krafa Alþýðubankans hf. kæmi næst á eftir kröfu sóknaraðila, yrði hún tekin til greina, og að málskostnaður félli niður í því tilviki.

Af hálfu varnaraðila Tryggingar hf. er gerð krafa til, að staðfest verði áðurnefnt frumvarp að úthlutun uppboðsverðs Hamrabergs 4 að öðru leyti en því, að fjárnám Ingvars Helgasonar hf. falli brott og komi ekki til álita við úthlutun. Við munnlegan málflutning var gerð sú varakrafa, að fjárnám Ingvars Helgasonar hf. viki fyrir kröfum varnaraðila Tryggingar hf.

Þá er krafist málskostnaðar að skaðlausu úr hendi sóknaraðila, en til vara, að málskostnaður falli niður.

II.

Málsatvik eru þessi helst:

Árið 1980 úthlutaði stjórn verkamannabústaða í Reykjavík Gunnvöru Rögnvaldsdóttur íbúð í fasteigninni Hamrabergi 4, Reykjavík, sem nánar tiltekið er einnar íbúðar raðhús, byggt skv. þágildandi lögum um Húsnæðisstofnun ríkisins nr. 51/1980 til að bæta úr húsnæðisþörf láglaunafólks. Í 1. mgr. 49. gr. nefndra laga er fjallað um úthlutunarreglur, en þar segir, að umsækjandi, sem fái úthlutað íbúð í verkamannabústað, skuli hafa greitt 5% áætlaðs kostnaðarverðs íbúðar innan átta vikna frá tilkynningu um úthlutun, en önnur 5% skuli umsækjandi greiða á síðustu átta vikum fyrir afhendingu hennar, sbr. 13. gr. reglugerðar nr. 527/1980. Gert er ráð fyrir, að lán sóknaraðila nemi síðan 90% af íbúðarverðinu og skyldi hvíla á 1. veðrétti eignarinnar samkvæmt 52. gr. laga nr. 51/1980. Engin gögn hafa verið lögð fram í málinu, er sýna úthlutun viðkomandi íbúðar til Gunnvarar Rögnvaldsdóttur.

Hinn 21. desember 1981 fékk Gunnvör Rögnvaldsdóttir afhenta íbúðina „í trausti þess, að hún stæði við úthlutunarskilmála innan skamms", eins og segir í greinargerð sóknaraðila. Hinn 30. júní 1983 lauk Gunnvör Rögnvaldsdóttir greiðslu á umræddum 10% af kaupverðinu, og gaf sóknaraðili samdægurs út afsal til hennar fyrir eigninni. Þá undirritaði Gunnvör sama dag veðskuldabréf til sóknaraðila, að grunnfjárhæð 579.600 kr., tryggt með 1. veðrétti í eigninni. Afsali var þinglýst 4. október 1983 með athugasemd m.a um fjárnám Ingvars Helgasonar hf., þar sem fram kom, að gerðarþoli væri Hreiðar Jónsson, sem er eiginmaður Gunnvarar Rögnvaldsdóttur. Veðskuldabréfi sóknaraðila var þinglýst 17. október 1983 og þá með þeirri athugasemd, að á eignina hefðu verið færð samtals sjö fjárnám.

Hinn 17. apríl 1985 var eign þessi seld á nauðungaruppboði. Frumvarp uppboðshaldara að úthlutun uppboðsverðsins er dags. 10. desember 1987, og skiptist uppboðsverðið þar þannig:

1.	Alþýðubankinn hf., fjárnám	kr.	30.650,80
2.	Ingvar Helgason hf., fjárnám	"	221.531,33
3.	Trygging hf., fjárnám	"	75.833,00
4.	Guðrún Jónsdóttir, fjárnám	"	18.817,00
5.	Z-brautir og gluggatjöld, fjárnám	"	17.326,00
6.	Z-brautir og gluggatjöld, fjárnám	"	9.368,00
7.	Raftækjaverksmiðjan hf., fjárnám	"	6.709,00
8.	Heimilistæki hf., fjárnám	"	3.732,00
9.	Byggingarsjóður verkamanna	"	2.034.756,87
	Samtals	kr.	2.418.724,00

Með bréfi, dags. 6. september 1988, mótmælti sóknaraðili frumvarpinu, þar sem hann taldi, að fjárnám, sem gerð hefðu verið í eigninni, áður en uppboðsþoli eignaðist hana, ættu að víkja fyrir lögbundnum 1. veðrétti sóknaraðila. Hinn 21. febrúar 1989 voru mótmæli þessi tekin fyrir í uppboðsrétti, og var þá ákveðið að reka um ágreininginn uppboðsréttarmál þetta.

Sóknaraðili reisir kröfur sínar á því, að ekki hafi verið gerður kaupsamningur milli Byggingarsjóðs verkamanna og uppboðsþola, Gunnvarar Rögnvaldsdóttur. Uppboðsþoli hafi því ekki verið eigandi íbúðarinnar að Hamrabergi 4 fyrr en við útgáfu afsals 4. október 1983. Réttur hennar til eignarinnar hafi því einungis verið tímabundinn kaupréttur, bundinn þeim skilmálum, er leiðir af lögum um félagslegar íbúðabyggingar. Á þessum tíma hafi verið gerð í eigninni fjárnám þau, er sóknaraðili beinir kröfum sínum að. Heldur sóknaraðili því fram, að fjárnám þessi verði ekki virk, fyrr en uppboðsþoli hafi fengið afsal fyrir eigninni með óskertum 1. veðrétti til sóknaraðila. Fjárnámshafar geti því ekki notið réttinda skv. afsalinu, en sniðgengið veðskuldabréfið. Þá hafi þess ekki verið að vænta, að sóknaraðili aflaði sér veðbókarvottorðs yfir eignina fyrir útgáfu afsals hennar, þar sem hann hafi verið þinglýstur eigandi hennar sem lóðarhafi og því ekki getað látið sér til hugar koma, að óviðkomandi aðilar hefðu gert aðför í eigninni. Fjárnámum varnaraðila hafi verið þinglýst með athugasemdum um, að gerðarþola brysti þinglýsta eignarheimild. Það staðfesti, að varnaraðilar geti ekki raskað rétti sóknaraðila til að afsala eigninni, standa að lögbundinni veðsetningu hennar og fá kaupverðið að fullu greitt. Vísar sóknaraðili til 3. mgr. 28. gr. aðfararlaga þessum sjónarmiðum sínum til stuðnings. Þá beinir sóknaraðili sérstaklega kröfum sínum að fjárnámi Ingvars Helgasonar hf., þar sem gerðarþoli sé eiginmaður uppboðsþola, og telur, að það fjárnám eigi að víkja.

Af hálfu varnaraðila Tryggingar hf. er á því byggt, að afsal hafi verið gefið út til uppboðsþola án athugasemda af hálfu sóknaraðila um þau fjár-

nám, er þinglýst hafði verið á eignina. Þá hafi engum mótmælum heldur verið hreyft af hálfu sóknaraðila við uppboð eignarinnar. Beri því að beita ákvæðum þinglýsingalaga um úthlutun uppboðsverðsins. Þeir fjárnámshafar, sem skv. frumvarpi uppboðshaldara var úthlutað af uppboðsverðinu, hafi þinglýst fjárnámum sínum, áður en sóknaraðili þinglýsti veðskuldabréfi sínu. Til þeirrar þinglýsingar hafi þeir haft fullan rétt skv. 2. mgr. 24. gr. þinglýsingalaga nr. 39/1978. Áður en sóknaraðili fái kröfu sína greidda af uppboðsandvirðinu, beri því að greiða þessum fjárnámshöfum að fullu, þar sem heildarkröfur þeirra séu undir 10% af uppboðsandvirðinu.

Af hálfu varnaraðila Alþýðubankans hf. er á því byggt, að gera hafi mátt ráð fyrir, að uppboðsþoli ætti við afhendingu íbúðarinnar a.m.k. 10% eignarinnar. Þegar varnaraðili hafi gert fjárnám í eigninni 15. september 1982, hafi uppboðsþoli búið óslitið tæpt ár á henni og varnaraðili því hlotið að draga þá ályktun, að lögbundnum skilyrðum varðandi úthlutun hefði verið fullnægt. Hafi það verið í samræmi við ákvæði 50. gr.laga nr. 51/1980 og 2. mgr. 14. gr. rgj. nr. 527/1980, sem lúti að því, að afhenda skuli afsal, um leið og afhending íbúðar fari fram. Varnaraðili hafi því mátt treysta, að eftir þessum lagaákvæðum væri farið. Réttur sóknaraðila geti því ekki gengið framar rétti varnaraðila, að minnsta kosti ekki, að því er varðar 10% eign uppboðsþola í íbúðinni.

III.

Stjórn verkamannabústaða úthlutaði uppboðsþola árið 1980 íbúð í húseigninni nr. 4 við Hamraberg í Reykjavík. Hér var um að ræða íbúð í verkamannabústað, og fór úthlutun hennar fram á grundvelli þágildandi laga um Húsnæðisstofnun ríkisins nr. 51/1980, sem breytt var með lögum nr. 86/1988. Í IV. kafla laganna er hlutverk sóknaraðila skilgreint, auk þess sem þar er gerð grein fyrir þeim reglum, er gilda við úthlutun félagslegra íbúða. Segir þar m.a. í 36. gr. laganna, að félagslegar íbúðir séu ætlaðar til sölu handa láglaunafólki, er fullnægi skilyrðum þeim, sem sett séu í þessum kafla laganna.

Samkvæmt úthlutunarskilmálum skyldi uppboðsþoli greiða 10% kaupverðsins fyrir afhendingu eignarinnar, sem fram fór 21. desember 1981. Ekki var gerður skriflegur kaupsamningur um eignina, enda ekki sérstaklega ráð fyrir því gert í lögum nr. 51/1980. Af ákvæðum þeirra laga, einkum 36., 47. og 49. gr., má hins vegar ráða, að með úthlutun til rétthafa og að fullnægðum tilteknum greiðsluskilmálum hafi umsækjandi öðlast rétt til hlutaðeigandi íbúðar, sem jafna megi við kaup.

Upplýst er, að uppboðsþoli greiddi við afhendingu íbúðarinnar hluta af greiðslum sínum skv. úthlutunarskilmálum. Taldi uppboðsþoli því til eignar

í íbúðinni að því marki. Varnaraðilar og aðrir þeir lánardrottnar uppboðsþola, er aðfararheimild höfðu, gerðu síðan fjárnám í þeim rétti, er uppboðsþoli hafði þannig öðlast skv. 18. gr. aðfararlaga nr. 19/1887. Eftir kröfu fjárnámshafa bar skv. 2. mgr. 24. gr. laga nr. 39/1978 að þinglýsa fjárnámum þessum í réttindum uppboðsþola í eigninni.

Hinn 30. júní 1983 gaf sóknaraðili uppboðsþola afsal fyrir eigninni, og var því þinglýst 4. október 1983. Við þinglýsingu afsalsins til uppboðsþola varð hinn skilyrti réttur hans til eignarinnar virkur. Í afsalinu kom fram, að eftirstöðvar kaupverðs skyldu tryggðar með 1. veðrétti í eigninni.

Hinn 17. október 1983 þinglýsti sóknaraðili veðskuldabréfi sínu á eignina. Við þinglýsingu þess var gerð athugasemd varðandi rétt þeirra fjárnámshafa, er þá höfðu gert fjárnám í eigninni, en þeir höfðu allir þinglýst rétti sínum, áður en þinglýsing afsals fyrir eigninni fór fram. Sá réttur, er fjárnámshafar öðluðust með þeim hætti, nýtur forgangs fram yfir rétt sóknaraðila skv. 15. gr. og 29. gr. laga nr. 39/1978 um þinglýsingar, nema sérákvæði laga nr. 51/1980 leiði til annarrar niðurstöðu.

Um það atriði byggir sóknaraðili á því, að samkvæmt 52. gr. laga nr. 51/1980 skuli lán, er veitt séu eftir lögunum, tryggð með 1. veðrétti í hlutaðeigandi eign, og megi jafna þessu lagaákvæði við, að hann eigi lögveð í eigninni.

Í 52. gr. laga nr. 51/1980 eru ákvæði um, hvernig að lánveitingum sóknaraðila skuli staðið, svo sem um verðtryggingu lánanna, vexti, er þau skuli bera, og þann veðrétt, er sóknaraðila er ætlað að tryggja lán sitt með. Ber að skilja þau ákvæði sem lögbundin fyrirmæli til sóknaraðila um skilyrði lánveitinga skv. lögum þessum. Hins vegar verður ekki fallist á með sóknaraðila, að fyrirmæli laganna og þinglýsing veðskuldabréfs sóknaraðila víki til hliðar rétti þeirra aðfararveðhafa, sem tryggt höfðu rétt sinn með þeim hætti, er áður hefur verið frá greint.

Sóknaraðili og varnaraðili Trygging hf. mótmæla úthlutun af uppboðsverði eignarinnar til Ingvars Helgasonar hf., þar sem gerðarþoli, Hreiðar Jónsson, benti á eign uppboðsþola til fjárnáms, en það hafi honum verið óheimilt. Er því m.a. haldið fram, að umboði því, er Hreiðar Jónsson lagði fram í fógetarétti við þá gerð, þess efnis, að uppboðsþoli samþykkti ábendinguna, hafi verið ábótavant.

Mótmæli þessi lúta í fyrsta lagi að þeim atriðum, er fógeta bar að kanna við gerð fjárnámsins. Þau atriði eru ekki til endurskoðunar hér fyrir uppboðsrétti. Í annan stað ber til þess að líta, að fjárnám þetta var gert í rétti uppboðsþola í eigninni og þykir því ekki brjóta í bága við ákvæði 51. gr. laga 51/1980, er setti hömlur á samningsveðsetningu eiganda íbúðar í verkamannabústað. Þar sem fjárnámi Ingvars Helgasonar hf. hefur ekki verið hnekkt fyrir æðri dómi og telst fullnægjandi uppboðsheimild, ber að leggja það til grundvallar við úthlutun uppboðsverðs eignarinnar.

Eftir því, sem hér hefur verið rakið, ber að staðfesta frumvarp að úthlutun uppboðsverðs Hamrabergs 4, Reykjavík, dags. 10. desember 1987.

Samkvæmt þeirri niðurstöðu ber sóknaraðila að greiða varnaraðilum málskostnað, sem hæfilegur þykir 30.000 kr. til hvors.

Valtýr Sigurðsson borgarfógeti kvað upp úrskurð þennan, en hann hefur farið með mál þetta frá 21. febrúar 1989.

Úrskurðarorð:

Frumvarp að úthlutun uppboðsverðs Hamrabergs 4, Reykjavík, dags. 10. desember 1987, er staðfest.

Sóknaraðili, Byggingarsjóður verkamanna, greiði í málskostnað varnaraðilum, Alþýðubankanum hf. 30.000 kr. og Tryggingu hf. 30.000 kr., innan 15 daga frá birtingu úrskurðarins að viðlagðri aðför að lögum.

Þriðjudaginn 18. febrúar 1992.

Nr. 297/1991. **Ákæruvaldið**
(Björn Helgason saksóknari)
gegn
Erni Arnarsyni
(Sigurður Georgsson hrl.).

Þjófnaður.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Þór Vilhjálmsson, Garðar Gíslason og Hjörtur Torfason.

Ríkissaksóknari hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 10. júní 1991 að ósk ákærða og einnig af hálfu ákæruvaldsins. Er það krafa ákæruvaldsins, að hinn áfrýjaði dómur verði staðfestur, en refsing ákærða þyngd.

Af hálfu ákærða er þess krafist, að refsing verði milduð og skilorðsbundin.

Með vísan til forsendna hins áfrýjaða dóms ber að staðfesta niðurstöður hans um sakfellingu ákærða og færslu brota til refsiákvæða. Refsing ákærða þykir og hæfilega ákveðin í dóminum, fangelsi þrjá mánuði.

Ekki er óskað endurskoðunar á ákvæði héraðsdóms um skaðabætur úr hendi ákærða, og kemur það ekki til meðferðar fyrir Hæstarétti, sbr. 147. gr. laga nr. 74/1974 um meðferð opinberra mála.

Staðfesta ber ákvæði hins áfrýjaða dóms um sakarkostnað í héraði.

Ákærði greiði áfrýjunarkostnað sakarinnar, eins og í dómsorði greinir.

D ó m s o r ð:

Ákærði, Örn Arnarson, sæti fangelsi þrjá mánuði.

Ákvæði hins áfrýjaða dóms um sakarkostnað á að vera óraskað.

Ákærði greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, 30.000 krónur, og málsvarnar-

laun skipaðs verjanda síns, Sigurðar Georgssonar hæstaréttarlögmanns, 30.000 krónur.

Dómur sakadóms Reykjavíkur 14. maí 1991.

Ár 1991, þriðjudaginn 14. maí, er á dómþingi sakadóms Reykjavíkur, sem háð er í Borgartúni 7 af Arngrími Ísberg sakadómara, kveðinn upp dómur í sakadómsmálinu nr. 252/1991: Ákæruvaldið gegn Erni Arnarsyni, sem tekið var til dóms sama dag.

Málið er höfðað með ákæruskjali ríkissaksóknara, út gefnu 29. apríl 1991, á hendur ákærða, Erni Arnarsyni, Mávahlíð 23, Reykjavík, fæddum 23. maí 1969, fæðingarnúmer 401, „fyrir eftirgreinda stuldi, framda í Hafnarfirði 1991:

1.

Fyrir að brjótast inn í söluturninn Píluturninn, Strandgötu 11, aðfaranótt fimmtudagsins 31. janúar og stela 22 vindlingalengjum og um 32.000 krónum.

2.

Brjótast inn í söluturn Fjarðarnestis, Bæjarhrauni 4, aðfaranótt mánudagsins 4. febrúar og stela nokkrum vindlingalengjum, en lögreglumenn komu að honum á vettvangi.

Telst þetta varða við 244. gr. almennra hegningarlaga nr. 19, 1940.

Þess er krafist, að ákærði verði dæmdur til refsingar og til greiðslu skaðabóta og alls sakarkostnaðar".

Ákærði heldur ekki uppi vörnum í málinu og hefur viðurkennt ákæruna rétta.

Hér fyrir dómi hefur ákærði viðurkennt að hafa brotist inn í Píluturninn í Hafnarfirði aðfaranótt 31. janúar sl. og stolið þaðan 22 vindlingalengjum og um 32.000 krónum, enn fremur að hafa brotist inn í Fjarðarnesti aðfaranótt 4. febrúar sl. og stolið nokkrum vindlingalengjum.

Brot ákærða, sem sönnuð eru með játningu hans, er styðst við önnur gögn málsins, varða við 244. gr. almennra hegningarlaga.

Samkvæmt sakavottorði ákærða var ákæru frestað skilorðsbundið á hendur honum í tvö ár frá 17. september 1984 fyrir þjófnað og tilraun til nytjastuldar. Árið 1985 var hann tvívegis dæmdur í skilorðsbundið fangelsi fyrir þjófnað, nytjastuld og umferðarlagabrot. Árið 1986 var hann tvívegis dæmdur í samtals 12 mánaða fangelsi fyrir þjófnað og skjalafals. Þá hefur hann einu sinni hlotið sektardóm fyrir ölvunarakstur og fjórum sinnum sæst á sektagreiðslur fyrir hegningar-, umferðar- og fíknilagabrot. Ákærða

verður nú dæmd refsing með hliðsjón af 77. gr. almennra hegningarlaga, og er hún hæfilega ákveðin þriggja mánaða fangelsi.

Eigandi Píluturnsins hefur lagt fram skaðabótakröfu, að fjárhæð samtals 177.028 kr. Krafist er bóta fyrir 73 vindlingalengjur, sem hver er verðlögð á 1.768 kr., einn stimpil og 45.000 krónur í peningum. Ákærði hefur lýst sig skaðabótaskyldan og fúsan til að greiða bætur í samræmi við lýsingu ákæru á þýfinu. Ákærði verður dæmdur til að greiða eigandanum, Ingvari Sigurðssyni, bætur fyrir það, sem hann hefur verið sakfelldur fyrir að stela í Píluturninum, þ.e. 22 vindlingalengjur og 32.000 krónur, samtals 71.292 kr.

Engan kostnað leiddi af rekstri málsins.

Dómsorð:

Ákærði, Örn Arnarson, sæti fangelsi þrjá mánuði.
Ákærði greiði Ingvari Sigurðssyni 71.292 kr.
Ákærði greiði sakarkostnað.
Dómi þessum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Þriðjudaginn 18. febrúar 1992.

Nr. 306/1991. **Ákæruvaldið**
(Björn Helgason saksóknari)
gegn
Árna Guðlaugi Stefánssyni
(Valgarður Sigurðsson hrl.).

Líkamsárás. Sératkvæði.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Þór Vilhjálmsson, Garðar Gíslason og Hjörtur Torfason.

Ríkissaksóknari hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 5. júlí 1991 að ósk ákærða og einnig af hálfu ákæruvaldsins. Er það krafa ákæruvaldsins, að hinn áfrýjaði dómur verði staðfestur, en þó þannig, að refsing verði þyngd.

Af hálfu ákærða er þess krafist, að hinn áfrýjaði dómur verði ómerktur og málinu vísað heim til löglegrar meðferðar. Til vara er þess krafist, að refsing á hendur ákærða verði látin falla niður eða hún milduð og skilorðsbundin.

Mál þetta var dæmt í héraði, án þess að aðrir væru kvaddir fyrir dóm en ákærði sjálfur. Fyrir lágu gögn um ýtarlega lögreglurannsókn, sem fram fór í beinu framhaldi af þeim atburði, sem málið er risið af. Ákærði viðurkenndi verknað sinn greiðlega, og ber frásögn hans af atburðinum saman við aðrar skýrslur í öllum meginatriðum. Honum var og skipaður verjandi, sem flutti vörn af hans hálfu. Eru ekki þeir gallar á málsmeðferð í héraði, er varði ómerkingu hins áfrýjaða dóms.

Með vísan til forsendna hins áfrýjaða dóms ber að staðfesta niðurstöður hans um sakfellingu ákærða og færslu brotsins til refsiákvæða.

Rétt er að tiltaka refsingu ákærða með vísan til 1. mgr. 218. gr. a. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, sbr. 12. gr. laga nr. 20/1981, en einnig ber að líta til niðurlagsákvæðis 3. mgr. sömu lagagreinar. Telst refsingin hæfilega ákveðin í héraðsdómi, varðhald 45 daga.

Staðfesta ber ákvæði héraðsdóms um sakarkostnað. Ákærði greiði áfrýjunarkostnað sakarinnar, eins og í dómsorði greinir.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur er staðfestur.

Ákærði greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, 35.000 krónur, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Valgarðs Sigurðssonar hæstaréttarlögmanns, 35.000 krónur.

Sératkvæði
Hjartar Torfasonar hæstaréttardómara.

Ákærði er fjölskyldufaðir í föstu starfi og hefur stundað reglusamt líferni að undanförnu, eftir því sem upplýst er hér fyrir dómi. Af framlögðum læknisvottorðum má ráða, að líkamstjón af broti hans í máli þessu hafi ekki orðið varanlegt. Kröfu um skaðabætur vegna brotsins hefur ekki þurft að taka til meðferðar í málinu, og hefur ákærði gert hana upp með samkomulagi utan réttar, eftir að dómur gekk í héraði. Með hliðsjón af þessu og öðrum atvikum tel ég rétt, að fullnustu refsingar ákærða verði frestað, og falli hún niður að liðnum þremur árum frá uppsögu dóms í málinu, haldi hann almennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, sbr. 4. gr. laga nr. 22/1955. Áfrýjunarkostnað málsins beri ákærða að greiða.

Dómur sakadóms Reykjavíkur 5. júní 1991.

Mál þetta, sem dómtekið var í dag, hefur ríkissaksóknari höfðað hér fyrir sakadómi Akureyrar með ákæru, út gefinni 12. mars 1991, á hendur Árna Guðlaugi Stefánssyni, Krabbastíg 4, Akureyri, kennitala 171065-5779, „fyrir líkamsmeiðingu með því að hafa aðfaranótt sunnudagsins 21. október 1990 slegið Óskar Aðalbjörnsson, fæddan 7. október 1973, hnefahögg í andlitið með þeim afleiðingum, að hann nefbrotnaði.

Telst þetta varða við 1. mgr. 218. gr. almennra hegningarlaga nr. 19, 1940, sbr. 11. gr. laga nr. 20, 1981.

Þess er krafist, að ákærði verði dæmdur til refsingar, til greiðslu skaðabóta, verði þeirra krafist, og til greiðslu alls sakarkostnaðar".

Ákærði hefur hér fyrir dóminum játað brot sitt, eins og því er lýst í ákæru, og er sú játning hans í samræmi við framburð hans fyrir lögreglu og önnur skjöl málsins. Þykir sök hans því nægjanlega sönnuð.

Samkvæmt læknisvottorði, er fram er lagt í málinu, urðu afleiðingar

brotsins þær, er í ákæru greinir, og varðar brotið við þargreind lagaákvæði.

Samkvæmt vottorði Sakaskrár ríkisins hefur ákærði sætt refsingum sem hér segir:

1986 16/4 Eyjafjarðars./Aey. Sátt: 8.500 kr. sekt f. brot g. 1. mgr. 217. gr. alm. hgl.

1986 6/5 S.-Múlas./Eskfj. Dómur: Fangelsi 30 daga, skb. 2 ár, f. brot g. 244. og 1. mgr. 155. gr. alm. hgl.

1990 8/2 Eyjafjarðars./Aey. Dómur: Varðhald 20 daga f. brot g. 1. mgr. 218. gr. alm. hgl., sbr. 11. gr. l. nr. 20, 1981.

Eigi hefur verið höfð uppi skaðabótakrafa í máli þessu.

Refsing ákærða þykir hæfilega ákveðin 45 daga varðhald. Þá ber að dæma ákærða til greiðslu alls sakarkostnaðar, þ.m.t. málsvarnarlauna skipaðs verjanda síns, Arnars Sigfússonar héraðsdómslögmanns, 20.000 kr., auk virðisaukaskatts.

Dóm þennan kvað upp Freyr Ófeigsson héraðsdómari.

Dómsorð:

Ákærði, Árni Guðlaugur Stefánsson, sæti varðhaldi 45 daga.

Ákærði greiði allan kostnað sakarinnar, þ.m.t. 20.000 kr., auk virðisaukaskatts, í málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Arnars Sigfússonar héraðsdómslögmanns.

Dómi þessum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Þriðjudaginn 18. febrúar 1992.

Nr. 224/1989. **Bjarni Guðmundsson og**
Kristín Halldórsdóttir
(Kjartan Ragnars hrl.)
gegn
Verðbréfamarkaði
Fjárfestingarfélagsins hf.
f.h. Verðbréfasjóðsins hf. og
Sparisjóði Reykjavíkur og nágrennis
(Sigurður G. Guðjónsson hrl.).

Nauðungaruppboð. Umboð. Ómerking. Heimvísun.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Þór Vilhjálmsson, Garðar Gíslason og Gunnar M. Guðmundsson.

Áfrýjendur skutu máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 9. júní 1989 að fengnu áfrýjunarleyfi sama dag.

Áfrýjað er uppboðsgerð uppboðsréttar Kjósarsýslu, sem fram fór 9. mars 1989, en þá var fasteign áfrýjenda, Stóriteigur 3, Mosfellsbæ, seld þriðju og síðustu sölu á nauðungaruppboði. Á söluþingi þessu var meðal annars bókað eftirfarandi:

„Uppboðshaldari hefur knúið dyra á húsinu, en þar virðist enginn vera heima. Af hálfu uppboðsþola mætir Ragnar Lövdal, tengdasonur þinglýsts eiganda.

Af hálfu uppboðsbeiðenda og kröfuhafa eru mættir Ingvar Þóroddsson lögfr. v/Tryggingastofnunar ríkisins, Þorsteinn Einarsson hdl. v/Verðbréfasjóðsins hf., 6. veðréttur, Baldur Guðlaugsson hrl. v/Sparisjóðs Reykjavíkur og nágrennis, 7. veðréttur.

Uppboðshaldari kynnir uppboðsskilmála og þar með veðbókarvottorð.

Hefjast nú sölutilraunir. Þessi boð komu fram.

...

4) Ragnar Lövdal v/Kristínar Halldórsdóttur
... Krummahólum 2, Rvík, kr. 2.800.000.-

5) Baldur Guðlaugsson v/sama og fyrr kr. 3.000.000,-
og krefst útlagningar.

6) Ragnar Lövdal v/sama og fyrr. kr. 3.050.000,-

7) Baldur Guðlaugsson v/sama og fyrr kr. 3.200.000,-
og krefst útlagningar.

Önnur og fleiri boð komu ekki fram. Uppboðshaldari lætur hamar sinn falla til merkis um að sölutilraunum sé lokið.

Með samþykki allra viðstaddra tekur uppboðshaldari sér sex vikna frest til athugunar á framkomnum boðum. Uppboðshaldari tekur fram að um greiðslu vaxta af uppboðsandvirði fari sem uppboðsskilmálar séu óbreyttir.

Uppboðshaldari hefur á uppboðsþinginu gætt leiðbeiningarskyldu gagnvart Ragnari Lövdal sem er ólöglærður. Hann óskar nú bókaða þá athugasemd við veðbókarvottorð, rskj. nr. 28, að Kristín Halldórsdóttir eigi 16,67% eignarinnar."

Áfrýjendur gera þær kröfur aðallega, að hið áfrýjaða uppboð verði ómerkt frá og með þingfestingu málsins 10. júní 1988 og synjað verði um framgang þess að öllu leyti, til vara, að málinu verði vísað heim í hérað til löglegrar meðferðar. Þá krefjast áfrýjendur málskostnaðar úr hendi stefndu fyrir Hæstarétti óskipt.

Stefndu krefjast þess, að hin áfrýjaða uppboðsgerð verði staðfest og að áfrýjendur verði dæmdir til að greiða sér málskostnað fyrir Hæstarétti.

I.

Málsástæður áfrýjenda eru einkum þær, að tilkynningar til uppboðsþola hafi ekki verið í samræmi við 3. mgr. 22. gr. laga nr. 57/1949 um nauðungaruppboð. Áfrýjanda Bjarna hafi ekki verið tilkynnt um þingfestingu uppboðsmálsins 10. júní 1988, en áfrýjanda Kristínu hafi aldrei verið sendar tilkynningar á lögheimili sitt, og hafi henni aldrei borist vitneskja um uppboðsþingin. Þá hafi Ragnar Lövdal, eiginmaður áfrýjanda Kristínar og tengdasonur sambýliskonu áfrýjanda Bjarna, ekki haft umboð til að mæta á uppboðinu fyrir hönd áfrýjenda og bjóða í eignina fyrir hönd Kristínar.

Af hálfu stefndu er því haldið fram, að Bjarna hafi verið sendar tilkynningar á fullnægjandi hátt um öll þinghöld í uppboðsmálinu. Þá hafi Ragnar Lövdal sem maki Kristínar haft umboð til að mæta fyrir hennar hönd við þriðju og síðustu sölu og bjóða í eignina fyrir hennar hönd.

II.

Uppboðsmál þetta var þingfest í uppboðsrétti Kjósarsýslu 10. júní 1988. Málið var tekið fyrir 22. september sama ár, og var því þá frestað. Fyrsta sala fór fram 22. nóvember. Eitt boð kom í eignina, og ákvað uppboðshaldari að halda annað og síðara uppboð. Málið var næst tekið fyrir í uppboðsréttinum 15. febrúar 1989, og fór þá fram önnur og síðari sala. Eitt boð var gert, og var ákveðið að halda þriðja og síðasta uppboð á eigninni sjálfri 9. mars 1989. Fór það fram, svo sem fyrr segir.

Uppboðsþing voru haldin á skrifstofu uppboðshaldara nema þingið 9. mars 1989. Enginn mætti af hálfu áfrýjenda fram að því, en samkvæmt framlögðum gögnum var tilkynning um þinghöldin jafnan send báðum áfrýjendum að Stórateigi 3 í Mosfellsbæ. Samkvæmt vottorði Hagstofu Íslands úr þjóðskrá 31. janúar 1990 var lögheimili uppboðsþola Kristínar Halldórsdóttur að Krummahólum 2 í Reykjavík frá árinu 1986.

Áfrýjendur eru sameigendur fasteignarinnar Stórateigs 3 í Mosfellsbæ, og samkvæmt veðbókarvottorði er eignarhlutur Bjarna 83,35%, en Kristínar 16,65%.

III.

Gegn mótmælum áfrýjenda verður ekki talið, að Ragnar Lövdal hafi haft umboð til að mæta fyrir þeirra hönd á uppboðsþinginu 9. mars 1989. Af bókunum í þingbók má ráða, að litið var svo á, að Ragnar væri mættur í umboði áfrýjenda. Ætla má, að hann hafi með ítrekuðum boðum sínum í eignina, sem bókað var, að væru vegna uppboðsþola Kristínar, haft áhrif á framgang uppboðsins og þannig hugsanlega skert hagsmuni áfrýjenda. Ber því að ómerkja meðferð uppboðsmálsins frá og með þinghaldinu 9. mars 1989 og vísa því heim í hérað til löglegrar meðferðar og þriðju og síðustu sölu að nýju.

Rétt þykir, að málskostnaður falli niður.

Dómsorð:

Nauðungaruppboð 9. mars 1989 á Stórateigi 3, Mosfellsbæ, er fellt úr gildi, og er málinu vísað heim í hérað til þriðju og síðustu uppboðssölu að nýju.

Málskostnaður fellur niður.

Miðvikudaginn 19. febrúar 1992.

Nr. 166/1990. **Þórdís Hauksdóttir**
og
Kolbrún Hauksdóttir
(Jón Oddsson hrl.).
gegn
Elsu Sigurvinsdóttur,
Írisi Ingibergsdóttur
(Hafsteinn Hafsteinsson hrl.)
og
Lífeyrissjóði Flugvirkjafélags Íslands
(Jón G. Briem hrl.).

Nauðungaruppboð.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Þór Vilhjálmsson, Garðar Gíslason og Hjörtur Torfason.

Áfrýjendur skutu máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 18. apríl 1990.

Áfrýjað er nauðungaruppboði á efri hæð hússins nr. 29 við Hegranes í Garðakaupstað, sem fram fór 9. apríl 1990.

Í uppboðsbók er meðal annars þetta skráð um hið áfrýjaða uppboð:

„Uppboðsþoli Þórdís Hauksdóttir er mætt. Uppboðshaldari gætir leiðbeiningarskyldu gagnvart henni, þar sem hún er ólöglærð.

Af hálfu uppboðsbeiðenda og veðhafa eru mætt:

Guðlaug Ólafsdóttir lögfr. vegna Lífeyrissjóðs Flugvirkjafélags Íslands,

Hafsteinn Hafsteinsson hrl. vegna Írisar Ingibergsdóttur (6. veðr.),

Gunnar Bjarnason fulltrúi vegna Ólafs Sigurgeirssonar hdl. (13. veðr.).

Uppboðshaldari les viðstöddum uppboðsskilmála og kynnir veðbókarvottorð.

Eygló Hauksdóttir, systir uppboðsþolanna, mætir nú í réttinum fyrir hönd uppboðsþolans Kolbúnar. Uppboðshaldari gætir leiðbeiningarskyldu gagnvart henni.

Uppboðsþolar mótmæla því, að uppboðið fari fram, þar sem uppboðsþolinn Kolbrún hafi ekki fengið sendar lögmæltar tilkynningar um fyrra uppboð.

Uppboðshaldari telur með vísan til ákvörðunar sinnar í þinghaldi hér á þessum stað 8. febrúar sl., sem tekin var með samþykki viðstaddra aðila, að ekki séu efni til að taka mótmæli uppboðsþola til greina.

Hefjast nú sölutilraunir. Þessi boð komu fram:

...

10.	Elsa Sigurvinsdóttir	kr.	4.000.000,00
11.	Hafsteinn Hafsteinsson hrl. vegna sömu og fyrr og krefst útlagningar	kr.	4.100.000,00
12.	Elsa Sigurvinsdóttir	kr.	4.300.000,00

Önnur og fleiri boð koma ekki fram.

Uppboðshaldari slær hamri í borð til merkis um, að sölutilraunum sé lokið. Hann tekur sér frest í allt að fjórtán daga til að taka afstöðu til framkominna boða."

Dómkröfur stefnenda eru þær, að hin áfrýjaða uppboðsgerð verði úr gildi felld og að synjað verði um framgang nauðungaruppboðsins. Þá er þess krafist, að stefndu verði in solidum gert að greiða áfrýjendum málskostnað.

Stefnda Elsa Sigurvinsdóttir gerir ekki kröfur í málinu.

Stefnda Íris Ingibergsdóttir gerir þær dómkröfur, að hið áfrýjaða uppboð verði staðfest og hún sýknuð af öllum kröfum áfrýjenda. Þá krefst hún þess, að áfrýjendum verði in solidum gert að greiða málskostnað.

Af hálfu stefnda Lífeyrissjóðs Flugvirkjafélags Íslands eru þær kröfur gerðar, að hið áfrýjaða uppboð verði staðfest. Þá er krafist málskostnaðar.

I.

Uppboðsmál þetta var fyrst tekið fyrir í uppboðsrétti Garðakaupstaðar 23. júní 1989. Hafði þinghaldið verið tilkynnt áfrýjendum með ábyrgðarbréfi, stíluðu á Þórdísi og Kolbrúnu Hauksdætur, Hegranesi 29, 210 Garðakaupstað. Á uppboðsþinginu var meðal annars bókað:

„...Fyrir er tekið: Að selja við nauðungaruppboð Hegranes 29, Garðakaupstað, eigandi Elsa Sigurvinsdóttir o.fl., eftir kröfu Inn-

heimtu ríkissjóðs og Hafsteins Hafsteinssonar hrl.“ Enn fremur var bókað: „Eigandi eignarinnar er ekki mættur. Sala 10.10.1989 kl. 13.25.“ Fram voru lagðir óundirritaðir uppboðsskilmálar í stöðluðu formi frá embætti bæjarfógetans í Garðakaupstað.

Málið var næst tekið fyrir í uppboðsréttinum 3. október sama ár. Tilkynningar til áfrýjenda um uppboðið voru með sama hætti og um fyrsta uppboðsþingið. Á þessu uppboðsþingi var meðal annars bókað svo í þingbók:

„Fyrir er tekið: Að selja á nauðungaruppboði fasteignina Hegranes 29 e.h., Garðakaupstað, sem er þingl. eign Þórdísar og Kolbrúnar Hauksdætra.“ Enginn var á dómþinginu af hálfu áfrýjenda, og var leitað boða í eignina að undangenginni kynningu á uppboðsskilmálum og veðbókarvottorði. Boð kom í eignina frá einum uppboðsbeiðenda, og ákvað uppboðshaldari að önnur og síðari sala færi fram á skrifstofu réttarins 30. nóvember.

Næsta fyrirtaka í uppboðsmálinu var 30. nóvember 1989. Áfrýjendur sóttu ekki uppboðsþingið, en það var tilkynnt þeim á sama hátt og fyrr. Uppboðinu var frestað til 15. janúar 1990.

Annað og síðara uppboð fór fram á eigninni sjálfri þann dag. Var áfrýjendum send tilkynning um það með sama hætti og fyrr, en ekki var sótt þing af þeirra hálfu. Um söluna var þetta bókað:

„Eftir að uppboðsskilmálar og veðbókarvottorð hafa verið kynnt viðstöddum, var leitað boða í eignina. Þessi boð komu fram: kr. 1.000.000,00 frá Hafsteini Hafsteinssyni hrl. v/Írisar Ingibergsdóttur, ... og krefst útlagningar. Gunnar Bjarnason ftr. biður um 3. sölu.“ Ákveðið var að halda þriðja og síðasta uppboð 8. febrúar 1990.

Á uppboðsþingi á eigninni sjálfri þann dag var uppboðsþolinn Þórdís Hauksdóttir mætt. Bókað var, að ekki væri mætt af hálfu uppboðsþolans Kolbrúnar Hauksdóttur. Þórdís krafðist þess, að uppboðið færi ekki fram, þar sem Kolbrún hefði ekki fengið sendar lögmæltar tilkynningar um uppboðsþing í málinu. Uppboðshaldari ákvað þá með samþykki viðstaddra, að annað og síðara uppboð á fasteigninni skyldi endurtekið og fram fara 28. febrúar 1990 á skrifstofu uppboðshaldara. Bókað var: „Kolbrúnu Hauksdóttur verður send sérstök tilkynning um það uppboðsþing, en skv. upplýsingum Þórdísar er heimili hennar á Fagrahjalla 20 á Vopnafirði.“

Í þessu þinghaldi var lögð fram yfirlýsing bæjarstjórans í Garðabæ þess efnis, að áfrýjandi Kolbrún hefði ekki átt lögheimili að Hegranesi 29 frá 1984.

Á uppboðsþingið 28. febrúar 1990 var enginn mættur af hálfu áfrýjenda. Þórdísi hafði verið send tilkynning um þingið á heimili hennar að Hegranesi 29, en Kolbrúnu á fyrrnefnt heimilisfang á Vopnafirði. Var málinu frestað til 14. mars 1990.

Önnur og síðari sala fór síðan fram að nýju á uppboðsþingi fyrrnefndan dag. Enginn var þar af hálfu áfrýjenda, en tilkynnt hafði verið um uppboðið með sama hætti og um uppboðsþingið 28. febrúar. Sama boð kom fram og á þinginu 15. janúar 1990, og var ákveðið að halda þriðja og síðasta uppboð á eigninni sjálfri 9. apríl 1990. Fór það fram, eins og fyrr er lýst.

Hinn 20. sama mánaðar hélt uppboðshaldari þing til að taka afstöðu til boða í eignina. Hafði áfrýjunarstefna í máli þessu þá verið tekin út og uppboðshaldara verið tilkynnt það með símskeyti. Hæstbjóðandi, sem er móðir áfrýjenda, var þar ekki mætt, en samkvæmt bókun uppboðshaldara hafði hún verið boðuð símleiðis.

Uppboðshaldari ákvað að samþykkja boð næstbjóðanda, sem mættur var við þinghaldið, en ganga ekki eftir greiðslu að svo stöddu.

II.

Áfrýjendur byggja á þessum málsástæðum:

1. Að margsinnis hafi láðst að tilkynna öðrum áfrýjenda um meðferð uppboðsmálsins, og hafi hún því ekki getað gætt réttar síns.

2. Að uppboðsskilmálar hafi ekki verið formlega út gefnir og dagsettir.

3. Að boðað hafi verið til þriðja og síðasta nauðungaruppboðs á eigninni án undangengins annars og síðara nauðungaruppboðs.

4. Að þriðja og síðasta uppboði hafi verið frestað andstætt gildandi rétti.

5. Að málið hafi verið tekið fyrir í uppboðsrétti eftir áfrýjun þess og afstaða tekin til boða, án þess að áfrýjendur væru boðaðir. Í þessu þinghaldi hafi uppboðshaldari skert rétt og hagsmuni áfrýjenda með því að hafna hæsta boði í eignina án nokkurs formlegs rökstuðnings.

III.

Fram er komið, að tilkynningar til áfrýjandans Kolbrúnar Hauksdóttur um þinghöld í uppboðsmálinu voru ekki sendar á lögheimili hennar á Vopnafirði, fyrr en fyrsta og önnur sala á eigninni höfðu farið fram. Fram til þess var tilkynning á nafni hennar send systur hennar og sameiganda, sem bjó á eigninni. Áfrýjanda Kolbrúnu voru sendar tilkynningar til Vopnafjarðar um síðari þing í málinu, þar á meðal um hið áfrýjaða nauðungaruppboð 9. apríl 1990. Verða kröfur áfrýjenda ekki teknar til greina á þeim grundvelli, að lögmæltar tilkynningar hafi ekki verið sendar.

Í lögum nr. 57/1949 um nauðungaruppboð er það ekki gert að skilyrði, að uppboðsskilmálar séu gefnir út með undirritun uppboðshaldara. Samkvæmt málsgögnum voru uppboðsskilmálar lagðir fram við þingfestingu uppboðsmálsins og lesnir upp fyrir sölur á uppboðsþingum. Var það fullnægjandi kynning á skilmálunum, sbr. 26. gr. laga nr. 57/1949.

Upppoðshaldara var heimilt með samþykki uppboðsaðila, sem sóttu þing 8. febrúar 1990, að endurtaka annað og síðara uppboð á eigninni, enda skerti það ekki hagsmuni áfrýjenda. Heimilt var og að fresta sölunni fram yfir þann dag, sem fyrst var ákveðinn.

Önnur og síðari sala fór fram í annað sinn 14. mars 1990 og þriðja og síðasta uppboð síðan 9. apríl sama ár. Var það innan þess frests, er greinir í 3. mgr. 29. gr. uppboðslaga, sbr. 7. gr. laga nr. 12/1987.

Gerðir uppboðshaldara eftir 9. apríl 1990 varða ekki gildi hins áfrýjaða uppboðs og koma ekki til álita hér fyrir dómi.

Samkvæmt því, sem nú hefur verið rakið, verður hið áfrýjaða uppboð staðfest.

Rétt þykir, að áfrýjendur greiði óskipt stefndu Írisi Ingibergsdóttur og Lífeyrissjóði Flugvirkjafélags Íslands málskostnað fyrir Hæstarétti, 40.000 krónur til hvors þeirra.

Dómsorð:

Hið áfrýjaða uppboð er staðfest.

Áfrýjendur, Þórdís Hauksdóttir og Kolbrún Hauksdóttir, greiði óskipt stefndu Írisi Ingibergsdóttur og Lífeyrissjóði Flugvirkjafélags Íslands málskostnað fyrir Hæstarétti, 40.000 krónur til hvors aðila.

Miðvikudaginn 19. febrúar 1992.

Nr. 315/1989. **Friðbert Páll Njálsson**
(Tómas Gunnarsson hrl.)
gegn
Ólafi Auðunssyni og
Valgeiri Þórðarsyni
(Brynjólfur Kjartansson hrl.).

Verksamningur. Fjölbýlishús.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Þór Vilhjálmsson, Garðar Gíslason og Hjörtur Torfason.

Áfrýjandi skaut málinu til Hæstaréttar með stefnu 18. ágúst 1989 að fengnu áfrýjunarleyfi 26. júlí s.á. Hann krefst sýknu af kröfum stefndu og málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndu krefjast staðfestingar héraðsdóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Með samningi 20. október 1986 tóku stefndu að sér viðgerðir á húsinu Tjarnargötu 10 B í Reykjavík, en áfrýjandi á 20% þess. Var samningurinn gerður við stjórn húsfélagsins, en í reynd var þar um að ræða alla íbúðareigendur í húsinu. Við undirritun á samningnum fyrir sitt leyti bætti áfrýjandi meðal annars við þessum ákvæðum varðandi tilhögun á greiðslum: „Friðbert greiði ca. 1/3 (33%) kostnaðar við verkið samkvæmt tilboði og verksamningi með jöfnum greiðslum, á meðan á verki stendur, og tvo þriðju eigi síðar en sex vikum eftir að verkinu er að fullu lokið.“ Ber að fallast á það með héraðsdómara, að samkvæmt þessu sé áfrýjandi skuldbundinn til að greiða stefndu 20% umsaminna verklauna fyrir viðgerðina, þ.e. 110.000 krónur.

Stefndu kveðast hafa lokið við verkið í byrjun júní 1987. Samkvæmt gögnum málsins var áfrýjandi krafinn um greiðslu í eitt skipti, meðan á verkinu stóð, með reikningi 15. maí 1987. Í reikningnum var ekki gerð sérstök grein fyrir því, hversu langt verkið væri þá komið. Ágreiningur um þetta skiptir hér ekki máli þegar af þeirri ástæðu, að stefndu byggja kröfur sínar eingöngu á lokareikningi fyrir verkið fullunnið. Vaxtakrafa þeirra er og í samræmi við fyrrgreint ákvæði frá hendi áfrýjanda.

Áfrýjandi telur, að gallar hafi verið á verki stefndu, bæði að því er varðar frágang á þakrennum og frágang veggja. Fram er komið, að eftirlitsmaður húseigenda fylgdist með hvoru tveggja, a.m.k. að einhverju leyti. Staðhæfingar áfrýjanda um galla eru ósannaðar, og verða kröfur hans að þessu leyti ekki teknar til greina.

Loks styður áfrýjandi kröfur sínar þeirri málsástæðu, að verk stefndu hafi ekki verið tekið út. Samkvæmt samningnum skyldu húseigendur hafa eftirlitsmann með framkvæmdunum á sinn kostnað. Eftirlitsmaðurinn tók verkið ekki út vegna ágreinings við þá. Þurfa stefndu ekki að bera halla af því, eins og hér stendur á, og verður dómkrafa áfrýjanda ekki reist á þessari málsástæðu.

Staðfesta ber því hinn áfrýjaða dóm.

Eftir þessum úrslitum ber að dæma áfrýjanda til að greiða stefndu 55.000 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Áfrýjandi, Friðbert Páll Njálsson, greiði stefndu, Ólafi Auðunssyni og Valgeiri Þórðarsyni, 55.000 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 15. mars 1989.

Mál þetta, sem dómtekið var 1. mars sl., höfðuðu Ólafur Auðunsson, Laufhaga 12, Selfossi, og Valgeir Þórðarson, Lindargötu 45, Reykjavík, fyrir bæjarþingi Reykjavíkur með stefnu, birtri 28. okt. 1987, gegn Friðbert Njálssyni, Tjarnargötu 10 B, Reykjavík.

Dómkröfur stefnenda eru þær, að stefndi verði dæmdur til að greiða 110.000 kr. með 33,6% dráttarvöxtum á ári frá 15. júlí 1987 til stefnubirtingardags, en með dráttarvöxtum samkvæmt 10. gr. l. nr. 25/1987 frá þeim degi til greiðsludags. Jafnframt er þess krafist, að dráttarvextir leggist við höfuðstól einu sinni á ári skv. 12. gr. síðastnefndra laga, í fyrsta sinn 15. júlí 1988. Þá er krafist málskostnaðar úr hendi stefnda skv. gjaldskrá LMFÍ, allt að frádregnum 65.000 kr., sem bárust lögmanni stefnenda 30. nóv. 1987.

Stefndi krefst sýknu af kröfum stefnenda og málskostnaðar eftir mati dómsins.

Leitað hefur verið um sáttir í málinu án árangurs.

Við aðalmeðferð málsins gáfu skýrslu fyrir dómi stefnandi Gestur Ólafur Auðunsson, stefndi og Leifur Blumenstein.

Málavextir.

Stefndi er einn af fimm íbúðareigendum í húsinu Tjarnargötu 10 B í Reykjavík. Á fundi eigenda hússins 3. okt. 1986 var samþykkt að fela Arnmundi Backman að ganga til samninga við stefnendur á grundvelli tilboðs þeirra í viðgerð á húsinu. Jafnframt var Arnmundi falið að leita eftir því við Leif Blumenstein að fá hann til ráðuneytis og eftirlits vegna viðgerðarinnar. Hinn 20. október 1986 var undirritaður samningur á milli stjórnar húsfélagsins að Tjarnargötu 10 B sem verkkaupa og stefnenda sem verktaka, þar sem stefnendur tóku að sér að gera við fjölbýlishúsið Tjarnargötu 10 B með tilteknum hætti.

Í samningi þessum segir m.a. svo: „...

2. gr.

Fyrir framangreint verk ber verkkaupa að greiða verktaka samtals 550.000 kr. —fimm hundruð og fimmtíu þúsund 00/100—. Greiðsla fari fram í samræmi við framkvæmd verksins eftir nánara samkomulagi, enda séu reikningar samþykktir af eftirlitsmanni, og greiðast þeir eigi síðar en hálfum mánuði eftir, að þeir eru samþykktir af honum. Endanlegt uppgjör fari fram eigi síðar en hálfum mánuði eftir verklok..."

Undir samning þennan skrifaði stefndi með ýmiss konar fyrirvörum, og er þar m.a. tekið fram, að stefndi greiði um ⅓ (33%) kostnaðar við verkið samkvæmt tilboði og verksamningi með jöfnum greiðslum, á meðan á verki stendur, og tvo þriðju eigi síðar en sex vikum eftir, að verkinu er að fullu lokið.

Á dskj. 13 er bréf lögmanns stefnda til lögmanns stefnenda, dags. 27. nóv. 1987. Í bréfi þessu segir m.a. svo: „Hefur umbj. minn óskað þess, að ég greiddi þér fyrir hönd Húsfélagsins Tjarnargötu 10 B 65.000 kr., sem fylgja í ávísun. Fjárhæðin er til greiðslu upp í hluta umbj. míns vegna verksamnings, sem húsfélagið gerði við Valgeir Þórðarson og Ólaf Auðunsson 20.10. 1986.

Þá hefur umbj. minn óskað eftir, að ég afhenti þér með vísun til umboðs þíns fyrir húsfélagið hjálagða kvittun Guðmundar Guðmundssonar, dags. 23.2. 1987, að fjárhæð 75.000 kr., svo og ljósrit af samþykktu tilboði, dags. 12. des. 1986, vegna vinnu við húsið Tjarnargötu 10 B, Reykjavík. Vill umbj. minn, að fram komi, að hann greiddi upphaflega alla fjárhæð kvittunarinnar, 75.000 kr., en hefur síðan fengið greiddar frá þremur íbúðareigendum, þeim Jóni, Láru og eiganda risíbúðar, 45.000 kr. Hins vegar hefur Sigrid Valtingojer ekki greitt sinn hluta í þessu verki, 15.000 kr. Er það

ósk umbj. míns, að inneign hans hjá húsfélaginu vegna útlagðs hluta Sigrid verði notuð til að greiða upp í samninginn við Valgeir og Ólaf. Vill umbj. minn þar með telja, að hann hafi greitt 80.000 kr. vegna samningsins."

Málsástæður og lagarök stefnenda.

Stefnendur reisa kröfur sínar á þeirri málsástæðu, að þeir og stefndi hafi gert með sér verksamning. Stefnendur hafi lokið verki því, sem þeir tóku að sér. Stefndi hafi átt að greiða sinn hluta verklauna eftir því, sem verkinu miðaði áfram. Það hafi hann ekki gert. Stefnendur hafi efnt samninginn af sinni hálfu, en stefndi ekki.

Um lagarök er vísað til meginreglu kröfuréttarins um efndir in natura, en þessi regla fái lagastoð m.a. í 21., 28. og 50. gr. l. nr. 39/1922. Um vexti er vísað til l. nr. 25/1987 og ákvörðunar Seðlabanka Íslands um vaxtafót og auglýsinga þar um á hverjum tíma. Um málskostnað er vísað til 12. kafla l. nr. 85/1936.

Við munnlegan málflutning var því sérstaklega mótmælt, að stefndi gæti notað kröfu á hendur þriðja aðila til greiðslu á kröfum stefnenda í máli þessu.

Málsástæður og lagarök stefnda.

Stefndi hafi sjálfur ekki gert verksamning við stefnendur, og það sé rangt, sem segi í stefnu, að hann hafi stofnað til skuldar við stefnendur.

Stefndi hafi ekki fengið reikning vegna framkvæmda verksins, en skortur á eðlilegum reikningi til húsfélagsins, sem hefði átt að fá reikning, hafi torveldað athugun á framkvæmd verksins og að hluta til skiptingu milli íbúðareigenda í húsinu. Þetta hafi verið þeim mun brýnna vegna þess, að lögmaður húsfélagsins sé nú einnig lögmaður stefnenda.

Eftir að stefndi frétti af stefnubirtingu í Lögbirtingablaðinu hafi verið greitt til Arnmundar Backmans hrl. f.h. húsfélagsins 80.000 kr. 30. nóvember 1987.

Niðurstaða.

Með málsókn þessari krefja stefnendur stefnda um umsamið endurgjald fyrir vinnu samkvæmt verksamningi. Þegar af þeirri ástæðu verður að telja stefnendum óskylt að leggja fram sundurliðaða reikninga vegna vinnu sinnar.

Í skjölum málsins kemur fram, að 5. júní 1987 hafi stefnda verið skrifað innheimtubréf og hann krafinn um 110.000 kr. og jafnframt tekið fram, að stefnda hafi verið sendur reikningur 15. maí 1987, sem ekki hafi verið greiddur.

Samkvæmt sérstakri áritun stefnda á verksamninginn skuldbatt hann sig

til að greiða sinn hluta kostnaðar við verkið með tilteknum hætti á tilteknum tíma, og verður því að telja stefnda þegar af þeirri ástæðu skuldbundinn gagnvart stefnendum.

Eins og málið liggur fyrir, hefur stefndi ekki sýnt fram á neinar vanefndir af hálfu stefnenda, og ekki verður séð af skjölum málsins, að því hafi verið hreyft fyrr en með greinargerð lögmanns stefnda, að stefnendur hafi ekki efnt sinn hluta samningsins. Ber því að taka kröfur stefnenda til greina að öllu leyti, enda verður að fallast á það með lögmanni stefnenda, að kröfur, sem stefndi kann að eiga á hendur öðrum aðilum en stefnendum, séu máli þessu óviðkomandi.

Samkvæmt 177. gr. l. nr. 85/1936 ber að dæma stefnda til að greiða stefnendum málskostnað, sem telst hæfilega ákveðinn 53.000 kr., þar með talinn söluskattur af lögmannsþóknun.

Dóminn kvað upp Auður Þorbergsdóttir borgardómari.

Dómsorð:

Stefndi, Friðbert P. Njálsson, greiði stefnendum, Ólafi Auðunssyni og Valgeiri Þórðarsyni, 110.000 kr. með 33,6% dráttarvöxtum á ári frá 15. júlí 1987 til 28. okt. 1987, en með dráttarvöxtum skv. III. kafla l. nr. 25/1987 frá þeim degi til greiðsludags og 53.000 kr. í málskostnað, allt að frádregnum 65.000 kr., sem greiddar voru 30. nóv. 1987. Greiðslur samkvæmt dómi þessum greiðist innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Miðvikudaginn 19. febrúar 1992.

Nr. 80/1991. **Lúðvík Gizurarson**
gegn
Ragnari Halldóri Hall,
setuskiptaráðanda í Rangárvallasýslu,
f.h. dánarbús Ólafs Bergsteinssonar,
Bergsteini Gizurarsyni,
Sigurði Gizurarsyni og
Sigríði Gizurardóttur.

Skiptaréttarmál. Dánarbú. Sönnun. Skriflega flutt mál.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Þór Vilhjálmsson, Garðar Gíslason og Hjörtur Torfason.

Áfrýjandi skaut máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 22. febrúar 1991 að fengnu áfrýjunarleyfi 18. sama mánaðar.

Áfrýjað er úrskurði skiptaréttar Rangárvallasýslu 15. nóvember 1990.

Áfrýjandi krefst þess aðallega, að sér verði úrskurðaður 99,9% eignarhlutur í dánarbúi Ólafs Bergsteinssonar eða lægri hundraðshluti að mati Hæstaréttar. Til vara krefst hann endurgreiðslu úr búinu á 25.000.000 króna með vöxtum eða á lægri fjárhæð að mati réttarins. Þá krefst áfrýjandi málskostnaðar.

Ekki var sótt þing af hálfu stefndu við þingfestingu málsins, en þeim var löglega stefnt fyrir Hæstarétt. Af hálfu hins stefnda setuskiptaráðanda í Rangárvallasýslu var sótt þing 2. október 1991 og 1. nóvember sama ár. Við fyrirtöku málsins 2. desember 1991 sótti enginn hinna stefndu þing, og var málinu þá frestað til flutnings.

Stefndu hafa ekki sent Hæstarétti kröfur eða greinargerðir.

Málið er flutt skriflega samkvæmt heimild í 2. mgr. 47. gr. laga nr. 75/1973 um Hæstarétt Íslands og dæmt eftir fram lögðum skilríkjum.

Fallast verður á það með skiptaráðanda, að ekki sé fram komið, að áfrýjandi hafi eignast hlut í eignum Ólafs heitins Bergsteinssonar. Einnig verður að fallast á, að ekki sé lagagrundvöllur til að taka varakröfu hans til greina.

Ber því að staðfesta skiptaréttarúrskurðinn.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði úrskurður á að vera óraskaður.

Úrskurður skiptaréttar Rangárvallasýslu 15. nóvember 1990.

Mál þetta var tekið til úrskurðar 14. nóvember 1990.

Sóknaraðili, Lúðvík Gizurarson, Grenimel 20, Reykjavík, gerir þær kröfur aðallega, að sér „verði úrskurðaður 99,9% eignarhlutur" í dánarbúi Ólafs Bergsteinssonar eða lægri prósenta að mati skiptaréttarins. Til vara gerir hann kröfu um „endurgreiðslu úr búinu á 25 milljónum kr. með dómvöxtum frá 1. október 1990 eða lægri fjárhæð að mati skiptaréttarins". Enn fremur krefst hann málskostnaðar.

Sóknaraðili er einn af fjórum erfingjum dánarbús Ólafs Bergsteinssonar, sem síðast átti lögheimili að Árgilsstöðum í Hvolhreppi, Rangárvallasýslu, og lést 6. júní 1986. Dánarbúið er til opinberra skipta. Hinn 5. janúar 1987 var Ragnar Halldór Hall borgarfógeti skipaður setuskiptaráðandi í búinu, og kveður hann upp úrskurð þennan.

Erfingjar búsins eru auk sóknaraðila systkin hans þrjú, Sigríður, Sigurður og Bergsteinn Gizurarbörn. Við skiptameðferðina hefur sóknaraðili sett fram framangreindar kröfur, og mótmæltu tveir af erfingjunum þeim og töldu kröfurnar ekki hafa lagastoð, þ.e. þeir Sigurður og Bergsteinn, en Sigríður hefur ekki sótt skiptafundi, þar sem fjallað hefur verið um kröfurnar. Á skiptafundi í búinu 16. október s.l. krafðist sóknaraðili þess, að kröfur sínar yrðu teknar til greina með úrskurði, og var rekstur þessa skiptaréttarmáls þá ákveðinn. Kvaðst Bergsteinn Gizurarson myndu taka til varna í skiptaréttarmálinu, en Sigurður Gizurarson lýsti yfir, að hann teldi nægilegt, að málið yrði dæmt eftir framlögðum skjölum og skilríkjum sóknaraðila.

Bergsteinn Gizurarson hefur ekki sótt þing og því ekki komið fram beinar kröfur frá honum undir rekstri málsins. Með því að enginn af erfingjum búsins hefur því tekið sjálfstætt til varna í málinu, verður dánarbúið sjálft talið varnaraðili þess, en af þess hálfu hafa engar kröfur verið gerðar.

Sóknaraðili gerir þá grein fyrir aðalkröfu sinni, að hann hefði látið hinum látna í té mjög mikla fjárhagsaðstoð á löngu tímabili fyrir andlát hans. Sé eðlilegast, að sér verði dæmdur eignarhluti (prósenta) af dánarbúinu sem endurgjald, og sé það raunar eini möguleikinn til, að hann fái þessa fjárhagsaðstoð endurgreidda. Hæstiréttur hafi hafnað þeirri kröfu sinni, að fjárhagsaðstoð þessi teljist „arfur". Því sé rétt að líta svo á, að í arfleiðsluskrá hins látna, dags. 14. júlí 1968, felist sameignarsamningur sóknaraðila og hins látna, auk þess sem það skjal sé arfleiðsluskrá, enda sé þar talað um hluta búsins á móti fjárhagsaðstoð. Það hafi aldrei verið

sín hugsun og ekki hins látna heldur, að líta bæri á fjárhagsaðstoð sóknaraðila við hann sem peningalán. Sóknaraðili hafi haldið búi hins látna gangandi upp á það að taka við því á móti að hluta eða öllu leyti.

Sóknaraðili telur, að í erfðaskrá hins látna komi fram viðurkenning á því, að hann hafi fram að þeim tíma verið að greiða afborganir og vexti af áhvílandi veðskuldum á jörðinni. Aðrir aðilar máls þessa hafi ekki gert neitt til að hjálpa Ólafi heitnum með þessar greiðslur. Árgjöldin vegna áhvílandi veðskulda hafi verið ca. 15.000 kr. upp úr 1950, en hækkað upp í rúmlega 40.000 kr. 1962, eftir að lausaskuldalán hafi verið tekið 28/6 1962. Þar sem þetta verði ekki endurgreitt með arfi, sé eignarhlutur í búinu eðlileg lausn.

Sóknaraðili reifar fjárhagsaðstoð sína við Ólaf heitinn í löngu máli í greinargerð sinni, sem er 24 blaðsíður að lengd. Þykir ekki ástæða til að reifa þær lýsingar í úrskurði þessum.

Leggja verður úrskurð á mál þetta eftir framlögðum skjölum og skilríkjum sóknaraðila og málsútlistun hans eftir meginreglu 118. gr. laga nr. 85/1936.

Meginmál erfðaskrár Ólafs Bergsteinssonar er svohljóðandi:

Ég, Ólafur Bergsteinsson, Árgilsstöðum, Hvolhreppi, Rangárvallasýslu, ánafna hér með þeim Lúðvík, Bergsteini og Sigurði Gizurarsonum og Sigríði Gizurardóttur, öllum í Reykjavík, öllum eignum mínum eftir minn dag, en eignir mínar eru aðallega jörðin Árgilsstaðir (suðurbær) ásamt búslóð og mannvirkjum. Skulu þessi bróðurbörn erfa mig að jöfnu.

Jafnframt þessu taka þau að sér að greiða afborganir og vexti af áhvílandi veðskuldum á jörðinni, eins og þær eru í dag, enda hafa þau gert það undanfarin ár, eins og samkomulag hefir verið um á hverjum tíma.

Ekki verður með nokkru móti fallist á það með sóknaraðila, að í þessu skjali sé fólgin yfirlýsing Ólafs Bergsteinssonar um, að sóknaraðili sé sameigandi að eignum hans eða að til standi, að þeir verði sameigendur að þeim. Ekki verður heldur fallist á, að í texta skjalsins komi fram, að sóknaraðili hafi veitt arfleiðandanum meiri fjárhagsaðstoð en aðrir, sem þar eru nefndir, sbr. orðalagið: „... enda hafa þau gert það undanfarin ár ...“. Skjalið kveður einfaldlega á um það, hvert eftirlátnar eignir Ólafs skuli renna að honum látnum. Sóknaraðili hefur engin haldbær gögn lagt fram um sameignarrétt sinn að eignum, sem Ólafur Bergsteinsson lét eftir sig. Verður því að hafna með öllu aðalkröfu hans.

Sóknaraðili hefur engin gögn lagt fram í máli þessu, sem beri með sér, að hann hafi látið Ólafi heitnum Bergsteinssyni í té fjármuni, sem hann geti nú að honum látnum krafið dánarbú hans um greiðslu á. Í málsreifun hans er engin tilraun gerð til að gera grein fyrir því, hvernig varakrafa hans

um greiðslu á 25.000.000 kr. er fundin, og ekki þykja vera nein lagaskilyrði til, að rétturinn ákveði honum aðra lægri fjárhæð á þeim grundvelli, sem krafan er reist á. Verður þegar af þeirri ástæðu að hafna varakröfu hans.

Í málsútlistun sóknaraðila er nefnt, að Hæstiréttur hafi hafnað því, að fjárhagsaðstoð hans við Ólaf heitinn verði gerð upp með auknum arfi úr búinu. Hér mun sóknaraðili eiga við dóm Hæstaréttar 26. september 1990 í máli nr. 430/1989. Sá dómur fjallar ekki um uppgjör á fjárkröfum sóknaraðila né um réttmæti kröfu hans til hlutdeildar í eignum dánarbúsins.

Samkvæmt framangreindu er það niðurstaða máls þessa, að bæði aðal- og varakröfu sóknaraðila er hafnað.

Málskostnaður verður ekki úrskurðaður.

Úrskurðarorð:

Kröfum sóknaraðila, Lúðvíks Gizurarsonar, í máli þessu er hafnað.

Fimmtudaginn 20. febrúar 1992.

Nr. 207/1991. **Guðmundur Stefán Gíslason**
(Jón Oddsson hrl.)
gegn
Ólafi Ísleifssyni
(Magnús Óskarsson hrl.).

Sýkna. Málskostnaður. Útivist. Skriflega flutt mál.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Þór Vilhjálmsson, Garðar Gíslason og Hjörtur Torfason.

Áfrýjandi skaut máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 10. maí 1991. Áfrýjandi hafði áður áfrýjað málinu með stefnu 6. júlí 1989. Málið var nr. 270/1990. Þingsókn féll niður, og var kveðinn upp útivistardómur 23. apríl 1991.

Áfrýjandi krefst sýknu af kröfum stefnda. Stefndi krefst þess, að áfrýjandi verði dæmdur til að greiða sér málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Málið er flutt skriflega samkvæmt heimild í 2. mgr. 47. gr. laga nr. 75/1973 um Hæstarétt Íslands.

Eins og fram kemur í hinum áfrýjaða dómi, var áfrýjanda stefnt fyrir bæjarþing Reykjavíkur í desember 1988 sem sjálfskuldarábyrgðarmanni á skuldabréfi. Útivist varð af hans hálfu í héraði. Áður en málið var tekið til dóms, var fallið frá kröfum á hendur útgefanda bréfsins og öðrum sjálfskuldarábyrgðarmanni, og gekk dómur gegn áfrýjanda einum um greiðslu skuldarinnar 13. apríl 1989.

Með dómi sakadóms Reykjavíkur 22. nóvember 1989 var útgefandi fyrrnefnds skuldabréfs fundinn sekur um að hafa falsað undirskrift áfrýjanda á skuldabréfið.

Hér fyrir dómi hefur stefndi fallið frá kröfu um, að áfrýjanda verði gert að greiða skuldabréfið, og ber að sýkna áfrýjanda af þeirri kröfu.

Áfrýjanda var löglega stefnt fyrir héraðsdóm, og ekki hefur verið sýnt fram á lögmæt forföll hans. Ber því að dæma hann til greiðslu málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti. Við ákvörðun hans þykir mega líta til þess, að stefndi sótti ekki þing, þegar mál þetta

var til meðferðar fyrir Hæstarétti samkvæmt upphaflegri áfrýjun, en málið var þá tilbúið til flutnings frá hendi áfrýjanda, áður en það féll niður. Verður málskostnaðurinn ákveðinn samtals 25.000 krónur.

Dómsorð:

Áfrýjandi, Guðmundur Stefán Gíslason, á að vera sýkn af kröfu stefnda, Ólafs Ísleifssonar, í máli þessu.

Áfrýjandi greiði stefnda 25.000 krónur í málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Fimmtudaginn 20. febrúar 1992.

Nr. 32/1992. **Ákæruvaldið**

gegn

Jóhanni Ragnari Sigurðssyni,
Rúnari Ingva Eiríkssyni,
Sveinbirni Sverrissyni og
Petru Sigríði Gunnarsdóttur.

Kærumál. Bótakrafa í opinberu máli. Frávísun staðfest.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Þór Vilhjálmsson, Garðar Gíslason og Hjörtur Torfason.

Ríkissaksóknari hefur með heimild í 3. tl. 171. gr. laga nr. 74/1974 um meðferð opinberra mála skotið til Hæstaréttar með kæru frávísun á skaðabótakröfum í dómi sakadóms Akureyrar 12. nóvember 1991. Kæran barst Hæstarétti 22. janúar 1992, en gögn málsins 4. febrúar.

Af hálfu ákæruvalds er þess krafist, að frávísun á skaðabótakröfum í dóminum verði úr gildi felld og héraðsdómara dæmt skylt að taka framkomnar skaðabótakröfur til dómsmeðferðar og kveða upp efnisdóm um þær samkvæmt ákærum, út gefnum 12. apríl, 6. maí, 18. og 20. júní, 5. júlí og 9. ágúst 1991.

Kæran var kynnt varnaraðilum í þinghaldi í sakadómi Akureyrar 29. janúar sl., og kváðust þeir hvorki gera kröfur né athugasemdir vegna kærunnar.

Héraðsdómari byggir frávísun skaðabótakrafna á því, að skýring á þeim þyki vera til verulegs óhagræðis í málinu, og vísar til 145. gr. laga nr. 74/1974. Hið tilvitnaða ákvæði er svohljóðandi, sbr. 29. gr. laga nr. 107/1976:

„Nú kemur það í ljós í rannsókn opinbers máls, að þriðji maður hefur beðið tjón af háttsemi þeirri, sem sökunautur er borinn, og skal þá lögreglumaður sá eða dómari, sem rannsókn málsins annast, þegar er efni standa til, benda þriðja manni á það, að hann eigi þess kost að koma bótakröfu sinni að í væntanlegu refsimáli og að þar megi dæma hana, ef hún verði nægilega skýrð án verulegra tafa eða óhagræðis í því máli. Ef aðili eða umboðsmaður hans gerir slíka kröfu nægilega ákveðið og nægilega snemma, enda leiðbeini

dómari í því efni eftir þörfum, þá skal dómari leita sannana um hana, þar á meðal með matsgerð, eða skoðunar fyrir dómtöku, ef því er að skipta. Bera skal slíka kröfu undir ákærða, enda er sækjanda og verjanda skylt að gera athugasemdir um hana, ef ákærði hefur ekki samþykkt hana, eftir því sem ástæður verða til."

Í máli þessu gengust varnaraðilar við brotum sínum. Í því var lagður fram fjöldi skaðabótakrafna frá ýmsum aðilum. Fyrir dómi lýstu varnaraðilar yfir samþykki við flestum kröfunum, a.m.k. að meginefni til. Verður ekki séð, að umfjöllun krafnanna hefði leitt til óhæfilegrar tafar á meðferð málsins, og ekki var látið á það reyna, hvort einhverjum þeirra þyrfti að vísa frá vegna vanreifunar samkvæmt 3. mgr. 146. gr. laga nr. 74/1974. Telja verður þannig, að ástæður héraðsdómara til frávísunar á grundvelli 145. gr. laganna hafi ekki verið nægilegar.

Kveðinn hefur verið upp dómur í héraði yfir varnaraðilum, og hafa tveir þeirra óskað áfrýjunar. Niðurstaða héraðsdóms um frávísun skaðabótakrafna sætir ekki endurskoðun í áfrýjunarmálinu, sbr. 147. gr. laga nr. 74/1974.

Ekki er unnt að ómerkja héraðsdóminn í heild fyrir þá sök, að dómari tók ekki efnislega afstöðu til skaðabótakrafna. Þá þykir ekki fært að fella úr gildi frávísunarþátt málsins og leggja fyrir héraðsdómara að taka þann þátt til efnismeðferðar. Verður því við niðurstöðu hans að sitja.

Dómsorð:

Krafa ríkissaksóknara í kærumáli þessu er ekki tekin til greina.

Dómur sakadóms Akureyrar 12. nóvember 1991.

Mál þetta, sem dómtekið var 8. nóvember sl., hefur ríkissaksóknari höfðað hér fyrir sakadómi Akureyrar með sex ákærum, út gefnum 12. apríl 1991, 6. maí 1991, 18. júní 1991, 20. júní 1991, 5. júlí 1991 og 9. ágúst 1991, á hendur Jóhanni Ragnari Sigurðssyni, Kaldbaksgötu 8, Akureyri, fæddum 19. desember 1970, fæðingarnúmer 495, Rúnari Ingva Eiríkssyni, Norðurgötu 58, Akureyri, fæddum 29. janúar 1968, fæðingarnúmer 309, Sveinbirni Sverrissyni, Fögrusíðu 13 A, Akureyri, fæddum 28. júní 1969, fæðingarnúmer 407, og Petru Sigríði Gunnarsdóttur, Álfaskeiði 40,

Hafnarfirði, nú til heimilis að Hjallalundi 9 E, Akureyri, fæddri 18. ágúst 1973, fæðingarnúmer 562:

A.

Á hendur ákærða Sveinbirni ,,fyrir skjalafals með því að hafa um mánaðamótin október/nóvember 1990 selt í verslun Hagkaupa, Norðurgötu 62, Akureyri, tékka, að fjárhæð 2.500 kr., gefinn út af Jónasi Marinóssyni á eyðublað nr. 430789 frá Sparisjóði Glæsibæjarhrepps, sem ákærði falsaði með framsalsárituninni Sveinbjörn Einarsson, kt. 230669-4869.

Telst þetta varða við 1. mgr. 155. gr. almennra hegningarlaga nr. 19, 1940.

B.

,,Fyrir eftirgreind brot á almennum hegningarlögum á árinu 1991:

I. Ákærðu Jóhanni Ragnari og Rúnari Ingva er gefið að sök:

1. að hafa aðfaranótt föstudagsins 18. janúar brotist inn í húsnæði fyrirtækisins Rúmfatalagersins, Óseyri 4, Akureyri, og stolið 32.000 krónum,

2. aðfaranótt fimmtudagsins 14. febrúar brotist inn í barnaheimilið Sælukot, Þorragötu 1, Reykjavík, og stolið fimm tékkheftum, útvarpstæki, leifturljósi og tékka, að fjárhæð 18.000 kr.,

3. sunnudaginn 3. mars brotist inn í Setbergsskóla, Hlíðarbergi, Hafnarfirði, og stolið myndbandstæki, myndbandsupptökuvél, ljósmyndavél, aðdráttarlinsu, leifturljósi, tveimur töskum og um 20.000 krónum,

4. aðfaranótt föstudagsins 8. mars brotist inn í Varmárskóla í Mosfellsbæ, unnið þar spjöll við leit að fjármunum og stolið um 50.000 krónum, tveimur tékkheftum, myndbandsupptökuvél,

5. aðfaranótt sunnudagsins 10. mars brotist inn í húsnæði skipasmíðastöðvarinnar Varar hf., Óseyri 16, Akureyri, unnið þar spjöll við leit að peningum og stolið tveimur tékkheftum og um 20.000 krónum,

6. aðfaranótt miðvikudagsins 13. mars brotist inn í húsnæði fyrirtækjanna Plastiðjunnar Bjargs, Sjálfsbjargar og Akopokans á Akureyri, unnið þar mikil spjöll í leit að fjármunum og stolið 39.954 krónum í húsnæði Sjálfsbjargar,

7. aðfaranótt föstudagsins 15. mars 1991 brotist inn í verslunina Svarfdæla á Dalvík, brotið þar upp hurðir og fjóra afgreiðslukassa og stolið um 70.000 krónum, tvennum leðurhönskum og fimm vindlingapökkum.

Telst þetta varða við 244. gr. almennra hegningarlaga nr. 19, 1940.

8. Í framhaldi af innbrotinu samkvæmt ákærulið I.2 staðið saman að því að nota í staðgreiðsluviðskiptum eftirgreinda tékka, sem þeir skiptust á að gefa út til handhafa í eigin nafni á eyðublöð úr tékkheftum frá Búnaðarbanka Íslands, Reykjavík, sem þeir höfðu komist yfir í innbrotinu, án

þess að eiga innstæðu fyrir andvirði tékkanna, sem ákærðu deildu með sér.

A. Tékkar frá Melaútibúi Búnaðarbankans, gefnir út af ákærða Rúnari Ingva á reikning nr. 4114:

1) Tékki nr. 1524552, 5.000 kr., dagsettur 14.2.1991. Seldur í versluninni Eden, Hveragerði.

2) Nr. 1524554, 5.000 kr., dagsettur 14.2.1991. Seldur í versluninni Felli, Þverholti, Mosfellsbæ.

3) Nr. 1524555, 3.000 kr., dagsettur 14.2.1991. Seldur í bensínafgreiðslu Olís hf., Brúarlandi, Mosfellsbæ.

4) Nr. 1524556, 1.000 kr., dagsettur 14.2.1991. Seldur í söluturni að Langholtsvegi 68, Reykjavík.

5) Nr. 1524558, 6.000 kr., dagsettur 15.2.1991. Seldur á Hótel Akranesi, Akranesi.

6) Nr. 1524562, 5.350 kr., dagsettur 15.2.1991. Seldur í skóversluninni Staðarfelli, Akranesi.

7) Nr. 1524623, 10.000 kr., dagsettur 15.2.1991. Seldur í versluninni Drangey, Kirkjubraut 14, Akranesi.

8) Nr. 1524565, 5.000 kr., dagsettur 16.2.1991. Seldur í verslun Hagkaupa á Akureyri.

9) Nr. 1524568, 5.000 kr., dagsettur 16.2.1991. Seldur á veitingastaðnum Víðigerði, Víðidal, Vestur-Húnavatnssýslu.

10) Nr. 1524571, 5.000 kr., dagsettur 16.2.1991. Seldur í veitingastofunni Þyrli í Hvalfirði.

11) Nr. 1524551, 6.000 kr., dagsettur 14.2.1991. Seldur á einni bensínafgreiðslu Skeljungs hf., Reykjavík.

12) Nr. 1524559, 4.000 kr., dagsettur 15.2.1991. Seldur á Hótel Borgarnesi.

13) Nr. 1524560, 10.000 kr., dagsettur 15.2.1991. Seldur á Hótel Borgarnesi.

14) Nr. 1524561, 7.000 kr., dagsettur 15.2.1991. Seldur á Hótel Borgarnesi.

15) Nr. 1524567, 5.000 kr., dagsettur 16.2.1991. Seldur í bensínafgreiðslu Kaupfélags Húnvetninga á Blönduósi.

16) Nr. 1524570, 6.000 kr., dagsettur 16.2.1991. Óvíst, hvar tékkinn var seldur.

B. Tékkar frá Miðbæjarútibúi Búnaðarbankans, gefnir út af Jóhanni Ragnari á reikning nr. 3058:

17) Nr. 675210, 5.000 kr., dagsettur 14.2.1991. Seldur í versluninni Felli, Mosfellsbæ.

18) Nr. 675211, 5.300 kr., dagsettur 16.2.1991. Seldur í bensínafgreiðslu Skeljungs hf. við Hörgárbraut á Akureyri.

19) Nr. 675212, 3.000 kr., dagsettur 15.2.1991. Seldur í bensínafgreiðslu Skeljungs hf. í Borgarnesi.

20) Nr. 675213, 10.000 kr., dagsettur 15.2.1991. Seldur í versluninni Drangey, Akranesi.

21) Nr. 675214, 5.400 kr., dagsettur 15.2.1991. Seldur í skóversluninni Staðarfelli á Akranesi.

22) Nr. 675216, 5.000 kr., dagsettur 15.2.1991. Seldur í bensínafgreiðslu Skeljungs við Hörgárbraut á Akureyri.

23) Nr. 675217, 1.600 kr., dagsettur 15.2.1991. Seldur í Dalakofanum, Lyngholti 20, Akureyri.

24) Nr. 675218, 3.000 kr., dagsettur 16.2.1991. Seldur á Hótel KEA, Hafnarstræti 28, Akureyri.

25) Nr. 675225, 10.000 kr., dagsettur 16.2.1991. Seldur í veitingastofunni Þyrli í Hvalfirði.

Telst þetta varða við 248. gr. almennra hegningarlaga.

9. Í febrúar staðið saman að því að nota sem greiðslu í bifreiðaviðskiptum á Aðalbílasölunni við Miklatorg í Reykjavík skuldabréf, að fjárhæð 340.000 kr., út gefið af ákærða Jóhanni Ragnari 6. febrúar 1991, sem ákærðu höfðu falsað með því að rita á bréfið nöfn tilgreindra ábyrgðarmanna, þeirra Björns Bjarnasonar, kt. 070753-324, og Bjarna Stefánssonar, kt. 090641-395.

Telst þetta varða við 1. mgr. 155. gr. almennra hegningarlaga.

II. Ákærðu Jóhanni Ragnari, Rúnari Ingva og Sveinbirni er gefið að sök:

1. að hafa aðfaranótt sunnudagsins 24. febrúar brotist í þjófnaðarskyni inn í Kópavogskirkju, en horfið af vettvangi eftir árangurslausa leit að peningum,

2. síðastgreinda nótt brotist í þjófnaðarskyni inn í Fossvogskirkju í Reykjavík og leitað þar peninga án árangurs,

3. síðastgreinda nótt brotist inn í Heyrnleysingjaskólann við Vesturhlíð í Reykjavík og stolið um 45.000 krónum og tveimur myndavélum.

III. Ákærðu er öllum gefið að sök:

1. að hafa aðfaranótt miðvikudagsins 27. febrúar brotist inn í Sjólastöðina hf., Óseyrarbraut 5-7, Hafnarfirði, unnið þar mikil spjöll í leit að fjármunum og stolið um 1.000 krónum og tveimur tékkheftum,

2. síðastgreinda nótt brotist inn í söluturn að Miðvangi 41, Hafnarfirði, og stolið 10-20 vindlingalengjum, 10 vindlapökkum, sælgæti og um 5.000 krónum,.

3. brotist sömu nótt inn í Varmárskóla, Mosfellsbæ, brotið þar upp dyr og stolið 32.665 krónum.

Telst háttsemin samkvæmt ákæruliðum II og III varða við 244. gr. almennra hegningarlaga nr. 19, 1940, og samkvæmt lið II 2 jafnframt, sbr. 20. gr. sömu laga".

C.

Á hendur ákærða Jóhanni Ragnari fyrir eftirtalin brot:

„I. Aðfaranótt sunnudagsins 17. febrúar 1991, sviptur ökuréttindum, ekið bifreiðinni Y-14418 frá Reykjavík til Keflavíkur og þaðan til Sandgerðis og til baka áleiðis til Keflavíkur og við aksturinn neytt hassefnis ásamt nafngreindum félögum sínum, en lögreglan stöðvaði akstur ákærða á Reykjanesbraut á Miðnesheiði.

Telst þetta varða við 4. mgr. 44. gr. og 1. mgr. 48. gr., sbr. 100. gr. umferðarlaga nr. 50, 1987, og 2. gr., sbr. 5. og 6. gr. laga um ávana- og fíkniefni nr. 65, 1974, sbr. lög nr. 13, 1985, og 2. gr., sbr. 10. gr. reglugerðar um sölu og meðferð ávana- og fíkniefna nr. 16, 1986.

II. Aðfaranótt laugardagsins 2. mars 1991, sviptur ökuréttindum, ekið bifreiðinni Y-14418 frá Austurbergi í Reykjavík um götur í borginni, uns lögreglan stöðvaði akstur hans á Laufásvegi.

Telst þetta varða við 1. mgr. 48. gr., sbr. 100. gr. umferðarlaga."

D.

Á hendur ákærðu Jóhanni Ragnari og Rúnari Ingva:

„Fyrir tékkasvik með því að hafa í febrúar 1991 gefið út og notað saman eftirtalda fjóra tékka á stolnum eyðublöðum úr tékkhefti frá Búnaðarbanka Íslands, Miðbæjarútibúi, en ákærði Rúnar Ingvi gaf út hinn fyrsttalda og notaði reikningsnúmerið 4114 og ákærði Jóhann Ragnar hina þrjá með reikningsnúmeri 3058. Tékkarnir eru allir til handhafa, dagsettir 16/2 1991:

1-2. Nr. 1524567, 5.000 kr., og nr. 0675220, 5.000 kr. Báðir notaðir í söluskála Esso á Blönduósi.

3. Nr. 0675222, 12.000 kr. Notaður í kjörbúð Kaupfélags Vestur-Húnvetninga, Hvammstanga.

4. Nr. 0675223, 10.000 kr. Notaður í Staðarskála, Hrútafirði.

Telst þetta varða við 248. gr. almennra hegningarlaga nr. 19, 1940."

E.

Á hendur ákærða Rúnari Ingva:

„Fyrir að aka að kvöldi þriðjudagsins 5. mars 1991, sviptur ökuréttindum ævilangt, bifreiðinni Y-14418 frá Umferðarmiðstöðinni við Vatnsmýrarveg 10 í Reykjavík um götur í borginni að Hraunbergi 4, þar sem lögreglan hafði afskipti af honum.

Telst þetta varða við 1. mgr. 48. gr., sbr. 1. mgr. 100. gr. umferðarlaga nr. 50, 1987.“

F.

Á hendur ákærða Sveinbirni:

„Fyrir eftirgreind brot á almennum hegningarlögum, framin í maí 1991:

1. fyrir að hafa um miðjan maí stolið peningatösku með um 30.000 krónum úr bifreiðinni KK-870 við Glerárgötu 20 á Akureyri,

2. í byrjun maí brotist inn í Heyrnleysingjaskólann við Vesturhlíð í Reykjavík og stolið um 30.000 krónum og skjalatösku með seðlaveski og fleira.

Telst þetta varða við 244. gr. almennra hegningarlaga nr. 19, 1940.

3. Í framhaldi af innbrotinu samkvæmt ákærulið 2 notað í staðgreiðsluviðskiptum eftirgreinda tékka, sem hann gaf út í eigin nafni til handhafa á eyðublöð úr tékkhefti frá Búnaðarbanka Íslands á Akureyri, sem hann hafði stolið án þess að eiga innstæðu fyrir andvirði þeirra:

1) Tékki nr. 6179424, 10.000 kr., dagsettur 10.5.1991. Seldur í verslun-inni Báru, Grindavík.

2) Nr. 6179423, 10.000 kr., dagsettur 10.5.1991. Seldur á veitingastaðnum Hafurbirni, Grindavík.

3) Nr. 6179416, 3.000 kr., dagsettur 8.5.1991, með framsalsstimpli Hótel Loftleiða, Reykjavík.

4) Nr. 6179417, 3.000 kr., dagsettur. 8.5.1991. Seldur á Blús-barnum, Laugavegi 73, Reykjavík.

5) Nr. 6179425, 10.000 kr., dagsettur 10.5.1991. Seldur á veitingastaðnum Púlsinum, Reykjavík.

6) Nr. 6179414, 10.000 kr., dagsettur 8.5.1991. Seldur í söluskála Brautar sf., Grindavík.

7) Nr. 6179422, 10.000 kr., dagsettur 10.5.1991. Seldur í sjómannastofunni Vör, Grindavík.

8) Nr. 6179418, 3.000 kr., dagsettur 8.5.1991. Seldur í Bifreiðastöð Íslands, Vatnsmýrarvegi 10, Reykjavík.

9) 6179420, 4.000 kr., dagsettur 8.5.1991. Seldur í Múlakaffi, Reykjavík.

Telst þetta varða við 248. gr. almennra hegningarlaga nr. 19, 1940.“

Þess er krafist, að ákærðu verði dæmd til refsingar og til greiðslu skaða-

bóta og alls sakarkostnaðar og ákærði Jóhann Ragnar til sviptingar réttar til að aka vélknúnu ökutæki skv. 101. gr. umferðarlaganna.

Ákærðu hafa öll hér fyrir dóminum játað brot sín, eins og þeim er í ákærum lýst og að framan er rakið. Játning þeirra er í samræmi við framburð þeirra fyrir lögreglu og önnur gögn málsins.

Þykja brot þeirra því nægjanlega sönnuð, og varða þau við lagagreinar þær, er tilgreindar eru í ákærunum.

Ákærði Rúnar Ingvi hefur sætt refsingum sem hér segir:

1985 14/11 Gullbringus./Keflavík. Sátt: 10.000 kr. sekt f. brot g. 2., sbr. 4. mgr. 25. gr. umfl. Sviptur ökuleyfi 12 mán. frá 24.9.'85.

1986 10/11 Gullbringus./Keflavík. Sátt: 12.000 kr. sekt f. brot g. 1. mgr. 27. gr. umfl.

1987 20/1 Gullbringus./Keflavík. Sátt: 1.500 kr. sekt f. brot g. 248. gr. alm. hgl.

1988 27/1 Gullbringus./Keflavík. Dómur: 40.000 kr. sekt f. brot g. 2., sbr. 4. mgr. 25. gr. og 1. mgr. 27. gr. umfl. Sviptur ökul. 18 mán. frá 24.9.'86.

1989 22/11 Eyjafjarðars./Aey. Dómur: Varðhald 30 daga, skb. 3 ár, 90.000 kr. sekt f. brot g. 1. mgr. 259. gr. alm. hgl., 2., sbr. 3. mgr. 45. og 1. mgr. 48. gr. umfl. Sviptur ökul. ævilangt frá 11.8.'89.

1990 21/6 Fíkniefnadómur Nr. 3834 Sátt: 24.000 kr. sekt f. brot g. l. nr. 65, 1974, um áv. og fíkn. og rg. nr. 16, 1986.

1991 10/4 Eyjafjarðars./Aey. Dómur: Fangelsi 2 mán. f. brot g. 244. gr. alm. hgl.

1991 24/5 Eyjafjarðars./Aey. Sátt: 25.000 kr. sekt f. brot g. 48. gr. umfl.

1991 11/6 Eyjafjarðars./Aey. Sátt: 5.000 kr. sekt f. brot g. 1. mgr. 257. gr. alm. hgl.

Ákærði Sveinbjörn hefur sætt refsingum sem hér segir:

Nr. 68 Ákærufrestun skb. 2 ár frá 5.9.'85 f. brot g. 244. og 1. mgr. 259. gr. alm. hgl.

1985 3/10 Eyjafjarðars./Aey. Sátt: 12.000 kr. sekt f. brot g. 2., sbr. 4. mgr. 25. og 1. mgr. 27. gr. umfl. Sviptur rétti til að öðlast ökuleyfi 12 mán. frá 3.10.'85.

1985 17/12 Eyjafjarðars./Aey. Dómur: Ákvörðun refsingar frestað skb. 2 ár f. brot g. 244., 1. mgr. 259. gr. alm. hgl. og 1. mgr. 27. gr. umfl.

1986 25/9 Dómur Hæstaréttar í ofangreindu máli: Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

1986 18/12 Eyjafjarðars./Aey. Dómur: Fangelsi 2 mán., skb. 2 ár, f. brot g. 244. og 244., sbr. 20. gr. alm. hgl.
1989 6/9 Eyjafjarðars./Aey. Sátt: 40.000 kr. sekt f. brot g. 1. mgr. 259. gr. alm. hgl., 1. mgr. 4. og 1., sbr. 3. mgr. 45. gr. umfl. Sviptur ökul. 12 mán. frá 6.9.'89.
1990 21/6 Fíkniefnadómur. Nr. 3833. Sátt: 18.000 kr. sekt f. brot g. l. nr. 65, 1974, um áv. og fíkn. og rg. nr. 16, 1986.
1991 25/3 Eyjafjarðars./Aey. Sátt: 10.000 kr. sekt f. brot g. 21. gr. áfl.
1991 10/4 Eyjafjarðars./Aey. Dómur: Fangelsi 2 mán. f. brot g. 244. gr. alm. hgl.

Ákæði Jóhann Ragnar hefur sætt refsingum sem hér segir:
1988 8/6 Eyjafjarðars./Aey. Sátt: 10.000 kr. sekt f. brot g. 1. mgr. 4., 2. mgr. 10., 1. og 2. mgr. 44. gr. umfl. Sviptur ökul. 1 mán. frá 8.6.'88.
1990 7/9 Eyjafjarðars./Aey. Sátt: 20.000 kr. sekt f. brot g. 1., sbr. 2. mgr. 45. gr. umfl. Sviptur ökul. 6 mán. frá 7.9.'90.
1990 21/9 Eyjafjarðars./Aey. Dómur: Fangelsi 4 mán., skb. 2 ár, f. brot g. 1. mgr. 155. og 248. gr. alm. hgl.
1990 28/11 Eyjafjarðars./Aey. Sátt: 25.000 kr. sekt f. brot g. 48. gr. umfl.
1991 25/3 Eyjafjarðars./Aey. Sátt: 25.000 kr. sekt f. brot g. 48. gr. umfl.

Auk framangreinds hlaut ákæði Jóhann Ragnar fimm mánaða fangelsi, þar af þrír mánuðir skilorðsbundnir í tvö ár, fyrir brot á 244. gr. alm. hgl. með dómi sakadóms Akureyrar, upp kveðnum 10. apríl 1991.

Ákæða Petra Sigríður hefur sætt refsingum sem hér segir:
Nr. 28 Ákærufrestun skb. 2 ár frá 25.1.'90 f. brot g. 244. gr. alm. hgl.
1990 21/6 Fíkniefnadómur. Nr. 3837. Sátt: 18.000 kr. sekt f. brot g. l. nr. 65, 1974, um áv. og fíkn. og rg. nr. 16, 1986.

Refsing ákæða Rúnars Ingva þykir hæfilega ákveðin fangelsi í 10 mánuði.

Refsing ákæða Sveinbjörns þykir hæfilega ákveðin fangelsi í 6 mánuði.

Refsing ákæða Jóhanns Ragnars ber að ákvarða skv. 60. gr. alm. hgl., og þykir hún hæfilega ákveðin fangelsi í 10 mánuði.

Refsing ákæðu, Petru Sigríðar, þykir hæfilega ákveðin 30 daga fangelsi, en rétt er, að fullnustu refsingar verði frestað og hún falli niður að tveimur árum liðnum frá uppkvaðningu dómsins, haldi ákæða almennt skilorð 57. gr. alm. hgl. nr. 19, 1940, sbr. 4. gr. laga nr. 22, 1955.

Í málinu hafa verið lagðar fram um það bil 50 skaðabótakröfur frá ýms-

um aðilum á hendur ákærðu, ýmist hverju fyrir sig eða fleirum saman, og er kröfur þessar að finna hér og þar í gögnum málsins. Þykir skýring á kröfum þessum vera til verulegs óhagræðis í málinu og því rétt að vísa þeim frá með vísan til 145. gr. laga nr. 74, 1974.

Að lokum ber að dæma ákærðu til greiðslu alls sakarkostnaðar, þ. á m. málsvarnarlauna skipaðs verjanda síns, Björns Jósefs Arnviðarsonar héraðsdómslögmanns, 50.000 kr., auk virðisaukaskatts, þannig: Ákærða Petra greiði 1/10 hluta málskostnaðar, 9/10 hluta hans greiði ákærðu Rúnar Ingvi, Sveinbjörn Sverrisson og Jóhann Ragnar að jöfnum hlutum.

Dóm þennan kvað upp Freyr Ófeigsson héraðsdómari.

Dómsorð:

Ákærði Rúnar Ingvi Eiríksson sæti fangelsi í 10 mánuði.

Ákærði Sveinbjörn Sverrisson sæti fangelsi í 6 mánuði.

Ákærði Jóhann Ragnar Sigurðsson sæti fangelsi í 10 mánuði.

Ákærði Jóhann Ragnar er sviptur rétti til að stjórna vélknúnu farartæki í þrjú ár.

Ákærða, Petra Sigríður Gunnarsdóttir, sæti fangelsi í 30 daga, en fullnustu refsingar skal fresta og hún falla niður að tveimur árum liðnum frá uppkvaðningu dómsins, haldi ákærða almennt skilorð 57. gr. alm. hgl. nr. 19, 1940, sbr. 4. gr. laga nr. 22, 1955.

Skaðabótakröfum er vísað frá dómi.

Ákærðu greiði allan kostnað sakarinnar, þ.m.t. málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Björns J. Arnviðarsonar héraðsdómslögmanns, 50.000 kr., að viðbættum virðisaukaskatti, þannig: Ákærða, Petra Sigríður, að 1/10 hluta, en aðrir hinna ákærðu að 3/10 hlutum hver.

Dómi þessum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Fimmtudaginn 20. febrúar 1992.

Nr. 2/1990. **Menntamálaráðherra og fjármálaráðherra vegna ríkissjóðs**
(Hjörleifur Kvaran hdl.)
og
hreppsnefnd Ölfushrepps vegna sveitarsjóðs
(Hákon Árnason hrl.)
gegn
Ragnari Waage Pálmasyni
(Gunnar Eydal hdl.)
og gagnsök.

Skaðabótamál. Örorkubætur.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Guðrún Erlendsdóttir, Gunnar M. Guðmundsson, Haraldur Henrysson, Pétur Kr. Hafstein og Þór Vilhjálmsson.

Aðaláfrýjendurnir menntamálaráðherra og fjármálaráðherra vegna ríkissjóðs áfrýjuðu máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 4. janúar 1990. Þeir krefjast aðallega sýknu af kröfum gagnáfrýjanda og málskostnaðar úr hans hendi í héraði og fyrir Hæstarétti, en til vara verulegrar lækkunar á kröfum hans og að málskostnaður verði látinn niður falla.

Aðaláfrýjandinn hreppsnefnd Ölfushrepps vegna sveitarsjóðs áfrýjaði málinu til Hæstaréttar með stefnu 9. janúar 1990 og krefst aðallega sýknu af kröfum gagnáfrýjanda og málskostnaðar úr hans hendi í héraði og fyrir Hæstarétti, en til vara sakarskiptingar, lækkunar á kröfum gagnáfrýjanda og að málskostnaður verði látinn niður falla.

Gagnáfrýjandi áfrýjaði málinu til Hæstaréttar með stefnu 23. maí 1990 að fengnu áfrýjunarleyfi 8. sama mánaðar og gerir þær dómkröfur, „að aðaláfrýjendur verði dæmdir til að greiða sér kr. 2.209.200,- með 24% ársvöxtum frá 11. mars 1985 til 11. maí 1985, með 22% ársvöxtum frá þeim degi til 1. mars 1986, með 12% ársvöxtum frá þeim degi til 1. apríl 1986, með 9% ársvöxtum frá þeim

degi til 21. janúar 1987, með 10% ársvöxtum frá þeim degi til 21. febrúar 1987, með 11% ársvöxtum frá þeim degi til 1. maí 1987, með 12% ársvöxtum frá þeim degi til 21. júní 1987, með 13% ársvöxtum frá þeim degi til 11. júlí 1987, með 15% ársvöxtum frá þeim degi til 21. september 1987, með 17% ársvöxtum frá þeim degi til 11. október 1987, með 19% ársvöxtum frá þeim degi til 1. nóvember 1987, með 20% ársvöxtum frá þeim degi til 1. desember 1987, með 22% ársvöxtum frá þeim degi til 21. janúar 1988, með 20% ársvöxtum frá þeim degi til 1. mars 1988, með 19% ársvöxtum frá þeim degi til 11. júní 1988, með 23% ársvöxtum frá þeim degi til 21. júní 1988, með 24% ársvöxtum frá þeim degi til 1. ágúst 1988, með 26% ársvöxtum frá þeim degi til 21. ágúst 1988, með 22% ársvöxtum frá þeim degi til 1. september 1988, með 12% ársvöxtum frá þeim degi til 20. október 1988". Frá þeim degi til greiðsludags er krafist dráttarvaxta, sbr. 10. og 12. gr. vaxtalaga nr. 25/1987.

Þá krefst gagnáfrýjandi málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti, eins og málið væri ekki gjafvarnar- og gjafsóknarmál, en 9. janúar 1992 var honum veitt bæði gjafvörn og gjafsókn í málinu fyrir Hæstarétti.

I.

Er slys það varð, sem mál þetta fjallar um, hafði Grunnskólinn í Þorlákshöfn afnot af húsnæði til smíðakennslu fyrir nemendur skólans í félagsheimili Þorlákshafnar. Fyrir Hæstarétt var lögð grunnmynd af þessu húsnæði, gerð eftir minni 12. febrúar sl. af handavinnukennara skólans á umræddum tíma. Samkvæmt henni skiptist húsnæðið í vélaherbergi, smíðaherbergi, þar sem hefilbekkjum var komið fyrir, málningarklefa og efnisgeymslu. Að utan var fyrst gengið inn í vélaherbergið, en gegnt inngöngudyrum þess voru dyr inn í smíðaherbergið. Hægra megin gangvegar frá dyrum inn í vélaherbergið að dyrum inn í smíðaherbergið voru málningarklefinn og efnisgeymslan, en vinstra megin gangvegarins, þegar inn var gengið, var komið fyrir í vélaherberginu þrem trésmíðavélum: hjólsög, bandsög og þykktarhefli, sem var á hjólum og því færanlegur. Gangvegur þessi virðist hafa verið um það bil einn og hálfur metri á breidd. Í vélaherberginu við vegg milli þess og smíðaherbergis stóð hefilbekkur, og yfir honum var op í vegginn. Salerni

og handlaug fyrir nemendur var utan þessa húsnæðis, og þurfti að fara gegnum vélaherbergið til að komast í þann hluta hússins. Smíðaherbergið var vinnusvæði nemenda, en þeim var einnig ætlaður aðgangur að málningarklefa og efnisgeymslu. Smíðakennarinn notaði einn trésmíðavélarnar og virðist hafa unnið og undirbúið í þeim efni, sem nemendum var ætlað að smíða úr við hefilbekkina í smíðaherberginu.

Samkvæmt því, sem fram kemur í lögregluskýrslu og aðilaskýrslu gagnáfrýjanda á bæjarþingi Reykjavíkur, var hann í smíðatíma, er slysið varð. Kveðst hann hafa verið nýkominn inn í húsið og verið búinn að dveljast í smíðaherberginu í tvær til þrjár mínútur, er hann gekk fram í vélaherbergið, þar sem vélhefillinn var í gangi, en smíðakennarinn hafi vikið sér þrjá metra frá til að aðstoða nemanda. Gagnáfrýjandi kveðst hafa tekið spýtukubb upp af gólfinu, er verið hafi 16-17 cm á lengd og 4-5 cm á breidd, og brugðið honum með vinstri hendi á hefilvalsinn. Hafi hann þegar misst kubbinn úr hendi sér og hann kastast burt af hefilvalsinum. Við það hafi sér brugðið og höndin lent í valsinum. Gagnáfrýjandi kveðst hafa gert þetta í hugsunarleysi og enga grein gert sér fyrir þeirri hættu, sem hann stofnaði sér í með þessu tiltæki. Hann hafi vitað, að hlíf vantaði á vélhefilinn, en ekki gert sér grein fyrir nauðsyn hennar. Hins vegar hafi hann kunnað skil á notagildi tækisins, en kvað nemendur eigi hafa verið frædda um hættueiginleika þess. Hann kveður nemendum hafa verið bönnuð öll not trésmíðavélanna, og sér hafi verið um það bann kunnugt.

Sigurður Sólmundarson húsgagnasmíðameistari var smíðakennari í Grunnskóla Þorlákshafnar á umræddum tíma. Hann var yfirheyrður af lögreglu á öðrum degi eftir slysið og gaf jafnframt ýtarlega skýrslu á bæjarþingi Reykjavíkur. Hann kveðst hafa verið að vinna við vélhefilinn, rétt áður en slysið varð. Einhver nemendanna hafi kallað í sig, og hafi hann snúið sér við til að sinna því án þess að víkja frá vélheflinum, en hann fari aldrei frá vél, sem er í gangi. Eftir vitninu var m.a. bókað: „Ég var kannski með 16 krakka allt í kringum mig. Krakkar verða að fara þarna í kringum vélarnar til þess að komast á ýmis svæði, sem þau hafa heimild til að vera á, og það er alltaf verið að kalla eitthvað.“ Vitnið kveðst hafa byrjað smíðakennslu við skólann í upphafi kennsluárs og þá þegar

séð, að hlíf vantaði á vélhefilinn. Hann kveðst ekki muna, hvort hann lét skólastjórann vita af því. Hann fullyrðir, að eigi hefði verið hægt að koma að valsi hefilsins spýtu á stærð við þá, sem gagnáfrýjandi hafði í hendi, ef öryggishlíf hefði verið á vélinni. Er vitnið var innt eftir aðstæðum í vélaherberginu, kvað hann þar hafa verið allt of þröngt, og hafi hann með tilliti til vélanna haft áhyggjur af þrengslunum. Hann kveðst hafa lagt algjört bann við því, að nemendur kæmu nálægt vélunum, og gert þeim það rækilega ljóst. Því banni hafi undanbragðalaust verið hlýtt, þar til umrætt slys varð. Vitnið kveðst líta svo á, að það hafi verið sitt hlutverk að hafa umsjón með trésmíðavélunum.

Bjarni Eiríkur Sigurðsson, skólastjóri Grunnskóla Þorlákshafnar á umræddum tíma, greinir svo frá í skýrslu á bæjarþingi Reykjavíkur, að trésmíðavélarnar hafi verið hjálpartæki smíðakennarans og nemendum bönnuð öll afnot þeirra. Hann kveður smíðakennarann hafa tilkynnt sér, að öryggishlíf vélhefilsins hefði brotnað. Þetta hafi gerst, rétt áður en slysið varð, en hann muni ekki nákvæmlega, hvenær. Hafi hann beðið kennarann að koma hlífinni í viðgerð og hann lofað að gera það strax. Eigi hafi verið haft samband við skólanefndina um þetta. Samkomulag hafi verið milli sín og smíðakennarans, að hann ynni við vélhefilinn, þótt öryggishlífina vantaði. Hún hafi enn verið í viðgerð, er slysið varð. Skólastjórinn kvað smíðakennarann og sig tvímælalaust hafa haft á hendi umsjón með búnaði og tækjum í umræddu kennsluhúsnæði.

II.

Vinnueftirliti ríkisins var tilkynnt um slysið. Í bréfi þess til lögmanns gagnáfrýjanda 26. nóvember 1986 segir á þessa leið:

„...Hlífin yfir afréttaravalsinum var brotin af, er slysið varð. Gert var við hana og hún sett á strax eftir slysið. Vélin er staðsett við gangveg nemendanna inni í smíðastofunni á óheppilegum stað. Vélin var ekki lykillæst. ... Krafa var gerð um, að komið væri upp skilti um, að nemendum væri bannað að vinna á hættulegum vélum, stúka skyldi svæðið af, þar sem unnið er í trésmíðavélum, og hafa alltaf tilskildar öryggishlífar á þeim..."

Í bréfi Vinnueftirlits ríkisins til lögmanns gagnáfrýjanda 21. des-

ember 1987 eru upplýsingar um öryggishlífar á vélhefla. Þar segir á þessa leið:

„...Til eru þrenns konar hlífar:

Nr. 1. Þær, sem eru yfir öllu eggjárninu og ýtast frá af efninu, sem heflað er og skella svo sjálfkrafa yfir eggjárnið þegar efnið er komið yfir eggjárnsvalsinn.

Nr. 2. Hlífar, sem eru yfir öllum eggjárnsvalsinum og er lyft upp og efninu, sem á að hefla, er stungið undir hlífina, og síðan fellur hlífin niður, þegar efnið er komið fram hjá eggjárnsvalsinum, en ef efnið er þykkt, sem hefla á, er hlífin aðeins höfð yfir eggjárninu, sem ekki er verið að nota.

Nr. 3. Beltahlífar, sem hlífa þeim hluta eggvalsins, sem ekki er verið að nota.

Engin þessara hlífa tryggir fullkomlega, að ekki sé hægt að slasa sig á afréttara, en þær minnka verulega hættuna á því, að menn slasi sig á eggjárninu.

Hægt er að setja trékubb undan snúningi hnífavalsins, þar sem hlíf nr. 2 og 3 eru á vélum, en við hlíf nr. 1 er það líka hægt með því að ýta henni frá valsinum, áður en kubburinn er settur að valsinum. Vinnueftirlitið viðurkennir allar þessar hlífar. Á afréttaranum, sem slysinu olli í Þorlákshöfn, var beltahlíf."

III.

Kosta ber kapps um, að ýtrasta öryggis sé gætt í skólum til verndar nemendum gegn slysahættu. Sérstaklega rík er nauðsyn þess, að allar tiltækar varúðarráðstafanir séu gerðar, þegar hættulegum vélum er komið fyrir í kennsluhúsnæði, þar sem nemendum er ætlað að eiga leið um, og þær eru í notkun, meðan á kennslu stendur. Ljóst er, að verulega skorti á, að viðhlítandi öryggi væri tryggt í þessu efni við smíðakennslu í Grunnskóla Þorlákshafnar. Óverjandi var að hafa þar í notkun hættulega trésmíðavél án öryggishlífar, eins og aðstæðum var háttað. Sjá mátti fyrir hættu á því, að nemendur gætu farið sér að voða í henni. Þótt smíðakennaranum væri einum ætluð notkun vélanna og afskipti nemenda af þeim bönnuð, tengdist notkun þeirra svo smíðanámi nemenda, að hætta gat verið á, að þær freistuðu þeirra til fikts, svo sem raun varð á í umræddu tilviki. Þótt bann væri út af fyrir sig góðra gjalda vert, mátti ekki láta við það eitt sitja, eins og hér stóð á. Úr því

að svo vanbúin trésmíðavél var höfð til notkunar í kennsluhúsnæði, var áríðandi, að trésmíðakennarinn hvorki yfirgæfi hana né liti af henni, meðan hún var í gangi. Nauðsynlegt var að kynna nemendum og brýna rækilega fyrir þeim hættueiginleika hverrar trésmíðavélar fyrir sig, en það virðist hafa farist fyrir. Samkvæmt þessu verður slysið að nokkru rakið til atvika, sem valda bótaábyrgð að lögum.

IV.

Fallast ber á röksemdir héraðsdómara fyrir óskiptri fébótaábyrgð aðaláfrýjenda á tjóni gagnáfrýjanda af völdum slyssins að því leyti, sem það telst bótaskylt.

V.

Gagnáfrýjandi er fæddur 31. júlí 1969 og var því kominn langt á 16. aldursár, er hann varð fyrir umræddu slysi. Hann hafði í grunnskólanámi sínu um árabil notið kennslu í smíðum. Honum hafði ásamt öðrum nemendum verið bönnuð meðferð trésmíðavéla þeirra, sem voru í húsnæði skólans. Honum átti því að vera í stórum dráttum ljós slysahætta, sem af þeim gat stafað. Gagnáfrýjandi sýndi mikið gáleysi, er hann sætti lagi, þegar smíðakennarinn gerði hlé á vinnu við vélhefilinn til að sinna öðrum nemanda, og rak spýtukubb í óvarinn vals hefilsins. Þetta tiltæki gagnáfrýjanda var bersýnilega stórhættulegt, og gat ekki hjá því farið, að hann gerði sér grein fyrir því vegna aldurs og reynslu. Þykir eftir atvikum mega fallast á mat héraðsdómara á sök hans. Samkvæmt því verður aðaláfrýjendum gerð óskipt fébótaábyrgð að 2/5 á tjóni gagnáfrýjanda af völdum slyssins.

VI.

Meiðslum gagnáfrýjanda og afleiðingum þeirra er lýst í örorkumati Björns Önundarsonar læknis 4. júní 1986. Þar segir meðal annars:

„... hefur slasaði nú misst nálega tvær kjúkur framan af vísifingri vinstri handar og einnig tvær kjúkur framan af löngutöng vinstri handar, en auk þess lítið eitt úr „gómfyllu“ baugfingurs handarinnar. Mikil eymsli fylgja ef slasaði rekur fingurstúfana í eitthvað. Mikill kuldi sækir á höndina og veldur slasaða verulegum óþægindum. Þá er gripið á millum þumalfingurs annars vegar og fingurstúfanna

hins vegar kraftlítið og ónákvæmt og nýtist slasaða illa við fínvinnu. ... Ekki eru nú líkur á, að frekar rætist úr en orðið er."

Samkvæmt örorkumatinu var gagnáfrýjandi talinn vera alveg óvinnufær í næstu þrjá mánuði eftir slysið, vinnufær að hálfu í þrjá mánuði eftir það og með 15% skerta starfsorku til frambúðar.

VII.

Gagnáfrýjandi greinir svo frá í aðilaskýrslu á bæjarþingi Reykjavíkur 7. nóvember 1988, að hann hafi unnið í frystihúsi sumarið eftir slysið og hafið störf um miðjan júlí, en stundað sjómennsku samfleytt eftir það. Hann kveðst í fyrstu hafa verið háseti á netabáti, en síðan á frystitogara.

Í héraðsdómi er getið örorkuútreiknings Jóns Erlings Þorlákssonar 20. október 1988, en á honum er byggð endanleg krafa gagnáfrýjanda til örorkubóta. Í forsendum hans er miðað við 15 vikna vinnu gagnáfrýjanda á unglingataxta Dagsbrúnar árið, sem hann slasaðist. Frá og með 26. aldursári er miðað við meðaltekjur iðnaðarmanna samkvæmt skýrslum Kjararannsóknarnefndar. Getur tryggingastærðfræðingurinn þess, að þær tekjur séu samkvæmt reynslu sem næst meðaltal af atvinnutekjum verkamanna, iðnaðarmanna og sjómanna, sem í október 1988 teljist vera 1.212.600 krónur á ári.

Á framangreindum forsendum um tekjur og miðað við, að tekjutap vegna slyssins svari á hverjum tíma til metinnar örorku, reiknast höfuðstóll örorkutjóns nema 29.800 krónum vegna tímabundinnar örorku og 1.679.400 krónum vegna varanlegrar örorku, samtals 1.709.200 krónum.

Við útreikning þennan eru fram að útreikningsdegi notaðir einfaldir vextir af almennum sparisjóðsreikningum í Landsbanka Íslands, en eftir útreikningsdag 6% vextir og vaxtavextir. Byggt er á reynslu frá tímabilinu 1976 til 1980 um dánarlíkur, en á reynslu Svía um líkur fyrir missi starfsorku í lifanda lífi.

Engin gögn hafa verið lögð fyrir Hæstarétt um atvinnutekjur gagnáfrýjanda á þeim sjö árum, sem liðin eru frá slysinu.

VIII.

Gagnáfrýjandi sundurliðar þannig fjárhæð bótakröfu sinnar:

1. Atvinnutjón	kr.	29.800
2. Örorkutjón	—	1.679.400
3. Miski	—	500.000
	kr.	2.209.200

Um 1. Þessi kröfuliður þykir eftir atvikum eiga fullan rétt á sér og verður tekinn til greina óskertur.

Um 2. Sýnt er, að örkuml gagnáfrýjanda eftir slysið eru fallin til að torvelda honum ýmis störf. Við mat á tjóni fyrir varanlega örorku verður byggt á örorkumati því, sem fyrir liggur og eigi hefur verið hnekkt, svo og á framangreindum örorkuútreikningi. Jafnframt ber að taka tillit til þess, að örorkubætur eru undanþegnar tekjuskatti og útsvari, svo og hafa hliðsjón af hagræði af eingreiðslu slíkra bóta.

Um 3. Við mat á tjóni samkvæmt þessum lið ber meðal annars að taka tillit til lýta, sem gagnáfrýjandi ber eftir slysið. Þá ber og að hafa hliðsjón af því, að vaxtatímabil er tæp sjö ár, en ætla verður, að í vöxtum á þessu tímabili öllu sé verðbótaþáttur, en tjónið er metið eftir verðlagsforsendum, eins og þær eru nú.

Með vísan til þess, sem að framan segir, telst tjón gagnáfrýjanda af völdum slyssins hæfilega metið þannig:

1. Atvinnutjón	kr.	29.800
2. Örorkutjón	—	1.679.400
Frá dragast 25% vegna skattfrelsis og hagræðis af eingreiðslu bóta	—	419.850
	kr.	1.289.350
3. Miski	—	80.000
	kr.	1.369.350
Frá dregst vegna eigin sakar 3/5	—	821.610
	Kr.	547.740

Í héraðsdómi er gerð grein fyrir vátryggingabótum, er gagnáfrýjandi fékk frá Brunabótafélagi Íslands úr slysatryggingu. Hvorki var þess krafist af hálfu sveitarsjóðs Ölfushrepps í héraði né í kröfugerð í greinargerð hans fyrir Hæstarétti, að vátryggingabætur þessar kæmu til frádráttar dæmdum bótum. Við svo búið og með vísan

til 45. gr. laga nr. 75/1973 um Hæstarétt Íslands brestur lagaskilyrði til þess, að tekið sé tillit til þeirra við ákvörðun bóta til gagnáfrýjanda.

Samkvæmt þessu ber að dæma aðaláfrýjendur til að greiða gagnáfrýjanda óskipt 547.740 krónur með vöxtum eins og í dómsorði greinir. Málskostnaður og málflutningslaun skipaðra talsmanna gagnáfrýjanda í héraði og fyrir Hæstarétti ákveðast eins og í dómsorði segir. Ekki er tekið tillit til virðisaukaskatts. Af hálfu gagnáfrýjanda er ekki krafist greiðslu á útlögðum kostnaði af gagnaöflun og rekstri málsins, og engra gagna nýtur í málinu um slíkan kostnað. Kemur hann því ekki til álita.

Munnlegur málflutningur í héraði fór fram 7. nóvember 1988. Hinn 14. desember sama ár var kveðinn upp úrskurður með vísan til 120. gr. laga nr. 85/1936 um meðferð einkamála í héraði. Var aðilum gefinn kostur á að afla skýrslna um tiltekið atriði. Hinn 25. janúar 1989 var málið tekið fyrir, og hafði nú tekið við málinu dómari sá, er kvað upp dóm í því. Nokkur skjöl voru lögð fram í þessu þinghaldi, en síðan var gagnaöflun lýst lokið að nýju og málinu frestað til aðalflutnings 13. mars sama ár. Eigi verður séð, að málið hafi verið tekið fyrir þann dag. Hinn 6. apríl sama ár var málið enn tekið fyrir, gögn lögð fram og málinu frestað til aðalflutnings 22. maí sama ár. Þann dag fór fram munnlegur málflutningur öðru sinni, og var málið tekið til dóms. Hinn 9. október sama ár var málið endurupptekið og „endurflutt eins og efni standa til og lög gera ráð fyrir, lagt í dóm og dómtekið og að svo búnu kveðinn upp ... dómur ...“ Átelja ber þessa málsmeðferð.

Dómsorð:

Aðaláfrýjendur, menntamálaráðherra og fjármálaráðherra vegna ríkissjóðs og hreppsnefnd Ölfushrepps vegna sveitarsjóðs, greiði óskipt gagnáfrýjanda, Ragnari Waage Pálmasyni, 547.740 krónur með ársvöxtum eins og hér greinir: 24% frá 11. mars 1985 til 11. maí s.á., 22% frá þeim degi til 1. mars 1986, 12% frá þeim degi til 1. apríl s.á., 9% frá þeim degi til 21. janúar 1987, 10% frá þeim degi til 21. febrúar s.á., 11% frá þeim degi til 1. maí s.á., 12% frá þeim degi til 21. júní

s.á., 13% frá þeim degi til 11. júlí s.á., 15% frá þeim degi til 21. september s.á., 17% frá þeim degi til 11. október s.á., 19% frá þeim degi til 1. nóvember s.á., 20% frá þeim degi til 1. desember s.á., 22% frá þeim degi til 21. janúar 1988, 20% frá þeim degi til 1. mars s.á., 19% frá þeim degi til 11. júní s.á., 23% frá þeim degi til 21. sama mánaðar, 24% frá þeim degi til 1. ágúst s.á., 26% frá þeim degi til 21. ágúst s.á., 22% frá þeim degi til 1. september s.á., 12% frá þeim degi til 11. október s.á., 9% frá þeim degi til 20. sama mánaðar, en með dráttarvöxtum samkvæmt 10. gr. vaxtalaga nr. 25/1987 frá þeim degi til greiðsludags. Dráttarvexti má leggja við höfuðstól á 12 mánaða fresti, í fyrsta sinn 20. október 1989.

Aðaláfrýjandi hreppsnefnd Ölfushrepps vegna sveitarsjóðs greiði samtals 200.000 krónur í málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, er renni til ríkissjóðs. Málflutningslaun skipaðs talsmanns gagnáfrýjanda í héraði, Arnmundar Backman hæstaréttarlögmanns, og skipaðs talsmanns hans fyrir Hæstarétti, Gunnars Eydal héraðsdómslögmanns, 200.000 krónur til hvors, greiðist úr ríkissjóði.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 9. október 1989.

Ár 1989, mánudaginn 9. október, er lagður svohljóðandi dómur á málið nr. 1238/1988: Ragnar Waage Pálmason gegn menntamálaráðherra f.h. menntamálaráðuneytis, fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs og hreppsnefnd Ölfushrepps f.h. sveitarsjóðs og Brunabótafélagi Íslands til réttargæslu.

Mál þetta, sem var dómtekið í dag, hefur Ragnar Waage Pálmason sjómaður, Lyngbergi 1, Þorlákshöfn, höfðað fyrir dóminum á hendur ofangreindum varnaraðilum til greiðslu skaðabóta og miskabóta auk vaxta og málskostnaðar vegna slyss, sem hann varð fyrir 11. mars 1985 í kennslustund í handavinnu í grunnskóla Þorlákshafnar, þar sem hann stundaði þá skyldunám, 15 ára að aldri, fæddur 31. júlí 1969. Slysið varð með þeim hætti, að stefnandi stakk í óleyfi spýtukubbi í vélhefil og brá honum á hefiltönnina með þeim afleiðingum, að tvær kjúkur tók framan af löngutöng hans og vísifingri vinstri handar og sneiddist af „gómfyllu" baugfingurs vinstri handar. Stefnandi var fluttur til læknis og á sjúkrahús, þar sem gert

var að sárum hans. Slysið var tilkynnt Vinnueftirliti ríkisins, og við skoðun þess kom í ljós, að beltahlíf vélarinnar var í viðgerð, þegar slysið varð. Handavinnukennarinn hafði verið að vinna við vélina, en brugðið sér frá eða snúið sér frá til að sinna öðrum nemanda, þegar stefnandi sá sér leik á borði að „fara í vélina".

Stefnandi krefst þess, að hinir stefndu verði dæmdir til að greiða sér að óskiptu 3.500.000 kr. með [nánar tilgreindum vöxtum og málskostnaði].

Brunabótafélagi Íslands, Laugavegi 103, Reykjavík, er stefnt til réttargæslu sem ábyrgðartryggjanda Ölfushrepps vegna Grunnskóla Þorlákshafnar. Á hendur réttargæslustefnda eru engar kröfur gerðar, og af hans hálfu eru ekki heldur gerðar kröfur í málinu.

Stefndu krefjast þess aðallega, að þeir verði sýknaðir og að þeim verði tildæmdur málskostnaður úr hendi stefnanda. Hinir stefndu ráðherrar krefjast þess til vara, að kröfur stefnanda verði verulega lækkaðar og málskostnaður felldur niður. Af hálfu sveitarsjóðs Ölfushrepps er þess krafist til vara, að sök verði skipt, stefnukröfur stórlækkaðar og málskostnaður felldur niður.

Stefnandi telur, að stefndu beri fébótaábyrgð að óskiptu á tjóni sínu. Kröfur á hendur sveitarsjóði eru studdar því, að sveitarfélagið hafi verið rekstraraðili skólans og borið ábyrgð á kennsluaðstöðunni og viðhaldi húsa, véla og tækja, sbr. m. a. 5. mgr. 19. gr. og 28. gr. grunnskólalaga nr. 63/1974. Jafnframt telur stefnandi ríkissjóð bera húsbóndaábyrgð á hugsanlegri sök kennarans og vanræktri eftirlitsskyldu skólastjórans, sbr. m. a. 28. gr. laga 63/1974. Stefnandi telur, að aðstæður og útbúnaður vélarinnar hafi verið óhæfilegur; þannig hafi vantað á hana öryggishlíf og viðvörunarskilti við hana. Hann telur hafa skort á lögboðið viðhald af hálfu sveitarfélagsins og eftirlit og úrbætur af hálfu skólastjóra og kennara, en að tiltölulega auðvelt og ódýrt hefði verið að gera við vélina og gera hana hættulausa.

Sýknukrafa sveitarsjóðs Ölfushrepps er þeim rökum studd, að slysið hafi ekki orðið af neinum þeim atvikum, er sveitarsjóður beri skaðabótaábyrgð á, heldur af stórfelldu gáleysi stefnanda sjálfs auk vanrækslu skólastjóra og kennara grunnskólans á gæsluskyldu á smíðabúnaði skólans og ófullnægjandi eftirliti með nemendum í kennslustund, sem sveitarsjóður beri enga ábyrgð á. Er á það bent af hálfu sveitarfélagsins, að stefnandi hafi verið kominn á þann þroskaaldur, að honum hefði mátt vera augljós háskinn af því að bregða kubbi á hefiltönnina. Með þessu atferli, sem stefnandi hafi viðurkennt, telur sveitarstjórnin hann jafnframt hafa brotið gegn banni við því að „fara í hefilinn". Af þessum ástæðum telur sveitarstjórnin bersýnilegt, að stefnandi beri sjálfur sök á slysinu. Þá beri að gæta þess, að vélhefillinn hafi, sem önnur kennslutæki, verið í vörslum og undir umsjón

skólastjóra og kennara skólans og að hvorki skólanefnd hreppsins né hreppsnefnd hafi verið kunnugt um, að hlífin hefði brotnað af, fyrr en eftir slysið. Því geti ekki verið til að dreifa saknæmri vanrækslu þessara yfirvalda á viðhaldsskyldu. Þá hafi Ölfushreppur hvorki umsjón með gæslu á nemendum, staðsetningu véla né öðru fyrirkomulagi í kennsluhúsnæði skólans, heldur skólastjóri og kennarar, en á þessum starfsmönnum, sem séu ríkisstarfsmenn, beri meðstefndu vinnuveitendaábyrgð, en ekki stefndi Ölfushreppur. Verði því ekki séð, að stefndi Ölfushreppur geti borið ábyrgð á slysinu skv. almennu skaðabótareglunni og reglunni um ábyrgð vinnuveitanda á saknæmu atferli starfsmanna sinna, svo sem stefnandi heldur fram. Sveitarstjórnin lítur á 19. og 28. gr. grunnskólalaga, sem stefnandi byggir á öðrum þræði, einungis sem framkvæmdareglur á sviði stjórnsýslu, sem bótaskylda verði ekki á reist. Hún telur bótaábyrgð ekki verða lagða á sveitarsjóð fyrir það eitt, að hreppurinn sé rekstraraðili skólans, enda hvíli engin sérstök rekstrarleg bótaábyrgð að lögum á starfsemi skóla eða annarra fræðslustofnana. Því sé ekki við hreppinn að fást um slysið.

Verði ekki fallist á ofangreind rök, er varakrafa reist á því, að stefnandi og starfsmenn meðstefndu eigi höfuðsök á slysinu, og verði hreppnum því aldrei gert að bæta slysið nema að litlum hluta.

Af hálfu ríkisvaldsins er aðallega byggt á því, að stefnandi eigi alla sök á tjóni sínu sjálfur, þar sem hann hafi farið að fást við vélina vitandi um, hversu hættulegt það var, og gegn ströngu banni kennarans. Með þessu hafi hann brotið gegn ákvæði 1. mgr. 54. gr. laga 63/1974. Því er haldið fram af hálfu rkisvaldsins, að kennarinn hafi ekki sýnt af sér saknæma háttsemi. Einkum verði það ekki lagt honum til lasts, að hann sneri baki við vélinni örstutta stund, enda hafi hann ekki átt neins ills von, háttsemi stefnanda hafi hvorki verið sennileg né fyrirsjáanleg. Því er haldið fram, að þótt öryggishlíf hefði verið á vélinni, hefði það ekki útilokað slysið, en verði svo litið á, að tjón stefnanda megi að einhverju leyti rekja til skorts á umbúnaði við vélina eða rangrar staðsetningar hennar í skólastofunni, þá séu þau atvik á ábyrgð sveitarfélagsins. Skólanefnd, kjörinni af sveitarstjórn, beri skv. 5. mgr. 19. gr. laga 63/1974, sbr. rglg. nr. 345/1978 og erindisbréf fyrir skólanefndir grunnskóla nr. 185/1976, að líta eftir því, að skólinn sé búinn nauðsynlegum kennslutækjum, og að sjá um í samráði við skólastjóra, að lögboðnum kröfum til þeirra sé fullnægt, og hún beri ábyrgð á viðhaldi þeirra. Verði talið, að tjón stefnanda megi rekja til þess, að hlíf vélarinnar hafði brotnað af, er því haldið fram, að viðhaldsskortur sé á ábyrgð sveitarfélagsins, sbr. 1. mgr. 79. gr. laga nr. 63/1974, sbr. 6. gr. laga 94/1975. Í rökstuðningi fyrir varakröfu ríkisvaldsins er því haldið fram, að lækka beri bætur vegna eigin sakar stefnanda.

Við aðalflutning var bent á það af hálfu ríkisvaldsins, að skólastjóri eigi

rétt til setu á fundum skólanefndar og þiggi laun fyrir úr sveitarsjóði. Er því haldið fram, að umsjón með kennslutækjum heyri undir þann þátt í starfi skólastjóra, sem hann gegni ásamt skólanefnd og gegn greiðslu úr sveitarsjóði, svo að hugsanleg mistök hans í því sambandi séu þá á ábyrgð sveitarsjóðs, en ekki ríkissjóðs. Þá var bent á það af hálfu hinna stefndu við aðalflutning málsins, að samkvæmt áliti Vinnueftirlits ríkisins gæti öryggishlíf ekki tryggt fullkomlega, að ekki væri hægt að slasa sig á tækinu, þótt þær minnkuðu verulega líkurnar á slysi.

Stefnandi hefur gefið aðilaskýrslu fyrir dóminum, og fram hafa farið ýtarlegar vitnaleiðslur. Af þessum gögnum, framlögðum skjölum og öðru því, sem fram hefur komið af hálfu aðila, þykir mega draga eftirfarandi ályktanir um orsakir slyssins og ábyrgð á því: Meginorsök slyssins verður rakin til stórkostlegs gáleysis stefnanda sjálfs. Hann fór að fást við vélina án nokkurs skynsamlegs tilgangs og án þess að kunna á hana í brýnu banni kennarans, sbr. 54. gr. l. 63/1974, og hlaut áverka sína af því, að hann beitti rangri og stórhættulegri aðferð. Að öðru leyti þykir mega rekja orsakir slyssins til þess, að vélin, sem var stórhættuleg öðrum en kunnáttumönnum, var án öryggishlífar og í gangvegi nemendanna, svo að þeir gátu hindrunarlaust komist að henni, svo og þess, að kennarinn, sem var að vinna við vélina, leit af henni og fór að sinna öðrum nemanda án þess að stöðva hana. Öll þessi atvik teljast óforsvaranleg.

Ríki og sveitarfélög reka grunnskóla í sameiningu, sbr. 1. gr. l. 63/1974 um grunnskóla. Skólanefnd, kjörin af sveitarstjórn, skal líta eftir, að skólar hafi allan nauðsynlegan aðbúnað, svo sem kennslutæki, og sjá um í samráði við skólastjóra, sem menntamálaráðuneytið skipar eða setur og greiðir laun, að fullnægt sé kröfum í lögum og reglugerðum, og bera ábyrgð á, að viðhald fari fram, sbr. 17. gr., 19. gr., 30. gr. og 83. gr. grunnskólalaga. Skólastjóri stjórnar starfi grunnskóla... undir yfirstjórn ... skólanefndar..., 1. ml. 1. mgr. 20. gr. grunnskólalaga. Honum ber í samráði við skólanefnd að sjá um, að uppfylltar séu kröfur í lögum og reglugerðum, að því er varðar allan nauðsynlegan aðbúnað skóla, svo sem kennslutæki, 6. gr. erindisbréfs nr. 197/1976. Endurnýjun kennslutækja er sveitarfélögum skylt að annast á fullnægjandi hátt, 28. gr. grunnskólalaga. Viðhald og endurnýjun tækja og búnaðar greiðist af sveitarfélögum, 79. gr. l. 63/1974, sbr. 6. gr. l. 94/1975. Dagleg umráð skólamannvirkja ... skulu vera í höndum skólanefndar og skólastjóra, sem fara að því leyti með umboð sveitarstjórnar og menntamálaráðuneytis, 1. mgr. 29. gr. grunnskólalaga. Menntamálaráðuneytið skipar eða setur kennara við grunnskóla og greiðir þeim laun, sbr. 32. gr., 76. gr. og 83. gr. grunnskólalaga.

Samkvæmt því, sem rakið hefur verið, eru skyldur og ábyrgð ríkis og sveitarfélaga mjög samofnar varðandi rekstur grunnskóla, og engin glögg

ákvæði eru um skiptingu ábyrgðar á tjóni, sem menn verða fyrir í grunnskólum eða leiðir af rekstri þeirra. Ríki og sveitarfélög bera ábyrgð samkvæmt reglum íslensks réttar um ábyrgð hins opinbera á skaðaverkum starfsmanna og fyrirsvarsmanna sinna á tjóni, sem leiðir af ólögmætu og saknæmu atferli þeirra, athöfnum og athafnaleysi. Eins og hinum óforsvaranlegu atvikum, er varða stefndu og lýst er hér að framan, er háttað, þykir bera að telja stefndu bera ábyrgð á þeim gagnvart stefnanda að óskiptu samkvæmt ofanrituðu að því leyti, sem hann á skaðabótarétt.

Það verður að teljast skylda þeirra, er skóla reka, að sjá um, að viðhald skólahúsnæðis og búnaður allur sé með þeim hætti, að nemendum stafi eigi sérstök hætta af. Þegar þessa er gætt og ungs aldurs stefnanda, er slysið varð, þykir mega skipta ábyrgð þannig, að stefnandi beri þrjá fimmtu tjóns síns sjálfur, en að stefndu bæti það að tveimur fimmtu.

Höfuðstólskrafa stefnanda er um örorku- og miskabætur. Miskann metur stefnandi á 500.000 kr.

Björn Önundarson læknir mat örorku stefnanda þannig 4. júní 1986:

Frá slysdegi talið í þrjá mánuði	100%
eftir það í þrjá mánuði	50%
eftir það varanlega	15%

Jón Erlingur Þorláksson tryggingafræðingur mat höfuðstólsverðmæti vinnutekjutaps á slysdegi þannig 20. október 1988:

Vegna tímabundinnar örorku	kr.	29.800
" varanlegrar örorku	"	1.679.400
Samtals	kr.	1.709.200

Í útreikningi tryggingafræðingsins, dags. 29. júlí 1986, er varanleg örorka metin til 881.800 kr.

Mismunur á samanlögðum kröfum um bætur fyrir miska og fjártjón annars vegar og stefnufjárhæð hins vegar skýrist af því, að lögmaður stefnanda hefur ætlað fyrir hækkunum vegna endurútreiknings örorkutjóns undir rekstri málsins í héraði og, ef til kemur, í Hæstarétti.

Stefndu mótmæla kröfugerð stefnanda sem allt of hárri og órökstuddri. Þeir telja, að virða beri til lækkunar, að ólíklegt sé, að hin læknisfræðilega örorka hafi skert aflahæfi stefnanda í þeim mæli, sem hlutfallstala örorkumatsins gerir ráð fyrir. Þeir telja miska falinn í örorkumati og þannig tvíkrafinn. Tekjutap á námstíma telja þeir ekkert hafa orðið, svo að tjónsfjárhæð beri að lækka með tilliti til þess, skattfrelsis bótanna og hagræðis af eingreiðslu. Af hálfu ríkisvaldsins er því haldið fram, að taka beri tillit til þess til lækkunar, að stefnandi hefur fengið 23. júní 1986 vátryggingar-

bætur, 88.652 kr, frá Brunabótafélagi Íslands á grundvelli vátryggingarsamnings stefnda Ölfushrepps um slysatryggingu skólabarna.

Um vexti telja stefndu, að eðlilegast sé að reikna þá jafnháa og með sama hætti og gert er við ákvörðun örorkubótanna, en ekki sem dráttarvexti skv. vaxtalögum, þar sem slysið hafi orðið fyrir gildistöku laganna. Miskabótakröfu er mótmælt sérstaklega á þeim grundvelli, að fjárhæð hennar sé í ósamræmi við dómvenju. Af hálfu Ölfushrepps hefur verið lýst þeirri skoðun, að ef miða eigi miskabótakröfu við verðlag við dómsuppsögu, sé eðlilegast að dæma grunnvexti frá slysdegi. Loks er því haldið fram, að kröfugerð stefnanda feli í sér tvöfalda verðtryggingu.

Við munnlegan málflutning var bent á það af hálfu stefnanda, að örorkutjónsútreikningi sé svo háttað, að verðtrygging stöðvist á útreikningsdegi, og enn fremur, að vátryggingarsamningur sá, sem stefnandi hefur fengið greitt eftir, sé hvorki gerður samkvæmt lagaskyldu né samningsskyldu og að greiðsla samkvæmt honum eigi því ekki að koma til frádráttar.

Við ákvörðun bóta til stefnanda þykir bera að hafa hliðsjón af örorkumati og örorkutjónsútreikningum. Líta ber til hagræðis af eingreiðslu til lækkunar svo og til skattfrelsis bóta. Samkvæmt 2. mgr. 25. gr. vátryggingasamningalaga þykir ekki bera að draga frá bætur, sem stefnandi hefur fengið frá réttargæslustefnda. Stefndi Ölfushreppur virðist hafa staðið straum af iðgjaldagreiðslum, en hefur ekki séð ástæðu til að krefjast lækkunar af þessum sökum, og þykja þá ekki efni til að taka til úrlausnar, hvort taka eigi eitthvert tillit til þessarar greiðslu til lækkunar. Þegar þess er gætt, að sumarleyfi í grunnskóla hefjast í lok maí, en tryggingafræðingurinn gerir ráð fyrir 15 vikna vinnu á 16. aldursári, þykir við mat á fjárhagstjóni vegna tímabundinnar örorku verða að víkja nokkuð frá áætlun tryggingafræðingsins, en eftir atvikum þykir bera að ákvarða tjón vegna tímabundinnar og varanlegrar örorku í einu lagi 900.000 kr. Með hliðsjón af því, að örorkumatið byggist á læknisfræðilegri örorku, þykja miskabætur hæfilega ákveðnar 20.000 kr. Af þessum fjárhæðum ber stefndu að greiða stefnanda að óskiptu í samræmi við sakarskiptingu 368.000 kr. Samkvæmt 10. gr., 12. gr. og 15. gr. vaxtalaga nr. 25/1987 og með hliðsjón af dómiðkun þykir mega fallast á vaxtakröfu stefnanda.

Allur gjafsóknarkostnaður, þar með talin málsóknarlaun talsmanns stefnanda, 175.000 kr., greiðist úr ríkissjóði. Stefndu greiði stefnanda að óskiptu 100.000 kr. í málskostnað, eins og málið væri ekki gjafsóknarmál.

Steingrímur Gautur Kristjánsson borgardómari kvað upp dóm þennan.

Dómsorð:

Stefndu, menntamálaráðuneytið og fjármálaráðuneytið f.h. ríkissjóðs og hreppsnefnd Ölfushrepps f.h. sveitarsjóðs, greiði stefnanda,

Ragnari Waage Pálmasyni, að óskiptu 368.000 kr. með 24% ársvöxtum frá 11. mars 1985 til 11. maí 1985, með 22% ársvöxtum frá þeim degi til 1. mars 1986, með 12% ársvöxtum frá þeim degi til 1. apríl 1986, með 9% ársvöxtum frá þeim degi til 21. janúar 1987, með 10% ársvöxtum frá þeim degi til 21. febrúar 1987, með 11% ársvöxtum frá þeim degi til 1. maí 1987, með 12% ársvöxtum frá þeim degi til 21. júní 1987, með 13% ársvöxtum frá þeim degi til 11. júlí 1987, með 15% ársvöxtum frá þeim degi til 21. september 1987, með 17% ársvöxtum frá þeim degi til 11. október 1987, með 19% ársvöxtum frá þeim degi til 1. nóvember 1987, með 20% ársvöxtum frá þeim degi til 1. desember 1987, með 22% ársvöxtum frá þeim degi til 21. janúar 1988, með 20% ársvöxtum frá þeim degi til 1. mars 1988, með 19% ársvöxtum frá þeim degi til 11. júní 1988, með 23% ársvöxtum frá þeim degi til 21. júní 1988, með 24% ársvöxtum frá þeim degi til 1. ágúst 1988, með 26% ársvöxtum frá þeim degi til 21. ágúst 1988, með 22% ársvöxtum frá þeim degi til 1. september 1988, með 12% ársvöxtum frá þeim degi til 20. október 1988, en með dráttarvöxtum, eins og Seðlabanki Íslands ákveður þá á hverjum tíma, frá þeim degi til greiðsludags, sbr. 10. gr. l. 25/1987, og 100.000 kr. í málskostnað.

Allur gjafsóknarkostnaður, þar með talin gjafsóknarlaun skipaðs talsmanns stefnanda, Guðnýjar Höskuldsdóttur hrl., 175.000 kr., greiðist úr ríkissjóði.

Þriðjudaginn 25. febrúar 1992.

Nr. 198/1990. **Íslandsbanki hf.**
(Jón G. Briem hrl.)
gegn
Henrik Thorarensen
(Atli Gíslason hrl.).

Vinnusamningur. Brottrekstur.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Guðrún Erlendsdóttir, Gunnar M. Guðmundsson, Haraldur Henrysson, Hrafn Bragason og Pétur Kr. Hafstein.

Áfrýjandi skaut máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 18. maí 1990. Gerir hann þær dómkröfur, að hinn áfrýjaði dómur verði felldur úr gildi og hann sýknaður af öllum kröfum stefnda. Jafnframt krefst hann málskostnaðar úr hendi stefnda í héraði og fyrir Hæstarétti, sem beri dráttarvexti samkvæmt vaxtalögum nr. 25/1987.

Stefndi krefst þess, að hinn áfrýjaði dómur verði staðfestur og áfrýjanda verði gert að greiða sér málskostnað fyrir Hæstarétti, sem beri dráttarvexti samkvæmt III. kafla laga nr. 25/1987. Þá krefst hann ómerkingar tiltekinna ummæla, sem fjallað er um í héraðsdómi, og viðurlaga á hendur áfrýjanda og lögmönnum hans. Stefndi hefur ekki gagnáfrýjað málinu, og kemur þessi kröfugerð því ekki til álita fyrir Hæstarétti.

Við munnlegan flutning málsins fyrir Hæstarétti hafði áfrýjandi uppi mótmæli gegn vaxtakröfu stefnda. Mótmæli þessi höfðu ekki komið fram áður, og þykja ekki efni til að taka þau til greina.

Að þessu athuguðu þykir bera að staðfesta hinn áfrýjaða dóm með skírskotun til forsendna hans.

Áfrýjandi verður samkvæmt þessum úrslitum dæmdur til að greiða stefnda 115.000 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti. Er þá ekki tekið tillit til virðisaukaskatts.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Áfrýjandi, Íslandsbanki hf., greiði stefnda, Henrik Thorarensen, 115.000 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 19. febrúar 1990.

Mál þetta, sem dómtekið var 15. febrúar sl. að loknum munnlegum málflutningi, er höfðað fyrir bæjarþinginu með stefnu, þingfestri 17. nóvember 1988, af Henrik Thorarensen, kt. 010550-3869, Einarsnesi 14, Reykjavík.

Málið var upphaflega höfðað gegn Útvegsbanka Íslands hf., kt. 440587-2169, Austurstræti 19, Reykjavík, en þar sem nafni bankans hefur nú verið breytt í Íslandsbanki hf., var nafni málsins breytt til samræmis við það.

Dómkröfur.

Endanlegar dómkröfur stefnanda eru þær, að stefndi verður dæmdur til að greiða stefnanda skaðabætur, að fjárhæð 518.359 kr. með [nánar tilgreindum vöxtum svo og málskostnaði].

Endanlegar dómkröfur stefnda eru þær, að hann verði sýknaður af öllum kröfum stefnanda og honum tildæmdur málskostnaður úr hendi stefnanda að skaðlausu.

Málsatvik.

Af hálfu stefnanda er málsatvikum lýst á þann veg, að með sérstöku bankastjórabréfi, dags. 29. mars 1978, undirrituðu af meiri hluta bankastjórnar, hafi stefnandi verið ráðinn aðalféhirðir við útibú stefnda við Digranes í Kópavogi. Árið 1982 hafi hann verið valinn trúnaðarmaður starfsfólks á vinnustað og hafi gegnt því starfi fram í febrúar 1987, í tæp 5 ár.

Hinn 25. mars 1988 hafi verið gerð skyndikönnun á sjóðum gjaldkera í ofangreindu útibúi. Fóru talningarmenn yfir alla sjóði og fylgiskjöl þeirra. Að því starfi loknu hafi þeir yfirgefið útibúið, án þess að nokkrar athugasemdir væru gerðar.

Þriðjudaginn 29. mars 1988 kl. 16 hafi stefnandi verið kallaður fyrir Reyni Jónasson útibússtjóra og honum tjáð, að við skyndikönnunina 25. mars hefði komið í ljós, að hann hefði brotið gegn starsfreglum bankans. Hafi útibússtjóri síðan lesið upp úr skýrslu, sem Ingi R. Jóhannsson muni hafa samið vegna umræddrar könnunar og m.a. er í fjallað um meintar ávirðingar stefnanda. Að því loknu hafi Reynir afhent stefnanda bréf, undirritað af Jakobi Ármannssyni bankastjóra, þar sem fyrirvaralaust er rift ráðningarsamningi hans og stefnda. Í bréfinu segi orðrétt:

„Við skyndikönnun á sjóði Digranesútibús Útvegsbanka Íslands hf. sl. föstudag 25. mars 1988 komu í ljós alvarleg brot yðar, hvað varðar meðferð

á fjármunum bankans, þ.e. einkaafnot af sjóði og óheimil meðferð ávísana.

Með vísan til greinar 11.2.4. í kjarasamningi bankamanna er yður hér með vikið úr starfi."

Í beinu framhaldi af afhendingu riftunarbréfsins hafi stefnandi verið krafinn um lykla að bankanum. Því næst hafi honum verið rakleiðis vísað á dyr.

Hin fyrirvaralausa riftun hafi gjörsamlega komið stefnanda í opna skjöldu, enda kannaðist hann ekki við þær ávirðingar, sem honum eru gefnar að sök. Hafði hann starfað í þjónustu stefnda og forvera hans í tæp 20 ár án þess að hafa nokkru sinni verið áminntur fyrir vanrækslu í starfi.

Þar sem stefnanda hafi ekki verið gefinn kostur á að tjá sig um hinar meintu ávirðingar, þegar honum var afhent riftunarbréfið 29. mars 1988, hafi hann margleitað eftir því að fá að koma sjónarmiðum sínum á framfæri. Hafi hann m. a. ritað bankastjóra stefnda bréf, dags. 14. maí 1988, þar sem hann mótmælti ásökunum þeim, sem færðar voru fram til rökstuðnings riftuninni, og fór jafnframt fram á að fá eintak af skýrslu Inga R. Jóhannssonar eða a.m.k. útskrift úr henni, svo að hann gæti gert grein fyrir máli sínu.

Hinn 25. maí 1988 hafi verið boðað til fundar með stefnanda, þar sem viðstaddir hafi verið auk hans þeir Hallgrímur Snorrason, formaður bankaráðs stefnda, Jakob Ármannsson bankastjóri, Reynir Jónasson útibússtjóri og Hinrik Greipsson, formaður Samtaka íslenskra bankamanna. Á fundinum hafi komið fram, að til hans var boðað, þar sem sumum af forvígismönnum stefnda hafi þótt rangt og harkalega staðið að riftun ráðningarsamnings stefnanda. Á fundinum hafi stefnandi gert rækilega grein fyrir sjónarmiðum sínum, auk þess sem rækilega hafi verið farið í störf hans hjá stefnda. Hafi niðurstaða fundarins orðið sú, að mál stefnanda yrði endurskoðað og það síðan lagt fyrir bankaráð. Það hafi því komið stefnanda mjög á óvart, er honum var tilkynnt skömmu síðar, að ekki þætti ástæða til að draga riftunina til baka.

Hinn 14. júní 1988 hafi lögmaður stefnanda sent bankastjórn stefnda bréf, þar sem hann fór fram á að fá í hendur skýrslu Inga R. Jóhannssonar eða þann þátt hennar, er varðaði stefnanda. Hinn 8. júlí 1988 hafi lögmanni stefnanda borist bréf frá stefnda, þar sem því sé lýst yfir, að ekki væri unnt að láta skýrsluna af hendi, en í staðinn hafi verið rakinn sá hluti hennar, sem varðaði stefnanda.

Í bréfinu sé því haldið fram, að við skyndikönnunina 25. mars hafi í fylgiskjölum stefnanda fundist þrír úttektarmiðar vegna hlaupareiknings hans nr. 777, sem settir hafi verið í gegn af honum, eftir að skoðunarmenn

voru komnir í bankann, í þeim tilgangi að draga fjöður yfir einkaafnot hans af sjóðnum. Í bréfi sínu til bankastjórnar stefnda, dags. 19. maí 1988, gerði stefnandi fulla grein fyrir þessum úttektum. Hafði hann þrisvar um daginn tekið út peninga af hlaupreikningi sínum til greiðslu á ýmsum reikningum. Hafi verið full innstæða á reikningi sínum fyrir umræddum úttektum. Ástæða þess, að úttektirnar voru bókaðar svo seint sem raun ber vitni, var sú, að mikið hafi verið að gera í bankanum þá um daginn, enda föstudagur, og því eðlilegt, að stefnandi biði með að afgreiða sig sjálfur þar til eftir lokun. Af hálfu stefnda sé því haldið fram, að stefnandi hafi viðurkennt, að úttektir hans brytu í bága við starfsreglur gjaldkera með því að afgreiða sig sjálfur, enda hafi sú venja viðgengist hjá gjaldkerum stefnda. Þá sé reynt að gera úttektir stefnanda tortryggilegar, þar sem þær voru þrjár, en ekki ein, og að þær hefðu átt að standa á jafnari tölum, þar sem um úttekt í mynt var að ræða. Ástæða þess, að úttektarmiðarnir voru þrír, eru þær, að þennan dag hafi stefnandi greitt þrjár alls ólíkar skuldir. Sú fullyrðing stefnda, að óeðlilegt sé, að úttektirnar hafi staðið á ójöfnum tölum, sé augljóslega út í hött. Það geti varla talist óeðlilegt, að skuldir manna standi á ójöfnum tölum.

Hin ástæðan, sem tilgreind sé fyrir riftun á ráðningarsamningi stefnanda, sé sú, að hann hafi gerst sekur um óheimila meðferð ávísana. Af orðalagi riftunarbréfsins, dags. 29. mars 1988, verði ráðið, að stefnandi sé sakaður um óheimila meðferð fleiri en einnar ávísunar. Í bréfi stefnda, dags. 8. júlí 1988, komi fram, að við athugun dagsfylgiskjala stefnanda hafi fundist ávísun, að fjárhæð 5.000 kr., á hlaupareikning í Búnaðarbanka Íslands, sem gefin var út 1. mars 1988, og dagsetningu breytt í 2. apríl sama ár og sett í gegn kl. 16.29 á talningardegi.

Í bréfi stefnda sé ekki fjallað nánar um þessa meintu ávirðingu, enda hafði stefnandi með bréfi, dags. 19. maí 1988, til bankastjórnar stefnda að fullu gert grein fyrir nefndri ávísun. Sú ávísun, sem verið hafi önnur aðalástæðan fyrir riftun ráðningarsamnings stefnanda, hafi verið innleyst af öðrum gjaldkera, Kolbrúnu Kristinsdóttur. Þegar talningarmenn hafi komið í útibúið, hafi Kolbrún verið búin að loka sínum sjóði og ætlað að geyma ávísunina til næsta dags. Þegar hún hafi séð talningarmennina, hafi hún beðið stefnanda að kaupa af sér ávísunina, þar sem sjóður hans var opinn. Hafi stefnandi fallist á það, en að öðru leyti hafi hann ekkert vitað um þessa ávísun annað en það, að Kolbrún hafði keypt hana.

Í áðurnefndu bréfi stefnda, dags. 8. júlí 1988, sé farið að tína til ýmis atriði, sem eigi að réttlæta riftun ráðningarsamningsins, en þeirra sé að engu getið í riftunarbréfinu. Einhver þessara atriða muni hafa borist í tal á fundi þeim, er stefnandi átti með fyrirsvarsmönnum bankans 25. maí 1988, en í bréfi stefnda sé m. a. gefið í skyn, að stefnandi hafi dregið sér

peninga í nóvember 1987 af sérstökum reikningi við útibúið. Þessi reikningur hafi verið fyrir fyrirframgreidd laun til starfsmanna útibúsins. Hafi reikningurinn verið í umsjá stefnanda með vitund og vilja útibússtjóra. Hafi því hér verið um að ræða fyrirframgreidd laun til stefnanda með samþykki útibússtjóra. Sé því haldið fram af stefnda, að stefnandi hafi blekkt útibússtjórann til að samþykkja yfirvinnugreiðslu fyrir vinnu, sem aldrei var skilað. Stefnandi hafi samið um þessar greiðslur við útibússtjóra fyrir alla starfsmenn útibúsins, er unnu á síðdegisvöktum. Hafi yfirvinnugreiðslan falist í því, að þeir, sem unnu lengur en til kl. 18.00, hafi fengið hálfa klukkustund greidda aukalega og þeir, sem unnu frá kl. 18.30 til kl. 19.00, hafi fengið eina klukkustund greidda aukalega. Þegar um þessar yfirvinnugreiðslur hafi verið samið, hafi stefnandi verið trúnaðarmaður starfsmanna.

Þá sé stefnanda gefið að sök í áðurnefndu bréfi stefnda að hafa staðið fyrir framlengingu víxils, að fjárhæð 220.000 kr., ótal sinnum án samþykkis útibússtjóra. Stefnandi hafi ekki verið í aðstöðu til þess að kaupa víxla fyrir útibúið án samþykkis deildarstjóra víxladeildar og/eða útibússtjóra. Hafi endurnýjun víxilsins alltaf verið með samþykki og ábyrgð víxladeildar. Stefnanda sé einnig gefið að sök að hafa keypt ávísanir af einum viðskiptamanna útibúsins þrátt fyrir að vera kunnugt um, að hann ætti í verulegum fjárhagsörðugleikum. Ávísanirnar, sem síðar reyndust innstæðulausar, hafi stefnandi dregið að innheimta, þar til að hann hafi sent þær lögfræðingi til innheimtu í september 1987. Allt þetta hafi verið án vitundar útibússtjóra. Það hafi verið í verkahring stefnanda sem aðalféhirðis útibúsins að senda ávísanir í lögfræðiinnheimtu, og hafi hann ekki þurft að ráðgast við útibússtjóra um sérhverja ávísun. Áður en ávísanirnar voru sendar í lögfræðiinnheimtu, hafi stefnandi sjálfur reynt að innheimta þær. Sé því ekki óeðlilegt, að liðið geti nokkur tími, þar til ávísanir eru fengnar lögfræðingi til innheimtu. Að umræddur viðskiptavinur bankans ætti í fjárhagserfiðleikum, hafi stefnanda verið ókunnugt.

Er nýr útibússtjóri tók við útibúi stefnda í desember 1987, hafi stefnandi verið kvaddur á hans fund og hann spurður, hvort hann geymdi ávísanir fyrir starfsfólkið í sjóði. Kvað stefnandi svo ekki vera. Stefnandi hafi hins vegar tjáð honum, að á fyrirframlaunareikningi væri ávísun frá sér og öðrum starfsmönnum útibúsins.

Eins og fyrr sé rakið, séu aðeins tilgreindar tvær ástæður fyrir riftun á ráðningarsamningi stefnanda, annars vegar, að hann hafi misfarið með fjármuni bankans með einkaafnotum af sjóði, og hins vegar með óheimilli meðferð ávísana. Aðrar þær ávirðingar, sem stefndi hafi tínt til, eftir að ráðningarsamningi stefnanda var rift 29. mars 1988, séu máli þessu óviðkomandi. Stefnandi mótmæli þeim ásökunum og öðrum sem röngum, enda

hafi hann aldrei, hvorki fyrr né síðar, fengið áminningu fyrir ávirðingar í starfi.

Af hálfu stefnda er málavöxtum lýst svo í greinargerð, að 25. mars 1988 hafi verið gerð skyndikönnun á sjóði útibús bankans að Digranesvegi 5, Kópavogi. Auk þess hafi nokkrir þættir í bókum útibúsins verið kannaðir.

Könnun þessa hafi annast Ingi R. Jóhannsson, löggiltur endurskoðandi og kjörinn skoðunarmaður bankans, Haukur Harðarson, kjörinn skoðunarmaður bankans, og Sverrir Matthíasson, innri endurskoðandi hans. Þeir hafi komið í útibúið kl. 16.15 þennan dag og hafi verið þar við störf til kl. 19.15.

Ingi R. Jóhannsson hafi gert skýrslu um könnun þessa. Skýrslan hafi verið kynnt formanni bankaráðs, sem hafi lagt hana fyrir bankaráðsfund 29. mars 1988. Á grundvelli hennar hafi bankaráð tekið ákvörðun um tafarlausa brottvikningu aðalgjaldkera útibúsins úr starfi. Þessi ákvörðun hafi verið bókuð með eftirgreindum hætti í gjörðabók bankaráðs: „Lögð fram skýrsla Inga R. Jóhannssonar, löggilts endurskoðanda, um skyndikönnun í Digranesútibúi bankans sl. föstudag. Í ljós komu alvarleg brot yfirgjaldkera útibúsins, hvað varðar meðferð á fjármunum bankans, þ.e. einkaafnot af sjóði og óheimil meðferð ávísana.

Bankaráð samþykkti, að yfirgjaldkeranum yrði vikið úr starfi nú þegar."

Á fundinum hafi síðan verið lögð drög að uppsagnarbréfi til stefnanda og Jakobi Ármannssyni aðstoðarbankastjóra falið að undirrita það í fjarveru bankastjóra og jafnframt kynna formanni starfsmannafélags bankans, Björgu Sigurðardóttur, framvindu mála, sbr. ákvæði greinar 11.2.4. í kjarasamningi bankamanna. Hafi fundur þeirra verið haldinn kl. 15.00 þennan sama dag. Á honum hafi formanninum verið kynntur aðdragandi málsins og efni uppsagnarbréfsins.

Síðar sama dag var stefnanda afhent uppsagnarbréfið og honum jafnframt gert að láta af störfum þá þegar.

Í tilefni bréfa starfsmannafélags bankans, dags. 18. maí 1988, og stefnanda, dags. 19. maí s.á., hafi fundur um mál stefnanda verið haldinn 25. maí 1988. Fram komi í stefnu, hverjir sátu fund þennan.

Því sé mótmælt, að forsvarsmenn stefnda hafi sagt, að þeim þætti rangt og harkalega staðið að riftun ráðningarsamnings stefnanda, enda hafi niðurstaðan orðið sú, að fyrri ákvörðun bankans hafi í engu verið breytt.

Málsástæður og lagarök.

Af hálfu stefnanda er á því byggt í máli þessu, að riftun stefnda á ráðningarsamningi þeirra hafi verið ólögmæt og því eigi hann rétt á skaðabótum úr hendi stefnda. Stefnandi hafi að engu leyti vanefnt samning sinn og

stefnda, hvað þá, að um hafi verið að ræða verulega vanefnd, sem sé skilyrði þess, að rifta megi ráðningarsamningi.

Stefnandi hafi aldrei þau tæp 20 ár, sem hann hafi starfað hjá stefnda og forvera hans, fengið áminningar fyrir vanrækslu í starfi, hvorki skriflega né munnlega.

Þá sé á því byggt, að stefnandi hafi átt rétt á að tala máli sínu, áður en lokaákvörðun um riftun var tekin. Það hafi ekki verið fyrr en á fundi, sem haldinn var 25. maí 1988, þ.e. tæpum tveimur mánuðum eftir riftun ráðningarsamningsins, að honum var gefinn kostur á að koma á framfæri sjónarmiðum sínum við fyrirsvarsmenn stefnda.

Á því sé byggt, að skylt hafi verið að gefa formanni starfsmannafélags stefnda kost á að fylgjast með málsmeðferðinni. Það hafi ekki verið gert, og hafi formaður starfsmannafélagsins ekki fengið vitneskju um mál stefnanda fyrr en kl. 15.00 þriðjudaginn 29. mars 1988. Þá hafi verið búið að taka ákvörðun um riftunina og skrifa bréf þar að lútandi.

Stefnandi sundurliðar kröfugerð sína þannig:

1. Grunnlaun 4,5 mán. x 87.873 kr. 263.619
2. Síðdegisvaktir 4,5 mán. x 4.287 kr. 12.861
3. Yfirvinna 4,5 mán x 13.445 kr. 40.335
4. Orlofsfé 13,04% af 475.222 kr. 41.313
5. 25% vegna 13. mánaðar skv. venju kr. 21.968
6. Sama vegna orlofsframl. fr. 4.2.2. kr. 6.453
7. Afm. uppb. kr. 131.810.

Endanlegur höfuðstóll dómkröfu sé því kr. 518.359.

Stefndi reisir málsástæður sínar á því, að stefnandi hafi orðið uppvís að svo alvarlegu broti í starfi, að réttlæti fyrirvaralausa brottvikningu úr því, sbr. 11.2.4. í kjarasamningi bankamanna. Með háttsemi sinni hafi stefnandi brotið starfsreglur bankans í verulegu atriði og raunar gerst sekur um fullframið fjárdráttarbrot, sbr. 247. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Bankagjaldkera beri að halda aðgreindum eigin fjárhag og fjármunum bankans. Þetta leiði af eðli starfans og sé viðtekin skoðun íslenskra dómstóla, þegar um trúnaðarvörslur fjármuna í annarra þágu er að ræða, sbr. Hrd. 1977, bls. 631. Í þessu felist m.a., að bankagjaldkeri megi ekki afgreiða sig sjálfur. Sú starfsregla sé innprentuð bankagjaldkerum, og sé raunar í verkahring aðalgjaldkera að sjá til þess, að aðrir gjaldkerar virði hana. Því sé mótmælt sem rangri þeirri staðhæfingu Hinriks Greipssonar á dskj. nr. 9, þar sem segi sjálfsafgreiðslu gjaldkera viðgangast í Útvegsbankanum. Hann muni og sjálfur viðurkenna mistök við vottorðsgjöf þessa.

Verknaðarlýsing sé afar ónákvæm í stefnu. Þar segi og, að stefnandi hafi með bréfi sínu til bankastjórnar 19. maí gert fulla grein fyrir úttektum sínum. Með því sé vísað til 2. mgr. á fyrri síðu bréfs stefnanda til bankastjórnar Útvegsbanka Íslands hf. á dskj. nr. 6. Hver, sem lesi, sjái, hversu fráleitt sé að kalla þá umfjöllun fullnægjandi skýringu. Þá sé sú staðhæfing í stefnunni, að stefnandi hafi þrívegis umræddan dag tekið fjárhæðir út af tékkareikningi sínum, álíka ónákvæm, því að hann tók að eigin sögn peninga í seðlum úr sjóði bankans til ráðstöfunar í eigin þágu.

Gengið hafi verið í skrokk á stefnanda á fundi þeim, sem haldinn var 25. maí 1988. Á honum hafi aðalgjaldkerinn viðurkennt, að þessar úttektir brytu í bága við starfsreglur, en slíkt brot teldi hann ekki óvanalegt. Hann hélt því fram, að ekkert óeðlilegt væri við þessar úttektir, hann hefði tekið fé þetta út í seðlum til þess að greiða ýmsa reikninga, og ástæður þess, að úttektirnar voru bókaðar eins seint og raun var, hefðu verið annríki í bankanum á föstudegi. Stefnandi hafi neitað að gefa frekari skýringu á því, hvers vegna hann, að eigin sögn, hefði tekið út svo mikið fé í seðlum, enda teldi hann það einkamál sitt. Þá hafi hann ekki viljað útskýra, hvers vegna úttektirnar væru þrjár, en ekki ein, né af hverju þær stæðu á stökum tölum, en ekki jafnari, sem viðmælendum hans á fundi þessum virtist eðlilegra, ef marka mætti þann framburð hans, að um töku peninga úr sjóði fyrir þennan dag hefði verið að ræða.

Það að taka peninga úr sjóði til að greiða „ýmsa einkareikninga" væri þjófnaður, sbr. 244. gr. hgl., ef ekki kæmu til vörslur fjármunanna. Þær geri brotið að fjárdráttarbroti, sbr. ritið Auðgunarbrot eftir Jónatan Þórmundsson, bls. 52, þar sem bankagjaldkerar eru sérstaklega nefndir.

Á fyrrgreindum fundi hafi stefnanda gefist kostur á að skýra sitt mál. Þar sem hann brást við með ofangreindum hætti, hafi bankaráðsformaður, sem fundinn sat, ekki talið efni til að leggja til breytingu fyrri ákvörðunar um brottvikningu stefnanda.

Fram komi í gögnum málsins, að stefnandi átti innstæðu á hlaupareikningi sínum, en 18. mars hafi 700.000 kr. verið lagðar inn á reikninginn. Úr því að innstæða var næg á hlaupareikningnum, hefði þá ekki verið nærtækara að greiða „ýmsa einkareikninga" með ávísun á reikning sinn í stað þess að taka ófrjálsri hendi peninga úr sjóði bankans til eigin ráðstöfunar?

Ef skjöldur stefnanda var svo hreinn sem hann vill vera láta, hvers vegna gaf hann sig þá ekki fram við skoðunarmenn, er þeir birtust, og gerði grein fyrir málstað sínum?

Þess í stað hafi stefnandi reynt að fara leið, sem til þess var fallin að hylja ummerki, gert tilraun til að leyna broti sínu. Við aðkomu skoðunarmanna að sjóði hafi hann reynst hreinn, en við sérstaka skoðun dagsfylgi-

skjala hafi útmiðarnir þrír fundist og fimm þúsund króna ávísun, sem í málskjölum greini.

Breytingar á dagsetningu ávísunar þessarar hafi bent til þess, að hún hefði legið í sjóði stefnanda einhvern tíma.

Starfsregla gjaldkera sé, að í sjóði eigi við lok starfsdags aðeins að vera seðlar og mynt. Það að geyma ávísanir í sjóði feli í sér brýnt brot á starfsreglum, en að slíku hafi stefnandi áður orðið uppvís, sbr. umfjöllun í málskjölum um kaup tveggja ávísana, sem reynst hafi innstæðulausar. Stefnandi hafi greitt andvirði þessara ávísana út í reiðufé, en geymt svo í sjóðnum, eftir að upplýst var um innstæðuleysi þeirra, frá því í maí fram í september 1987, svo að um samsvarandi sjóðsvöntun hafi verið að ræða þennan tíma í þágu útgefanda ávísananna. Samkvæmt kenningum refsiréttar þurfi auðgunarásetningur ekki að lúta að eigin auðgun. Ávísanir þessar séu enn ógreiddar.

Eins og fyrr greini, sé á því byggt, að stefnandi hafi orðið uppvís að svo alvarlegu broti í starfi, að réttlæti fyrirvaralausa brottvísun.

Samkvæmt kjarasamningi bankamanna sé greint á milli tvenns konar uppsagna, annars vegar uppsagna undir venjulegum kringumstæðum og þá með fyrirvara eða uppsagnarfresti. Um þess konar uppsögn fjalli ákvæði greina 11.2.2. og 11.2.3.

Hins vegar séu svo fyrirvaralausar uppsagnir. Um þær sé fjallað í gr. 11.2.4. Séu skilyrði þeirrar greinar uppfyllt, eigi ákvæði greina 11.2.2. og 11.2.3. ekki við. Þetta sé í samræmi við almennar reglur vinnumarkaðsréttar, sbr. Hrd. 1977, bls. 1328, en niðurstaða hans sé, að þegar um alvarleg brot í starfi sé að tefla, eigi reglur um uppsagnarfresti ekki við.

Aðspurður á fundi þeim, sem haldinn var 25. maí 1988, um þær staðhæfingar sínar, að hann hefði aldrei fengið áminningu í starfi, hafi stefnandi svarað því til, að hann ætti við skriflegar áminningar. Spurningu um það, hvort hann teldi sig ekki hafa verið áminntan munnlega, svaraði hann svo, að hann hefði verið skammaður, eins og gengur og gerist.

Eins og áður sé fram komið, sé á því byggt, að ákvæði greinar 11.2.3. í kjarasamningi eigi ekki við, þegar skilyrðum gr. 11.2.4. sé fullnægt. Skipan ákvæðis um formann starfsmannafélags í báðar þessar greinar styðji ótvírætt þá niðurstöðu. Þá sé áður komið fram, hvernig stefnandi nýtti sér tækifærið til þess að skýra mál sitt á fundinum 25. maí 1988 með því að neita að skýra peningatöku sína úr sjóði bankans og lýsa sitt einkamál.

Á því sé byggt af hálfu stefnda, að sá háttur, sem á var hafður á kynningu máls stefnanda fyrir formanni starfsmannafélags bankans 29. mars og lýst sé fyrr í greinargerð stefnda, hafi uppfyllt fyrirmæli ákvæða gr. 11.2.4. í kjarasamningi bankamanna.

Við munnlegan málflutning lýsti talsmaður stefnda yfir því, að ekki væri

gerður tölulegur ágreiningur um stefnufjárhæð, yrði sýknukrafa stefnda ekki tekin til greina.

Niðurstaða.

I.

Með bréfi Útvegsbanka Íslands hf., dags. 29. mars 1988, var stefnanda máls þessa, sem starfað hafði sem yfirgjaldkeri í Digranesútibúi Útvegsbanka Íslands hf. frá 29. mars 1979, vikið úr starfi. Ástæður brottrekstrar, sem tilgreindar voru í bréfinu, voru þær, að við skyndikönnun á sjóði útibúsins hefði komið í ljós alvarlegt brot stefnanda, hvað varðaði meðferð á fjármunum bankans, þ.e. einkaafnot af sjóði og óheimil meðferð ávísana. Umrædd einkaafnot og óheimil meðferð ávísana eru ekki skýrð nánar í nefndu bréfi.

Fram hefur komið, að Reyni Jónassyni útibússtjóra var af hálfu bankaráðs falið að afhenda stefnanda bréfið og skýra fyrir honum ástæður brottrekstrarins. Kallaði hann stefnanda fyrir sig og las fyrir hann úr skýrslu Inga R. Jóhannssonar endurskoðanda vegna skyndikönnunar, er gerð var í Digranesútibúi Útvegsbanka Íslands hf., þau atriði skýrslunnar, er snertu stefnanda og voru tilefni brottvikningar hans.

Í nefndri skýrslu Inga R. Jóhannssonar segir um Henrik:

„Sjóður Henriks Thorarensens var hreinn við talningu, en þegar fylgiskjöl dagsins voru skoðuð, fundust þrír úttektarmiðar á hlr. 777, sem er reikningur Henriks við útibúið, en þeir greindust þannig:

* Bókfært kl. 16.28	kr.	372.710
* Bókfært kl. 16.34	kr.	30.490
* Bókfært kl. 16.41	kr.	34.750

Þessar færslur eru „settar í gegn" af yfirgjaldkera, eftir að skoðunarmenn eru komnir í bankann, í þeim tilgangi að draga fjöður yfir einkaafnot hans af sjóðnum.

Við athugun á stöðu hlr. 777 kom í ljós, að Henrik átti innstæðu á móti þessum úttektum, en 18. mars sl. voru 700.000 kr. lagðar inn á reikninginn.

Auk framangreindra atriða kom fram í athugun dagsfylgiskjala ávísun, útgefin af .... á hlr. 15 - 1 í Búnaðarbanka Íslands, 5.000 kr., sem var útgefin 1. mars 1988 og dagsetningu breytt í 2. apríl sama ár og „sett í gegn" kl. 16.29 á talningardegi."

Eins og áður segir, er ekki í brottrekstrarbréfinu skýrt nánar, hvað við sé átt með einkaafnotum af sjóði, en telja verður, að í þessu orðalagi felist ásökun um meintan fjárdrátt, enda á því byggt af hálfu stefnda.

Endurskoðendur þeir, sem gerðu umrædda skyndikönnun, hafa komið

fyrir dóminn og gefið skýrslu. Voru þeir m.a. spurðir um þann hluta skýrslunnar, þar sem segir: „Þessar færslur eru „settar í gegn" af yfirgjaldkera, eftir að skoðunarmenn eru komnir í bankann, í þeim tilgangi að draga fjöður yfir einkaafnot hans af sjóðnum." Af framburði þeirra má ráða, að þeir hafi dregið þá ályktun, að um sjóðsvöntun hefði verið að ræða í sjóði stefnanda, sem stefnandi hafi verið að leyna með umræddum færslum. Hins vegar kom fram í framburði þeirra, að talning hefði ekki farið fram dagana á undan og engin sérstök könnun á því gerð, hvort eitthvað hefði vantað í sjóð stefnanda dagana á undan. Telja verður því ósannað, að um slíkt hafi verið að ræða.

Upplýst er, að ákæra var ekki lögð fram á hendur stefnanda vegna meints fjárdráttarbrots, og opinber rannsókn fór ekki fram á meintu broti stefnanda.

Óumdeilt er, að stefnandi afgreiddi sig sjálfur. Hann tók peninga úr sjóði, en á móti lagði hann með fylgiskjölum þrjá úttektarmiða á hlaupareikning sinn þarna við útibúið. Við yfirheyrslu fullyrti stefnandi, að hann hefði tekið peninga úr sjóði, um leið og úttektarmiðarnir voru bókaðir, þ.e. eftir lokun útibúsins, og því rangt, sem áður hefði verið fullyrt, að hann hefði tekið þá fyrr um daginn.

Ekki þykir sýnt fram á af hálfu stefnda, að stefnandi hafi gert þetta í auðgunarskyni eða verið með þessu að draga sér fjármuni bankans, heldur hafi stefnandi með þessum hætti verið að nálgast innstæðu, sem hann átti á sínum reikningi. Ekki er heldur fallist á það með stefnda, að stefnandi hafi með athöfnum sínum reynt að fara leið, sem til þess væri fallin að hylja ummerki og leyna broti stefnanda, eins og segir í greinargerð stefnda, enda hefur Ingi R. Jóhannsson endurskoðandi skýrt svo frá, að úttektarmiðarnir hafi legið með fylgiskjölum og stefnandi engu leynt í því sambandi. Þá hefur ekki komið fram annað en að úttekt af hlaupareikningi stefnanda hafi farið fram samkvæmt nefndum úttektarmiðum, enda innstæða fullnægjandi samkvæmt því, sem fram hefur komið.

Þegar framanritað er virt, þykir stefndi ekki hafa sýnt fram á, að stefnandi hafi í skilningi 247. gr. laga nr. 19/1940 dregið sér fjármuni bankans, og þeirri málsástæðu stefnda, að stefnandi hafi gerst sekur um fjárdráttarbrot, því hafnað.

Af hálfu stefnda er á því byggt, að stefnandi hafi með því að afgreiða sig sjálfur brotið starfsreglur bankans. Upplýst er, að engar skriflegar reglur lágu fyrir um störf gjaldkera. Fram hefur komið við yfirheyrslur, að það viðhorf virðist hafa verið ríkjandi í Útvegsbanka Íslands hf., að gjaldkerar afgreiddu sig ekki sjálfir, en hins vegar kom fram í framburði Kolbrúnar Kristinsdóttur og Auðar Eirar Guðmundsdóttur gjaldkera, að þeim var kunnugt um, að slíkt hefði viðgengist, og samkvæmt framburði

Auðar Eirar fengu gjaldkerar áminningu um að gera það ekki, kæmi slíkt fyrir. Með hliðsjón af framburði þeirra svo og framburði Ísaks Arnar Hringssonar, fyrrverandi aðalféhirðis Útvegsbankans, þykir ekki sýnt fram á, að um afdráttarlausa reglu hafi verið að ræða, sem stefnandi hafi brotið með því að afgreiða sig sjálfur, enda ósannað gegn andmælum stefnanda, að honum hafi sérstaklega verið kynnt slík regla, þó að ætla megi, að honum hafi verið kunn ríkjandi viðhorf, hvað þetta snerti, eftir þann tíma, sem hann starfaði sem gjaldkeri. Þá er ósannað, að stefnandi hafi hlotið áminningu, munnlega eða skriflega, fyrir brot á slíkum starfsreglum.

Jón Þ. Hilmarsson endurskoðandi gat þess í framburði sínum varðandi þessar umræddu hreyfingar á hlaupareikningi stefnanda, að eðlilegra hefði verið, að þær væru gerðar með ávísun, en ekki úttektarmiðum, og kvaðst hann ekki hafa rekist á það fyrr í bankanum, að menn hafi notað úttektarmiða með þessum hætti. Auður Eir Guðmundsdóttir bar, að slíkir úttektarmiðar væru venjulega notaðir við leiðréttingar og millifærslur. Stefnandi hefur borið, að hann hafi ekki átt hlaupareikningshefti og hafi því notað þessa úttektarmiða, sem hann hafi oft notað ásamt öðrum starfsmönnum bankans.

Ekki liggur fyrir, að bann hafi legið við því að nota umrædda úttektarmiða með þeim hætti, sem stefnandi gerði, og eins og áður er rakið, liggur ekki annað fyrir en að úttekt hafi farið fram af reikningi stefnanda samkvæmt þessum úttektarmiðum.

Önnur ástæða, sem tilgreind var fyrir fyrirvaralausri brottvísun stefnanda, var óheimil meðferð hans á ávísunum. Eins og áður er rakið, var þessi ástæða byggð á fyrrgreindri skýrslu endurskoðenda, en þar er einungis fjallað um eina ávísun, og er henni lýst hér að framan.

Kolbrún Kristinsdóttir, gjaldkeri í Digranesútibúi, hefur borið hér fyrir dómi, að stefnandi málsins hafi skipt umræddri ávísun fyrir sig. Hún hafi haft þessa ávísun í veski sínu frá þeim aðila, sem gaf hana út, og hafi hún þurft að leysa ávísunina út. Hún hafi verið búin að loka sínum sjóði og því snúið sér til stefnanda, sem hafi afgreitt sig, og hafi verið um alveg venjulega afgreiðslu að ræða. Aðspurð um það, hver hefði breytt dagsetningu ávísunarinnar, kvað hún þann, sem hana gaf út, hafa gert það.

Með hliðsjón af framburði þessa vitnis verður að telja ósannaðar þær fullyrðingar stefnda, að nefnd ávísun hafi legið í sjóði stefnanda einhvern tíma. Er því ósannað, að stefnandi hafi í þessu tilviki brotið þá starfsreglu bankans að geyma ekki ávísanir í sjóði.

Þegar virt er það, sem að framan er rakið, þykir stefndi ekki hafa sýnt fram á, að stefnandi hafi í umræddum tilvikum brotið starfsreglur bankans í svo verulegu atriði, að heimili fyrirvaralausa brottvísun úr starfi og riftun á ráðningarsamningi hans. Ber því að taka til greina kröfu stefnanda um

skaðabætur, og þar sem ekki er tölulegur ágreiningur í máli þessu, verða kröfur hans teknar til greina að öllu leyti.

Stefnandi hefur sett fram kröfu um, að eftirfarandi ummæli verði dæmd dauð og ómerk og að stefndi og málflytjandi hans verði sektaðir fyrir þau skv. 5. tl. 1. mgr. 188. gr. laga nr. 85/1936 eða látnir sæta vítum:

1. Á bls. 2 í greinargerð stefnda:
   „...og raunar gerst sekur um fullframið fjárdráttarbrot, sbr. 247. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940".
2. Á bls. 3 í greinargerð stefnda:
   „þær gera brotið að fjárdráttarbroti....".
3. Á bls. 3 í greinargerð stefnda:
   „...í stað þess að taka ófrjálsri hendi peninga úr sjóði bankans til eigin ráðstöfunar".
4. Á bls. 4 í greinargerð stefnda:
   „Við aðalmeðferð málsins verður fjárdráttarbrotið nánar útlistað...".
5. Ummæli talsmanns stefnda í málflutningi 27. nóvember um stefnanda, er hann gaf skýrslu fyrir dómi, og eru ummælin þessi: „flæktur í eigin ósannindavef".
6. Eftirfarandi ummæli talsmanns stefnda í ræðu við munnlegan málflutning 27. nóvember sl.: „uppvís að fjárdráttarbroti".

Kröfu sína rökstyður stefnandi með þeim hætti, að ummælin séu ósæmileg og verulega meiðandi fyrir stefnanda og fjölskyldu hans. Í þessum ummælum sé fullyrt, að fullframið auðgunarbrot hafi átt sér stað, en fyrir því sé engin sönnun í málinu. Vakti hann athygli á því, að ummælin væru sett fram í opinberum skjölum og stefnandi fengi ekki uppreisn æru, nema kröfur hans næðu fram að ganga að þessu leyti. Máli sínu til stuðnings vísaði stefnandi til 241. gr. almennra hegningarlaga.

Af hálfu stefnda var þessari kröfu mótmælt. Rökstuddi stefndi mótmæli sín með þeim hætti, að stefndi gæti ekki dregið ummæli sín til baka, þar sem þau tengdust meginmálsástæðu stefnda í málinu. Varðandi ummæli undir tölulið 5 vísaði stefndi til framburðar stefnanda hér fyrir dóminum.

Með hliðsjón af því, að ummæli nr. 1, 2, 3, 4 og 6 eru sett fram sem liður í vörn stefnda og tengjast einni meginmálsástæðu hans í málinu, sem reyndar var hafnað í niðurstöðu dóms þessa, eins og áður er rakið, þá þykir framsetning þeirra ekki vera með þeim hætti, að þau beri að ómerkja. Verður krafa stefnanda varðandi þessi ummæli því ekki tekin til greina.

Eftir kröfu stefnanda þykir hins vegar rétt að ómerkja ummæli nr. 5, og ber að dæma þau dauð og ómerk, enda hefur stefndi ekki sýnt fram

á, að ósamræmi í framburði stefnanda hafi verið með þeim hætti, að réttlæti slík stóryrði, sem telja ber, að felist í þessum ummælum. Ekki þykja þó efni til að dæma stefnda eða málflytjanda hans til að greiða sektir eða til að sæta vítum.

Eftir þessum úrslitum ber að dæma stefnda til þess að greiða stefnanda málskostnað, sem telst hæfilega ákveðinn 113.000 kr.

Kristjana Jónsdóttir borgardómari kvað upp dóm þennan.

Dómsorð:

Stefndi, Íslandsbanki hf., greiði stefnanda, Henrik Thorarensen, 518.359 kr. með 45,6% ársvöxtum frá 1. apríl 1988 til 1. maí 1988, með 44,4% ársvöxtum frá þeim degi til 1. júlí 1988, með 52,8% ársvöxtum frá þeim degi til 1. ágúst 1988, með 52,4% ársvöxtum frá þeim degi til 1. september 1988, með 49,2% ársvöxtum frá þeim degi til 1. október 1988, með 33,6% ársvöxtum frá þeim degi til 1. nóvember 1988, með 27,6% ársvöxtum frá þeim degi til 17. nóvember 1988, en frá þeim degi og til greiðsludags með dráttarvöxtum skv. 10. gr. laga nr. 25/1987, þannig, að dráttarvextir leggist við höfuðstól á 12 mánaða fresti, í fyrsta sinn 1. apríl 1989, allt í samræmi við 12. gr. laga nr. 25/1987.

Framangreind ummæli undir tölulið 5 eru dæmd dauð og ómerk.

Þá greiði stefndi, Íslandsbanki hf., stefnanda, Henrik Thorarensen, 113.000 kr. í málskostnað, sem beri dráttarvexti skv. III. kafla laga nr. 25/1987, frá 15. degi eftir dómsuppsögu til greiðsludags, þar með talda vaxtavexti skv. 12. gr. laganna.

Dómi þessum ber að fullnægja innan 15 daga frá lögbirtingu hans að viðlagðri aðför að lögum.

Miðvikudaginn 26. febrúar 1992.

Nr. 352/1989. **Kristinn Jóhannes Guðjónsson**
(Kjartan Reynir Ólafsson hrl.)
gegn
Lovísu Guðmundsdóttur persónulega og f.h. ólögráða sonar hennar, Guðjóns Kristinssonar, Hólmfríði Kristinsdóttur og Thelmu Björk Kristinsdóttur
(Þórólfur Kr. Beck hrl.).

Hjón. Skilnaðarsamningur. Fyrirframgreiddur arfur. Umboð. Gjafvörn. Sératkvæði.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Guðrún Erlendsdóttir, Gunnar M. Guðmundsson, Haraldur Henrysson, Hrafn Bragason og Pétur Kr. Hafstein.

Áfrýjandi skaut máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 11. september 1989. Hann gerir þær dómkröfur, að hinum áfrýjaða dómi verði hrundið og hann sýknaður af öllum kröfum stefndu í málinu. Þá krefst hann málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti.

Af hálfu allra stefndu er þess krafist, að héraðsdómur verði staðfestur og þeim dæmdur málskostnaður úr hendi áfrýjanda fyrir Hæstarétti, eins og málið væri eigi gjafvarnarmál, en stefndu fengu gjafvörn fyrir Hæstarétti með bréfi dómsmálaráðherra 25. september 1990.

I.

Áfrýjandi og stefnda Lovísa Guðmundsdóttir slitu samvistum í apríl 1986, en fengu leyfi til skilnaðar að borði og sæng 20. nóvember sama ár. Lögskilnaðarleyfi þeirra í milli var gefið út 29. febrúar 1988.

Með kaupsamningi 26. júní 1986 keypti stefnda Lovísa Guðmundsdóttir neðri hæð hússins nr. 75 við Álfhólsveg í Kópavogi. Kaupverð íbúðarinnar var 2.000.000 króna, og skyldu 1.280.218 krónur greiðast innan árs frá undirritun kaupsamnings, en kaupandi tók að sér greiðslu áhvílandi lána vegna eftirstöðva kaup-

verðsins. Afsal var gefið út til stefndu Lovísu einnar 21. júní 1987.

Áfrýjandi gaf Jóni Eiríkssyni héraðsdómslögmanni 2. júní 1986 „fullt og ótakmarkað umboð til þess að annast skilnaðarmál" milli þeirra hjóna. Í umboðinu segir enn fremur: „Hefur Jón heimild til þess að mæta hjá valdsmanni fyrir mína hönd, undirrita skilnaðarskilmála, afsöl eigna svo og allt annað sem nauðsynlegt kann að undirrita (svo). Skal allt, sem umboðsmaður minn gerir í mínu nafni, vera jafngilt og hefði ég sjálfur gert."

Hinn 18. nóvember 1986 undirritaði Jón Eiríksson fyrir hönd áfrýjanda yfirlýsingu, þar sem áfrýjandi afhendir börnum sínum „sem fyrirframgreiddan arf 50% eignarhluta í íbúð á neðri hæð að Álfhólsvegi 75, Kópavogi, ásamt tilheyrandi hlutdeild í sameign og leigulóðarréttindum". Í yfirlýsingunni eru talin upp áhvílandi fjögur veðlán, sem áfrýjandi kveðst taka að sér að greiða „og verða því börnum mínum óviðkomandi".

Í framangreindu leyfisbréfi til skilnaðar að borði og sæng er um skiptingu eigna og skulda vísað í viðfestan samning um skilnaðarkjör frá 18. nóvember 1986, „sem telst órjúfanlegur hluti leyfisbréfs þessa" og Jón Eiríksson undirritaði fyrir hönd áfrýjanda með vísun í umboð. Með þeim samningi er eignum skipt milli hjónanna og skuldir búsins taldar upp, sem áfrýjandi tekur allar að sér að greiða. Íbúð stefndu Lovísu Guðmundsdóttur að Álfhólsvegi 75 í Kópavogi er ekki nefnd né skuldir vegna hennar. Í 7. gr. samningsins segir: „Komi í ljós aðrar skuldir en þær, sem taldar eru upp í samningi þessum, greiðast þær af þeim, er til þeirra hefur stofnað." Loks er í 8. gr. samningsins kveðið svo á, að hvorugt hjónanna eigi kröfu á hitt umfram það, sem þar greinir.

II.

Á því er ekki byggt í málinu, að íbúðin að Álfhólsvegi 75 í Kópavogi hefði átt að koma til skipta með búi áfrýjanda og stefndu Lovísu Guðmundsdóttur í samningi þeirra um skilnaðarkjör 18. nóvember 1986. Á hinn bóginn reisa stefndu kröfugerð sína á því, að sú yfirlýsing, sem Jón Eiríksson undirritaði fyrir hönd áfrýjanda sama dag, sé ótvírætt hluti skilnaðarskilmála, þótt hennar sé að engu getið í samningi um skilnaðarkjör.

Eins og rakið er í hinum áfrýjaða dómi, hefur áfrýjandi viður-

kennt, að Jón Eiríksson hafi nefnt það við sig í síma, að hann tæki að sér afborganir af einu láni áhvílandi á Álfhólsvegi 75, og hafi lögmaðurinn þá jafnframt talað um fyrirframgreiðslu arfs í því sambandi. Áfrýjandi kveðst hafa skilið það svo, að hér myndi verða um smávægilegar afborganir að ræða, 10-15.000 krónur á ári. Hins vegar kannast hann ekki við að hafa vitað um þá fyrirætlan, að börn sín eignuðust helming íbúðarinnar með yfirtöku sinni á skuldum. Áfrýjandi heldur því jafnframt fram, að vegna misskilnings hafi starfsmaður útgerðarfélags þess, er áfrýjandi starfaði hjá, greitt fyrir sína hönd afborganir af fleiri lánum og hærri fjárhæðir en til hafi staðið. Það hafi hann tekið fyrir, þegar hann hafi farið að fara ofan í fjármál sín vorið 1987, eftir að hafa verið á sjó í meira eða minna eitt ár, og sér hafi orðið ljóst, hvernig komið var. Síðustu afborganir af lánunum voru greiddar með þessum hætti 31. ágúst 1987.

Eins og mál þetta er vaxið, er ekki unnt að fallast á, að hið umrædda umboð hafi falið í sér heimild fyrir Jón Eiríksson héraðsdómslögmann til þess að skuldbinda áfrýjanda með þeim hætti, sem fram kemur í yfirlýsingunni 18. nóvember 1986. Sú ráðstöfun, sem þar er mælt fyrir um, þykir út af fyrir sig ekki vera í eðlilegum tengslum við frágang skilnaðarmálsins, enda er hennar að engu getið í skilnaðarleyfi eða samningi um skilnaðarkjör. Áfrýjandi á ekki að þurfa að bera halla af skorti á sönnun um, að lögmaðurinn hafi ekki haft fullgilt umboð eða farið út fyrir umboð sitt, sbr. 1. mgr. 25. gr. laga nr. 7/1936 um samningsgerð, umboð og ógilda löggerninga. Eftirfarandi afborganir fyrir hönd áfrýjanda af lánum áhvílandi á íbúðinni að Álfhólsvegi 75 þykja ekki, eins og hér stendur á, veita næga sönnun um heimild lögmannsins til hinnar umdeildu ráðstöfunar. Ber því að sýkna áfrýjanda af öllum kröfum stefndu í málinu.

Eftir atvikum þykir rétt, að málskostnaður í héraði og fyrir Hæstarétti falli niður, en gjafvarnarkostnaður stefndu, þar með talin málflutningslaun skipaðs talsmanns þeirra fyrir Hæstarétti, 75.000 krónur, greiðist úr ríkissjóði.

Dómsorð:

Áfrýjandi, Kristinn Jóhannes Guðjónsson, á að vera sýkn af öllum kröfum stefndu, Lovísu Guðmundsdóttur persónu-

lega og fyrir hönd ófjárráða sonar hennar, Guðjóns Kristinssonar, Hólmfríðar Kristinsdóttur og Thelmu Bjarkar Kristinsdóttur.

Málskostnaður í héraði og fyrir Hæstarétti fellur niður, en gjafvarnarkostnaður stefndu greiðist úr ríkissjóði, þar með talin málflutningslaun skipaðs talsmanns þeirra fyrir Hæstarétti, Þórólfs Kristjáns Beck hæstaréttarlögmanns, 75.000 krónur.

Sératkvæði hæstaréttardómaranna Haralds Henryssonar og Hrafns Bragasonar.

Stefndu byggja kröfugerð sína á því, að yfirlýsing sú, sem um getur í atkvæði meiri hluta dómenda og Jón Eiríksson héraðsdómslögmaður undirritaði fyrir hönd áfrýjanda sama dag og hann undirritaði samning um skilnaðarkjör fyrir hans hönd, sé ótvírætt hluti skilnaðarskilmála. Í yfirlýsingunni afsalar hann börnum sínum sem fyrirframgreiddum arfi 50% eignarhluta í íbúð á neðri hæð að Álfhólsvegi 75, Kópavogi, og tekur að sér áhvílandi fjögur veðlán. Áfrýjandi reisir málsókn sína á því, að Jón Eiríksson hafi ekki haft umboð til þess að skuldbinda sig á þennan hátt. Kona hins stefnda, Lovísa Guðmundsdóttir, hafði fest kaup á íbúðinni að Álfhólsvegi 75 í sínu nafni fyrir skilnað þeirra og bar við skilnaðinn að ráðstafa íbúðinni og þeim skuldum, sem á henni hvíldu, eins og öðrum eignum og skuldum, sem tilheyrðu sameiginlegu búi þeirra. Áfrýjandi hefur viðurkennt fyrir dómi, að Jón Eiríksson hafi rætt við sig um fyrirframgreiddan arf og yfirtöku einhverra lána vegna íbúðarkaupa. Fyrir liggur, að með bréfi 5. desember 1986 sendi Jón yfirlit yfir fjárskuldbindingar áfrýjanda samkvæmt skilnaðarskilmálunum og vegna fyrirframgreidds arfs til Sigurðar Viggóssonar á Patreksfirði, sem sá um greiðslur fyrir hann. Greitt var af lánunum á íbúðinni fyrir hönd áfrýjanda 1987 og þau talin fram á skattframtali fyrir það ár, en það hefur hann undirritað.

Í umboði því, sem áfrýjandi gaf Jóni Eiríkssyni, segir meðal annars: „Hefur Jón heimild til þess að mæta hjá valdsmanni fyrir mína hönd, undirrita skilnaðarskilmála, afsöl eigna svo og allt

annað, sem nauðsynlegt kann að undirrita. Skal allt, sem umboðsmaður minn gerir í mínu nafni, vera jafngilt og hefði ég sjálfur gert". Þegar orðalag umboðsins er virt og þau atriði önnur, sem hér hafa verið upp talin, þykir nægilega komið fram, að ráðstöfun eignarhlutans að Álfhólsvegi 75 og yfirtaka skuldanna hafi átt að felast í umboðinu, enda varð fjárfélagi hjónanna ekki slitið á annan hátt. Aðrir og síðari gerningar varðandi yfirfærslu eignarinnar til barnanna eru hér ekki til meðferðar.

Fyrir Hæstarétti hefur áfrýjandi borið fyrir sig, að ekki hafi verið leitað samþykkis dómsmálaráðuneytis fyrir viðtöku ófjárráða sonar málsaðila, Lovísu og Guðjóns, á fyrirframgreiddum arfi. Ekki er fram komið, að málsástæðu þessari hafi verið hreyft í héraði. Verður við það að miða, að börn áfrýjanda hafi öll samþykkt að taka við fyrirframgreiddum arfi.

Með þessum athugasemdum teljum við, að staðfesta beri hinn áfrýjaða dóm og dæma áfrýjanda til að greiða málskostnað fyrir Hæstarétti, sem renna á í ríkissjóð. Við erum samþykkir atkvæði meiri hluta dómenda um gjafvarnarlaun skipaðs talsmanns stefndu.

Dómur bæjarþings Kópavogs 31. júlí 1989.

Mál þetta, sem dómtekið var 10. júlí sl. að loknum munnlegum málflutningi, er höfðað af Lovísu Guðmundsdóttur, Álfhólsvegi 75, Kópavogi, persónulega og f.h. ólögráða sonar síns, Guðjóns Kristinssonar, sama stað, Hólmfríði Kristinsdóttur, s.st., og Thelmu Kristinsdóttur, s.st., gegn Kristni Jóhannesi Guðjónssyni, Sigtúni 19, Patreksfirði.

Dómkröfur.

Stefnendur gera þær dómkröfur, að stefnda verði gert að greiða stefnendum in solidum 21.091,60 kr. með 49,2% ársdráttarvöxtum frá 6.9.1988 til 1.10.1988, 33,6% ársdráttarvöxtum frá þeim tíma til 1.11.1988, en 27,2% ársdráttarvöxtum frá þeim tíma til stefnubirtingardags, en hæstu lögleyfðu dráttarvöxtum samkvæmt ákvörðun Seðlabanka Íslands frá þeim tíma til greiðsludags, söluskatt skv. l. 1/1988 og málskostnað skv. gjaldskrá LMFÍ eða framlögðum málskostnaðarreikningi og að málskostnaðarfjárhæðin beri dráttarvexti frá 15. degi áritunar til greiðsludags.

Enn fremur er þess krafist, að dráttarvextir leggist við höfuðstól kröfunnar á 12 mánaða fresti, í fyrsta skipti 6. 9. 1989, og að vextir reiknist af þannig uppfærðum höfuðstól frá þeim tíma til greiðsludags.

Þá er þess krafist, að svo verði kveðið á um í dómsorði, að stefnda sé

skylt að greiða eftirtalin lán, sem áhvílandi eru á fasteigninni Álfhólsvegi 75, Kópavogi, neðri hæð:

1. Á 1. veðrétti, skuld við Byggingarsjóð ríkisins skv. veðbréfi, út gefnu 14. 4. 1981, upphaflega að fjárhæð 40.000 kr., verðtryggðu.

2. Á 2. veðrétti, skuld við Lífeyrissjóð Dagsbrúnar og Framsóknar skv. veðbréfi, út gefnu 20. 4. 1982, upphaflega að fjárhæð 107.000 kr., verðtryggðu.

3. Á 3. veðrétti, skuld við Byggingarsjóð ríkisins skv. veðbréfi, út gefnu 11. 9. 1984, upphaflega að fjárhæð 115.000 kr., verðtryggðu.

4. Á 4. veðrétti, skuld við Byggingarsjóð ríkisins samkvæmt veðskuldabréfi, út gefnu 2. 3. 1987, upphaflega að fjárhæð 428.000 kr., verðtryggðu.

Af hálfu stefnda eru gerðar þær dómkröfur, að hann verði sýknaður af öllum kröfum stefnenda í máli þessu og stefnendum gert að greiða sér hæfilegan málskostnað að mati hins virðulega réttar.

Málsástæður og lagarök stefnenda.

Af hálfu stefnenda er málavöxtum lýst svo, að þau Lovísa Guðmundsdóttir, sem er ein af stefnendum máls þessa, og Kristinn J. Guðjónsson, stefndi í málinu, hafi verið hjón, en fengið leyfi til skilnaðar að borði og sæng hjá bæjarfógetaembættinu í Kópavogi 20. nóvember 1986. Við skilnaðinn hafi konan fengið forsjá tveggja ólögráða barna þeirra, Hólmfríðar, f. 23. maí 1969, og Guðjóns, f. 25. 3. 1980. Hjónin eiga saman þrjú börn, sem eru ásamt móður sinni sóknaraðilar máls þessa.

Í málskjölum stefnenda kemur fram, að sambúð hjónanna hafi lokið í mars 1986, en þá hafi konan flust frá Patreksfirði, þar sem fjölskyldan bjó, til Reykjavíkur ásamt öllum börnunum. Hinn 26. júní 1986 hafi hún svo fest kaup á húsnæði fyrir sig og börnin að Álfhólsvegi 75 í Kópavogi, neðri hæð. Með yfirlýsingu stefnda á dskj. nr. 7, sem dagsett er 18. nóvember 1986, hafi stefndi samþykkt að taka að sér að greiða yfirtekin og áhvílandi lán á íbúðinni svo og væntanlegt lán, en yfirlýsinguna hafi lögmaður stefnda undirritað fyrir hans hönd. Hafi stefndi með þessu innt af hendi til barna sinna fyrirframgreiddan arf. Þetta hafi verið gert vegna þess, að móðir þeirra hafi ekki haft fjárhagslegt bolmagn til að standa undir greiðslum af þessum lánum, en sonurinn, Guðjón, þurfi sérstakrar umönnunar við, þar sem hann sé öryrki. Þannig hafi börnin eignast 50% af íbúðinni, sem móðir þeirra keypti að Álfhólsvegi 75. Skiptayfirlýsing hafi verið útbúin í samræmi við þetta og erfðafjárskattur greiddur.

Þá kemur fram, að stefndi hafi greitt fyrstu afborganir af umræddum lánum, en síðar hafi hann hætt að greiða, og telja stefnendur vanskil vera svo sem hér segir:

Byggingarsjóður ríkisins, veðskuldabréf, dags. 14. 4. 1981.

Vanskil frá 1. 11. 1987 ..... kr. 30.155,30
Uppreiknað pr. 8. 8. 1988 ..... kr. 229.470,30

Byggingarsjóður ríkisins, veðskuldabréf, dags. 11. 9. 1984.
Vanskil frá 1. 11. 1987 ..... kr. 22.988,30
Uppreiknað pr. ..... kr. 278.809,30

Lífeyrissjóður Dagsbrúnar og Framsóknar, dags. 11. 9. 1984.
Vanskil frá 1. 11. 1987 ..... kr. 84.100,10
Eftirst. með vanskilum pr. 30. 6. 1988 ..... kr. 542.666,00

Þá hefur komið fram af hálfu stefnda, að stefnandi Lovísa hafi greitt af byggingarsjóðsláni skv. veðskuldabréfi, dags. 2. 3. 1987, upphaflega 428.000 kr., og sé það lán í skilum.

Vegna uppboðsmeðferðar á fasteigninni hafi stefnendur greitt 6. 9. 1988 afborgun af byggingarsjóðslánunum auk vaxta og kostnaðar, 14.681,60 kr., og uppboðskostnað hjá bæjarfógetaembættinu í Kópavogi, 6.410,00 kr., samtals 21.091,60 kr., og krefja þau stefnda í máli þessu um endurgreiðslu á þeirri fjárhæð.

Stefnendur styðja mál sitt því, að stefndi hafi veitt þáverandi lögmanni sínum, Jóni Eiríkssyni hdl., umboð til að undirrita yfirlýsingu á dskj. nr. 7, sem dagsett er 18. nóvember 1986. Hann hafi veitt lögmanninum umboð, sbr. dskj. nr. 3, „til þess að mæta hjá valdsmanni fyrir mína hönd, undirrita skilnaðarskilmála, afsöl eigna svo og allt annað, sem nauðsynlegt kann að undirrita. Skal allt, sem umboðsmaður minn gerir í mínu nafni, vera jafngilt og hefði ég sjálfur gert". Umboð þetta er dags. 2. júní 1986. Einnig hafi lögmaðurinn borið það sérstaklega undir stefnda í síma, hvort hann féllist á að greiða lánin af íbúðinni, en með því fengju börnin fyrirframgreiddan arf. Báðir lögmenn þeirra hjóna, þau Jón Eiríksson hdl., lögmaður mannsins, og Lilja Ólafsdóttir hdl., lögmaður konunnar, hafi staðfest, að stefndi hafi fallist á þessa tilhögun fyrir sitt leyti. Þá hafi stefndi staðið skil á greiðslu erfðafjárskatts vegna þessa. Hann hafi greitt afborganir af tveimur lánum hjá Byggingarsjóði ríkisins á 2. og 3. veðrétti, þrisvar af hvoru láni, 5. 5. 1987, 18. 5. 1987 og 31. 8. 1987, og tvisvar hafi hann greitt af láni hjá Lífeyrissjóði Dagsbrúnar og Framsóknar, 5. 5. 1987 og 18. 5. 1987. Hafi hann þar með staðfest í verki greiðsluskyldu sína. Stefndi hafi talið lánin fram á skattframtali árið 1988. Honum hafi sérstaklega verið kunngert um þessar skuldbindingar, er Jón Eiríksson hdl. sendi að hans beiðni bréf, dags. 5. desember 1986, dskj. nr. 29, ásamt yfirliti yfir skuldir, sbr. dskj. nr. 8.

Jón Eiríksson héraðsdómslögmaður hefur borið vitni fyrir réttinum. Kom þá fram, að í ársbyrjun 1986 hefði stefndi falið honum hagsmunagæslu

fyrir sig í skilnaðarmáli sínu og Lovísu Guðmundsdóttur. Samningaumleitanir hefðu gengið illa, en um haustið hefði legið fyrir samkomulag, sem gat gengið upp með því, að stefndi gengi að yfirlýsingunni á dskj. nr. 7. Stefndi hafi veitt umboð, sbr. dskj. nr. 3, en vitnið kvaðst jafnframt hafa haft samband við stefnda í síma og borið sérstaklega undir hann, hvort hann féllist á að taka að sér að greiða af áhvílandi lánum á íbúðinni, svo að börnin eignuðust helmingshlutdeild í íbúðinni, en með því fengju þau frá honum fyrirframgreiddan arf. Í raun hafi þetta verið hluti af skilnaðarskilmálum, en lögmennirnir, þ.e. vitnið og Lilja Ólafsdóttir hdl., lögmaður konunnar, tekið þá ákvörðun að ganga frá þessu með sérstakri yfirlýsingu. Vitnið kveðst hafa sent Sigurði Viggóssyni að beiðni stefnda yfirlit yfir skuldbindingar, sbr. dskj. nr. 8. Stefndi hafi þannig fallist munnlega á, að vitnið gengi frá skilnaðarsamkomulagi með þessum hætti og í skjóli þess umboðs, sem fyrir lá skriflega. Stefndi hafi fallist á þetta á þeirri forsendu, að þetta væru tiltölulega lágar fjárhæðir á hverju ári, en lánin væru langtímalán. Ekki minntist vitnið þess að hafa tiltekið ákveðnar fjárhæðir í þessu sambandi. Stefndi hafi alls ekki viljað, að konan bæri meira úr býtum en hann við skiptin, en hins vegar hafi hann fallist á, að börnin yrðu eigendur að hálfri eigninni á móti móður sinni, en lánin, sem stefndi hafi tekið að sér að greiða af, hafi verið u. þ. b. helmingur kaupverðs.

Málsástæður og lagarök stefnda.

Af hálfu stefnda hefur því verið mótmælt, að umboð það, er hann veitti þáverandi lögmanni sínum, Jóni Eiríkssyni hdl., á dskj. nr. 3, hafi náð til annars en að ganga frá hjónaskilnaðarmálinu. Í samningi um skilnaðarkjör á sama dskj., þar sem kveðið er á um skiptingu eigna og skulda búsins, hafi skuldir þær, sem deilt er um í máli þessu, ekki verið taldar með, en sérstaklega tekið fram, að „komi í ljós aðrar skuldir en þær, sem taldar eru upp í samningi þessum, greiðast þær af þeim, er til þeirra hefur stofnað". Lögmaðurinn hafi því farið langt út fyrir það umboð, er stefndi hafi veitt honum á dskj. nr. 3, er hann undirritaði yfirlýsinguna á dskj. nr. 7.

Stefndi hefur viðurkennt, að lögmaðurinn hafi nefnt það í síma við sig, að hann greiddi fyrirframgreiddan arf með því að taka að sér að greiða af einu láni, áhvílandi á íbúðinni. Kveðst stefndi hafa svarað lögmanninum svo, að hann myndi hvorki lifa né deyja fyrir 10-15 þúsund krónur á ári. Það hafi ekki verið meiningin, að hann tæki að sér að greiða 1.200.000 kr. Stefndi heldur því fram, að hann hafi falið Sigurði Viggóssyni, starfsmanni útgerðarfélagsins, sem stefndi starfaði hjá, að sjá um að greiða þær skuldir, sem stefndi ætti að greiða, og hafi Sigurður séð um þetta fyrir sig. Stefndi kveðst hafa verið á sjó í u. þ. b. eitt ár, og því hafi hann ekki fylgst með því, hvað Sigurður greiddi, en Sigurður hafi algerlega séð um

fjármálin fyrir stefnda. Síðar hafi komið í ljós, að þessar greiðslur hafi verið miklu hærri en stefndi telur sig hafa talað um við Jón Eiríksson. Greiðslurnar, sem inntar voru af hendi vegna umræddra áhvílandi lána á íbúðinni að Álfhólsvegi 75, hafi verið vegna misskilnings hjá gjaldkeranum, sem sá um fjármál stefnanda. Stefndi hefur ekki kannast við að hafa greitt erfðafjárskatt vegna hins fyrirframgreidda arfs, en verið geti, að Jón Eiríksson hafi greitt erfðafjárskattinn.

Af hálfu stefnda hefur yfirlýsingu Lilju Ólafsdóttur hdl. á dskj. nr. 25 verið mótmælt sem rangri og hlutdrægri, enda geti lögmaðurinn ekki borið um það, hvort Jón Eiríksson hdl. hafi farið út fyrir það umboð, sem stefndi gaf honum.

Niðurstöður.

Í máli þessu er annars vegar krafist aðfararhæfs dóms fyrir greiðslu, að fjárhæð 21.091,00 kr., ásamt vöxtum og málskostnaði og hins vegar, að kveðið verði á um skyldur stefnda til að greiða tiltekin lán, sem tryggð eru með veði í íbúð á neðri hæð hússins að Álfhólsvegi 75, Kópavogi. Telja verður, að stefnendur máls þessa, sem eru eigendur íbúðarinnar samkvæmt afsali, dags. 21. júní 1987, og skiptayfirlýsingu, dags. 22. nóvember 1988, hafi sýnt fram á, að þá skiptir máli að lögum að fá dómsúrlausn um síðartalda sakarefnið.

Svo sem fram hefur komið hér að framan, eru varnir stefnda reistar á því, að Jón Eiríksson hdl. hafi ekki haft umboð til að skuldbinda stefnda á þann hátt, sem hann gerði með undirrituninni á dskj. nr. 7. Ljóst er, að stefndi veitti Jóni skriflegt umboð til að ganga frá skilnaðarmálinu, sbr. dskj. nr. 3. Einnig hefur komið fram, að Jón ræddi við stefnda í síma um fyrirframgreiddan arf til barna stefnda, þannig, að stefndi tæki í því sambandi að sér greiðslu láns eða lána, sem tryggð voru með veði í íbúðinni að Álfhólsvegi 75, og að stefndi hafi verið samþykkur því fyrir sitt leyti. Efni símtals þessa að öðru leyti hefur ekki tekist að staðreyna með óyggjandi hætti, en framburður þeirra Jóns og stefnda er ekki að öllu leyti samhljóða. Samkvæmt framburði Jóns fyrir rétti taldi hann sig ekki vera í nokkrum vafa um, að stefndi hefði efnislega samþykkt, að gengið yrði frá málinu með þeim hætti, sem gert var. Þykir stefndi þurfa að bera hallann af því, að ósannað er, eins og mál þetta er vaxið, að Jón Eiríksson hdl. hafi ekki haft umboð frá stefnda til að undirrita fyrir hans hönd yfirlýsinguna á dskj. nr. 7 eða að Jón hafi farið út fyrir umboð það, er stefndi veitti honum. Því verður að telja yfirlýsinguna á dskj. nr. 7 skuldbindandi fyrir stefnda samkvæmt 1. mgr. 10. gr. laga nr. 7/1936 um samningsgerð, umboð og ógilda löggerninga nr. 7/1936. Þar sem svo er og kröfum stefnenda hefur ekki verið mótmælt á öðrum grundvelli en hér að framan greinir, ber að taka kröfur þeirra til greina.

Málskostnaður þykir hæfilega ákveðinn 90.000 kr., þ. m. t. söluskattur. Dóm þennan kvað upp Sigríður Ingvarsdóttir héraðsdómari.

Dómsorð:

Stefndi, Kristinn Jóhannes Guðjónsson, greiði stefnendum, Lovísu Guðmundsdóttur persónulega og f.h. Guðjóns Kristinssonar, Hólmfríði Kristinsdóttur og Thelmu Kristinsdóttur, 21.091,60 kr. með 49,2% ársdráttarvöxtum frá 6.9.1988 til 1.10.1988, 33,6% ársdráttarvöxtum frá þeim tíma til 1.11.1988, 27,2% ársdráttarvöxtum frá þeim tíma til 27. desember 1988, en með hæstu lögleyfðu dráttarvöxtum samkvæmt ákvörðun Seðlabanka Íslands frá þeim tíma til greiðsludags, og leggjast dráttarvextir við höfuðstól á 12 mánaða fresti, fyrst 6.9.1989, og reiknast vextir af þannig uppfærðum höfuðstól frá þeim tíma til greiðsludags, og 90.000 kr. í málskostnað, þ.m.t. söluskattur, en málskostnaður ber dráttarvexti frá 15. degi eftir dómsuppkvaðningu til greiðsludags, allt innan 15 daga frá birtingu dómsins að telja að viðlagðri aðför að lögum.

Þá er stefnda skylt að greiða eftirtalin lán, sem áhvílandi eru á fasteigninni Álfhólsvegi 75, Kópavogi, neðri hæð:

1. Á 1. veðrétti, skuld við Byggingarsjóð ríkisins skv. veðbréfi, útgefnu 14.4.1981, upphaflega að fjárhæð 40.000 kr., verðtryggt.
2. Á 2. veðrétti, skuld við Lífeyrissjóð Dagsbrúnar og Framsóknar skv. veðbréfi, útgefnu 20.4.1982, upphaflega að fjárhæð 107.000 kr., verðtryggt.
3. Á 3. veðrétti, skuld við Byggingarsjóð ríkisins skv. veðbréfi, útgefnu 11.9.1984, upphaflega að fjárhæð 115.000 kr., verðtryggt.
4. Á 4. veðrétti, skuld við Byggingarsjóð ríkisins samkvæmt veðskuldabréfi, útgefnu 2.3.1987, upphaflega að fjárhæð 428.000 kr., verðtryggt.

Fimmtudaginn 27. febrúar 1992.

Nr. 42/1992. **Róbert Árni Hreiðarsson**
gegn
Jóni S. Bjarnasyni.
Hebu Hallsdóttur og
Bjarna G. Ágústssyni.

Kærumál. Frávísunardómur úr gildi felldur. Réttarverkanir dóma. Dráttarvextir. Sératkvæði.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Hrafn Bragason, Garðar Gíslason, Haraldur Henrysson, Hjörtur Torfason og Pétur Kr. Hafstein.

Sóknaraðili, sem er héraðsdómslögmaður, skaut máli þessu til Hæstaréttar með kæru, sem barst héraðsdómara 14. janúar 1992. Kærður er frávísunardómur bæjarþings Reykjavíkur 12. desember 1991. Kæruheimild er í b-lið 1. tl. 1. mgr. 21. gr. laga nr. 75/1973 um Hæstarétt Íslands.

Sóknaraðili krefst þess, að hinum kærða frávísunardómi verði hrundið og lagt fyrir héraðsdómarann að leggja efnisdóm á málið. Þá krefst sóknaraðili kærumálskostnaðar.

Varnaraðilar krefjast þess, að hinn kærði frávísunardómur verði staðfestur. Þá krefjast varnaraðilar kærumálskostnaðar.

Hinn kærði dómur var kveðinn upp að aðilum fjarstöddum. Héraðsdómari kveður endurrit dómsins hafa verið tilbúið til afgreiðslu 7. janúar 1992. Telst kæran því nægjanlega snemma fram komin.

Fyrir héraðsdómi krefst sóknaraðili greiðslu á dráttarvöxtum af kröfu á hendur varnaraðilum. Um er að ræða mismun á hæstu dráttarvöxtum samkvæmt auglýsingum Seðlabanka Íslands og dráttarvöxtum samkvæmt dómi bæjarþings Reykjavíkur 8. apríl 1986 frá dómsuppsögu til 1. nóvember 1990, þegar varnaraðili Heba Hallsdóttir greiddi kröfuna samkvæmt dómsorði. Mismunur á aðal- og varakröfu í héraði er sá, að í aðalkröfu, en ekki varakröfu, er krafist dráttarvaxta af þeim málskostnaði sem dæmdur var í fyrrnefndu máli.

I.

Í skuldabréfi því, sem mál þetta er sprottið af, er svohljóðandi ákvæði: „Verði ekki staðið í skilum með greiðslu afborgana eða vaxta af láni þessu á réttum gjalddögum, ber að greiða hæstu lögleyfða dráttarvexti á hverjum tíma.“ Sóknaraðili gaf út stefnu á hendur varnaraðilum 5. febrúar 1986 til innheimtu á skuld samkvæmt bréfinu. Krafðist hann 3,75% dráttarvaxta á mánuði af gjaldfallinni skuld frá 10. janúar 1986 til greiðsludags. Málið var þingfest á bæjarþingi Reykjavíkur 27. febrúar sama ár. Er dómur var upp kveðinn í málinu 8. apríl sama ár, höfðu hæstu lögleyfðu dráttarvextir samkvæmt auglýsingum Seðlabanka Íslands lækkað. Tók dómari málsins réttilega tillit til þessa og dæmdi stefnanda 3,75% dráttarvexti á mánuði af kröfunni til 1. mars 1986, 2,75% á mánuði frá þeim degi til 1. apríl sama ár, en 2,25% á mánuði frá þeim degi til greiðsludags, hæstu lögleyfðu dráttarvexti á dómsuppsögudegi.

Vaxtalög nr. 25/1987 tóku gildi 14. apríl 1987. Í 14. gr. þeirra var lögfest svohljóðandi ákvæði: „Sé mál höfðað til heimtu peningakröfu og dráttarvaxta krafist, má þrátt fyrir ákvæði 88., sbr. 193. gr. laga nr. 85/1936, sbr. lög nr. 28/1981, dæma dráttarvexti frá þeim tíma, er mál telst höfðað, til greiðsludags, enda þótt vaxtahæð sé ekki tilgreind í stefnu.“

Þetta ákvæði fól í sér breytingu á gildandi rétti. Fram að gildistöku laga nr. 25/1987 höfðu dómstólar túlkað ákvæði 88. og 193. gr. laga nr. 85/1936 um meðferð einkamála í héraði á þann veg, að ekki bæri að taka til greina kröfu um dráttarvexti, nema vaxtafótur væri tilgreindur, sbr. Hrd. 1987, bls. 1191. Ákvæði 2. mgr. 69. gr. sömu laga var þó ekki talið standa í vegi fyrir því, að hægt væri að taka til greina kröfu um dráttarvexti til greiðsludags með þeim vaxtafæti, sem í gildi var við dómsuppsögu. Dráttarvaxtakrafa sóknaraðila í fyrrnefndu máli og niðurstaða héraðsdóms um dráttarvexti var í samræmi við þessa dómvenju.

Á það má fallast með sóknaraðila, að á þeim tíma, þegar hann gerði stefnukröfur í hinu fyrra máli, hafi réttarfarsákvæði komið í veg fyrir, að hann gæti fengið dóm, þar sem tekin væri afstaða til kröfu um breytilegan vaxtafót eftir dómsuppsögu, svo sem ákvæði skuldabréfsins gerðu ráð fyrir.

II.

Með 21. gr. laga nr. 54/1988, sem tóku gildi 1. júlí 1988, var nýrri málsgrein bætt við 175. gr. laga nr. 85/1936. Málsgreinin hljóðar svo: „Að kröfu aðila má dæma, að málskostnaður úr hendi gagnaðila hans skuli frá 15. degi eftir dómsuppsögu og til greiðsludags bera sömu vexti og gjaldfallnar peningakröfur samkvæmt vaxtalögum."

Fyrir gildistöku ákvæðisins var ekki talin lagaheimild til að kveða á um í dómi, að málskostnaður skyldi bera dráttarvexti. Í hinu fyrra máli gerði sóknaraðili ekki kröfu um dráttarvexti af málskostnaði.

III.

Með dóminum 8. apríl 1986 var dæmt um kröfu stefnanda, eins og hún var gerð á þeim tíma. Sóknaraðila tókst ekki að knýja fram greiðslu úr hendi varnaraðila fyrr en fjórum og hálfu ári eftir uppsögu dómsins og gerði þá fyrirvara um, að hluti vaxta væri ógreiddur. Á þessum tíma voru hæstu lögleyfðu dráttarvextir samkvæmt auglýsingum Seðlabanka Íslands lengst af hærri en 2,25% á mánuði, og réttarreglur um vexti höfðu tekið breytingum.

Í máli þessu deila aðilar um dráttarvexti eftir uppsögu dóms í fyrra málinu. Á þá deilu hefur ekki verið lagður efnisdómur. Þar sem beita skal þröngri skýringu varðandi neikvæð réttaráhrif dóma, þykir 2. mgr. 196. gr. laga nr. 85/1936 ekki leiða til þess, að vísa beri málinu frá héraðsdómi.

Ber því að fella hinn kærða frávísunardóm úr gildi og leggja fyrir héraðsdómara að kveða upp efnisdóm í málinu.

Kærumálskostnaður fellur niður.

Dómsorð:

Hinn kærði frávísunardómur er felldur úr gildi, og er málinu vísað heim í hérað til löglegrar meðferðar og uppsögu efnisdóms.

Sératkvæði

Hjartar Torfasonar hæstaréttardómara.

Kröfur sóknaraðila í máli þessu varða skuldabréf, sem gefið var út 10. desember 1984 til annars manns, en framselt honum 15. apríl

1985 frá þriðja manni. Var einn varnaraðila skuldari að bréfinu, en hinir tveir sjálfskuldarábyrgðarmenn. Umsamin skuld samkvæmt bréfinu var verðtryggð til gjalddaga og bar breytilega vexti á umsömdum greiðslutíma. Átti skuldin að greiðast í einum gjalddaga, 10. janúar 1986, og var hann nýlega kominn, þegar sóknaraðili höfðaði dómsmál til heimtu skuldarinnar gegn varnaraðilum og upphaflegum framseljanda bréfsins, sem einnig hafði tekið ábyrgð á greiðslu þess. Gekk dómur á bæjarþingi Reykjavíkur 8. apríl 1986 um greiðslu skuldarinnar ásamt málskostnaði á hendur öllum varnaraðilum, en sóknaraðili hafði þá fallið að svo stöddu frá kröfum á hendur framseljandanum. Enginn stefndu sótti þing í málinu, og dóminum var ekki áfrýjað. Annar ábyrgðarmaðurinn greiddi dómskuldina að fullu síðla árs 1990 að undangengnu fjárnámi í fasteign sumarið 1989 og uppboðsmeðferð á grundvelli þess. Við móttöku á greiðslu gerði sóknaraðili fyrirvara um rétt til frekari vaxta.

Þegar sóknaraðili hófst handa um innheimtumálið, lá allt ljóst fyrir um fjárhæð hinnar umsömdu skuldar á gjalddaga hennar, og var hún viðurkennd í dóminum, eins og stefnandi lýsti henni. Samkvæmt ákvæðum í skuldabréfinu átti skuldari að greiða dráttarvexti, ef hann stæði ekki í skilum um greiðslu á gjalddaganum, og skyldu þeir vera hæstu lögleyfðir dráttarvextir á hverjum tíma. Gerði sóknaraðili kröfu um dráttarvexti í samræmi við þessi ákvæði, og var hún viðurkennd að fullu, eftir því sem landslög stóðu til, á grundvelli auglýsinga Seðlabanka Íslands um vanskilavexti af óverðtryggðum skuldakröfum. Voru varnaraðilar dæmdir til að greiða þá auglýstu dráttarvexti, sem í gildi voru fram að dómsuppsögudegi, og vextina á þeim degi frá honum fram í tímann til greiðsludags skuldarinnar. Loks gerði sóknaraðili kröfu um málskostnað samkvæmt gjaldskrá Lögmannafélags Íslands, og var hún tekin til greina þannig, að litið var til höfuðstóls skuldarinnar við ákvörðun kostnaðarins.

Krafa sóknaraðila í máli þessu um dráttarvexti til viðbótar greiddum vöxtum er eingöngu reist á umræddum ákvæðum skuldabréfsins. Er einvörðungu til þess vísað, að hæstu leyfilegir dráttarvextir á tímabilinu frá dómsuppsögu til greiðslu dómskuldarinnar hafi orðið hærri en hinir tildæmdu dráttarvextir fyrir það tímabil. Meðal

annars er því ekki haldið fram, að sóknaraðili hafi veitt varnaraðilum sérstaka skuldarumlíðan á þessu tímabili, er réttur verði á byggður, og tjóni af síðbúinni greiðslu hefur hann ekki lýst með öðrum hætti en þeim að benda á þennan dráttarvaxtamun. Telja verður þannig, að sóknaraðili sé nú að ítreka þá kröfu um dráttarvexti, sem hann lagði í dóm í hinu fyrra máli, en hún var þá dæmd að efni til, eins og fyrr er rakið.

Kröfu sína um málskostnað í innheimtumálinu gerði sóknaraðili með algengum hætti og vísaði til gjaldskrár án þess að geta ákvæða hennar um vexti. Í dómi bæjarþingsins var leyst úr kröfunni til hlítar, án þess að vextir væru dæmdir af ákvörðuðum kostnaði til sóknaraðila. Má ætla, að dómari hafi tekið þá afstöðu á grundvelli gildandi dómvenju í þessa átt, þó að sóknaraðili hafi ekki gert beinan áskilnað um vexti af kostnaðinum.

Eftir þessum atvikum tel ég, að fallast beri á þá niðurstöðu hins áfrýjaða dóms, að máli þessu verði vísað frá héraðsdómi á grundvelli 2. mgr. 196. gr., sbr. 195. gr. laga nr. 85/1936 um meðferð einkamála í héraði, og dæma varnaraðilum kærumálskostnað.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 12. desember 1991.

I.

Mál þetta, sem tekið var til dóms eða úrskurðar fyrr í dag að loknum munnlegum málflutningi um fram komna frávísunarkröfu stefndu, er höfðað fyrir bæjarþinginu með stefnu, birtri 12. og 13. febrúar 1991, á hendur Jóni S. Bjarnasyni, kt. 160458-5939, Bústaðavegi 59, Reykjavík, Hebu Hallsdóttur, kt. 220158-4899, Þingási 35, Reykjavík, og Bjarna G. Ágústssyni, kt. 091231-3449, Víkurbraut 48, Grindavík.

Endanlegar dómkröfur stefnanda eru þær aðallega, að stefndu verði dæmd in solidum til greiðslu skuldar, að fjárhæð 298.608,24 kr., ásamt dráttarvöxtum samkvæmt ákvörðun Seðlabanka Íslands, sbr. 10. gr. l. nr. 25/1987, frá 13. 2. 1991 til greiðsludags. Þess er krafist, að áfallnir dráttarvextir leggist við höfuðstól kröfunnar og dráttarvextir reiknist af þeirri fjárhæð á tólf mánaða fresti, í fyrsta sinn 1. 11. 1991, sbr. 12. gr. l. nr. 25/1987.

Til vara gerir stefnandi þær dómkröfur, að stefndu verði dæmd in solidum til greiðslu skuldar, að fjárhæð 237.504,70 kr., ásamt dráttarvöxtum samkvæmt ákvörðun Seðlabanka Íslands, sbr. 10. gr. l. nr. 25/1987, frá 13. 2. 1991 til greiðsludags. Þess er krafist, að áfallnir dráttarvextir leggist við höfuðstól kröfunnar og dráttarvextir reiknist af þeirri fjárhæð á tólf mánaða fresti, í fyrsta sinn 13. 2. 1991, sbr. 12. gr. l. nr. 25/1987.

Í aðalkröfu jafnt sem varakröfu er krafist málskostnaðar skv. gjaldskrá LMFÍ, og beri málskostnaðarfjárhæðin dráttarvexti skv. III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987 frá 15. degi eftir dómsuppsögu til greiðsludags. Jafnframt er þess krafist, að dráttarvextir leggist við tildæmdan málskostnað á tólf mánaða fresti, í fyrsta sinn tólf mánuðum eftir upphafsdag vaxtanna.

Dómkröfur stefndu eru þær aðallega, að málinu verði vísað frá dómi. Til vara krefjast stefndu þess, að þau verði sýknuð af öllum kröfum stefnanda. Til þrautavara er krafist, að stefnukröfur verði verulega lækkaðar.

Enn fremur er í aðal-, vara- og þrautavarakröfu krafist málskostnaðar úr hendi stefnanda skv. gjaldskrá LMFÍ, er beri dráttarvexti samkvæmt III. kafla l. nr. 25/1987 að liðnum fimmtán dögum frá dómsuppsögu til greiðsludags.

Sættir hafa verið reyndar árangurslaust.

II.

Málavaxtalýsing stefnanda.

Stefnandi kveður kröfuna grundvallast á skuldabréfi nr. 21266, að fjárhæð 140.000 kr., með lánskjaravísitölu 910 stigum, út gefnu 10. desember 1984 af stefnda Jóni til Sævars Óskarssonar. Til tryggingar greiðslum hafi verið veðsett ýmis tæki í eigu verslunarinnar Réttarholts. Einnig hafi tekist á hendur sjálfskuldarábyrgð stefnda, Heba, og stefndi Bjarni.

Hinn 5. febrúar 1986 hafi stefnda Jóni S. Bjarnasyni o.fl. verið stefnt til greiðslu skuldar skv. bréfi þessu. Dómur hafi fallið 8. apríl 1986, og sé dómsorð hans svohljóðandi:

„Stefndu, Jón S. Bjarnason, Heba Hallsdóttir og Bjarni B. Ágústsson, greiði in solidum stefnanda, Róbert Árna Hreiðarssyni hdl., 219.289,23 kr. með 3,75% mánaðarvöxtum frá 10.1.1986 til 1.3. sama ár, með 2,75% mánaðarvöxtum frá þeim degi til 1.4. sama ár, en með 2,25% dráttarvöxtum fyrir hvern mánuð eða brot úr mánuði frá þeim degi til greiðsludags og 27.800 kr. í málskostnað. Dráttarvexti má færa til höfuðstóls á hverju tólf mánaða tímabili.

Staðfestur er 1. veðréttur í fyrrnefndum vélum og tækjum í eigu verslunarinnar Réttarholts til tryggingar dæmdum kröfum. Dómur þessi er aðfararhæfur að liðnum 15 dögum frá birtingu dómsins."

Hinn 27.2.1987 hafi verið gert fjárnám fyrir kröfunni í fasteigninni Víkurbraut 48, Grindavík, eign stefnda Bjarna G. Ágústssonar, og hún síðan seld á nauðungaruppboði, án þess að nokkuð fengist greitt upp í kröfu stefnanda. Stefndi Bjarni sé tilgreindur í stefnu og dómi sem Bjarni B. Ágústsson, en þar muni vera um prentvillu að ræða.

Hinn 19.7.1989 hafi verið gert fjárnám fyrir kröfunni í fasteigninni Þingási 35, Reykjavík, eign stefndu Hebu Hallsdóttur. Þriðja og síðasta uppboð

hafi átt að fara fram 5.11.1990, en verið afturkallað, þar sem stefnda, Heba, greiddi stefnanda 24.10.1990 769.149, kr. og 1.11.1990 70.714,79 kr., samtals 839.863,79 kr.

Gegn andmælum stefnanda hafi greiðslur þessar verið inntar af hendi í samræmi við vaxtaákvæði dómsins frá 8. apríl 1986. Eftir 1.4. 1986 hafi stefnda, Heba, þannig ekki greitt hærri dráttarvexti en 2,25% á mánuði til greiðsludags. Hafi hún talið þetta fullnaðargreiðslu af sinni hálfu og neitað frekari greiðslum. Stefnandi hafi talið, að stefnda hefði með greiðslu þessari greitt upp hluta kröfunnar. Þar sem dómurinn hafi ekki verið fullnægjandi sem aðfarargrundvöllur um fullar efndir, hafi hann afturkallað uppboð á fasteign stefndu. Hins vegar hafi hann talið kröfuna sjálfa mun hærri, þar sem dráttarvextir hafi hækkað 1.3. 1987 og eftir það oftast verið mun hærri en greini í dómsorði. Hafi hann því gefið stefndu kvittun með fyrirvara um málsókn til heimtu þessa mismunar.

Málsástæður stefnanda og lagarök.

Samkvæmt almennum reglum kröfuréttar og eðli máls sé skuldari skyldur til að greiða kröfuhafa kröfu hans að fullu. Það hafi stefndu ekki gert, með því að stefnda, Heba, neitaði að greiða fulla dráttarvexti samkvæmt kröfunni.

Samkvæmt ákvæðum skuldabréfsins hafi stefndu borið að greiða hæstu lögleyfðu dráttarvexti á hverjum tíma, ef vanskil yrðu á greiðslu afborgana og vaxta. Ákvæði bréfsins séu í samræmi við 5. gr. l. nr. 58/1960 um bann við okri, dráttarvexti o.fl., sem þá hafi gilt. Samsvarandi ákvæði sé nú í 10. gr. vaxtalaga nr. 25/1987. Vegna réttarfarsákvæða hafi hins vegar ekki verið heimild í lögum fyrir dómara að kveða á um breytilega dráttarvexti í dómum sínum fyrir gildistöku vaxtalaga, sbr. 14. gr. vaxtalaga, sem vísi til 88. gr., sbr. 193. gr. eml. nr. 85/1936. Hafi það varðað frávísun máls, ef vaxtahæð hafi ekki verið tilgreind í stefnu. Telja verði andstætt tilgangi dómsmeðferðar, að kröfuhafi sé verr settur, eftir að dómur fellur, en hann hafi verið fyrir dómsuppsögu. Stríði það gegn sanngirnissjónarmiðum, að tilviljun ráði því, hvort kröfuhafi fái fullar efndir á kröfu sinni eða ekki.

Hæstiréttur hafi nú heimilað hækkun vaxtakröfu við áfrýjun mála til Hæstaréttar, þegar hún hafi átt rót sína að rekja til almennra vaxtahækkana, sem orðið hafi, eftir að dómur féll í héraði, án þess að skilyrðum 45. gr. l. nr. 75/1973 um Hæstarétt Íslands sé fullnægt. Á sama hátt sé unnt að fá síðar dóm fyrir þeim mismun, sem af þessu leiði, þar sem hér sé á ferð mál, sem eldri dómurinn fjalli ekki um og nái ekki til í raun.

Kröfufjárhæð í aðalkröfu kveður stefnandi svo til komna, að reiknaðir séu dráttarvextir af höfuðstól skuldarinnar, 219.289,23 kr., frá 10.1.1986

til 24.10.1990, er stefnda, Heba, hafi greitt verulegan hluta skuldarinnar. Dráttarvextir þessir séu hæstu lögleyfðu dráttarvextir samkvæmt auglýsingu Seðlabanka Íslands hverju sinni, en um sundurliðun þeirra vísist til vaxtatöflu á dskj. nr. 12. Dráttarvöxtum sé bætt við höfuðstól skuldarinnar og dráttarvextir reiknaðir af þeirri fjárhæð á tólf mánaða fresti, í fyrsta sinn 10. janúar 1987. Samtals nemi dráttarvextir á þessu tímabili 705.511,60 kr. Þá séu reiknaðir dráttarvextir af eftirstöðvum, 373.799,58 kr., frá 24.10. 1990 til 31.10.1990, 1.569,95 kr. Þá séu reiknaðir dráttarvextir af dæmdum málskostnaði frá 23. apríl 1986, en af öðrum kostnaði eftir því, sem hann hafi fallið á kröfuna. Samtals nemi dráttarvextir þessir 126.264,50 kr. Samtals séu því dráttarvextir af höfuðstól og kostnaði 833.346,05 kr. Frá fjárhæð þessari séu síðan dregnir dráttarvextir þeir af sama höfuðstól, sem stefnda, Heba, hafi talið sér skylt að greiða, þ.e. 3,75% dráttarvextir frá 10.1.1986 til 1.3. s.á., 2,75% dráttarvextir frá þeim degi til 1.4. s.á., en 2,75% (sic) dráttarvextir frá þeim degi til greiðsludags. Við útreikning hafi verið tekið tillit til þess, ef vaxtahæð var lægri tiltekin tímabil, en svo hafi verið tímabilið 1.12.1988 til 1.4.1989 og tímabilið 1.4.1990 til 24.10.1990. Um hæð dráttarvaxta á þessum tímabilum vísist til vaxtatöflu á dskj. nr. 14. Samtals séu dráttarvextir þessir að fjárhæð 468.835,26 kr. Einnig séu dregnir frá dráttarvextir af 70.468,15 kr. fyrir tímabilið 24.10.1990 til 31.10.1990, að fjárhæð 246,64 kr. Þá séu einnig dregnir frá dráttarvextir af kostnaði, sem stefnda hafi beinlínis samþykkt að greiða, að fjárhæð 59.609,41 kr. Samtals komi því til frádráttar 528.691,31 kr. Fáist þannig út fjárhæðin 833.346,05 kr. að frádregnum 528.691,41 kr., þ.e. 304.564,74 kr., sem hafi verið upphafleg dómkrafa.

Stefnufjárhæð í varakröfu sé fundin á sama hátt, nema ekki séu þar teknir inn í vextir af dæmdum málskostnaði.

Viðurkennt sé, að hluti dráttarvaxta þeirra, sem hér sé gerð krafa um, sé fyrndur. Fallist sé á það með stefndu, að svo sé um dráttarvexti, sem féllu á kröfuna fyrir 13.2.1987. Krafa sú, sem hér sé höfð uppi, hljóði um greiðslu mismunar á breytilegum vöxtum skv. ákvörðun Seðlabanka Íslands og þeim vöxtum, sem dæmdir hafi verið með dómi, sbr. dskj. nr. 5.

Vaxtamunur á þeim tíma, sem hér um ræði, hafi verið á þessu tímabili 0,00, þar sem vaxtahæð hafi ekki aukist að nýju fyrr en 1.3.1987. Hluti aðalkröfu sé hins vegar dráttarvextir af þeim málskostnaði, sem dæmdur hafi verið í dómi, sbr. dskj. nr. 5. Reiknaðir séu því dráttarvextir af 27.800 kr. frá 23.4.1986 til 13.2.1987, 6.046,50 kr. Hafi stefnukrafan því verið lækkuð sem því nemi og upphafsdagur vaxta jafnframt leiðréttur.

Krafan um það, að málskostnaður í eldra málinu beri dráttarvexti, byggist á sömu sjónarmiðum og rakin séu hér að framan. Sanngirnisrök og eðli máls leiði til þess, að rétt sé, að málskostnaður beri dráttarvexti. Enginn

eðlismunur sé á reikningi fyrir málskostnaði og öðrum reikningum, sem þjónustuaðilar gefi út fyrir vinnu sína. Samkvæmt almennum reglum sé heimilt að reikna dráttarvexti á reikninga, sem ekki fáist greiddir á gjalddaga. Þá sé á það bent, að um langan aldur hafi verið heimild í gjaldskrá LMFÍ til að reikna dráttarvexti á málskostnað. Heimild til slíkrar vaxtakröfu sé nú í 175. gr. eml. nr. 85/1936, sbr. 21. gr. l. nr. 54/1988 um breyting á þeim lögum.

Í varakröfu sé byggt á sömu málsástæðu og lagarökum og rakin séu hér að ofan. Hér sé hins vegar fallið frá kröfu um dráttarvexti á málskostnað í eldra málinu.

Málsástæður stefndu.

Þar sem í dómi þessum er eingöngu fjallað um frávísunarkröfu stefnda, verða málsástæður hans í varakröfu og þrautavarakröfu, sem varða sýknu og lækkun á stefnukröfum, ekki raktar hér.

Málsástæður stefndu í aðalkröfu eru þær, að krafa stefnanda hafi þegar verið dæmd að efni til og verði því, sbr. 2. mgr. 196. gr. eml. nr. 85/1936, eigi borin undir sama eða hliðsettan dómstól að nýju, og beri því að vísa málinu frá dómi.

Svo sem sjá megi af málavaxtalýsingu stefnanda í stefnu, grundvallist krafa sú, er hér um ræði, á skuldabréfi nr. 21266, að fjárhæð 140.000 kr., út gefnu 10. 12. 1984 af Jóni S. Bjarnasyni til Sævars Óskarssonar, með sjálfskuldarábyrgð Hebu Hallsdóttur og Bjarna G. Ágústssonar, sama skuldabréfi og legið hafi til grundvallar dómi bæjarþings Reykjavíkur, dags. 8. 4. 1986.

Stefndu reisi frávísunarkröfu sína á því, að í þeim dómi hafi greiðsluskylda þeirra verið ákvörðuð, og hvað í þeirri skyldu felist. Dómur þessi hafi kveðið á um, að stefndu skyldu greiða tiltekna fjárhæð með ákveðnum þar til greindum vöxtum auk ákveðinnar fjárhæðar í málskostnað. Stefndu hafi síðan greitt stefnanda í samræmi við dómsorðið, og þar með hafi greiðsluskyldu þeirra verið fullnægt, og eigi stefnandi engar frekari kröfur á hendur stefndu. Dómur þessi hafi tekið á greiðsluskyldu stefndu og innihaldi hennar. Hafi því þegar gengið efnisdómur í máli þessu, er sé bindandi um úrslit sakarefnis þess, er hér um ræði, í skilningi 1. mgr. 195. gr. og 2. mgr. 196. gr. eml. Þegar hafi verið dæmt að efni til um kröfu þá, er hér ræði um, og hafi sá dómur þau áhrif, að vísa beri málinu frá dómi ex officio.

Í fyrrgreindum dómi hafi verið dæmdir vextir í samræmi við þá vexti, er í gildi voru á þeim tíma, er dómurinn var kveðinn upp, enda sé óheimilt samkvæmt réttarfarslögum að dæma til greiðslu breytilegra vaxta eða dráttarvaxta á málskostnað. Af hálfu stefndu sé því eindregið hafnað, að

síðar til komnar lagabreytingar leiði til þess, að stefnandi geti gert viðbótarkröfu vegna kröfu, sem þegar hafi verið dæmd að efni til í samræmi við þau lög, er í gildi hafi verið, þegar dómur var upp kveðinn. Tilgangur dómsmeðferðar sé að fá lokaniðurstöðu í deiluefnum málsaðila. Ákvæði einkamálalaga um res judicata áhrif dóma hafi þennan sama tilgang og leiði til þess, að málsaðili geti ekki margreynt að fá dómsniðurstöðu breytt. Tilgangur dómsmeðferðar sé ekki að gæta hagsmuna kröfuhafa. Dómur sá, er hér um ræði, hafi verið kveðinn upp í samræmi við lög í landinu, og verði áhrif hans eigi háð því, hvort hagsmunir kröfuhafa séu betri eða verri fyrir eða eftir dómsuppsögu.

Af hálfu stefnda sé því haldið fram, að sjónarmið um hlutverk dráttarvaxta gefi vísbendingu í þá átt, að koma megi slíkri kröfu að í nýju dómsmáli. Því sé með öllu hafnað af hálfu stefndu, að slík sjónarmið geti nokkru breytt um áhrif fyrri dóms um sama efni samkvæmt skýrum ákvæðum einkamálalaga. Dómur sá, er fyrir liggi um þetta efni, taki á vaxtakröfu stefnanda, og þar með sé fengin endanleg niðurstaða um vexti kröfu þeirrar, er þar um ræði.

Þeirri málsástæðu stefnanda, að það, að Hæstiréttur hafi heimilað hækkun vaxtakröfu við áfrýjun mála til Hæstaréttar, réttlæti málsókn, sé algerlega mótmælt. Hér sé um að ræða nýja kröfu um efni, sem héraðsdómur hafi þegar fjallað um. Samkvæmt einkamálalögum sé óheimilt að taka slíkan dóm til efnismeðferðar að nýju fyrir sama eða hliðsettum dómstóli. Í lögum um Hæstarétt sé hins vegar sérstök heimild til aukinnar kröfugerðar frá því, sem höfð hafi verið uppi í héraði, sbr. 45. gr. l. nr. 75/1973. Fráleitt sé því að bera saman málshöfðun um sama efni fyrir héraðsdómi og úrslit mála fyrir áfrýjunardómstóli.

Þá sé krafist frávísunar vegna ófullnægjandi kröfugerðar stefnanda. Þessi liður frávísunarkröfu sé studdur þeim rökum, að eigi sé ljóst af gögnum þeim, er fram séu lögð af hálfu stefnanda, hvernig kröfugerð hans sé fram sett tölulega. Með vísan til málsástæðna hans fari hann fram á, að stefndu greiði mismun á dæmdum vöxtum og hæstu lögleyfðum dráttarvöxtum á hverjum tíma. Stefnandi hafi ekki gert grein fyrir, hver sá mismunur sé og hvernig höfuðstóll sá, er hann krefur stefndu til greiðslu á, sé myndaður.

Þá miðist vaxtaútreikningur stefnanda á dskj. nr. 10 við útreikning vaxta frá 10.1.1986 til 1.11.1990. Með vísan til þess, að stefna í máli þessu hafi verið birt 13.2.1991, séu allir áfallnir vextir fyrir 13.2.1987 fyrndir. Stefnandi hafi ekki getið um, hver hlutur fyrndra vaxta sé í kröfugerð hans. Kröfugerð stefnanda verði með vísan til alls framangreinds að teljast ófullnægjandi, og beri því að vísa máli þessu frá dómi á þeim grundvelli.

III.

Sjónarmið stefnanda vegna frávísunarkröfu.

Við munnlegan málflutning um fram komna frávísunarkröfu stefndu, sem hér er til úrlausnar, mótmælti stefnandi kröfunni. Hann mótmælti því, að kröfugerð væri óljós, og jafnframt kvað hann res judicata áhrifum ekki vera til að dreifa. Hann skýrði þessi andmæli sín við málflutninginn og rökstuddi.

IV.

Niðurstaða.

Það liggur fyrir í máli þessu, að krafa þessi var dæmd að efni til 8. apríl 1986 á bæjarþingi Reykjavíkur. Samkvæmt 2. mgr. 196. gr., sbr. 195. gr. l. nr. 85/1936, verður krafan því ekki borin undir sama eða hliðsettan dómstól að nýju. Er ekki fallist á rök þau, sem stefnandi færir fram til stuðnings málshöfðunar á nýjan leik. Ber því að vísa máli þessu frá dómi.

Eftir þessum úrslitum ber að dæma stefnanda til að greiða stefndu málskostnað, sem þykir hæfilega ákveðinn 25.000 kr.

Sigríður Ólafsdóttir borgardómari kvað upp dóminn.

Dómsorð:

Máli þessu er vísað frá dómi.

Stefnandi, Róbert Árni Hreiðarsson hdl., Skeifunni 17, Reykjavík, greiði stefndu, Jóni S. Bjarnasyni, Þingási 35, Reykjavík, Hebu Hallsdóttur, s.st., og Bjarna G. Ágústssyni, Víkurbraut 48, Grindavík, 25.000 kr. í málskostnað, sem ber dráttarvexti samkvæmt III. kafla l. nr. 25/1987.

Dóminum ber að fullnægja innan fimmtán daga frá lögbirtingu hans að viðlagðri aðför að lögum.

Föstudaginn 28. febrúar 1992.

Nr. 460/1991. **Ákæruvaldið**
(Hallvarður Einvarðsson ríkissaksóknari)
gegn
Hermanni Kjartanssyni
(Sveinn Snorrason hrl.).

Líkamsárás. Sönnun. Skilorð.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Guðrún Erlendsdóttir, Gunnar M. Guðmundsson, Haraldur Henrysson, Hrafn Bragason og Pétur Kr. Hafstein.

Ríkissaksóknari skaut máli þessu til Hæstaréttar að ósk ákærða með áfrýjunarstefnu 5. nóvember 1991, en jafnframt af ákæruvaldsins hálfu til sakfellingar samkvæmt ákæru og þyngingar refsingar.

I.

Eins og lýst er í hinum áfrýjaða dómi, hefur ákærði viðurkennt að hafa veist að konu sinni með hamri, er hún var sofandi á heimili þeirra. Er frásögn þeirra um atlöguna að mestu samhljóða að öðru leyti en því, að ákærði neitar að hafa reynt að troða plastpoka upp í munn konunnar í því skyni að kæfa hana, heldur hafi hann haldið honum fyrir vitum hennar í því skyni að deyfa frá henni hljóð. Ákærði hefur frá upphafi staðfastlega neitað því, að fyrir sér hafi vakað að bana konu sinni. Hann hefur gefið þá einu skýringu á verknaði sínum, að konan „hafi verið leiðinleg við sig undanfarna mánuði og hann hafi viljað hrekkja hana". Ákærði sagðist hafa „danglað" hamrinum laust í enni konu sinnar. Eiginkonan taldi höggið ekki hafa verið mjög þungt, enda hlutust minni háttar áverkar af.

Ákæruvaldið byggir málsókn sína að verulegu leyti á því, að framferði ákærða síðustu dægur fyrir hinn umrædda atburð bendi eindregið til þess, að aðalefni ákæru sé á rökum reist. Á þetta verður ekki fallist. Þegar frásögn ákærða er virt svo og afleiðingar verknaðarins, verður að telja ósannað, að ásetningur ákærða hafi verið sá að bana konunni. Er því staðfest sú niðurstaða hins áfrýj-

aða dóms að sýkna ákærða af broti gegn 211. gr., sbr. 20. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Með vísan til forsendna hins áfrýjaða dóms ber að staðfesta þá niðurstöðu hans, að ákærði hafi gerst brotlegur við 2. mgr. 218. gr. laga nr. 19/1940, sbr. 11. gr. laga nr. 20/1981.

II.

Refsing ákærða þykir hæfilega ákveðin níu mánaða fangelsi. Þegar litið er til allra atvika og þess, að mikil röskun hefur orðið á högum ákærða, þykir mega fresta fullnustu sex mánaða af refsingunni og sá hluti hennar falla niður að liðnum tveimur árum frá uppkvaðningu dóms þessa, haldi ákærði skilorð 57. gr. laga nr. 19/1940, sbr. 4. gr. laga nr. 22/1955. Gæsluvarðhaldsvist og frelsissvipting ákærða í samtals 79 daga komi til frádráttar refsivistinni, sbr. 76. gr. laga nr. 19/1940.

Ákvæði héraðsdóms um sakarkostnað er staðfest. Ákærði greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar eins og í dómsorði greinir.

Dómsorð:

Ákærði, Hermann Kjartansson, sæti fangelsi í níu mánuði. Fresta skal fullnustu sex mánaða af refsingunni og hún niður falla að liðnum tveimur árum frá uppkvaðningu dóms þessa, haldi ákærði skilorð 57. gr. laga nr. 19/1940, sbr. 4. gr. laga nr. 22/1955. Til frádráttar refsingunni komi 79 dagar, er ákærði sætti frelsissviptingu.

Staðfest er ákvæði héraðsdóms um sakarkostnað.

Ákærði greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, 80.000 krónur, og málsvarnarlaun til skipaðs verjanda síns fyrir Hæstarétti, Sveins Snorrasonar hæstaréttarlögmanns, 80.000 krónur.

Dómur sakadóms Garðakaupstaðar 11. september 1991.

Ár 1991, miðvikudaginn 11. september, er á dómþingi sakadóms Garðakaupstaðar, sem háð er í dómsal embættisins, Strandgötu 31, Hafnarfirði, af Höllu Bachmann Ólafsdóttur héraðsdómara, kveðinn upp dómur í saka-

dómsmálinu nr. 1737/91: Ákæruvaldið gegn Hermanni Kjartanssyni, sem tekið var til dóms 21. ágúst s.á.

Mál þetta höfðaði ríkissaksóknari með ákæruskjali, dags. 15. júlí sl., gegn ákærða, Hermanni Kjartanssyni afgreiðslustjóra, áður Grenilundi 9, Garðabæ, nú með dvalarstað að Boðahlein 6, Garðabæ, fæddum í Reykjavík 17. maí 1930, „fyrir tilraun til manndráps með því að hafa um kl. 4.30 aðfaranótt mánudagsins 3. júní 1991 slegið eiginkonu sína, Hildi Wium Kristinsdóttur, í ennið með kúluhamri, þar sem hún lá sofandi í sófa við vesturvegg í stofu á heimili þeirra að Grenilundi 9, Garðabæ, og lagt plastpoka yfir andlit hennar og troðið honum upp í munn hennar.

Telst þetta varða við 211. gr., sbr. 20. gr. almennra hegningarlaga nr. 19, 1940, en til vara við 2. mgr. 218. gr. sömu laga, sbr. 11. gr. laga nr. 20, 1981.

Þess er krafist, að ákærði verði dæmdur til refsingar og til greiðslu alls sakarkostnaðar".

Málavextir.

Aðfaranótt mánudagsins 3. júní sl. um kl. 4.38 hringdi Hildur Wium Kristinsdóttir, Grenilundi 9, Garðabæ, til lögreglunnar í Hafnarfirði og óskaði eftir skjótri aðstoð, vegna þess að maður sinn, Hermann Kjartansson, hefði ráðist á sig með hamri. Tveir lögreglumenn fóru þegar á staðinn, en þá var Hermann farinn, en Hildur tjáði þeim, að hann hefði ráðist á sig með hamri og slegið sig í höfuðið, og enn fremur hefði hann reynt að kæfa sig með plastpoka, sem hann hefði haldið fyrir vitum hennar. Dætur þeirra, Marta, Rut og Sara, voru allar heima. Báru þær að hafa talað við föður sinn, áður en hann hefði farið af staðnum, en hann hefði verið með grímu, hanska og húfu á höfði. Hildur bar, að hann hefði læst dæturnar inni, áður en hann hefði ráðist að sér, þar sem hún lá í sófanum í stofunni. Þær hefðu vaknað við ópin og barið á dyrnar. Eftir að hún hefði opnað dyrnar, hefði hún hringt á lögreglu. Bar Hildur, að þau hjón væru að skilja eftir 20 ára hjónaband, og hefði Hermann aldrei lagt á sig hendur fyrr. Hildur sagði, að Hermann hefði farið til Hollands sl. fimmtudag og ekki verið væntanlegur fyrr en næsta föstudag. Leit var gerð að Hermanni í hverfinu og næsta nágrenni án árangurs.

Að morgni 3. júní kl. 9.00 kemur Hildur Wium Kristinsdóttir á skrifstofu Rannsóknarlögreglu ríkisins og kærir eiginmann sinn fyrir líkamsárás. Vitnið ber, að það hafi verið heima hjá sér sl. nótt ásamt þremur dætrum sínum, 15, 17 og 20 ára gömlum. Það sofi í sófa í stofu, þar sem það og eiginmaður þess, Hermann Kjartansson, séu að skilja, en búi enn undir sama þaki. Vitnið ber, að Hermann hafi farið til Amsterdam fimmtudaginn 30. maí sl., og hafi hann verið væntanlegur 7. júní nk. Því hefði ekki verið

kunnugt um erindið, en við fasteignasala, er væri að vinna fyrir þau, hefði hann sagt, að hann ætlaði að gera nokkuð, sem sig hefði lengi langað til að gera.

Vitnið ber, að Hermann hafi allt í einu verið kominn inn í stofu, en það hafi ekki orðið vart við, er hann kom inn, en húsið hafi verið læst í gærkvöld, svo að hann hafi opnað með lykli. Hann hafi hins vegar ekki átt að hafa lyklavöld að húsinu, þar sem hann hafi lánað Mörtu, dóttur þeirra, lykla að húsinu og bílnum, áður en hann fór.

Vitnið kveðst hafa vaknað við það, að Hermann hafi gengið að sófanum. Telur vitnið nokkuð víst, að það hafi séð hann ganga síðustu skrefin, en því þótt það nokkuð óraunverulegt, þar sem það hafi ekki vitað betur en hann væri í útlöndum. Það hafi legið á bakinu, og þaðan sjáist vel að innganginum í stofuna í hinum enda hennar.

Vitnið kveður Hermann ekki hafa sagt aukatekið orð við það, hann hafi reitt upp hamarinn með hægri hendi og slegið það í ennið. Vitnið ber, að Hermann hafi verið með leðurhanska á höndum, í svörtum íþróttagalla og leðurjakka, þá hafi hann verið með derhúfu og derið snúið aftur. Kveðst vitnið ekki þekkja þessa húfu og ber, að Hermann noti aldrei höfuðföt.

Vitnið kveðst ekki hafa misst meðvitund við höggið, sem það hafi fengið í höfuðið. Strax og Hermann hafi barið það með hamrinum, hafi hann síðan fylgt atlögunni eftir með því að leggja plastpoka, merktan Miklagarði, yfir andlit þess, og kveðst það telja, að eitthvað hafi verið í pokanum, án þess að það geti gert sér grein fyrir, hvað það væri. Vitnið ber, að Hermann hafi reynt og reyndar tekist að troða pokanum upp í munn þess og það átt í erfiðleikum með að ná andanum vegna þess. Því hafi tekist að bíta í hendur Hermanns, en hann hafi verið með hanska á höndum. Þá hafi sér tekist að rífa plastpokann frá vitunum, en þau hafi áfram tekist á, það og Hermann, og átökin borist úr sófanum út á gólf. Við það hafi hlutir færst úr stað, m. a. hafi stórt og verulega þungt glerborð hreyfst til, en borðinu geti vitnið ekki bifað.

Vitnið kveðst hafa kallað á hjálp og því fundist undarlegt, að dætur þeirra hafi ekki komið því til hjálpar, en á því hafi reynst skýring. Svefnherbergisálma hússins, þar sem dæturnar sofi, hafi reynst vera læst með lykli, og hafi lykillinn staðið í skránni stofu megin. Vitnið kveðst hafa náð að slíta sig laust frá Hermanni eftir nokkurra mínútna átök og hlaupa að dyrunum. Þá hafi það áttað sig á því, að dæturnar kæmust ekki fram til þess að aðstoða það. Þær hafi kallað, að það skyldi opna með því að snúa lyklinum. Vitnið tekur fram, að í þau tuttugu ár, sem fjölskyldan hafi búið í húsinu, hafi þessar dyr aldrei verið læstar, hvorki að nóttu né degi. Vitnið ber, að því hafi tekist að opna með því að snúa lyklinum. Dæturnar þrjár hafi allar komið fram og séð föður sinn, sem hafi virst alveg stjarfur. Þær

hafi gengið að honum og hann hörfað undan þeim áleiðis út í bílskúr. Á leiðinni hafi Marta spurt hann: „Hvað gengur eiginlega á?“ — og hann svarað: „Það er ekki allt búið enn.“

Er Hermann mælti þessi orð, hafi það farið í símann og hringt í lögreglu og óskað eftir aðstoð. Þá hafi verið eins og Hermann hafi áttað sig á stað og stund, og hann hafi þrifið með sér vetrarúlpu og rokið út úr bílskúrnum. Hann hafi horfið sjónum þeirra inn í garð nágranna þeirra og ekkert væri vitað um ferðir hans.

Vitnið kveður hugsanlegt, að hann sé á bifreið, sem hann hafi nýlega keypt, af gerðinni Volvo, með skráningarnúmerinu R-6377, en bifreiðina hafi hann skráð á nafn dóttur sinnar frá fyrra hjónabandi.

Vitnið kveðst óttast um líf sitt fyrir þessum manni. Vitnið kveðst skynja árásina þannig, að Hermann hafi undirbúið hana með þeim hætti, að allir teldu hann vera í útlöndum, er á það var ráðist. Vitnið kvaðst vera þess fullvisst, að Hermann hafi ætlað að ráða því bana í morgun með þessum hætti.

Vitnið kveðst krefjast þess, að Hermann sæti ábyrgð gerða sinna, og kveðst telja nauðsynlegt, að hann komist undir læknishendur. Vitnið kveður hann mjög ósáttan við, að það krefjist skilnaðar, og kveðst trúa honum til allra hluta.

Um kl. 10.00 að morgni mánudagsins 3. júní óskar lögreglan í Reykjavík eftir því við lögregluna í Borgarnesi, að hún fari að sumarbústað nr. 23 í landi Fitja í Skorradal og kanni, hvort Hermann Kjartansson, Grenilundi 9, Garðabæ, sé þar. Talið var líklegt, að Hermann væri á bifreiðinni R-6377. Var óskað eftir því, ef hann fyndist, að hann yrði fluttur til lögreglunnar í Reykjavík, en hans væri leitað vegna meintrar morðtilraunar.

Er lögreglumenn komu að sumarbústaðnum, var bifreiðin R-6377 mannlaus á bifreiðastæði, og virtist bústaðurinn einnig mannlaus. Kvöddu lögreglumenn dyra, en enginn ansaði. Fóru lögreglumenn inn í bústaðinn í gegnum glugga, en þar var engan að finna. Leit var gerð í nágrenninu, og fannst ákærði, Hermann, þar á gangi eftir veginum. Var hann handtekinn og fluttur á móti lögreglunni í Reykjavík. Við handtöku var ákærði með hálfa flösku af „whisky“, sem hann var að drekka úr. Flaskan var tekin af honum og sett í bifreiðina R-6377. Lyklar bifreiðarinnar ásamt öðrum farangri voru afhent lögreglunni í Reykjavík, sem tók við ákærða. Þennan sama dag um kl. 19.30 kannaði Eiríkur Hreinn Helgason rannsóknarlögreglumaður, hvort unnt væri að yfirheyra Hermann. Að mati fangavarða í Síðumúlafangelsi var Hermann enn mjög ölvaður og óviðræðuhæfur.

Ákærði var færður til skýrslutöku næsta morgun, og sama dag var gerð

krafa um gæsluvarðhald yfir ákærða og geðrannsókn, og var hún tekin til greina.

Framburður ákærða.

Ákærði kveður efni ákæru ekki vera rétt að því leyti, að hann hafi ætlað að ráða konu sinni bana. Ákærði kveður atvikalýsingu í ákæru vera rétta að öllu öðru leyti en því, að hann hafi ekki troðið plastpokanum upp í munn eiginkonu sinnar.

Ákærði viðurkennir að hafa aðfaranótt 3. júní sl. um kl. 4.30 slegið eiginkonu sína, Hildi Wium Kristinsdóttur, í ennið með kúluhamri, þar sem hún lá sofandi í sófa við vesturvegg í stofu á heimili þeirra, Grenilundi 9, Garðabæ. Ákærði viðurkennir enn fremur að hafa lagt plastpoka yfir andlit hennar með vinstri hendi, en þá hafi hún rumskað og vaknað og hreyft til höfuðið og plastpokinn farið af andlitinu, en hann þá lagt hægri hönd sína yfir munn hennar, en við það, að hún hafi snúið höfðinu til og frá, hafi fingur hans lent uppi í munni hennar. Ákærði kveður ástæðuna til þess, að hann hafi lagt hægri hönd yfir munninn, vera þá, að hann hafi búist við, að hún myndi öskra.

Ákærði var beðinn um skýringu á því, hver hefði verið tilgangurinn með því að ráðast á Hildi, þar sem hún lá sofandi.

Ákærði bar, að hann hefði ekki aðra skýringu á því en að hún hefði verið leiðinleg við sig undanfarna mánuði og hann viljað hrekkja hana.

Ákærði kveður Hildi hafa verið með lokuð augu, er hann gekk inn í stofuna.

Ákærði kveðst hafa ákveðið að fara í Grenilundinn, er hann hafi vaknað aðfaranótt 3. júní sl. um kl. 2.00, en hann hafi sofið í bifreiðinni í bifreiðageymslu í Kópavogi. Ákærði kveðst hafa ákveðið að ráðast á Hildi, er hann hafi vaknað, eftir að hafa sofið á dýnu í bílskúrnum. Ákærði kveðst hafa verið allsgáður, er hann tók þessa ákvörðun. Hann hafi farið þrívegis inn í húsið frá því klukkan rúmlega 2.00, er hann kom þangað. Hann hafi m. a. farið inn í svefnherbergi sitt og notað snyrtingu, en hann hafi ekki lagt sig í svefnherberginu, heldur á dýnu inni í bílskúr. Ákærði ber, að þær mæðgur hafi allar verið sofandi, er hann fór um húsið. Ákærði kveðst hafa læst millihurðinni, sem sé inn í (sic) svefnherbergisálmuna, í síðasta skiptið, sem hann hafi farið inn, en í þeirri sömu ferð hafi hann ráðist á Hildi. Ástæðan til þess, að hann hafi læst, hafi verið sú, að hann hafi gert ráð fyrir, að þau hjónin myndu rífast, og hann hafi ekki viljað, að dæturnar kæmu fram.

Ákærði kveðst hafa danglað hamrinum í enni konu sinnar, þar sem hún hafi verið sofandi. Ákærði kveðst hafa verið með svarta leðurhanska, og hamrinum hafi hann haldið með þremur fingrum, þannig, að hann hafi

legið samsíða líkamanum, niður með fótleggnum, og úr þeirri stöðu hafi hann danglað honum í „pendúlhreyfingu“ í enni Hildar. Síðan hafi hann lagt plastpokann yfir andlit hennar, en þá hafi hann kropið á hnjánum. Við það, að hún hafi hreyft sig, hafi pokinn farið af andlitinu og Hildur þá sagt: „Hvað ertu að gera, Hemmi minn?“ Hann hafi þá séð, að hún var ofsahrædd, og lagt lófa hægri handar yfir munn hennar, þar sem hann hafi búist við, að hún myndi öskra, sem hún hafi gert og jafnframt bitið hann í fingurna, sem hafi lent uppi í henni. Hún hafi bitið mjög fast og hann tekið alla fingurna út úr munni hennar nema litla fingur, en hún hafi bitið svo fast í hann, að hann hafi talið, að hann færi af. Hún hafi enn fremur öskrað: „Hann ætlar að drepa mig.“ Eftir þetta hafi hún risið á fætur og hann gengið út úr stofunni með hamarinn, en önnur átök hafi ekki orðið. Ákærði kveður ástæðuna til, að hann hafi verið með hanska, vera þá, að hann þjáist af kulda í fingri.

Ákærði ber, að Marta hafi komið fram og Hildur spurt hana að því, hvort hún ætti ekki að hringja á lögregluna, og Marta svarað því játandi. Marta hafi síðan sagt við sig: „Það er skemmtilegt eða hitt þó heldur, með hvaða hætti maður er vakinn.“ Þar sem hann hafi þá heyrt konu sína tilkynna lögreglu, að maður sinn hafi reynt að ráða henni bana, hafi hann svarað Mörtu á þá leið, að það væri ekki allt búið enn, og þá átt við, að hann vissi um kæruna og að eftirmál yrðu.

Í skýrslu, sem ákærði gaf hjá RLR, kvað hann ástæðuna til þess, að hann hefði ráðist á Hildi, vera þá, að hann hefði ætlað að ræða við hana um skilnaðarmál þeirra. Ákærði gefur hins vegar þá skýringu fyrir dómi á árásinni, að hann hafi ætlað að hrekkja hana. Ákærði getur ekki gefið skýringu á þessu misræmi.

— — —

Vitnið Hildur Wium Kristinsdóttir gaf skýrslu fyrir dómi.

Vitnið ber, að það hafi vaknað við það aðfaranótt 3. júní sl., að það varð fyrir höggi, og brugðið hafi verið fyrir andlit þess plastpoka með grisju eða púða innan í. Það hafi í fyrstu haldið, að um draum væri að ræða, og barist um, en plastpokanum hafi verið haldið áfram fyrir andliti þess. Það hafi barist um, og enn hafi pokanum verið haldið, en þegar það hafi getað ýtt pokanum frá andlitinu, hafi það séð, að þar var ákærði. Það hafi þá hljóðað og því orðið ljóst, að ákærði var að reyna að kæfa það. Þau hafi slegist í sófanum, og Hermann, sem hafi verið með hanska, hafi margfarið með fingur upp í munn þess og reynt og tekist að troða hluta af pokanum upp í munn þess. Átökin hafi borist út á gólf og ákærði verið ofan á því og alltaf verið með pokann til þess að reyna að kæfa það. Hann hafi haldið plastpokanum með vinstri hendi, en það viti ekki, hvar hægri höndin hafi verið, hvort hann hafi einnig notað hana við að halda

pokanum. Er þetta var, hafi hann verið krjúpandi við hlið þess. Í átökunum hafi það sparkað í borð, sem hafi færst úr stað. Það hafi margkallað á dætur sínar og heyrt hljóðin í þeim, en ekkert skilið í því, hvers vegna þær hafi ekki komið fram. Vitnið kveðst hafa hrópað á hjálp og borið, að hann væri að drepa sig. Vitnið kveðst margoft hafa reynt að ná plastpokanum frá andlitinu og m.a. klórað sig í framan við það. Vitnið kveðst nýlega hafa horft á sjónvarpsþátt um fórnarlömb í ofbeldismálum. Þar hafi komið fram, að æskilegt væri að beina blíðuorðum að þeim, er ofbeldinu beitti, og það hafi sagt tvisvar: „Hvað ertu að gera, Hemmi minn?" Þá hafi ákærði linað tökin, svo að vitnið hafi getað stigið á fætur. Það hafi gengið að dyrunum inn í svefnherbergisálmuna og heyrt í dætrum sínum hljóðandi fyrir innan, en ekki getað opnað dyrnar. Það hafi beitt svo miklu afli við að reyna að opna, að húnninn hafi losnað og brotnað. Vitnið kveðst hafa vitað af lyklum í eldhússskáp, en þessum dyrum hafi aldrei verið læst fyrr. Það hafi snúið fram og ætlað út, en þá munað eftir dætrunum inni og snúið við. Þær hafi sagt henni, að lykillinn væri í skránni, og það opnað fyrir þeim. Ákærði hafi þá farið fram í þvottahús, en Marta og þær systur komið fram. Marta hafi sagt: „Hvað gengur á?" Ákærði hafi þá svarað: „Það á meira eftir að koma." Vitnið kveðst hafa hringt á lögreglu eftir það og óskað eftir aðstoð og lögreglumenn flutt vitnið á slysadeild. Ákærði hafi verið frammi í bílskúr, er það var í símanum, og verið farinn úr húsinu, áður en símtalinu lauk.

Ákærði og vitnið voru samprófuð. Hvoru um sig var kynntur framburður hins um plastpokann, og hélt hvort við sitt. Ákærði bar, að pokinn hefði ekki farið upp í munn Hildar, en Hildur bar, að plastpokinn hefði að hluta farið upp í munn sér.

Ákærði og vitnið voru sammála um, að fingur ákærða hefðu farið upp í munn þess í átökunum og að vitnið hefði bitið í fingur ákærða.

Ákærði hélt því fram, að þegar vitnið hefði vaknað og hreyft til höfuðið, hefði plastpokinn farið af andlitinu. Vitnið kvað ákærða hins vegar hafa haldið plastpokanum yfir andlitinu, bæði meðan þau tókust á í sófanum og á gólfinu. Ákærði og vitnið héldu hvort við sitt.

Vitnið bar, að ákærði hefði ætlað að kæfa það með pokanum og innihaldi hans, en ákærði mótmælti því. Ákærði kvaðst hafa ætlað að nota pokann til þess að kæfa hljóðin frá Hildi, en ekki hana, og pokinn farið af andlitinu, er hún hefði hreyft til höfuðið. Bæði héldu fast við framburð sinn.

Vitnið hélt því fram, að ákærði hefði margfarið með fingurna upp í munn þess. Ákærði kvað það ekki rétt, hann hefði einungis farið með fingurna upp í munn þess, þegar vitnið hefði byrjað að hreyfa til höfuðið; fljótlega hefði sér tekist að taka tvo fingur út, en litli fingur orðið eftir. Eftir

að vitnið hefði losað bitið, hafi átökunum lokið. Vitnið viðurkenndi að hafa margbitið ákærða, en kvað átökunum ekki hafa lokið, er það hefði losað bitið, heldur hefðu þau haldið áfram á gólfinu fyrir neðan sófann.

Ákærði bar, að átökunum hefði lokið í sófanum, en vitnið, að þeim hefði lokið á gólfinu, og hélt hvort við sitt.

Vitnið bar, að sófaborðið hefði hreyfst úr stað, þar sem það hefði sparkað í það, er þau tókust á niðri á gólfinu, en ákærði taldi, að það hefði færst úr stað við það, að hann hefði staðið upp, eftir að hafa kropið við sófann.

Ákærði lýsti því, hvernig vitnið hefði sprottið upp úr sófanum. Vitnið bar, að það hefði hvorki sprottið upp úr sófanum né af gólfinu.

Það var álit beggja, að Hildur hefði fyrst farið að millihurðinni.

Vitnið kvaðst hafa hringt í lögregluna, eftir að telpurnar komu fram, og ákærði þá staðið í bílskúrsdyrunum, en það hefði ekki séð hann allan tímann, sem símtalið hefði staðið yfir. Ákærði kvað þetta ekki alls kostar rétt, símtalið hefði verið byrjað, áður en hann var kominn inn í bílskúr.

Vitnið tók fram, að það hefði tvisvar farið í læknisskoðun. Það kvaðst hafa verið marið á handleggjum og fótleggjum, fyrir utan þá áverka, sem lýst er í læknisvottorðum. Vitnið kvaðst telja, að marblettirnir á fótleggjum væru vegna þess, að það hefði sparkað í borðið. Ákærði óskaði eftir að taka fram, að hann kannaðist við, að marbletti á upphandleggjum mætti rekja til átaka við sig, þar sem hann hefði tekið um upphandlegg, er hann var að reyna að losa litlafingur úr munni Hildar.

Vitnið var sérstaklega innt eftir því, hvor skýrsla þess væri réttari, er það gaf fyrir dómi, eða hjá RLR, varðandi það, hvenær það hefði orðið vart við ákærða.

Vitnið kvað skýrslu sína fyrir dómi réttari og kvaðst ekki hafa vaknað fyrr en við höggið. Þá bar vitnið, að höggið hefði ekki verið reitt af fullu afli.

Vitnið Marta Hermannsdóttir, dóttir ákærða, gaf skýrslu við meðferð málsins.

Vitnið ber, að það hafi vaknað við öskur í móður þess aðfaranótt 3. júní sl. Það hafi í fyrstu haldið, að einhver hefði brotist inn og væri að nauðga henni, en móðir þess hefði sofið í stofunni í nokkra mánuði. Vitnið kveðst hafa gengið að millihurðinni og því reynst ómögulegt að opna hana, en það hafi ekki gert sér grein fyrir því þá, að hún var læst. Það hafi farið inn til Söru og spurt hana, hvort hún heyrði ekki lætin, en Sara hafi vaknað í því. Síðan hafi það farið inn til Rutar til að sækja lykil og sagt systrum sínum að hringja á lögreglu. Sara hafi farið í símann, en ekki munað númer. Það hafi sífellt reynt að opna dyrnar og barið á hurðina, um leið og móðir þess hafi komið á hurðina (sic) hinum megin og hrópað: „Eruð þið

ekki að koma, hann er að drepa mig, opnaðu hurðina!“ Vitnið kveðst þá hafa spurt: „Hver?“ — en í því hafi dyrnar opnast og móðir þess svarað: „Pabbi þinn.“ Vitnið kveðst þá hafa sagt: „Það getur ekki verið, hann er í Amsterdam,“ en þá hafi móðir þess sagt: „Hann er inni í bílskúr, farðu og sjáðu hann.“ Vitnið kveðst þá hafa farið inn í bílskúrinn, og þar hafi faðir þess verið að bogra yfir plastpokum. Vitnið kveðst hafa sagt við hann: „Hvað gengur eiginlega á?“ Hann hafi svarað: „Það á mikið eftir að koma enn.“ En í þeim töluðum orðum hafi hann gengið á móti því og þau staðið í þvottahússdyrunum, en hann hafi þó enn verið inni í bílskúrnum. Vitnið ber, að þegar hann hafi sleppt þeim orðum, hafi það heyrt móður sína segja: „Þetta er í Grenilundi 9, maðurinn minn var að reyna að drepa mig eða er að reyna að drepa mig.“ Þau hafi síðan gengið saman inn í gegnum þvottahúsið fram á gang, þar sem hann hafi tekið úlpu og farið út á bak við húsið, en móðir þess enn verið í símanum. Vitnið kveðst ekki hafa farið inn í stofuna fyrr en eftir þetta, og þá hafi sængin legið á gólfinu og sófaborðið verið til hliðar, en það hafi venjulega staðið fyrir miðjum sófanum.

Vitnið kveður það hafa komið sér á óvart, hversu rólegur faðir þess hafi verið, þar sem hann hafi venjulega verið uppstökkur og „stressaður“. Móður þess hafi hins vegar verið brugðið, eins og hún tryði þessu ekki.

Vitnið ber, að faðir þess hafi hringt í það á laugardeginum, er það var í afmælisboði hjá vinkonu móður þess, og hann sagst vera í Amsterdam. Það hafi spurt hann, hvort það væri ekki gaman, og hann svarað því játandi. Hann hafi spurt, hvort enginn hafi verið heima á föstudagskvöldinu, en þá hafi hann hringt. Vitnið kveðst hafa staðfest, að enginn hafi verið heima þá, en þau síðan slitið símtalinu.

Áður en hann fór, hafi hann lánað því bílinn og lykla að húsinu, þar sem það hafi týnt sínum lyklum. Hann hafi óskað eftir því, að vitnið sækti sig út á flugvöll 7. júní, þar sem hann væri bæði bíllaus og lyklalaus.

Vitnið ber, að foreldrar þess hafi skemmt sér sitt í hvoru lagi undanfarið og þá fengið sér í glas. Faðir þess hafi hins vegar byrjað að drekka bjór mánuði fyrir verknaðinn, og það hafi hætt að gera sér grein fyrir, hvenær hann var undir áhrifum, „mjúkur“ eða ekki.

Vitnið Rut Hermannsdóttir, dóttir ákærða, gaf skýrslu við meðferð málsins.

Vitnið kveðst hafa vaknað aðfaranótt 3. júní sl. við það, að Marta hafi komið inn og tekið lykilinn úr skránni. Það hafi heyrt hrópin í móður þess og þær reynt að opna millihurðina, en það ekki tekist. Vitnið kveðst þá hafa reynt að skríða út um baðgluggann og verið komið hálfa leið út, er millihurðin hafi opnast. Marta hafi farið út í bílskúr, og vitnið kveðst hafa

farið á eftir henni. Þar hafi Marta spurt föður þeirra: „Hvað gengur á?“ — og hann svarað: „Það á mikið eftir að koma. Það er ekki allt komið enn. Það á meira eftir að koma.“ Vitnið kveðst ekki muna orðin nákvæmlega, en merkingin hafi verið þessi. Er hann hafi mælt þessi orð, hafi hann staðið á móts við hitaveituinntakið, en það verið komið yfir þröskuldinn, sem sé milli bílskúrs og þvottahúss. Síðan hafi það gengið inn, og er það hafi verið í forstofunni, hafi það heyrt móður þess tala við lögreglu.

Vitnið Sara Hermannsdóttir, dóttir ákærða, gaf ekki skýrslu fyrir dómi. Vitnið fór til Bandaríkjanna í vinnu nú í sumar og er ekki væntanlegt fyrr en að ári liðnu.

Vitnið óskaði ekki eftir að nýta sér rétt sinn samkvæmt 3. tl. 1. mgr. 89. gr. laga nr. 74, 1974, er það gaf skýrslu hjá RLR, og verður efni þeirrar skýrslu rakið hér.

Vitnið kvaðst hafa vaknað við það að morgni 3. júní sl., að móðir þess hefði kallað á hjálp framan úr stofu, þar sem hún hefði sofið. Í fyrstu hefði það verið milli svefns og vöku, en áttað sig á, að eitthvað var að, þegar Marta hefði komið inn. Þegar þær hefðu ætlað fram, hefðu þær komist að því, að hurðin fram í stofuna var læst hinum megin frá, svo að þær hefðu ekki átt möguleika á því að komast fram. Vitnið kvaðst hafa ætlað að hringja á lögreglu úr síma í svefnherbergi, en ekki munað númer. Það hefði ætlað út um garðdyr, en ekki tekist að opna þær. Þá hefði það farið fram til Mörtu, og í þeirri andrá hefði tekist að opna dyrnar. Það kvaðst ekki hafa séð föður sinn nema í sjónhendingu, en hann hefði þá verið inni í bílskúr og systir þess verið að ræða við hann. Vitnið kvaðst ekki hafa talað við hann. Vitnið bar, að hann hefði farið í framhaldi af því, að móðir þess hafi náð sambandi við lögregluna.

Vitnið Jóna Kjartansdóttir, systir ákærða, kom fyrir dóm við meðferð málsins og staðfesti skýrslu, er það gaf hjá RLR, þess efnis, að ákærði hefði fulla heimild til að dveljast á heimili þess, þegar hann kjósi, en þar hafi hann lykla, og honum hafi verið heimilt að fara inn um glugga í sumarbústað vitnisins í Skorradal. Vitnið kvaðst hafa verið í sumarbústaðnum 2. júní sl.

Vitnið Hildur Wium Kristinsdóttir var flutt á slysadeild að morgni 3. júní sl. og skoðuð af Maríu Sigurjónsdóttur lækni, en læknisvottorð er undirritað af Árna Sch. Thorsteinssyni, dags. 4. júní 1991, en þar segir m.a.:

„Skoðun: Hún er með kúlu og mar á enni, ca. 3×3 cm. Ekki grunur um brot. Það er húðrispa á nefi vi. megin og á vi. kinn. Einnig rispur

á vi. hné. Áverkar taldir vægir, mar, kúla og rispur. Að lokinni skoðun fer kona með ráðleggingar. Endurkoma eftir þörf."

Vitnið fór að nýju í læknisskoðun 7. júní sl., en þá var vitnið skoðað af sænskum aðstoðarlækni, sem farinn var af landinu, er málsmeðferð fór fram. Árni Sch. Thorsteinsson gaf út læknisvottorð eftir síðari skoðun, en það er dags. 13. ágúst 1991. Þar segir:

„Þann 7/6 1991 kemur hún að nýju og kvartar nú um höfuðverk. Er mestur yfir enni og nær stöðugur, frá því hún varð fyrir áverkanum. Hefur eftir slysið tekið svefnlyf. Hildur óskar og eftir því, að það verið bókað, að hún hafi vaknað um kl. 4.30, en ekki kl. 3.00, eins og hún hafði áður haldið fram 3/6 1991.

Við skoðun nú kemur í ljós marblettur á miðju enni, 2×2 cm, örlítið sár á slímhúð neðri varar vinstra megin við miðlínu, nokkur þreifieymsli yfir nefi og kringum marblett á enni. Svolítið mar við nefrót og 1/2 cm rispa þar. Einnig 1 cm rispa á vinstri hlið nefs og um 2 cm rispa á vinstri kinn. Ekki grunur um brot. Á hægri framhandlegg eru fjórir smáir marblettir, hver um sig ca. 1×1 cm í þvermál. Einnig þrír ljósbrúnir smáir marblettir, 0,5×0,5 cm, miðlægt á upphandlegg. Svolítið mar hliðlægt og rétt neðan til á vinstra hné. Ca. 1/2 cm rispa yfir nærenda v. miðristarbeins vinstra megin. Að auki tveir marblettir, 3x2 cm, á hægri rist yfir miðristarbeinunum I-III. Enn fremur grunnt sár 0,2x0,5 cm, yfir I. hnúalið vinstri handar (MCP-lið I sin.).

Áverkar sem fyrr taldir fyrst og fremst maráverkar og húðrispur, en höfuðverkur, sem sjúkl. lýsir, getur verið einkenni vægs heilahristings."

Vitnið María Sigurjónsdóttir, læknir á slysadeild, Álfheimum 36, Reykjavík, kom fyrir dóm við meðferð málsins.

Vitnið kveður eðlilegt, þar sem Hildur hafi komið á slysadeild, örskömmu eftir að henni voru veittir áverkarnir, að marblettir hafi ekki verið komnir út nema á enni. Hildur hafi verið mjög miður sín við komu á slysadeild og liðið illa, stutt hafi verið í tár, en hún hafi verið tiltölulega róleg, en það hafi fundið, að henni leið ekki vel. Hún hafi greint frá því, að áverkarnir væru af völdum manns, sem hún væri að skilja við. Hún hafi vaknað við það, stuttu áður en hún kom á slysadeild, að hann hafi barið hana með hamri, þar sem hún hafi verið sofandi í stofunni. Hún hafi orðið hrædd og reynt að forða sér, en maðurinn sett klút fyrir vitin og þau lent í áflogum. Hurð hafi verið læst, svo að dætur hennar hafi ekki komist fram til þess að hjálpa henni. Maðurinn hafi borið hanska í átökunum, en hún hafi talið hann vera í Amsterdam, en þangað hefði hann farið nokkrum dögum áður, og því hafi hún orðið mjög hissa, þar sem hún hafi talið hann vera erlendis.

Vitnið María var spurt að því, hversu þungt högg þurfi til að veita slíkan

áverka, og bar vitnið, að það væri nokkuð þungt, en þó hefði ekki verið grunur um höfuðkúpubrot.

Vitnið Árni Sch. Thorsteinsson, læknir á slysadeild, Tjarnarbóli 10, Seltjarnarnesi, staðfesti fyrir dómi að hafa gefið út bæði læknisvottorðin.

Lögreglumenn í Hafnarfirði, sá, er tók við tilkynningu um líkamsárás, Eggert Ólafur Jónsson aðstoðarvarðstjóri, Einibergi 7, Hafnarfirði, og lögreglumennirnir Laufey Gísladóttir, Suðurgötu 4, Reykjavík, og Haraldur Guðni Harðarson, Hellisgötu 36, Hafnarfirði, sem fóru á vettvang og fluttu Hildi á slysavarðstofu, komu fyrir dóm, og báru um afskipti sín af málinu.

Starfsmenn Rannsóknarlögreglu ríkisins, sem unnu að rannsókn málsins, hafa allir komið fyrir dóm við meðferð þess og staðfest þau verk, sem þeir unnu að. Eru það rannsóknarlögreglumennirnir Eiríkur Hreinn Helgason, Álfaheiði 30, Kópavogi, Kristján Friðþjófsson, Ástúni 10, Kópavogi, Kristján Hallgrímur Kristjánsson, Fífumýri 6, Garðabæ, Sævar Jóhannesson, Réttarholtsvegi 65, Reykjavík.

Rétt þykir að rekja að hluta framburð vitnisins Kristjáns Hallgríms Kristjánssonar rannsóknarlögreglumanns, en það tók myndir á vettvangi, m.a. í bílskúr.

Vitnið var sérstaklega spurt að því, hvar heili plastpokinn hefði fundist og hvort það hefði séð tvist í bílskúrnum.

Vitnið bar, að pokinn hefði verið í kassa, þar sem honum hefði verið troðið niður, og tvisturinn hefði verið í poka ekki langt frá, við endann á svörtum ruslapoka. Vitnið kvaðst hafa rannsakað plastpokann með rúmsmásjá, og hefði sú skoðun ekki leitt í ljós neinar efnisleifar, hvorki tvist né annað.

Hamarinn, sem ákærði notaði, vó 989 g, og plastpokinn var venjulegur innkaupapoki.

Samtímis því að vera úrskurðaður í gæsluvarðhald var ákærða gert að gangast undir rannsókn á geðheilbrigði sinni og sakhæfi.

Geðrannsóknina vann Högni Óskarsson geðlæknir, en Margrét Bárðardóttir sálfræðingur lagði fyrir ákærða sálfræðipróf. Í rannsóknninni er rakin persónusaga ákærða, geðsaga hans, líkamlegt heilsufar, aðdragandi atburðar, sem mál þetta snýst um, líkamleg skoðun, rannsóknir og geðskoðun. Hér á eftir verða raktir nokkrir þættir úr rannsóknninni, sem dagsett er 30. júní sl.

— — —

„Við rannsókn þessa kemur ekkert fram, sem bendir til þess, að Hermann hafi verið haldinn neinum þeim líkamlegum eða andlegum sjúkdómi, sem kann að hafa leitt til þess, að hann væri ekki ábyrgur gerða sinna,

þá er hann réðst að konu sinni aðfaranótt 3. júní síðastliðinn. Samkvæmt geðlæknisfræðilegu mati telst hann því sakhæfur.

Sjúkdómsgreining:

1: Þunglyndi tengt ytri orsökum. 300.4.

2: Háþrýstingur.

3: Hjartsláttaróregla (fibrillatio atriorum).

4: Svefnsýki, e. t. v. sem aukaverkun lyfja."

Geðlæknirinn kom fyrir dóm og útskýrði, að tilvísun í 300.4. í sjúkdómsgreiningu í 1. lið væri vísun í alþjóðlegt flokkunarkerfi sjúkdóma, og tölurnar 300.4. vísi til sjúkdómsgreiningarinnar „neurosis depressiva", nánar skilgreint þunglyndi af sálrænum uppruna, gagnstætt þunglyndi af líkamlegum orsökum, þ.e.a.s. vegna truflana í heila.

Niðurstöður.

Með játningu ákærða, sem studd er framburði vitnisins Hildar, læknisvottorði og öðru, sem fram er komið í málinu, er sannað, að ákærði réðst að konu sinni með hamri, er hún var sofandi á heimili þeirra aðfaranótt 3. júní sl., sem hann sló hana með í ennið, og plastpoka, sem hann hélt fyrir vitum hennar og reyndi að troða upp í munn hennar að hluta með þeim afleiðingum, að hún fékk kúlu og marblett á enni, rispur og marbletti víða um líkamann og að öllum líkindum vægan heilahristing, sbr. læknisvottorð.

Gegn eindreginni neitun ákærða verður að telja ósannað, að hann hafi ætlað að svipta eiginkonu sína, Hildi Wium Kristinsdóttur, lífi, og er hann því sýknaður af ætluðu broti á 211. gr., sbr. 20. gr. laga nr. 19, 1940. Ákærði réðst hins vegar að Hildi, þar sem hún var sofandi, með hættulegu verkfæri, sem hann notaði til að slá hana með í höfuðið, og plastpoka, sem hann hefur viðurkennt að hafa haldið fyrir vitum hennar í því skyni að kæfa frá henni hljóð, svo að hún átti erfitt með andardrátt. Ekki er ljóst, hvaða hvatir leiddu ákærða til verknaðarins, en ákærði kveðst hafa tekið ákvörðun um árásina, þegar hann hafi vaknað stuttu áður, eftir að hafa lagt sig á dýnu í bílskúr. Þar hafi hann tekið hamarinn, en plastpokann (innkaupapoka) á eldhússborði, læst dyrum inn á svefnherbergisganginn, þar sem dæturnar þrjár voru sofandi, og ráðist á Hildi, svo sem hér að framan er lýst. Ákærði hefur ekki getað gefið neina haldbæra skýringu á verknaðinum né öðrum hlutum, sem tengjast honum, svo sem ferðum sínum til og frá Amsterdam, farmiðakaupum á fölsku nafni og fleira. Frásögn ákærða er um margt afar ótrúverðug og fjarstæðukennd. Aðferð ákærða og atlagan verður að teljast fólskuleg. Ákærði telst með háttsemi sinni, sem ýtarlega hefur verið lýst hér að framan, hafa gerst brotlegur við 2. mgr. 218. gr. laga nr. 19, 1940, sbr. 11. gr. laga nr. 20, 1981, með vísan

til hins hættulega tækis og aðferðar við verknað, þó að afleiðingarnar reyndust ekki alvarlegri en hér að framan greinir.

Ákærði er að mati dómsins sakhæfur, sbr. geðheilbrigðisrannsókn þá, sem hann gekkst undir við meðferð málsins.

Samkvæmt sakavottorði ákærða hefur hann ekki sætt refsingum, sem skipta máli við úrlausn máls þessa.

Ákærði hefur unnið sér til refsingar samkvæmt 2. mgr. 218. gr. laga nr. 19, 1940, sbr. 11. gr. laga nr. 20, 1981. Að mati dómsins koma engar refsilækkunarástæður til greina. Þykir refsing ákærða hæfilega ákveðin með hliðsjón af því, sem að framan er rakið, fangelsi 18 mánuði.

Ákærði sætti gæsluvarðhaldi frá 5. júní sl. kl. 14.38 til 20. ágúst sl. kl. 21.31. Þykir rétt samkvæmt 76. gr. almennra hegningarlaga, að gæsluvarðhald ákærða í 77 daga komi refsingu ákærða til frádráttar.

Loks ber að dæma ákærða til greiðslu alls sakarkostnaðar, svo sem nánar greinir í dómsorði.

Af hálfu ákæruvaldsins sá Björn Helgason um saksókn.

Dómsorð:

Ákærði, Hermann Kjartansson, sæti fangelsi 18 mánuði.

Til frádráttar refsingunni skal koma 77 daga gæsluvarðhald ákærða.

Ákærði greiði allan sakarkostnað, þar með talin saksóknarlaun, 150.000 krónur, er renni í ríkissjóð, og réttargæslu- og málsvarnarlaun til skipaðs verjanda síns, Sveins Snorrasonar hæstaréttarlögmanns, 200.000 krónur.

Mánudaginn 2. mars 1992

Nr. 69/1992. **Jóhannes Vilhjálmsson persónulega og f.h. einkafyrirtækis síns, Hellu- og steinsteypunnar,**

gegn

Steinunni Káradóttur og Eyjólfi Matthíassyni.

Útivistardómur.

Dómur Hæstaréttar.

Málsókn þessi fellur niður.

Áfrýjandi, Jóhannes Vilhjálmsson persónulega og f.h. einkafyrirtækis síns, Hellu- og steinsteypunnar, sem eigi sækir dómþing í máli þessu, greiði 10.000 króna útivistargjald til ríkissjóðs, ef hann vill fá mál sitt tekið fyrir að nýju.

Þriðjudaginn 3. mars 1992.

Nr. 60/1992. **Baldvin Ari Guðlaugsson**
gegn
Bergi Jónssyni.

Kærumál. Hæfi meðdómsmanns.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Þór Vilhjálmsson, Garðar Gíslason og Hjörtur Torfason.

Sóknaraðili hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með kæru 22. janúar 1992 samkvæmt heimild í a-lið 1. tl. 1. mgr. 21. gr. laga nr. 75/1973 um Hæstarétt Íslands, og barst kæran réttinum 7. febrúar. Kröfur sóknaraðila eru þær, að hinum kærða úrskurði verði hrundið og Hákoni Hanssyni dýralækni gert að víkja sæti sem meðdómanda í málinu á aukadómþingi Suður-Múlasýslu, en kærumálskostnaður verði ekki dæmdur sérstaklega.

Varnaraðili krefst þess, að hinn kærði úrskurður verði staðfestur. Hann gerir og kröfu um kærumálskostnað.

Dómsformaður í héraði hefur gert Hæstarétti grein fyrir forsendum héraðsdómara að úrskurðinum í samræmi við 2. mgr. 190. gr. laga nr. 85/1936 um meðferð einkamála í héraði, sbr. 23. gr. laga nr. 54/1988.

I.

Á aukadómþingi Suður-Múlasýslu er rekið málið nr. 89/1989: Baldvin Ari Guðlaugsson gegn Bergi Jónssyni og gagnsök. Er málið risið af kaupum þeirra um hestinn Örvar frá Ketilsstöðum á Völlum, sem hlotið hafði verðlaun í hópi gæðinga á fjórðungsmóti austfirskra hestamanna sumarið 1989. Vill sóknaraðili rifta kaupunum, en varnaraðili halda þeim upp á hann. Deila málsaðila lýtur meðal annars að því, hvort hesturinn hafi verið „haldinn helti", þegar sóknaraðili tók við honum á Ketilsstöðum úr hendi varnaraðila, eða hvort hann hafi skaddast síðar í höndum sóknaraðila, sem flutti hann til Akureyrar þegar eftir afhendinguna og þaðan áfram suður á land. Um álitaefni varðandi heilsu hestsins hafa þeir lagt fram vottorð dýralækna og niðurstöður blóðrannsókna, en ekki dómkvatt menn til skoðunar- og matsgerðar.

Aðalsök í málinu var þingfest 25. október 1989 og gagnsök 29. nóvember s. á. Reglulegur dómari í málinu er Inger L. Jónsdóttir, aðalfulltrúi sýslumanns í Suður-Múlasýslu. Á dómþingi 31. maí 1990, þegar málið var tekið til aðalflutnings, skipaði hún Hákon Hansson, héraðsdýralækni í Austurlandsumdæmi syðra, til dómstarfa í málinu sem meðdómanda, enda taldi hún þörf sérkunnáttu í dóminum. Fóru þau saman með málið og kváðu upp í því dóm 23. ágúst 1990, þar sem leyst var efnislega úr kröfum aðila.

Sóknaraðili áfrýjaði dómi þessum til Hæstaréttar, þar sem hann var felldur úr gildi með dómi réttarins 5. nóvember 1991 í máli nr. 431/1990. Var ástæðan sú, að hinn reglulegi dómari hafði aðeins skipað einn meðdómsmann í stað tveggja, er til þurfti samkvæmt ákvæðum 37. A-gr. einkamálalaga, sbr. 9. gr. laga nr. 28/1981. Taldi Hæstiréttur óhjákvæmilegt að vísa málinu heim í hérað til munnlegs flutnings og dómsálagningar að nýju.

Við endurupptöku málsins í héraði á dómþingi 22. janúar 1992 var Birnir Bjarnason, héraðsdýralæknir í Austur-Skaftafellssýslu, skipaður til dómstarfa í málinu sem sérfróður meðdómandi ásamt hinum fyrri dómendum. Á dómþinginu krafðist sóknaraðili þess, að meðdómsmaðurinn Hákon Hansson viki sæti í málinu, en varnaraðili mótmælti þeirri kröfu. Leystu dómendurnir þrír úr deilunni með hinum kærða úrskurði, sem þeir kváðu upp á þinginu að undangengnum málflutningi. Úrskurðurinn var án forsendna, svo sem heimilt var samkvæmt 2. mgr. 190. gr. einkamálalaga, og er ályktarorð hans svohljóðandi:

„Kröfu lögmanns stefnanda í aðalsök og stefnds í gagnsök um, að meðdómsmaðurinn Hákon Hansson víki sæti í máli þessu, er hafnað.

Málskostnaður fellur niður."

Í fram komnum forsendum dómara fyrir úrskurðinum segir meðal annars:

„Stefnandi reisir kröfu sína um að meðdómsmaðurinn víki sæti við endurflutning málsins, á 4. tl. 36. gr. og 1. og 3. tl. 37. A-gr. laga nr. 85 frá 1936.

Stefnandi tilgreinir ástæður þess, að meðdómsmaðurinn víki sæti, þær, að hann hafi verið skipaður í dóm vegna sérþekkingar sinnar og með áliti sínu, sem þegar liggi fyrir í málinu, megi líta svo á,

að hann hafi nú við endurflutning málsins stöðu mats- eða skoðunarmanns og beri því með vísan til 4. tl. 36. gr. laga nr. 85 frá 1936 að víkja úr dómarasæti.

Stefndi styður kröfu sína þeim rökum, að þar sem meðdómsmaðurinn hafi hvorki borið vitni né verið skoðunar- eða matsmaður í málinu, eigi tilvitnaðar lagagreinar ekki við. Bent er á að samkvæmt 3. tl. 37. A-gr. laga nr. 85 frá 1936 hafi meðdómsmaður sömu stöðu og hinn reglulegi dómari.

Samkvæmt lögum nr. 85 frá 1936 um meðferð einkamála í héraði, 1. tl. 37. A-gr., sbr. 9. gr. laga nr. 28 frá 1981, getur dómari skipað meðdómsmann, ef hann telur þörf sérkunnáttu í dómi.

Meðdómsmaðurinn Hákon Hansson tók sæti í dómi eftir að hafa undirritað heitstaf og hafði í málinu sömu réttindi og skyldur og hinn reglulegi dómari, sbr. 3. tl. 37. A-gr. s. l.

Ekki verður því séð, að með dómi í aukadómþingsmáli því, sem endurflytja átti, hafi meðdómsmaðurinn látið í té álit vegna sérþekkingar sinnar sem jafna megi til mats- eða skoðunargerðar, en um þær fjalla 136. og 137. gr. einkamálalaganna.

Framangreindri kröfu um, að meðdómsmaðurinn Hákon Hansson víki sæti í máli þessu með vísan til 4. tl. 36. gr. laga nr. 85 frá 1936, er því synjað með vísan til framanritaðs."

II.

Fyrir Hæstarétti hafa málsaðilar uppi sömu rök og fyrr greinir. Telur sóknaraðili ljóst, að úrslit málsins muni ráðast að nokkru af mati hinna sérfróðu meðdómenda á þeim ágreiningsefnum, sem höfði til kunnáttu þeirra. Megi ætla, eins og málinu er komið, að á geti skort um jafnræði með dómendum, þar sem annar meðdómandinn hafi þegar látið uppi álit um ágreiningsefnin, enda sé hætta á, að hann telji sig bundinn af því áliti. Sóknaraðili getur þess einnig, að hann telji nauðsynlegt, að annar meðdómenda hafi sérþekkingu á hestamennsku, þ.e. gangi og gangtegundum hesta, þjálfun þeirra og sýningu.

Í fyrrgreindri 3. mgr. 37. A-gr. laga um meðferð einkamála í héraði er því slegið föstu, að meðdómsmaður hafi sömu réttindi og skyldur og hinn reglulegi dómari, þegar hann hefur tekið sæti í dómi. Ómerking á efnisdómi í einkamáli leiðir að jafnaði ekki til

þess, að dómari í héraði þurfi að víkja sæti við heimvísun málsins. Er meðal annars á því byggt, að honum sé treystandi sem áður til að líta óhlutdrægt á málavöxtu. Til samanburðar um það viðhorf, að því er embættisdómara varðar, má vísa til þess, að samkvæmt síðari málslið 1. tl. 36. gr. laganna þarf dómari venjulega ekki að víkja sæti vegna annarra embættisafskipta af máli, sem hann fær til dómsmeðferðar. Um ómerkingu er það og grundvallaratriði, að með henni er krafist nýrrar meðferðar málsins, en hin eldri er úr gildi felld.

Staða meðdómandans Hákonar Hanssonar mótast af þessu, og eiga ákvæði 4. tl. 36. gr. laganna ekki við um atbeina hans að aukadómþingsmálinu. Ekki er fram komið, að hann þurfi að víkja sæti samkvæmt ákvæðum 7. tl. þeirrar greinar. Í málinu er það til óhagræðis, að meðdómendur hafa ekki tekið til starfa á sama tíma, en þeim er ætlað að standa jafnfætis við nýja meðferð málsins. Á það er og að líta, að hvor meðdómenda á sjálfstæðan hlut að dómstörfum, og þurfa þeir ekki að verða samdóma, til að úrslit fáist í málinu.

Með skírskotun til þessa ber að staðfesta hinn kærða úrskurð.

Rétt þykir eftir atvikum, að kærumálskostnaður falli niður.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði úrskurður á að vera óraskaður.

Þriðjudaginn 3. mars 1992.

Nr. 80/1992. **Íslandsbanki hf.**

gegn

Sigursteini Tómassyni.

Kærumál. Áskorunarmál. Tékkar. Fyrning. Frávísunaráritun úr gildi felld.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Þór Vilhjálmsson, Garðar Gíslason og Hjörtur Torfason.

Sóknaraðili hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með kæru, er barst héraðsdómara 20. febrúar 1992. Kærð er frávísunaráritun aukadómþings Árnessýslu 18. desember 1991 í máli nr. 364/1991. Kæruheimild er í b-lið 1. tl. 1. mgr. 21. gr. laga nr. 75/1973 um Hæstarétt Íslands.

Sóknaraðili krefst þess, að hinni kærðu áritun verði hrundið og lagt verði fyrir héraðsdómara að taka málið til efnismeðferðar. Hann krefst og kærumálskostnaðar.

Frá varnaraðila hafa ekki borist kröfur eða greinargerð.

Hin kærða áritun fór fram samkvæmt 233. gr. laga nr. 85/1936 um meðferð einkamála í héraði, sbr. 26. gr. laga nr. 54/1988, án þess að sóknaraðili væri viðstaddur. Lögmaður sóknaraðila kveðst hafa fengið áritunina í hendur í almennum pósti 12. febrúar 1992. Hefur héraðsdómari ekki gert athugasemd í þá átt, að sóknaraðili hafi fengið vitneskju um hana fyrr. Telst kæran nægilega snemma fram komin.

I.

Sóknaraðili höfðaði mál þetta sem áskorunarmál fyrir aukadómþingi Árnessýslu með stefnu á hendur varnaraðila, birtri 12. nóvember 1991, til greiðslu skuldar, að fjárhæð 153.134,82 krónur ásamt dráttarvöxtum. Í stefnunni er grundvelli þeirrar skuldakröfu lýst þannig: „Skuld þessi er annars vegar skv. 40 framlögðum tékkum, sem stefndi gaf út á tékkareikning nr. 3457 við Íslandsbanka hf., Austurstræti 19, ... og hins vegar vegna yfirdráttar stefnda á sama tékkareining.“

Í áskorunarstefnunni er skuld vegna umræddra tékka sundurliðuð meðal annars með lýsingu á númerum tékkanna, fjárhæð þeirra, útgáfudegi, sýningardegi og framseljendum. Samanlagt er fjárhæð tékkanna talin 96.950 krónur. Þá segir svo í stefnunni: „Við sýningu tékkanna í greiðslubanka reyndist innstæða ekki næg, og var reikningnum lokað þann 13. 9. 1990. Þá hafði stefndi yfirdráttarheimild, að fjárhæð kr. 56.184,82, á fyrrnefndan tékkareikning, sem hann hefur ekki greitt. Samanlögð fjárhæð tékkanna og yfirdráttarins er kr. 153.134,82 sem er stefnufjárhæð málsins."

Varðandi málsástæður og lagarök segir meðal annars: „Aðilar málsins gerðu með sér samning um tékkaviðskipti skv. 4. gr. l. nr. 94/1933, þar sem stefndi lofaði að hafa ávallt nægа innstæðu inni á tékkareikningnum fyrir þeim tékkum, sem hann gæfi út. Þann samning hefur stefndi ekki efnt. Þá sömdu aðilar einnig um, að stefndi hefði yfirdráttarheimild á tékkareikningi sínum, svo fremi sem einu sinni í hverjum mánuði myndaðist inneign á tékkareikningnum. Stefndi hefur einnig vanefnt þann samning."

Til sönnunar kröfum sínum lagði sóknaraðili fram fyrrgreinda tékka og yfirlit um stöðu á tékkareikningi nr. 3457 mánuðina ágúst-október 1990 ásamt umsókn varnaraðila um stofnun reikningsins og áritun á hana um lokun reikningsins.

Við þingfestingu málsins 27. nóvember 1991 var ekki sótt þing af hálfu varnaraðila.

Héraðsdómari, Karl Gauti Hjaltason, fulltrúi sýslumannsins í Árnessýslu, vísaði málinu frá dómi með svofelldri áritun:

„Tékkaréttur samkvæmt framlögðum tékkum er fyrndur, sbr. 1. mgr. 52. gr., sbr. 1. mgr. 29. gr. laga nr. 94, 1933.

Stefnandi hefur ekki sýnt fram á, að tékkaskuldari hafi unnið umstefnda fjárhæð út hendi tékkhafans, sbr. 57. gr. ofangreindra laga.

Samkvæmt framangreindu ber að vísa máli þessu frá dómi ex officio.

Áritun hefur dregist vegna embættisanna dómara."

II.

Telji dómari í útivistarmáli, að stefnukrafa sé fyrnd, ber honum samkvæmt 2. mgr. 232. gr. laga um meðferð einkamála í héraði,

sbr. 26. gr. laga nr. 54/1988, að víkja málinu til venjulegrar eða sérstakrar meðferðar með það fyrir augum að sýkna af kröfunni, en ekki að vísa kröfunni frá dómi með áritun samkvæmt 233. gr. laganna.

Þegar banki krefur viðskiptamann sinn um skuld, er stafar af innlausn bankans á tékkum, sem viðskiptamaðurinn hefur gefið út á hendur bankanum, verður sú krafa ekki byggð á tékkarétti samkvæmt tékkalögum nr. 94/1933, þar sem bankinn er ekki tékkhafi í skilningi laganna, heldur greiðslubanki tékkanna. Eiga fyrningarákvæði 1. mgr. 52. gr. og ákvæði 57. gr. laganna ekki við um þá kröfu.

Í máli þessu hefur sóknaraðili stöðu greiðslubanka gagnvart varnaraðila, sem hafði tékkareikning hjá honum. Framlögð reikningsyfirlit gefa til kynna, að innstæða hafi síðast verið á tékkareikningi þessum við lok ágúst 1990, og sé krafa sóknaraðila til orðin eftir þann tíma. Samkvæmt þeim upplýsingum og ákvæðum laga nr. 14/1905 um fyrningu skulda og annarra kröfuréttinda verður kröfu sóknaraðila á hendur varnaraðila ekki hafnað á þeim forsendum, að hún sé fyrnd.

Af þessu leiðir, að fella ber hina kærðu dómsathöfn úr gildi og leggja fyrir héraðsdómara að taka málið til meðferðar að nýju.

Kærumálskostnaður verður ekki dæmdur.

Dómsorð:

Hin kærða dómsathöfn er úr gildi felld, og er lagt fyrir héraðsdómara að taka málið til meðferðar að nýju.

Þriðjudaginn 3. mars 1992.

Nr. 175/1989. **Bjarni Dagur Jónsson**
(Arnmundur Backman hrl.)
gegn
þrotabúi Nesco-framleiðslufélags hf.
(Gestur Jónsson hrl.).

Gjaldþrotaskipti. Riftun. Endurgreiðsla.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Guðrún Erlendsdóttir, Gunnar M. Guðmundsson, Haraldur Henrysson, Hrafn Bragason og Pétur Kr. Hafstein.

Áfrýjandi skaut máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 16. maí 1989 og gerir þær dómkröfur aðallega, að hann verði sýknaður af kröfum stefnda í málinu og að stefndi verði dæmdur til að greiða sér málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, en til vara, ,,að krafan verði lækkuð eða felld niður af sanngirnisástæðum".

Stefndi krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar úr hendi áfrýjanda fyrir Hæstarétti.

Nokkur ný gögn hafa verið lögð fyrir Hæstarétt.

Með skírskotun til forsendna hins áfrýjaða dóms ber að staðfesta ákvæði hans um riftun þeirra greiðslna, er Nesco-framleiðslufélag hf. innti af hendi til áfrýjanda 18. nóvember 1987 og gerð er grein fyrir í dóminum.

Kemur þá til álita, hvort fella beri niður eða lækka þá fjárhæð, sem áfrýjanda er í héraðsdómi gert að endurgreiða stefnda.

Varakröfu sína, er að þessu lýtur, reisir áfrýjandi í fyrsta lagi á því, að umræddar greiðslur hafi aðallega verið endurgreiðsla á auglýsingakostnaði, er hann af eigin fé innti af hendi fyrir Nesco-framleiðslufélag hf. vegna greiðsluábyrgðar sinnar gagnvart kröfuhöfum. Nái fjárkrafa stefnda fram að ganga, sé honum þar með í reynd gert að greiða mestan hluta sömu fjárhæðar tvívegis, þar sem skuldabréf þau, sem um ræðir, hafi reynst að mestu leyti einskis virði. Hann hafi því hvorki haft hag af ráðstöfun þeirra til sín né hafi hún komið honum að notum, svo sem áskilið sé í 1.

mgr. 62. gr. gjaldþrotalaga nr. 6/1978, til þess að á endurgreiðsluskyldu reyni.

Af hálfu stefnda er því mótmælt, að þessi málsástæða komi til álita, þar eð hún hafi ekki verið höfð uppi í héraði.

Í öðru lagi reisir áfrýjandi varakröfuna á því, að greiðsla á fjárkröfu stefnda yrði sér öldungis ofviða fjárhagslega, og meðal annars af þeirri ástæðu séu skilyrði til þess samkvæmt 65. gr. gjaldþrotalaga að fella hana niður eða að minnsta kosti lækka hana verulega.

Af hálfu stefnda er því haldið fram, að full ástæða sé til að ætla, að umrædd skuldabréf hafi haft fullt greiðslugildi, er áfrýjandi fékk þau afhent í nóvember 1987. Því til sönnunar sé, að áfrýjandi hafi neitað að afhenda bréfin, er riftunar og greiðslu var krafist 23. júní 1988, að bréfin hafi verið tekin gild sem handveð í Sparisjóði Reykjavíkur og nágrennis til tryggingar lánsviðskiptum áfrýjanda þar, að eigi sé annað vitað en útgefandi bréfanna hafi verið gjaldfær og að tveir ábyrgðarmenn á þeim hafi verið virkir í atvinnurekstri á greiðslutíma þeirra.

Áfrýjandi hefur viðurkennt, að eitthvað hafi greiðst inn á skuldabréfin, en engar upplýsingar liggja fyrir í málinu um það, hve mikið hefur fengist greitt, hvenær greitt var eða í hvers vörslu bréfin voru þá. Skuldabréfin hafa hvorki verið lögð fram í málinu né sýnd.

Meðal nýrra gagna í málinu er bréf frá Jóni Egilssyni héraðsdómslögmanni, dagsett 25. febrúar 1992, sem kveðst hafa haft níu umræddra skuldabréfa til innheimtu frá því í maí 1991. Áður hafi annar lögmaður um langt skeið reynt að innheimta bréfin án árangurs. Skuldarar samkvæmt bréfunum búi allir í Þýskalandi og eigi engar skráðar eignir hér á landi. Sé því óvíst um árangur innheimtutilrauna. Þó hafi komið tilboð frá skuldurunum um að ljúka greiðslu heildarskuldar samkvæmt bréfunum með 530.000 krónum. Samkvæmt þessu hefur ekki verið látið á það reyna, hvort knúin verði fram greiðsla skuldabréfanna með málsókn, en ákvæði í bréfunum heimilar, að mál til inneimtu þeirra verði rekið á bæjarþingi Reykjavíkur samkvæmt 17. kafla laga nr. 85/1936 um meðferð einkamála í héraði. Samkvæmt upplýsingum frá borgarfógetaembættinu í Reykjavík hafa hvorki bú útgefanda skuldabréfanna né sjálfskuldarábyrgðarmanna á þeim verið tekin til gjaldþrotaskipta.

Af hálfu áfrýjanda hafa engin gögn verið lögð fram um efnahag hans og greiðslugetu, svo sem skattframtöl, en látið sitja við fullyrðingar hans þar um í aðilaskýrslu á bæjarþingi Reykjavíkur og yfirlýsingar lögmanns hans í munnlegum flutningi málsins fyrir Hæstarétti.

Gegn mótmælum stefnda er ósönnuð framangreind fullyrðing af hálfu áfrýjanda um verðmæti umræddra skuldabréfa, er hann tók við þeim í nóvember 1987. Hann neytti ekki færis, er tilefni gafst til á miðju ári 1988 að skila bréfunum og leysa sig þar með undan greiðsluábyrgð vegna þeirra, sbr. 64. gr. gjaldþrotalaga, en hefur nú haldið umráðum bréfanna hátt á fjórða ár. Eigi hefur verið sýnt fram á, að tilraunir hafi verið gerðar til innheimtu skuldabréfanna fyrr en í maí 1991, er liðið var hátt á þriðja ár frá fyrsta gjalddaga þeirra. Innheimtutilraunir utan réttar hafa verið látnar nægja.

Eins og atvikum er háttað samkvæmt framansögðu, verður ekki talið, að skilyrði séu til þess samkvæmt 65. gr. gjaldþrotalaga, að reynt geti á varakröfu áfrýjanda.

Samkvæmt því ber að staðfesta niðurstöðu hins áfrýjaða dóms um annað en málskostnað. Eftir atvikum þykir rétt, að áfrýjandi greiði stefnda 300.000 krónur í málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti. Er þá ekki tekið tillit til virðisaukaskatts.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður um annað en málskostnað.

Áfrýjandi, Bjarni Dagur Jónsson, greiði stefnda, þrotabúi Nesco-framleiðslufélags hf., 300.000 krónur í málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 3. mars 1989.

I.

Mál þetta, sem dómtekið var 30. janúar sl., er höfðað fyrir bæjarþingi Reykjavíkur af þrotabúi Nesco-framleiðslufélags h/f, kt. 480481-0469, gegn Bjarna Degi Jónssyni, kt. 290550-2629, með starfsstöð að Síðumúla 23, Reykjavík, sem eiganda auglýsingastofu Bjarna Dags Jónssonar, kt. 511185-0179, Síðumúla 23, Reykjavík, með stefnu, birtri 6. september 1988.

Dómkröfur stefnanda eru þessar:

1. Að rift verði með dómi greiðslu á skuld Nesco-framleiðslufélags h/f við stefnda, að fjárhæð 2.268.737 kr., sem fram fór 18. 11. '87 með afhendingu á tíu skuldabréfum, hverju að fjárhæð 226.679,20 kr., út gefnum af Elínu Bieltvedt 16. 11. '87, með sjálfskuldarábyrgð Óla Antons Bieltvedts, nnr. 6821-9140, og Birgis Þórs Bieltvedts, nnr. 1113-8683, og peningum, 1.945 kr.

2. Að stefndi verði dæmdur til þess að greiða stefnanda 2.268.737 kr. með 45,6% dráttarvöxtum á ári frá 18. 11. '87 til 1. 12. '87, með 49,2% dráttarvöxtum á ári frá þeim degi til 1. 1. '88, með 51,6% dráttarvöxtum á ári frá þeim degi til 1. 3. '87, með 45,6% dráttarvöxtum á ári frá þeim degi til 1. 5. '88, með 44,4% dráttarvöxtum á ári frá þeim degi til 1. 7. '88, með 52,8% dráttarvöxtum á ári frá þeim degi til stefnubirtingardags, en með dráttarvöxtum skv. 10. gr. laga nr. 25/1987 frá þeim degi til greiðsludags. Áföllnum vöxtum sé heimilt að bæta við höfuðstól skv. 12. gr. laga nr. 25/1987, fyrst 18. 11. '88.

3. Að stefndi verði dæmdur til þess að greiða stefnanda málskostnað skv. gjaldskrá LMFÍ að viðbættu söluskattsálagi og að málskostnaðarfjárhæðin beri dráttarvexti skv. 3. kafla laga nr. 25/1987 frá 15. degi eftir dómsuppsögu til greiðsludags.

Dómkröfur stefnda eru þessar:

Aðallega, að stefndi verði sýknaður af kröfum stefnanda og stefnandi dæmdur til að greiða stefnda málskostnað skv. gjaldskrá LMFÍ.

Til vara, að kröfur stefnanda verði felldar niður eða lækkaðar með heimild í 65. gr. l. nr. 6/1978 og málskostnaður felldur niður.

Sáttaumleitanir fyrir dómi hafa ekki borið árangur.

II.

Stefnandi lýsir málsástæðum og atvikum svo, að með úrskurði, upp kveðnum 6. janúar 1988 í skiptarétti Reykjavíkur, hafi bú Nesco-framleiðslufélags h/f, nnr. 6612-0376, verið tekið til gjaldþrotaskipta. Innköllun til kröfuhafa hafi verið birt í Lögbirtingablaði 29. janúar 1988, og kröfulýsingarfresti hafi lokið 29. apríl 1988. Á þeim fundi hafi Gestur Jónsson hrl. verið kosinn skiptastjóri þrotabúsins. Á fundinum hafi verið samþykkt heimild til skiptastjórans til að höfða mál til riftunar á greiðslum skulda Nesco-framleiðslufélags h/f, teldi hann grundvöll riftunar skv. 8. kafla gjaldþrotalaga vera fyrir hendi.

Stefndi hafi annast gerð auglýsinga fyrir hið gjaldþrota félag og séð um birtingu þeirra í fjölmiðlum. Hafi safnast upp skuld Nesco-framleiðslufélags hjá stefnda. Stefndi hafi fengið skuldina greidda 18. 11. '87 með

1.945 kr. í peningum og 10 skuldabréfum, hverju að fjárhæð 226.679,20 kr., sem gefin hafi verið út af Elínu Bieltvedt 16. 11. '87 með sjálfskuldarábyrgð Óla A. Bieltvedts, nnr. 6821-9140, og Birgis Þórs Bieltvedts, nnr. 1113-8683.

Í samkomulagi um uppgjör skuldarinnar, sem undirritað sé af Helga Sigurðssyni lögmanni f. h. stefnda og Óla A. Bieltvedts f. h. hins gjaldþrota félags, komi fram, að stefndi hafi skuldbundið sig til þess að aflétta auglýsingabanni af Nesco-Laugavegi h/f, en nefndur Óli sé einnig stjórnarformaður þess félags.

Stefnda hafi verið á þeim tíma, sem hann knúði fram greiðslu á skuldinni, fullkunnugt um ógjaldfærni hins gjaldþrota félags og hafi notfært sér markaðsstöðu sína gagnvart Nesco-Laugavegi h/f til þess að knýja fram uppgjör umfram aðra lánardrottna.

Með bréfi, dags. 23. júní 1988, hafi greiðslu skuldarinnar verið rift og krafið um endurgreiðslu. Þeirri áskorun hafi ekki verið sinnt.

Það sé mat skiptastjóra, að greiðsla skuldarinnar hafi farið fram með óvenjulegum greiðslueyri og að greiðslan hafi verið á ótilhlýðilegan hátt stefnda til hagsbóta á kostnað annarra kröfuhafa. Um þetta hafi stefnda verið ljóst eða mátt vera ljóst, enda beri þær þvinganir, sem hann hafi beitt við að ná fram greiðslunni, þess skýr merki.

Fjárhæð stefnukröfu nemi sömu fjárhæð og greidd hafi verið 18. 11. '87.

Umboð skiptastjóra til málshöfðunar sé reist á 1. tl. 91. gr. l. 6/1978, sbr. 112. gr. s. l., og á skiptafundi í þrotabúinu 29. 4. '88 hafi jafnframt verið samþykkt heimild til skiptastjóra til málshöfðunarinnar.

Krafan um riftun á greiðslu skuldarinnar sé reist á 1. mgr. 54. gr. og 61. gr. l. 6/1978, sbr. 62. og 63. gr. s. l.

Málskostnaðarkrafan styðjist við 177. gr. l. 85/1936 og 21. gr. l. 54/1988.

Stefndi lýsir málsatvikum og lagarökum svo, að á árinu 1986 hafi stefndi starfað fyrir Nesco-framleiðslufélag h/f við gerð auglýsinga. Hluti þessarar auglýsingavinnu hafi verið greiddur með víxlum, en eftir hafi staðið tveir reikningar ógreiddir. Víxlana hafi stefndi notað til greiðslu á skuldbindingum sínum, en hafi síðan orðið að leysa þá til sín aftur. Hóf hann þá þegar innheimtu á þessum skuldum á hendur stefnanda og Óla Antoni Bieltvedt stjórnarformanni, sem hafi verið persónulega ábyrgur fyrir víxilskuldbindingu stefnanda. Hinn 9. október 1987 hafi síðan verið gert fjárnám í eignum Óla Antons Bieltvedts fyrir víxilskuldinni, og fyrir hafi legið fjárnámsbeiðni á stefnanda fyrir reikningunum, sem ógreiddir hafi verið. Í október 1987 hafi verið farið fram á það við stefnda að fá að greiða skuld þessa með skuldabréfum, sem stefndi samþykkti, svo framarlega sem bréfin væru trygg. Hafi skuldabréf þessi verið gagngert útbúin til þess að

greiða skuld þessa við stefnda, en hafi ekki komið Nesco-framleiðslufélagi h/f við að öðru leyti en því að vera gefin út á nafn þess og notuð til greiðslu á skuld félagsins við stefnda. Hér hafi því ekki verið um að ræða fjármuni, sem stefnandi átti né kæmi til með að eignast, þar sem bréfin hafi verið útbúin sérstaklega til greiðslu þessarar skuldar, en engin viðskipti á bak við þau milli Elínar Bieltvedts, útgefanda bréfanna, og Nesco-framleiðslufélags. Með greiðslu þessari hafi þrotabúið því ekki tapað peningum eða fjármunum, heldur hafi það auðgast af þessum sökum um hina umstefndu fjárhæð, þar sem skuld stefnanda við stefnda hafi ekki verið lýst af þessum sökum.

Þar sem hér sé ekki um greiðslu að ræða, sem hafi orðið búinu eða öðrum kröfuhöfum til tjóns við gjaldþrotaskiptin, telji stefndi, að riftunarreglur l. nr. 6/1978 komi ekki til álita og eigi ekki við í þessu máli. Aðalforsenda riftunarreglna l. nr. 6/1978 sé að koma í veg fyrir, að búið sjálft ívilni einum kröfuhafa umfram aðra, svo að búið sjálft eða aðrir kröfuhafar bíði tjón af. Hér sé ekki um það að ræða, heldur greiðslu úr hendi þriðja manns, sem búið hafi ekki átt sjálft, heldur hafi gagngert verið búin til í þessum tilgangi og þess vegna verið bæði búinu sjálfu og kröfuhöfum þess í hag.

Þá sé því sérstaklega mótmælt, að stefndi hafi beitt óeðlilegum þvingunum með auglýsingabanni. Hið rétta sé, að þeir aðilar, sem annist auglýsingagerð, fylgist innbyrðis með skilum einstakra auglýsenda og safni upp vanskilum. Hér hafi því ekki verið um neitt bann að ræða, heldur hafi aðrir ekki tekið við stefnanda í viðskipti, meðan svo hafi verið ástatt. Hér hafi því verið um eðlilega tryggingarráðstöfun annarra auglýsingagerðarmanna að ræða.

Til vara sé krafist lækkunar eða niðurfellingar á grundvelli 65. gr. l. nr. 6/1978, þar sem stefndi, sem var skuldum vafinn, hafi varið þessum fjármunum til fullnustu þeirra skuldbindinga sinna til þriðja manns. Það sé því mjög miklum erfiðleikum bundið að skila þessum verðmætum aftur og geti jafnvel leitt til þess, að stefndi yrði ógjaldfær.

Stefndi, Bjarni Dagur Jónsson, hefur gefið aðilaskýrslu í máli þessu.

III.

Kröfu sína um riftun reisir stefnandi umfram allt á 1. mgr. 54. gr. gjaldþrotalaga nr. 6/1978. Samkvæmt því ákvæði er það nægjanlegt til riftunar á greiðslu skuldar, sem farið hefur fram á síðustu sex mánuðum fyrir frestdag, ef greitt var með óvenjulegum greiðslueyri.

Skuld sú, sem hér um ræðir, var gerð upp við stefnda með þeim hætti, að Nesco-framleiðslufélag h/f framseldi stefnda tíu skuldabréf, hvert að fjárhæð 226.679,20 kr., út gefin af Elínu Bieltvedt 16. nóvember 1987 með

sjálfskuldarábyrgð Óla Antons Bieltvedts og Birgis Þórs Bieltvedts, en einnig var greitt með peningum, 1.945 kr., sbr. uppgjör, dags. 18. nóvember 1987. Fyrir liggur, að útgáfa greindra skuldabréfa var vegna kaupa greindrar Elínar á hlutabréfum í eigu Nesco-framleiðslufélags h/f, sbr. framlagt reikningsuppgjör þar um, dags. 16. nóvember 1987.

Nesco-framleiðslufélag h/f var úrskurðað gjaldþrota 6. janúar 1988. Ljóst er því, að umgetin greiðsla fór fram innan þeirra tímamarka, sem í 1. mgr. 54. gr. laga nr. 6/1978 greinir, og einnig verður talið, að því er til skuldabréfanna tekur, að greitt hafi verið með óvenjulegum greiðslueyri í skilningi lagaákvæðisins.

Að því er til peningagreiðslunnar tekur, ber og að líta til þess, að stefndi mátti vita um ógjaldfærni félagsins vegna undangenginna innheimtuaðgerða sinna, og verður því einnig talið, að skilyrðum laga til riftunar þeirrar greiðslu sé fullnægt, sbr. 61. gr. laga nr. 6/1978.

Samkvæmt framansögðu ber að fallast á riftunarkröfu stefnanda í máli þessu.

Engin efni þykja vera til, svo sem atvikum er háttað í máli þessu, að taka til greina varakröfu stefnda um lækkun eða niðurfellingu á kröfum stefnanda á grundvelli 65. gr. laga nr. 6/1978.

Samkvæmt framansögðu og með vísan til 63. gr. laga nr. 6/1978 ber að taka til greina fjárkröfu stefnanda í málinu og með þeim vöxtum, sem krafist er og nánar greinir í dómsorði.

Eftir þessum málalokum ber að dæma stefnda til að greiða stefnanda málskostnað, sem telst hæfilega ákveðinn 320.000 kr., að meðtöldum söluskatti. Málskostnaðarfjárhæðin án söluskatts skal bera dráttarvexti skv. III. kafla laga nr. 25/1987 frá 15. degi eftir uppkvaðningu dóms þessa til greiðsludags.

Greinargerð stefnanda samrýmist ekki fyrirmælum 1. mgr. 105. gr. laga nr. 85/1936, eins og því ákvæði var breytt með 12. gr. laga nr. 54/1988, og er það aðfinnsluvert.

Lögmaður stefnanda var Gestur Jónsson hrl., og lögmaður stefnda var Guðný Höskuldsdóttir hrl.

Eggert Óskarsson borgardómari kvað upp dóm þennan.

Dómsuppsaga hefur dregist vegna embættisanna dómarans.

Dómsorð:

Greiðslu á skuld Nesco-framleiðslufélags h/f við stefnda, að fjárhæð 2.268.737 kr., sem fram fór 18. 11. '87 með afhendingu á tíu skuldabréfum, hverju að fjárhæð 226.679,20 kr., út gefnum af Elínu Bieltvedt 16. 11. '87, með sjálfskuldarábyrgð Óla Antons Bieltvedts,

nnr. 6821-9140, og Birgis Þórs Bieltvedts, nnr. 1113-8683, og peningum, 1.945 kr., er rift.

Stefndi, Bjarni Dagur Jónsson, greiði stefnanda, þrotabúi Nescoframleiðslufélags h/f, 2.268.737 kr. með 45,6% dráttarvöxtum á ári frá 18. 11. '87 til 1. 12. '87, með 49,2% dráttarvöxtum á ári frá þeim degi til 1. 1. '88, með 51,6% dráttarvöxtum á ári frá þeim degi til 1. 3. '88, með 45,6% dráttarvöxtum á ári frá þeim degi til 1. 5. '88, með 44,4% dráttarvöxtum á ári frá þeim degi til 1. 7. '88, með 52,8% dráttarvöxtum á ári frá þeim degi til stefnubirtingardags, en með dráttarvöxtum skv. 10. gr. laga nr. 25/1987 frá þeim degi til greiðsludags.

Áfallnir vextir leggist við höfuðstól skv. 12. gr. laga nr. 25/1987, í fyrsta skipti 18. 11. '88.

Stefndi greiði stefnanda 320.000 kr. í málskostnað að meðtöldum söluskatti. Málskostnaðarfjárhæðin án söluskatts skal bera dráttarvexti skv. III. kafla laga nr. 25/1987 frá 15. degi eftir uppkvaðningu dóms þessa til greiðsludags.

Dómi þessum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Þriðjudaginn 3. mars 1992.

Nr. 500/1991. **Ákæruvaldið**
(Bragi Steinarsson vararíkissaksóknari)
gegn
Aðalsteini Júlíussyni
(Knútur Bruun hrl.).

Umferðarlög. Bifreiðar. Bifhjól. Manndráp af gáleysi.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Guðrún Erlendsdóttir, Gunnar M. Guðmundsson, Haraldur Henrysson, Hrafn Bragason og Pétur Kr. Hafstein.

Ríkissaksóknari skaut máli þessu til Hæstaréttar með áfrýjunarstefnu 10. desember 1991 til sakfellingar samkvæmt ákæru, refsiákvörðunar og sviptingar ökuréttinda. Þá var skipuðum verjanda ákærða í héraði, Knúti Bruun hæstaréttarlögmanni, einnig stefnt fyrir Hæstarétt til þess að þola endurskoðun til lækkunar á ákvörðun héraðsdómara um málsvarnarlaun í héraði, sbr. 3. mgr. 179. gr. laga nr. 74/1974 um meðferð opinberra mála.

Málsatvik eru þau, að miðvikudaginn 17. apríl 1991 varð harður árekstur með bifhjólinu RN-025 og bifreiðinni P-924, sem ekið var vestur nyrðri akbraut Laugavegar í Reykjavík og inn á syðri akbraut götunnar áleiðis að húsi Heklu hf. nr. 170-174. Akbrautum er á þessu svæði skipt með umferðareyjum. Bifhjólinu var ekið austur Laugaveg, og skall það af miklu afli á hægri framhlið bifreiðarinnar með þeim afleiðingum, að ökumaður þess, Jón Sigurður Halldórsson, lést. Hemlaför bifhjólsins mældust 25 metrar. Hemlaför sendibifreiðarinnar H-3918, sem einnig var ekið austur Laugaveg og var á hægri akrein, voru mæld um það bil tíu metrar. Í lögregluskýrslu kemur fram, að yfirborð vegarins, sem var malbikaður, hafi verið slétt og þurrt. Af hemlaförum að dæma virðist bifhjólið hafa runnið við hemlun af vinstri akrein eða miðju syðri akbrautarinnar fram fyrir sendibifreiðina, en áreksturinn varð á hægri akrein. Á ljósmyndum af vettvangi sést, að vinstra framhjól bifreiðar ákærða var komið upp á gangstétt í innkeyrslunni að Heklu hf., þegar áreksturinn varð. Slysið var tilkynnt lögreglu kl. 16.54, og var þá bjart veður og sólskin. Ekki verður ráðið af framlögðum skoðunar-

skýrslum Bifreiðaskoðunar Íslands hf., sem unnar voru skömmu eftir slysið, að ökutækin hafi verið vanbúin.

Eins og rakið er í hinum áfrýjaða dómi, verður að telja ósannað, að ákærði hafi séð til ferða bifhjólsins umrætt sinn eða aðstæður hafi verið þannig, að gáleysislegt hafi verið af hans hálfu að aka inn á syðri akbraut Laugavegar miðað við fjarlægð þeirra tveggja bifreiða, sem næstar voru og ekið var til austurs, að því er virðist samsíða eða því sem næst. Það verður ekki metið ákærða til sakar, að hann við þessar aðstæður varaðist ekki bifhjólið, sem telja verður sannað, að ekið hafi verið á allt of miklum hraða milli framangreindra bifreiða, sbr. 1. mgr. 37. gr. umferðarlaga nr. 50/1987, og þvert gegn fortakslausu banni 1. mgr. 41. gr. sömu laga, sbr. og 1. mgr. 23. gr. laganna. Ber því að staðfesta niðurstöðu hins áfrýjaða dóms um sýknu ákærða.

Rétt er, að allur áfrýjunarkostnaður sakarinnar greiðist úr ríkissjóði, eins og í dómsorði greinir. Við ákvörðun málsvarnarlauna skipaðs verjanda fyrir Hæstarétti er tekið tillit til þess, að málsvarnarlaun voru ákveðin of há í héraðsdómi miðað við umfang málsins.

Í héraðsdóminn skortir atvikalýsingu í samfelldu máli, en framburði ákærða og vitna fyrir dómi er hins vegar glögglega lýst. Samning dómsins er þannig ekki að öllu leyti í samræmi við 166. gr. laga nr. 74/1974 um meðferð opinberra mála.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Allur áfrýjunarkostnaður sakarinnar greiðist úr ríkissjóði, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda ákærða fyrir Hæstarétti, Knúts Bruun hæstaréttarlögmanns, 40.000 krónur.

Dómur sakadóms Reykjavíkur 13. nóvember 1991.

Ár 1991, miðvikudaginn 13. nóvember, er á dómþingi sakadóms Reykjavíkur, sem háð er í Borgartúni 7 af Guðjóni St. Marteinssyni sakadómara, kveðinn upp dómur í sakadómsmálinu nr. 588/1991: Ákæruvaldið gegn Aðalsteini Júlíussyni, sem tekið var til dóms sama dag.

Málið er höfðað með ákæruskjali ríkissaksóknara, dagsettu 27. ágúst 1991, á hendur Aðalsteini Júlíussyni, Barðavogi 44, Reykjavík, kt. 181239-

3529, „fyrir að aka miðvikudaginn 17. apríl 1991 bifreiðinni P-924 vestur vinstri akrein Laugavegar í Reykjavík og án nægjanlegrar aðgæslu inn á syðri akrein götunnar áleiðis að húsi nr. 170-174 og í veg fyrir bifhjólið RN-025 og sendibifreið, sem ekið var austur Laugaveg. Ökumanni sendibifreiðarinnar tókst að staðnæmast með því að nauðhemla, en bifhjólið rann í hemlun á bifreið ákærða. Við þetta kastaðist ökumaður þess, Jón Sigurður Halldórsson, fæddur 27. júlí 1958, í götuna og hlaut svo mikla áverka á vinstri síðu og í kviðarholi, að hann lést skömmu síðar.

Telst þetta varða við 215. gr. almennra hegningarlaga nr. 19, 1940, og 6. mgr. 25. gr., sbr. 1. mgr. 100. gr. umferðarlaga nr. 50, 1987.

Þess er krafist, að ákærði verði dæmdur til refsingar, til sviptingar ökuréttinda samkvæmt 101. gr. nefndra umferðarlaga og til greiðslu alls sakarkostnaðar".

Verjandi ákærða flutti munnlega vörn í dag og gerði þær dómkröfur, að ákærði yrði sýknaður af öllum kröfum ákæruvaldsins, og jafnframt, að allur kostnaður vegna málsins, þ. m. t. málsvarnarlaun, yrði greiddur úr ríkissjóði.

Málsatvik.

Ákærði kom fyrir dóminn 8. október sl. Ákærði vísaði því á bug að hafa ekið bifreið sinni inn á syðri akrein Laugavegar áleiðis að húsi nr. 170-174 við Laugaveg án nægjanlegrar aðgæslu, svo sem ákært er út af. Ákærði kvaðst hafa stöðvað bifreið sína, P-924, móts við hús nr. 170-174 við Laugaveg, hús Heklu hf., og ætlað að aka inn á bílastæðin við það hús. Ákærði kvaðst hafa séð umferð koma úr vesturátt og beðið færis að aka yfir syðri akrein Laugavegar og yfir á lóð Heklu. Ákærði taldi þær bifreiðar, er næstar hefðu verið, hafa verið Toyota-sendibifreið, sem hefði verið ekið austur Laugaveg á hægri akrein, og Daihatsu-bifreið á vinstri akrein, og hefði hún verið skammt á undan sendibifreiðinni. Ákærði taldi bifreiðar þessar hafa verið staddar rétt austan við útkeyrslu vestast á lóð gamla Hekluhússins, og taldi ákærði sig því hafa haft nægan tíma til að komast yfir á lóð Heklu. Samkvæmt mælingu lögreglu eru 83 metrar milli útkeyrslu vestast á lóð Heklu og innkeyrslu þeirrar, þar sem slysið varð. Ákærði kvaðst því hafa haft nægan tíma til að aka yfir syðri akrein Laugavegar vegna bifreiðanna, er ekið var í austurátt, en ákærði kvað bifreiðunum hafa verið ekið á eðlilegum ökuhraða, og kvaðst ákærði telja, að bílstjóri sendibifreiðarinnar hefði nauðhemlað, er bifhjólið hefði runnið í hemlun fram hjá bifreiðinni, og hið sama eigi við um ökumann Daihatsu-bifreiðarinnar. Ákærði kvaðst hvorki hafa heyrt í bifhjólinu né séð það, fyrr en það skall á bifreið ákærða, en ákærði kvað eiginkonu sína, Elínu Ingólfsdóttur, hafa komið auga á bifhjólið augnabliki áður en það skall

á bifreiðinni, og hefði hún þá hrópað upp yfir sig. Ákærði kvað bifhjólið hafa skollið á hægra frambretti bifreiðar sinnar, og við það hefði hægri hliðarrúða bifreiðarinnar farið úr svo og framrúða, og síðar hefði komið í ljós, að ökumaður bifhjólsins hefði legið í götunni vinstra megin við bifreið ákærða.

Vitnið Elín Lára Ingólfsdóttir bókari, eiginkona ákærða, kom fyrir dóminn 23. október sl. Elín kvaðst hafa verið farþegi í bifreið ákærða á þeim tíma, er í ákæru greinir. Elín kvaðst sjálf vera bílstjóri og hafa litið eftir umferð úr vesturátt, er ákærði ók yfir á syðri helming Laugavegar og í áttina að Hekluhúsinu, og kvaðst Elín hafa talið nægan tíma til að komast yfir á lóð Heklu. Elín kvaðst telja, að bifreiðarnar tvær, er komu akandi úr vesturátt, hefðu verið nærri útkeyrslunni vestast á lóð Heklu, og hefði þeim verið ekið á eðlilegum hraða. Elín kvaðst þá skyndilega hafa séð til ferða bifhjóls, sem ekið hefði verið á miklum hraða milli þeirra tveggja bifreiða, er komu úr vesturátt, og örskömmu síðar hefði bifhjólið lent á bifreið ákærða og þá verið á mikilli ferð. Bifreiðarnar, er komu úr vesturátt, hefðu verið nánast samsíða og bifhjólið ekki komist fram úr þeim öðruvísi en fara á milli þeirra.

Vitnið Þórdís Guðfinna Jóhannesdóttir sjúkraliði kom fyrir dóminn 23. október sl. Þórdís kvað bifreið sína hafa verið kyrrstæða fyrir aftan bifreið ákærða, er hann beið færis að aka yfir á lóð Heklu á þeim tíma, er í ákæru greinir. Þórdís kvað sér hafa virst ákærði vera „kaldur", er hann hefði ekið af stað yfir Laugaveginn og í átt að Hekluhúsinu. Þórdís taldi þó, að ákærði hefði haft nægan tíma til að komast þar yfir vegna bílanna, er komu úr vesturátt, en ákærði hefði ekið frekar hægt. Þórdís kvað bifreiðarnar, er komu úr vesturátt, hafa verið u. þ. b. samsíða, og hefði sendibifreið verið á hægri akrein, en lítilli fólksbifreið verið ekið eftir vinstri akrein. Þórdís kvaðst hvorki hafa heyrt í bifhjólinu, er kom úr vesturátt, né séð til þess, en einungis heyrt höggið, er það skall á bifreið ákærða.

Vitnið Stefán Kristján Stefánsson sendibílstjóri kom fyrir dóminn 23. október sl. Stefán kvaðst hafa ekið sendibifreið sinni upp Nóatún og beygt inn á Laugaveg til austurs á þeim tíma, er í ákæru greinir. Stefán kvaðst hafa ekið á um 50-60 km hraða og verið kominn nærri innkeyrslunni að Heklu, er bifreið ákærða hefði verið ekið í veg fyrir bifreiðina, og kvaðst Stefán þá hafa snögghemlað. Stefán kvaðst giska á það, að bifreið sín hefði verið u. þ. b. 10-15 metra frá innkeyrslunni, er hann byrjaði að hemla, en þar sé um ágiskun að ræða og einhverju geti skeikað í þessu efni. Stefán kvaðst ekkert hafa séð til ferða bifhjólsins, fyrr en örskömmu áður en bifreið sín hefði numið staðar, en þá hefði bifhjólið komið fram úr vinstra megin á mikilli ferð. Stefán kvaðst ekki treysta sér til að giska á hraða bifhjólsins, en það hefði verið á miklum hraða, er það lenti á bifreið

ákærða. Stefán mundi ekki eftir annarri bifreið við hlið sinnar, er þetta gerðist.

Vitnið Elísabet Sigurðardóttir skrifstofumaður kom fyrir dóminn 23. október sl. Elísabet kvaðst hafa verið að aka bifreið sinni frá Hekluhúsinu á þeim tíma, er í ákæru greinir. Elísabet kvaðst hafa séð til umferðar, er kom úr vestri eftir Laugaveginum, og hefði sendibifreið verið fremst og á hægri akrein, en önnur bifreið verið við hlið hennar. Elísabet kvað bifreiðar þessar hafa verið staddar nærri útkeyrslu vestast á lóð Heklu og hefði hún talið sig hafa haft nægan tíma til að aka frá lóð Heklu og inn á Laugaveg, en hætt við, er hún sá til ferða bifhjóls, er kom úr vesturátt. Elísabet kvað bifhjólinu hafa verið ekið á mikilli ferð í austurátt og á milli fremstu bifreiðanna, er komu úr þeirri átt, og kvað Elísabet sér hafa virst framhjól bifhjólsins lyftast frá götunni. Elísabet kvaðst telja, að ákærði hefði haft nægan tíma til að aka yfir Laugaveginn og inn á lóð Heklu vegna bifreiðanna, er komu úr vesturátt, og kvaðst Elísabet sjálf hafa haft nægan tíma til að aka inn á Laugaveginn vegna sendibifreiðarinnar, og hið sama hefði átt við um ákærða, hann hefði haft nægan tíma til að aka yfir Laugaveginn. Elísabet kvað bifhjólið hafa komið milli tveggja fremstu bifreiðanna og það verið á mikilli ferð, er það skall á bifreið ákærða.

Vitnið Snorri Hlíðberg Kjartansson, starfsmaður Heklu, kom fyrir dóminn 23. október sl. Snorri kvaðst á þeim tíma, er í ákæru greinir, hafa verið staddur úti í glugga á vinnustað sínum í gamla Hekluhúsinu. Snorri kvaðst hafa haft sjónlínu skammt frá gatnamótum Laugavegar og Nóatúns og á móts við mitt gamla Hekluhúsið. Snorri kvaðst hafa veitt athygli bifhjóli, er kom frá gatnamótum Laugavegar og Nóatúns, og skyndilega hefði snúningur vélar hjólsins verið aukinn og hjólið „krossað" bílana, þ.e. bifhjólið ók fram úr bílunum og skipti sífellt um akrein. Snorri kvað bifhjólið hafa horfið sjónum sínum móts við mitt gamla Hekluhúsið, og örskömmu síðar hefði hann heyrt skell. Snorri kvað bifhjólið hafa verið á mun meiri hraða en bifreiðarnar, er ekið var eftir Laugavegi í austurátt, en þær hefðu allar verið á „venjulegri" ferð, og kvað Snorri bifreiðarnar, er hann sá út um gluggann á vinnustað sínum, enn hafa verið sér sýnilegar, er hann heyrði skellinn.

Vitnið Erla Bergmann Daníusdóttir, starfsmaður elliheimilis, kom fyrir dóminn í dag. Erla kvaðst hafa ekið bifreið sinni af Nóatúni og inn á Laugaveg til austurs á þeim tíma, er í ákæru greinir. Erla kvaðst hafa verið búin að aka stutta vegalengd eftir Laugaveginum, er bifhjól hefði skotist fram úr eftir vinstri akrein og lent skömmu síðar á bifreið ákærða. Erla kvaðst ekki muna eftir öðrum bifreiðum á Laugavegi, er slysið varð, og ekki veitt bifreið ákærða athygli, fyrr en bifhjólið skall á henni. Erla kvað Laugaveginn hafa verið auðan í austurátt fyrir utan bifreið, er var mun lengra

í burtu, og bifreið ákærða því ekki hindrað akstur sinn í austurátt, en Erla kvað enga bifreið hafa verið á undan bifreið sinni utan bifreið lengra burtu, svo sem rakið var.

Vitnið Hákon Sigurjónsson rannsóknarlögreglumaður kom fyrir dóminn í dag. Hákon tók ljósmyndir af vettvangi 17. apríl sl. Hákon greindi frá því, að samkvæmt mælingum og tilraunum væri hraði ökutækis, er flokkaðist sem bifreið og næði að stöðvast á 25 metrum miðað við fullkomna hemlun og enga fyrirstöðu, 67 kílómetrar á klukkustund. Hákon greindi frá því, að tilraunir með sams konar bifhjól og hér um ræðir hefðu leitt í ljós, að hemlunarvegalengd slíks hjóls, sem hemlað er á 100 kílómetra hraða, myndi vera 35 metrar miðað við það, að hjólið hemli fullkomlega á báðum hjólum og engin fyrirstaða sé. Hákon kvað strax hafa læðst að sér þann grun, er í ljós kom, að hraðamælir bifhjólsins hefði verið fastur á 110 km hraða, að hjólinu hefði einungis verið hemlað á afturhjóli. Hákon kvað afturhjóli vera hemlað með fótstigi, en framhjóli með handhemli. Hákon kvað hraðamæli hjólsins hafa átt að fara í 0-stöðu, ef framhjólinu hefði verið hemlað, en hraðamælirinn sé tengdur framhjólinu. Hákon greindi frá því, að líkur væru til þess, að bifhjólinu hefði einungis verið hemlað á afturhjóli. Því til stuðnings benti Hákon á það, að ekki væru á ljósmyndum af vettvangi sýnileg hemlaför eftir framhjól mótorhjólsins.

Niðurstöður.

Svo sem rakið hefur verið, vísaði ákærði því á bug, að hann hefði ekki sýnt nægilega aðgæslu, er hann ók inn á syðri akrein Laugavegar móts við Hekluhúsið 17. mars sl. Vitnin Elín Lára Ingólfsdóttir, Þórdís Guðfinna Jóhannesdóttir, Elísabet Sigurðardóttir og Erla Bergmann Daníelsdóttir hafa ýmist borið, að ákærði hafi haft nægan tíma til að aka yfir Laugaveginn vegna bifreiðanna, er komu úr vesturátt, eða að bifreið ákærða hafi ekki hindrað akstur austur Laugaveg, svo sem vitnið Erla Bergmann bar. Vitnið Stefán Kristján Stefánsson kvaðst hafa þurft að snögghemla, er ákærði ók bifreið sinni yfir Laugaveginn, en ákærði taldi Stefán hafa snögghemlað, er bifhjólið skaust fram úr bifreið Stefáns. Vitnið Snorri Hlíðberg Kjartansson kvað bifreiðarnar, er ekið var austur Laugaveg á þessum tíma, enn hafa verið sér sýnilegar, er bifhjólið skall á bifreið ákærða, en svo sem rakið var að framan, hurfu bifreiðar sjónum Snorra, þaðan sem hann stóð, er bifreiðarnar voru komnar móts við mitt gamla Hekluhúsið, en þangað hafði Snorri sjónlínu. Flest vitnanna hafa borið, að ákærði hafi haft nægan tíma til að aka yfir Laugaveg vegna bifreiðanna, er komu úr vesturátt. Ákærði sá ekki til ferða bifhjólsins, sem skaust á milli bifreiðanna, er fremstar voru á leið austur, en bifreiðar þessar munu hafa verið nánast samsíða og þannig byrgt sýn vestur Laugaveg. Ákærði

átti því ekki von á öðrum ökutækjum úr þessari átt en þessum bifreiðum, a. m. k. ekki á undan þeim. Ökumaður bifhjólsins kom engu að síður úr þessari átt, skaust milli bifreiðanna, er fremstar voru, og „krossaði" bifreiðarnar, er óku í austurátt á þessum tíma, svo sem vitnið Snorri Hlíðberg Kjartansson bar. Að öðru leyti vísast til framburðar vitna hér að framan um ferð bifhjólsins og aksturslag. Þrátt fyrir það að bifhjólið hafi runnið 25 metra í hemlun, áður en það hafnaði á bifreið ákærða, skall það á bifreiðinni af gríðarlegu afli, svo sem ljósmyndir málsins bera með sér. Þetta gefur vísbendingu um ökuhraðann ásamt öðrum gögnum málsins. Þótt ekkert sé hægt að fullyrða um hraða bifhjólsins, er ljóst, að hann hefur verið mjög mikill og ökulagi stjórnanda bifhjólsins og hraða um að kenna, hvernig fór, og telur dómurinn, að ákærði eigi þar enga sök á, og er hann því sýknaður af öllum kröfum ákæruvaldsins í málinu.

Sakarkostnaður greiðist úr ríkissjóði, þ. m. t. 80.000 kr. í málsvarnarlaun til Knúts Bruun hæstaréttarlögmanns.

Dómsorð:

Ákærði, Aðalsteinn Júlíusson, er sýknaður af öllum kröfum ákæruvaldsins í málinu.

Sakarkostnaður, þ. m. t. 80.000 kr. málsvarnarlaun til verjanda, Knúts Bruun hrl., greiðast úr ríkissjóði.

Fimmtudaginn 5. mars 1992.

Nr. 274/1991. **Ákæruvaldið**
(Bragi Steinarsson vararíkissaksóknari)
gegn
Halli Magnússyni
(Ragnar Aðalsteinsson hrl.).

Ærumeiðingar. Miskabætur. Opinberir starfsmenn. Ómerking ummæla. Sératkvæði.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Guðrún Erlendsdóttir, Garðar Gíslason, Hjörtur Torfason, Hrafn Bragason og Þór Vilhjálmsson.

Ríkissaksóknari hefur að ósk ákærða skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 14. júní 1991, en einnig af ákæruvaldsins hálfu til sakfellingar samkvæmt ákæru, þyngingar á refsingu og hækkunar miskabóta. Að öðru leyti er krafist staðfestingar héraðsdóms.

Af hálfu ákærða er krafist sýknu af öllum kröfum ákæruvaldsins, þar á meðal bótakröfu.

Með dómi Hæstaréttar 17. maí 1990 voru dómur sakadóms Reykjavíkur 20. júní 1989 í máli ákæruvaldsins gegn ákærða og málsmeðferð felld úr gildi og málinu vísað frá héraðsdómi. Með bréfi ríkissaksóknara 13. júlí 1990 voru frumskjöl þess máls ásamt hæstaréttarágripi málskjala send sakadómi Reykjavíkur og þess krafist, að málið yrði tekið fyrir að nýju til dómsmeðferðar og dómsálagningar samkvæmt sömu ákæru og vísað hafði verið frá Hæstarétti. Sakadómari hafnaði þessari kröfu ríkissaksóknara með dómi 4. október 1990, og var sú niðurstaða hans staðfest í Hæstarétti með dómi 9. sama mánaðar. Ríkissaksóknari gaf síðan út 12. október 1990 ákæru þá, sem hér er til meðferðar, og var málið þingfest í sakadómi 25. sama mánaðar. Verður að telja málið réttilega upp tekið í skilningi lokamálsliðar 5. mgr. 82. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940. Þarf því ekki að taka það til frekari meðferðar, hvort sök sé fyrnd.

I.

Tildrög máls þessa eru rakin í héraðsdómi. Þar kemur fram, að kirkjugarðurinn í Viðey hefur aldrei verið í umsjá Dómkirkjuprestakalls, heldur verið undir stjórn kirkjugarða Reykjavíkurprófastsdæmis frá því í ágúst 1986, en þá var kirkjan í Viðey afhent Reykjavíkurborg. Það var þó Viðeyjarnefnd, en hún hafði á vegum Reykjvíkurborgar alla yfirstjórn framkvæmda í Viðey, sem tók ákvörðun um lagfæringu kirkjugarðsins. Framkvæmdirnar höfðu áður verið kynntar í borgarráði og borgarstjórn, og var sérstök fjárveiting ætluð til þessa verkefnis á fjárhagsáætlun Reykjavíkurborgar fyrir árið 1988. Framkvæmdir þessar voru í því fólgnar, að veggur í kringum garðinn var endurhlaðinn og garðflötin sléttuð. Meðan á framkvæmdum stóð, var sléttað yfir öll leiðin í garðinum, en síðan hafa leiði Gunnars Gunnarssonar skálds, konu hans og sonar verið hlaðin upp að nýju, en það eru nýjustu leiðin í garðinum. Framkvæmdir þessar urðu ákærða tilefni greinar, sem hann ritaði undir nafni í dagblaðið Tímann 14. júlí 1988 og ber yfirskriftina: „Spjöll unnin á kirkjugarðinum í Viðey". Eru ummæli í henni tilefni ákæru í máli þessu.

Borgarráð Reykjavíkur samþykkti 23. febrúar 1988 að ráða séra Þóri Stephensen, þáverandi dómkirkjuprest, til að gegna starfi staðarhaldara í Viðey um eins árs skeið frá og með 1. maí það ár. Var þetta tilkynnt séra Þóri með bréfi borgarstjóra 24. febrúar 1988. Hvorki var gerður við hann skriflegur ráðningarsamningur né fékk hann í hendur erindisbréf. Ljóst var þó, að honum var falið að vera fulltrúi borgaryfirvalda í Viðey.

Séra Þórir hafði hinn 22. febrúar, daginn fyrir ráðningu sína, komið fram í sjónvarpi og upplýst, að hann yrði staðarhaldari í Viðey. Davíð Oddsson borgarstjóri hafði skömmu áður farið þess á leit við séra Þóri, að hann réðist til þessa starfa. Þetta viðtal sætti athugasemdum í borgarráði. Séra Þórir fékk launalaust leyfi frá starfi dómkirkjuprests 15. júní 1988, og 15. júní 1989 var honum veitt lausn frá því embætti.

Þriðjudaginn 12. júlí 1988 birtist í dagblaðinu DV grein undir fyrirsögninni: „Leiði Gunnars Gunnarssonar í Viðey: Dráttarvél beitt án vitundar ættingja". Kemur þar fram, að dráttarvél hafi verið notuð til að slétta yfir leiði í kirkjugarðinum í Viðey. Þetta

hafi verið gert án vitundar ættingja þeirra, sem þar séu grafnir. Í greininni er það haft eftir Gunnari Gunnarssyni, sonarsyni skáldsins, að hann hafi farið út í eyna helgina áður til að snyrta leiði föður síns og föðurforeldra, en ekki fundið þau, heldur moldarflag. Fannst Gunnari það jaðra við helgispjöll að beita dráttarvél á leiðin og átaldi, að ekki skyldi áður haft samráð við ættingja hinna látnu. Í sömu grein er haft eftir séra Þóri Stephensen, að farið hafi verið að lögum við lagfæringu kirkjugarðsins. Áður en framkvæmdir hófust, hafi þær verið auglýstar í Lögbirtingablaði og útvarpi, eins og lög mæli fyrir. Þá hafi verið haldinn fundur með þeim aðstandendum, sem gáfu sig fram. Áður en umræddar framkvæmdir hófust, hafi staðsetning leiða og legsteina verið reiknuð út, og allt yrði sett á sama stað aftur og gengið vel frá. Ákærði hefur staðfest, að greinin í DV hafi verið kveikjan að grein sinni í Tímanum, sem birtist tveimur dögum síðar.

Fram er komið, að séra Þórir Stephensen átti ekki aðild að ákvörðun um framkvæmdir í kirkjugarðinum og hafði ekki umsjón með þeim. Í auglýsingum um framkvæmdirnar var vísað til Hjörleifs B. Kvarans, formanns Viðeyjarnefndar, um nánari upplýsingar. Séra Þórir var hins vegar nefndinni innan handar, benti nefndarmönnum meðal annars á, hvernig staðið skyldi að auglýsingum um framkvæmdirnar, og sótti að ósk nefndarinnar fund, sem haldinn var með þeim, sem áttu skyldmenni grafin í garðinum. Gerði hann þar grein fyrir hugmyndum nefndarinnar ásamt Þorsteini Gunnarssyni arkitekt. Hann svaraði einnig fyrir framkvæmdirnar í DV, eins og áður er frá skýrt.

II.

Í ákæru kemur fram, að mál þetta er höfðað „fyrir óviðeigandi og móðgandi ummæli og ærumeiðandi aðdróttanir um opinberan starfsmann, séra Þóri Stephensen, þá dómkirkjuprest í Reykjavík, ... og í öllum tilvikum eru um séra Þóri út af starfi hans og embættisþjónustu sem dómkirkjuprests, en eru einnig, að því er varðar tilgreind ummæli í ákæruliðum A, 1. málsl., B, 1. og 2. tölul., og C, fyrri málsl., út af starfi séra Þóris sem staðarhaldara í Viðey...". Í ákærunni eru ummælin, sem ákært er út af, talin varða við 108. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940. Lagagreinin hljóðar svo:

„Hver, sem hefur í frammi skammaryrði, aðrar móðganir í orðum eða athöfnum eða ærumeiðandi aðdróttanir við opinberan starfsmann, þegar hann er að gegna skyldustarfi sínu, eða við hann eða um hann út af því, skal sæta sektum, varðhaldi eða fangelsi allt að 3 árum. Aðdróttun, þótt sönnuð sé, varðar sektum, ef hún er borin fram á ótilhlýðilegan hátt."

Greinin er í 12. kafla laganna, sem fjallar um brot gegn valdstjórninni. Varðar hún opinbera starfsmenn og opinber störf þeirra. Ummæli þau, er málið snýst um, eru um séra Þóri Stephensen. Sem fyrr segir, var hann, þegar þau birtust, í leyfi frá starfi sínu við dómkirkjuna í Reykjavík og hafði til bráðabirgða tekið við starfi staðarhaldara í Viðey á vegum Reykjavíkurborgar. Ummælin varða bæði störfin, og er blaðagrein ákærða beinlínis rituð út af stöðu séra Þóris sem staðarhaldara, en höfðar jafnframt til starfa hans í embætti dómkirkjuprests.

Ákvæði 108. gr. hegningarlaga voru á sínum tíma sett til að veita opinberum starfsmönnum ríkari æruvernd en öðrum mönnum, enda er hámarksrefsing þyngri eftir henni en hinum almennu ákvæðum um ærumeiðingar í 25. kafla laganna. Í framkvæmd hafa viðhorf til greinarinnar mótast þannig, að hún hefur nú aðallega réttarfarsþýðingu, þar sem málshöfðun samkvæmt henni ber undir saksóknara ríkisins, en ekki þann starfsmann, sem fyrir ærumeiðingu verður.

Orðin opinber starfsmaður hafa ekki fastmótaða og algilda merkingu í löggjöfinni, og verður að skýra inntak þeirra eftir samhenginu. Um 108. gr. hegningarlaga hefur lengst af verið litið svo á, að orðin séu þar ekki notuð í víðtækustu merkingu, og beri að skýra þau með hliðsjón af þeim megintilgangi greinarinnar að vernda eðlilega framkvæmd stjórnsýslu. Beri að beita þrengjandi lögskýringu með tilliti til þess, að í greininni sé einkum átt við þá starfsmenn ríkis og sveitarfélaga, er fari með heimildir til ákvarðana, framkvæmdarvald eða fyrirsvar gagnvart almenningi eða einstökum þjóðfélagshópum og þurfi öðrum fremur að ganga fram fyrir skjöldu í þágu opinberra hagsmuna. Jafnframt felist það í orðum greinarinnar, að hún takmarkist við árásir út af verkum á starfssviði þess manns, er fyrir þeim verður. Þessar áherslur um túlkun lagagreinarinnar skipta minna máli en ella vegna þeirra

viðhorfa, sem fyrr getur, en einnig verður að telja ljóst, að henni sé ætlað að veita vernd fyrir árásum, sem til þess eru fallnar að veikja án fullnægjandi tilefnis traust almennings á hinni opinberu stjórnsýslu.

Samkvæmt landslögum teljast prestar þjóðkirkjunnar til embættismanna ríkisins. Eins og hefðbundnum viðhorfum til starfs þeirra er háttað, verður að telja vafalaust, að þeir geti notið verndar samkvæmt 108. gr. hegningarlaga. Á það við um presta ekki síður en marga veraldlega embættismenn, að þeir eigi mikið undir tiltrú almennings. Séra Þórir Stephensen hafði ekki látið af starfi dómkirkjuprests í Reykjavík, þegar á hann var ráðist með hinni umdeildu blaðagrein, og greininni var að verulegu leyti beint gegn framgöngu hans og heiðri í starfinu.

Sem staðarhaldari var séra Þórir starfsmaður Reykjavíkurborgar og þannig í opinberu starfi í skilningi 73. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 8/1986. Starfið var ekki fullmótað, þegar blaðagreinin var rituð, en meginþættir þess lágu nokkuð ljóst fyrir. Er inntaki þess skilmerkilega lýst í hinum áfrýjaða dómi. Í máli þessu er það meginatriðið, að staðarhaldaranum var falið að vera fulltrúi Reykjavíkurborgar í Viðey. Í starfsheitinu sjálfu fólst og skírskotun í þá átt, en það er tengt umsjón og stjórn kirkjujarða og stólseigna frá fornu fari. Vegna þessa fyrirsvarshlutverks voru það eðlileg viðbrögð af hálfu séra Þóris að veita skýringar á framkvæmdunum í Viðey, þegar blaðamenn báru þær upp við hann, og fór hann ekki út fyrir starfssvið sitt. Á sama hátt var eðlilegt, að greinarhöfundi yrði hugsað til staðarhaldarans, þegar kirkjugarðinn bar á góma, þótt honum hafi láðst að huga að því, hvar ábyrgðin á framkvæmdunum lægi í reynd. Má kalla blaðagreinina sjálfa sönnun þess, að staðarhaldarinn eigi að geta notið verndar 108. gr., en um það þarf ekki að efast, eins og starfið hefur nú verið skýrt. Var þannig heimilt að byggja ákæru í máli þessu á umræddri lagagrein.

Við skýringu á 108. gr. ber samkvæmt almennum lögskýringarreglum að hafa hliðsjón af 72. gr. stjórnarskrár lýðveldisins Íslands nr. 33/1944, en hún er þannig:

„Hver maður á rétt á að láta í ljós hugsanir sínar á prenti; þó verður hann að ábyrgjast þær fyrir dómi. Ritskoðun og aðrar tálmanir fyrir prentfrelsi má aldrei í lög leiða."

Þessi lagaákvæði bæði ber og að skýra með tilliti til þeirra skuldbindinga um vernd æru, persónu- og tjáningarfrelsis í alþjóðlegum mannréttindasáttmálum, sem íslenska ríkið hefur fullgilt. Er þar að geta Mannréttindasáttmála Evrópu, sem birtur var með auglýsingu nr. 11/1954, og Alþjóðasamnings um borgaraleg og stjórnmálaleg réttindi, sem gerður var á vegum Sameinuðu þjóðanna og birtur með auglýsingu nr. 10/1979.

III.

Mat á refsinæmi brota á sviði ærumeiðinga er vandasamt. Hefur þetta komið fram í tengslum við mál ákærða. Hafa verið birtar opinberar ályktanir og úrskurður siðanefndar blaðamanna, þar sem byggt er á gagnstæðum viðhorfum, en af því má ætla, að í þjóðfélaginu séu skoðanir skiptar.

Í ályktun stjórnar Rithöfundasambands Íslands, sem samþykkt var 28. febrúar 1989, segir, að stjórnin álíti endurtekinn málarekstur af þessu tagi bera vott um mjög varhugaverða þróun í átt til ritskoðunar. Opinberir embættismenn eigi ekki að vera hafnir yfir gagnrýni, og þeir, sem um störf þeirra fjalli í fjölmiðlum, verði að geta gert það án þess að eiga yfir höfði stefnur frá ríkissaksóknara.

Í ályktun stjórnar Blaðamannafélags Íslands 14. mars sama ár segir, að stjórnin vari alvarlega við þeirri þróun í átt til ritskoðunar í landinu, að ríkissaksóknari höfði opinber mál á hendur einstaklingum fyrir skrif þeirra um opinbera embættismenn í fjölmiðlum á grundvelli 108. gr. hegningarlaganna. Telur stjórn blaðamannafélagsins löngu tímabært, að lagagrein þessi verði endurskoðuð. Ákærur af hálfu hins opinbera séu vísastur vegur til að hefta eðlilega umfjöllun um öll gagnrýnisverð mál.

Á vegum sama félags, Blaðamannafélags Íslands, starfar siðanefnd, sem fjallar um kærur vegna brota á siðareglum félagsins. Í úrskurði siðanefndarinnar 6. desember 1990 vegna kæru séra Þóris út af blaðagrein ákærða segir í atkvæði meiri hluta, sem skipaður var fjórum af fimm nefndarmönnum, að ákvæði 5. greinar siðareglna upphefji ekki 2. og 3. grein þeirra. Í 5. gr. segir m.a., að siðareglurnar setji ekki hömlur á tjáningarfrelsi blaðamanna, sem skrifa undir fullu nafni afmarkaða þætti í fjölmiðlum, til dæmis gagnrýni, þar sem persónulegar skoðanir eru í fyrirrúmi. Í 2. grein

segir m.a., að blaðamanni sé ljós persónuleg ábyrgð á öllu, sem hann skrifar. Hann hafi í huga, að almennt er litið á hann sem blaðamann, þó að hann komi fram utan síns eiginlega starfssviðs í riti eða ræðu. Í 3. greininni segir m.a., að blaðamaður vandi upplýsingaöflun sína svo sem kostur er. Í niðurstöðu segir síðan:

„Þegar blaðamaður skrifar greinar utan síns eiginlega starfssviðs, verður eftir sem áður að gera ákveðnar kröfur til hans um vönduð vinnubrögð og ábyrgð. Sú krafa, sem 2. og 3. gr. siðareglna gera til blaðamanna, skerðir á engan hátt tjáningarfrelsi þeirra, þó að sú kvöð sé lögð þeim á herðar, að þeir kynni sér mál gaumgæfilega, áður en þeir láta skoðanir sínar í ljós.

Úrskurður siðanefndar er sá, að Hallur Magnússon hafi gerst brotlegur við þriðju grein siðareglna Blaðamannafélags Íslands. Brotið er ámælisvert."

Í áliti minni hluta siðanefndar segir, að niðurstaðan sé sú, „að þótt skrif kærða séu stóryrt og ofsafengin og höfundi lítt til sóma, séu ekki fyrir hendi nægilega sterk né knýjandi rök til þess að svipta hann þeirri vernd, sem fyrrnefnt ákvæði 5. greinar siðareglna veitir blaðamönnum, sem skrifa „undir fullu nafni" greinar, birtar „í afmörkuðum þætti", þar sem „persónulegar skoðanir eru í fyrirrúmi", og grein hans því ekki brot á siðareglum Blaðamannafélags Íslands."

IV.

Dómstólum ber að beita 108. gr. hegningarlaganna eftir orðum hennar og lögskýringarreglum íslenskrar réttarskipunar. Mælir ákvæðið fyrir um viðurlög, þegar raskað er friðhelgi manna og það tengist störfum þeirra og einkalífi. Er þetta samrýmanlegt 72. gr. stjórnarskrárinnar, enda mælir hún fyrir um ábyrgð á prentuðu efni.

Þau ummæli, sem tilgreind eru í ákæru, eru árás á séra Þóri Stephensen sem opinberan starfsmann og á hann persónulega. Sumt, sem í hinni átöldu grein segir, stafar af misskilningi varðandi staðreyndir, sem ákærði hirti ekki um að kynna sér til hlítar. Að nokkru felast í greininni lýsingar á skoðunum höfundar, sem settar eru fram með hörðum orðum. Tilefni greinarinnar voru framkvæmdir til að breyta kirkjugarðinum í Viðey á þann veg, sem

algengt er. Virðast framkvæmdirnar, eftir að þeim lauk, ekki hafa sætt almennri gagnrýni, því að í málinu kemur fram, að sá maður, sem borinn var fyrir frétt um spjöll í kirkjugarðinum, telur breytingarnar hafa tekist vel. Þó að skoðanir ákærða á breytingunum og aðferðum við þær svo og álit hans á séra Þóri Stephensen séu hans mál og megi að sjálfsögðu koma fram á prenti, verður eftir lögum að setja þær fram á þann hátt, að það sé í þágu málefnalegrar umræðu og að gætt sé þeirrar virðingar fyrir einkalífi annarra, sem almennt er virt í samfélaginu. Þegar 108. gr. hegningarlaganna er skýrð, ber að taka tillit til 72. gr. stjórnarskrárinnar. Lögvernd einkalífs kemur aðeins að litlu leyti fram í stjórnarskrárákvæðum, þ.e. 66. gr., um vernd heimila og skjala. Rík vernd einkalífs er hins vegar til dæmis í lögum nr. 121/1989 um skráningu og meðferð persónuupplýsinga. Með ofantalið í huga verður að fjalla um þau ummæli, sem ákært er fyrir í máli þessu.

V.

Hin átalda blaðagrein ákærða var prentuð í þættinum „Vettvangur" og er þannig í heild:

„SPJÖLL UNNIN Á KIRKJUGARÐINUM Í VIÐEY

Séra Þórir Stephensen, sem skipaði sig sjálfur staðarhaldara í Viðey, er nú farinn að láta hendur standa fram úr ermum þar. Ekki er athæfi hans kristilegt, enda hafa pólitískar skoðanir hans og ráðríki ætíð komið á undan kristilegum náungakærleik sem þessi dómkirkjuprestur í raun og sanni ætti að hafa að leiðarljósi.

Séra Þóri þótti ekki við hæfi að hafa kirkjugarðinn í Viðey eins og hvern annan sveitakirkjugarð. Ónei. Hann á að vera rennisléttur og fínn eins og kirkjugarðurinn í Gufunesi, nýtísku-kirkjugarður. Það skiptir hann engu þó að Reykjavíkurborg sé að eyða hátt í 300 milljónum til að koma Viðeyjarstofu og kirkjunni í Viðey í sem upprunalegast horf. Ónei. Þess háttar pjátur hefur ekkert með kirkjugarðinn fína að gera. Í stað þess að hafa eðlilegan, fallegan hólóttan íslenskan kirkjugarð, þá á að hafa garðinn sléttan og fínan rétt eins og flatir breskra aðalssetra sem hafa verið slegnar og valtaðar oft á hverju sumri í fjögur hundruð ár. Kannske var fyrirmyndin sótt þangað. Ekki er hún þjóðleg.

Það hvarflaði ekki að séra Þóri að hafa samband við ættingja

þeirra er síðast voru jarðaðir í kirkjugarðinum í Viðey. Ónei, þeir hefðu kannske verið mótfallnir vilja séra Þóris. Slíkt líðst ekki. Það skiptir staðarhaldarann engu máli að um sé að ræða einn ástsælasta rithöfund Íslendinga sem fékk sína hinstu gröf í Viðey af sérstökum tilfinningalegum ástæðum. Ónei. Yfir slíkt valtar séra Þórir með dráttarvél.

Hvað ætli verði næsta stórvirki séra Þóris, sjálfskipaðs staðarhaldara í Viðey? Að malbika göngubraut í kringum eyna? Byggja sumarbústað fyrir sig og fjölskyldu sína í hlaði Viðeyjarstofu? Mála kirkjuna í Viðey heiðblåa, lit íhaldsins? Það er ekki gott að segja. En þar er alveg ljóst að íslenska ríkið gaf Reykjavíkurborg Viðey ekki í afmælisgjöf á 200 ára afmælinu, til að dómkirkjuprestur, sem skipar sjálfan sig staðarhaldara í Viðey, gæti unnið þar spjöll.

Séra Þóri var á sínum tíma hlíft við þeirri skömm að almenningur fengi að vita að hann hefði sjálfur skipað sig staðarhaldara í Viðey og að borgarráð bjargaði honum fyrir horn með því að ráða hann staðarhaldara í Viðey, eftir að dómkirkjupresturinn hafði komið sér í fjölmiðla og skýrt frá hinni nýju nafnbót. Að vísu er líklegt að íhaldið í Reykjavík hefði ráðið hann sem staðarhaldara, enda hefur séra Þórir verið duglegur við að troða íhaldsskoðunum sínum og sinna kollega í Sjálfstæðisflokknum inn í stólræður sínar.

Reyndar hefur hann sýnt í stólræðum sínum, þar sem hann blandar pólitík inn í orð Guðs, og með spjöllum í Viðey, að hann er alls óhæfur til að gegna þessum embættum. Þess vegna ætti hann að víkja.

Það verður að sjálfsögðu ekki, þar sem slíkt tíðkast ekki hjá þjóðkirkjunni, allra síst þegar um svo háttsettan frímúrara er að ræða. Hins vegar er vonandi að séra Þórir sjái nú brátt að sér og hagi sér í framtíðinni eins og vígður maður á að haga sér. Ef svo verður þá mun eyðilegging Viðeyjarkirkjugarðsins láta örlítið gott af sér leiða. En þar hafa hins vegar verið unnin spjöll sem aldrei verða bætt.

Undirritaður veit að greinarkorn þetta verður honum ekki til framdráttar, allra síst þegar ljóst er að það kemur við kaunin á háttsettum frímúrara. En það verður að hafa það. Greinarkornið er ritað í heilagri reiði, reiði yfir ófyrirgefanlegu skemmdarverki á heilögum stað sem skinheilagur maður ber ábyrgð á. Undirritaður

er ekki einn um þessa heilögu reiði, allir þeir, sem láta sig Viðey, þennan merka stað, einhverju varða, eru nú reiðir.

Vonandi verður þetta leiðindaatvik til þess að staðarhaldarinn í Viðey, borgaryfirvöld og aðrir, sem standa í framkvæmdum á viðkvæmum stöðum, fari sér hægt og ani ekki út í vitleysu, sem ekki er hægt að bæta, líkt og nú hefur gerst. Ef svo yrði, ættu þeir, er nú hafa fyllst réttlátri reiði vegna skemmdarverkanna í Viðey, að geta fyrirgefið séra Þóri mistök hans. En mistök eru til að læra af þeim."

Greininni fylgdu tvær myndir, önnur af Viðey, hin af höfundi. Undir þeirri mynd var prentað: „Greinarkornið er ritað í heilagri reiði, reiði yfir ófyrirgefanlegu skemmdarverki á heilögum stað sem skinheilagur maður ber ábyrgð á."

VI.

Í ákæru eru tiltekin ummæli úr greininni nefnd og krafist refsingar vegna þeirra. Jafnframt er þess krafist, að þau verði ómerkt. Af hálfu ákæruvaldsins er staðfest, að séra Þórir hafi krafist ómerkingar ummælanna. Þykir, sbr. 3. mgr. 118. gr. laga nr. 74/1974 um meðferð opinberra mála, mega fjalla um þessa kröfu ákæruvaldsins, þótt geta hefði mátt kröfu séra Þóris skýrar í ákæru, enda var málið fullreifað í málflutningi að þessu leyti.

Öll ummælin eru talin vera „um séra Þóri út af starfi hans og embættisþjónustu sem dómkirkjuprests", en einnig að hluta „út af starfi séra Þóris sem staðarhaldara í Viðey". Eins og á stendur, þykir þessi aðgreining ekki hafa þýðingu að lögum, þar sem 108. gr. hegningarlaga á við um bæði störfin. Verða hin átöldu ummæli nú tiltekin og virt:

Úr inngangi greinarinnar:

A (1) „skipaði sig sjálfur staðarhaldara í Viðey". Þó að ummæli þessi feli í sér móðgun, þykir það ekki vera í þeim mæli, að varði við 108. gr. eða að til ómerkingar leiði.

A (2) „Ekki er athæfi hans kristilegt", og

A (3) „hafa pólitískar skoðanir hans og ráðríki ætíð komið á undan kristilegum náungakærleik". Fyrri ummælin eru móðgun, en þau síðari ærumeiðandi aðdróttun. Þau varða refsingu eftir 108. gr. og ómerkingu eftir 1. mgr. 241. gr. hegningarlaga.

Úr meginmáli greinarinnar:

B 1 „sjálfskipaðs staðarhaldara í Viðey". Um þessi orð er hið sama að segja og A (1) hér að framan.

B 2 „sjálfur skipað sig staðarhaldara í Viðey" og „borgarráð bjargaði honum fyrir horn". Um þetta er hið sama að segja og greinir hér næst á undan.

B 3 „Reyndar hefur hann sýnt í stólræðum sínum, þar sem hann blandar pólitík inn í orð Guðs, og með spjöllum í Viðey, að hann er alls óhæfur til að gegna þessum embættum. Þess vegna ætti hann að víkja". Þó að skoðanir ákærða á séra Þóri Stephensen séu ekki atriði, sem lög láta sig varða, eru þær hér settar fram á þann hátt, án fullnægjandi réttlætingar, þar sem það gæti átt við, að í þeim felst brot á 108. gr. hegningarlaga. Þá ber að ómerkja ummælin eftir 1. mgr. 241. gr. laganna.

Úr meginmáli og texta undir mynd:

„ófyrirgefanlegu skemmdarverki". Eins og sjá má hér að ofan, var ákærði þeirrar skoðunar, að í Viðey ætti að hafa „eðlilegan, fallegan, hólóttan íslenskan kirkjugarð", og láta lögin sig það ekki varða fremur en aðrar skoðanir hans. Hin átöldu ummæli eru að vísu svo hóflítil, að þau falla undir efnislýsingu 108. gr. hegningarlaga, móðgun fremur en aðdróttun, eins og þau eru orðuð, en þykja þó ekki vera með þeim hætti, að rétt sé að telja þau refsiverð eða að ómerkja þau.

„skinheilagur maður". Þessi orð eru alvarleg móðgun, sem varða refsingu og ómerkingu.

VII.

Niðurstaða máls þessa er sú, að ákærða verður dæmd refsing vegna þeirra ummæla hans, sem varða við 108. gr. almennra hegningarlaga. Refsingin er hæfilega ákveðin í héraðsdómi.

Þá ber að ómerkja áður talin ummæli.

Eftir þessu ber að dæma ákærða til að greiða séra Þóri Stephensen miskabætur samkvæmt 1. mgr. 264. gr. almennra hegningarlaga, og er fjárhæð þeirra hæfilega ákveðin í hinum áfrýjaða dómi. Ber að greiða þær með vöxtum, eins og í dómsorði segir.

Málskostnaðarákvæði héraðsdóms verður staðfest, þó þannig, að

saksóknarlaun í ríkissjóð verða 100.000 krónur. Ákærða ber að greiða áfrýjunarkostnað, eins og segir í dómsorði

Dómsorð:

Ákærði, Hallur Magnússon, greiði 60.000 króna sekt til ríkissjóðs, og komi þriggja vikna varðhald í stað sektar, ef hún verður ekki greidd innan fjögurra vikna frá birtingu dóms þessa.

Framangreind ummæli eru ómerkt.

Ákærði greiði séra Þóri Stephensen 150.000 krónur í miskabætur með vöxtum frá uppkvaðningu dóms þessa til greiðsludags eftir 7. gr. vaxtalaga nr. 25/1987, sbr. nú 2. gr. laga nr. 67/1989.

Málskostnaðarákvæði hins áfrýjaða dóms er staðfest, þó þannig, að saksóknarlaun í ríkissjóð verða 100.000 krónur.

Ákærði greiði áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar á meðal saksóknarlaun í ríkissjóð, 50.000 krónur, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns fyrir Hæstarétti, Ragnars Aðalsteinssonar hæstaréttarlögmanns, 80.000 krónur.

Sératkvæði
Hrafns Bragasonar hæstaréttardómara.

I.

Í ákæru kemur fram, að mál þetta er höfðað „fyrir óviðeigandi og móðgandi ummæli og ærumeiðandi aðdróttanir um opinberan starfsmann, séra Þóri Stephensen, þá dómkirkjuprest í Reykjavík, ... og í öllum tilvikum eru um séra Þóri út af starfi hans og embættisþjónustu sem dómkirkjuprests, en eru einnig, að því er varðar tilgreind ummæli í ákæruliðum A, 1. málsl., B, 1. og 2. tölul., og C, fyrri málsl., út af starfi séra Þóris sem staðarhaldara í Viðey...". Í ákærunni eru ummælin, sem ákært er út af, talin varða við 108. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940. Greinin hljóðar svo:

„Hver, sem hefur í frammi skammaryrði, aðrar móðganir í orðum

eða athöfnum eða ærumeiðandi aðdróttanir við opinberan starfsmann, þegar hann er að gegna skyldustarfi sínu, eða við hann eða um hann út af því, skal sæta sektum, varðhaldi eða fangelsi allt að 3 árum. Aðdróttun, þótt sönnuð sé, varðar sektum, ef hún er borin fram á ótilhlýðilegan hátt." Ákvæði þetta er í 11. kafla laganna, sem ber yfirskriftina: „Brot gegn valdstjórninni". Í greinargerð með lögunum kemur fram, að ákvæði þessa kafla eru sett til að vernda framkvæmd opinberra starfa. Brot samkvæmt honum sæta opinberri ákæru. Í 25. kafla sömu laga er hins vegar að finna almenn ákvæði um ærumeiðingar. Skýra ber ákvæði 108. gr. almennra hegningarlaga með hliðsjón af þeim megintilgangi hennar að vernda eðlilega framkvæmd á opinberu valdi. Greinin veitir opinberum starfsmönnum ríkari æruvernd en öðrum mönnum, þegar þeir koma fram í starfi eða út af því, enda er hámarksrefsing þyngri eftir henni en 25. kafla laganna. Ákvæðið er þannig undantekningarákvæði frá almennum ákvæðum laganna og ber því að skýra þröngt. Þegar það er virt og tilgangur lagaákvæðisins samkvæmt framansögðu, þykir tilefni ummæla, sem falla undir ákvæðið, verða að vera verk, sem er á starfsviði þess, sem ummælin beinast að.

II.

Við skýringu á 108. gr. almennra hegningarlaga ber samkvæmt almennum skýringarreglum að hafa hliðsjón af 72. gr. stjórnarskrár lýðveldisins Íslands nr. 33/1944, en hún er þannig:

„Hver maður á rétt á að láta í ljós hugsanir sínar á prenti; þó verður hann að ábyrgjast þær fyrir dómi. Ritskoðun og aðrar tálmanir fyrir prentfrelsi má aldrei í lög leiða."

Þessi lagaákvæði ber og að skýra með tilliti til þeirra skuldbindinga um vernd æru, persónu- og tjáningarfrelsis í alþjóðlegum mannréttindasáttmálum, sem íslenska ríkið hefur fullgilt. Er þar að geta Mannréttindasáttmála Evrópu, sem birtur var með auglýsingu nr. 11/1954, og Alþjóðasamnings um borgarleg og stjórnmálaleg réttindi, sem gerður var á vegum Sameinuðu þjóðanna og birtur með auglýsingu nr. 10/1979.

Fram er komið, að tilefni ákæru er grein, er rituð var vegna framkvæmda við kirkjugarðinn í Viðey. Ummælin, sem málið snýst um, eru um séra Þóri Stephensen. Sem fyrr segir, var hann, þegar þau

birtust, í leyfi frá störfum við dómkirkjuna í Reykjavík og hafði tekið við starfi staðarhaldara í Viðey á vegum Reykjavíkurborgar. Þau ummæli greinarinnar, er beinast að séra Þóri sem dómkirkjupresti, varða ræður prestsins, og verður til þess að líta við skýringu á 108. gr. almennra hegningarlaga. Þótt prestar þjóðkirkjunnar séu embættismenn ríkisins, sbr. 62. gr. stjórnarskrárinnar, skal samkvæmt 63. gr. hennar ríkja trúfrelsi á Íslandi, og samkvæmt grunnreglu 64. gr. hennar skal vera jafnræði milli manna af hinum ýmsu trúarbrögðum. Því verður hið boðaða orð trúarbragðanna að vera jafnréttháttt. Þegar greinin var rituð, hafði séra Þórir tekið við starfi staðarhaldara, og hann hafði tekið upp vörn fyrir framkvæmdirnar opinberlega. Á þessum tíma hafði ekkert erindisbréf verið birt um starfssvið staðarhaldara. Var ákærða því nokkur vorkunn, að hann skyldi telja séra Þóri koma fram í krafti staðarhaldarastarfsins, þegar hann svaraði fyrir framkvæmdirnar í DV.

Í 73. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 8/1986 segir m.a.: „Starfsmenn við stjórnsýslu sveitarfélags hafa réttindi og skyldur opinberra starfsmanna.“ Af þessu þykir leiða, að starf staðarhaldara í Viðey, en starfið er á vegum Reykjavíkurborgar, geti að öðrum skilyrðum fullnægðum fallið undir 108. gr. almennra hegningarlaga, miðað við þær upplýsingar, sem nú liggja fyrir.

Grein ákærða fjallar um opinber málefni, framkvæmdirnar í Viðey, og er þannig þáttur í opinberri umræðu. Hún er með æsibrag, persónuleg og færð í stílinn og dæmir sig því að nokkru leyti sjálf. Með hliðsjón af opinberu tilefni greinarinnar og efni hennar í heild verður ekki talið, að þar sé svo langt gengið, að varði refsingu samkvæmt 108. gr. almennra hegningarlaga, sem skýra ber með hliðsjón af grundvallarreglum um frelsi manna til að tjá sig í ræðu og riti, svo sem að framan greinir. Þegar af þessum ástæðum ber að sýkna ákærða af kröfum ákæruvalds um brot á 108. gr. almennra hegningarlaga. Við það bætist, að þau ummæli greinarinnar, sem varða ræður séra Þóris Stephensens, verða ekki vegna ákvæða stjórnarskrár um trúfrelsi og jafnræði trúarbragðanna talin geta fallið undir 108. gr. almennra hegningarlaga. Af framangreindum sökum get ég ekki samþykkt atkvæði meiri hluta dómenda, sem felst á kröfu ákæruvaldsins um refsingu ákærða samkvæmt greininni.

III.

Að því er varðar ómerkingu ummæla og miskabætur til séra Þóris Stephensens, get ég að öllu verulegu leyti samþykkt atkvæði meiri hluta dómenda.

IV.

Málarekstur þessi hefur reynst embætti ríkissaksóknara torsóttur, og á hefur skort, að nægilega traustur grunnur væri að honum lagður í upphafi, og ákæru er enn nokkuð ábótavant. Rétt þykir því, að sakarkostnaður allur bæði í héraði og fyrir Hæstarétti greiðist úr ríkissjóði að undanskildum málsvarnarlaunum verjanda ákærða fyrir Hæstarétti.

Dómur sakadóms Reykjavíkur 7. júní 1991.

Ár 1991, föstudaginn 7. júní, er á dómþingi sakadóms Reykjavíkur, sem háð er í Borgartúni 7 af Jónasi Jóhannssyni fulltrúa, kveðinn upp dómur í sakadómsmálinu nr. 307/1991: Ákæruvaldið gegn Halli Magnússyni, sem tekið var til dóms 13. f.m.

Málið er höfðað með ákæruskjali ríkissaksóknara, dagsettu 12. október 1990, á hendur ákærða, Halli Magnússyni dagskrárgerðarmanni, Hraunbæ 126, Reykjavík, kt. 080462-4849, „fyrir óviðeigandi og móðgandi ummæli og ærumeiðandi aðdróttanir um opinberan starfsmann, séra Þóri Stephensen, þá dómkirkjuprest í Reykjavík, í grein, er ákærði ritaði undir fullu nafni og birtist í dagblaðinu Tímanum, 158. tölublaði 72. árgangs, 14. júlí 1988 og í öllum tilvikum eru um séra Þóri út af starfi hans og embættisþjónustu sem dómkirkjuprests, en eru einnig, að því er varðar tilgreind ummæli í ákæruliðum A, 1. málsl., B, 1. og 2. tölul., og C, fyrri málsl., út af starfi séra Þóris sem staðarhaldara í Viðey, er hann á þeim tíma hafði verið ráðinn tímabundinni ráðningu til þess að gegna á vegum Reykjavíkurborgar, en í því starfi fólst að hafa umsjón og eftirlit með eignum og væntanlegri starfsemi Reykjavíkurborgar í Viðey.

Grein ákærða er í heild ósvífin og móðgandi, hefur að geyma aðdróttanir og er sett fram og birt á ótilhlýðilegan hátt og af illfýsi.

Einstök ummæli, sem ákært er fyrir, eru í eftirgreindum setningum blaðagreinarinnar, undirstrikuð og auðkennd innan tilvitnunarmerkja, sem hér greinir:

A. *Inngangsorð:*

Séra Þórir Stephensen, sem *„skipaði sig sjálfur staðarhaldara í Viðey“*, er nú farinn að láta hendur standa fram úr ermum þar. *„Ekki er athæfi*

hans kristilegt," enda *„hafa pólitískar skoðanir hans og ráðríki ætíð komið á undan kristilegum náungakærleik"*, sem þessi dómkirkjuprestur í raun og sanni ætti að hafa að leiðarljósi.

B. *Ummæli í meginmáli greinarinnar:*

1. Hvað ætli verði næsta stórvirki séra Þóris, *„sjálfskipaðs staðarhaldara í Viðey?"*

2. Séra Þóri var á sínum tíma hlíft við þeirri skömm, að almenningur fengi að vita, að hann hefði *„sjálfur skipað sig staðarhaldara í Viðey"* og að *„borgarráð bjargaði honum fyrir horn"* með því að ráða hann staðarhaldara í Viðey, eftir að dómkirkjupresturinn hafði komið sér í fjölmiðla og skýrt frá hinni nýju nafnbót.

3. *„Reyndar hefur hann sýnt í stólræðum sínum, þar sem hann blandar pólitík inn í orð Guðs, og með spjöllum í Viðey, að hann er alls óhæfur til að gegna þessum embættum. Þess vegna ætti hann að víkja."*

C. *Bæði í meginmáli greinarinnar og endurtekið innan tilvitnunar undir mynd af greinarhöfundi:*

Greinarkorn þetta er ritað í heilagri reiði, reiði yfir *„ófyrirgefanlegu skemmdarverki"* á heilögum stað, sem *„skinheilagur maður"* ber ábyrgð á.

Framangreind ummæli þykja varða við 108. gr. almennra hegningarlaga nr. 19, 1940.

Þess er krafist, að ákærði verði dæmdur til refsingar, að einstök ummæli, sem ákært er fyrir, verði samkvæmt 1. mgr. 241. gr. almennra hegningarlaga dæmd ómerk, að ákærði verði samkvæmt 1. mgr. 264. gr. sömu laga að kröfu séra Þóris Stephensens dæmdur til greiðslu miskabóta, 250.000 kr. eða annarrar fjárhæðar, ef krafist verður, og til greiðslu alls sakarkostnaðar".

Verjandi ákærða, Ragnar Aðalsteinsson hæstaréttarlögmaður, krefst þess, að ákærði verði sýknaður af öllum kröfum ákæruvaldsins í málinu og að allur sakarkostnaður verði lagður á ríkissjóð.

Í niðurlagi ákæruskjals segir, að ákæran sé út gefin að undangengnum dómum Hæstaréttar Íslands, upp kveðnum 17. maí 1990 og 9. október s.á., en með fyrri dóminum var dómur sakadóms Reykjavíkur frá 20. júní 1990 í máli ákæruvaldsins gegn ákærða og málsmeðferð felld úr gildi sökum ágalla á málatilbúnaði ákæruvaldsins og málinu vísað frá héraðsdómi. Stóðu að þessari niðurstöðu þrír af fimm dómurum Hæstaréttar, en tveir vildu í meginatriðum staðfesta dóm sakadóms. Þessi niðurstaða meiri hluta ans var áréttuð í síðari dóminum, eftir að ákæruvaldið krafðist þess, að málið yrði tekið fyrir að nýju í sakadómi á grundvelli fyrri ákæru. Þeirri kröfu var hafnað, og staðfesti Hæstiréttur þá niðurstöðu.

Málavextir.

Þriðjudaginn 12. júlí 1988 birtist í dagblaðinu DV grein með fyrirsögninni: „Leiði Gunnars Gunnarssonar í Viðey: Dráttarvél beitt án vitundar ættingja.“ Þar segir, að dráttarvél hafi verið notuð við lagfæringar á kirkjugarðinum í Viðey og m.a. verið beitt til þess að slétta þar leiði án vitundar ættingja þeirra, sem þar eru grafnir. Í greininni er haft eftir Gunnari Gunnarssyni, sonarsyni Gunnars Gunnarssonar rithöfundar, að hann hafi farið út í eyna helgina áður til að snyrta þar leiði föður síns og föðurforeldra, en ekki fundið þau, heldur eitt moldarflag. Fannst Gunnari það jaðra við helgispjöll að beita dráttarvél á leiðin með framangreindum hætti án þess að hafa samráð við ættingja hinna látnu. Klaufalega hefði verið að þessu staðið og vinnubrögðin ósnyrtileg. Í sömu grein er haft eftir séra Þóri Stephensen, staðarhaldara í Viðey, að farið hefði verið að lögum við lagfæringu kirkjugarðsins. Áður en framkvæmdirnar hófust, hefðu þær verið auglýstar, eins og lög mæltu fyrir, í Lögbirtingablaði og útvarpi. Síðan hefði verið haldinn fundur með aðstandendum þeirra, sem gáfu sig fram, og lýstu þeir allir ánægju sinni yfir því, „að nú loksins skyldi garðurinn verða settur í gott lag, fegraður og prýddur“, eins og séra Þórir komst að orði. Þá var haft eftir honum, að þetta væri ekkert einsdæmi og víða um land væru kirkjugarðar sléttaðir og snyrtir. Þá hefði, áður en umræddar framkvæmdir hófust, verið reiknuð nákvæmlega út staðsetning leiða og legsteina og allt yrði sett á sama stað og gengið vel frá. Yrði lagfæringin unnin af eins mikilli nærgætni og umhyggju og kostur væri.

Hinn 14. júlí 1988 var síðan birt í dagblaðinu Tímanum, 158. tbl. 72. árg., grein sú, sem ákært er út af í máli þessu, en undir greinina, sem ber fyrirsögnina: „Spjöll unnin á kirkjugarðinum í Viðey“, ritaði ákærði, Hallur Magnússon, fullu nafni. Ákærði, sem þá var starfandi blaðamaður við Tímann, hefur staðfest, að greinin í DV hafi verið kveikjan að skrifum sínum.

— — —

Mál þetta var þingfest 25. október 1990 að undangengnum dómi sakadóms Reykjavíkur og tveimur dómum Hæstaréttar, sem áður er getið. Við næstu fyrirtekt málsins, 4. janúar sl., krafðist verjandi ákærða, Ragnar Aðalsteinsson hrl., þess, að málinu yrði vísað frá dóminum, þar sem Hæstiréttur hefði í dómi sínum frá 17. maí 1990 komist að þeirri niðurstöðu, að kærandinn, séra Þórir Stephensen, væri í starfi sínu sem staðarhaldari í Viðey ekki opinber starfsmaður í skilningi 108. gr. almennra hegningarlaga, og væri sú niðurstaða bindandi fyrir þann dómstól sem og aðra dómstóla í landinu. Ákæruvaldið skorti því lagaheimild til að fara með málið. Frávísunarkröfunni, sem mótmælt var af hálfu ákæruvaldsins, var hafnað með úrskurði dómsins, upp kveðnum 7. s.m.

Ákærði hefur síðan við meðferð málsins staðfest, að hann hafi samið og fengið birta í umræddu tölublaði dagblaðsins Tímans grein þá um séra Þóri Stephensen, sem greinir í ákæruskjali, en ákærði var þá blaðamaður við Tímann. Áður hefði ákærði borið greinina undir annan ritstjóra blaðsins, Indriða G. Þorsteinsson, og fengið samþykki hans fyrir birtingunni í dálki þeim, sem Vettvangur heitir. Farið hefði verið með umrædda grein sem hverja aðra aðsenda grein, sem birtar séu í nefndum dálki, og ákærði ritað hana undir fullu nafni, svo sem tíðkanlegt væri. Kannast hann ekki við að hafa brotið af sér á nokkurn hátt með birtingu greinarinnar og kveðst geta staðið við allt, sem þar segir, miðað við þær forsendur, sem fyrir lágu, þegar greinin var rituð.

Ákærði kveður áðurnefnda frétt í DV vera kveikjuna að því, að hann ritaði grein sína í Tímann, en aðdragandinn ætti sér þó lengri sögu. Hafi ákærði lengi verið sérstakur áhugamaður um Viðey og átt þess kost á umræddum tíma sem varaborgarfulltrúi fyrir Framsóknarflokkinn að fylgjast vel með uppbyggingu staðarins frá byrjun, þ. á m. endurbótum á Viðeyjarstofu og Viðeyjarkirkju og lagfæringum á grindverki í kringum kirkjugarðinn. Segir ákærði borgarráð aðeins hafa samþykkt lagfæringu grindverksins, enda hefði hugmynd borgaryfirvalda verið sú að reyna að koma kirkjugarðinum í það horf, sem hann var í við byggingu, og í sem mest samræmi við upphaflega teikningu. Þegar síðan kom á daginn, að kirkjugarðurinn hefði verið lagður í rúst, eins og gert var að mati ákærða, og illa raskað gröf Gunnars Gunnarssonar rithöfundar, eiginkonu hans og sonar, m.a. með notkun dráttarvélar, reiddist ákærði gífurlega, og var honum loks nóg boðið, þegar hann las í frétt DV ummæli séra Þóris, sem titlaði sig staðarhaldara og varði aðgerðirnar í Viðey, er hann taldi fullkomlega eðlilegar. Fannst ákærða hann þá verða að mótmæla þessu og gerði það á þann hátt, sem nú hefði verið ákært fyrir.

Ákærði telur, að séra Þórir beri siðferðislega ábyrgð á framkvæmdunum í Viðey og hafi reyndar gert það, allt frá því að kirkjustaðurinn gekk undir Dómkirkjuprestakall í ágúst 1986. Eftir að hafa síðan verið ráðinn tímabundinni ráðningu sem staðarhaldari frá 1. maí 1988, hafi séra Þórir borið ábyrgð á framkvæmdunum sem slíkur. Því hafi hann svarað fyrir framkvæmdirnar í DV og rætt við ættingja þeirra, sem jarðsettir væru í Viðey og gefið höfðu sig fram eftir auglýsingu um fyrirhugaðar framkvæmdir við kirkjugarðinn. Þá hafi séra Þórir frá 1. maí tekið á móti gestum, sem skoðað hefðu eyna, kynnt þeim þær framkvæmdir, sem í gangi væru, og komið að öllu leyti fram sem sá aðili, er hefði með þeim umsjón. Einnig telur ákærði sig vita, að séra Þórir hafi verið ritari Viðeyjarnefndar og tekið þátt í störfum hennar. Að öllu þessu athuguðu virðist ákærða ábyrgð séra Þóris vera augljós og gagnrýninni því réttilega að honum beint.

Verður nú gerð grein fyrir framburði ákærða með hliðsjón af einstökum ummælum í blaðagrein hans, sem ákært er fyrir.

A. *Inngangsorð.*

Ákærði kveður ekki annað verða séð en séra Þórir hafi sjálfur skipað sig staðarhaldara í Viðey með því að koma fram í kvöldfréttum Ríkissjónvarpsins (RÚV) mánudaginn 22. febrúar 1988, lýsa yfir því, að hann hafi verið ráðinn staðarhaldari, og gera svo grein fyrir því starfi. Þetta kvöld hafi enginn haft hugmynd um þessa stöðu annar en séra Þórir og hugsanlega borgarstjórinn í Reykjavík, svo sem síðar hefði komið í ljós. Þannig vissi enginn í borgarráði, að til stæði að stofna til þessa embættis, en það væri þó í valdi ráðsins og það eitt gæti ráðið í stöðuna.

Það hafi svo verið á fundi borgarráðs daginn eftir, að einn fulltrúanna vakti athygli á frétt RÚV. Borgarstjóra hefði verið brugðið við þetta, en hann síðan tekið málið fyrir sem fyrsta mál fundarins, fram fyrir boðaða dagskrá. Í framhaldi af því hafi á þessum sama fundi verið gert „heiðursmannasamkomulag" um að ráða séra Þóri staðarhaldara í Viðey, enda hafi borgarráðsmönnum fundist málið „pínlegt" og ekki viljað gera meira úr þessu frumhlaupi séra Þóris. Telur ákærði, að borgarráð hafi með þessari samþykkt bjargað séra Þóri fyrir horn.

Ákærði telur það ekki kristilegt athæfi að raska grafarhelgi manna, svo sem gert var í Viðey, en þar hafi m.a. grafreit Gunnars Gunnarssonar rithöfundar og fjölskyldu hans verið raskað með notkun dráttarvélar. Teljist þetta kristilegar aðfarir, viti ákærði ekki, hvar sé komið kristindómi í landinu.

Ákærði kveður það altalað og alvitað, að séra Þórir hafi verið afar pólitískur í starfi sínu sem dómkirkjuprestur, þ. á m. í stólræðum sínum. Hins vegar ætti ákærði erfitt með að sanna þetta fyrir dóminum, þar sem predikanir séra Þóris hefðu fæstar verið hljóðritaðar eða varðveittar á annan hátt. Þá fyndust ekki segulbandsupptökur af messum hans á árunum 1987-1988, og virtist sem þeim hefði öllum verið eytt. Við ritun umræddrar blaðagreinar hefði ákærði þó umfram allt haft í huga það atvik, er presturinn úthúðaði Kvennalistanum í útvarpsmessu haustið 1987 fyrir störf flokksins sem stjórnmálaafls og vændi kvennalistakonur um ábyrgðarleysi með því að vilja ekki vera í ríkissjórn landsins. Segir ákærði fjölda fólks geta vitnað um það, hve ósmekkleg ummæli séra Þóris voru.

Þá hafi ákærði einnig haft í huga samþykkt Sambands ungra sjálfstæðismanna (SUS), sem sonur séra Þóris hefði lagt fram á SUS-þingi í Vestmannaeyjum, en sonurinn var þá formaður Heimdallar. Séra Þórir hafi síðan í kveðjupredikun sinni í dómkirkjunni hrósað þessum ungliðasamtökum framar öðrum í landinu. Í sömu ræðu hafi presturinn svo tengt and-

stæðinga ráðhússins, sem þá var eitt helsta pólitíska hitamálið meðal borgarbúa, við skemmdarverk á styttu Tómasar Guðmundssonar skálds og lagt þetta tvennt að jöfnu.

Varðandi ráðríki séra Þóris segist ákærði einkum hafa haft tvö atvik í huga, sem sýni að hans mati, að kristilegur náungakærleikur hafi ekki setið í fyrirrúmi hjá prestinum. Hið fyrra sé, þegar hann þröngvaði organista dómkirkjunnar úr starfi, en sá hefði þjónað söfnuðinum í fjölda ára, áður en séra Þórir kom þar til starfa. Síðara atvikið sé, þegar séra Þórir rak einn söngvara dómkirkjukórsins, jafnt úr kórnum sem úr kirkjunni, fyrir opnu húsi.

B. *Ummæli í meginmáli greinarinnar.*

B-1. Varðandi þessi ummæli vísast til þess, sem ákærði segir í kaflanum hér að framan.

B-2. Hið sama gildir um ummæli þau, sem ákært er fyrir í þessum tölulið.

B-3. Ákærði kveðst um þennan lið vísa til þess, sem hann hefur áður sagt um pólitískar skoðanir séra Þóris og hvernig hann hafi blandað þeim inn í orð Guðs í stólræðum sínum. Jafnframt bendir ákærði máli sínu til stuðnings á ræðu séra Þóris við útför Jóhanns Hafsteins í apríl 1980. Þá sé það skoðun sín, að séra Þóri hefði á sínum tíma borið siðferðisleg skylda til þess sem þjónandi dómkirkjupresti að láta ættingja þeirra, sem grafnir væru í Viðey og heyrðu því undir sókn hans, vita af fyrirhuguðum framkvæmdum við kirkjugarðinn, a.m.k. þá ættingja, sem auðvelt hefði verið að ná til. Væri það persónulegt mat ákærða, að með framangreindu háttterni og spjöllunum í Viðey hefði séra Þórir sýnt, að hann bæri hvorki skynbragð á störf dómkirkjuprests né staðarhaldara og væri því óhæfur til að gegna þessum embættum. Því hefði hann átt að víkja úr þeim báðum.

C. *Ummæli í meginmáli greinarinnar, sem endurtekin eru innan tilvitnunar undir mynd af ákærða.*

Ákærði segir, að sér hafi fundist sléttun kirkjugarðsins í Viðey með dráttarvél hafa verið ófyrirgefanlegt skemmdarverk á heilögum stað, sem fyllt hefði sig heilagri reiði. Um væri að ræða næstum þúsund ára gamlan kirkjugarð, sem hlotið hefði blessun bæði í lúterskum og kaþólskum sið. Væri það ein ástæðan til þess, að Gunnar Gunnarsson rithöfundur og eiginkona hans, Franciska, hefðu verið jörðuð þar, en hún hefði verið kaþólskrar trúar. Ákærði telur, að séra Þórir hefði í starfi sínu sem staðarhaldari átt að geta komið í veg fyrir það skemmdarverk, sem unnið var á leiðum þessara hjóna, sem og aðrar skemmdir, sem unnar voru á kirkjugarðinum.

Segist ákærði þá eiga við sléttun hans með dráttarvél, en leiðin hafi öll nánast verið jöfnuð við jörðu.

Ákærði kveður þá siðferðislegu ábyrgð, sem séra Þórir beri á skemmdarverkunum í Viðey, sýna ákveðna siðblindu, en séra Þórir með menntun sína og starfsreynslu sem prestur ætti að mati ákærða að hafa dýpri skilning á mannlegum tilfinningum en fram hefði komið í afskiptum hans af kirkjugarðsmálinu. Hér skipti lagaleg ábyrgð engu máli, heldur umfram allt hin siðferðislega ábyrgð. Að afneita ábyrgð á mistökum sínum í Viðey telur ákærði bera vott um skinhelgi séra Þóris. Með tilvitnuðum orðum í greininni, að séra Þórir sé „skinheilagur maður", kveðst ákærði eiga við, að hann sé sú manngerð, sem komi fram í ákveðnum heilagleik í orði, en sýni hann ekki á borði.

Ákærði telur framangreind ummæli sín um séra Þóri vera innan þeirra marka, sem grunnreglur um tjáningarfrelsi verndu̇u. Blaðagreinin hafi ekki verið rituð af illfýsi í garð séra Þóris, sem ákærði hefði aldrei hallmælt við nokkurn mann fyrir ritun greinarinnar. Því mótmæli hann ákærunni sem og fram lagðri skaðabótakröfu séra Þóris og kveður hvort tveggja vera alveg út í hött.

Vitnið Indriði G. Þorsteinsson, kt. 180426-3459, kannast við, að ákærði hafi sýnt sér blaðagrein þá, sem mál þetta er risið af, og jafnframt borið undir sig, hvort hún fengist birt í blaðinu. Vitnið hafi ekki séð neitt því til fyrirstöðu, enda hefði verið fullt samkomulag um það milli sín og ákærða, að greinin yrði birt í dálki fyrir aðsent efni og í nafni ákærða og á fullri ábyrgð hans. Segist vitnið líta svo á, að ákærði hafi ritað umrædda grein sem borgarfulltrúi, en ekki blaðamaður við Tímann.

Vitnið Þórir Stephensen, kt. 010831-2109, kveður aðdraganda að því, að það tók við starfi staðarhaldara í Viðey, vera þann, að það hafi um áramótin 1987-1988 haft hug á að leita að nýju starfi af heilsufarsástæðum, enda undir miklu álagi sem dómkirkjuprestur í Reykjavík. Borgarstjóri muni hafa frétt af þessu og færði það í tal við vitnið, hvort það hefði áhuga á að gerast yfirmaður allrar starfsemi Reykjavíkurborgar í Viðey. Jafnframt hefði borgarstjóri stungið upp á nefndu stöðuheiti, og fannst vitninu það vel við hæfi. Að undangengnum umhugsunarfresti hefði vitnið síðan fallist á að taka að sér starfið til reynslu í eitt ár, ef borgaryfirvöld hefðu áhuga á því. Átti vitnið að verða forstöðumaður þessarar borgarstofnunar.

Nokkru eftir að vitnið hafði goldið borgarstjóra jáyrði sitt, hefði Ólafur Sigurðsson, fréttamaður hjá RÚV, haft tal af vitninu og farið fram á viðtal við það vegna væntanlegrar stöðu, en Ólafur kvaðst hafa frétt það hjá borgarstjóra, að til stæði að veita vitninu umrætt starf. Vitnið segist jafnan hafa færst undan viðtalinu, þar sem þá hefði ekki enn verið gengið formlega frá ráðningunni í borgarráði. Borgarstjóri hefði síðan sagt fréttamann-

inum, að ekkert væri því til fyrirstöðu, að viðtalið færi fram, þar sem hann teldi fulla samstöðu vera um málið. Samþykkti vitnið þá viðtal það, sem birtist í sjónvarpsfréttum að kvöldi mánudagsins 22. febrúar 1988. Kveðst vitnið þá hafa vitað, að borgarstjóri væri búinn að ræða við meiri hluta borgarráðs um málið, og staðið í þeirri trú, að hann hefði jafnframt kynnt öðrum í borgarráði þessa hugmynd sína, þótt með óformlegum hætti væri.

Vitnið kveðst vita, að málið hafi síðan verið tekið fyrir á fundi borgarráðs 23. febrúar s.á., og hafi þá komið fram athugasemdir frá minni hlutanum. Í framhaldi af fundinum hafi vitnið síðan fengið staðfestingu á ráðningunni og hún miðast við 1. maí 1988. Vitnið hafi þó ekki tekið formlega við mannvirkjum í Viðey fyrr en 18. ágúst s.á., en þá fékk vitnið lyklavöld að staðnum. Frá því í maí og fram í ágúst hafi vitnið verið að kynna sér staðhætti og sögu eyjarinnar, jafnframt því sem það samdi eitt kynningarbækling og fór í kynnisferðir um eyna með ýmsa gesti. Vitnið hefði hins vegar ekkert starfað úti í Viðey fyrir 1. maí, en minnir, að það hafi einu sinni fyrir þann tíma sótt fund hjá Viðeyjarnefnd, sem þá var undir forsæti Hjörleifs B. Kvarans, sem jafnframt ritaði fundargerðir nefndarinnar.

Vitnið kveður allar ákvarðanir um framkvæmdir í kirkjugarðinum í Viðey hafa verið ákveðnar af Viðeyjarnefnd, áður en vitnið hóf að sækja fundi hennar, og skilst vitninu, að fé hafi verið veitt til einhverra framkvæmda í fjárhagsáætlun borgarinnar fyrir árið 1988, en veit þó ekki, hvaða framkvæmdir hefðu þar verið ráðgerðar. Sjálft hafi vitnið engan þátt átt í ákvörðunum um framkvæmdir í Viðey, hvorki fyrir 1. maí né eftir þann tíma. Vitnið hafi hins vegar verið nefndinni innan handar og m.a. bent nefndarmönnum á, hvernig staðið skyldi að auglýsingum vegna fyrirhugaðra framkvæmda, í samræmi við lög um kirkjugarða. Að undangengnum lögmæltum fresti hafi síðan verið haldinn fundur með ættingjum þeim, sem áttu skyldmenni grafin í kirkjugarðinum og gefið höfðu sig fram. Var vitnið beðið að sækja þennan fund ásamt Þorsteini Gunnarssyni arkítekt til að útskýra fyrir fundarmönnum hugmyndir Viðeyjarnefndar um það, hvernig staðið skyldi að framkvæmdum við kirkjugarðinn. Ættingjar Gunnars Gunnarssonar rithöfundar hafi ekki komið á fundinn og ekki verið haft samband við þá síðar fremur en aðra aðstandendur, sem gáfu sig ekki fram. Vitnið segir slíkt alls ekki hafa verið í sínum verkahring, enda hafi það ekki átt neitt frumkvæði að framkvæmdunum. Hins vegar hafi verið tekið fram í áðurnefndum auglýsingum, að aðstandendur gætu snúið sér til Hjörleifs B. Kvarans.

Vitnið telur, að byggingarstjórinn í Viðey, Magnús Sædal Svavarsson, hafi svo haft umsjón með framkvæmdunum við kirkjugarðinn og verkið farið fram með hefðbundnum hætti. Ekki hefði verið hreyft við neinu nema yfirborði garðsins, en grasflöturinn verið jafnaður, þéttur og sléttaður.

Hefði síðan verið gengið frá legsteinum og öðru samkvæmt óskum þeirra aðstandenda, sem sótt höfðu áðurnefndan fund, og í samræmi við mælingar, sem menn á vegum borgarinnar höfðu gert, áður en framkvæmdir hófust. Vitnið hefði hins vegar ekki hugmynd um það, hvenær verkið hófst, og frétti fyrst af því, er blaðamaður DV hringdi til vitnisins og skýrði því frá óánægju ættingja Gunnars Gunnarssonar. Kveðst vitnið skilja vel tilfinningar þessa fólks og þykir eðlilegt, að því hafi verið brugðið, enda kom það að garðinum á mjög slæmum tíma, er hann var orðinn flag.

Vitnið kveður rétt eftir sér haft í umræddri blaðagrein í DV. Segir vitnið það hafa verið ósjálfráð viðbrögð við hringingu blaðamannsins, sem réðu því, að það svaraði fyrir framkvæmdirnar og sagði honum það, sem vitnið vissi sannast og best um málið. Bað vitnið síðan blaðamanninn að birta ekki fregnir af þessum atburði, en með því hafi vitnið viljað koma í veg fyrir, að úlfúð risi út af atvikinu, enda fannst því leiðinlegt, að svona skyldi hafa farið.

Vitnið telur það ekki röskun á grafarhelgi, þótt dráttarvél hafi verið beitt á nýleg leiði í kirkjugarðinum, enda hafi tilgangurinn verið sá að lagfæra og bæta garðinn.

Vitnið kannast ekki við að hafa predikað um flokkspólitísk mál í ræðustóli nema þegar stjórnmálahreyfingar hafi ráðist að trúnni, kirkjunni og hugsjónum hennar, og nefnir þar einkum kommúnista. Í slíkum tilvikum telji vitnið, að prestar hljóti að mega svara fyrir kirkjuna í predikunarstóli.

Þess vegna kannast vitnið ekki við að hafa úthúðað Kvennalistanum í útvarpsmessu haustið 1987 og ekki heldur gagnrýnt aðrar kvennahreyfingar í landinu. Vísar vitnið framburði ákærða þar að lútandi algjörlega á bug og kveðst ekki minnast þess að hafa nokkurn tíma rætt um kvennahreyfingar í stólræðum sínum.

Vitnið kannast hins vegar við að hafa flutt líkræðu við útför Jóhanns Hafsteins, fyrrverandi formanns Sjálfstæðisflokksins. Segir vitnið umrædda ræðu hafa verið unna í hópvinnu vitnisins og aðstandenda hins látna, sem vitnið hafi þekkt, og vöknuðu því ósjálfrátt hjá vitninu eigin minningar um þennan mann, sem það rakti stuttlega í ræðunni. Vitnið segir, að því hafi einnig verið falið að jarðsyngja aðra stjórnmálaleiðtoga, svo sem Ólaf Jóhannesson, formann Framsóknarflokksins, og hafi þeim ræðum einnig verið útvarpað. Kveðst vitnið ætíð hafa reynt að gera hinum látnu jafnhátt undir höfði og skýrt frá pólitískum skoðunum þeirra á þann heiðarlegasta hátt, sem því hefði verið unnt. Vitnið segir öllum þessum ræðum hafa verið það sammerkt, að í þeim hafi öðru fremur verið um lýsingu að ræða, en ekki predikun.

Þá segir vitnið, að í kveðjupredikun sinni í dómkirkjunni árið 1988 hafi guðspjall dagsins verið um góða hirðinn, og tók vitnið því fyrir uppeldi

okkar á meðal og benti á, að sér fyndust heimilin þurfa að hlúa betur að uppeldi og heill barnanna, en þeirri ábyrgð væri varpað yfir á skólana, sem önnuðu því ekki. Vegna þessa yrðu slys eins og það, er styttu Tómasar Guðmundssonar var velt af stalli sínum. Því hefði vitnið glaðst, er það frétti, að samþykkt hefði verið á SUS-þingi ályktun þess efnis, að gera ætti foreldrum kleift að vera heima hjá börnum sínum fyrstu æviár þeirra. Hafi vitnið tekið undir þetta í predikun sinni umræddan dag, en gætt þess að minnast alls ekki á viðkomandi stjórnmálahreyfingu. Hafi þarna verið um gamalt baráttumál vitnisins að ræða, sem það hefði oft rætt áður. Þá kveðst vitnið ekki hafa litið svo á, að það væri að ræða um flokkspólitískt mál greindan dag, er það ræddi um ráðhúsið, heldur hafi í orðum þess falist ósk um það, að þetta duglega fólk, sem ynni að björgun tjarnarinnar, tæki frekar saman höndum um að bjarga börnunum. Þannig hefði vitnið óskað þess, að kjörorðið „Tjörnin lifi" gæti orðið „Börnin lifi".

Vitnið mótmælir eindregið framburði ákærða um það, að vitnið hafi þröngvað organista dómkirkjunnar úr því starfi. Um hafi verið að ræða mikla samstarfsörðugleika milli organistans, vitnisins og sóknarnefndarinnar. Hafi nefndin síðan ein tekið ákvörðun um það að víkja honum úr starfi, þegar allar sáttaleiðir reyndust árangurslausar. Þá kveður vitnið um einstakt atvik að ræða, er umrædd söngkona hætti að syngja í dómkórnum. Málsatvik hafi verið þau, að kona þessi hafi verið búin að lofa að syngja við jarðarför í Fossvogskirkju ákveðinn dag, en síðan hringt, eftir að athöfnin hófst, og tilkynnt, að hún hefði tafist á einhverri fasteigna- eða lögfræðiskrifstofu. Vitnið hafi sagt henni að koma strax, en hún þó ekki komið fyrr en nokkuð var liðið á athöfnina. Vitnið hafi síðan sagt konunni, að slíka framkomu gæti það ekki sætt sig við, þ.e., að söngfólk lofi að syngja með kórnum, en láti síðan aðra hluti ganga fyrir. Konan hafi brugðist við á þann hátt að segja, að hún gæti þá bara farið. Hefði því ekki verið um brottrekstur að ræða og vitnið ekkert haft á móti því, að hún tæki aftur sæti í kórnum. Vitnið segir samtal þetta hafa farið fram eftir umrædda athöfn, og hefðu einhverjir kórfélagar verið nærstaddir.

Vitnið segir, að kirkjugarðurinn í Viðey hafi aldrei heyrt undir Dómkirkjuprestakall, þrátt fyrir það að kirkjan hefði verið afhent Reykjavíkurborg í ágúst 1986, heldur verið undir stjórn kirkjugarða Reykjavíkurprófastsdæmis.

Vitnið segir, að hvorki hafi verið gerður við sig skriflegur ráðningarsamningur né heldur hafi það fengið í hendur erindisbréf, sem lýsti því, í hverju starf staðarhaldara í Viðey væri fólgið, enda óljóst í upphafi, hvernig það yrði. Vitnið vissi þó frá upphafi, að því hefði verið falið að vera fulltrúi borgaryfirvalda í Viðey. Þá hafi vitninu strax verið bent á að kynna sér samþykkt um réttindi og skyldur borgarstarfsmanna.

Vitnið Hjörleifur Böðvarsson Kvaran, kt. 030351-3719, hefur staðfest, að það sé formaður Viðeyjarnefndar og hafi verið það frá 1. október 1987. Það kveður nefndina hafa yfirstjórn allra framkvæmda í Viðey, og hafi hún m.a. ákveðið um lagfæringu á kirkjugarðinum. Framkvæmdirnar hafi áður verið kynntar í borgarráði og borgarstjórn og sérstök fjárveiting verið ætluð þessu verkefni á fjárhagsáætlun Reykjavíkurborgar fyrir árið 1988. Vitnið kveður séra Þóri Stephensen þar engan hlut hafa átt að máli. Hann hafi ekki setið í Viðeyjarnefnd og ekki sótt fundi hennar fyrr en eftir 1. maí 1988. Þó segir vitnið nefndina einu sinni fyrir þann tíma, í mars s.á., hafa kallað séra Þóri fyrir sig og m.a. kynnt honum þær framkvæmdir, sem fyrirhugaðar hefðu verið í kirkjugarðinum í Viðey.

Vitnið segir, að kirkjugarðurinn hafi verið orðinn afar illa farinn, mishæðóttur og í slæmu ásigkomulagi. Hafi því verið ráðgert að endurhlaða vegg kringum garðinn, slétta garðflötinn og gera garðinn aðgengilegan fyrir alla þá, sem til eyjarinnar kæmu. Áður hefðu framkvæmdir þessar verið auglýstar, svo sem lög um kirkjugarða mæltu fyrir.

Vitnið kveður ekki óeðlilegt, að blaðamaður DV hafi leitað til séra Þóris á sínum tíma vegna framkvæmdanna við kirkjugarðinn, enda hafi hann þá verið tekinn við starfi staðarhaldara og sem slíkur fulltrúi Reykjavíkurborgar í Viðey, er bæri að veita vitneskju um starfsemi borgarinnar í eynni. Vitnið kveðst hins vegar ekki myndu hafa bent fréttamönnum á að snúa sér til séra Þóris vegna framkvæmdanna, heldur hefði það svarað fyrirspurnum þeirra sjálft.

Vitnið Aðalsteinn Steindórsson, kt. 011021-4179, segir, að öll meginsjónarmið sín varðandi mál þetta komi fram í áðurnefndri blaðagrein, sem vitnið ritaði vegna málsins. Vitnið kveðst halda, að séra Þórir Stephensen hafi verið hafður með í ráðum, er Viðeyjarnefnd tók ákvörðun um framkvæmdirnar í kirkjugarðinum. Þá hafi einnig verið haft samráð við vitnið, en það ekki verið viðstatt framkvæmdirnar sjálfar og ekki komið út í eyna, fyrr en þeim var að fullu lokið. Vitnið segist hafa haldið, að ekki ætti að hrófla við leiði Gunnars Gunnarssonar rithöfundar, og hélt, að svo hefði ekki verið gert, enda ekki séð nein ummerki þess, er það kom út í eyna að verkinu loknu. Þá heldur vitnið, að ekki hafi verið hróflað við öðru en yfirborði „garðflatarins", en með garðfleti eigi vitnið við það svæði, sem er á milli legstaða. Sum leiðin væru þó svo gömul, að ekki væri lengur sjáanlegur munur á þeim og garðfletinum.

Vitnið Gunnar Gunnarsson, kt. 020845-7599, kannast við að hafa rætt við blaðamann DV í júlí 1988 vegna framkvæmdanna í kirkjugarðinum í Viðey, en þar séu faðir vitnisins, afi þess og amma jörðuð. Vitnið kveðst ekki vita, af hverju blaðamaðurinn hafði tal af því, og vissi ekki til þess, að hann hefði vitað, að vitnið hefði þá nýlega verið úti í eyju að vitja leiða

ættingja sinna og komið að leiðunum, þar sem búið var að rífa burt allan grasflötinn og leggja legsteinana í hrúgu með öðrum minnismerkjum. Segir vitnið aðkomuna hafa komið sér í opna skjöldu og því illa brugðið við að sjá kirkjugarðinn í rúst, sérstaklega þar sem sjá mátti hjólför í garðinum eftir dráttarvél. Slíkt hafi vitninu fundist fara nærri því að vera helgispjöll. Vitnið kveðst hafa látið móður sína vita, og varð henni einnig mikið um þetta.

Vitnið kveður sér hafa fundist einna sárast, að yfirvöld skyldu hvorki hafa samband við sig né aðra aðstandendur, áður en ráðist var í framkvæmdirnar, og höfðu þau því ekki hugmynd um þær, fyrr en verkið var hafið. Segir vitnið, að ættingjarnir hefðu ef til vill ekki gert neinar athugasemdir við framkvæmdirnar og samþykkt þær, ef þetta hefði verið gert. Meðan á framkvæmdunum stóð, hafi hins vegar einhver á vegum Reykjavíkurborgar eða kirkjugarða þjóðkirkjunnar hringt til vitnisins og tjáð því, að slétta ætti garðinn og setja legsteinana aftur ofan á slétt túnið. Vitnið gerði engar athugasemdir við þetta, en óskaði eftir því, að leiði forfeðra þess yrðu hækkuð upp. Þannig séu þau nú, og segir vitnið kirkjugarðinn nú vera afar fallegan.

Vitnið segir, að föðurforeldrar þess hafi látist 1975 og 1976, og hafi amma þess dáið síðar. Þá væru ellefu ár, síðan faðir þess var jarðaður í Viðey. Engu að síður fannst vitninu vera um nýlega gröf að ræða. Leiðin þrjú hafi öll verið í mun betri hirðu en flest hinna í garðinum og merkt nafni hinna látnu.

Lögð hafa verið fram gögn um það, að fyrirhugaðar framkvæmdir í kirkjugarðinum í Viðey hafi verið auglýstar, bæði í Lögbirtingablaði og ríkisútvarpi.

Einnig hefur verið lagt fram í málinu svohljóðandi bréf Ólafs Sigurðssonar, fréttamanns hjá RÚV, til séra Þóris Stephensens, sem dagsett er 28. september 1988:

„Þar sem mér skilst, að viðtal mitt við þig 22. febrúar síðastliðinn hafi valdið einhverjum misskilningi innan borgarstjórnar, vil ég gjarnan skýra, hvernig það kom til, ef það mætti verða til að eyða honum.

1. Í samræðum við borgarstjóra um önnur málefni kom fram, að uppi væru hugmyndir um að ráða þig staðarhaldara í Viðey. Ég lýsti þegar áhuga á að hafa við þig viðtal um málið. Borgarstjóri minnti á, að þetta væri ekki frágengið mál, en taldi viðtal skaðlaust, þar sem hann hefði ekki orðið var missættis um þá hugmynd, að þú yrðir ráðinn, frekar en annað, sem að málefnum Viðeyjar hafi snúið.

2. Borgarstjóri féllst á, að ég hefði samband við þig á grundvelli míns sjónarmiðs að fá að vera fyrstur með þessa frétt, sem við fréttamenn ævinlega reynum.

3. Þú lýstir þegar efasemdum, en féllst á viðtal, eftir að hafa haft samráð við borgarstjóra. Rétt er, að fram komi, að þess var skýrt getið að þinni ósk, að ráðning þín væri ekki frágengin.

Mér þykir leitt, að þetta viðtal skuli hafa valdið misskilningi. Það er alfarið (sic) til komið fyrir mína forgöngu, annars vegar vegna áhuga á fréttum og hins vegar fyrir áhuga á málefnum Viðeyjar. Ég vona, að með þessu bréfi geti ég komið í veg fyrir, að ágæt samstaða stjórnmálamanna í Reykjavík um endurreisn Viðeyjar rofni, enda hér um framtak að ræða, sem bæjarbúum virðist falla vel í geð."

Þá hefur borgarstjórinn í Reykjavík í bréfi, dagsettu 11. janúar 1989, til áðurnefnds lögmanns séra Þóris upplýst eftirfarandi:

„Í byrjun sl. árs fór ég þess á leit við sr. Þóri Stephensen dómkirkjuprest, að hann tæki að sér umsjón og eftirlit með eignum og væntanlegri starfsemi Reykjavíkurborgar í Viðey. Lagði ég til, að starfsheiti hans yrði staðarhaldari, sem mér þótti vel við hæfi. Eftir nokkra athugun varð um það munnlegt samkomulag okkar í millum, að sr. Þórir tæki þetta starf að sér. Samkomulagið lagði ég fyrir borgarráð 23. febrúar 1988, sem samþykkti ráðningu hans, sbr. meðfylgjandi ljósrit af ráðningarbréfi, dags. 24. febrúar s. á."

Einnig liggur frammi í málinu bréf dóms- og kirkjumálaráðuneytisins, dagsett 20. apríl 1990, þar sem fram kemur, að séra Þóri, sem skipaður hafði verið sóknarprestur í Dómkirkjuprestakalli í apríl 1973, hafi verið veitt launalaust leyfi frá þeim störfum í eitt ár, frá 15. júní 1988 að telja. Jafnframt segir í bréfinu, að honum hafi frá 15. júní 1989 verið veitt lausn frá því embætti.

Loks þykir rétt að geta framlagðs bréfs lögfræði- og stjórnsýsludeildar borgarverkfræðings, dagsetts 11. janúar 1991, sem Hjörleifur B. Kvaran ritaði vegna þessa máls að frumkvæði ákæruvaldsins og staðfest hefur verið fyrir dóminum. Bréfið, sem ber fyrirsögnina: „Staðarhaldari í Viðey. Starfslýsing", er svohljóðandi:

„Borgarráð Reykjavíkur samþykkti 23. febrúar 1988 að ráða sr. Þóri Stephensen dómkirkjuprest til að gegna starfi staðarhaldara í Viðey um eins árs skeið frá og með 1. maí það ár, en hann var þann tíma í launalausu leyfi frá starfi dómkirkjuprests.

Þar sem hér var um nýtt starf að ræða, var það í upphafi ómótað, en þær skyldur, sem þar kölluðu, sköpuðu fljótt ákveðinn og mótandi farveg. Það var og strax ákveðið, að staðarhaldarinn væri fulltrúi Reykjavíkurborgar í Viðey. Hann fékk þar starfsaðstöðu, en skrifstofa staðarhaldara var stofnuð í landi.

Staðarhaldari hóf þegar störf að undirbúningi opnunarhátíðar, en sinnti jafnframt öðru, svo sem hópum, sem til eyjarinnar leituðu, og hóf fræðslu-

starf um sögu eyjarinnar. Á opnunarhátíðinni, 18. ágúst 1988, tók hann við lyklum Viðeyjarstofu og Viðeyjarkirkju og hefur síðan haft umsjón með öllu starfi þar. Hann hefur svo tekið við öðrum þeim framkvæmdum, sem byggingardeild borgarverkfræðings hefur lokið við í Viðey, og séð um þær síðan. Kirkjugarðar Reykjavíkurprófastsdæmis sjá þó um hirðingu og viðhald Viðeyjarkirkjugarðs.

Að fenginni eins árs reynslu varð það að samkomulagi milli sr. Þóris og borgaryfirvalda, að hann tæki fullnaðarráðningu í starfið.

Staðarhaldari er forstöðumaður borgarstofnunarinnar Viðeyjar og sér þar um allan rekstur. Honum til aðstoðar eru tveir fastir starfsmenn og aukafólk sumartímann. Staðarhaldari kemur fram fyrir hönd borgarinnar, sér um að kynna Viðey sem sögustað, útivistarsvæði og veitinga- og ráðstefnustað. Hann hefur samið fræðslurit um Viðey, og hefur það komið út í fimm útgáfum á íslensku, en í tveimur útgáfum á dönsku, ensku og þýsku. Staðarhaldari hefur komið fram fyrir hönd borgarstjóra sem gestgjafi hópa, er Reykjavíkurborg hefur boðið til móttöku í Viðey. Hann skipuleggur allt messuhald í Viðeyjarkirkju og annast það sjálfur að hluta til. Hann skipuleggur gönguferðir um eyna og er oft leiðsögumaður. Það er einnig í verkahring hans að sjá um, að ekki sé spillt gróðri og dýralífi í eynni. Staðarhaldara ber að sjá um, að samgöngur við eyna séu eins og um er samið.

Í samningum við rekstraraðila veitingahússins í Viðeyjarstofu og Viðeyjarferða er tekið fram, að staðarhaldari sé fulltrúi Reykjavíkurborgar í eynni, og beri þessum aðilum að snúa sér til hans með málefni sín og hlíta fyrirmælum hans.

Í raun má segja, að starfið sé sambærilegt við embætti þjóðgarðsvarðar á Þingvöllum.

Staðarhaldari er hinn opinberi aðili, sem þeir, er leita eftir einhverri þjónustu á vegum Reykjavíkurborgar í Viðey, eiga að snúa sér til, einnig þeir, sem þar hafa tekið að sér rekstur á vegum borgarinnar eða fyrir hana.

Staðarhaldari hefur frá upphafi tekið laun samkvæmt samningum Reykjavíkurborgar og Starfsmannafélags Reykjavíkurborgar. Hann greiðir í Lífeyrissjóð starfsmanna Reykjavíkurborgar. Hann nýtur þeirra réttinda og ber þær skyldur, sem kveðið er á um í reglugerð um réttindi og skyldur starfsmanna Reykjavíkurborgar."

Niðurstöður.

Því er haldið fram af hálfu ákærða, að Þórir Stephensen sé ekki opinber starfsmaður í skilningi 108. gr. almennra hegningarlaga og hafi ekki verið það í júlí 1988, er atvik þau gerðust, sem mál þetta er risið af. Verður því fyrst tekin afstaða til þessa, þ.e., hvort séra Þórir hafi á umræddum

tíma notið verndar téðs lagaákvæðis, annars vegar sem dómkirkjuprestur í Reykavík og hins vegar sem staðarhaldari í Viðey.

Fram er komið í málinu, að séra Þóri var veitt tímabundið leyfi frá störfum dómkirkjuprests frá 15. júní 1988 til 15. júní 1989, er honum var veitt lausn frá því embætti. Telur dómurinn því ótvírætt, að hann hafi á þeim tíma, sem hér skiptir máli, gegnt opinberu starfi og því notið verndar ofangreinds lagaákvæðis.

Á fundi borgarráðs Reykjavíkur 23. febrúar 1988 var samþykkt að ráða séra Þóri Stephensen til að gegna starfi staðarhaldara í Viðey frá 1. maí s.á. að telja til eins árs. Komið var á fót skrifstofu í landi af því tilefni, en jafnframt fékk staðarhaldari starfsaðstöðu úti í eyju. Hér var um nýtt starf að ræða, sem var ómótað í upphafi, en þegar var þó ákveðið, að staðarhaldari skyldi vera fulltrúi borgaryfirvalda í Viðey og hafa þar umsjón og eftirlit með eignum og væntanlegri starfsemi borgarinnar þar. Til eignanna taldist þá langmestur hluti eyjarinnar ásamt hinum sögufrægu mannvirkjum, Viðeyjarstofu og Viðeyjarkirkju, sem endurheimt höfðu fyrri reisn, eftir að þau komust í eigu Reykjavíkurborgar. Á þessum tíma var haldið uppi skipulögðum skoðunarferðum út í eyna og rekstri veitingasölu og þjónustumiðstöðvar. Var staðarhaldara einnig falið að hafa umsjón með þessari þjónustu f.h. borgarinnar gagnvart þeim aðilum, sem höfðu reksturinn með höndum. Þegar þetta allt er virt, þykir verða að líta svo á, að með ráðningu séra Þóris sem staðarhaldara hafi borgaryfirvöld falið honum það ábyrgðarstarf að vera forráðamaður umræddrar borgarstofnunar í umboði borgaryfirvalda. Þykir þar engu breyta, þótt ráðningin hafi aðeins verið um stundarsakir og hvorki verið gerður við séra Þóri skriflegur ráðningarsamningur né honum fengið sérstakt erindisbréf, sem lýsti því, í hverju starfið skyldi fólgið, enda hefur hann gegnt starfinu í reynd frá upphafi og borið skylda til trúnaðar og hlýðni gagnvart yfirboðurum sínum. Verður því ekki ályktað á annan veg en séra Þórir Stephensen hafi á umræddum tíma sem staðarhaldari verið opinber starfsmaður í skilningi 108. gr. almennra hegningarlaga og njóti því verndar téðs lagaákvæðis.

Svo sem áður er rakið, segir ákærði frétt í DV 12. júlí 1988 um framkvæmdir við kirkjugarðinn í Viðey vera kveikjuna að því, að hann ritaði blaðagrein þá, sem síðan varð tilefni ákæru í málinu. Telur ákærði séra Þóri Stephensen bera siðferðislega, ef ekki lagalega ábyrgð á umræddum framkvæmdum, en með þeim hafi verið gengið mun lengra en borgarráð hefði áður samþykkt. Hafi m.a. verið sléttað yfir öll leiði í garðinum og til þess verið notuð dráttarvél. Með verkinu segir ákærði hafa verið unnið ófyrirgefanlegt skemmdarverk á þessum heilaga stað, sem séra Þórir beri ábyrgð á.

Ekki verður fallist á þessi sjónarmið ákærða. Telur dómurinn þvert á

móti leitt í ljós með vætti vitna og öðrum gögnum málsins, að allar ákvarðanir vegna fyrirhugaðra framkvæmda við kirkjugarðinn hafi verið í höndum Viðeyjarnefndar og verkið verið ákveðið, áður en séra Þórir tók við starfi staðarhaldara. Átti hann því engan hlut að þeim ákvörðunum, sem síðan urðu tilefni blaðaskrifanna í DV. Þá er fram komið í málinu, að umsjónarmanni kirkjugarða þjóðkirkjunnar var í apríl 1988 falið að auglýsa fyrirhugaðar framkvæmdir í samræmi við lög um kirkjugarða, og átti séra Þórir þar engan hlut að máli annan en þann, að hann hafði áður bent Viðeyjarnefnd á það, að ekki væri heimilt að ráðast í framkvæmdirnar nema að undangengnum lögmæltum auglýsingum. Sjálf framkvæmd verksins var síðan falin sérstökum byggingarstjóra, og verður ekki heldur séð af gögnum málsins, að séra Þórir hafi átt þar nokkurn hlut að máli. Að öllu þessu athuguðu telur dómurinn gagnrýni ákærða á umræddar framkvæmdir ranglega að séra Þóri beint.

Verður nú vikið nánar að blaðagrein ákærða og tekin afstaða til einstakra ummæla í henni, sem ákært er fyrir.

A. *Inngangsorð.*

Leitt er í ljós, svo sem að framan greinir, að þau ummæli ákærða, að séra Þórir Stephensen „...skipaði sig sjálfur staðarhaldara í Viðey ...", eru röng. Þó þykir ljóst, að ummælin hafi ekki átt að skilja í bókstaflegri merkingu, heldur hafi ákærði á greindum tíma verið að vísa til þeirrar aðferðar, sem notuð var við ráðningu séra Þóris í starf staðarhaldara og honum fannst gagnrýnisverð. Þykja ummælin óviðeigandi, en verða ekki talin ærumeiðandi að mati dómsins.

Í framhaldi af ofangreindum ummælum segir, að séra Þórir sé farinn að láta hendur standa fram úr ermum þar (þ.e. í Viðey). Segir svo í beinu framhaldi: „Ekki er athæfi hans kristilegt,...". Telur dómurinn ummæli þessi vera móðgun við séra Þóri út af starfi hans sem staðarhaldara, enda er hann með þeim bendlaður við framkvæmdir við kirkjugarðinn í Viðey, sem honum voru sannanlega með öllu óviðkomandi. Ekki verður þó tekin afstaða til þess í málinu, hvort ummælin séu refsiverð að þessu leyti, þar sem ákærða er í ákæru aðeins gefið að sök að hafa viðhaft þau ummæli um séra Þóri út af starfi hans og embættisþjónustu sem dómkirkjuprests, og þykja þau sem slík ekki refsiverð samkvæmt 108. gr. almennra hegningarlaga, þar sem þau verða ekki talin beinast að starfi séra Þóris sem prests.

Með orðunum í framhaldi af ofangreindu, „... enda hafa pólitískar skoðanir hans og ráðríki ætíð komið á undan kristilegum náungakærleik ...", er ákærði enn að dylgja um það, að séra Þórir eigi hlut að framkvæmdunum við kirkjugarðinn í Viðey. Er hann sem prestur jafnframt borinn þung-

um sökum og vændur um annarlegar hvatir í starfi, án þess að nokkrar sönnur séu að því færðar af hálfu ákærða. Þykja ummælin fela í sér refsiverða móðgun og ærumeiðandi aðdróttun í garð séra Þóris.

B. *Ummæli í meginmáli greinarinnar.*

1. Ummælin „... sjálfskipaðs staðarhaldara í Viðey ..." þykja samkvæmt framanrituðu óviðeigandi, en verða ekki talin ærumeiðandi.

2. Ummælin „... sjálfur skipað sig staðarhaldara í Viðey ..." og „... borgarráð bjargaði honum fyrir horn ..." eru einnig óviðeigandi og þykja móðgandi, eins og þau eru sett fram í greininni, þótt ekki verði þau heldur talin refsiverð.

3. Með ummælunum: „Reyndar hefur hann sýnt í stólræðum sínum, þar sem hann blandar pólitík inn í orð Guðs, og með spjöllunum í Viðey, að hann er alls óhæfur til að gegna þessum embættum. Þess vegna ætti hann að víkja" — er séra Þóri enn borið á brýn annars vegar að hafa í prestsdæmi sínu látið pólitískar skoðanir ganga fyrir kristilegum náungakærleik og hins vegar að vera viðriðinn framkvæmdirnar við kirkjugarðinn í Viðey, sem ljóst er, að hann kom hvergi nærri.

Dómurinn lítur svo á, að með ummælum þessum sé ákærði að tilgreina tvö óskyld atriði, sem hvort um sig eigi að valda því, að séra Þórir sé óhæfur til að gegna þessum „embættum". Beinist fyrri hlutinn að honum sem presti (sbr. a-lið hér að neðan), en hinn síðari (b-liður) sem staðarhaldara. Þykir því verða að gera grein fyrir ummælunum í tvennu lagi, og ber þá að hafa í huga, að ákærða er aðeins gefið að sök í ákæru að hafa viðhaft ofangreind ummæli um séra Þóri út af starfi hans sem dómkirkjuprests, en ekki út af starfi hans sem staðarhaldara í Viðey.

a) Séra Þórir hefur ekki dregið dul á það, að hann sé fylgismaður stefnu Sjálfstæðisflokksins og að hann hafi í stólræðum sínum minnst á landsmál, sem pólitísk kunna að teljast, samanber „ráðhússmálið" og ályktun Sambands ungra sjálfstæðismanna um vernd fjölskyldunnar og hækkun barnabóta, sem hann vék að í kveðjupredikun sinni í dómkirkjunni í apríl 1988. Þá er upplýst, að séra Þórir kom fram í auglýsingum fyrir Sjálfstæðisflokkinn í tilefni kosninga til Alþingis árið 1987.

Þessi ummæli ákærða þykja engu að síður ærumeiðandi, eins og þau eru sett fram, enda er berlega gefið í skyn, að séra Þórir hafi í starfi sínu sem prestur misnotað aðstöðu sína til að koma á framfæri pólitískum skoðunum sínum, og hafi kveðið svo rammt að þessu, að hann hefði átt að víkja úr embætti af þeim sökum. Eru þetta alvarlegar ásakanir í garð prests.

b) Síðari ummælin eru sannanlega röng, svo sem áður er rakið, en þykja hins vegar ekki beinast að starfi séra Þóris sem dómkirkjuprests og eru því ekki refsiverð samkvæmt 108. gr. almennra hegningarlaga.

C. *Ummæli í meginmáli greinarinnar, sem endurtekin eru innan tilvitnunar undir mynd af ákærða.*

Með ummælunum „... ófyrirgefanlegu skemmdarverki ...“ brigslar ákærði séra Þóri enn um hlut að ákvörðunum og framkvæmd við lagfæringu á kirkjugarðinum í Viðey, sem honum var með öllu óviðkomandi. Þykja ummælin fela í sér refsiverða aðdróttun í garð séra Þóris út af starfi hans sem staðarhaldara, en beinast ekki að starfi hans og embættisþjónustu sem dómkirkjuprests og varða að því leyti ákærða ekki refsingu samkvæmt 108. gr. almennra hegningarlaga.

Með ummælunum „skinheilagur maður“ um séra Þóri er honum borið á brýn, að hann sé hræsnari. Verður að telja þetta svæsin ummæli um prest og bera vott um þungan hug ákærða til séra Þóris, enda fram komið í málinu, að ákærða var á þeim tíma, er ummælin féllu, fullkomlega ljós merking orða sinna. Þykir hann með nefndum orðum hafa vegið stórlega að æru séra Þóris, og varðar brot hans við 108. gr. almennra hegningarlaga.

Samkvæmt framansögðu teljast ummælin í ákæruliðum A, 1. og 2. málslið, B, 1.-2. tölulið og 3. tölulið að hluta, og loks C, fyrri málslið að hluta, ekki ærumeiðandi, og ber því að sýkna ákærða af broti gegn ákvæði 108. gr. almennra hegningarlaga með birtingu þeirra.

Þegar litið er á grein ákærða í heild, þykir hún að áliti dómsins vera ósvífin og móðgandi, og fær dómurinn ekki séð, hvað honum gekk til með skrifunum, sem verða sannarlega ekki virt sem grundvöllur að þjóðfélagslegri umræðu um framkvæmdirnar við kirkjugarðinn, svo sem haldið er fram, enda virðast málefni kirkjugarðsins gleymast fljótt í greininni, þar sem ákærði snýr sér að harkalegri og persónulegri gagnrýni á séra Þóri, bæði út af fyrri störfum hans sem dómkirkjuprests og starfi hans sem staðarhaldara. Verður því ekki ályktað á annan veg en illfýsi ákærða í garð séra Þóris hafi vegið þyngst við ritun greinarinnar, enda þótt ekki megi líta fram hjá áhuga ákærða á menningarlegu og sögulegu gildi staðarins sem þátt í ritun hennar. Þykir greinin, að því er varðar önnur tilgreind ummæli en þau, sem að ofan getur, fela í sér móðganir og ærumeiðandi aðdróttanir í garð séra Þóris, enda borin fram á óviðurkvæmilegan hátt og því til þess fallin að meiða æru hans. Er það mat dómsins, að ákærði hafi með nefndum ummælum brotið gegn 108. gr. almennra hegningarlaga, enda þykir hann með ummælum sínum, er refsiverð teljast, hafa farið út fyrir þau mörk tjáningarfrelsis, sem 72. gr. stjórnarskrárinnar nr. 33, 1944, verndar.

Þá telur dómurinn ákvæði Mannréttindasáttmála Evrópu, sem Ísland gerðist þjóðréttaraðili að 29. júní 1953, ekki veita ákærða óskoraðan rétt til að setja fram hugsanir sínar á prenti án þess að þurfa að ábyrgjast þær fyrir dómstólum, en af hálfu ákærða er því haldið fram, að ákvæði sáttmál-

ans gangi framar íslenskum lögum, og beri að beita þeim fyrir íslenskum dómstólum, þegar hérlend lög fá ekki samrýmst þeim. Er sérstaklega bent á 1. mgr. 10. gr. sáttmálans, þar sem segir, að hver maður eigi rétt til að láta í ljós álit sitt, og felist í því frelsi til að ráða skoðunum sínum og fá að miðla vitneskju og hugmyndum án afskipta stjórnvalda. Telur verjandi ákærða, að samkvæmt þessu ákvæði verði ákærða ekki refsað fyrir skoðanir sínar, sem fram komi í umræddri blaðagrein, þótt deila megi um réttmæti þeirra. Dómurinn telur ekki efni til að fallast á þessi sjónarmið verjandans, eins og máli þessu er farið, enda þykir ákærði með ritun greinarinnar hafa vegið alvarlega að æru prestlærðs manns, annars vegar út af störfum hans og embættisþjónustu sem dómkirkjuprests og hins vegar út af opinberu starfi hans á vegum Reykjavíkurborgar. Girðir mannréttindasáttmálinn ekki fyrir, að refsað verði fyrir slík ummæli, sem ákærði viðhafði í grein sinni, enda segir berum orðum í 2. mgr. 10. gr. sáttmálans, að heimilt sé að setja tjáningarfrelsinu þau skilyrði og takmarkanir, sem mælt er fyrir í lögum, enda séu þær nauðsynlegar í lýðfrjálsu þjóðfélagi, m.a. til að vernda mannorð annarra. Er það álit dómsins, að slík nauðsyn sé í máli þessu, og tálmi sáttmálinn því ekki, að íslenskum lögum verði beitt við dómsniðurstöðu í málinu.

— — —

Sakaferill.

Samkvæmt sakavottorði ákærða hefur hann sætt eftirtöldum kærum og refsingum:

1988 29/9 Sakadómur Rvík. Sátt: 8.000 kr. sekt f. brot g. 36. og 37. gr. umfl.

1989 20/6 Sakadómur Rvík. Dómur: 40.000 kr. sekt f. brot g. 108. gr. alm. hgl. Ummæli í blaðagrein dæmd dauð og ómerk. Dæmdur til greiðslu miskabóta.

1990 17/5 Dómur Hæstaréttar í ofangr. máli frá 20/6 '89: Hinn áfrýjaði dómur og málsmeðferð eru felld úr gildi, og er málinu vísað frá héraðsdómi.

Refsing og önnur viðurlög.

Dæma ber ákærða refsingu í málinu með hliðsjón af 78. gr. almennra hegningarlaga. Við ákvörðun refsingarinnar ber annars að hafa í huga, að framangreind ummæli, sem sakfellt er fyrir, þykja sérlega meiðandi og móðgandi og hafa á engan hátt verið réttlætt. Þá er fram komið í málinu, að ummælunum vegna framkvæmdanna við kirkjugarðinn í Viðey var ranglega beint að séra Þóri, sem engan hlut átti þar að máli. Samkvæmt þessu og öðru framansögðu þykir refsing ákærða hæfilega ákveðin 60.000

króna sekt til ríkissjóðs, og komi varðhald 20 daga í stað sektarinnar, verði hún ekki greidd innan fjögurra vikna frá birtingu dómsins.

Þess er krafist í ákæru, að þau ummæli, sem ákært er fyrir, verði dæmd dauð og ómerk samkvæmt 1. mgr. 241. gr. almennra hegningarlaga. Af hálfu ákærða er þessari kröfu mótmælt. Það er mat dómsins, að taka beri kröfu ákæruvaldsins til greina að fullu og dæma hin átöldu ummæli í blaðagrein ákærða dauð og ómerk, enda telur dómurinn þau öll vera óviðurkvæmileg, þótt ekki teljist þau öll refsiverð.

Séra Þórir Stephensen hefur krafist þess, að sér verði tildæmdar 305.000 krónur í miskabætur vegna umræddra ummæla ákærða að viðbættum hæstu innlánsvöxtum samkvæmt III. kafla vaxtalaga nr. 25, 1987, frá 6. febrúar 1991 til greiðsludags. Ákærði mótmælir eindregið kröfunni og kveður hana vera út í hött. Það er mat dómsins, að kröfu þessa beri að taka til greina, með vísan til 1. mgr. 264. gr. almennra hegningarlaga, þó þannig, að bæturnar þykja hæfilega ákveðnar 150.000 krónur. Dæma ber ákærða til að greiða vexti af þessari fjárhæð, sem ákveðast almennir vextir samkvæmt 7. gr. vaxtalaga nr. 25, 1987, sbr. 2. gr. laga nr. 67, 1989, svo sem nánar greinir í dómsorði.

Þá hefur séra Þórir krafist þess, að sér verði tildæmdar 60.000 krónur úr hendi ákærða til að standa straum af kostnaði við birtingu dómsins í fjölmiðlum. Hefur ákæruvaldið tekið undir kröfuna við munnlegan flutning málsins. Krafa þessi, sem styðst við ákvæði 2. mgr. 241. gr. almennra hegningarlaga, var fyrst sett fram við meðferð málsins, og er hennar hvergi getið í ákæru. Ber því samkvæmt 3. mgr. 118. gr. laga um meðferð opinberra mála nr. 74, 1974, að vísa henni frá dómi.

Sakarkostnaður.

Samkvæmt 141. gr. laga um meðferð opinberra mála ber að dæma ákærða til að greiða allan sakarkostnað í málinu, þar með talin saksóknarlaun til ríkissjóðs og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Ragnars Aðalsteinssonar hrl., sem hvor um sig þykja með vísan til umfangs málsins hæfilega ákveðin 180.000 krónur.

Dómsorð:

Ákærði, Hallur Magnússon, greiði 60.000 krónur í sekt til ríkissjóðs innan fjögurra vikna frá birtingu dómsins, en sæti ella varðhaldi 20 daga.

Ummæli þau í grein ákærða í 158. tbl. 72. árg. dagblaðsins Tímans, sem ákært er fyrir í málinu, skulu öll vera dauð og ómerk.

Ákærði greiði séra Þóri Stephensen 150.000 krónur í miskabætur ásamt almennum vöxtum frá 6. febrúar 1991 til greiðsludags.

Ákærði greiði allan sakarkostnað, þ.m.t. saksóknarlaun til ríkissjóðs, 180.000 krónur og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Ragnars Aðalsteinssonar hrl., 180.000 krónur.

Föstudaginn 6. mars 1992.

Nr. 499/1991. **Ákæruvaldið**
(Hallvarður Einvarðsson ríkissaksóknari)
gegn
Einari Birni Ingvasyni
(Kristján Stefánsson hrl.).

Þjófnaður. Skilorð.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Hjörtur Torfason og Garðar Gíslason og Auður Þorbergsdóttir borgardómari.

Ríkissaksóknari hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 9. desember 1991 að ósk ákærða og einnig af hálfu ákæruvaldsins til þyngingar refsingu.

Ákærði viðurkennir sök í málinu, en fer fram á, að sérstök refsing vegna brotsins verði ekki dæmd.

Staðfesta ber niðurstöðu hins áfrýjaða dóms um sakfellingu ákærða og færslu á broti hans til refsiákvæðis.

Ákærði á nokkurn sakaferil að baki þrátt fyrir ungan aldur, eins og rakið er í meginatriðum í hinum áfrýjaða dómi. Í því efni skiptir hér einkum máli, að hann var með dómi sakadóms Reykjavíkur 17. október 1990 dæmdur í 90 daga fangelsi fyrir brot gegn 1. mgr. 155. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, sem framin voru í janúar og maí 1990, en refsingunni frestað skilorðsbundið í þrjú ár. Var þeirri frestun ekki haggað, þegar ákærði var síðar dæmdur í tveggja mánaða fangelsi fyrir brot gegn sama lagaákvæði og gegn 244. gr. laganna, sem framin voru á svipuðum tíma. Þá refsingu, er ákveðin var sem hegningarauki við skilorðsdóminn og annan fyrri refsidóm, hefur hann afplánað að fullu.

Brot ákærða í máli þessu var eindregið, en beindist ekki að miklu verðmæti og leiddi ekki til tjóns. Með brotinu hefur hann rofið skilorð dómsins frá 17. október 1990. Þykir ekki verða hjá því komist að taka upp þann dóm samkvæmt 60. gr. almennra hegningarlaga, sbr. 7. gr. laga nr. 22/1955, og dæma ákærða refsingu í einu lagi fyrir brot hans nú og brotin í fyrra málinu. Eftir atvikum og með hliðsjón af 77. gr. almennra hegningarlaga telst hún hæfilega ákveðin fangelsi þrjá mánuði.

Dæma ber ákærða til að greiða áfrýjunarkostnað málsins, eins og nánar segir í dómsorði.

Dómsorð:

Ákærði, Einar Björn Ingvason, sæti fangelsi þrjá mánuði.

Ákærði greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin sāksóknarlaun í ríkissjóð, 30.000 krónur, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns fyrir Hæstarétti, Kristjáns Stefánssonar hæstaréttarlögmanns, 30.000 krónur.

Dómur sakadóms Reykjavíkur 22. nóvember 1991.

Ár 1991, föstudaginn 22. nóvember, er á dómþingi sakadóms Reykjavíkur, sem háð er í Borgartúni 7 af Arngrími Ísberg sakadómara, kveðinn upp dómur í sakadómsmálinu nr. 619/1991: Ákæruvaldið gegn Einari Birni Ingvasyni, sem dómtekið var sama dag.

Málið er höfðað með ákæruskjali ríkissaksóknara, út gefnu 13. nóvember sl., á hendur Einari Birni Ingvasyni, Hátúni 12, Reykjavík, fæddum 16. mars 1973, fæðingarnúmer 318, „fyrir þjófnað með því að hafa fimmtudaginn 12. september 1991 stolið eftirprentun af málverki á 1. hæð hússins nr. 12 við Hátún í Reykjavík.

Telst þetta varða við 244. gr. almennra hegningarlaga nr. 19, 1940.

Þess er krafist, að ákærði verði dæmdur til refsingar og til greiðslu alls sakarkostnaðar".

Ákærði hefur viðurkennt fyrir dómi að hafa 12. september sl. stolið eftirprentun af málverki í húsi nr. 12 við Hátún í Reykjavík. Málverkið komst til skila, og er ekki höfð skaðabótakrafa uppi í málinu.

Samkvæmt sakavottorði ákærða var ákæru frestað skilorðsbundið á hendur honum árið 1988 fyrir þjófnað. 1990 var hann dæmdur í fjögurra mánaða fangelsi fyrir rán, og var sá dómur staðfestur í Hæstarétti 22. febrúar sl. Hinn 13. júní sl. var hann dæmdur í tveggja mánaða fangelsi fyrir skjalafals og þjófnað. Þá hefur hann verið sakfelldur fyrir skjalafals, en ekki verið gerð sérstök refsing, og enn fremur verið dæmdur í 90 daga fangelsi, skilorðsbundið í þrjú ár, fyrir skjalafals.

Brot ákærða er rétt fært til refsiákvæðis í ákæruskjali.

Refsing ákærða nú þykir hæfilega ákveðin 30 daga fangelsi.

Engan kostnað leiddi af rekstri málsins.

Dómsorð:

Ákærði, Einar Björn Ingvason, sæti fangelsi 30 daga.
Dómi þessum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Föstudaginn 6. mars 1992.

Nr. 481/1991. **Ákæruvaldið**
(Hallvarður Einvarðsson ríkissaksóknari)
gegn
Sigurþóri Ólafssyni
og Guðna Magnússyni
(Kristján Stefánsson hrl.).

Fjársvik. Vátrygging. Bifreiðar. Tékkar. Skilorð.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Hjörtur Torfason og Garðar Gíslason og Auður Þorbergsdóttir borgardómari.

Ríkissaksóknari áfrýjaði máli þessu til Hæstaréttar með áfrýjunarstefnu 25. nóvember 1991. Af hálfu ákæruvaldsins er þess krafist, að ákærðu verði sakfelldir samkvæmt ákæru og dæmdir til refsingar og að ákærði Guðni verði dæmdur til greiðslu skaðabóta.

Af hálfu ákærðu er þess krafist, að hinn áfrýjaði dómur verði staðfestur, að því er varðar ákærða Guðna, og að ákærði Sigurþór verði sýknaður af öllum kröfum ákæruvaldsins.

Málið sætti ekki sókn í héraði af hálfu ákæruvaldsins, sbr. 130. gr. laga nr. 74/1974 um meðferð opinberra mála. Nokkurra nýrra gagna hefur verið aflað eftir uppsögu héraðsdóms.

I.

Með vísan til forsendna héraðsdóms ber að staðfesta hann, að því er varðar I. lið ákæru á hendur ákærða Sigurþóri fyrir tékkalagabrot, um sakfellingu og heimfærslu til refsiákvæða.

II.

Í fyrstu frásögn sinni 12. febrúar 1991 hjá Rannsóknarlögreglu ríkisins af árekstri bifreiða ákærðu sagði ákærði Sigurþór, að áreksturinn hefði ekki orðið á gatnamótum Sogavegar og Réttarholtsvegar, heldur á kvartmílubrautinni við álverið í Straumsvík. Hann lýsti árekstri þessum þannig, að hann hefði ekið bifreið sinni eftir brautinni í átt að bifreið ákærða Guðna, sem hefði verið kyrrstæð við enda brautarinnar, og hefði ákærði Guðni setið í bifreið

sinni. Vegna hálku hefði bifreið ákærða Sigurþórs runnið stjórnlaust á hægri hlið hinnar bifreiðarinnar. Kunningi þeirra, Sverrir Már Sverrisson, hefði staðið við brautina.

Ákærði Guðni bar í fyrstu frásögn sinni 14. febrúar mjög á sama veg að öðru leyti en því, að hann sagðist hafa staðið við brautina með Sverri Má, er árekstur inn varð. Ákærði Sigurþór bar á sama veg og ákærði Guðni um þetta atriði við yfirheyrslu 7. mars 1991. Ákærðu hafa fyrir héraðsdómi ætíð haldið fast við þann framburð sinn, að bifreið ákærða Sigurþórs hafi aðeins rekist einu sinni á bifreið ákærða Guðna.

Að beiðni ríkissaksóknara voru dómkvaddir tveir matsmenn í sakadóm Reykjavíkur 11. febrúar 1992 til þess að „láta í ljós álit á tilurð skemmda á bifreiðunum R-67193 og R-12710, sem skemmdust við akstur fyrri bifreiðarinnar á hina síðari, þ.e., hvort skemmdir á bifreiðunum geti allar hafa orðið við einn árekstur milli þeirra, eins og ákærðu í ofangreindu máli hafa lýst, eða hvort fleiri árekstra hafi þurft, til þess að þetta tjón yrði, og þá, hvort fjórir árekstrar séu líklegir í því sambandi". Dómkvaddir voru bifreiðasmiðirnir Ari Ólafsson og Friðbjörn Kristjánsson, og sögðu þeir í mati sínu, dags. 17. febrúar 1992:

„Miðað við upplýsingar um að bifreiðin R-12710 hafi verið kyrrstæð og bifreiðinni R-67193 hafi verið ekið á hægri hlið hennar með ca. 90° horni, teljum við útilokað að skemmdir á R-12710 hafi komið við eina ákeyrslu.

Hafi bifreiðin R-67193 skemmt R-12710, svo sem myndir sýna og lýsing núverandi eiganda, sem gerði við bifreiðina, segir til um, þarf fleiri en einn árekstur til."

Matsmennirnir staðfestu mat sitt fyrir sakadómi Reykjavíkur 18. febrúar 1992. Ekkert er fram komið, sem hnekkir mati þeirra eða veitir ástæðu til að draga það í efa.

Með mati hinna dómkvöddu matsmanna og því, sem sjá má á framlögðum ljósmyndum er upplýst í máli þessu, að frásögn ákærðu um eina ákeyrslu bifreiðar ákærða Sigurþórs á bifreið ákærða Guðna er tilbúningur einn. Þegar þetta er virt svo og reikull framburður ákærða Sigurþórs um, hvar ákærði Guðni hafi verið, þegar bifreiðarnar skullu saman, ásamt þeirri staðreynd, að ákærði Sigurþór keypti húftryggingu fyrir bifreið sína þremur dögum fyrir

ákeyrsluna, er nægilega sannað, að ákærðu hafi viljandi skemmt bifreiðar sínar 14. janúar 1991 og fyllt síðan út rangar tjónstilkynningar og afhent þær til þess að fá greiddar tryggingabætur fyrir bifreiðarnar. Ákærði Guðni fékk greiddar bætur 18. janúar 1991 frá ábyrgðartryggjanda bifreiðar ákærða Sigurþórs, Tryggingamiðstöðinni hf., 415.000 krónur. Ákærði Sigurþór hefur ekki fengið greiddar bætur úr húftryggingu bifreiðar sinnar. Varðar háttsemi ákærða Guðna við 248. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, en ákærða Sigurþórs við sömu grein, sbr. 1. mgr. 20. gr. sömu laga, eins og í ákæru greinir.

III.

Refsingu ákærðu vegna vátryggingarsvikanna ber að ákvarða með vísan til 2. mgr. 70. gr. almennra hegningarlaga, og er ekki ástæða til að gera mun á atferli þeirra í því tilliti.

Refsing ákærða Guðna telst hæfilega ákveðin fangelsi í þrjá mánuði.

Refsing ákærða Sigurþórs, sem ákveðin er með hliðsjón af 77. gr. almennra hegningarlaga, telst einnig hæfileg fangelsi í þrjá mánuði.

Fullnustu refsingar beggja ákærðu þykir mega fresta, og skal hún falla niður að liðnum þremur árum frá uppkvaðningu dómsins, haldi ákærðu almennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga.

Eftir þessari niðurstöðu ber með vísan til 145. gr. laga um meðferð opinberra mála að dæma ákærða Guðna til að greiða Tryggingamiðstöðinni hf. skaðabætur. Upplýst hefur verið, að bifreiðin R-12710 hafi verið seld á 65.000 krónur. Krafa félagsins á hendur ákærða er, að hann endurgreiði fyrrgreindar tjónsbætur, kostnað vegna flutnings, 2450 krónur, reikning vegna bílaleigubíls, 10.010 krónur, og reikning vegna eigendaskipta, 2.300 krónur. Til frádráttar komi söluverð bifreiðarinnar, og sé því krafan 364.760 krónur auk vaxta frá 18.janúar 1991. Verður krafa þessi tekin til greina með vöxtum, eins og í dómsorði segir.

Dæma ber ákærðu til að greiða allan sakarkostnað í héraði og áfrýjunarkostnað, eins og í dómsorði segir.

Dómsorð:

Ákærði Guðni Magnússon sæti fangelsi í þrjá mánuði.

Ákærði Sigurþór Ólafsson sæti fangelsi í þrjá mánuði.

Fullnustu refsingar beggja ákærðu er frestað, og skal hún niður falla að liðnum þremur árum frá uppkvaðningu dóms þessa, haldi ákærðu almennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, sbr. 4. gr. laga nr. 22/1955.

Ákærði Guðni Magnússon greiði Tryggingamiðstöðinni hf. 364.760 krónur í skaðabætur með vöxtum frá 18. janúar 1991 til greiðsludags eftir 7. gr. vaxtalaga nr. 25/1987, sbr. nú 2. gr. laga nr. 67/1989.

Ákvæði hins áfrýjaða dóms um sakarkostnað í héraði eru staðfest með þeirri breytingu, að ákærðu greiði óskipt þann kostnað, er lagður var á ríkissjóð, að með töldum málsvarnarlaunum.

Ákærðu greiði óskipt allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, 60.000 krónur, og málsvarnarlaun til skipaðs verjanda síns fyrir Hæstarétti, Kristjáns Stefánssonar hæstaréttarlögmanns, 60.000 krónur.

Dómur sakadóms Reykjavíkur 17. september 1991.

Ár 1991, þriðjudaginn 17. september, er á dómþingi sakadóms Reykjavíkur, sem háð er í Borgartúni 7 af Guðjóni St. Marteinssyni sakadómara, kveðinn upp dómur í sakadómsmálinu nr. 441-442/1991: Ákæruvaldið gegn Sigurþóri Ólafssyni og Guðna Magnússyni, sem tekið var til dóms sama dag.

Málið er höfðað með ákæruskjali ríkissaksóknara, dagsettu 27. ágúst 1991, á hendur ákærðu, Sigurþóri Ólafssyni, Hlégerði 7, Kópavogi, kt. 051169-5069, og Guðna Magnússyni, Hraunbæ 156, Reykjavík, kt. 170572-3869, „fyrir eftirgreind brot:

I.

Gegn ákærða Sigurþóri fyrir tékkalagabrot með því að hafa 11. janúar 1991 gefið út til Tryggingamiðstöðvarinnar tékka nr. 5175037 á reikning nr. 652 í Búnaðarbanka Íslands, Kringluútibúi í Reykjavík, að fjárhæð

23.000 kr., dagsettan sama dag, og notað hann síðan til kaupa á húftryggingu á bifreið ákærða, bifreiðina R-67193, og til greiðslu tryggingaiðgjalda af nokkrum öðrum bifreiðum hjá Tryggingamiðstöðinni hf., Reykjavík, allt án þess að næg innstæða væri á reikningnum.

Telst þetta varða við 73. gr. tékkalaga nr. 94, 1933, sbr. lög nr. 35, 1977.

II.

Gegn ákærða Guðna fyrir tryggingasvik og ákærða Sigurþóri fyrir tilraun til tryggingasvika með því að framvísa í janúar 1991, ákærði Guðni hjá tryggingafélaginu Sjóvá-Almennum tryggingum hf. í Reykjavík og ákærði Sigurþór hjá Tryggingamiðstöðinni í Reykjavík, röngum tjónstilkynningum þess efnis, að tjón hefði orðið á bifreiðum ákærðu í árekstri milli þeirra á Réttarholtsvegi við Sogaveg í Reykjavík 14. janúar 1991, og átti ákærði Guðni að hafa ekið bifreið sinni, R-12710, suður Réttarholtsveg, en ákærði Sigurþór bifreið sinni, R-67193, austur Sogaveg og inn í hægri hlið bifreiðar meðákærða, en hið rétta var, að kærðu höfðu viljandi skemmt bifreiðarnir við kvartmílubrautina við Hafnarfjörð sama dag með því að aka bifreiðinni R-67193 nokkrum sinnum á bifreiðina R-12710. Ákærði Guðni fékk svo greiddar 415.000 kr. fyrir sína bifreið í tjónsbætur 18. janúar, en ákærði Sigurþór hefur ekki fengið greiddar bætur.

Telst brot Guðna varða við 248. gr. almennra hegningarlaga nr. 19, 1940, og brot ákærða Sigurþórs við sömu grein, sbr. 1. mgr. 20. gr. sömu laga.

Þess er krafist, að ákærðu verði dæmdir til refsingar og til greiðslu alls sakarkostnaðar og ákærði Guðni auk þess til greiðslu skaðabóta".

— — —

Málsatvik.

I.

Ákærði viðurkenndi fyrir dóminum 4. þ.m. að hafa framið þá háttsemi, er honum er gefin að sök í þessum ákærulið. Ákærði kvaðst þannig hafa gefið tékkann út, án þess að næg innstæða væri á reikningi sínum, en tryggingafélagið hefði geymt tékkann til mánaðamóta janúar/febrúar 1991, en ákærði þá ekki átt innstæðu fyrir tékkanum á tékkareikningi sínum. Ákærði kvaðst hafa notað tékkann svo sem lýst er í ákæru. Ákærði hefur greitt Tryggingamiðstöðinni hf. tékkann að fullu.

Ákærði Sigurþór kom fyrir dóminn 4. þ.m. og kvað þennan ákærulið réttan utan það, að árekstur milli bifreiðanna hefði orðið á kvartmílubrautinni við Hafnarfjörð 14. janúar sl. fyrir slysni, en ekki svo sem lýst er í ákæru. Ákærði kvaðst hafa ekið bifreið sinni, R-67193, eftir brautinni, en bifreið meðákærða hefði verið kyrrstæð við enda brautarinnar og dálítið til hliðar, nokkuð frá þeim stað, er vanalegt sé að stöðva akstur bifreiða,

er ekið sé eftir brautinni. Ákærði kvaðst ekki hafa náð að stöðva bifreið sína, sem hafi runnið og lent á bifreið meðákærða í þetta eina skipti, en ekki nokkrum sinnum, eins og greinir í ákæru. Ákærði kvaðst ekki hafa náð að stöðva bifreið sína og telja, að lausamöl á brautinni hefði valdið nokkru þar um, svo og kunni að hafa verið ísing á brautinni, en ákærði kvaðst hafa séð götur borgarinnar saltaðar síðar um kvöldið. Ákærði kvað meðákærða hafa staðið álengdar og orðið vitni að árekstrinum svo og Sverri Má Sverrisson, kunningja sinn, sem hafi verið með í för á kvartmílubrautinni. Ákærði lýsti síðan heimferð ákærðu á bifreið meðákærða, og síðar um kvöldið hefðu þeir sótt bifreið ákærða og dregið hana í Kópavog og skilið hana þar eftir við sundlaugina. Ákærði kvað báða ákærðu hafa talið, að tryggingar bifreiðanna næðu ekki til tjóns, er hlytist við þær aðstæður, sem lýst var. Ákærðu hefðu þá ákveðið að haga tjónstilkynningu svo sem lýst er í ákæru í því skyni að fá tjónið bætt. Ákærði kvaðst hafa afhent Árna Ásgeirssyni hjá Tryggingamiðstöðinni hf. tjónstilkynninguna og hvorki krafist bóta né fengið tjón sitt bætt.

Ákærði Guðni Magnússon kom fyrir dóminn 4. þ.m. Ákærði kvað háttsemi sinni rétt lýst í þessum ákærulið utan því, að árekstur milli bifreiðanna hefði verið einn, en ekki nokkrir, svo sem í ákæru greinir. Ákærði bar fyrir dóminum efnislega á sama veg og meðákærði um það, hvernig árekstur bifreiðanna varð, kringumstæður á kvartmílubrautinni og flutning bifreiðar meðákærða í Kópavog. Ákærði kvað báða ákærðu síðan hafa ritað tjónstilkynningu þá, er framvísað var hjá Tryggingamiðstöðinni hf., og hafi ákærðu ákveðið að staðsetja árekstur inn, svo sem í ákæru greinir, í því skyni að fá tjón sitt bætt. Ákærði kvaðst hafa fengið greiddar 415.000 kr. í tjónsbætur frá Tryggingamiðstöðinni hf., eftir að ákærði hafði skilað þangað tjónstilkynningunni.

Vitnið Sverrir Már Sverrisson var yfirheyrt hjá lögreglu 15. febrúar sl. og lýsti þá fjórum árekstrum milli bifreiða ákærðu, er þær voru staddar á kvartmílubrautinni að kvöldi 14. janúar sl. Sverrir kvað hálku hafa verið á brautinni, en árekstrarnir hefðu verið sviðsettir. Sverrir kvað ákærða Sigurþór hafa ekið bifreiðinni R-67193, er fyrsti árekstur varð. Sverrir lýsti því síðan, er hann ók bifreiðinni R-67193 tvisvar á bifreiðina R-12710 á 40-50 km hraða miðað við klst. í tvö skipti, en Sverrir kvað ákærða Sigurþór hafa ekið á sama hraða. Sverrir kvað ákærða Guðna síðan hafa annast síðustu ákeyrsluna af stuttu færi með bensíngjöfina í botni.

Sverrir Már Sverrisson kom fyrir dóminn 9. þ.m. og skoraðist þá undan því að svara spurningum, sbr. 91. gr. laga 74, 1974.

Ákærðu vísuðu báðir á bug framburði Sverris Más Sverrissonar, er ákærðu voru yfirheyrðir fyrir dóminum, og höfðu ákærðu báðir borið efnislega á sama veg hjá lögreglu og hér fyrir dómi, og staðfestu báðir þann framburð sinn fyrir dóminum.

Vitnið Árni Ásgeir Ásgeirsson, fulltrúi hjá Tryggingamiðstöðinni hf., kom fyrir dóminn 10. þ.m. Árni lýsti þeirri skoðun sinni, þegar hann hafði skoðað ljósmyndir af bifreiðum þeim, er í ákæru greinir, að hugsanlegt væri, að bifreiðarnar hefðu rekist saman oftar en einu sinni, en alls ekki fjórum sinnum á 40-50 km hraða. Árni kvað ákærða Sigurþór hafa komið á skrifstofu Tryggingamiðstöðvarinnar hf. fljótlega eftir tjónið í því skyni að leita eftir bótum og hann þá framvísað tjónstilkynningu, og staðfesti Árni, að tjónstilkynningin væri hin sama og er meðal gagna málsins. Árni kvað ákærða Guðna hafa framvísað ljósriti tjónstilkynningarinnar.

Vitnið Árni Ásgeir var spurt að því, hvort húftrygging Tryggingamiðstöðvarinnar hf. bætti tjón, sem orðið hefði á eða við kvartmílubrautina, á þann hátt, er ákærðu lýstu hér fyrir dóminum, sbr. að framan. Árni kvað almennu regluna varðandi húftryggingu félagsins vera þá, að tjón, er hlytist af akstri utan hins almenna vegakerfis, væri ekki bótaskylt. Hins vegar kvaðst Árni ekki geta svarað spurningunni beint án þess að skoða málið nákvæmlega.

Niðurstöður.

I.

Sannað er með framburði ákærða og öðrum gögnum málsins, að ákærði hefur gerst sekur um þá háttsemi, sem lýst er í þessum ákærulið, og er brot ákærða þar rétt heimfært til refsiákvæða.

II.

Ákærðu hafa báðir vísað því á bug að hafa viljandi skemmt bifreiðar sínar á þann hátt, sem lýst er í ákæru, og hafa báðir neitað því frá upphafi rannsóknar máls þessa. Sverrir Már Sverrisson bar hins vegar á annan veg hjá lögreglu, en hann skoraðist undan því að svara spurningum fyrir dóminum, sbr. 91. gr. laga 74, 1974, en svo sem Sverrir hagaði framburði sínum hjá lögreglu, hefði verið rétt að gæta þess lagaákvæðis, er Sverrir var yfirheyrður 15. febrúar sl. Vitnið Árni Ásgeir Ásgeirsson, lærður bifreiðasmiður og vanur tjónsskoðunarmaður hjá tryggingafélagi, hefur borið fyrir dóminum, að óhugsandi sé, að bifreiðinni R-67193 hafi verið ekið fjórum sinnum á bifreiðina R-12710 á þann hátt, er Sverrir Már lýsti hjá lögreglu. Hins vegar kvað Árni ekki óhugsandi, að fleiri en einn árekstur hefði orðið. Dómurinn telur, þegar ofanritað er virt og gögn málsins að öðru leyti og þá einkum ljósmyndir, er teknar voru af bifreiðunum, eftir að þeim hafði verið stillt upp, ekki sannað, að ákærðu hafi viljandi skemmt bifreiðarnar á kvartmílubrautinni við Hafnarfjörð 14. janúar sl. með því að aka bifreiðinni R-67193 nokkrum sinnum á bifreiðina R-12710, svo sem í ákæru greinir, heldur hafi verið um óhapp að ræða, svo sem ákærðu lýstu.

Svo sem rakið var, kvaðst vitnið Árni Ásgeir Ásgeirsson ekki geta svarað beint spurningunni um það, hvort Tryggingamiðstöðin hf. bætti tjón ákærðu, sem hlytist af akstri á kvartmílubrautinni, ef atvik væru með þeim hætti, er ákærðu hafa lýst fyrir dóminum. Svo sem lýst er að framan, er miðað við framburð ákærðu um það, hvernig áreksturinn varð á eða við kvartmílubrautina. Ekki er við önnur gögn að styðjast en framburð vitnisins Árna Ásgeirs Ásgeirssonar og vátryggingaskilmála þá, er giltu í janúar sl., er skera úr því, hvort Tryggingamiðstöðinni beri að bæta tjón það, er varð við áreksturinn 14. janúar sl. Í vátryggingakilmálum Tryggingamiðstöðvarinnar hf., er giltu fyrir húftryggingar ökutækja í janúar sl., segir í kafla um undanskilda áhættu, að Tryggingamiðstöðin greiði ekki bætur, þegar „um er að ræða kappakstur, aksturskeppni, reynsluakstur eða æfingar fyrir slíkan akstur, nema um annað sé samið". Hin tilvitnuðu ákvæði vátryggingaskilmálanna benda til þess, að félagið sé ekki bótaskylt vegna tjóns, er hlaust af akstri bifreiðarinnar R-67193 14. janúar sl. við eða á kvartmílubrautinni. Þá er það fallið til að vekja tortryggni, að ákærði Sigurþór keypti húftryggingu fyrir bifreið sína, R-67193, aðeins þremur dögum fyrir áreksturinn við kvartmílubrautina. Hins vegar, er litið er til framburðar vitnisins Árna Ásgeirs Ásgeirssonar, sem hefur áratugareynslu af tryggingamálum, er ekki alveg öruggt, að félagið sé undanþegið ábyrgð vegna tjónsins, en Árna Ásgeiri var gerð grein fyrir lýsingu ákærðu á því, hvernig tjónið varð, en miðað er við framburð ákærðu um það, hvernig tjónið varð. Dómurinn telur, að vafann í þessu efni beri að skýra ákærðu í hag, og er því ekki víst, að nokkru máli skipti, er bótaábyrgð félagsins er metin, þótt ákærðu hafi framvísað réttum tjónstilkynningum, en ekki staðsett árekstursinn, svo sem í ákæru greinir, þar sem ekki er öruggt, að Tryggingamiðstöðin hf. bæti ekki tjón, er hlaust við kvartmílubrautina 14. janúar sl. og við þær kringumstæður, er ákærðu hafa báðir lýst fyrir dóminum, sbr. framburð Árna Ásgeirs þar um. Ekki skipti máli hér, þótt ákærðu hafi talið sig þurfa að staðsetja árekstursinn, svo sem í ákæru greinir, til að fá tjón sitt bætt. Með vísan til þessa og meginreglu íslensks réttar þess efnis, að allan vafa beri að skýra sökunauti í hag, eru ákærðu báðir sýknaðir af háttsemi, sem þeim er gefin að sök í þessum ákærulið. Vegna þessara málalykta er ekki fjallað um bótakröfu Tryggingamiðstöðvarinnar hf.

Ákærði Sigurþór greiði verjanda sínum, Kristjáni Stefánssyni hrl., 15.000 kr. í málsvarnarlaun.

Sakarkostnaður að öðru leyti greiðist úr ríkissjóði, þar með taldar 55.000 kr. í málsvarnarlaun til Kristjáns Stefánssonar hrl.

Dómsorð:

Ákærði Guðni Magnússon er sýknaður af öllum kröfum ákæruvaldsins.

Frestað er ákvörðun refsingar ákærða Sigurþórs Ólafssonar skilorðsbundið í tvö ár frá uppkvaðningu dóms þessa, og falli refsing niður að þeim tíma liðnum, haldi ákærði almennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga, sbr. 4. mgr. laga nr. 22, 1955.

Ákærði Sigurþór greiði verjanda sínum, Kristjáni Stefánssyni hrl., 15.000 kr. í málsvarnarlaun.

Sakarkostnaður að öðru leyti greiðist úr ríkissjóði, þ.m.t. málsvarnarlaun, 55.000 kr., til Kristjáns Stefánssonar hrl.

Mánudaginn 9. mars 1992.

Nr. 168/1990. **Fjármálaráðherra vegna ríkissjóðs**
(Gunnlaugur Claessen hrl.)
gegn
Ingólfi Harðarsyni
(Sigurður G. Guðjónsson hrl.).

Skaðabótamál. Lögreglumenn.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Þór Vilhjálmsson, Garðar Gíslason og Gunnar M. Guðmundsson.

Áfrýjandi skaut máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 20. apríl 1990. Hann krefst aðallega sýknu af kröfum stefnda í málinu og að stefndi verði dæmdur til að greiða sér málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, en til vara, að kröfufjárhæð verði lækkuð og málskostnaður látinn niður falla.

Stefndi krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti, er beri dráttarvexti frá 15. degi eftir uppkvaðningu dóms. Jafnframt er krafist virðisaukaskatts af málskostnaði.

Atvikalýsing í héraðsdómi er byggð á frásögn stefnda í skýrslu hans til lögreglustjórans í Reykjavík 15. febrúar 1984.

Í héraðsdómi er vitnað til framburðar lögregluþjónanna Ólafs Egilssonar og Stefáns Arnar Guðjónssonar, sem voru báðir nemendur í Lögregluskóla ríkisins samtímis stefnda. Þeir tóku báðir þátt í sams konar knattleik í skólanum og lýst er í héraðsdómi, en hvorugur þeirra virðist hafa verið viðstaddur, er stefndi varð fyrir slysi því, sem um ræðir í málinu.

Ólafur Egilsson skýrir svo frá, að um hafi verið að ræða „rugby"-leik. Leikreglur hafi ekki verið aðrar en þær, að bannað hafi verið að kýla og sparka. Pústrar hafi verið í leiknum og slys á leikmönnum í nokkrum tilvikum, er haft hafi í för með sér minni háttar meiðsli. Hann telur, að leiknum hafi svipað til „júdó" með tilliti til hættu á meiðslum. Vitnið varð ekki vart við, að ryskingar eða slagsmál ættu sér stað.

Stefán Örn Guðjónsson minnir, að eigi hafi verið um ákveðnar leikreglur að ræða, „þannig að þetta fór af stað og leystist upp bara í svona allsherjar-slagsmál". Hann kveður mjög mikla hörku

hafa verið í leiknum, og þannig hafi það átt að vera að sögn þess, er leiðbeindi leikmönnum. Vitnið minnir, að leiðbeinandinn hafi ekki látið slíkt til sín taka. Hann kveður töluvert hafa verið um blóðnasir og skakkaföll. Um einhvers konar „rugby"-leik hafi verið að ræða, nema engar reglur hafi verið í leiknum. Síðar í framburði sínum tekur vitnið svo til orða: „...náttúrlega leiðist þetta mjög fljótlega út í slagsmál ... Þetta voru bara slagsmál hrein og bein og ekkert annað, þetta var einhvers konar þrekæfing". Hann kveður mikið hafa verið um pústra. Aðspurður, hvort leikmönnum hafi verið frjálst að taka þátt í þessum leik, svaraði hann því til, að um lögregluæfingu hafi verið að ræða og nemendur hafi hlýtt þeim, er slíkum æfingum stjórnuðu.

Samkvæmt lýsingu stefnda á atvikum að slysinu og framangreindri frásögn tveggja vitna um það, hvernig umræddur knattleikur fór fram, þykir sýnt, að hann hafi að minnsta kosti með köflum verið allharkalegur og nokkur hætta á því, að þátttakendur kynnu að verða fyrir slysum. Hér var ekki um íþróttaæfingu að ræða, heldur hluta af starfsþjálfun lögregluþjóna, sem þeim var skylt að taka þátt í. Atvik voru því ekki sambærileg þeim, sem fjallað er um í H. 1981,1113. Samkvæmt þessu og forsendum hins áfrýjaða dóms ber að staðfesta ákvæði hans um fébótaábyrgð áfrýjanda á slysinu.

Með skírskotun til röksemda í hinum áfrýjaða dómi má fallast á mat héraðsdómara á tjóni stefnda af völdum slyssins. Staðfesta ber ákvæði héraðsdóms um vexti og málskostnað.

Rétt er, að áfrýjandi greiði stefnda 65.000 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti. Er þá ekki tekið tillit til virðisaukaskatts. Dráttarvextir af málskostnaði verða ekki dæmdir.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Áfrýjandi, fjármálaráðherra vegna ríkissjóðs, greiði stefnda, Ingólfi Harðarsyni, 65.000 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 16. mars 1990.

Mál þetta, sem dómtekið var 1. mars 1990, er höfðað fyrir dóminum með stefnu, þingfestri 30. mars 1989, af Sigurði G. Guðjónssyni hrl.,

Suðurlandsbraut 4, Reykjavík, f.h. Ingólfs Harðarsonar, kt. 030261-5859, Tulsa, Oklahoma, Bandaríkjunum, á hendur Ólafi Ragnari Grímssyni, kt. 140543-3229, Barðaströnd 5, Seltjarnarnesi, fjármálaráðherra Íslands, f.h. ríkissjóðs Íslands.

Endanlegar dómkröfur stefnanda eru þær, að stefndi verði dæmdur til þess að greiða skaðabætur, að fjárhæð 400.000 kr., með [nánar tilgreindum vöxtum svo og málskostnað].

Af hálfu stefnda er þess krafist aðallega, að hann verði sýknaður af öllum kröfum stefnanda og stefnanda gert að greiða honum málskostnað að mati réttarins. Til vara er þess krafist, að kröfur stefnanda verði stórlega lækkaðar og málskostnaður látinn í því tilfelli falla niður.

Málavextir, málsástæður og lagarök.

Stefnandi lýsir málavöxtum svo, að í febrúar 1984 hafi hann orðið fyrir slysi við íþróttaæfingar í Lögregluskóla ríkisins og meiðst alvarlega á tönnum og tannbeinum. Kveðst hann, þá er slysið varð, hafa verið nemandi í Lögregluskóla ríkisins, og hafi slysið orðið á verklegri æfingu í skólanum í æfingasal lögreglunnar á Seltjarnarnesi. Kveðst hann því hafa slasast við störf sín hjá ríkinu. Kveður hann æfinguna hafa verið undir stjórn Arnórs Sigurjónssonar, þáverandi aðstoðaryfirlögregluþjóns í Reykjavík. Hafi hér verið um eins konar knattleik að ræða. Hafi nemendum verið skipt í tvo liðsflokka, sem keppt hafi að því að koma knetti hvor í annars mark. Telur stefnandi mikla hörku hafa verið leyfða í leiknum. Telur hann slysið hafa orðið með þeim hætti, að þar sem hann hafi legið á gólfi við að aðstoða samherja sinn, er haft hafi knöttinn, hafi nokkrir leikmenn beggja liðsflokka kastað sér á sig, og hafi hann þá fengið spark í andlit og hlotið við það áverka á tönnum og tannbeinum. Kveðst stefnandi ekki gera sér grein fyrir því, hvaða leikmaður hafi sparkað í andlit sér, vegna þeirrar þvögu leikmanna, er lent hafi ofan á sér.

Stefnandi kveðst hafa leitað til Jóhanns G. Möllers tannlæknis tveimur dögum eftir slysið og síðan verið í meðferð hjá honum tímabilið frá 8. febrúar 1984 til 28. september 1984. Hafi hann á þeim tíma farið í alls átta tannaðgerðir, þar sem gert hafi verið að brotnum og lausum fyllingum í þremur jöxlum, brotinni augntönn og framtönn rótfyllt. Þrátt fyrir þær aðgerðir hafi stefnandi þjáðst enn af þungum verk í efri kjálka hægra megin, og hafi hann leitað til Björns Þorvaldssonar tannlæknis, sem uppgötvað hafi beinskemmdir fyrir ofan rætur tveggja framtanna og eins jaxls. Hafi Björn talið þessar beinskemmdir vera afleiðingar slyssins. Kveðst stefnandi hafa komið í alls ellefu skipti til aðgerðar hjá Birni Þorvaldssyni vegna slyssins á tímabilinu frá 8. mars 1985 til 9. júlí 1987, en þrátt fyrir ítrekaðar aðgerðir hans og lyfjagjöf hafi honum ekki tekist að komast hjá

beinskemmdum fyrir ofan rætur framtanna stefnanda, og hafi Björn Þorvaldsson því vísað stefnanda til Sigurjóns Ólafssonar, sérfræðings í kjálkaskurðlækningum, sem gert hafi skurðaðgerð á stefnanda 4. febrúar 1987. Skrapaði hann örvef og sýktan beinvef og gerði jafnframt rótaraðgerð á hliðartönn hægra megin í efri kjálka. Kveðst stefnandi hafa komið í tvö skipti til aðgerðar hjá Sigurjóni Ólafssyni, 22. janúar 1987 og 4. febrúar 1987.

Vegna slyss þessa kveðst stefnandi hafa þurft að fara í 21 aðgerð hjá tannlæknum frá 8. febrúar 1984 til 9. júlí 1987, og kveðst hann ekki enn sjá fyrir endann á læknisaðgerðum vegna slyssins. Kveðst hann hafa orðið að þola mikil óþægindi og þjáningar vegna þessa slyss, fyrst við slysið sjálft og síðan vegna eftirverkana þess, m.a. sífelldrar vanlíðunar í efri kjálka hægra megin, sem ekki hafi tekist að komast fyrir fyrr en með skurðaðgerð 4. febrúar 1987. Á þeim fjórum árum, sem liðin séu frá slysinu, hafi stefnandi liðið miklar þjáningar vegna fjölda sársaukafullra aðgerða á tönnum og tannbeinum og vegna eftirkasta eftir sumar þeirra, og sé enn ekki að fullu ljóst, hvort þær hafi borið fullan árangur. Við slysið kveður hann hafa blætt inn á framtennur í efri gómi. Við þær blæðingar hafi tennurnar orðið dökkar útlits, sem ekki hafi enn verið bætt úr. Þyki fullvíst, að smíða verði sem fyrst postulínsstiftkrónur á framtennurnar, bæði vegna styrkleikarýrnunar þeirra eftir rótaraðgerðir og eins vegna mikilla lýta, sem þær séu stefnanda, og hafi Björn Þorvaldsson tannlæknir lagt mat á, hvað slík aðgerð myndi kosta.

Stefnandi kveður embætti lögreglustjórans í Reykjavík hafa endurgreitt sér hluta útlagðs kostnaðar vegna læknisaðgerða. Með bréfi lögmanns stefnanda, dags. 7. október 1987, til embættis ríkislögmanns hafi ríkissjóður verið krafinn bóta vegna slyssins. Með bréfi ríkislögmanns, dags. 9. desember 1987, hafi kröfu stefnanda um bætur verið hafnað og málshöfðun þessi því verið óhjákvæmileg.

Stefnandi kveðst sundurliða dómkröfu sína svo:

Áætlaður kostnaður við krónusmíði	kr.	50.000
Bætur fyrir miska (þjáningar, óþægindi, lýti og óprýði)	—	350.000
Samtals	kr.	400.000

Stefnandi kveðst reisa málsókn sína í fyrsta lagi á því, að öryggisráðstafanir hafi ekki verið fullnægjandi við æfinguna í lögregluskólanum, þá er hann varð fyrir ofangreindu slysi. Kveður hann mikla hörku hafa verið leyfða í leiknum af stjórnanda æfingarinnar. Reglur leiksins hafi verið mjög frjálslegar og minnt mjög á leikreglur bandarísks fótbolta, og hafi leikmenn mátt beita andstæðinga sína hvers konar brögðum til að koma knettinum

í mark andstæðinga sinna, þar á meðal líkamsburðum sínum í því skyni. Til marks um hörku leiksins sé, að stjórnandi æfingarinnar, Arnór Sigurjónsson, hafi talið sérstaka þörf á því að taka fram, að óheimilt væri að sparka og slá í höfuð andstæðinga. Með hliðsjón af þessu hafi fyrirsvarsmönnum lögregluskólans borið skylda til að hafa til taks andlitshlífar til að verja nemendur slysum. Hvorki hafi slíkar hlífar né nokkur annar öryggisbúnaður verið tiltækur, og sé á því byggt, að slík vanræksla fyrirsvarsmanna lögregluskólans sé alvarlegt brot á almennum skaðabótareglum.

Í öðru lagi kveður hann málsóknina reista á því, að ekki hafi verið forsvaranlegt af stjórnanda æfingarinnar, Arnóri Sigurjónssyni, þáverandi aðstoðaryfirlögregluþjóni, að láta lögregluskólanema leika fyrrgreindan „leik" og að hann hafi vitað eða mátt vita um þá augljósu hættu, sem nemendum hafi stafað af æfingunni. Því sé haldið fram, að tjón stefnanda megi kenna gáleysi stjórnanda æfingarinnar að heimila og fyrirskipa nefndan „leik" og að stefndi sem vinnuveitandi Arnórs Sigurjónssonar beri því skýlausa ábyrgð á tjóni stefnanda.

Í þriðja lagi kveðst stefnandi styðja mál sitt því, að einhver vinnufélagi sinn og starfsmaður stefnda hafi af gáleysi valdið sér fyrrgreindu tjóni með því að sparka í andlit sér. Óljóst sé, hvaða nemandi hafi sparkað í stefnanda, og sé á því byggt, að sá vafi eigi ekki að koma stefnanda í koll, heldur vera á ábyrgð stefnda.

Í fjórða lagi kveðst hann rökstyðja svo mál sitt, að stefndi hafi í verki viðurkennt bótaskyldu sína með því að greiða án nokkurs fyrirvara hluta þess kostnaðar, sem stefnandi hafi haft af læknisaðgerðum vegna slyssins.

Til stuðnings kröfum sínum og málsástæðum kveðst stefnandi vísa til reglna skaðabótaréttarins um ábyrgð vinnuveitanda á saknæmri og ólögmætri háttsemi starfsmanna sinna. Stefnandi kveðst jafnframt vísa til hlutlægrar bótareglu 5. gr. laga um lögreglumenn nr. 56/1972 eða til lögjöfnunar frá því ákvæði. Kröfu um miskabætur kveður hann styðjast við 264. gr. laga nr. 19/1940. Kröfu sína um vexti kveður hann byggða á vaxtalögum nr. 25/1987, einkum 7. gr., 10. gr., 14. og 15. gr. Málskostnaðarkröfu kveður hann studda við XII. kafla laga nr. 85/1936, einkum 1. mgr. 177. gr. og 184. gr., sbr. lög nr. 54/1988.

Stefnandi kveður, að skv. 9. gr. laga nr. 56/1972 um lögreglumenn skuli við embætti lögreglustjórans í Reykjavík starfrækja lögregluskóla, er veiti lögreglumönnum undirstöðumenntun í lögreglufræðum. Skuli að jafnaði eigi skipa aðra í lögregluþjónsstöður en þá, er staðist hafi próf í skólanum. Í II. kafla reglugerðar nr. 660/1981 sé fjallað um lögregluskóla og starfsnám. Nokkur hluti námsins sé verklegar æfingar, og hafi það verið á einni slíkri æfingu, er atvik máls þessa hafi gerst. Leiknum sé svo lýst í vitna-

skýrslu Arnórs Sigurjónssonar: „Varðandi þann leik, sem hér er til umræðu, þá var komið fyrir mörkum við enda salarins, tvö mörk (sic) 40-50 cm á breidd, og voru þau höfð í brjósthæð. Leikurinn hófst með því, að knettinum var kastað í loft upp, og hóf það liðið leikinn, sem knettinum náði. Tilgangur leiksins var síðan sá að æfa hópsamvinnu nemenda með því að láta þá í sameiningu koma knettinum í mark andstæðinganna. Ekki var leyfilegt að slá eða sparka í andstæðingana né heldur vera með neinn ruddaskap. Leikurinn var síðan fólginn í því, að samherjar réttu knöttinn á milli sín, allt þar til komið var að marki andstæðinganna. Leyfilegt var að hrifsa boltann úr höndum andstæðinganna og hefja með því sókn, en samherjar reyndu að verja þá, sem knöttinn höfðu í það og það skiptið."

Stefnandi lýsi slysinu svo í lögregluskýrslu: „Undirritaður var að aðstoða samherja sinn, er lá í gólfinu, og voru nokkrir andstæðingar ofan á honum. Er undirritaður var að þessu, komu menn úr báðum liðum (sic), og lentu þeir í þvögu ofan á okkur, og við það fékk undirritaður spark með hné í efri góm, rétt neðan við nef."

Sýknukröfu sína kveðst stefndi í fyrsta lagi reisa á því, að hér hafi verið um hreint óhappatilvik að ræða. Eins og í atvikalýsingu stefnanda komi fram, hafi verið komin þvaga á gólfinu og stefnandi farið í þvöguna til þess að eigin sögn að aðstoða samherja sinn. Hafi hann orðið fyrir sparki í þvögunni, sem einungis hafi verið hreint óhappatilvik, og leiði það til sýknu fyrir stefnda.

Verði ekki á það fallist, að um óhappatilvik hafi verið að ræða, verði að líta svo á, að þegar þvaga hafi myndast og stefnandi fari í hana, geri hann það á eigin áhættu. Hér sé ekki hægt að kenna neinum um nema honum sjálfum, og leiði það til sýknu fyrir stefnda.

Þeim rökum stefnanda sé með öllu mótmælt, að krafa hans verði reist á almennu skaðabótareglunni og reglum um ábyrgð vinnuveitanda á skaðaverkum starfsmanna sinna, svo og, að hlutlægar bótareglur í 5. gr. laga nr. 56/1972 eigi við. Því sé mótmælt, að um vanrækslu af hálfu fyrirsvarsmanna lögreglustjóra og stjórnanda æfingarinnar hafi verið að ræða, þar sem ekki hafi verið „til taks andlitshlífar til að verja nemendur slysum" né nokkur annar öryggisbúnaður í sama skyni. Það tíðkist ekki, að þvílíkar andlitshlífar séu viðhafðar í handbolta eða fótbolta eða öðrum leikjum, og með öllu sé ósannað, að slíks hafi verið þörf í þessum leik. Tilgangur leiksins hafi verið að hita menn vel upp fyrir seinni æfingar, og hafi engin högg eða spörk verið leyfð, heldur einungis líkamleg átök milli manna, sem ekki séu ósvipuð því, er gerist í daglegu lífi lögreglumanna. Þá sé með öllu ósannað og því andmælt, að leikið hafi verið af slíkri „hörku", að stjórnanda hafi borið að skakka leikinn. Auðvitað kunni mönnum að hlaupa

kapp í kinn í slíkum leikjum, og ljóst sé, að slíkum íþróttum fylgi jafnan nokkur áhætta, en fjarri fari því, að reist verði á henni bótaskylda. Ekki verði annað séð en slys þetta hafi orðið vegna hreinnar óhappatilviljunar.

Í öðru lagi sé það með öllu órökstutt af hálfu stefnanda, að tjón hans „megi kenna gáleysi stjórnanda æfingarinnar að heimila og fyrirskipa nefndan „leik". Þessari fullyrðingu sé harðlega mótmælt. Ekki verði séð, að þessi málsástæða eigi við rök að styðjast, hvað þá, að orsakasamband sé milli ákvörðunar stjórnanda um leikinn og slyss stefnanda. Í því sambandi skuli bent á, að leikurinn hafi oft verið leikinn, án þess að slys hafi hlotist af.

Í þriðja lagi sé óupplýst í málinu, hver hafi valdið þeim áverka, er stefnandi hafi hlotið á æfingu í lögregluskólanum í febrúarbyrjun 1984. Því sé ekki mótmælt, að þar hafi átt hlut að máli einhver félagi hans úr lögregluskólanum. Nemarnir hafi ekki verið í starfi, er atvikið hafi viljað til, og verði stefndi ekki krafinn bóta eftir reglum um húsbóndaábyrgð.

Í fjórða lagi styðji stefnandi mál sitt því, að stefndi hafi í verki viðurkennt bótaskyldu sína með því að greiða án nokkurs fyrirvara hluta þess kostnaðar, er stefnandi hafi haft af læknisaðgerðum vegna slyssins. Þessu sé eindregið mótmælt. Þær greiðslur, sem stefnandi hafi fengið frá embætti lögreglustjóra, hafi verið greiddar á grundvelli kjarasamnings milli BSRB og fjármálaráðherra, gr. 7.4.1., sem hljóði svo: „Ríkið bætir starfsmanni þau útgjöld, sem starfsmaður kann að verða fyrir af völdum slyss á vinnustað og slysatryggingar almannatrygginga bæta ekki skv. 32. gr. laga um almannatryggingar." Með þessum greiðslum hafi því engin afstaða verið tekin til bótaábyrgðar ríkissjóðs. Þá telur stefndi, að hlutlægar ábyrgðarreglur eigi ekki við um úrlausn málsins, en stefnandi virðist byggja á þeim öðrum þræði.

Til vara sé gerð krafa um, að kröfur stefnanda verði stórlega lækkaðar. Sé varakrafan á því reist, að í vottorði Sigurjóns H. Ólafssonar tannlæknis komi fram, að ekkert verði fullyrt um orsakir rótarbólgunnar. Í öðru lagi sé krafa um áætlaðan kostnað vegna krónusmíðar ósannaður. Miskabótakröfu stefnanda sé mótmælt sem allt of hárri og í engu samræmi við dómvenjur. Vöxtum og upphafstíma vaxta sé mótmælt.

Niðurstaða.

Við aðalflutning málsins komu eftirtalin vitni fyrir dóminn: Björn Þorvaldsson tannlæknir, Ólafur Egilsson lögregluþjónn, Stefán Örn Guðjónsson lögregluþjónn og Bjarki Elíasson, skólastjóri Lögregluskóla Reykjavíkur. Stefnandi málsins býr erlendis og kom ekki fyrir dóminn. Arnór Sigurjónsson, stjórnandi íþróttaæfingar þeirrar, er stefnandi slasaðist á, kom ekki fyrir dóminn.

Af gögnum málsins er ljóst, að stefnandi fékk högg eða spark í andlit í febrúarmánuði 1984 á íþróttaæfingu í Lögregluskóla Reykjavíkur, þar sem hann var nemandi. Fékk hann höggið í þvögu, er myndaðist í boltaleik. Lögð hafa verið fram í málinu vottorð Jóhanns G. Möllers tannlæknis, Björns Þorvaldssonar tannlæknis, tvö vottorð, og Sigurjóns H. Ólafssonar tannlæknis, og þykja með þeim og öðrum gögnum sem og vitnaframburði Björns Þorvaldssonar fullnægjandi líkur að því leiddar, að stefnandi hafi við ofangreint slys hlotið slæma áverka á tönnum og að hann hafi leitað sér læknishjálpar og þar með gert það, sem í hans valdi stóð, til að draga úr tjóni sínu.

Form og reglur leiksins eru ekki ljósar, en vitni hafa borið, að honum verði helst líkt við bandarískan fótbolta. Lýsir stjórnandi æfingarinnar, þáverandi yfirlögregluþjónn, Arnór Sigurjónsson, leiknum svo í vitnaskýrslu hjá rannsóknarlögreglu Reykjavíkur, að samherjar hafi rétt knöttinn á milli sín, allt þar til komið var að marki andstæðinganna. Leyfilegt hafi verið að hrifsa boltann úr höndum andstæðinganna og hefja með því sókn, en samherjar hafi reynt að meina andstæðingunum að ná til knattarins með því að halda þeim frá þeim, sem boltann hafði. Hafi leikmenn þannig tekist á, neytt líkamsburða sinna. Högg og spörk hafi ekki verið leyfð og brýnt fyrir mönnum að sýna aðgætni og slá ekki eða sparka í höfuð eða aðra viðkvæma staði andstæðinga. Kvaðst hann hafa stöðvað leikinn, ef ástæða var til, t.d. vegna óþarfrar hörku, og aldrei hafi leikurinn staðið nema stutta stund í einu.

Samkvæmt ofangreindri skýrslu virðist tilgangur leiksins hafa verið tvíþættur: að hita menn upp fyrir síðari æfingar og að fá nemendur til að taka á og vinna saman við líkamleg átök, líkt og gerist í daglegu starfi lögreglumanna.

Vitnin Ólafur og Stefán töldu báðir, að töluverð harka hefði verið í þessum leik, af því að boltinn var réttur á milli manna. Mundu báðir eftir tilviki, þar sem nemi hafði meiðst á nefi, en hvorugur þeirra taldi sig hafa verið í þeim tíma, þegar stefnandi slasaðist. Svo sem leiknum er lýst af stefnanda og vitnum, kann að hafa verið ástæða til að nota hlífar fyrir andliti til að forðast meiðsli. Þykir þetta atriði þó eigi nægilega upplýst til þess, að á því verði byggt, og ósannað er, að stjórnandi æfingarinnar hafi sýnt af sér vítaverða háttsemi við stjórn og framkvæmd æfingar þeirrar, er stefnandi slasaðist á.

Hins vegar er upplýst, að íþróttaæfing þessi var liður í skyldunámi lögreglunema í Lögregluskóla Reykjavíkur, og þykir verða að líta svo á, að leikur sá, er stefnandi slasaðist í og var undir stjórn kennara og fyrirskipaður af honum, hafi verið lögregluæfing, sem m.a. hafi haft þann tilgang að æfa nema í að beita líkamsburðum. Upplýst er, að nemendur

skólans eru í starfi, meðan á námi í skólanum stendur, eru á fullum launum og njóta réttinda og bera skyldur sem lögreglumenn. Samkvæmt framburði Bjarka Elíassonar fyrir dóminum er á lögregluæfingum reynt að líkja eftir raunveruleikanum, en yfirleitt ekki farið út í slíkt harðræði, að hætta sé á, að valdi skaða; óhöpp gætu hins vegar orðið. Þegar allt þetta er virt, þykir verða að líta á þjálfun lögreglunema og nám sem hluta af lögreglumannsstarfi og í þeim skilningi, að hlutlæg bótaregla 2. mgr. 5. gr. laga 56/1972 eigi við um tjón, er í því verður, einkum í tilvikum eins og hér um ræðir, þar sem sérstaklega er verið að æfa menn í átökum.

Ekki er upplýst, hver skólafélaga stefnanda varð valdur að slysinu, og þykir því verða að leggja bótábyrgð á ríkissjóð skv. 2. mgr. 5. gr. laga nr. 56/1972. Ekki verður á það fallist með stefnda, að stefnandi beri sjálfur ábyrgð á tjóni sínu með framgöngu sinni í leiknum eða með öðrum hætti.

Er meiðslum stefnanda lýst í eftirfarandi vottorði:

„Björn Þorvaldsson tannlæknir, 1360-1909, Síðumúla 25, sími 31420. Reykjavík, 13.8. 1987. Ingólfur Harðarson, Krummahólum 10, R., 4725-6402, f. 3. 2. 1961.

Umsögn vegna meðferðar eftir áverka á andlitsbeinum og tönnum við slys í febrúar 1984.

Ingólfur hlaut áverka á lögregluæfingu, sbr. fylgjandi skýrslu. Hann fór þegar til tannlæknis til skoðunar og aðgerða. Voru þá rótfylltar þrjár framtennur og gert við brotnar fyllingar, a.m.k. til bráðabirgða.

Ári síðar, 8.3. 1985, leitaði Ingólfur til undirritaðs vegna sífelldrar vanlíðunar í áverkastað, þ.e. í efri kjálka hægra megin. Við röntgenskoðun sáust beinskemmdir ofan við rætur tveggja framtanna og eins jaxls, og má með vissu rekja þær til áverkans.

Jaxlinn var hreinsaður upp og rótfylltur og frágenginn, og tókst að koma í veg fyrir frekari beinskemmdir. Þrátt fyrir ítrekaðar aðgerðir og lyfjagjöf tókst ekki að komast fyrir beinátu ofan við rætur framtanna, og var Ingólfi þá vísað til sérfræðings í kjálkaskurðlækningum, Sigurjóns Ólafssonar, sem gerði rótaraðgerð og skröpun á örvef og sýktum beinvef.

Samkvæmt röntgenskoðun nú, tveimur mánuðum síðar, virðist aðgerðin ætla að bera árangur.

Framtennur eru þó enn dökkar og ljótar útlits, þótt reynt hafi verið að bæta úr því með fyllingum, og vegna styrkleikarýrnunar eftir rótaraðgerðir má telja fullvíst, að smíða þurfi postulínsstiftkrónur á þær innan tíðar.

Beinn kostnaður af aðgerðum mínum og Sigurjóns nemur um 20.000 kr., væntanlegur kostnaður við krónusmíð er ekki undir 50.000 kr.

Þess utan hefur Ingólfur mátt þola veruleg óþægindi og sársauka, fyrst

við áverka og eftirverki, síðan vegna fjölda óþægilegra aðgerða og eftirkasta eftir sumar þeirra og e.t.v. ekki séð fyrir endann á þeim enn.

Reykjavík, 13. 8. 1987. Björn Þorvaldsson."

Svo sem hér er lýst og með öðrum gögnum málsins þykir upplýst, að stefnandi hafi búið við mikla vanlíðan af völdum slyssins, frá því að það verður í febrúar 1984 og til þess, að aðgerð er gerð 4. febrúar 1987, á um þriggja ára tímabili. Af myndum, sem lagðar hafa verið fram, má sjá lýti á framtönnum, en stefnandi telur, að úr þeim megi bæta með krónusmíð. Björn Þorvaldsson tannlæknir bar fyrir dóminum, að kostnaður við krónusmíð væri í dag u.þ.b. 90.000 kr. Staðfesti hann einnig, að stefnanda væri nauðsynlegt að fá krónu á tvær framtennur til að styrkja þær og draga úr lýtum.

Þegar allt þetta er virt, sem hér hefur verið rakið, þykir rétt að taka kröfu stefnanda um 50.000 kr. vegna kostnaðar við krónusmíð til greina auk 150.000 kr. í miskabætur, samtals 200.000 kr., ásamt dráttarvöxtum, svo sem krafist er skv. III. kafla laga nr. 25/1987.

Það athugast, að málatilbúnaður stefnanda í stefnu og greinargerð þykir ekki fullnægja skilyrðum 88. gr. laga nr. 85/1936, sbr. 10. gr. laga nr. 54/1988 og 105. gr. laga 85/1936, sbr. 12. gr. laga 54/1988.

Málskostnaður ákveðst 80.000 kr. að meðtöldum virðisaukaskatti.

Dóminn kvað upp Hjördís Hákonardóttir borgardómari.

Dómsorð:

Stefndi, fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs, greiði stefnanda, Ingólfi Harðarsyni, 200.000 kr. ásamt dráttarvöxtum samkvæmt III. kafla laga nr. 25/1987 frá 7. nóvember 1987 til greiðsludags og 80.000 kr. í málskostnað, og reiknast dráttarvextir á málskostnað án virðisaukaskatts skv. III. kafla laga nr. 25/1987 frá 15. degi eftir dómsuppsögu.

Mánudaginn 9. mars 1992.

Nr. 409/1990. **Veiðarfæraverslun Sigurðar Fanndal hf.**
(Hjalti Steinþórsson hrl.)
gegn
Hallgrími Ólafssyni skiptastjóra f.h. þrotabús Tréverks hf. og Erlingi Óskarssyni bæjarfógeta, skiptaráðanda á Siglufirði
(Viðar Már Matthíasson hrl.).

Lausafjárkaup. Galli. Sértökuréttur. Gjaldþrotaskipti.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Þór Vilhjálmsson, Garðar Gíslason og Gunnar M. Guðmundsson.

Áfrýjandi skaut máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 2. nóvember 1990 að fengnu áfrýjunarleyfi 29. október það ár. Hann krefst þess aðallega, að þrotabúi Tréverks hf. verði gert skylt að afhenda sér 250 rúllur af steinull, tveggja tommu þykkri, sem geymdar voru í húsnæði Tréverks hf. að Lækjargötu 14 á Siglufirði. Til vara krefst áfrýjandi afhendingar á 85 rúllum, en andvirði 165 rúllna, 148.830 krónur, verði almenn krafa í þrotabúið. Þá krefst áfrýjandi málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti.

Þrotabú Tréverks hf. krefst þess, að kröfum áfrýjanda verði hafnað. Þá er krafist málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Áfrýjandi hefur stefnt skiptaráðandanum á Siglufirði fyrir Hæstarétt, en ekki gert kröfur á hendur honum. Þing hefur verið sótt af hálfu skiptaráðanda, en engar kröfur gerðar.

Í hinn áfrýjaða úrskurð hefur verið tekin skýrsla, sem forráðamenn áfrýjanda og Tréverks hf. sömdu sameiginlega um málavexti. Kemur þar fram, að mistök urðu við afhendingu á steinull, sem Tréverk hf. pantaði hjá áfrýjanda. Viðbrögðum af hálfu kaupanda er þannig lýst í þessari skýrslu: „... kveður hann þá rétt að Sig. Fanndal verði látinn skila vörunni og afgreiða pöntunina rétt". Ágreiningslaust er, að þetta var tjáð forstjóra áfrýjanda, sem beðinn var jafnframt „um að bíða með að endursenda ullina þar sem hugsanlegt sé að Tréverk hf. vilji nota hana eða a.m.k. vilji þeir

fá umhugsunartíma um það hvort svo verði". Þessi ummæli í hinni sameiginlegu skýrslu er eðlilegast að skilja þannig, að kaupandi hafi heimtað ógallaða vöru í stað þeirrar, sem afhent var, en það var honum heimilt samkvæmt 1. mgr. 43. gr. laga nr. 39/1922 um lausafjárkaup. Ósk hans um að halda vörunni um skeið og taka af henni til nota í framleiðslu sinni verður ekki skilin svo, að krafan um ógallaða vöru hafi ekki réttaráhrif samkvæmt téðu lagaákvæði. Ágreiningslaust er, að 165 rúllur af steinullinni voru notaðar við framleiðsluna átölulaust. Af þessu leiðir, að áfrýjandi átti og á enn rétt á að fá afhenta úr geymslum þrotabúsins þá steinull, sem enn er ónotuð. Eftir málsútlistun af hálfu aðila er hún þar sérgreind. Ekki er um það deilt, að andvirði þess efnis, sem notað var, hafi verið 148.830 krónur. Ber að greiða þessa fjárhæð sem almenna kröfu úr þrotabúi Tréverks hf., eins og krafist er.

Samkvæmt framansögðu verður varakrafa áfrýjanda tekin til greina og hinu stefnda þrotabúi gert að greiða áfrýjanda 80.000 krónur í málskostnað samtals í héraði og fyrir Hæstarétti.

Dómsorð:

Viðurkenndur er réttur áfrýjanda til að brigða úr vörslum búsins þeirri steinull, sem að framan er lýst.

Stefndi, þrotabú Tréverks hf., greiði áfrýjanda, Veiðarfæraverslun Sigurðar Fanndal hf., 148.830 krónur, og er þessi krafa almenn krafa í þrotabúið.

Þrotabú Tréverks hf. greiði áfrýjanda 80.000 krónur samtals í málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Úrskurður skiptaréttar Siglufjarðar 10. júlí 1990.

Mál þetta, sem tekið var til úrskurðar að loknum munnlegum málflutningi föstudaginn 22. júní sl., hefur Veiðarfæraverslun Sigurðar Fanndal hf. höfðað gegn þrotabúi Tréverks hf.

Dómkröfur sóknaraðila eru þessar:

1. Aðallega er gerð sú krafa, að kröfulýsing sóknaraðila, dags. 11. des. 1989, verði tekin til greina, þ.e., að úrskurðað verði, að varnaraðila sé skylt að afhenda sóknaraðila 250 rúllur af tveggja tommu léttull (söluverðmæti 225.500 kr.), sem geymdar voru í húsnæði Tréverks hf. að Lækjargötu 14, Siglufirði.

2. Til vara er gerð sú krafa, að úrskurðað verði, að varnaraðila sé skylt að afhenda sóknaraðila 85 rúllur af sömu tveggja tommu léttullinni og söluverð 165 rúllna, sem hugsanlega var búið að nota, þegar til gjaldþrots kom, verði úrskurðuð almenn krafa í þrotabú Tréverks hf., það er 148.830 kr.

3. Til þrautavara er gerð sú krafa, að úrskurðað verði, að sóknaraðili eigi almenna kröfu í þrotabú Tréverks hf., sem nam söluverði hinna umdeildu 250 rúllna af léttull, en það nam 225.500 kr. í september 1989.

4. Í tilvikum 1 og 2 er gerð sú krafa, að varnaraðila sé gert að greiða sóknaraðila málskostnað skv. gjaldskrá LMFÍ, sbr. málskostnaðarreikning á réttarskjali nr. 10. Í tilviki 3 er gerð sú krafa, að málskostnaður verði felldur niður.

Af hálfu varnaraðila er þess krafist aðallega, að aðalkröfu og varakröfu sóknaraðila í máli þessu verði hafnað og viðurkennd verði afstaða bústjóra til sértökukröfu nr. 5 á skrá, það er kröfu sóknaraðila.

Um málavexti vísar sóknaraðili til yfirlýsingar frá 5. desember 1989, undirritaðri af Sigurði Fanndal, Stefáni Aðalsteinssyni, Hreini Júlíussyni og Konráði Baldvinssyni:

„Við neðangreindir erum sammála um, að atvik hafi verið á eftirfarandi hátt:

Í byrjun sept. 1989 pantaði Tréverk hf. ákveðið magn af fjögurra tommu léttull af Sigurði Fanndal. Hinn 4. sept. 1989 kom ullin með bíl frá Steinullarverksmiðjunni á Sauðárkróki. Þegar ullin var affermd, kom í ljós, að um rétt magn var að ræða, en ullin hins vegar tveggja tommu þykk í stað fjögurra tommu þykktar. Ljóst var, að þessi mistök í afgreiðslu myndu kosta kaupanda óhagræði og kostnað, og kvartaði því starfsmaður Tréverks hf., Hreinn Júlíusson, um þetta við Stefán Aðalsteinsson, starfsmann Sig. Fanndal. Hreinn kvartar um þetta við Sig. Fanndal, sem segist munu kanna, hvernig á þessu standi. Síðan segir Hreinn Konráði Baldvinssyni, forsvarsmanni Tréverks hf., frá þessum mistökum, og kveður hann þá rétt, að Sigurður Fanndal verði látinn skila vörunni og afgreiða pöntunina rétt. Ber Hreinn þessi skilaboð til Sigurðar, en biður hann jafnframt að bíða með að endursenda ullina, þar sem hugsanlegt sé, að Tréverk hf. vilji nota hana, eða a.m.k. vilji þeir fá umhugsunartíma um það, hvort svo verði.

Hinn 11. sept. 1989 kemur ný sending af steinull frá Sauðárkróki og m.a. til Tréverks hf. Stefán Aðalsteinsson, starfsmaður Sig. Fanndal, tekur á móti henni við geymslur Tréverks hf. og hefur leit að Hreini Júlíussyni til að taka á móti ullinni. Stefán hittir þá Konráð Baldvinsson og segir honum, að komin sé ný sending af ull. Stefán tjáir Konráði, að um sé að ræða tveggja tommu ull. Konráð bendir þá á, að í síðustu ferð hafi einnig komið

slík ull, sem þeir hafi ekki pantað, þ.e. þykktin röng, og hann vilji, að sú ull verði endursend og Sig. Fanndal afgreiði síðan ullina rétt.

Það skal tekið fram, að síðar kom í ljós, að Konráð hélt, að ullin, sem kom 11. sept., væri einnig vitlaust afgreidd, en það reyndist misskilningur.

Konráð og Hreinn ræddu það síðan sín á milli, að þeir gætu alveg notað tveggja tommu ullina, sem kom 4. sept. 1989, þ.e. þá ull, sem vitlaust var afgreidd, og var það gert, án þess að Sigurður Fanndal væri látinn vita sérstaklega. Var það vegna þess, að forsvarsmenn Tréverks hf., Hreinn og Konráð, töldu sig ekki þurfa þess.

Við undirritaðir lýsum yfir, að framangreindir málavextir eru réttir og sannir að því marki, sem samskipti okkar varðaði á þessum tíma."

Sigurður Fanndal (sign.),
Stefán G. Aðalsteinsson (sign.),
Hreinn Júlíusson (sign.),
K. Baldvinsson (sign.).

Varnaraðili í máli þessu lýsir málsatvikum þannig:

Hinn 26. október 1989, daginn eftir gjaldþrotaúrskurð, kom aðaleigandi sóknaraðila, Sigurður Fanndal, að máli við undirritaðan bústjóra þrotabúsins til bráðabirgða og skiptaráðandann á Siglufirði á skrifstofu hins síðarnefnda að Suðurgötu 4, Siglufirði.

Erindi hans var að leita eftir því, hvort hann fengi rift kaupum á 250 rúllum af steinull, sem hann hefði selt hinu gjaldþrota fyrirtæki á þeim forsendum, að ullin væri enn ónotuð og geymd á Lækjargötu 14. Sigurður fékk þau svör, að steinull þessi væri að öllum líkindum eign þrotabúsins og fengist því ekki afhent. Jafnframt var honum bent á, að sætti hann sig ekki við þá niðurstöðu, yrði hann að gera kröfu um afhendingu ullarinnar á grundvelli sértökuréttar. Það þýddi, að notkun vörunnar og varsla væri algerlega á ábyrgð þrotabúsins. Síðar kom í ljós, að verulegur hluti þessarar steinullar hafði þegar verið tekinn til notkunar og aðeins eftir 85 rúllur af þeim 250, sem um ræðir í geymslum Tréverks hf.

Árla morguns 27. október 1989 kom Sigurður Fanndal að Lækjargötu 14 og nam á brott þær 85 rúllur af steinull, sem þar voru. Þetta gerði hann án leyfis eða vitundar forráðamanna þrotabúsins. Bústjórinn, sem þá var kominn til Reykjavíkur, frétti af þessari morgunheimsókn daginn eftir og brást hart við. Hringdi hann í Sigurð og bauð honum að skila ullinni hið bráðasta, ella yrði hann kærður fyrir að hafa tekið eigur þrotabúsins ófrjálsri hendi. Þá sendi bústjóri bæjarfógetanum á Siglufirði skeyti, þar sem brottnám þetta var tilkynnt og beðið um rannsókn á því. Sigurður Fanndal gaf þá skýringu á þessu athæfi sínu, að nýjar upplýsingar og frekari upprifjun hefði sannfært sig um, að hann ætti þessa vöru og hann

hefði því ekki þurft að spyrja neinn leyfis til að nema hana á brott. Þá sagði hann, að sér hefði þótt vissara að taka það, sem eftir var af vörunni, áður en meira væri notað af henni. Þessar nýju upplýsingar Sigurðar voru þær, að varan hefði aldrei verið reikningsfærð hjá Tréverki hf., meðal annars hefði hann fengið þessa vitneskju með því að fara á skrifstofu Tréverks hf. að Lækjargötu 14 og sækja þar reikninga, sem ógreiddir voru síðan fyrir gjaldþrot. Þá skýrði hann frá því, að steinullin hefði ekki verið af þeirri þykkt, sem pantað var, og til hefði staðið að skipta henni úr tveggja tommu í fjögurra tommu. Þá bað Sigurður um, að kæra yrði ekki lögð fram að svo stöddu, því að Hreinn Júlíusson væri fjarstaddur, og hefði hann líklega upplýsingar, sem varpað gætu ljósi á þetta mál. Varð það úr, að kæran var ekki lögð fram í málinu og því frestað að fá Rannsóknarlögreglu ríkisins á vettvang. Var það gert að beiðni Sigurðar og síðan lögmanns hans. Við frekari rannsókn málsins af hálfu bústjóra komst hann að þeirri niðurstöðu, að umrædd steinull væri ótvírætt eign þrotabúsins. Hinn 24. nóvember átti bústjóri fund með Sigurði Fanndal, sem enn neitaði að afhenda ullina og bað bústjóra að hafa samband við lögmann sinn, þegar til Reykjavíkur kæmi. Hinn 27. nóvember ræddi bústjóri við lögmanninn, sem bað um skriflega staðfestingu fyrrum forráðamanna Tréverks hf. um, að umrædd steinull hefði verið keypt af fyrirtækinu. Sú staðfesting var undirrituð og afhent lögmanni næsta dag.

Hinn 4. desember var bústjóri staddur á Siglufirði og fékk þau boð að hafa samband við Elvar Örn Unnsteinsson lögmann. Erindi hans var, að mönnum bæri ekki saman um málsatvik, og teldi hann nauðsyn á að halda fund með þeim daginn eftir, en þá kæmi hann til Siglufjarðar vegna málsins.

Bústjóri frestaði för sinni suður, og var þessi fundur haldinn 5. desember. Hann sátu Elvar Örn Unnsteinsson, Sigurður Fanndal, Stefán Aðalsteinsson, Elsa Konráðsdóttir, Hreinn Júlíusson, Konráð Baldvinsson og Hallgrímur Ólafsson.

Í lok fundarins tók lögmaðurinn saman málsatvikalýsingu, sem hér að framan greinir, af Sigurði, Stefáni, Konráði og Hreini. Skýrslan er samin af lögmanninum, og er orðalag og efni hennar algjörlega hans. Að loknum fundinum tók lögmaðurinn þá ákvörðun að skila búinu umdeildri steinull.

Málsástæður og lagarök.

Sóknaraðili byggir á því, að hin umdeilda ull hafi aldrei verið seld varnaraðila, Tréverki hf., heldur hafi ullin verið ranglega afgreidd, og hafi Tréverk neitað viðtöku hennar og tilkynnt sóknaraðila um það. Ullin hafi hins vegar verið sett inn í geymslur Tréverks hf., þar til hægt væri að endursenda hana eða eftir atvikum samkvæmt beiðni byggingarstjóra Tréverks hf., að

tekin yrði ákvörðun um, að hún yrði keypt, þrátt fyrir það að um ranga ull væri að ræða. Meðan á ofangreindu ástandi stóð, var ullin aldrei sölufærð hjá sóknaraðila, og hann beið einungis eftir, að varnaraðili tæki ákvörðun um, hvort hann ætlaði þrátt fyrir allt að kaupa ullina. Ítreka beri, að ullin, sem um er deilt, var aldrei pöntuð, keypt eða greidd af Tréverki hf. og það sé auðvitað kjarni málsins. Á þessu sjáist auðvitað, að salan á ullinni hafi aldrei farið fram, heldur var ullin enn í eigu sóknaraðila, þegar gjaldþrot Tréverks hf. bar að höndum. Bar bústjóra þrotabúsins því auðvitað að skila henni strax.

Um það, hvort sala fór fram eða ekki, megi vísa til 55. og 56. gr. laga um lausafjárkaup nr. 39/1922. Þar komi meðal annars fram, að það er ekki afhending ein og sér, sem ráði því, hvort vara telst seld eða keypt.

Varakrafa sóknaraðila er á því reist, að varnaraðili beri að minnsta kosti alltaf ábyrgð á afhendingu þess hlutar hinnar umdeildu ullar, sem var í vörslu Tréverks hf., er úrskurður um gjaldþrot gekk 25. október sl.

Krafa um málskostnað er á því reist, að ákvarðanir bústjóra þrotabús Tréverks hf., varnaraðila, hafi valdið sóknaraðila verulegum kostnaði og tilurð máls þessa sé einvörðungu orðin vegna þessara röngu ákvarðana hans. Jafnframt er vísað til 177. gr. laga um meðferð einkamála í héraði nr. 85/1936.

Um málsástæður og lagarök segir varnaraðili, að steinullin hafi verið móttekin með þeirri athugasemd, að hún væri ekki af réttri þykkt, og áskilinn réttur til að fá ullinni skipt í fjögurra tommu ull, eins og upphaflega hafi staðið til, en byggingarstjóri Tréverks hf. hafi litið svo á, að við móttöku hafi kaupin farið fram og ullin væri frjáls til notkunar. Því hafi kaupin farið fram, þrátt fyrir það að hætt hafi verið við að skipta vörunni, og hefði sú aðgerð varla breytt réttarstöðu kaupanda né seljanda í þessu máli. Einnig bendir hann á, að frá afhendingu ullarinnar 4. sept. 1989 liðu 52 dagar, án þess að nokkuð væri aðhafst af hálfu seljanda. Þá bendir varnaraðili á, að í greinargerð sóknaraðila hafi því verið haldið fram, að engin afhending hafi farið fram, en sértökukrafan sé reist á þeim rökum, að afhending ein og sér ráði því, hvort sala hafi farið fram eða ekki. Þá segir sóknaraðili, að lög nr. 39/1922 eigi ekki við í máli þessu, og bendir hann á, að afhending vörunnar hafi farið fram af hálfu sóknaraðila. Varan hafi verið send frá Steinullarverksmiðjunni á Sauðárkróki til Sigurðar Fanndal, Eyrargötu 2, Siglufirði, samkvæmt fylgibréfi, sem málskjölunum fylgja. Flutningabíll var hins vegar affermdur við aðsetur Tréverks hf. fyrir atbeina sóknaraðila og undir umsjón Stefáns Aðalsteinssonar, starfsmanns hans.

Álit réttarins.

Mál þetta snýst um það, hvort Tréverk hf. hafi keypt og fengið afhenta léttull þá, sem deilt er um í málinu. Það er ljóst samkvæmt gögnum máls-

ins, að Stefán Aðalsteinsson, starfsmaður Sigurðar Fanndals, afhenti umdeilda léttull við geymslur Tréverks hf., en þar tók á móti henni Hreinn Júlíusson, starfsmaður Tréverks hf., en ullin var send Veiðarfæraverslun Sig. Fanndal hf., Siglufirði, og var sendandi Steinullarverksmiðjan, Sauðárkróki. Það hefur og komið fram, að Hreinn Júlíusson og Konráð Baldvinsson, forráðamaður Tréverks, höfðu kvartað undan því, að ullin væri ekki af réttri gerð, en seljandi hafðist ekkert það að, sem benti til þess, að hann myndi skipta ullinni til réttrar gerðar. Einnig hefur komið fram í málinu, að Sigurður Fanndal hafi sent reikninga fyrir viðkomandi steinull á skrifstofu Tréverks hf. í Lækjargötu 14. Þá reikninga hafi hann síðan sótt sjálfur og tekið til baka, en starfsstúlka á skrifstofunni hafi tekið ljósmynd af reikningunum og geymt þá í bókhaldi fyrirtækisins. Ekkert það hefur komið fram í málinu, sem staðfesti það, að Tréverk hf. hafi ætlað sér að skila ullinni, enda hafi starfsmenn Tréverks þegar verið búnir að nota 165 rúllur af hinni umdeildu ull.

Ályktarorð:

Varnaraðili, þrotabú Tréverks hf., á að vera sýkn af aðalkröfu sóknaraðila, Veiðarfæraverslunar Sig. Fanndal hf., í máli þessu.

Varnaraðili skal vera sýkn af varakröfu sóknaraðila í máli þessu.

Þrautavarakrafa sóknaraðila verði viðurkennd sem almenn krafa í þrotabú Tréverks hf.

Málskostnaður falli niður.

Þriðjudaginn 10. mars 1992.

Nr. 83/1992. **Ólafur Jónsson**
gegn
Stefáni Jónssyni.

Kærumál. Víxilmál. Varnir. Aðilaskýrsla.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Þór Vilhjálmsson, Garðar Gíslason og Gunnar M. Guðmundsson.

Sóknaraðili skaut máli þessu til Hæstaréttar með kæru 18. febrúar 1992, sem barst Hæstarétti 25. s. m. Kærður er úrskurður aukadómþings Rangárvallasýslu 10. febrúar 1992, sem kveðinn var upp af Harra Ormarssyni, fulltrúa sýslumanns. Kæruheimild er í c-lið 1. tl. 1. mgr. 21. gr. laga nr. 75/1973 um Hæstarétt Íslands.

Sóknaraðili krefst þess, að hinum kærða úrskurði verði hrundið og lagt fyrir héraðsdómara að leyfa spurningu þá, sem lögð var fyrir varnaraðila og fram kemur í hinum kærða úrskurði. Þá krefst sóknaraðili kærumálskostnaðar.

Varnaraðili krefst þess, að hinn kærði úrskurður verði staðfestur. Þá krefst hann kærumálskostnaðar.

I.

Mál þetta er höfðað fyrir aukadómþingi Rangárvallasýslu með áskorunarstefnu, sem birt var 27. mars 1991. Krafist er greiðslu á skuld samkvæmt víxli. Sóknaraðili er samþykkjandi víxilsins, en varnaraðili útgefandi hans. Í áskorunarstefnunni er meðal annars vísað til laga nr. 85/1936 um meðferð einkamála í héraði með síðari breytingum og víxillaga nr. 93/1933.

Af hálfu sóknaraðila var tekið til varna, og skilaði hann greinargerð 22. maí 1991. Í greinargerð varnaraðila, sem lögð var fram í málinu 19. júní 1991, var tekið fram, að málið væri rekið sem víxilmál eftir 17. kafla laga nr. 85/1936, og því mótmælt, að varnir sóknaraðila kæmust að.

II.

Í 17. kafla laga nr. 85/1936 eru ákvæði, sem veita handhöfum tiltekinna viðskiptabréfa það réttarfarshagræði, að takmörkuðum

vörnum verður við komið í málum, þar sem byggt er á þeim.

Í 207. gr. laga nr. 85/1936 segir meðal annars svo:

„Mál, er fara eftir þessum kafla, eru:

1. Víxilmál, en þau eru:

a. Mál gegn útgefendum, framseljendum og samþykkjendum víxla á hendur öðrum manni,...".

Mál þetta er höfðað gegn samþykkjanda víxils á hendur öðrum manni og er því víxilmál. Varnaraðili gat þess ekki í áskorunarstefnu, að málið yrði rekið eftir 17. kafla laga nr. 85/1936, svo sem gleggst hefði verið. Með vísan til orða 207. gr. laga nr. 85/1936 verður málið þó rekið sem víxilmál eftir 17. kafla, sbr. Hrd. 1874, 141.

Sóknaraðili hefur ekki sýnt fram á, að spurning sú, er lögmaður hans beindi til varnaraðila í þinghaldi 7. febrúar 1992 og varð tilefni hins kærða úrskurðar, varði varnir, sem megi hafa uppi í víxilmáli gegn mótmælum varnaraðila, sbr. 208. gr. laga nr. 85/1936.

Það athugast, að þess var ekki getið í þingbók, þegar sóknaraðili skilaði greinargerð 22. maí 1991, að málinu væri vikið til almennrar eða sérstakrar meðferðar einkamála, svo sem skylt var samkvæmt 1. mgr. 230. gr. laga nr. 85/1936, sbr. 26. gr. laga nr. 54/1988.

Þá verður ekki séð af endurritum af bókunum í málinu, að skýrslutaka sú, er fram fór í þinghaldi 7. febrúar sl., hafi verið liður í aðalmeðferð málsins, en samkvæmt 111. gr. laga nr. 85/1936, sbr. 16. gr. laga nr. 54/1988, skulu skýrslutökur og munnlegur flutningur máls að jafnaði fara fram í einni lotu.

Með þessum athugasemdum ber að staðfesta hinn kærða úrskurð.

Rétt er, að sóknaraðili greiði kærumálskostnað, svo sem segir í dómsorði.

Dómsorð:

Hinn kærði úrskurður á að vera óraskaður.

Sóknaraðili, Ólafur Jónsson, greiði varnaraðila, Stefáni Jónssyni, 25.000 krónur í kærumálskostnað.

Úrskurður aukadómþings Rangárvallasýslu 10. febrúar 1992.

Mál þetta, sem þingfest var 3. apríl 1991 og tekið til úrskurðar 7. febrúar sl., er höfðað af Stefáni Jónssyni, kt. 261134-2179, Mjósundi 16, Hafnar-

firði, gegn Ólafi Jónssyni, kt. 030708-4239, Oddhóli, Rangárvöllum, með áskorunarstefnu, birtri 27. mars 1991.

Dómkröfur stefnanda eru, að stefndi greiði stefnanda 312.000 kr. með drv. skv. 3. kafla l. 25/1987, einkum 10. gr., 12. og 14. gr. laganna, sbr. 5. gr. l. 67/1989, frá 1. 4. 1988 til greiðsludags skuldar. Auk þess er krafist málskostnaðar skv. gjaldskrá LMFI og að málskostnaðarfjárhæðin beri drv. skv. III. kafla vaxtalaga frá 15. degi eftir dómsuppsögu til greiðsludags að viðbættum virðisaukaskatti, sbr. l. 50/1988.

Dómkröfur stefnda eru þessar:

Að stefndi verði sýknaður af öllum kröfum stefnanda og að stefnanda verði gert að greiða stefnda málskostnað allan í samræmi við málskostnaðarreikning, sem lagður verði fram síðar í málinu, og að tildæmdur málskostnaður beri frá 15. degi eftir dómsuppsögu til greiðsludags dráttarvexti skv. III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987.

Við skýrslutökur af stefnanda fyrir dómi 7. febrúar sl. spurði lögmaður stefnda, Helgi Birgisson hdl., stefnanda að því, hvort hann hefði greitt stefnda fyrir húsnæði og fæði og umönnun fjögurra hrossa þann tíma, sem stefnandi bjó á Oddhóli. Stefnandi mótmælti þessari spurningu sem málinu óviðkomandi, enda væri málið rekið skv. 17. kafla laga nr. 85/1936. Lögmaður stefnda taldi, að málið væri ekki rekið skv. tilvitnuðum kafla l. nr. 85/1936, enda væri þess ekki getið í stefnu, og óskaði eftir úrskurði dómara um skyldu stefnanda til að svara spurningunni.

Álit réttarins.

Mál þetta er höfðað til innheimtu skuldar skv. víxli. Í 208. gr. laga nr. 85/1936 eru tæmandi taldar þær varnir, sem að komast í víxilmálum. Stefnandi gat þess í stefnu, að málið væri rekið skv. l. nr. 85/1936. Þess var og getið í greinargerð stefnanda, að málið væri höfðað á grundvelli 17. kafla laga nr. 85/1936. Telja verður það nægilega tilgreint, svo að málið teljist rekið skv. 17. kafla tilvitnaðra laga. Fallast verður því á það með stefnanda með tilvísun til 208. gr. og 3. mgr. 115. gr. laga nr. 85/1936, að spurning sú, sem hér er deilt um, sé málinu óviðkomandi, enda er hér um varnir að ræða, sem ekki komast að í víxilmáli. Stefnanda er því óskylt að svara spurningu stefnda.

Úrskurðarorð:

Stefnanda skal óskylt að svara spurningu stefnda, þar sem hún hefur ekki þýðingu í máli þessu.

Þriðjudaginn 10. mars 1992.

Nr. 137/1990. **Þorleifur Guðmundsson**
(Viðar Már Matthíasson hrl.)
gegn
Guðmundi G. Einarssyni
(Hjalti Steinþórsson hrl.).

Vinnusamningur. Sjómannalög. Starfslok. Sjóveð.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Þór Vilhjálmsson, Garðar Gíslason og Gunnar M. Guðmundsson.

Áfrýjandi skaut málinu til Hæstaréttar með stefnu 28. mars 1990. Hann krefst aðallega sýknu af kröfum stefnda og þess, að stefndi verður dæmdur til að greiða sér 90.397 krónur ásamt dráttarvöxtum. Til vara krefst áfrýjandi þess, að hann verði einungis dæmdur til að greiða stefnda 17.658 krónur með vöxtum, eins og í héraðsdómi segir. Þá krefst hann málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst staðfestingar héraðsdóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Málsatvik eru rakin í héraðsdómi.

Hér fyrir dómi er ekki vefengd sú fullyrðing stefnda, að hann hafi verið ráðinn ótímabundið í skiprúm hjá áfrýjanda.

Ósannað er, að áfrýjandi hafi vikið stefnda úr skiprúmi í símtali, er þeir áttu 21. eða 22. maí 1987. Hins vegar er ljóst, að ágreiningur var með aðilum eftir það símtal. Þeir virðast ekki hafa rætt saman aftur. Eiginkona áfrýjanda átti símtal við stefnda að kvöldi sama dags. Hún tjáði honum þá, að báturinn kæmi af veiðum 24. eða 25. maí, og bað hann að koma þá á fund áfrýjanda. Ætla verður, að þetta hafi verið gert í samráði við áfrýjanda. Stefndi lét í ljós þá ósk í símtali þessu, að áfrýjandi talaði við hann sjálfur. Af því varð ekki, og var ekki frekar eftir því leitað af hálfu áfrýjanda, að stefndi kæmi til starfa. Stefndi bauð sig ekki fram til starfa, eftir að hann var gróinn af sári sínu. Ekki er fram komið, hvenær Jóhann Ólafsson tók að sér að vera vélstjóri á báti áfrýjanda út vertíðina. Um þetta atriði hefur verið lögð fram yfirlýsing

frá Jóhanni, sem dagsett er 23. febrúar 1990, en þá hafði dómur gengið í héraði. Í lok hennar kemur fram, að hún sé samin af þáverandi lögmanni áfrýjanda eftir símtali þeirra. Í yfirlýsingunni segir, að Jóhann hafi einungis verið ráðinn til starfa, meðan stefndi væri forfallaður, en síðan hafi hann starfað út veiðitímann, þar sem stefndi hafi ekki komið til skips. Nafnritun Jóhanns hefur verið staðfest með notarialvottorði. Stefndi hefur mótmælt yfirlýsingunni sem rangri. Getur hún ekki haft sönnunargildi í málinu.

Stefndi mætti ekki til skips, er hann taldist vinnufær, svo sem honum var skylt eftir 59. gr. sjómannalaga nr. 35/1985.

Samkvæmt því ber að sýkna áfrýjanda af þeim hluta fjárkröfu stefnda, sem byggð er á því, að honum hafi verið vikið fyrirvaralaust úr skiprúmi. Hins vegar ber að dæma áfrýjanda til að greiða stefnda 17.658 krónur, sem eru laun fyrir tímabilið frá 18. til 26. maí 1987, en hvorki er ágreiningur um, að hann eigi rétt á launum fyrir það tímabil, né fjárhæð launanna. Dæma ber vexti af þeirri fjárhæð samkvæmt 3. kafla vaxtalaga nr. 25/1987.

Rétt er, að áfrýjandi greiði stefnda 80.000 krónur í málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti. Við ákvörðun málskostnaðar er ekki tekið tillit til virðisaukaskatts. Stefndi á sjóveðsrétt í v/b Kristínu, ÁR 101, til tryggingar dæmdum fjárhæðum.

Eins og málsatvikum er háttað, þykja ekki næg efni til þess að taka að neinu leyti til greina kröfu áfrýjanda um greiðslu á 90.397 krónum úr hendi stefnda.

Dómsorð:

Áfrýjandi, Þorleifur Guðmundsson, greiði stefnda, Guðmundi G. Einarssyni 17.658 krónur með vöxtum samkvæmt III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987 frá 1. júní 1987 til greiðsludags.

Áfrýjandi greiði stefnda 80.000 krónur samtals í málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndi á sjóveðsrétt í v/b Kristínu, ÁR 101, til tryggingar dæmdum fjárhæðum.

Dómur aukadómþings Árnessýslu 28. desember 1989.

I.

Mál þetta, sem dómtekið var 21. f.m., er í aðalsök höfðað fyrir aukadómþingi Árnessýslu af Guðmundi Einarssyni, nnr. 3055-6070, Auðsholti, Biskupstungnahreppi, Árnessýslu, gegn Þorleifi Guðmundssyni, nnr. 9691-6418, Lýsubergi 14, Þorlákshöfn, með stefnu, birtri 31. ágúst 1987.

Aðalstefndi, Þorleifur Guðmundsson, höfðaði gagnsök í málinu með stefnu, fram lagðri í dóm 7. október 1987.

Dómkröfur stefnanda í aðalsök eru þessar:

1. Að stefndi verði dæmdur til að greiða stefnanda skuld, að fjárhæð 214.762 kr., ásamt 33,6% ársvöxtum af 27.466 kr. frá 1. júní 1987 til 1. júlí sama ár, 36% ársvöxtum af 99.503 kr. frá þeim degi til 1. ágúst sama ár, 40,8% ársvöxtum af 171.540 kr. frá þeim degi til 1. september sama ár, 40,8% ársvöxtum af 214.762 kr. frá þeim degi til 9. s.m., en með ársvöxtum af sömu fjárhæð samkvæmt III. kafla laga nr. 25, 1987, frá þeim degi til greiðsludags.

2. Að stefndi verði dæmdur til að greiða stefnanda málskostnað samkvæmt gjaldskrá LMFÍ auk 12% söluskatts.

3. Að staðfest verði sjóveð í Kristínu, ÁR-101, fyrir ofangreindum kröfum.

Dómkröfur stefnda í aðalsök eru þær aðallega, að stefndi verði sýknaður af öllum kröfum stefnanda og að stefnandi verði dæmdur til að greiða stefnda málskostnað að skaðlausu samkvæmt gjaldskrá LMFÍ auk 12% söluskatts. Til vara er þess krafist, að dómkröfur stefnanda verði verulega lækkaðar og málskostnaður þá látinn niður falla.

Í gagnsök gerir gagnstefnandi þær dómkröfur, að gagnstefndi verði dæmdur til að greiða gagnstefnanda 107.381 kr. með 33,6% ársvöxtum frá 1. júní 1987 til 1. júlí sama ár, 36% ársvöxtum frá þeim degi til 1. ágúst sama ár, 40,8% ársvöxtum frá þeim degi til 1. september sama ár, 42% ársvöxtum frá þeim degi til 1. október sama ár, 43,2% ársvöxtum frá þeim degi til 7. s.m., en með dráttarvöxtum samkvæmt 10. gr. vaxtalaga nr. 25, 1987, frá þeim degi til greiðsludags. Þá krefst gagnstefnandi staðfestingar á heimild til að leggja áfallna dráttarvexti við höfuðstól dómkröfu á tólf mánaða fresti, í fyrsta sinn 1. júní 1988. Loks krefst gagnstefnandi málskostnaðar úr hendi gagnstefnda að skaðlausu samkvæmt gjaldskrá LMFÍ auk 12% söluskatts.

Af hálfu gagnstefnanda er þess krafist, að kveðinn verði upp sjálfstæður dómur um allar dómkröfur í gagnsök, en til vara, að dómkröfur í gagnsök verði notaðar til skuldajafnaðar við kröfur stefnanda í aðalsök að svo miklu leyti sem þurfa kann og sjálfstæður dómur verði kveðinn upp um afganginn.

Dómkröfur gagnstefnda í gagnsök eru þær, að hann verði sýknaður af öllum kröfum gagnstefnanda og að gagnstefnandi verði dæmdur til að greiða gagnstefnda málskostnað samkvæmt gjaldskrá LMFÍ auk 12% söluskatts.

Sáttaumleitanir fyrir dómi hafa ekki borið árangur.

II.

Tildrög máls þessa eru þau, að aðalstefnandi, Guðmundur Einarsson, starfaði sem vélstjóri á Kristínu, ÁR-101, sem er 30 brúttórúmlesta fiskiskip, þá í eigu aðalstefnda, Þorleifs Guðmundssonar. Samkvæmt skipshafnarskrá var aðalstefnandi lögskráður á skipið 11. febrúar 1987 og var þar síðan samfellt til 18. maí sama ár. Þann dag slasaðist hann við vinnu sína um borð í nefndu skipi og kom ekki til starfa þar eftir það. Samkvæmt fram lögðu læknisvottorði var aðalstefnandi óvinnufær af framangreindum ástæðum til 26. maí 1987. Af hálfu aðalstefnanda er því haldið fram, að á þeim tíma hafi aðalstefndi slitið ráðningarsamningi sínum við aðalstefnanda fyrirvaralaust og án lögmætra ástæðna. Þessu hefur aðalstefndi eindregið mótmælt og kveðst aldrei hafa sagt aðalstefnanda upp störfum, heldur hafi aðalstefnandi hlaupist fyrirvaralaust á brott úr skiprúmi og brugðist alvarlega starfsskyldum sínum. Dómkröfur stefnanda í aðalsök eru m.a. reistar á ákvæðum 2. mgr. 9. gr., sbr. 1. og 2. mgr. 27. gr. sjómannalaga nr. 35, 1985, og dómkröfur stefnanda í gagnsök á 2. mgr. 60. gr. sömu laga.

III.

Aðalstefnandi hefur í ódagsettri skýrslu skýrt svo frá m.a.: „Guðmundur var við vinnu um borð í bátnum, þegar hann skar sig í fingur við liðamót. Hann fór til læknis á Heilsugæslustöðinni í Þorlákshöfn, sem deyfði hann og saumaði síðan, líklega 2-3 spor... Eftir u.þ.b. eina klst., þegar deyfingin er farin að fara úr sárinu, er Guðmundi farið að líða mjög illa og það svo, að hann treystir sér ekki til að vera við vinnu... Áður en farið er frá bátnum, fer Guðmundur niður í vélarrúm og athugar með olíu og lensingu o.þ.h. og gengur þannig frá öllu, að vélin gat verið í gangi... Fljótlega eftir að þau hjónin komu heim, hringdi Þorleifur. Hann byrjaði á því að skammast út af því, að vélin var í gangi, en Guðmundur útskýrði ástæðuna og sagði síðan Þorleifi, að hann yrði að fara til læknis daginn eftir, þar sem sársaukinn væri svo mikill. Þorleifur kvaðst þá verða að útvega annan mann í stað Guðmundar, en hann sagði honum þá, að það gæti hann gert fyrir hann, ef hann vildi (Guðmundur hafði þá í huga bróðurson sinn, sem hafði lýst áhuga sínum á að komast í afleysingar), en Þorleifur afþakkaði, þar sem hann gæti útvegað mann sjálfur... Hið næsta, sem gerist, er, að

Þorleifur hringir í Guðmund utan af sjó, líklega 21. maí 1987, og tilkynnir honum, að hann sé búinn að fá annan vélstjóra og að Guðmundur þurfi ekki að koma aftur, þar sem sá vélstjóri verði áfram hjá sér...“

Hér fyrir dómi hefur aðalstefnandi lýst yfir því, að ofangreind skýrsla sé rétt.

Af hálfu aðalstefnanda er því haldið fram, að hann eigi rétt á þriggja mánaða uppsagnarfresti, sem miðist við 18. maí 1987. Aðalstefnandi hafi verið ráðinn og skráður á Kristínu, ÁR-101, án nokkurs fyrirvara eða samkomulags um tímabundna ráðningu. Er í þessu sambandi vísað til 2. mgr. 9. gr. sjómannalaga nr. 35, 1985, sbr. og 1. og 2. mgr. 27. gr. sömu laga. Samkvæmt ákvæðum þessum og dómvenju eigi aðalstefnandi rétt til staðgengilskaups á uppsagnarfrestinum. Dómkröfur hans miðist hins vegar við kauptryggingu, sem sé lágmarkskaup vélstjóra. Kröfu sína um staðfestingu sjóveðsréttar í Kristínu, ÁR-101, reisti aðalstefnandi í upphafi á 1. tl. 1. mgr., sbr. 2. og 3. mgr. 197. gr. siglingalaga nr. 34, 1985. Við munnlegan flutning málsins vísaði aðalstefnandi enn fremur til stuðnings þeirri kröfu sinni til 1. mgr. 199. gr. síðastnefndra laga, þar sem skipið hafði þá verið selt.

Kröfu sína í aðalsök sundurliðar aðalstefnandi þannig:

1.	Kauptrygging 18. maí 1987 til 1. júní s.á.	kr.	24.434
	Fast kaup vegna sama tíma	—	497
	Orlof 10,17% vegna sama tíma	—	2.535
2.	Kauptrygging 1. júní 1987 til 1. júlí s.á.	—	64.084
	Fast kaup vegna sama tíma	—	1.303
	Orlof 10,17% vegna sama tíma	—	6.650
3.	Kauptrygging 1. júlí 1987 til 1. ágúst s.á.	—	64.084
	Fast kaup vegna sama tíma	—	1.303
	Orlof 10,17% vegna sama tíma	—	6.650
4.	Kauptrygging 1. ágúst 1987 til 18. s.m.	—	38.450
	Fast kaup vegna sama tíma	—	782
	Orlof 10,17% vegna sama tíma	—	3.990
	Samtals	kr.	214.762

IV.

Sýknukrafa aðalstefnda er á því reist, að aðalstefnandi hafi sjálfur hlaupist fyrirvaralaust á brott úr starfi, og því sé ekki um bótaskyldu af hálfu aðalstefnda að ræða. Þá sé ósannað, að stefnandi hafi verið óvinnufær með öllu. Fari hins vegar svo, að dómurinn komist að þeirri niðurstöðu, að aðalstefndi hafi vikið aðalstefnanda fyrirvaralaust úr starfi, þá er því haldið fram af hálfu aðalstefnda, að sér hafi verið það heimilt vegna van-

rækslu aðalstefnanda í starfi, sbr. 53., 58. og 2. og 3. tl. 24. gr. laga nr. 35, 1985. Aðalstefnandi eigi því ekki rétt á kaupi lengur en hann gegndi starfi sínu, sbr. 24. gr. nefndra laga in fine.

Varakrafa stefnda í aðalsök er á því reist, að aðalstefnandi verði talinn hafa verið óvinnufær frá 18. til 26. maí 1987 og skiprúmssamningi hans verið rift með því, að hann kom eigi til skips, er hann hafi orðið vinnufær að nýju. Hann eigi því hugsanlega rétt til kaups, meðan hann var óvinnufær, samkvæmt fyrirmælum 36. gr. laga nr. 35, 1985, sbr. 24. gr. þeirra in fine.

Í öllum tilvikum er því haldið fram af hálfu stefnda í aðalsök, að laun aðalstefnanda í uppsagnarfresti skuli sæta frádrætti þeirra launa, sem hann aflaði sér annars staðar á sama tíma.

V.

Dómkröfur stefnanda í gagnsök eru á því reistar, að gagnstefndi hafi fyrirvaralaust hlaupist á brott úr starfi vélavarðar á m/b Kristínu, ÁR-101, sem gagnstefnandi eigi og geri út. Gagnstefndi eigi því ekki rétt á bótum úr hendi gagnstefnanda. Miklu fremur sé gagnstefndi bótaskyldur gagnvart gagnstefnanda samkvæmt 2. mgr. 60. gr. sjómannalaga nr. 35, 1985.

Dómkröfur stefnanda í gagnsök eru miðaðar við laun fyrir hálfan uppsagnarfrest með þeirri sundurliðun, sem fram kemur í stefnu í aðalsök og áður er getið.

Í gagnsök mótmælir gagnstefndi með öllu bótakröfu gagnstefnanda. Í greinargerð sinni í gagnsök heldur gagnstefndi því fram, að af málsgögnum verði ekki dregin önnur ályktun en sú, að gagnstefnda hafi þegar 20. maí 1987 verið sagt upp störfum fyrirvaralaust, annaðhvort í símtali því, sem hann greini frá í málavaxtalýsingu sinni, eða með því, að gagnstefnandi hafi ráðið nýjan vélstjóra ótímabundið í stað gagnstefnda í veikindaforföllum hans.

VI.

Fyrir dóminn hafa komið og gefið skýrslur í máli þessu aðalstefnandi, Guðmundur Einarsson, aðalstefndi, Þorleifur Guðmundsson, og eiginkona hans, Guðrún Stefánsdóttir, Gylfi Haraldsson heilsugæslulæknir, Margrét Jónína Gísladóttir, skrifstofustjóri Vélstjórafélags Íslands, Sigmar Jóhannesson stýrimaður og Ágúst Österby Christiansen háseti.

Í framburði Margrétar Jónínu Gísladóttur kemur fram, að aðalstefnandi hafi leitað aðstoðar Vélstjórafélags Íslands í sömu viku og hann slasaðist og að hann hafi tjáð vitninu, að búið væri að vísa sér úr skiprúmi. Síðan segir vitnið svo frá: „Það, sem ég hef aftur á móti fyrir mér sem staðfestingu á því, það er, þegar þau (aðalstefndi og eiginkona hans) segja mér um vélstjórann, að þau séu búin að ráða vélstjóra, sem vilji ekki skammtímaráðn-

ingu, og þau séu búin að taka því." Þá kemur enn fremur fram hjá vitninu, að í upphafi hafi verið reynt að leysa málið þannig, að aðalstefnandi kæmi til starfa um borð að nýju. Það hafi hins vegar staðið í þjarki gagnvart aðalstefnda. Hann hafi ekki sætt sig við það, hvernig aðalstefnandi hafi skilið við vélina í umrætt sinn, og eftir að ráðinn hafði verið vélstjóri, sem ekki hafi viljað skammtímaráðningu, hafi ekki komið til álita af hálfu aðalstefnda, að aðalstefnandi kæmi um borð aftur.

VII.

Fram lögðu læknisvottorði um óvinnufærni aðalstefnanda tímabilið 18.-26. maí 1987 hefur ekki verið hnekkt.

Andstætt því, sem segir í aðilaskýrslu aðalstefnda, hefur ekkert komið fram í málinu, sem bendir til þess, að gerður hafi verið tímabundinn ráðningarsamningur við þann vélstjóra, sem tók við starfi aðalstefnanda á umræddu skipi, en samkvæmt 1. mgr. 6. gr. sjómannalaga nr. 35, 1985, skal útgerðarmaður sjá um, að gerður sé skriflegur skiprúmssamningur við skipverja.

Gegn andmælum aðalstefnanda hefur ekkert komið fram við meðferð málsins, sem virða ber á þann veg, að aðalstefnandi hafi sjálfur slitið ráðningarsamningi sínum fyrirvaralaust, en sýknukrafa í aðalsök er m.a. á því reist.

Samkvæmt því, sem nú hefur verið rakið, og þegar litið er til framburðar vitnisins Margrétar Jónínu Gísladóttur hér fyrir dómi, þykir verða að leggja til grundvallar þá frásögn aðalstefnanda, að aðalstefndi hafi vísað honum úr skiprúmi fyrirvaralaust, áður en hann varð vinnufær að nýju. Gegn andmælum aðalstefnanda hefur aðalstefndi ekki sannað neinar þær ávirðingar af hálfu aðalstefnanda, sem leitt gætu til þess, að heimilt væri að vísa honum úr skiprúmi fyrirvaralaust og án bóta. Samkvæmt 1. mgr. 25. gr. sjómannalaga nr. 35, 1985, á aðalstefnandi rétt til óskertra launa þann uppsagnarfrest, sem honum bar. Þar sem ekkert liggur fyrir um það, að ráðningarsamningur aðalstefnanda hafi verið tímabundinn, né heldur, að samið hafi verið um skemmri uppsagnarfrest en greinir í 2. mgr. 9. gr. nefndra laga, ber aðalstefnda að greiða aðalstefnanda þriggja mánaða laun frá 18. maí 1987 að telja, svo sem krafist hefur verið, en enginn tölulegur ágreiningur er með aðilum í máli þessu um umkrafða launafjárhæð. Verður aðalstefndi því dæmdur til að greiða aðalstefnanda 214.762 kr.

Vaxtakrafa aðalstefnanda brýtur ekki gegn ákvæðum vaxtalaga nr. 25, 1987, og hefur ekki sætt andmælum. Verða vextir því eins og í dómsorði greinir.

Samkvæmt því, sem nú hefur verið rakið, verður gagnstefndi sýknaður af öllum kröfum gagnstefnanda í gagnsök.

Málskostnaður verður ákveðinn í einu lagi, bæði í aðalsök og gagnsök, og eftir þessum úrslitum málsins þykir rétt, að aðalstefndi greiði aðalstefnanda málskostnað, sem þykir hæfilega ákveðinn 75.000 krónur, þar með talinn söluskattur.

Með vísan til 1. tl. 1. mgr., sbr. 2. og 3. mgr. 197. gr. siglingalaga nr. 34, 1985, sbr. 1. mgr. 199. gr. sömu laga, á aðalstefnandi sjóveðsrétt í m/b Kristínu, ÁR-101, til tryggingar tildæmdum fjárhæðum.

Þorgeir Ingi Njálsson, settur héraðsdómari, kvað upp dóm þennan. Dómsuppkvaðning hefur dregist sökum embættisanna dómarans, en hann fékk mál þetta til meðferðar 16. september sl.

Dómsorð:

Aðalstefndi, Þorleifur Guðmundsson, greiði aðalstefnanda, Guðmundi Einarssyni, 214.762 kr ásamt 33,6% ársvöxtum af 27.466 krónum frá 1. júní 1987 til 1. júlí sama ár, 36% ársvöxtum af 99.503 krónum frá þeim degi til 1. ágúst sama ár, 40,8% ársvöxtum af 171.540 kr. frá þeim degi til 1. september sama ár, 40,8% ársvöxtum af 214.762 krónum frá þeim degi til 9. s.m., en með dráttarvöxtum samkvæmt III. kafla vaxtalaga nr. 25, 1987, af þeirri fjárhæð frá þeim degi til greiðsludags.

Gagnstefndi, Guðmundur Einarsson, skal vera sýkn af kröfum gagnstefnanda, Þorleifs Guðmundssonar, í gagnsök.

Aðalstefndi, Þorleifur Guðmundsson, greiði aðalstefnanda, Guðmundi Einarssyni, 75.000 krónur í málskostnað, bæði í aðalsök og gagnsök.

Aðalstefnandi á sjóveðsrétt í m/b Kristínu, ÁR-101, til tryggingar tildæmdum fjárhæðum.

Dómi þessum ber að fullnægja innan 15 daga frá lögbirtingu hans að viðlagðri aðför að lögum.

Miðvikudaginn 11. mars 1992.

Nr. 198/1991. **Kristinn Breiðfjörð Eiríksson og Þórir Jensen**
(Kjartan Reynir Ólafsson hrl.)
gegn
Lögfræðiskrifstofu Þórólfs Kr. Beck hrl., Friðjóns Arnar Friðjónssonar hdl. og Tómasar H. Heiðar lögfr.
(Þórólfur Kr. Beck hrl.).

Áskorunarmál. Aðför. Ómerking. Frávísun frá héraðsdómi.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Haraldur Henrysson og Garðar Gíslason og Sveinn Snorrason hæstaréttarlögmaður.

Áfrýjendur skutu máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 3. maí 1991. Þeir krefjast sýknu af kröfum stefnda samkvæmt hinni áfrýjuðu árituðu áskorunarstefnu og málskostnaðar úr hendi stefnda fyrir Hæstarétti. Kristinn Breiðfjörð Eiríksson gerir einnig þá kröfu, að eftirfarandi fjárnámsgerð fógetaréttar Reykjavíkur í málinu A-1412/1991 verði úr gildi felld.

Stefndi krefst þess, að hin áfrýjaða áritun verði staðfest og áfrýjendur greiði sér óskipt málskostnað fyrir Hæstarétti. Hann krefst þess jafnframt, að hin áfrýjaða fjárnámsgerð verði staðfest og áfrýjandi Kristinn Breiðfjörð Eiríksson greiði málskostnað, að því er þá kröfu varðar.

I.

Mál þetta er höfðað af stefnda á bæjarþingi Reykjavíkur með ákorunarstefnu gegn áfrýjendum persónulega og fyrir hönd Hagbæjar sf. og þeim Jónínu Höllu Sigmarsdóttur, Guðmundi Blöndal og Gunnari H. Blöndal. Gerði stefnandi þær dómkröfur, að stefndu yrði gert in solidum að greiða sér skuld, að fjárhæð kr. 509.131,99, auk dráttarvaxta og málskostnaðar.

Í stefnu segir meðal annars svo: „Skuld þessi er samkvæmt skuldabréfi, út gefnu þann 29.9.1989 af stefndu, Jónínu Höllu Sigmarsdóttur, til Hagbæjar sf. og tryggðu með veði í bifreið

hennar, G-26810, Daihatsu Charade, árg. 1988 (fnr. JT 556), og sjálfskuldarábyrgð stefndu Guðmundar Blöndal og Gunnars H. Blöndal. Skuldabréfið var framselt af Hagbæ sf. þann 12.10. 1989. Sama dag tókst Bílaborg hf. á hendur sjálfskuldarábyrgð á skuldinni, en þar sem bú félagsins hefur verið tekið til gjaldþrotaskipta, eru ekki gerðar kröfur á hendur því í máli þessu. Skuldabréfið var upphaflega að fjárhæð kr. 530.000,- sem greiða átti með 30 mánaðarlegum afborgunum, í fyrsta skipti þann 05.11. 1989. Skuldabréfið er bundið lánskjaravísitölu með grunnvísitöluna 2584 stig. Samkvæmt ákvæði í skuldabréfinu breytist höfuðstóll skuldarinnar í hlutfalli við breytingar á vísitölunni frá grunnvísitölu til fyrsta gjalddaga og síðan í hlutfalli við breytingar á vísitölunni milli gjalddaga. Samkvæmt ákvæði í skuldabréfinu ber það 8,5% ársvexti. Skuldabréfið, sem er í eigu og handhöfn stefnanda, er í vanskilum frá gjalddaga þess þann 05.03. 1990."

Málið var þingfest á bæjarþinginu 6. september 1990, en enginn stefndu í héraði sótti þing. Málið var tekið til áritunar 10. janúar 1991, en endurupptekið að ósk stefnanda í héraði 17. janúar, og var þá lagt fram svohljóðandi umboð:

„Hér með veitir Íslandsbanki hf. Lögfræðiskrifstofu Þórólfs Kristjáns Beck hrl., Friðjóns Arnar Friðjónssonar hdl. og Tómasar H. Heiðar lögfr., Bolholti 4, Reykjavík, umboð til að innheimta skuldabréf nr. 1573, að fjárhæð kr. 530.000,-, útgefið þann 29.09. 1989 af Jónínu Höllu Sigmarsdóttur til Hagbæjar sf., en framselt þann 12.10. 1989 af því félagi til Iðnaðarbanka Íslands hf. (nú Íslandsbanki hf.).

Reykjavík, 14.01. 1991
F.h. Íslandsbanka hf.
Jón G. Briem hdl. (sign.)."

Málið var að svo búnu tekið til áritunar að nýju og áskorunarstefnan árituð um aðfararhæfi af Bergþóri Magnússyni, fulltrúa yfirborgardómara, 5. febrúar 1991. Áritunin er svohljóðandi: „Stefnukröfur máls þessa og kr. 81.000,- í málskostnað, þ.m.t. virðisaukaskattur, eru aðfararhæfar frá dagsetningu áritunar þessarar. Vextir af málskostnaði án virðisaukaskatts reiknast frá 15. degi frá áritun þessari skv. III. kafla vaxtalaga."

II.

Stefndi sendi borgarfógetaembættinu fjárnámsbeiðni, dags. 7. febrúar 1991, ásamt hinni árituðu áskorunarstefnu. Þar var fjárnámsbeiðandi tilgreindur Flugleiðir hf., en fjárnámsþolar Gunnar H. Blöndal, og/eða Kristinn B. Eiríksson og/eða Þórir Jensen. Fógetaréttur var settur að Ægisíðu 76 mánudaginn 11. febrúar 1991 af fulltrúa yfirborgarfógeta. Bókað var, að fyrir væri tekið málið nr. A 764/1991: Flugleiðir hf. gegn Þóri Jensen, og gert fjárnám í eignarhluta hans í Ægisíðu 76. Endurrit gerðarinnar var móttekið til þinglýsingar 4. mars s. á., en var vísað frá þinglýsingu með áritun þess efnis, að Svava Jensen hefði orðið eigandi eignarinnar með afsali, þinglýstu 1. mars 1991.

Stefndi sendi borgarfógetaembættinu aðra fjárnámsbeiðni, dags. 10. mars 1991, og var hún árituð „Endurupptaka". Fulltrúi yfirborgarfógeta setti fógetarétt Reykjavíkur á heimili Kristins B. Eiríkssonar að Fremristekk 11 mánudaginn 11. mars og tók fyrir málið A 1412/1991: „Lögfræðiskrifstofa ÞKB, FÖF og THH gegn Kristni B. Eiríkssyni". Var þar bókað meðal annars.:

„Gerðarþoli býr hér, en er ekki viðstaddur, en fyrir hann mætir að tilhlutan fógeta Guðrún Finnbjarnardóttir. Áminnt um sannsögli kveðst hún ekki geta greitt. Hinn 11. febrúar sl. var í fógetarétti Reykjavíkur gert fjárnám hjá áritunarþola í sama máli, Þóri Jensen. Gert var fjárnám í Ægisíðu 76, en því vísað frá þinglýsingu, þar sem gerðarþoli var ekki þinglýstur eigandi.

Samkv. kröfu umboðsmanns gerðarbeiðanda gerir fógeti fjárnám í eignarhluta gerðarþola í Fremristekk 11."

III.

Nýtt skjal hefur verið lagt fram í Hæstarétti, en það er svohljóðandi yfirlýsing Vals Ásgeirssonar f.h. Flugleiða hf. og Jóns G. Briem hrl. f.h. Íslandsbanka hf., dagsett 27. september 1991:

„Það staðfestist hér með að Flugleiðir hf., ... eru eigandi skuldabréfs, útg. 29.09.1989 af Jónínu Höllu Sigmarsdóttur til Hagbæjar sf. ...

Flugleiðir staðfesta, að Lögfræðiskrifstofa Þórólfs Kristjáns Beck hrl., Friðjóns Arnar Friðjónssonar hdl. og Tómasar H. Heiðar lögfr. hafði fullt umboð til að innheimta skuldabréfið, m.a. með málshöfðun í nafni skrifstofunnar.

Þá staðfestir undirritaður Jón G. Briem hrl. fyrir hönd Íslandsbanka hf. að hafa veitt lögfræðiskrifstofunni í ljósi upplýsinga um framangreind málsatvik pro forma umboð til að innheimta skuldabréfið, þar sem bréfið að forminu til var á nafni bankans."

IV.

Ekki er dregið í efa, að áfrýjendum hafi verið löglega stefnt í héraði og að þeim hafi verið kunnugt um málsóknina. Áttu þeir kost á að bera fram kröfur sínar og málsástæður í héraði, og verður þeim því ekki komið að í Hæstarétti samkvæmt 45. gr. laga nr. 75/1973 um Hæstarétt Íslands. Verður málið, að því er hina áfrýjuðu áritun varðar, dæmt í því horfi, sem það lá fyrir héraðsdómara.

Á skuldabréfi því, sem mál þetta er byggt á, var upphaflegur kröfuhafi Hagbær hf., en á bréfinu er framsal frá því félagi til Iðnaðarbanka Íslands hf., dagsett 12. október 1989. Ber bréfið ekki með sér, að það hafi verið framselt síðar.

Við þingfestingu málsins í héraði var lögð fram skilagrein frá Búnaðarbanka Íslands, Kópavogi, vegna innheimtu skuldabréfsins, og er kröfueigandi þar talinn vera „Lögfræðiskrifst Þ. Beck/F.A.F. sf". Einnig var lagt fram innheimtubréf frá stefnda vegna sama skuldabréfs, þar sem kröfueigandi var talinn Flugleiðir hf., og málskostnaðarreikningur, þar sem sama félag var talið stefnandi. Loks var, sem fyrr segir, lagt fram umboð Íslandsbanka hf. til stefnda til innheimtu á kröfunni.

Í héraðsdómsstefnu var stefndi talinn handhafi og eigandi margnefnds skuldabréfs. Framlögð gögn af hálfu stefnda voru mjög misvísandi um það, hver væri hinn raunverulegi kröfuhafi. Eins og málið lá fyrir héraðsdómara, stangaðist málsreifun stefnda svo augljóslega á við skuldabréfið sjálft og önnur fram lögð gögn, að dómari mátti ekki árita áskorunarstefnuna um aðfararhæfi samkvæmt 233. gr. laga nr. 85/1936, sbr. 26. gr. laga nr. 54/1988. Verður því ekki hjá því komist að ómerkja hina áfrýjuðu áritun, hvað áfrýjendur varðar, og vísa kröfum stefnda á hendur þeim frá héraðsdómi.

Eftir þessum úrslitum ber einnig að fella hina áfrýjuðu fjárnámsgerð úr gildi.

Samkvæmt þessum málalokum þykir rétt að dæma stefnda til að greiða áfrýjanda málskostnað fyrir Hæstarétti, 40.000 krónur.

Dómsorð:

Hin áfrýjaða áritun er felld úr gildi og málinu vísað frá héraðsdómi, að því er áfrýjendur varðar.

Hin áfrýjaða fjárnámsgerð er úr gildi felld.

Stefndi, Lögfræðiskrifstofa Þórólfs Kr. Beck hrl., Friðjóns Arnar Friðjónssonar hdl. og Tómasar H. Heiðar lögfr., greiði áfrýjendum, Kristni Breiðfjörð Eiríkssyni og Þóri Jensen, 40.000 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti.

Miðvikudaginn 11. mars 1992.

Nr. 95/1991. **Þórir Jensen**
(Kjartan Reynir Ólafsson hrl.)
gegn
Flugleiðum hf.
(Þórólfur Kr. Beck hrl.).

Aðför.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Haraldur Henrysson og Garðar Gíslason og Sveinn Snorrason hæstaréttarlögmaður.

Áfrýjandi skaut máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 4. mars 1991. Hann krefst þess, að hin áfrýjaða fjárnámsgerð verði úr gildi felld og að stefnda verði gert að greiða málskostnað fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst þess, að málinu verði vísað frá Hæstarétti og sér dæmdur málskostnaður úr hendi áfrýjanda. Verði ekki á þá kröfu fallist, telur stefndi hina áfrýjuðu fjárnámsgerð niður fallna og fellst á kröfu áfrýjanda um, að hún verði úr gildi felld. Í því tilviki krefst stefndi þess, að áfrýjanda verði ekki dæmdur hærri málskostnaður en leiðir af ritun og útgáfu áfrýjunarstefnu.

Stefndi sendi borgarfógetaembættinu fjárnámsbeiðni, dags. 7. febrúar 1991. Þar voru fjárnámsþolar tilgreindir Gunnar H. Blöndal, Kristinn Br. Eiríksson og Þórir Jensen. Grundvöllur fjárnámsbeiðninnar var áskorunarstefna Lögfræðiskrifstofu Þórólfs Kristjáns Beck hrl., Friðjóns Arnar Friðjónssonar hdl. og Tómasar H. Heiðar lögfr. á hendur áfrýjanda og fleirum, sem árituð hafði verið um aðfararhæfi á bæjarþingi Reykjavíkur 5. febrúar 1991.

Fógetaréttur var settur að Ægisíðu 76 mánudaginn 11. febrúar 1991 af fulltrúa yfirborgarfógeta. Bókað var, að fyrir væri tekið málið nr. A 764/1991: Flugleiðir hf. gegn Þóri Jensen, og var gert fjárnám í eignarhluta gerðarþola í Ægisíðu 76. Endurrit gerðarinnar var móttekið til þinglýsingar 4. mars s. á., en var vísað frá þinglýsingu með áritun þess efnis, að Svava Jensen hefði orðið eigandi eignarinnar með afsali, þinglýstu 1. mars 1991.

Með dómi Hæstaréttar fyrr í dag í málinu nr. 198/1991, Kristinn Breiðfjörð Eiríksson og Þórir Jensen gegn Lögfræðiskrifstofu

Þórólfs Kr. Beck hrl., Friðjóns Arnar Friðjónssonar hdl. og Tómasar H. Heiðar lögfr. var áritun sú, sem var grundvöllur hins áfrýjaða fjárnáms, felld úr gildi, að því er áfrýjanda varðar.

Þegar af þeirri ástæðu ber að fella hina áfrýjuðu fjárnámsgerð úr gildi.

Samkvæmt þessum málalokum þykir rétt að dæma stefnda til að greiða áfrýjanda málskostnað fyrir Hæstarétti, 25.000 krónur.

Dómsorð:

Hin áfrýjaða fjárnámsgerð er úr gildi felld.

Stefndi, Flugleiðir hf., greiði áfrýjanda, Þóri Jensen, 25.000 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti.

Fimmtudaginn 12. mars 1992.

Nr. 259/1990. **Flugleiðir hf.**
(Þórólfur Kr. Beck hrl.)
gegn
Hjalta Auðunssyni persónulega og f.h. Bíla- og bátasölunnar
(Jóhann Þórðarson hrl.).

Skuldamál. Firma.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Þór Vilhjálmsson, Garðar Gíslason og Gunnar M. Guðmundsson.

Áfrýjandi skaut máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 26. júní 1990 og gerir þær dómkröfur, að allar kröfur sínar í héraði verði teknar til greina, þ.e., að stefndi verði dæmdur til að greiða félaginu 22.399 krónur með tilteknum dráttarvöxtum. Þá krefst hann málskostnaðar úr hendi stefnda í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar úr hendi áfrýjanda fyrir Hæstarétti.

Ágreiningslaust er, að stefndi, Hjalti Auðunsson, seldi firma sitt, Bíla- og bátasöluna, Hafnarfirði, hinn 30. september 1986 Inga Ólafssyni, Krummahólum 4, Reykjavík. Taldi stefndi, að viðskipti fyrirtækisins væru sér óviðkomandi upp frá því og sér væri einnig óviðkomandi tilkynning um breytingu á eignaraðild, sbr. 2. mgr. 21. gr. laga nr. 42/1903 um verslanaskrár, firmu og prókúruumboð. Fram er komið í málinu, að kaupandi firmans uppfyllti ekki tilkynningarskyldu sína samkvæmt þessu lagaákvæði. Stefndi, Hjalti, hefur ekki gefið til kynna, að hann vildi eftir eigendaskiptin vera skrásettur áfram í firmaskrá sem fullábyrgur eigandi firmans, sbr. Hrd. 1966, 921.

Í febrúar 1987 pantaði Guðni nokkur Björnsson gistingu fyrir annan mann í hóteli áfrýjanda. Leitt er í ljós, að hann hafði ekki skráða heimild til að skuldbinda Bíla- og bátasöluna.

Ber því að staðfesta hinn áfrýjaða dóm.

Áfrýjandi greiði stefnda, Hjalta Auðunssyni, 40.000 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti, og er þá ekki tekið tillit til virðisaukaskatts.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Áfrýjandi, Flugleiðir hf., greiði stefnda, Hjalta Auðunssyni, 40.000 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti.

Dómur bæjarþings Hafnarfjarðar 17. apríl 1990.

Mál þetta, sem tekið var til dóms að loknum munnlegum málflutningi 3. apríl sl., er höfðað hér fyrir dóminum með stefnu, birtri 5. júní 1989.

Stefnandi er Flugleiðir hf., kt. 601273-0129, Reykjavík, en stefndu eru Hjalti Auðunsson skipasmíðameistari, kt. 100928-4429, Öldugötu 15, Hafnarfirði, persónulega og fyrir hönd Bíla- og bátasölunnar, kt. 570479-0249, Kaplahrauni 2-4, Hafnarfirði.

Dómkröfur eru þær, að stefndu verði dæmdir til að greiða stefnanda 22.399 kr. með 24% ársdráttarvöxtum frá 6.3. 1989 til 1.4. 1989, 33,6% ársdráttarvöxtum frá þeim tíma til 1.5. 1989, 38,4% ársdráttarvöxtum frá þeim tíma til 1.6. 1989, 42% ársdráttarvöxtum frá þeim tíma til stefnubirtingardags, en hæstu lögleyfðu dráttarvöxtum samkvæmt ákvörðun Seðlabanka Íslands frá þeim tíma til greiðsludags. Enn fremur er krafist málskostnaðar samkvæmt gjaldskrá Lögmannafélags Íslands, og beri málskostnaðarfjárhæðin dráttarvexti frá 15. degi eftir áritun til greiðsludags.

Loks er þess krafist, að áfallnir dráttarvextir leggist við höfuðstól skuldarinnar á 12 mánaða fresti, næst 6.3. 1990, og að dráttarvextir reiknist síðan af þannig uppfærðum höfuðstól.

Stefndi Hjalti krefst sýknu af kröfum stefnanda og að stefnandi verði dæmdur til að greiða málskostnað samkvæmt gjaldskrá Lögmannafélags Íslands að viðbættum dráttarvöxtum frá 15. degi eftir uppkvaðningu dóms til greiðsludags auk söluskatts af málskostnaðarfjárhæð.

Af hálfu stefndu Bíla- og bátasölunnar er ekki haldið uppi vörnum.

Mál þetta er höfðað sem áskorunarmál, en var vikið til venjulegrar meðferðar í þinghaldi 27. 12. (sic) september 1989.

Sættir hafa verið reyndar án árangurs.

I.

Málavextir eru þeir, að stefndi Hjalti Auðunsson tilkynnti firmað Bíla- og bátasöluna til firmaskrár Hafnarfjarðar 17. apríl 1979. Hinn 30. september 1986 seldi Hjalti firmað Inga Ólafssyni, Krummahólum 4, Reykjavík.

Fram hefur komið í málinu, að í febrúar og mars 1987 var Guðni Björnsson, kt. 220652-2549, Hrísmóum 2 A, Garðakaupstað, orðinn eigandi fyrirtækisins, þótt ekki sé ljóst, hvort hann keypti firmað af Inga.

Samkvæmt firmaskrá Hafnarfjarðar er Hjalti Auðunsson enn skráður eigandi firmans.

Guðni Björnsson, sem þá var orðinn eigandi firmans, pantaði hótelherbergi á Hótel Loftleiðum fyrir mann að nafni Claud Wallyn. Pöntunina gerði Guðni í nafni Bíla- og bátasölunnar.

Gesturinn dvaldist á hótelinu dagana 28. febrúar 1987 til 4. mars 1987, og er krafa stefnanda sprottin af veru hans og viðurgerningi þá daga. Reikningur stefnanda er að upphæð 11.494 kr., en í dómkröfum hafa áfallnir dráttarvextir verið lagðir við höfuðstól.

Stefnandi styður mál sitt því, að stefndi Hjalti Auðunsson hafi verið skráður eigandi firmans Bíla- og bátasölunnar á þeim tíma, er stofnað var til þeirra viðskipta, sem mál þetta fjallar um. Af þeirri ástæðu beri hann fulla og ótakmarkaða ábyrgð á skuldbindingum firmans. Ótækt sé, að grandlaus þriðji maður eigi að bera áhættuna af því, að fyrirtæki sé ekki rétt skráð.

Þá er einnig á því byggt, að Guðni Björnsson hafi verið til þess bær að skuldbinda Bíla- og bátasöluna, þar sem hann var eigandi firmans á þeim tíma, sem stofnað var til skuldar við stefnanda.

Máli sínu til stuðnings vísar stefnandi til 7. og 21. gr. laga nr. 42/1903.

Stefndi Hjalti byggir sýknukröfu sína í fyrsta lagi á því, að Guðni Björnsson hafi ekki haft heimild til að skuldbinda Bíla- og bátasöluna, því að samkvæmt firmaskrá Hafnarfjarðar geti Hjalti Auðunsson einungis skuldbundið hana. Stefnanda hafi borið að kynna sér, hver væri til þess bær, og þá hefði komið í ljós, að einungis stefndi Hjalti gat skuldbundið firmað. Guðni Björnsson hafi ekki haft umboð til þess. Stefnandi hafi því tekið áhættuna af því að semja við umboðslausan aðila.

Í öðru lagi bendir stefndi á, að þar sem hann hafi selt firmað Inga Ólafssyni, sé ekkert réttarsamband milli stefnda Hjalta og Guðna Björnssonar.

Í þriðja lagi bendir stefndi á, að það fái ekki staðist, að Guðni Björnsson, sem sé gjaldþrota, geti skuldbundið stefnda persónulega án heimildar og jafnvel gert stefnda einnig gjaldþrota með ráðstöfunum sínum.

Máli sínu til stuðnings vísar stefndi til 21. gr. laga nr. 42/1903. Sýkna beri vegna aðildarskorts, sbr. 45. gr. laga nr. 85/1936.

Stefndi Hjalti Auðunsson kom fyrir dóminn.

II.

Samkvæmt 2. mgr. 21. gr. laga nr. 42/1903 um verslanaskrár, firmu og prókúruumboð hvílir tilkynningarskylda til verslanaskrár um breytingar á atvinnu á hverjum þeim, sem eftir breytinguna rekur atvinnuna.

Ákvæði laga nr. 42/1903 þykja að öðru leyti ekki leiða til þess, að firma einstaks manns verði skuldbundið af ráðstöfunum annars manns, nema

viðkomandi hafi haft prókúruumboð samkvæmt III. kafla laga nr. 42/1903 eða umboð með öðrum hætti til að skuldbinda firmað.

Ágreiningslaust er, að það var Guðni Björnsson, sem stofnaði til skulda við stefnanda. Bíla- og bátasalan var á þeim tíma óskráð einkafirma Guðna Björnssonar og rekið á hans ábyrgð.

Ekkert samningssamband var milli stefnanda og stefnda Hjalta, og ber því að sýkna hann af öllum kröfum stefnanda.

Samkvæmt framansögðu verður einnig að sýkna Bíla- og bátasöluna, þar sem Guðna Björnssyni er ekki stefnt fyrir hönd firmans.

Eftir þessum úrslitum verður stefnandi dæmdur til að greiða stefnda Hjalta 46.000 kr. í málskostnað, er beri dráttarvexti skv. III. kafla laga nr. 25/1987 frá 15. degi eftir dómsuppsögu og til greiðsludags. Við ákvörðun málskostnaðar er tekið tillit til virðisaukaskatts af málflutningslaunum.

Gunnar Aðalsteinsson héraðsdómari kvað upp dóm þennan.

Dómsorð:

Stefndu, Hjalti Auðunsson og Bíla- og bátasalan, eiga að vera sýknir af kröfu stefnanda, Flugleiða hf., í máli þessu.

Stefnandi greiði stefnda Hjalta Auðunssyni 46.000 kr. í málskostnað, sem ber dráttarvexti samkvæmt III. kafla laga nr. 25/1987 frá 15. degi eftir dómsuppsögu og til greiðsludags.

Fimmtudaginn 12. mars 1992.

Nr. 450/1991. **Ákæruvaldið**
(Hallvarður Einvarðsson ríkissaksóknari)
gegn
Guðmundi Bergmann Borgþórssyni
(Hilmar Ingimundarson hrl.).

Brot gegn 4. mgr. 220. gr. alm. hgl. Sýknað af broti gegn 106. gr. alm. hgl.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Þór Vilhjálmsson, Garðar Gíslason og Gunnar M. Guðmundsson.

Ríkissaksóknari áfrýjaði máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 5. nóvember 1991 að ósk ákærða, en einnig af hálfu ákæruvalds, sem krefst þess, að ákærði verði sakfelldur samkvæmt ákæru og refsing verði þyngd.

Það er ósannað, að ákærði hafi vitað, áður en hann fór niður í íbúð sína og sótti hlaðna haglabyssu, að ráðstafanir höfðu þá verið gerðar til að fá aðstoð lögreglu. Eigi er heldur fram komin sönnun fyrir því, að ákærði hafi gert sér grein fyrir því, er hann fór upp í íbúðina á 6. hæð vopnaður byssu, að löggæslumenn væri þá komnir á vettvang. Verður, eins og atvikum er háttað, við það að miða, að ákærða hafi orðið þetta ljóst í þann mund, er lögreglu-þjónarnir Jónas Ragnar Helgason og Sigurður Reynir Þórarinsson réðust að honum og afvopnuðu hann. Samkvæmt því eru ekki efni til sakfellingar samkvæmt 1. mgr. 106. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Ákærði réðst vopnaður haglabyssu og ölvaður inn í íbúð, þar sem fyrir voru níu manns. Hann hafði rétt áður komið þar óboðinn, verið vísað á dyr og lent þá í átökum við einn gesta í íbúðinni. Má því ætla, að hann hafi verið í uppnámi, er hann kom aftur upp í íbúðina vopnaður og að hann hafi með framkomu sinni þá stofnað lífi þeirra og heilsu, sem fyrir voru í íbúðinni, í mikla hættu. Er háttsemi ákærða réttilega heimfærð í héraðsdómi til 4. mgr. 220. gr. almennra hegningarlaga og 1. og 2. mgr. 20. gr., sbr. 34. gr. laga nr. 46/1977 um skotvopn, sprengiefni og skotelda. Það

athugast, að í ákæru og héraðsdómi er ranglega vísað í 33. gr. laganna, en það var leiðrétt í flutningi málsins.

Refsing ákærða þykir hæfilega ákveðin í héraðsdómi. Fullnustu þriggja mánaða af dæmdri refsivist skal fresta og hún niður falla að liðnum þrem árum frá uppkvaðningu dóms þessa, haldi ákærði almennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga, sbr. 4. gr. laga nr. 22/1955.

Staðfesta ber ákvæði héraðsdóms um, að upptæk skuli gerð byssa sú og skot, sem hald var lagt á við rannsókn málsins, sbr. 35. gr. laga nr. 46/1977, sem vísar til 69. gr. almennra hegningarlaga.

Staðfest er ákvæði héraðsdóms um sakarkostnað. Dæma ber ákærða til að greiða allan áfrýjunarkostnað málsins, svo sem í dómsorði greinir.

Dómsorð:

Ákærði, Guðmundur Bergmann Borgþórsson, sæti fangelsi sex mánuði, en fresta skal fullnustu þriggja mánaða refsivistar, og skal hún niður falla að liðnum þrem árum frá uppkvaðningu dóms þessa, haldi ákærði almennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga, sbr. 4. gr. laga nr. 22/1955.

Staðfest er ákvæði héraðsdóms um upptöku Remington-haglabyssu og skotfæra svo og um sakarkostnað.

Ákærði greiði allan áfrýjunarkostnað málsins, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, 35.000 krónur, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns fyrir Hæstarétti, Hilmars Ingimundarsonar hæstaréttarlögmanns, 35.000 krónur.

Dómur sakadóms Reykjavíkur 24. október 1991.

Ár 1991, fimmtudaginn 24. október, er á dómþingi sakadóms Reykjavíkur, sem háð er í Borgartúni 7 af Hirti O. Aðalsteinssyni sakadómara, kveðinn upp dómur í sakadómsmálinu nr. 535/1991: Ákæruvaldið gegn Guðmundi Bergmann Borgþórssyni, sem tekið var til dóms 4. október sl.

Málið er höfðað með ákæruskjali ríkissaksóknara, dagsettu 19. febrúar sl., á hendur ákærða, Guðmundi Bergmann Borgþórssyni, Neðstaleiti 4, Reykjavík, fæddum 13. ágúst 1956, fæðingarnúmer 489, „fyrir að hafa aðfaranótt laugardagsins 15. september 1990 undir áhrifum áfengis stofnað

lífi eða heilsu Jónasar Ragnars Helgasonar, lögreglumanns í lögregluliði Reykjavíkur, í stórhættu með því að beina hlaðinni haglabyssu að honum framan við íbúð nr. 2 á 6. hæð í Neðstaleiti 4 í Reykjavík og hafa, er Jónas Ragnar forðaði sér inn í þá íbúð, þar sem fyrir voru tveir aðrir lögreglumenn ásamt tveimur íbúum íbúðarinnar og fjórum gestum, fylgt á eftir með byssuna í skotstöðu og sveiflað henni til og þannig á ófyrirleitinn hátt stofnað lífi eða heilsu þeirra í stórhættu, en á gangi í íbúðinni tókst lögreglumönnunum að afvopna ákærða, er hann lét byssuna síga, en við að afvopna hann hljóp skot úr byssunni í vegg í íbúðinni.

Telst þetta varða við 1. mgr. 106. gr. og 4. mgr. 220. gr. almennra hegningarlaga nr. 19, 1940, og 1. og 2. mgr. 20. gr., sbr. 33. gr. laga um skotvopn, sprengiefni og skotelda nr. 46, 1977.

Þess er krafist, að ákærði verði dæmdur til refsingar og til greiðslu alls sakarkostnaðar og til að sæta upptöku á skotvopninu og skotunum, sem lögreglan lagði hald á við rannsókn málsins, samkvæmt 35. gr. skotvopnalaganna".

Málavextir eru þessir:

Laugardaginn 15. september 1990 kl. 1.46 var beðið um lögregluaðstoð að Neðstaleiti 4, 6. hæð, íbúð 2, en húsráðandi þar er Ásbjörg Emanúelsdóttir. Var beðið um lögreglu vegna þess, að ákærði mun hafa reynt að ráðast inn í íbúð Ásbjargar. Lögreglumenn fóru á vettvang og höfðu tal af Ásbjörgu, sem tjáði þeim, að ákærði hefði reynt að ráðast inn í íbúð hennar og þá lent í átökum við einn gesta hennar, Eiríks Þórðarson. Kvaðst Ásbjörg hafa komið þeim fram á gang og ákærði þá slegið sig í andlit með þeim afleiðingum, að hún hlaut blóðnasir. Eiríkur hefði einnig hlotið áverka á hálsi og andliti, en ákærði var farinn niður í íbúð sína á 5. hæð. Atburðum er síðan lýst á eftirfarandi hátt í lögregluskýrslu Friðgerðar Br. Jónsdóttur lögreglumanns:

„Þegar við vorum að tala við fólkið inni í íbúðinni og Jónas Helgason, lögrþj. nr. 169, stóð fyrir framan íbúðardyrnar, heyrir hann, hvar Guðmundur kemur upp stigaganginn, og sér þá, að Guðmundur er með skotvopn í höndum og spanar (sic) vopnið upp. Þaut þá Jónas inn í íbúðina og varaði okkur um leið við, að Guðmundur væri með byssu. Þustu þá allir, sem inni voru, inn í herbergi og eldhús. Sigurður Þórarinsson, lögrþj. nr. 42, var á leið inn í eldhús, en hafði aldrei augun af Guðmundi. En þegar Guðmundur var kominn inn í íbúðina, veifaði hann byssunni í kringum sig, og er Sigurður sá, að hann beindi byssunni í gólfið, stökk hann til og náði taki á Guðmundi aftan frá og lét sig detta aftur á bak með hann í gólfið, og hljóp þá skot úr byssunni í gólfið. Skal það tekið fram, að Sigurður sleppti aldrei taki sínu á byssunni. Eftir að skotið

hafði hlaupið úr byssunni, járnaði undirrituð ásamt Sigurði Guðmund óðar."

Segir síðan í lögregluskýrslu, að við skotið hafi komið hola í forstofugólf íbúðarinnar, 7,5 x 5,0 cm að ummáli og 1,5 cm. djúp. Hafi komið gat í vegg eftir höglin, 13 cm frá gólfi, og skemmdir á vegg skildu eftir sig ummerki á 35 cm löngu bili.

Umrætt skotvopn, sem er í eigu ákærða, reyndist vera Remington-haglabyssa, model 11-87, special purpose, ser. nr. P.C. 176979, hlaupvídd 12ga, hlauplengd 26", hálfsjálfvirk. Reyndust vera sjö skot í skotgeymi, og var lagt hald á skotvopnið. Auk þess var lagt hald á talsvert magn skotfæra, er fundust á heimili ákærða. Samkvæmt beiðni RLR skoðaði Hallgrímur Marinósson byssusmiður skotvopnið, og er niðurstaða hans sú, að skotgeymir hafi verið lengdur, og þannig hafi geymslurými hans aukist um 3-4 skot. Þá reyndist gikkþyngd byssunnar vera 1700 gr., sem að mati Marinós var svipað og í byssum sömu gerðar.

Í þágu rannsóknar málsins var ákærða tekið blóð til alkóhólrannsóknar kl. 2.30 sömu nótt. Samkvæmt niðurstöðu þeirrar rannsóknar reyndist magn alkóhóls í blóði ákærða vera 2,14‰.

Ákærði skýrði svo frá fyrir dómi, að hann hefði umrætt sinn fengið gesti í íbúð sína, og kvaðst hann hafa setið að drykkju með þeim. Kvaðst ákærði hafa orðið mjög ölvaður og kvað þá hafa farið á Kringlukrána. Ákærði kvaðst áður hafa haft tal af eiginkonu sinni, sem var gestkomandi í íbúð Ásbjargar Emanúelsdóttur á 6. hæð að Neðstaleiti 4, en ákærði kvaðst sjálfur búa á 5. hæð. Ákærði kvaðst hafa reynt að fá eiginkonu sína með sér, en hún hefði verið eitthvað veik. Ákærði kvaðst ekki muna, hvernig hann komst heim eftir dvöl sína á Kringlukránni, og ekki kvaðst ákærði muna, hvað tímanum leið. Ákærði kvaðst hafa lent í einhverjum átökum við gest framan við íbúð Ásbjargar. Ákærði kvaðst síðan ekkert muna eftir sér, fyrr en hann var kominn inn í lögreglubifreið. Ákærði kvaðst hafa verið fluttur í fangageymslu lögreglunnar við Hverfisgötu og þar tekið úr sér blóðsýni til alkóhólrannsóknar. Ákærði kvaðst morguninn eftir hafa verið fluttur inn í Síðumúlafangelsi og tekin þar af sér skýrsla. Ákærði kvaðst hafa spurt fangavörð, hvað hefði komið fyrir, og kvað ákærði, að sér hefði verið tjáð, að hann hefði verið með byssu. Ákærði kvaðst hafa átt umrædda byssu, sem hann kvaðst hafa geymt í skáp í svefnherbergi, en skotfærin hefðu verið geymd í efri skáp frammi á gangi.

Er ákærði var yfirheyrður hjá RLR, mundi hann atburði betur. Kvaðst ákærði muna eftir að hafa staðið með haglabyssu sína fyrir framan íbúðina, hann hefði opnað dyrnar og séð tvo eða þrjá lögreglumenn standa þar fyrir innan. Þá kvaðst ákærði muna, að hann var tekinn tökum og heyrði um leið, að skot hljóp úr byssunni.

Ákærði kvaðst eftir þetta hafa farið í sex vikna áfengismeðferð og kvaðst ekki hafa neytt áfengis eftir það.

Vitnið Friðgerður Brynja Jónsdóttir lögreglumaður, kt. 040363-2709, kom fyrir dóm 24. apríl sl.

Vitnið kvað, að beðið hefði verið um aðstoð vegna heimilisófriðar í Neðstaleiti 4. Kvaðst vitnið hafa farið á vettvang ásamt tveimur lögreglumönnum, og var þar haft tal af konu, sem sagði, að átök hefðu orðið milli ákærða og gests hennar. Var íbúðin opin, fullt af fólki þar inni og konan blóðug í framan. Vitnið kvaðst hafa staðið inni í íbúðinni ásamt öðrum lögreglumannanna, er það heyrði hinn þriðja kalla, en hann stóð frammi. Kvað vitnið lögreglumanninn hafa kallað, að ákærði væri með byssu, og um leið ruddist lögreglumaðurinn inn í íbúðina og ákærði á eftir með byssu í hendi. Kvað vitnið, að ákærði hefði sveiflað byssunni til. Vitnið kvaðst hafa ýtt fólki inn í herbergi og staðið þar í gættinni, þegar það sá Sigurð lögreglumann stökkva á byssuna, þegar henni er beint í gólfið. Kvað vitnið, að Jónas lögreglumaður hefði tekið ákærða tökum aftan frá og látið sig detta með hann, og í því hefði skot hlaupið úr byssunni. Kvað vitnið, að ákærði hefði verið yfirbugaður, og hefði hann ekki veitt mótspyrnu.

Vitnið kvað, að ákærði hefði ekki ráðist að lögreglumönnunum, og ekki hefði hann beitt ofbeldi. Vitnið kvað, að hlaup byssunnar hefði beinst beint út frá ákærða. Vitnið kvaðst ekki muna, hvort ákærði var með einhverjar hótanir. Þá kvað vitnið, að ákærði hefði ekki beint byssunni að neinum sérstökum, heldur sveiflað henni í kringum sig.

Sama dag kom fyrir dóm sem vitni Jónas Ragnar Helgason lögreglumaður, kt. 031063-3299.

Vitnið kvaðst ásamt tveimur öðrum lögreglumönnum hafa verið sent að Neðstaleiti 4 vegna tilkynningar um heimilisófrið þar. Kvað vitnið, að það hefði hringt þar á dyrabjöllu, en ekki fengið svar, og hefðu þau farið aftur út í lögreglubifreiðina og spurt, hvort ekki væri um rétt heimilisfang að ræða. Kvað vitnið, að þau hefðu fengið þau svör, að svo væri, og hefði hjálparbeiðnin verið ítrekuð. Kvað vitnið þeim nú hafa verið hleypt inn, og tók kona á móti þeim og sagði, að þarna hefði verið blóðbað. Maður hefði slegið sig og lent í átökum við gest hennar. Vitnið kvað þau hafa farið inn í íbúðina og kannað vettvang, og þar hefði blóðkám verið á vegg. Kvað vitnið, að Friðgerður hefði tekið að sér að gera skýrslu, og kvaðst vitnið hafa dregið sig í hlé, farið fram á gang, en skömmu síðar aftur inn í íbúðina. Var Friðgerður þá að ljúka skýrslugerð sinni. Vitnið kvaðst aftur hafa farið fram á gang og þá séð, að ljós kviknaði í ganginum og maður kom hlaupandi með haglabyssu. Kvað vitnið, að maðurinn hefði lyft henni, spanað (sic) hana og beint henni að höfði vitnisins. Vitnið kvað, að maðurinn hefði verið í um tveggja metra fjarlægð. Vitnið kvað manninn ekkert

hafa sagt. Vitnið kvaðst hafa hrint upp hurðinni, ýtt fólki frá og kallað: „Hann er með byssu!“ Vitnið kvaðst ekki hafa náð að loka dyrunum, og kvað vitnið ákærða hafa komið á eftir með byssuna og sveiflað henni í brjósthæð til og frá. Vitnið kvað, að Friðgerður og tveir, þrír gestir hefðu farið inn í herbergi, Sigurður hefði verið hægra megin og vitnið tveimur skrefum innan við hann. Vitnið kvaðst þá hafa snúið sér við og séð, að Sigurður náði taki á byssuhlaupinu. Kvaðst vitnið hafa séð, að ákærði sneri baki við vitninu, og kvaðst vitnið þá hafa hlaupið að ákærða, tekið þéttingsfast um maga hans, lyft honum upp og látið sig detta aftur á bak. Kvað vitnið þá hafa fallið í gólfið, og skömmu áður en þeir lentu, hljóp skot úr byssunni. Vitnið kvaðst hafa snúið ákærða á grúfu og séð strax, að enginn hafði orðið fyrir skoti. Vitnið kvað, að ákærði hefði síðan verið yfirbugaður og hefði enga mótspyrnu veitt.

Vitnið kvað, að fólkið í íbúðinni hefði verið áberandi ölvað og í töluverðu uppnámi, en íbúðin bar þess ekki merki, að blóðbað hefði orðið. Vitnið kvað, að þegar það sá ákærða fyrst, hefði það séð ákærða í gegnum rúðu á hurð á stigaganginum, en þegar ákærði beindi byssunni að vitninu, var ákærði kominn á pallinn og engin hurð á milli. Vitnið kvaðst hafa reynt að loka dyrunum að íbúðinni, en þær voru ekki í lás, og tókst honum ekki að loka þeim, enda kom ákærði strax á eftir.

Sama dag kom fyrir dóm sem vitni Sigurður Reynir Þórarinsson lögreglumaður, kt. 131150-2459.

Vitnið kvaðst hafa verið kallað á vettvang ásamt öðrum lögreglumönnum vegna heimilisófriðar að Neðstaleiti 4. Kvað vitnið þau hafa haft tal af heimilisfólki, sem sagði ákærða hafa lent í áflogum, en hann var farinn niður. Vitnið kvað Friðgerði hafa tekið að sér skýrslugerð, en Jónas hefði farið fram á gang. Vitnið kvaðst hafa séð ákærða koma upp stigann með byssu í hendi. Kvað vitnið, að ákærði hefði opnað dyrnar inn á stigapallinn. Vitnið kvaðst hafa heyrt, að ákærði spanaði (sic) byssuna, en ekki kvaðst vitnið hafa séð, að ákærði beindi byssunni að Jónasi. Virtist vitninu ákærði beina byssunni niður á við. Vitnið kvað Jónas hafa komið hlaupandi inn í íbúðina og sagt, að ákærði væri með byssu. Vitnið kvaðst hafa hlaupið að vegg í íbúðinni, snúið sér þar við og séð ákærða veifa byssunni í brjósthæð. Vitnið kvað ákærða hafa fljótlega beint byssunni niður á við, og kvaðst vitnið þá hafa stokkið til hans og gripið um byssuhlaupið. Vitnið kvað Jónas hafa tekið ákærða tökum aftan frá, þeir dottið í gólfið, og um leið hefði skot hlaupið úr byssunni. Vitnið kvað ákærða hafa sleppt byssunni, og hefði hann verið handjárnaður án mótspyrnu.

Sama dag kom fyrir dóm sem vitni Ásbjörg Margrét Emanúelsdóttir, kt. 130947-7519, til heimilis að Neðstaleiti 4, Reykjavík.

Vitnið kvaðst muna eftir máli þessu og kvaðst hafa verið undir áhrifum

áfengis umrætt sinn. Vitnið kvað, að eiginkona ákærða hefði komið í heimsókn, en vitnið kvaðst hafa verið með gesti. Vitnið kvað, að eiginkona ákærða hefði verið eitthvað lasin, hún hefði lagt sig. Kvað vitnið, að ákærði hefði komið og viljað fá konu sína með sér, en hún hefði ekki treyst sér til þess. Vitnið kvað, að ákærði hefði farið og komið aftur eftir smátíma og vildi enn fá konu sína með sér, og gerðist hann æstur. Vitnið kvaðst hafa reynt að fá ákærða til að fara út, en ákærði hefði verið tregur til. Vitnið kvað Eirík hafa blandað sér í málið og lent í átökum við ákærða. Kvaðst vitnið hafa hringt í lögreglu, en þeir (sic) hefðu verið seinir til. Vitnið kvaðst hafa slegið til ákærða, sem hélt Eiríki. Hefði ákærði sleppt Eirki og slegið til vitnisins, sem fékk blóðnasir. Vitnið kvað ákærða hafa farið niður, og lögreglan hefði þá komið á vettvang. Kvað vitnið, að lögreglan hefði komið inn, og hefðu þeir (sic) haft tal af heimilisfólki og gestum. Vitnið kvaðst visst um, að allir lögreglumennirnir hefðu verið inni í íbúðinni allan tímann og enginn þeirra brugðið sér fram á gang. Vitnið kvað, að Eiríkur hefði kallað: „Passið ykkur, hann er með byssu," og við það kvað vitnið, að lögreglumennirnir hefðu stokkið burt, einn inn í svefnherbergi og hinir tveir inn í eldhús. Vitnið kvað, að ákærði hefði komið inn í íbúðina með byssu í hendi, og kvað vitnið hann hafa beint henni niður í gólf allan tímann og sveiflað henni lítils háttar til. Kvað vitnið, að þá hefði skot hlaupið úr byssunni, og eftir það hefðu tveir lögreglumannanna stokkið á ákærða og afvopnað hann. Vitnið kvaðst ekki muna nánar, hvernig ákærði var afvopnaður, en það hefði gerst mjög snöggt.

Vitnið Pálína Þórarinsdóttir, kt. 060951-3499, Dalbraut 1, Hnífsdal, kom fyrir sakadóm Ísafjarðarsýslu 11. september sl.

Vitnið kvað, að sér hefði verið boðið í íbúð þá, er atburðirnir gerðust í, af húsráðanda, Ásbjörgu Emanúelsdóttur. Á þeim tíma hefði ákærði setið inni í stofu íbúðarinnar og greinilega verið að rífast við íbúa. Eftir að vitnið kom þar inn, var ákærði beðinn að hverfa á brott úr íbúðinni, en það vildi hann ekki, og hefði þá húsráðandi beðið Eirík Þórðarson, eiginmann vitnisins, um aðstoð við að koma ákærða úr íbúðinni. Vitnið kvað ákærða og Eirík hafa gengið út á gang fyrir utan íbúðina, og þar hefði ákærði slegið til Eiríks. Í framhaldi af því hefði verið hringt á lögreglu og óskað eftir aðstoð, en þá hefði ákærði róast og farið niður í íbúð sína á næstu hæð fyrir neðan. Eftir þessa atburði kvaðst vitnið hafa farið inn í baðherbergi íbúðarinnar.

Vitnið kvað eiginmann sinn hafa setið í stól beint á móti útidyrum íbúðarinnar, og hefði vitnið séð ákærða koma inn í íbúðina með byssu. Vitnið kvaðst hafa greint byssuna, og hefði hún vísað inn í íbúðina, en ekki gat það fullyrt, að henni hefði verið beint að neinum sérstökum. Þá kvað vitnið sambýlismann sinn hafa hrópað, að ákærði væri með byssu,

og hefði það þá lokað dyrunum að baðherberginu. Eftir það kvaðst vitnið hafa heyrt eitt skot.

Vitnið kvaðst hafa komið út af baðherberginu skömmu síðar, og hefði þá lögregla verið með ákærða í tökum. Hefði sér virst ákærði vera undir verulegum áhrifum áfengis. Ekki kvaðst vitnið geta fullyrt, hvort lögreglan var stödd í íbúðinni, þá er ákærði kom þar inn með byssuna, eða hvort lögregla hefði komið fyrst, eftir að hann hafði hleypt skotinu af, þar sem langt sé um liðið, síðan atburðirnir urðu. Vitnið tók fram, að það teldi, að ákærði hefði stofnað lífi allra íbúa íbúðarinnar í augljósa hættu með framferði sínu.

Vitnið Eiríkur Þórðarson, kt. 031159-5049, Dalbraut 1, Hnífsdal, kom fyrir sakadóm Ísafjarðarsýslu sama dag. Vitnið kvaðst umrætt sinn hafa verið statt ásamt eiginkonu sinni Pálínu Þórarinsdóttur, í íbúð nr. 2 á 6. hæð í Neðstaleiti 4, Reykjavík. Vitnið kvað ákærða hafa komið í íbúðina, skömmu eftir að vitnið kom þangað. Hefði ákærði verið með einhver illindi og skömmu síðar verið beðinn um að verða á brott úr íbúðinni. Hefði húsráðandi óskað eftir aðstoð vitnisins. Samskipti þess og ákærða hefðu endað með því, að þeir hefðu flogist á úti á gangi fyrir framan íbúðina. Fljótlega hefði ákærði róast og horfið á brott og það ásamt öðrum gengið inn í íbúðina. Þá hefði verið hringt á lögreglu, er hefði síðan komið á vettvang.

Vitnið kvað ákærða hafa komið inn um útidyr íbúðarinnar eftir komu lögreglu, og hefði ákærði þá verið með byssu í fórum sínum. Vitnið kvaðst hafa hrópað til nærstaddra viðvörunarorð og því næst skotist inn í eldhús íbúðarinnar. Ekki kvaðst vitnið hafa farið fram í anddyri fyrr en um 30 sekúndum eftir, að skoti hefði verið hleypt úr byssunni, og hefði lögreglan þá verið með ákærða í tökum.

Vitnið kvað lögreglu ekki hafa veitt ákærða eftirtekt, fyrr en það hefði hrópað viðvörunarorðin. Þá er ákærði kom í útidyrnar, hefði verið milli sex til sjö metrar á milli þess og ákærða, og hefði byssa ákærða vísað skáhallt niður, þannig, að ef skoti hefði verið hleypt úr byssunni, hefði það sennilega lent í fótum vitnisins. Sérstaklega aðspurt kvað vitnið ákærða ekki hafa beint byssunni að neinum sérstökum í íbúðinni, og ekki hefði hann verið með neinar hótanir á þeim tíma. Vitnið kvaðst telja, að veruleg hætta hefði stafað af ákærða, þar sem skotvopn séu það hættuleg í eðli sínu.

Vitnið tók fram um skýrslu sína hjá RLR, þar sem fram kemur, að ákærði hafi haldið byssunni í mittishæð, þannig að hlaup vísaði beint fram, að ekki væri rétt með farið, heldur hefði hlaup byssunnar vísað með þeim hætti, er það skýrði frá fyrir dómi.

Niðurstöður.

Með framburði ákærða og vitna og öðrum gögnum í máli þessu telst nægilega sannað, að ákærði hafi undir áhrifum áfengis handleikið hlaðið

skotvopn á þann veg, er í ákæru greinir, að öðru leyti en því, að ekki telst sannað, að ákærði hafi sérstaklega beint byssunni að Jónasi Ragnari fyrir framan íbúðina, enda Jónas einn til frásagnar um það atriði. Varðar þessi háttsemi ákærða við 4. mgr. 220. gr. almennra hegningarlaga og 1. og 2. mgr. 20. gr., sbr. 33. gr. laga nr. 46/1977. Ekki verður talið, að 1. mgr. 106. gr. almennra hegningarlaga eigi við um atferli ákærða, enda beindist atlaga hans einkum að fólki í áðurgreindri íbúð, og ósannað verður að telja, að ákærða hafi verið ljóst, að lögreglumenn voru á vettvangi, fyrr en hann opnaði dyrnar að íbúðinni.

Samkvæmt sakavottorði ákærða hlaut hann árið 1976 dóm fyrir ölvunarakstur, og þá hefur ákærði fimm sinnum á árunum 1974 til 1983 sæst á sektagreiðslur fyrir brot gegn áfengislögum, umferðarlögum og 217. gr. almennra hegningarlaga.

Við ákvörðun refsingar ákærða ber að hafa í huga, að ákærði beinir undir áhrifum áfengis hlöðnu skotvopni að hópi manna, og stafaði þannig augljós háski af atferli hans. Þykir refsing ákærða hæfilega ákveðin fangelsi í sex mánuði, en fullnustu helmings refsivistarinnar þykir mega fresta, og skal hún niður falla að liðnum þremur árum frá uppkvaðningu dómsins, haldi ákærði almennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga.

Eftir kröfu ákæruvalds og samkvæmt lagaákvæðum þeim, er í ákæru greinir, skulu upptæk til ríkissjóðs skotvopn þau, er lagt var hald á við rannsókn málsins.

Þá ber að dæma ákærða til greiðslu alls sakarkostnaðar, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda ákærða, Hilmars Ingimundarsonar hrl., 40.000 kr.

Dómsorð:

Ákærði, Guðmundur Bergmann Borgþórsson, sæti fangelsi í sex mánuði, en fresta skal fullnustu helmings refsivistarinnar, og skal hún niður falla að liðnum þremur árum frá uppkvaðningu dómsins, haldi ákærði almennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga.

Upptæk skulu vera til ríkissjóðs Remington-haglabyssa og skotfæri, sem hald var lagt á við rannsókn málsins.

Ákærði greiði allan sakarkostnað, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Hilmars Ingimundarsonar hrl., 40.000 kr.

Föstudaginn 13. mars 1992.

Nr. 61/1992. **Sigurjón Ragnarsson**
gegn
Pétri Þór Sigurðssyni.

Þingfesting. Frestur.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Guðrún Erlendsdóttir, Gunnar M. Guðmundsson og Hrafn Bragason.

Áfrýjað er fjárnámsgerð fógetaréttar Garðabæjar 26. mars 1991. Máli þessu var upphaflega skotið til Hæstaréttar með stefnu 2. janúar 1992 að fengnu áfrýjunarleyfi 16. desember 1991. Útivist varð af hálfu áfrýjanda, er þingfesta skyldi málið 3. febrúar sl., og féll það niður. Áfrýjandi skaut því málinu að nýju til Hæstaréttar með stefnu 7. febrúar sl. samkvæmt heimild í 36. gr. laga nr. 75/1973 um Hæstarétt Íslands.

Hinn 2. mars sl. gerði áfrýjandi þá kröfu, að málið yrði þingfest og því frestað til reglulegs þingdags í október 1992. Þá krafðist hann málskostnaðar.

Af hálfu stefnda hefur þingfestingu málsins verið mótmælt og gerð krafa um ómaksbætur.

Mótmæli sín styður stefndi þeim rökum, að áfrýjanda hafi ekki verið heimilt að áfrýja málinu að nýju eftir reglum 36. gr. laga nr. 75/1973, þar sem sú grein eigi einungis við, ef upphaflega var áfrýjað innan lögmælts áfrýjunarfrests samkvæmt 1. mgr. 20. gr. laganna.

Nefnt lagaákvæði verður ekki eftir orðum sínum skýrt svo, að heimild sú, sem það veitir til áfrýjunar máls að nýju, sé bundin þeim takmörkunum, sem stefndi heldur fram, sbr. t.d. dóm Hæstaréttar frá árinu 1987, H. 1987, 310. Ber því að þingfesta málið og veita áfrýjanda frest til að skila dómsgerðum, ágripi og greinargerð til reglulegs þingdags í október 1992.

Málskostnaður ákveðst eins og í dómsorði segir.

D ó m s o r ð:

Mál þetta er þingfest og því frestað til reglulegs þingdags 2. október 1992.

Stefndi, Pétur Þór Sigurðsson, greiði áfrýjanda, Sigurjóni Ragnarssyni, 25.000 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti.

Föstudaginn 13. mars 1992.

Nr. 89/1992. **Werner I. Rasmusson**
gegn
Sigurjóni M. Egilssyni og
Blaði hf.

Kærumál. Frestur.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Guðrún Erlendsdóttir, Gunnar M. Guðmundsson og Þór Vilhjálmsson.

Sóknaraðili skaut máli þessu til Hæstaréttar með kæru 6. febrúar 1992. Kærður er úrskurður bæjarþings Reykjavíkur 28. janúar 1992 í bæjarþingsmálinu nr. 17006/1990. Kæruheimild er í j-lið 1. tl. 1. mgr. 21. gr. laga nr. 75/1973 um Hæstarétt Íslands.

Sóknaraðili krefst þess, að aðalflutningur málsins fari fram sem fyrst og úrskurður héraðsdómara um frestun málsins verði felldur úr gildi. Þá krefst sóknaraðili kærumálskostnaðar.

Varnaraðilar krefjast þess, að úrskurðurinn verði staðfestur. Þá krefjast þeir kærumálskostnaðar.

Georg Kr. Lárusson, settur borgardómari, kvað upp hinn kærða úrskurð.

I.

Hinn kærði úrskurður er án forsendna og hljóðar svo:

„Úrskurður:

Krafa stefndu um að máli þessu verði frestað óákveðið eða þar til niðurstaða liggur fyrir í máli ákæruvalds gegn Jóni Grétari Ingvasyni er tekin til greina og er málinu því frestað um óákveðinn tíma.“

Héraðsdómari hefur með vísan til 2. mgr. 190. gr. laga nr. 85/1936 um meðferð einkamála í héraði, sbr. 23. gr. laga nr. 54/1988, sent Hæstarétti svofelldar forsendur og rökstuddar ástæður fyrir úrlausninni: „Í máli þessu krefst stefnandi þess aðallega, að nánar tilgreind ummæli stefnda Sigurjóns M. Egilssonar er birtust í blaðinu Pressunni sem gefið er út af fyrirtækinu Blaði hf., verði dæmd dauð og ómerk ásamt því sem stefnandi krefst þess að stefndu verði dæmdir til að greiða honum miskabætur.

Ákæra var gefin út á hendur Jóni Grétari Ingvasyni þann 18. október 1991. Ákæra þessi er í IV liðum. Ákært er fyrir fjárdrátt og brot á lögum um lyfjadreifingu, fjárdrátt og fjársvik, fjárdrátt og loks skjalafals.

Undirritaður dómari fékk mál þetta til meðferðar 10. janúar sl. Aðalmeðferð málsins fór fram þann 27. nóvember sl. en dómari sá er hafði málið til meðferðar hefur nú horfið til annarra starfa. Af ofangreindum ástæðum ber nauðsyn til þess að aðalmeðferð máls þessa fari fram að nýju og var í því augnamiði boðað til fyrirtöku málsins þann 21. janúar sl. til umræðna um fyrirhugaða aðalmeðferð. Málinu var þá með samkomulagi aðila frestað til 28. janúar sl. Í því þinghaldi kom fram krafa af hálfu stefndu um að málinu væri frestað þar til niðurstaða lægi fyrir í máli ákæruvaldsins gegn Jóni Grétari Ingvasyni.

Ástæður dómara fyrir þeirri niðurstöðu að fresta málinu þar til niðurstaða í ofangreindu máli liggur fyrir eru þessar:

Ummæli þau sem krafist er ómerkingar á og miskabóta fyrir, fjalla öll um viðskipti stefnanda og ákærða Jóns Grétars. Telja má líklegt að niðurstaða í máli ákæruvaldsins gegn Jóni Grétari Ingvasyni kunni að hafa áhrif á niðurstöðu þess máls sem hér liggur fyrir.

Með vísan til ofanritaðs og 2. mgr. 117. gr. l. nr. 85/1936, um meðferð einkamála í héraði, þykir ekki rétt að aðalmeðferð málsins fari fram fyrr en dómur í máli ákæruvaldsins gegn Jóni Grétari Ingvasyni liggur fyrir."

II.

Blaðagrein sú, sem mál þetta er sprottið af, fjallar meðal annars um meint viðskipti sóknaraðila og Jóns Grétars Ingvasonar. Opinber ákæra var gefin út á hendur Jóni Grétari 18. október 1981, og snertir hún meðal annars viðskipti hans og Ingólfsapóteks, sem sóknaraðili rekur. Er ekki loku fyrir það skotið, að dómsrannsókn í því máli, sem rekið er fyrir sakadómi Seltjarnarness, geti haft þýðingu í bæjarþingsmálinu.

Samkvæmt þessu og með vísan til 2. mgr. 117. gr. laga nr. 85/1936 þykir rétt að staðfesta niðurstöðu héraðsdómara, en þó þannig, að málinu sé einungis frestað, þar til lokið er dómsrannsókn í máli ákæruvaldsins gegn Jóni Grétari Ingvasyni

Kærumálskostnaður ákveðst eins og greinir í dómsorði.

D ó m s o r ð:

Máli nr. 17006/1990, sem rekið er fyrir bæjarþingi Reykjavíkur, er frestað, þar til lokið er rannsókn fyrir dómi í máli ákæruvaldsins gegn Jóni Grétari Ingvasyni samkvæmt ákæru 18. október 1991.

Sóknaraðili, Werner I. Rasmusson, greiði varnaraðilum, Sigurjóni M. Egilssyni og Blaði hf., 20.000 krónur í kærumálskostnað.

Föstudaginn 13. mars 1992.

Nr. 29/1991. **Páll Björnsson**
gegn
þrotabúi Láka hf. og
þrotabúi Einars Jónssonar.

Úrskurður. Þingfesting.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Guðrún Erlendsdóttir, Gunnar M. Guðmundsson og Hrafn Bragason.

Áfrýjandi skaut máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 15. janúar 1991. Gerir hann þær dómkröfur, að stefndu verði gert að greiða sér 1.084.761 krónu ásamt vöxtum frá 1. ágúst 1987. Þá krefst hann viðurkenningar á sjóveðsrétti.

Málavextir eru þeir, að Láki hf. gerði út m/b Guðmund B. Þorlákssson, ÍS-62, sem var í eigu Einars Jónssonar, frá upphafi árs 1987 og fram á árið 1988, og var áfrýjandi skipstjóri á bátnum. Kröfur sínar á hendur stefndu byggir áfrýjandi á því, að hann eigi inni hjá þeim ógreidd vinnulaun, aflahlut, orlof og laun í uppsagnarfresti. Stefndu höfðuðu gagnsök í héraði, en þingsókn féll niður af þeirra hálfu undir rekstri málsins. Þeir höfðu þá skilað greinargerð. Voru stefndu sýknaðir af kröfum áfrýjanda.

Málið var þingfest í Hæstarétti 1. febrúar 1991, og fékk áfrýjandi þá frest til júní sama ár. Hefur hann síðan fengið frest fjórum sinnum, þ.e. til október, desember, febrúar og til reglulegs þingdags í mars sl. Þing hefur ekki verið sótt af hálfu stefndu fyrr en við fyrirtöku málsins þann dag, og óskuðu þeir þá eftir að koma að vörnum í málinu.

Áfrýjandi hefur mótmælt því, að stefndu fái komið að vörnum í málinu, og krafist málskostnaðar úr hendi stefndu í þessum þætti málsins.

Af hálfu stefndu hefur komið fram, að skiptaráðandinn í Ísafjarðarsýslu hafi verið í þeirri trú, að þing hafi verið sótt vegna þrotabúanna fyrir Hæstarétti. Þegar annað kom í ljós, hafi verið ákveðið á skiptafundi í þrotabúunum 28. febrúar sl. að fela Jóni Oddssyni hæstaréttarlögmanni að sækja þing í málinu og taka til

varna, þar sem miklir hagsmunir þeirra séu í húfi, sbr. 2. mgr. 40. gr. laga nr. 75/1973 um Hæstarétt Íslands.

Þingsókn féll niður af hálfu stefndu í héraði. Þrettán mánuðir eru liðnir frá þingfestingu málsins í Hæstarétti. Ekki hefur verið sýnt fram á, að stefndu hafi brýna hagsmuni af því að koma að vörnum í málinu fyrir Hæstarétti. Er kröfu þeirra því hafnað.

Rétt er að fella niður málskostnað.

Á l y k t a r o r ð:

Kröfu stefndu, þrotabús Láka hf. og þrotabús Einars Jónssonar, um heimild til að halda uppi vörnum í máli þessu, er hafnað.

Málskostnaður fellur niður.

Föstudaginn 13. mars 1992.

Nr. 438/1991. **Ákæruvaldið**
(Björn Helgason saksóknari)
gegn
Jóhönnu Sigríði Halldórsdóttur
(Ásgeir Thoroddsen hrl.).

Skjalafals. Skilorðsrof.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Guðrún Erlendsdóttir, Haraldur Henrysson, Hjörtur Torfason, Hrafn Bragason og Pétur Kr. Hafstein.

Ríkissaksóknari skaut máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 18. október 1991 að ósk ákærðu, en jafnframt af hálfu ákæruvalds til staðfestingar héraðsdómi.

Eins og lýst er í héraðsdómi, ritaði ákærða í heimildarleysi nöfn sjálfskuldarábyrgðarmanna á skuldabréf það, sem hún seldi í Sparisjóði Keflavíkur. Ber að staðfesta sakarmat héraðsdómara, að því er þetta varðar. Héraðsdómari sýknaði aftur á móti ákærðu af því að hafa falsað nafn útgefanda skuldabréfsins, en þar sem ríkissaksóknari krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms, kemur það atriði ekki til endurskoðunar hér fyrir dómi.

Rétt er að staðfesta niðurstöðu héraðsdóms um rof á skilorði dóms frá 22. febrúar 1989, og er refsing ákærðu hæfilega ákveðin í héraðsdómi átta mánaða fangelsi. Eftir öllum atvikum þykir mega fresta fullnustu fimm mánaða af refsingunni og sá hluti hennar falla niður að þremur árum liðnum frá uppkvaðningu dóms þessa, haldi ákærða skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, sbr. 4. gr. laga nr. 22/1955.

Staðfesta ber ákvæði héraðsdóms um sakarkostnað.

Ákærða greiði áfrýjunarkostnað sakarinnar, svo sem í dómsorði greinir.

Dómsorð:

Ákærða, Jóhanna Sigríður Halldórsdóttir, sæti fangelsi í átta mánuði. Fresta skal fullnustu fimm mánaða af refsingunni

og sá hluti hennar niður falla að liðnum þremur árum frá uppkvaðningu dóms þessa, haldi ákærða almennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, sbr. 4. gr. laga nr. 22/1955.

Ákvæði hins áfrýjaða dóms um sakarkostnað er staðfest.

Ákærða greiði áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, 30.000 krónur, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns fyrir Hæstarétti, Ásgeirs Thoroddsen hæstaréttarlögmanns, 30.000 krónur.

Dómur sakadóms Barðastrandarsýslu 17. september 1991.

Ár 1991, þriðjudaginn 17. september, er á dómþingi sakadóms Barðastrandarsýslu, sem háð er að Borgartúni 7, Reykjavík, af Jónasi Jóhannssyni héraðsdómara, kveðinn upp dómur í sakadómsmálinu: Ákæruvaldið gegn Jóhönnu Sigríði Halldórsdóttur, sem tekið var til dóms sama dag.

Málið er höfðað með ákæruskjali ríkissaksóknara, dagsettu 20. júní 1991, á hendur ákærðu, Jóhönnu Sigríði Halldórsdóttur öryrkja, til lögheimilis að Hjöllum 20, Patreksfirði, með dvalarstað að Snekkjuvogi 21, Reykjavík, kt. 200361-2379, „fyrir skjalafals með því að hafa í janúar 1991 selt í Sparisjóði Keflavíkur skuldabréf, að fjárhæð 250.000 kr., sem greiða átti með 30 gjalddögum á mánaðarfresti, í fyrsta sinn 15. febrúar 1991, og ákærða hafði falsað með því að rita á bréfið nafn Símonar Grétars Sigurbjörnssonar, kt. 220658-6199, sem útgefanda og nöfn Ágústs Ástráðssonar, kt. 100858-7549, og Kristínar Ásgeirsdóttur, kt. 280462-2179, í reiti fyrir samþykki sjálfskuldarábyrgðarmanna.

Telst þetta varða við 1. mgr. 155. gr. almennra hegningarlaga nr. 19, 1940.

Þess er krafist, að ákærða verði dæmd til refsingar og til greiðslu alls sakarkostnaðar.

Dómarinn tók við máli þessu 1. ágúst síðastliðinn, en fram að þeim tíma hafði hann afskipti haft af meðferð þess.

Málavextir.

Hinn 23. apríl síðastliðinn kom Símon Grétar Sigurbjörnsson á lögreglustöðina í Keflavík og lagði fram kæru á hendur fyrrverandi sambýliskonu sinni, ákærðu í málinu, vegna fölsunar á skuldabréfi nr. 408365. Kvaðst Símon hafa komist að því daginn áður, að ákærða hefði í janúar 1991, meðan þau voru enn í sambúð, selt í Sparisjóði Keflavíkur umrætt skulda-

bréf, að fjárhæð 250.000 krónur, en áður hefði hún falsað á bréfið nafn hans sem útgefanda og nöfn kunningjafólks hans, Ágústs Ástráðssonar og Kristínar Ásgeirsdóttur, sem sjálfskuldarábyrgðaraðila.

Í þágu rannsóknar málsins voru sama dag teknar framburðarskýrslur af þeim Ágústi og Kristínu. Kannaðist hvorugt þeirra við að hafa gerst ábyrgðaraðili á nefndu skuldabréfi, en grunaði, að ákærða ætti þar einhvern hlut að máli. Kvaðst Kristín því hafa hringt til ákærðu og innt hana eftir þessu og hún þá viðurkennt fölsun á skuldabréfinu og sölu þess í sparisjóðnum í Keflavík 11. janúar 1991. Vitni þessi hafa síðan komið fyrir dóm vegna málsins og staðfest framburð sinn í einu og öllu.

Þá hefur Símon Grétar einnig komið fyrir dóm og staðfest fyrri framburð þess efnis, að ákærða hefði falsað nafn hans á skuldabréfið í algjöru heimildarleysi og hann fyrst vitað af því í apríllok 1991.

Ákærða hefur bæði við rannsókn og meðferð málsins viðurkennt að hafa falsað nöfn Ágústs og Kristínar sem ábyrgðaraðila á skuldabréf það, sem í ákæru greinir, svo og ritað nafn Símonar sem útgefanda bréfsins, en fyrir því kveðst hún hafa haft munnlegt leyfi frá Símoni, sem þá var staddur úti á landi vegna vinnu sinnar. Segir ákærða Símon áður hafa verið búinn að biðja sig að greiða nokkra reikninga og í því skyni undirritað skuldabréf in blanco, að fjárhæð 102.000 krónur, sem hann bað hana að útfylla og selja til lúkningar á skuldunum. Þegar til kom, hafi skuldirnar hins vegar numið hærri fjárhæð en á skuldabréfinu stóð. Hringdi ákærða þá til Símonar og skýrði honum frá því, hvernig komið væri. Fullyrðir ákærða, að Símon hafi síðan heimilað sér að gefa út nýtt skuldabréf með þeirri fjárhæð, sem hún teldi duga, og undirrita það í hans nafni. Segist ákærða síðan hafa skýrt Símoni frá útgáfu og sölu skuldabréfsins, næst þegar þau ræddust við í síma.

Niðurstaða.

Svo sem málsatvikum er að framan lýst, þykir sannað með játningu ákærðu og samhljóða framburði vitnanna Ágústs Ástráðssonar og Kristínar Ásgeirsdóttur, að ákærða hafi í algjöru heimildarleysi ritað nöfn vitnanna sem sjálfskuldarábyrgðaraðila á skuldabréf það, sem í ákæru greinir. Þykir ákærða með þeirri háttsemi uppvís að skjalafalsi samkvæmt 1. mgr. 155. gr. almennra hegningarlaga. Gegn eindreginni neitun ákærðu þykir hins vegar ósannað, að hún hafi gefið umrætt skuldabréf út án vitundar og vilja fyrrverandi sambýlismanns síns og falsað nafn hans á bréfið sem útgefanda. Ber því að sýkna hana af þeirri háttsemi.

Sakaferill ákærðu.

Samkvæmt sakavottorði ákærðu hefur hún sætt kærum og refsingum sem hér segir:

1980 12/5 Sakadómur Rvík. Nr. 419. Dómur: Ákvörðun refsingar frestað, skb. 2 ár, f. brot g. 155. gr. alm. hgl.

1989 22/2 Sakadómur Rvík. Nr. 65. Dómur: Fangelsi 5 mán., skb. 3 ár, f. brot g. 1. mgr. 155. gr. alm. hgl.

1989 13/9 Gullbringus., Keflavík. Sátt: 14.000 kr. sekt f. brot g. 1., sbr. 2. mgr. 45. gr. umfl. Svipt ökul. 3 mán. frá 13.9. 1989.

1990 22/1 Sakadómur Rvík. Nr. 33. Dómur: Sýknuð af ákæru f. brot g. 1. mgr. 155. gr. alm. hgl.

Refsing.

Ákærða hefur með háttsemi þeirri, sem hún er nú sakfelld fyrir, rofið skilorð dóms frá 22. febrúar 1989. Ber því að taka upp þann dóm og dæma með máli þessu með hliðsjón af 77. gr. almennra hegningarlaga, sbr. 60. gr. sömu laga, sbr. 7. gr. laga nr. 22, 1955. Þykir refsing ákærðu samkvæmt þessu og með hliðsjón af málsatvikum öllum hæfilega ákveðin fangelsi átta mánuði, sem ekki þykir unnt að skilorðsbinda, þar sem ákærða er nú öðru sinni á aðeins rúmlega tveimur árum uppvís að skjalafalsi.

Sakarkostnaður.

Samkvæmt 1. mgr. 141. gr. laga um meðferð opinberra mála nr. 74, 1974, ber að dæma ákærðu til að greiða allan sakarkostnað í málinu.

Dómsorð:

Ákærða, Jóhanna Sigríður Halldórsdóttir, sæti fangelsi átta mánuði.

Ákærða greiði allan sakarkostnað.

Mánudaginn 16. mars 1992.

Nr. 8/1991. **Íslandsbanki hf.**
(Jón G. Briem hrl.)
gegn
Silfurlaxi hf.
(Guðmundur Jónsson hrl.)
og þrotabúi Lindalax hf.

Gjaldþrot. Kröfulýsingarfrestur. Áfrýjun. Sératkvæði.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Guðrún Erlendsdóttir, Haraldur Henrysson, Hjörtur Torfason, Hrafn Bragason og Pétur Kr. Hafstein.

Áfrýjandi skaut máli þessu til Hæstaréttar með áfrýjunarstefnu 7. janúar 1991. Krefst hann þess, að hinn áfrýjaði úrskurður verði felldur úr gildi og staðfest sú ákvörðun bústjóra í kröfulýsingarskrá í þrotabúi Lindalax hf., að krafa sín nr. 102 verði viðurkennd með 30.485.333 krónum, eins og þar er greint. Þá krefst hann málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti úr hendi stefnda Silfurlaxi hf.

Stefndi Silfurlax hf. gerir þær dómkröfur, að hinn áfrýjaði úrskurður verði staðfestur og áfrýjanda gert að greiða sér málskostnað fyrir Hæstarétti.

Þrotabúi Lindalax hf. er ekki löglega stefnt í málinu, og ekki hefur verið sótt þing af þess hálfu í Hæstarétti. Ber því sjálfkrafa að vísa málinu frá Hæstarétti, að því er það varðar.

Nokkur ný skjöl hafa verið lögð fyrir Hæstarétt. Þar á meðal er frumrit kröfulýsingar áfrýjanda, sem barst skiptaráðandanum í Gullbringusýslu um myndsendi (telefax) 26. mars 1990. Á skjalinu kemur fram sendingartími þess frá myndsendi áfrýjanda, og viðfest er útskrift myndsendis skrifstofu skiptaráðanda um móttöku skjalsins kl. 17.02. Á skjalinu er einnig móttökustimpill með framangreindri dagsetningu.

I.

Með hinum áfrýjaða úrskurði skiptaréttar Gullbringusýslu 6. desember 1990 var kröfu áfrýjanda í þrotabú Lindalax hf., samtals að fjárhæð 30.485.333 krónur, „hafnað alfarið“. Kröfu þessa

höfðu bústjórar til bráðabirgða í þrotabúinu samþykkt og sett hana á skrá um lýstar kröfur, dagsetta 18. apríl 1990. Á skiptafundi í búinu 26. sama mánaðar var afstöðu bústjóranna til kröfunnar mótmælt af hálfu eins kröfuhafa, stefnda Silfurlax hf. Var ákveðið í framhaldi af því að reka sérstakt skiptaréttarmál um ágreininginn.

Með hliðsjón af framansögðu og með vísan til 2. tl. b 1. mgr. 21. gr., sbr. 1. mgr. 20. gr. laga nr. 75/1973 um Hæstarétt Íslands, þykir áfrýjun máls þessa heimil.

II.

Auglýsing með innköllun til kröfuhafa í þrotabú Lindalax hf. birtist hið fyrra sinni í Lögbirtingablaðinu 26. janúar 1990, en ekki 8. janúar 1990, eins og misritast hefur í hinum áfrýjaða úrskurði. Kröfulýsingarfrestur var tilgreindur tveir mánuðir frá fyrri birtingu innköllunar.

Sannað er í málinu, að kröfulýsing áfrýjanda barst skrifstofu skiptaráðandans í Gullbringusýslu kl. 17.02 hinn 26. mars 1990. Miðað við það verður talið, að áfrýjandi hafi lýst kröfu sinni á fullnægjandi hátt innan tilskilins frests. Hvorki haggar það þeirri niðurstöðu, að kröfulýsingin barst um myndsendi, né að skrifstofa skiptaráðanda var ekki opin, þegar hún barst. Hinn áfrýjaði úrskurður verður því felldur úr gildi og staðfest sú ákvörðun bústjóra þrotabús Lindalax hf., að krafa áfrýjanda verði viðurkennd á skrá um lýstar kröfur.

Rétt þykir eftir atvikum, að málskostnaður í héraði falli niður, en stefndi verður dæmdur til að greiða áfrýjanda málskostnað fyrir Hæstarétti, eins og nánar segir í dómsorði.

Dómsorð:

Málinu er ex officio vísað frá Hæstarétti, að því er varðar stefnda þrotabú Lindalax hf.

Hinn áfrýjaði úrskurður er úr gildi felldur.

Staðfest er sú ákvörðun bústjóra þrotabús Lindalax hf. að viðurkenna kröfu áfrýjanda, Íslandsbanka hf., að fjárhæð 30.485.333 krónur, á skrá um lýstar kröfur í þrotabúið.

Málskostnaður í héraði fellur niður.

Stefndi Silfurlax hf. greiði áfrýjanda 80.000 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti.

Sératkvæði
Péturs Kr. Hafstein hæstaréttardómara.

Ég er samþykkur I. kafla í atkvæði meiri hluta dómenda um heimild til áfrýjunar.

Ég tel, að lögbundnir frestir, sem gefa skal til kynna með opinberri auglýsingu samkvæmt lögum nr. 64/1943 um birtingu laga og stjórnvaldaerinda og ætlað er að veita mönnum tiltekinn og tímabundinn rétt eða leggja á þá skyldu, byrji ekki að líða fyrr en frá og með næsta degi eftir útgáfudag þess eintaks Lögbirtingablaðs eða Stjórnartíðinda, er auglýsingin birtist í. Séu slíkir frestir tilteknir í mánuðum, ber að ákvarða hvern mánuð með fullri dagatölu 30 daga án tillits til dagsetninga.

Innköllunarfrestur í þrotabú Lindalax hf. var því að mínum dómi frá og með 27. janúar til og með 27. mars 1990, sbr. 3. tl. 19. gr. gjaldþrotalaga nr. 6/1978. Sannað er, að kröfulýsing áfrýjanda barst skiptaráðandanum í Gullbringusýslu á myndsendi 26. mars 1990. Hún barst því samkvæmt framansögðu degi áður en kröfulýsingarfresti lauk. Ber því þegar af þeirri ástæðu að fella hinn áfrýjaða úrskurð úr gildi og staðfesta þá ákvörðun bústjóra þrotabús Lindalax hf., að krafa áfrýjanda nr. 102 í kröfulýsingarskrá þrotabúsins verði viðurkennd.

Úrskurður skiptaréttar Gullbringusýslu 6. desember 1990.

I.

Mál þetta var tekið til úrskurðar að loknum munnlegum málflutningi 16. nóvember 1990. Sóknaraðili er Silfurlax hf. og varnaraðili Íslandsbanki hf. Með úrskurði skiptaréttar Gullbringusýslu, kveðnum upp 12. desember 1989, var bú Lindalax hf., kt. 630586-1279, tekið til gjaldþrotaskipta. Var gefin út innköllun til lánardrottna, og birtist hún í fyrra sinn í Lögbirtingablaðinu 8. janúar 1990. Þar var, eins og venja er, skorað á alla kröfuhafa að lýsa kröfum sínum fyrir skiptaráðanda innan tveggja mánaða frá fyrri birtingu. Varnaraðili í máli þessu, Íslandsbanki hf., lýsti kröfu, að upphæð 30.485.333 kr., sem almennri kröfu í búið, og er hún númer 102 á kröfulýsingarskrá. Hún var send embættinu 26. mars 1990 á svonefndu „telefaxtæki", sem á íslensku hefur verið nefnt myndsendir. Bústjórar til bráða-

birgða samþykktu kröfuna á kröfulýsingarskránni. Á skiptafundi 26. apríl 1990 mótmælti umbjóðandi Silfurlax hf. afstöðunni. Ákveðið var að reka um það sérstakt skiptaréttarmál.

II.

Sóknaraðili, Silfurlax hf., fer fram á, að kröfu þessari verði hafnað. Krafa varnaraðila, Íslandsbanka, er hins vegar, að staðfest verði afstaða bústjóra og krafan samþykkt. Sóknaraðili byggir á, að krafa þessi hafi ekki borist með lögformlegum hætti, og auk þess hafi innköllunarfrestur verið runninn út. Hann kveður umbjóðanda sinn hafa verulega hagsmuni af því, að kröfu þessari verði hafnað, bæði vegna þess, að þá fengi hann aukinn hlut í búinu, og einnig vegna þess, að þá myndi falla niður sjálfskuldarábyrgð hans vegna vanlýsingar Íslandsbanka. Þá segir hann, að kröfulýsing Íslandsbanka, sem lögð hafi verið til grundvallar af hálfu bústjóra, hafi verið myndsendisskeyti eða „telefax", sem skv. móttökukvittun, er fylgir gögnum málsins, hafi hvorki verið sent af stað né borist fyrr en eftir lokun skrifstofu skiptaráðanda, þ.e. eftir kl. 15.30, og ekki fyrr en eftir að venjulegum starfsdegi var lokið, þ.e. eftir kl. 17.00. Ekki sé ljóst, hvort umrætt skeyti hafi borist til vitundar skiptaráðanda, fyrr en innköllunarfrestur var útrunninn. Hann segir, að það sé kröfuhafa nauðsynlegt að tryggja sér sönnun þess, að kröfulýsing berist innan tiltekins frests.

Umbjóðandi Silfurlax hf. heldur því einnig fram, að kröfulýsingu, sem sé þannig úr garði gerð og send með þeim hætti, sem raun varð á, og auk þess eftir að skrifstofutíma embættisins lýkur, verði að hafna.

III.

Varnaraðili heldur því fram, að frestinum hafi lokið kl. 24.00 26. mars 1990. Hann segir, að í raun sé nægjanlegt, að krafan berist skrifstofu skiptaráðanda fyrir kl. 24.00. Þá segir hann, að lýsa megi kröfu á hvern hátt sem er, einungis að hún sé nægilega glögg, svo að átta megi sig á efni hennar.

IV.

Það er óumdeild staðreynd í málinu, sem sóknaraðila og varnaraðila greinir ekki á um, að kröfulýsingin barst embættinu kl. 17.02 26.3. 1990. Hún barst á svonefndu „telefaxtæki" eða myndsendi, en ekkert íslenskt orð yfir fyrirbrigðið hefur unnið sér sess í málinu. Sóknaraðili mótmælir, að slíkur háttur á kröfulýsingu fullnægi lagaskilyrðum.

Álit réttarins er, að kröfulýsing í slíku formi sé fullkomlega marktæk, enda er ljóst, hver sendir og hver fær. Þarna hefur ný tækni rutt sér braut, og sýnist eðlilegt að viðurkenna hana sem slíka, meðan aðrir hlutir í sendingunni eru með eðlilegum hætti.

Þá liggur fyrir að athuga, hvenær nákvæmlega kröfulýsingarfrestur rennur út. Í máli þessu er ekki deilt um, hvaða dag kröfulýsingarfrestur rennur út, heldur á hvaða tímamarki. Aðila greinir ekki á um, hvenær embættinu barst kröfulýsingin, það er kl. 17.02.

Það er álit réttarins, að taka verði til greina þá kröfu sóknaraðila, að kröfulýsingin hafi borist of seint. Skrifstofu embættis skiptaráðandans í Gullbringusýslu er lokað kl. 15.30 hvern virkan dag. Þá lýkur almennri afgreiðslu hjá embættinu. Þeir, sem koma eftir þann tíma, t.d. með kröfulýsingu, banka á lokaðar dyr. Þessi nýja tækni, að nota myndsendi, er til þægindaauka. Hún á ekki að lengja frestinn, heldur á sá, sem hefur slíkt tæki undir höndum, að geta sent það fyrr en sá, sem notar sér venjulega póstþjónustu eða kemur sjálfur. Þá má geta þess, að innköllunarfrestur er mjög rúmur, það er tveir mánuðir frá fyrri birtingu. Kröfulýsendur hafa tímann sín megin. Þeim má vera fullkomlega ljóst, að frestinum lýkur að þessum tveimur mánuðum liðnum, og enn fremur, að skrifstofutími opinberra stofnana er styttri en almennur vinnutími. Telji einhver kröfulýsandi, að kröfulýsingarfrestur sé lengri, er það á ábyrgð hans. Hann verður að hlíta þessum lokunartíma eins og hver annar.

Hæfilegt þykir, að Íslandsbanki hf. greiði Silfurlaxi hf. 220.000 kr., þ.m.t. söluskattur, í málskostnað.

Úrskurðinn kvað upp Þorsteinn Pétursson aðalfulltrúi.

Úrskurðarorð:

Kröfu Íslandsbanka hf. númer 102 á kröfulýsingarskrá, að upphæð 30.485.333 kr., er með öllu hafnað. Íslandsbanki greiði Silfurlaxi hf. 220.000 kr. í málskostnað, þ.m.t. söluskattur.

Mánudaginn 16. mars 1992.

Nr. 14/1991. **Árni Sigurðsson**
(Haraldur Blöndal hrl.)
gegn
Íslandsbanka hf. og
skiptaráðandanum á Ísafirði
f.h. þrotabús áfrýjanda
(Jón G. Briem hrl.).

Stefnubirting. Gjaldþrotaúrskurður.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Hrafn Bragason, Garðar Gíslason og Hjörtur Torfason.

Áfrýjandi skaut máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 9. janúar 1991. Hann krefst þess, að hinn áfrýjaði úrskurður verði ómerktur og synjað verði um, að bú sitt verði tekið til gjaldþrotaskipta. Hann krefst og málskostnaðar úr hendi stefndu fyrir Hæstarétti.

Stefndi Íslandsbanki hf. krefst staðfestingar hins áfrýjaða úrskurðar og að áfrýjandi greiði sér málskostnað fyrir Hæstarétti.

Af hálfu stefnda skiptaráðandans á Ísafirði f. h. þrotabús áfrýjanda hefur ekki verið sótt þing fyrir Hæstarétti.

Með bréfi til skiptaráðandans á Ísafirði 12. júlí 1990 fór lögmaður stefnda Íslandsbanka hf. þess á leit, að bú áfrýjanda yrði tekið til gjaldþrotaskipta, á grundvelli árangurslausrar löghaldsgerðar á hendur áfrýjanda í fógetarétti Ísafjarðar. Hafði gerð þessi verið reynd sama dag á þáverandi heimili áfrýjanda að Fagraholti 12 á Ísafirði, þar sem hann lýsti því yfir, að hann gæti ekki bent á neinar eignir til tryggingar umkrafinni skuld. Hinn 10. ágúst 1990 gaf skiptaráðandi út stefnu á hendur áfrýjanda, þar sem hann var boðaður til þinghalds um skiptabeiðni Íslandsbanka 3. september 1990. Þegar birta átti áfrýjanda stefnu þessa 21. ágúst á vinnustað hans í Reykjavík, reyndist hann farinn af landi brott. Gaf skiptaráðandi þá út aðra stefnu á hendur honum 18. september 1990, og var hún birt í Lögbirtingablaði 10. október sama ár. Samkvæmt þeirri boðun var skiptabeiðnin tekin fyrir í skiptarétti Ísafjarðar 12. nóvember 1990, þar sem Björn Jóhannesson, aðalfulltrúi bæjarfógetans, tók hana til úrskurðar. Var um það gerð svofelld bókun:

„Af hálfu gjaldþrotaskiptabeiðanda, Íslandsbanka hf., er mættur Tryggvi Guðmundsson hdl. v/Guðjóns Árm. Jónssonar hdl.

Enginn er mættur af hálfu skiptastefnda.

Tryggvi Guðmundsson hdl. v/Guðjóns Árm. Jónssonar hdl. krefst þess, að málið verði tekið til úrskurðar.

Á grundvelli fram kominnar beiðni og með vísan til 1. töluliðar c-liðar 13. gr. laga nr. 6/1978 er kveðinn upp svofelldur

ú r s k u r ð u r:

Bú Árna Sigurðssonar, kt. 180441-2559, Fagraholti 12, Ísafirði, skal tekið til gjaldþrotaskipta.“

Áfrýjandi reisir kröfur sínar á því, að sér hafi ekki verið stefnt til þessa dómþings með lögmætum hætti. Stefna hafi verið gefin út 18. september 1990, og í henni sé tekið fram, að heimili sitt sé að 84 Ambassador Drive, Red Bank, New Jersey 07701, Bandaríkjunum. Eigi að síður hafi hún verið birt í Lögbirtingablaði og bú sitt tekið til gjaldþrotaskipta, þegar hann mætti ekki við þingfestingu 12. nóvember til að halda uppi vörnum. Því aðeins megi birta stefnu í Lögbirtingablaði, að heimilisfang sé óþekkt, sbr. 2. mgr. 95. gr. laga nr. 85/1936 um meðferð einkamála i héraði.

Stefndi Íslandsbanki hf. reisir kröfu sína á því samkvæmt 2. tl. 18. gr. gjaldþrotalaga nr. 6/1978 sé hér um að ræða tilkynningu, en ekki stefnu, og sé því ekki farið eftir 95. gr. laga nr. 85/1936, sbr. 3. tl. 18. gr. gjaldþrotalaga. Rétt sé að fara eftir 102. gr. laga nr. 85/1936, og væri því nægilegt, ef símskeyti hefði verið sent. Því hafi verið langt umfram skyldu að birta skiptastefnuna í Lögbirtingablaði.

Þegar skiptaráðandi gaf út skiptastefnu samkvæmt 2. tl. 18. gr. laga nr. 6/1978 hinn 18. september 1990, var vitað, að heimilisfang áfrýjanda var að 84 Ambassador Drive, Red Bank, New Jersey, 07701, Bandaríkjum Norður-Ameríku. Samkvæmt 102. gr. laga nr. 85/1936, sbr. 135. gr. gjaldþrotalaga, gat skiptaráðandi látið birtingu skiptastefnunnar fara fram með símskeyti, en það var ekki gert. Birting í Lögbirtingablaði var hins vegar ófullnægjandi, sbr. 2. mgr. 95. gr. laga nr. 85/1936. Áfrýjanda var því ekki löglega birt krafan um gjaldþrotaskipti, og ber þar af leiðandi að fella hinn áfrýjaða úrskurð úr gildi.

Rétt er eftir atvikum, að málskostnaður falli niður.

D ó m s o r ð:

Hinn áfrýjaði úrskurður er úr gildi felldur.

Mánudaginn 16. mars 1992.

Nr. 93/1992. **Jónína Bjartmarz héraðsdómslögmaður**
gegn
Eysteini Guðmundssyni,
skipuðum lögráðamanni
X fyrir hans hönd.

Kærumál. Sameining mála. Lögræðislög. Umboð. Aðild. Frávísun frá héraðsdómi.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Þór Vilhjálmsson, Garðar Gíslason og Gunnar M. Guðmundsson.

Sóknaraðili hefur með kæru 11. febrúar 1992 skotið til Hæstaréttar úrskurði bæjarþings Reykjavíkur 29. janúar 1992 í lögræðismálinu nr. 22/1991. Sóknaraðili vísar um kæruheimild til 1. mgr. 10. gr. lögræðislaga nr. 68/1984, sbr. 2. mgr. 21. gr. laga nr. 75/1973 um Hæstarétt Íslands.

Þá hefur sóknaraðili skotið til Hæstaréttar með kæru s.d. frávísunardómi, upp kveðnum sama dag í sama máli. Sóknaraðili vísar um kæruheimild til 1. mgr. 10. gr. lögræðislaga, sbr. b-lið 1.tl. 1. mgr. 21. gr. laga nr. 75/1973. Kærurnar bárust héraðsdómara 13. febrúar sl., sem sendi Hæstarétti kærugögn 28. s. m.

Sóknaraðili var ekki viðstaddur uppkvaðningu hinna kærðu dómsathafna, en kveðst hafa fengið vitneskju um þær 31. janúar sl. Er kæran nægilega snemma fram komin.

Sóknaraðili krefst þess annars vegar, að hrundið verði þeirri ákvörðun héraðsdómara að vísa frá dómi kröfu um, að sér sé heimilt að heimsækja X.

Hins vegar krefst sóknaraðili þess, að hinum kærða frávísunardómi verði hrundið og lagt fyrir héraðsdómara að taka málið til efnisúrlausnar. Þá krefst sóknaraðili kærumálskostnaðar.

Varnaraðili krefst þess, að hinn kærði úrskurður og hinn kærði frávísunardómur verði staðfestir. Þá krefst hann ríflegs kærumálskostnaðar.

Rétt þykir að taka bæði kæruefnin til afgreiðslu í einu máli, þótt sóknaraðili hafi sent tvær sjálfstæðar kærur.

I.

Í 9. gr. lögræðislaga nr. 68/1984 segir meðal annars, að sá, sem sviptur er lögræði, geti borið fram tilmæli til héraðsdómara um, að lögræðissviptingin verði felld úr gildi. Þarf að skera úr því í máli þessu, hvort X hafi borið fram slík tilmæli.

II.

Sóknaraðili máls þessa hefur skýrt svo frá, að hún hafi þekkt X, frá því að hann var barn. Hún kveður X hafa haft símasamband við sig í október á síðasta ári og leitað eftir aðstoð til að „fá meiru um sín mál ráðið". Hún kveðst hafa skýrt fyrir honum réttarstöðu hans og lofað að hitta hann að máli.

Hinn 29. nóvember segist sóknaraðili hafa farið til X í sambýlið að Bröndukvísl 17. Hafi þau rætt nokkuð ýtarlega saman, fyrst ein, en síðan að forstöðumanni sambýlisins viðstöddum. Kveðst sóknaraðili hafa rætt um líkur á, að X fengi sjálfræði að nýju, en jafnframt tekið fram, að hún teldi hann ekki hafa getu til að fá fjárræði. Hún kveðst hafa lagt áherslu á, að hún gæti liðsinnt honum við að koma tilmælum hans á framfæri og aflað fyrir hans hönd vottorða lækna. Dómarar tækju síðan ákvarðanir á grundvelli vottorða og annarra gagna.

Sóknaraðili segir, að X hafi viljað láta á þetta reyna, og kveðst hafa afhent honum til undirritunar umboð til sín. Hún hafi hvatt X til að skýra lögráðamanni sínum og móðursystur sinni frá ráðagerðinni. Sóknaraðili heldur því fram, að viðbrögð lögráðamannsins hafi verið þau að banna samfundi sína og X, enda hafi sér verið synjað um að hitta hann, er hún fór 9. desember til að ná fundi hans að Bröndukvísl 17.

Með bréfi til yfirborgardómara 10. desember 1991 fór sóknaraðili þess á leit fyrir hönd X, að því er segir í bréfinu, að lögræðissvipting sín yrði felld úr gildi.

Með bréfi til yfirborgardómara 18. desember krafðist sóknaraðili úrskurðar um, að sér væri heimilt að heimsækja X, eins og hún teldi þörf á, til að geta rökstutt frekar tilmælin um, að lögræðissviptingin yrði felld úr gildi.

III.

Dóra Guðmundsdóttir, fulltrúi yfirborgardómara í Reykjavík, fór

með mál þetta í héraði. Hún talaði við X 17. desember, og er frá því sagt í hinum kærða dómi.

Fram hefur verið lögð í málinu skýrsla Júlíusar Einars Halldórssonar, forstöðumanns sambýlisins við Bröndukvísl 17, dr. Sölvínu Konráðs, sálfræðings Svæðisstjórnar málefna fatlaðra í Reykjavík, og Aðalbjargar Dísu Guðjónsdóttur, félagsráðgjafa svæðisstjórnarinnar. Skýrslan er gerð 20. desember 1991, og segir í lok hennar:

„Enn sem komið er, er mat okkar það, að X geti ekki hugsað fyrir sínum málum upp á eigin spýtur án þess að stofna sér í vandræði. Hann er mjög áhrifagjarn og á erfitt með að sjá málin í heildarsamhengi. Minnisskyn og taltruflanir há honum einnig mjög í daglegu lífi." Meðal annarra skjala um X, sem finna má í málinu, er greinargerð dr. Sölvínu Konráðs um niðurstöður greindarmats og persónuleikamats, sem fram fóru 27. desember sl. Niðurstaða greindarmats er skýrð í greinargerðinni, en greindarvísitala mældist 76 og X því talinn tornæmur. Sálfræðingurinn telur, að X sé ekki fær um að taka ákvarðanir um flóknari þætti lífs síns, svo sem búsetu, umönnunarþörf, atvinnu og fjármál.

IV.

Það, sem fram hefur komið í máli þessu um hagi og óskir X, þykir ekki veita tilefni til, að dómari neyti heimildar í 7. gr. lögræðislaga og afli frekari gagna í máli þessu eða skipi lögmann til að gæta hagsmuna hans. Ber því að staðfesta hinn kærða frávísunardóm.

Með tilliti til afstöðu til frávísunar á kröfu um niðurfellingu lögræðissviptingar ber og að staðfesta niðurstöðu héraðsdómara varðandi kröfu sóknaraðila um samband hennar og X.

Sóknaraðili taldi sig hafa ástæðu til að ætla, að X vildi í nóvemberlok á þessum vetri leita leiða til að breyta réttarstöðu sinni. Hún sneri sér til yfirborgardómara án þess að hafa skriflegt umboð frá X, og verður að líta svo á, að hún sé persónulega sóknaraðili fyrir Hæstarétti. Niðurstaða í samtali því, sem héraðsdómari átti við X, gögn þau, sem fram komu um hagi hans, og umboðsskortur sóknaraðila til að annast fyrir hann málarekstur þenna valda því, að málið var ófyrirsynju kært til Hæstaréttar. Verður að því athuguðu að dæma sóknaraðila til að greiða kærumálskostnað, eins og segir í dómsorði.

Dómsorð:

Hinn kærði frávísunardómur á að vera óraskaður.

Hinn kærði úrskurður á að vera óraskaður.

Sóknaraðili, Jónína Bjartmarz héraðsdómslögmaður, greiði varnaraðila, Eysteini Guðmundssyni f. h. X, 25.000 krónur í kærumálskostnað.

Úrskurður bæjarþings Reykjavíkur 29. janúar 1992.

Undir rekstri máls þessa hefur lögmaðurinn Jónína Bjartmarz hdl. sett fram þá kröfu, að héraðsdómari úrskurði, að henni sé heimilt að heimsækja hinn lögræðissvipta, X, eins og hún telji þörf á til að geta rökstutt frekar fram komin tilmæli um, að lögræðissvipting hans verði úr gildi felld. Hefur lögráðamaður X meinað lögmanninum að heimsækja hann, og hefur yfirlögráðandi staðfest þá ákvörðun lögráðamannsins.

Krafa lögmannsins er rökstudd með tilvísun til ákvæða 2. mgr. 3. gr. lögræðislaga, um rétt lögræðissvipts manns til að öðlast á ný lögræði, og til 1. mgr. 9. gr. laganna, um aðild hins lögræðissvipta sjálfs að slíku máli. Þá er vísað til þess, hve svipting lögræðis sé alvarleg röskun á persónuhelgi hvers manns, og sé því ljóst, að framangreindur réttur sé óskerðanlegur og alls ekki á valdi lögráðamanns að varna lögræðissviptum manni að bera fram tilmæli samkvæmt 1. mgr. 9. gr. lögræðislaga eða leita aðstoðar til þess hjá lögmanni.

Um rekstur lögræðismála eru ákvæði í II. kafla laga nr. 68/1984. Sæta þau afbrigðilegri meðferð einkamála, þar sem meðal annars er gert ráð fyrir frumkvæði dómara varðandi rannsókn málsins og öflun gagna. Þar sem sérákvæðum lögræðislaga sleppir, eiga við um rekstur þessara mála meginreglur um meðferð einkamála.

Samkvæmt 1. mgr. 190. gr. laga nr. 85/1936 um meðferð einkamála í héraði kveður dómari upp úrskurði um einstök atriði máls, sem ráða þarf til lykta fram að dómtöku þess. Er þar um að ræða formbundna ákvörðun til lausnar á ágreiningsefnum, sem varða rekstur málsins, svo sem hvort frestur skuli veittur eða ekki.

Málefni það, sem hér er krafist úrskurðar um, varðar ekki meðferð málsins sem slíks, heldur almennt heimild lögmanns, sem sett hefur fram tilmæli um niðurfellingu lögræðissviptingar til að heimsækja hinn lögræðissvipta.

Það er ekki í valdi dómara þessa máls að úrskurða undir rekstri þess um heimild lögmannsins Jónínu Bjartmarz hdl. til að heimsækja X. Ekkert í sérreglum laga nr. 68/1984 um meðferð lögræðismála þykir breyta þeirri niðurstöðu. Þá ber þess að gæta, að kröfunni hefur ekki verið beint gegn

lögráðamanni hins lögræðissvipta, sem samkvæmt 31. gr. laga nr. 68/1984 ræður persónulegum högum hans.

Verður því að vísa frá dómi þeirri kröfu Jónínu Bjartmarz hdl., að henni sé heimilt að heimsækja X.

Dóra Guðmundsdóttir, fulltrúi yfirborgardómara, kvað upp úrskurð þennan.

Úrskurðarorð:

Kröfu Jónínu Bjartmarz hdl. um, að henni sé heimilt að heimsækja X, er vísað frá dómi.

Þriðjudaginn 17. mars 1992.

Nr. 373/1991. **Ákæruvaldið**
(Hallvarður Einvarðsson ríkissaksóknari)
gegn
Róbert Marshall
(Jón Hjaltason hrl.).

Líkamsárás. Skaðabætur.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Þór Vilhjálmsson, Garðar Gíslason og Hjörtur Torfason.

Ríkissaksóknari skaut máli þessu til Hæstaréttar að ósk ákærða, en einnig af hálfu ákæruvalds til staðfestingar. Krefst ríkissaksóknari sakfellingar samkvæmt ákæru og staðfestingar á niðurstöðu varðandi skaðabætur, en þyngingar á refsingu.

Af hálfu ákærða er krafist sýknu.

Með tilvísun til héraðsdóms ber að staðfesta sakarmat héraðsdómara og ákvörðun refsingar og sakarkostnaðar.

Bótakröfu sína setti Sigurður Freyr Hreinsson fram í bréfi, sem lagt var fram í dómi 3. júní 1991. Þar segir meðal annars: „Á þessum tíma var ég skipverji á Mánabergi, ÓF-42, frá Ólafsfirði, en sökum afleiðinga líkamsárásar Róberts var ég óvinnufær til 20. júlí 1988 og missti því af veiðiferð þeirri, sem stóð frá 3. júlí 1988 - 2. ágúst 1988." Jafnframt sendi Sigurður Freyr launaseðil frá útgerðarfélagi skipsins, sem hann kveður sýna laun staðgengils síns í veiðiferðinni. Fékk hann 278.364 krónur fyrir tímann frá 3. júlí til 2. ágúst 1988, og var þar um að ræða hlut, fatapeninga, fæðispeninga, aukahlut og orlof. Frá útgerðarfélaginu liggur frammi vottorð frá 12. desember 1990, þar sem segir, að Sigurður Freyr hafi verið skipverji á frystitogaranum Mánabergi á árinu 1988, en hann hafi verið í „föstu umsömdu fríi" frá 3. júlí til 2. ágúst.

Þrátt fyrir síðastgreint orðalag er nægilega sannað, að Sigurður Freyr Hreinsson varð vegna meiðsla, sem ákærði ber ábyrgð á, að vera í landi, meðan fiskiskip það, sem hann starfaði á, var í veiðiferð frá 3. júlí til 2. ágúst 1988. Leggja má til grundvallar þær upplýsingar, sem fram eru komnar um það, sem staðgengill hans fékk

greitt fyrir þessa veiðiferð. Bótakröfu sína í máli þessu einskorðar Sigurður Freyr við fjárhæð þessarar greiðslu, og verður hún ekki talin úr hófi, þegar litið er til allra atvika. Ber að dæma ákærða til að greiða honum bætur jafnháar þessari fjárhæð, eins og gert er í héraðsdómi, ásamt kostnaði vegna læknismeðferðar.

Ákærði greiði áfrýjunarkostnað, eins og segir í dómsorði.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur er staðfestur. Ákærði, Róbert Marshall, greiði áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar á meðal saksóknarlaun í ríkissjóð, 35.000 krónur, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns fyrir Hæstarétti, Jóns Hjaltasonar hæstaréttarlögmanns, 35.000 krónur.

Dómur sakadóms Vestmannaeyja 19. júní 1991.

Mál þetta, sem dómtekið var 4. þ.m., hefur ríkissaksóknari höfðað hér fyrir dómi með ákæru, dagsettri 8. október 1990, á hendur Róbert Marshall, Fjólugötu 2, Vestmannaeyjum. Í ákæruskjali er ákæruatriðum og dómkröfum lýst með eftirgreindum hætti:

„Fyrir líkamsárás með því að hafa aðfaranótt laugardagsins 25. júní 1988 í Herjólfsdal í Vestmannaeyjum ráðist á Sigurð Frey Hreinsson, fæddan 28. desember 1968, og slegið hann nokkur hnefahögg í andlitið með þeim afleiðingum, að tvær sprungur mynduðust í neðri kjálka hans, neðan við augntönn hægra megin og aftasta jaxl vinstra megin.

Telst þetta varða við 1. mgr. 218. gr. almennra hegningarlag nr. 19, 1940, sbr. 11. gr. laga nr. 20/1981.

Þess er krafist, að ákærði verði dæmdur til refsingar, til greiðslu skaðabóta, verði þeirra krafist, og til greiðslu alls sakarkostnaðar."

Ákærði tók ekki til varnar í málinu.

Laugardaginn 25. júní 1988 var haldinn Jónsmessudansleikur í Herjólfsdal í Vestmannaeyjum. Meðal samkomugesta voru ákærði og Sigurður Freyr Hreinsson. Ekki þekktust þeir tveir. Fjórum dögum síðar, fimmtudaginn 30. júní 1988, tilkynnti Sigurður Freyr RLR, að hann vildi leggja fram kæru á hendur ákærða. Sigurður Freyr kvað ákærða hafa slegið sig hnefahögg í andlitið með þeim afleiðingum, að hann kjálkabrotnaði. Við skýrslutöku hjá RLR lýsti Sigurður Freyr upphafi málsins. Hann kvað þá ákærða hafa hist á samkomunni og byrjað af ótilgreindum ástæðum að rífast. Hann hefði gengið frá ákærða, en ákærði elt sig uppi og slegið sig,

en sjálfur kvaðst hann ekki hafa reynt að verja hendur sínar. Sigurður Freyr kvaðst daginn eftir tilgreindan atburð hafa farið til læknis á sjúkrahúsi Vestmannaeyja og þar strax þá komið í ljós, að hann var kjálkabrotinn. Tveimur dögum síðar, mánudaginn 27. júní 1988, kvaðst Sigurður Freyr hafa farið á slysadeild Borgarspítalans og gengist þar undir viðeigandi aðgerð. Hinn 2. ágúst 1988 sendi RLR málið RLV til meðferðar. Þar voru strax teknar skýrslur af tveimur vitnum og ári síðar af ákærða, sem um tíma eftir tilgreindan atburð hafði dvalist erlendis. Er aflað hafði verið læknisvottorðs frá Borgarspítalanum í Reykjavík, sendi bæjarfógetaembættið í Vestmannaeyjum með bréfi, dagsettu 24. ágúst 1990, málið ríkissaksóknara til fyrirsagnar. Gaf ríkissaksóknari síðan út ákæru í málinu 8. október 1990.

Að beiðni Geirs Jóns Þórissonar lögreglufulltrúa gaf Leifur Jónsson læknir á slysa- og bæklunardeild Borgarspítalans út læknisvottorð tveimur árum eftir tilgreindan atburð. Í læknisvottorðinu kemur fram, að Sigurður Freyr, sem komið hafi í skoðun tveimur dögum eftir tilgreindan atburð, hafi kvartað um verki í andliti og skerta hreyfingu í neðra kjálka. Hann hafi verið bólginn í andliti, einkum vinstra megin, og með glóðarauga á vinstra auga, og framtennur vinstra megin í neðra gómi hafi verið skakkar, en vel fastar í gómnum. Síðan segir í vottorðinu:

„Mar er undir slímhúð í gómnum vi. megin og eymsli yfir öllum kjálka vi. megin, svo og eru hreyfingar sársaukafullar og hindraðar að nokkru. Rtg-mynd sýnir tvær sprungur í gegnum neðri kjálka, aðra niður úr augntönn hæ. megin, en hina niður frá aftasta jaxli vi. megin. Engin dislocation er til staðar. Sjúkl. var sendur til tannlæknis, sem víraði saman tanngarðana, og fór eftirmeðferð fram á hans vegum..."

Framburður ákærða verður nú rakinn sem og vitna í málinu, en ákærði rekur upphaf málsins til þess, að Sigurður Freyr hafi ráðist á sig. Kvað ákærði, að það hefði byrjað þannig, að maður, sem hann hefði ekki þekkt með nafni, hefði komið til sín og ávarpað sig eitthvað á þá leið, hvort hann vildi ekki slá sig líka. Kvaðst ákærði hafa svarað því neitandi, en Sigurður Freyr þá slegið sig í magann. Ákærði tók fram, að ekki hefði hann vitað, hvort einhverjir hefðu verið í áflogum við Sigurð Frey, en magahöggi hans hafi hann svarað með öðru höggi og náð síðan að snúa manninn niður og haldið honum niðri með haustaki án þess að slá hann nokkuð frekar, en þeir hefðu síðan verið aðskildir af gæslumönnum. Eftir þetta kvaðst hann ekki hafa haft frekari afskipti af Sigurði Frey. Ákærði hafði uppi efasemdir um, að hann væri valdur að kjálkabroti Sigurðar Freys.

Sigurður Freyr Hreinsson hefur einnig komið fyrir dóminn sem og vitnin Bjarnhéðinn Grétarsson og Gunnar Ingólfur Gíslason.

Vitnið Sigurður Freyr Hreinsson kvaðst hafa verið nýkomið á hátíðarsvæðið, er það hafi hitt ákærða. Hafi þeir tekið tal saman við hljómsveitarpallinn og upp hafist deilur með þeim af ótilgreindum ástæðum. Kvaðst vitnið hafa gengið í burtu og ekki viljað skipta sér frekar af ákærða, en ákærði hafi veitt vitninu eftirför, elt það uppi og barið í andlitið, og hafi höggið komið ofanvert á vinstra kjálka. Við höggið kvaðst vitnið hafa fallið á jörðina, en ákærði sest ofan á vitnið og haldið áfram að berja það í andlitið, þar til tveir ungir menn og aðstandendur dansleiksins skárust í leikinn. Skömmu eftir þetta kvaðst vitnið hafa farið heim til sín og lagst til svefns, en farið strax til læknis daginn eftir. Vitnið fullyrti, að það hefði ekki slegið ákærða eitt einasta högg allan tímann.

Vitnið Bjarnhéðinn Grétarsson, kt. 020470-5189, kvaðst hafa séð, að Sigurður Freyr, sem vitnið þekkti ekki, en kannaðist þó lítillega við, átti í orðaskaki við ákærða. Vitnið kvaðst hafa gengið til Sigurðar Freys og tekið hann frá ákærða og gengið í burtu með honum, en ákærði elt þá uppi og komið aftan að Sigurði Frey og slegið hann hnefahögg, svo að Sigurður Freyr féll á jörðina. Vitnið kvað ákærða og Sigurð Frey báða hafa verið ölvaða, en Sigurður Freyr þó sýnu meira.

Vitnið Gunnar Ingólfur Gíslason, kt. 011168-4269, kvaðst hafa séð ákærða slá Sigurð Frey Hreinsson, sem vitnið þekkti ekki, en vissi aðeins, að var aðkomumaður. Vitnið kvað ákærða hafa látið mörg þung högg falla, án þess að Sigurður Freyr svaraði fyrir sig. Vitnið tók sérstaklega fram, að búið hefði verið að taka ákærða nokkrum sinnum frá manninum og tala við hann, en ákærði jafnharðan farið í manninn aftur, allt þar til ákærði rak Sigurði Frey þungt högg, en loks hefði tekist að slíta ákærða frá manninum.

Með samhljóða framburði vitnanna Sigurðar Freys Hreinssonar, Bjarnhéðins Grétarssonar og Gunnars Ingólfs Gíslasonar telst sannað, að ákærði hafi aðfaranótt laugardagsins 25. júní 1988 í Herjólfsdal í Vestmannaeyjum ráðist á Sigurð Frey Hreinsson og slegið hann nokkur hnefahögg í andlitið með þeim afleiðingum, sem í ákæru greinir, en þar er hegðun ákærða rétt lýst og hún réttilega heimfærð undir 1. mgr. 218. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, enda telst ósönnuð sú fullyrðing ákærða, að Sigurður Freyr hafi að fyrra bragði ráðist á hann.

Ákærði er sakhæfur, en hann er fæddur 31. maí 1971. Samkvæmt nýju sakavottorði, sem lagt hefur verið fram í málinu, er ákærði með hreint sakavottorð.

Lögreglurannsókn málsins hefur greinilega sætt óþarfa-töfum, en tvö ár liðu, frá því að málið kom til meðferðar hjá RLR og þar til það var sent ríkissaksóknara til fyrirsagnar. Er refsing ákærða er ákvörðuð, ber að taka fullt tillit til þess, að ákærði var einungis nýorðinn 17 ára, er hann framdi

brot sitt, og hafði hvorki þá né nú þremur árum síðar gerst sekur um annað refsivert brot. Með hliðsjón af þessu þykir refsing ákærða, Róberts Marshalls, hæfilega ákveðin 30 daga varðhald, og skal fresta fullnustu refsingar ákærða og hún niður falla að liðnum tveimur árum frá birtingu dóms þessa, haldi hann almennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, sbr. 4. gr. laga 22/1955.

Dæma ber ákærða til að greiða allan sakarkostnað málsins.

Sigurður Freyr Hreinsson hefur lagt fram svohljóðandi skaðabótakröfu á hendur ákærða:

„1.	Vinnutap	kr.	278.364
2.	Kostnaður vegna læknismeðferðar	kr.	4.425
	Samtals	kr.	282.789“

Í bótakröfunni lýsir tjónþoli síðan málsatvikum, og segir þar:

„Á þessum tíma var ég skipverji á Mánabergi, ÓF-42, frá Ólafsfirði, en sökum afleiðinga líkamsárásar Róberts var ég óvinnufær til 20. júlí 1988 og missti því af veiðiferð þeirri, sem stóð frá 3. júlí 1988 - 2. ágúst 1988.

Fyrirliggjandi eru gögn, sem styðja skaðabótakröfuna varðandi

1. Ljósrit af launaseðli staðgengils og vottorð vinnuveitanda, varðandi
2. Læknisvottorð Jóns Viðars Arnórssonar tannlæknis.“

Efnislega vefengir ákærði ekki skaðabótakröfuna, en hann samþykkir hana ekki.

Dæma ber ákærða til að greiða Sigurði Frey Hreinssyni umkrafða skaðabótakröfu, enda er hún í samræmi við sakarmat í málinu og auk þess studd fullnægjandi fylgigögnum.

Jón Ragnar Þorsteinsson héraðsdómari kvað upp dóm þennan.

Dómsorð:

Ákærði, Róbert Marshall, sæti varðhaldi í 30 daga, en fresta skal fullnustu refsingar og hún falla niður að liðnum tveimur árum frá birtingu dóms þessa, haldi hann almennt skilorð 57. gr. laga nr. 19/1940, sbr. 4. gr. laga nr. 22/1955.

Ákærði greiði Sigurði Frey Hreinssyni 282.789 krónur í skaðabætur.

Ákærði greiði allan sakarkostnað máls þessa.

Þriðjudaginn 17. mars 1992.

Nr. 144/1990. **Hrafn Gunnlaugsson og**
Félag innan leikinna mynda hf.
(Gunnlaugur Þórðarson hrl.)
gegn
Hirti Valdimarssyni og
Þóri Grétarssyni
(Sigurður Sigurjónsson hrl.).

Kaup. Riftun.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Þór Vilhjálmsson, Gunnar M. Guðmundsson og Pétur Kr. Hafstein.

Áfrýjendur skutu máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 2. apríl 1990. Þeir krefjast aðallega sýknu af kröfum stefndu og málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti. Til vara krefjast þeir sýknu af kröfum stefndu og þess, að málskostnaður verði látinn niður falla. Til þrautavara krefjast þeir þess, að frá dæmdum bótum dragist 65.000 krónur, sem séu leiga fyrir hestinn Fák í 13 mánuði.

Stefndu krefjast staðfestingar héraðsdóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Sýknukrafa áfrýjenda er á því byggð, að þeir hafi ekki selt stefndu hestinn Fák seint á árinu 1987, enda hafi þeir ekki verið eigendur hans. Eigandinn hafi verið maður að nafni Sigurður Marinusson, og hafi hann samið við stefndu.

Áfrýjandi Hrafn Gunnlaugsson gaf skýrslu á bæjarþingi Reykjavikur 28. júní 1990 í vitnamáli, sem þingfest var þann dag að kröfu áfrýjenda, en héraðsdómur hafði þá gengið. Hann sagði í skýrslu sinni, að hann hefði við kvikmyndagerð áður leigt hesta, en því hefðu fylgt erfiðleikar. Hefði því komið upp sú hugmynd, að hestar yrðu keyptir, áður en þeirra yrði þörf við töku myndarinnar Í skugga hrafnsins 1987, en seldir að töku lokinni. Sagði áfrýjandinn frá samtölum um þessi efni við mann, sem heitir Sigurbjörn Bárðarson, og einnig frá viðræðum þeirra um kaup á hestum af Sigurbirni. Eftir áfrýjanda var bókað: „Ég sagði við hann, að væntanlega væri áhugi fyrir því að kaupa þessa hesta, ef þeir væru þá nothæfir í myndina, en að sjálfsögðu myndi ég ekki ganga frá því. Til að slíkt

gæti orðið, þá þyrfti sá, sem myndi taka þetta að sér sem verktaki, að ákveða það, hvort hestarnir yrðu keyptir eða ekki. Sigurður Marinusson ásamt Örnu Mathiesen tók síðan að sér að vera sá, sem myndi sjá um hestana. Ég spurði, hvort hann væri tilbúinn að fara þá leið að kaupa hesta, sem við myndum þá leggja út fé fyrir, og hann þyrfti þá að standa skil á einhverjum ákveðnum hluta af kaupverðinu aftur. Nú, hann féllst á að gera það, og við töluðum um það, að hann myndi þá ná aftur 60% af kaupverði; þessi 60% af kaupverði yrðu eignarhald okkar í hestunum. Nú, síðan sagði ég honum frá þessu samtali okkar Sigurbjörns Bárðarsonar. Hann fór að skoða hestana, bæði þann hvíta og svarta, og sagði mér síðan, að svarti hesturinn væri gallaður og við skyldum ekki kaupa hann. Hins vegar væri hvíti hesturinn mjög góður, og við skyldum kaupa hann. Og þar með var málið komið í hendur Sigurðar, og ég kom ekkert meira nálægt því.“ Í skýrslu sinni rekur áfrýjandinn Hrafn Gunnlaugsson síðan kostnaðaráætlanir, sem hann kveður Sigurð Marinusson hafa gert, víkur að starfi hans um sumarið og fjallar síðan um uppgjör við hann. Um það atriði hafði áður verið lagt fram skjal, sem er dagsett 27. ágúst 1987. Er það stílað sem bréf frá Hrafni til Sigurðar, en á það er ritað samþykki hins síðarnefnda. Í skjali þessu segir m.a.: „Í framhaldi af skrá þeirri, sem þú hefur gert yfir hestana, sem notaðir voru Í skugga hrafnsins, óska ég eftir því, að þeir verði allir seldir og reynt að miða við þær verðhugmyndir, sem þú hefur sett fram. ... Miðað skal við, þegar hestarnir eru seldir, að útborgun gangi upp í fyrra kaupverð, en afborganir reiknist til ávinnings fyrir báða aðila. ... Fari heildarsöluverð fyrir alla hestana samanlagt fram yfir krónur 775.000 ... sem er það hæsta, sem þú áætlar, skal allt það fé koma óskipt í þinn hlut...“ Í skýrslu sinni á bæjarþinginu 28. júní 1990 sagði Hrafn Gunnlaugsson m.a., að Sigurður hefði gert lista um hestana, þar sem getið hafi verið um Fák og að hann hafi slasast á framfæti 1986 og „hlífir sér undir miklu álagi“. Niðurstöðu viðræðna þeirra Sigurðar segir Hrafn hafa orðið, að Sigurður skyldi greiða 775.000 krónur. Hins vegar hafi honum ekki verið skylt að selja alla hestana, það hafi verið hans mál, eins og salan á Fák hafi verið. Hann hafi selt stefndu þennan tiltekna hest og afhent sér víxla, er greitt hafi verið með, sem hluta af þeirri fjáræð, er hann átti að greiða áfrýjendum.

Áðurnefndur Sigurbjörn Bárðarson kom fyrir bæjarþing 3. september 1990 og gaf skýrslu. Sagði hann, að Hrafn Gunnlaugsson hefði keypt af sér hestinn Fák og séð um það sjálfur.

Eins og fram kemur í hinum áfrýjaða dómi, kom Sigurður Marinusson fyrir bæjarþingið, áður en héraðsdómur gekk. Hann gaf skýrslu að nýju 14. september 1990 og ítrekaði, að Hrafn Gunnlaugsson hefði keypt hestinn Fák.

Í máli þessu þarf ekki að taka afstöðu til þess, hvernig samningar Hrafns Gunnlaugssonar og Sigurðar Marinussonar hafi verið, um annað en það, sem beinlínis varðar eignarhald á hestinu Fáki. Með framburði Sigurbjörns Bárðarsonar um, að Hrafn Gunnlaugsson hafi verið kaupandi hestsins, og því, sem ráða má af skjölum og skýrslum, sem lýst er í héraðsdómi og hér að framan, er fram komið, að Hrafn Gunnlaugsson eða hlutafélagið, sem áfrýjað hefur málinu, hafi að lögum verið eigendur hestsins, þegar hann var seldur stefndu. Hér fyrir dómi hefur lögmaður áfrýjenda lýst því yfir, að ekki sé á því byggt í málinu, að áfrýjandann Hrafn beri að sýkna, þar sem hlutafélagið hafi verið eigandi, ef aðalmálsástæður áfrýjenda verða ekki lagðar til grundvallar.

Áfrýjendur verða ekki dæmdir til að greiða 30.260 krónur vegna málskostnaðar í víxilmáli þriðja manns gegn þeim. Kaupum á hestinum var rift eigi síðar en 17. febrúar 1988, og verður stefndu ekki gert að greiða leigu fyrir afnot hans. Ekki er ágreiningur um vexti.

Að þessu athuguðu ber að staðfesta héraðsdóm um riftun á margnefndum kaupum og dæma áfrýjendur til að greiða stefndu 196.813 krónur með vöxtum, eins og segir í dómsorði. Staðfesta ber málskostnaðarákvæði héraðsdóms og dæma áfrýjendur til að greiða stefndu 70.000 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti.

Dómsorð:

Staðfest er riftun á kaupsamningi áfrýjendanna Hrafns Gunnlaugssonar og Félags innan leikinna mynda hf. við stefndu, Hjört Valdimarsson og Þóri Grétarsson, um áðurnefndan hest.

Áfrýjendur greiði óskipt stefndu 196.813 krónur með dráttarvöxtum samkvæmt 3. kafla vaxtalaga nr. 25/1987 af 160.480

krónum frá 25. janúar 1988 til 15. júní sama ár, en af 196.813 krónum frá þeim degi til greiðsludags.

Málskostnaðarákvæði héraðsdóms er staðfest. Áfrýjendur greiði óskipt stefndu 70.000 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 22. febrúar 1990.

Mál þetta, sem tekið var til dóms að loknum munnlegum málflutningi 24. f.m., er höfðað hér fyrir þinginu með stefnu, birtri 17. febrúar 1989.

Stefnendur eru Þórir Grétarsson, kt. 080164-2119, Æsufelli 2, Reykjavík, og Hjörtur Valdimarsson, kt. 151264-3529, Hjallalandi 31, Reykjavík.

Stefndu eru Hrafn Gunnlaugsson, kt. 170648-3669, Hagamel 17, Reykjavík, og Félag innan leikinna mynda hf. (FILM), kt. 590881-1399, Skólavörðustíg 12, Reykjavík.

Dómkröfur stefnenda eru þessar:

Að stefndu verði in solidum dæmdir til greiðslu 227.073 kr. með dráttarvöxtum skv. III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987 af 160.480 kr. frá 25. janúar 1988 til 15. júní 1988, en af 227.073 kr. frá þ.d. til greiðsludags með vaxtareikningi skv. 12. gr. laganna. Þá er krafist málskostnaðar skv. gjaldskrá LMFÍ, er beri dráttarvexti skv. vaxtalögum frá 15. degi eftir dómsuppsögu. Loks er krafist staðfestingar á riftun kaupsamnings milli aðila um gráan níu vetra hest, enda verði hesturinn afhentur stefndu gegn greiðslu dómkrafna.

Dómkröfur stefndu eru þessar:

Aðallega, að stefndu verði sýknaðir af öllum kröfum stefnenda.

Til vara, að stefndu verði dæmdir til að greiða aðra lægri fjárhæð.

Í báðum tilvikum er krafist málskostnaðar að skaðlausu úr hendi stefnenda, sem beri dráttarvexti 15 dögum eftir dómsuppsögu, er leggist við málskostnað 12 mánuðum eftir upphafsdag vaxta skv. 12. gr. vaxtalaga.

I.

Stefnendur kveða málavexti þá, að þeir hafi haustið 1987 skoðað hestinn Fák, þar sem hann var í haustbeit í girðingu hjá Korpúlfsstöðum. Áður höfðu þeir séð hann í girðingu í Saltvík og komið á bak. Hesturinn hafi verið í vörslum Sigurðar Marinussonar, starfsmanns stefndu, og verið notaður í kvikmyndinni Í skugga hrafnsins þá um sumarið, en hafi nú verið til sölu. Sigurður hafi gefið lýsingu á hestinum og sagt hann væri vakur, góður fimmgangshestur og góður alhliða hestur. Hann hefði reynst vel um sumarið og verið alheilbrigður. Hesturinn hafi verið alhvítur, sem er sjald-

gæfur litur. Stefnendur hafi falast eftir hestinum, og hafi kaup verið ákveðin. Stefnendur hafi ætlað sér að þjálfa hestinn til hestaíþrótta og sýninga. Hafi verið gengið frá kaupum á þeim grundvelli, að stefnendur greiddu kaupverðið, 160.000 kr., með tveimur víxlum með gjalddögum 20. og 25. janúar 1988. Hesturinn hafi verið afhentur um áramótin og settur í hús ójárnaður.

Fagmaður hafi járnað hestinn í janúar 1988, og stefnendur hafi farið að ríða hestinum. Þá hafi komið í ljós, að hesturinn var haltur. Kallað hafi verið á Brynjólf Sandholt héraðsdýralækni, sem hafi skoðað hestinn og gefið út vottorð 9. febrúar 1988, þar sem segi:

„Í dag hefi ég skoðað gráan hest, níu vetra, sem stingur við á hægra framfæti, sérstaklega á hægu brokki.

Við skoðun kom í ljós gamalt, þykkt ör, ca. 5 cm á lengd, á hófbergi innan fótar á hægra framfæti.

Hesturinn var deyfður neðan kjúkuliðar innan fótar, og minnkaði heltin þá verulega.

Allar líkur eru á, að heltin stafi frá áverka, sem hesturinn hefur fengið, þar sem örið er."

Dýralæknirinn hafi ráðlagt þeim að skila hestinum strax, þar sem hann myndi ekki þola þessa brúkun. Stefnendur hafi þá snúið sér til Sigurðar Marinussonar, sem hafi sagt þeim, að hann hefði skilað víxlunum til seljanda hestsins, Hrafns Gunnlaugssonar. Seljandi hafi neitað, að kaupin gengju til baka, og neitað, að nokkuð væri að hestinum, og hafi dr. Gunnlaugur Þórðarson lögmaður haft uppi innheimtuaðgerðir vegna víxlanna, enda hafi því einnig verið haldið fram af seljanda, að Sigurður Marinusson væri eigandi. Víxilmálunum hafi verið haldið til streitu, og hafi stefnendur neyðst til að gera dómsátt um greiðslu þeirra til þess að firra sig frekari vandræðum.

Þá hafi stefnendur hafið rannsókn á, hvað gerst hafi. Í ljós hafi komið, að haustið 1986 hafi Ragnar Hinriksson og Sigurður Marinusson þjálfað nokkra hesta, sem fyrirhugað hafi verið að senda til Bandaríkjanna, þar á meðal hestinn Fák frá Kolkuósi, þar sem hann var með sérstakan hvítan lit. Fákur hafi þá verið með ör á hægra framfæti niður undir hófskeggi, og við þjálfun hafi ör þetta bólgnað upp og hitnað. Af þessum sökum hafi hesturinn orðið haltur og ekkert orðið úr þjálfun og hestinum verið skilað. Þetta hafi Ragnar Hinriksson vottað hér í málinu. Eftirgrennslan hafi leitt í ljós, að hesturinn hafi orðið fyrir slysi sumarið 1986, er hann var í girðingu hjá Ragnheiði Sigurvinsdóttur, Keldnaholti, Stokkseyrarhreppi. Þar hafi hesturinn lent í vír og skorist illa, og hafi Jón Guðbrandsson dýralæknir saumað hann.

Sigurður Marinusson hafi hér fyrir dómi borið, að Hrafn Gunnlaugsson

hafi sjálfur keypt þennan hest í maí 1987 og hann eða félag hans, FILM, hafi því átt hestinn. Vitnið hafi unnið fyrir Hrafn við gerð kvikmyndarinnar og m.a. séð um hesta og annast sölu hesta fyrir Hrafn að henni lokinni, þar á meðal selt Fák fyrir hann. Vitnið hafi vitað um örið á hægra framfæti og borið, að Hrafn hafi einnig vitað um áverkann, en ekki sagt frá honum við kaupin, enda hafi helti ekki háð hestinum við kvikmyndatökuna.

Málsástæður stefnenda eru þær, að sannað sé í málinu, að hesturinn, sem keyptur hafi verið af stefndu, Hrafni Gunnlaugssyni og FILM hf., hafi verið haldinn ágalla, sem geri hann óhæfan til þjálfunar. Hesturinn sé haltur af öri á hægra framfæti, og heltin hafi ekki lagast þrátt fyrir hvíldir. Þetta hafi seljandi hestsins vitað við söluna, en leynt því við kaupendur. Föst venja sé, að upplýst sé um kosti og galla á hesti við kaup og engu leynt og að kaup gangi til baka, komi eitthvað óvænt í ljós. Riftun sé því heimil skv. lögum um lausafjárkaup, og skaðabótakröfu stefnenda sé í hóf stillt, enda sé t.d. aðeins krafið um hirðingu hestsins frá 15.12. 1987 til 15.6 1988.

Upplýst sé í málinu, að Sigurður Marinusson, sem annast hafi sölu hestsins, hafi verið starfsmaður hjá FILM hf. og að honum hafi sérstaklega verið falið að selja hesta í eigu félagsins og Hrafns persónulega. Upplýst sé, að Hrafn hafi átt Fák sjálfur, en stefndu hafi hér í málinu haldið leyndu, hvor þeirra væri hinn raunverulegi eigandi.

II.

Stefndu reisa sýknukröfu sína í fyrsta lagi á aðildarskorti. Sigurður Marinusson hafi starfað sem sjálfstæður verktaki og sérfræðingur um hesta við töku kvikmyndarinnar Í skugga hrafnsins og keypt sjálfur og selt alla þá hesta, sem notaðir hafi verið í kvikmyndinni, á sína ábyrgð. Upplýst sé, að Sigurður hafi leynt ágallanum við söluna.

Verði ekki á sýknukröfu fallist á framangreindum forsendum, krefjist stefndi Hrafn Gunnlaugsson sýknu vegna aðildarskorts. Hafi Sigurður Marinusson ekki verið seljandi hins umdeilda hests, hafi hann komið fram í nafni stefnda FILM hf., en ekki fyrir hönd stefnda Hrafns persónulega.

Verði ekki á sýknukröfur fallist vegna aðildarskorts, bendi stefndu á, að stefnendur hafi ekkert séð athugavert við hestinn við skoðun, þegar og áður en kaup fóru fram. Þeir hafi fyrst þremur mánuðum síðar kvartað yfir helti hestsins, en það sé of seint fram komið. Stefnendur hafi ekki sýnt fram á, að hesturinn hafi verið haltur í nóvember 1987, er kaup voru gerð. Þeir hafi ekki heldur sannað, að heltin stafi af áverkanum við örið, og orsök heltinnar sé ekki upplýst. Stefnendur séu báðir þaulvanir hestamenn og hefðu því átt að sjá örið á hestinum, ef það hefði verið til staðar og þeir fullnægt skoðunarskyldu sinni.

Til vara mótmæla stefndu fjárhæðum kröfu sem of háum. Sérstaklega er mótmælt kröfu stefnenda um, að stefndu greiði kostnað, vexti og málskostnað í víxilmálum, sem komast hefði mátt hjá með því að greiða víxlana strax. Þá geri stefndi gagnkröfu til skuldajafnaðar, ef á reyni, að fjárhæð 65.000,00 kr., sem sé sanngjarnt leigugjald fyrir hestinn í 13 mánuði.

III.

Fullsannað er með vottorðum dýralækna og vætti vitna í máli þessu, að hesturinn Fákur, sem stefnendur keyptu í nóvember 1987, hafi þá verið með ör á hægra framfæti vegna slyss sumarið 1986 og að hesturinn hafi orðið haltur, þegar örið bólgnaði upp. Einnig er sannað, að Hrafn Gunnlaugsson hafi vitað um ágalla þennan og einnig umboðsmaður hans, Sigurður Marinusson, sem annaðist sölu hestsins. Ekki var skýrt frá þessum ágalla við kaupin. Stefnendur máttu því rifta kaupunum og krefjast skaðabóta skv. 42. gr. laga nr. 39/1922 um lausafjárkaup.

Sannað er, að vitnið Sigurður Marinusson seldi hesta, sem FILM átti. Vitnið hefur borið, að Hrafn Gunnlaugsson hafi sjálfur átt hestinn Fák persónulega og að vitnið hafi selt hestinn fyrir hann. Þegar þetta er virt, er ósannað af hálfu stefndu, að vitnið Sigurður Marinusson hafi verið eigandi og seljandi hestsins. Þá er ekki annað leitt í ljós en hesturinn hafi annaðhvort verið eign hlutafélagsins FILM eða Hrafns Gunnlaugssonar persónulega, en hann er stjórnarformaður félagsins. Þar sem það er ekki upplýst, verða þeir dæmdir in solidum.

Niðurstaða máls þessa verður því sú, að krafa stefnenda um riftun verður tekin til greina og einnig krafa þeirra um skaðabætur, sem er í hóf stillt. Engin rök eru til að taka til greina skuldajafnaðarkröfu stefndu vegna leigugjalds fyrir hestinn. Verður stefndu og gert að greiða stefnendum málskostnað, sem ákveðst 70.000 kr., ásamt vöxtum.

Garðar Gíslason borgardómari kvað upp dóminn.

Dómsorð:

Staðfest er riftun á kaupsamningi milli stefnenda, Þóris Grétarssonar og Hjartar Valdimarssonar, og stefndu, Hrafns Gunnlaugssonar og FILM hf., um hestinn Fák.

Stefndu greiði in solidum stefnendum 227.073 kr. með dráttarvöxtum skv. III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987 af 160.480 kr. frá 25. janúar 1988 til 15. júní 1988, af 227.073 kr. frá þ. d. til greiðsludags, en með vaxtareikningi skv. 12. gr. laganna, í fyrsta sinn 15. júní 1989, og 70.000 kr. í málskostnað, er beri dráttarvexti skv. vaxtalögum frá 15. degi eftir dómsuppsögu til greiðsludags.

Fimmtudaginn 19. mars 1992.

Nr. 141/1989. **Skipaviðgerðir hf.**
(Jón Hjaltason hrl.)
gegn
Sigfúsi Sveinssyni
(Sigurður Georgsson hrl.).

Ómerking. Heimvísun. Meðdómendur. Matsmenn.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Guðrún Erlendsdóttir, Haraldur Henrysson, Hjörtur Torfason, Hrafn Bragason og Pétur Kr. Hafstein.

Áfrýjandi skaut máli þessu til Hæstaréttar með áfrýjunarstefnu 17. apríl 1989. Hann gerir þær dómkröfur aðallega, að hann verði að fullu sýknaður af kröfum stefnda og stefndi verði dæmdur til að greiða sér málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti. Til vara krefst áfrýjandi þess, að dæmdar kröfur verði stórlega lækkaðar og málskostnaður í héraði og fyrir Hæstarétti felldur niður.

Stefndi krefst þess, að hinn áfrýjaði dómur verði staðfestur, þó með breytingu á ákvörðun vaxta. Til vara gerir stefndi þá kröfu, að hinn áfrýjaði dómur verði staðfestur þannig, að heildarbætur miðað við slysdag verði ákveðnar 1.062.577 krónur auk vaxta.

Nokkur ný gögn hafa verið lögð fyrir Hæstarétt. Meðal þeirra eru álitsgerðir tveggja matsmanna, sem dómkvaddir voru að ósk áfrýjanda eftir uppsögu héraðsdóms. Ekki er fram komið, að við meðferð máls þessa í héraði hafi verið rætt um nauðsyn þess að fá dómkvadda matsmenn eða að sérfróðir meðdómendur yrðu kvaddir til.

Í matsbeiðni áfrýjanda til bæjarfógetans í Vestmannaeyjum hinn 10. nóvember 1989 segir svo meðal annars: „Er þess óskað, að hinir dómkvöddu menn yfirfari málsgögn um slysið og skili rökstuddri álitsgerð, hvernig þeir telji slys þetta hafa orðið, og sérstaklega taki þeir afstöðu til, hvort umrætt slys hefði getað viljað til með þeim hætti, sem greinir í niðurstöðu héraðsdóms.“

Hinir dómkvöddu matsmenn skiluðu hvor fyrir sig sérstakri álitsgerð. Ályktanir í þeim fara í bága við forsendur, sem á er byggt í hinum áfrýjaða dómi. Matsmennirnir hafa ekki komið fyrir dóm

til þess að staðfesta skýrslur sínar eða fjalla nánar um efni þeirra. Í bréfi lögmanns stefnda til lögmanns áfrýjanda 24. febrúar 1990 var því lýst yfir, að matsgerðunum myndi ekki verða mótmælt sem óstaðfestum. Í bréfinu sagði enn fremur: „Ég tek þó fram, að umræddum matsgerðum er mótmælt sem röngum, vilhöllum og að engu hafandi, enda hygg ég, að einsdæmi sé, að tveir dómkvaddir matsmenn skili ósamræmanlegum niðurstöðum um eitt og sama álitaefnið. Ég tel einnig matsbeiðnina andstæða réttarfarsreglum um tvö dómstig og þegar af þeirri ástæðu sem mötin (sic) séu að engu hafandi."

Í máli þessu er deilt um það, hvort bilun eða galli í búnaði áfrýjanda hafi getað orsakað umrætt slys. Sérstök rannsókn fór ekki fram af hálfu Vinnueftirlits ríkisins og rannsókn af hálfu lögreglu ekki fyrr en rúmum þremur árum eftir slysið. Eins og hér háttaði til, bar nauðsyn til þess, að héraðsdómari kveddi til sérfróða meðdómendur, sbr. 1. mgr. 37. gr. A laga nr. 85/1936 um meðferð einkamála í héraði. Samkvæmt framansögðu verður að ómerkja hinn áfrýjaða dóm og málsmeðferð frá og með aðalflutningi 16. febrúar 1989 og vísa málinu heim í hérað til löglegrar meðferðar og dómsálagningar að nýju.

Rétt þykir, eins og mál þetta er lagt fyrir Hæstarétt, að áfrýjandi greiði stefnda málskostnað fyrir Hæstarétti, eins og í dómsorði greinir.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur og málsmeðferð frá og með 16. febrúar 1989 eiga að vera ómerk, og er málinu vísað heim í hérað til löglegrar meðferðar og uppsögu dóms að nýju.

Áfrýjandi, Skipaviðgerðir hf., greiði stefnda, Sigfúsi Sveinssyni, 25.000 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti.

Dómur bæjarþings Vestmannaeyja 17. mars 1989.

I. Dómkröfur o.fl.

Mál þetta, sem dómtekið var 16. f.m. að undangengnum munnlegum málflutningi, er höfðað hér fyrir bæjarþinginu af Sigfúsi Sveinssyni, nnr. 7543-8591, kt. 190541-4289, Kambaseli 54, Reykjavík, á hendur Skipavið-

gerðum hf., nnr. 8164-7364, kt. 590260-6459, Friðarhöfn, Vestmannaeyjum, og eru endanlegar dómkröfur stefnanda sem hér greinir:

„1. Að stefndi greiði stefnanda 2.272.482 kr. auk [nánar tilgreindra vaxta og málskostnaðar]."

Af hálfu stefnda, Skipaviðgerða hf., eru gerðar eftirfarandi dómkröfur:

„Aðallega, að stefndi verði algjörlega sýknaður af öllum kröfum stefnanda og stefnandi verði dæmdur til að greiða málskostnað að fullu að skaðlausu, þar með talin full málfærslulaun ásamt hæstu vöxtum, er hverju sinni er heimilt að dæma af málskostnaði, reiknuðum 15 dögum eftir uppkvaðningu dóms til greiðsludags, en til vara, að dómkröfur stefnanda verði stórlega lækkaðar og málskostnaður felldur niður."

— — —

Jón Ragnar Þorsteinsson héraðsdómari kvað upp dóm þennan, en dómsuppsaga hefur dregist nokkuð vegna veikinda dómarans og aðkallandi dómstarfa hans í opinberum málum.

Dómsorð:

Stefndi, Skipaviðgerðir hf., kt. 590260-6459, greiði stefnanda, Sigfúsi Sveinssyni, kt. 190541-4289, 1.400.000 kr. með [nánar tilgreindum vöxtum].

Stefndi greiði stefnanda 285.000 kr. í málskostnað.

Dómi þessum ber að fullnægja innan 15 daga frá lögbirtingu hans að viðlagðri aðför að lögum.

Fimmtudaginn 19. mars 1992.

Nr. 358/1991. **Ákæruvaldið**
(Björn Helgason saksóknari)
gegn
Pálma Lórenssyni
(Gísli Baldur Garðarsson hrl.).

Fjárdráttur. Lífeyrissjóður.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Þór Vilhjálmsson, Garðar Gíslason og Gunnar M. Guðmundsson.

Ríkissaksóknari skaut máli þessu til Hæstaréttar að ósk ákærða. Krefst saksóknari þess, að hinn áfrýjaði dómur verði staðfestur, þó ekki að því er varðar þrjá liði, er síðar getur, en refsing þyngd.

Ákærði krefst aðallega sýknu, en til vara vægari refsingar en segir í héraðsdómi.

Í ákæru, sem gefin var út 16. október 1990, var ákærða gefinn að sök fjárdráttur, sem nam alls 977.491,49 krónum. Kemur fram í héraðsdómi, hvernig sú fjárhæð er fundin. Hér fyrir dómi lýsti saksóknari því yfir, að ekki væri byggt á því, að ákærði hefði dregið sér fé utan skilagreina á árunum 1986, 1987 og 1988. Í ákærunni er talið, að svo hafi verið, og fjárhæðin talin nema 9.039 krónum. Ber því nú að taka afstöðu til þess, hvort um sé að ræða brot gegn 247. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940 vegna 968.452,49 króna.

Héraðsdómari vísaði frá sakadómi ákæru, sem út var gefin 23. júlí 1990. Þá vísaði hann einnig frá dómi bótakröfu frá Lífeyrissjóði Vestmanneyinga. Þessi atriði eru ekki til endurskoðunar í Hæstarétti.

Að þessu athuguðu ber að fallast á sakarmat héraðsdómara, þó þannig, að ákærði verður sakfelldur vegna 968.452,49 króna. Fallast ber á þá vísan til refsiákvæða, sem fram kemur í hinum áfrýjaða dómi. Við ákvörðun refsingar ber að taka tillit til þess, að um hegningarauka er að ræða. Ekki ber að dæma í einu lagi samkvæmt 60. gr. almennra hegningarlaga um þau þrjú mál, sem fjallað er um í héraðsdómi í tengslum við refsiákvörðun, þar sem ekki er um skilorðsrof að ræða.

Refsing ákærða er hæfilega ákveðin sú hin sama og segir í héraðsdómi. Ekki er rétt að breyta ákvörðun héraðsdómara um sakarkostnað. Ákærði greiði áfrýjunarkostnað, eins og segir í dómsorði.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur er staðfestur, að því er varðar refsingu ákærða, Pálma Lórenssonar, og sakarkostnað.

Ákærði greiði áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, 40.000 krónur, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns fyrir Hæstarétti, Gísla Baldurs Garðarssonar hæstaréttarlögmanns, 40.000 krónur.

Dómur sakadóms Vestmannaeyja 5. apríl 1991.

I.

Dómkröfur.

Mál þetta, sem tekið var til dóms 13. f.m., hefur ríkissaksóknari höfðað hér fyrir dóminum með tveimur ákæruskjölum, út gefnum 16. október 1990 og 23. júlí 1990, á hendur Pálma Lórenssyni, Áshamri 10, Vestmannaeyjum, og Jóni Odda Víkingssyni, Herjólfsgötu 6, Vestmannaeyjum. Í ákæruskjölum gerir ríkissaksóknari grein fyrir ákæruatriðum og dómkröfum eins og hér greinir:

A.

Ákæra, út gefin 16. október 1990.

Með ákæru, út gefinni ofangreindan dag, er málið höfðað gegn ákærða Pálma:

„Fyrir fjárdrátt með því að hafa árin 1981-1988 haldið eftir af launum starfsmanna fyrirtækis síns, Hótel Gestgjafans, Heiðarvegi 3, Vestmannaeyjum, iðgjöldum til Lífeyrissjóðs Vestmanneyinga, Vestmannaeyjum, svo sem nánar greinir, og ekki staðið á þeim skil, svo sem vera bar, heldur notað peningana, alls 977.491,49 kr., í eigin þágu eða nefnds fyrirtækis síns:

Árið	1981	skv.	skilagr.	til	lífeyrissj.	kr.	7.133,68
”	1982	”	”	”	“	”	27.493,73
”	1983	”	”	”	”	”	45.048,41
”	1984	”	”	”	”	”	91.860,63
”	1985	”	”	”	”	”	143.075,59

"	1986	"	"	"	"	kr.	148.780,45
"	1987	"	"	"	"	"	286.275,00
"	1988	"	"	"	"	"	218.785,00
"	1986	utan	skilagreina			"	6.854,00
"	1987	"	"			"	1.622,00
"	1988	"	"			"	563,00
						Kr.	977.491,49

Telst þetta varða við 1. mgr. 247. gr. almennra hegningarlaga nr. 19, 1940.

Þess er krafist, að ákærði verði dæmdur til refsingar og til greiðslu skaðabóta, sé þeirra krafist, svo og til greiðslu alls sakarkostnaðar."

— — —

II.

Málsatvik.

A.

Hinn 31. mars 1981 tilkynnti ákærði til firmaskrár Vestmannaeyja stofnun einkafyrirtækisins Gestgjafans. Tilgang fyrirtækisins, sem hann lýsti yfir, að hann ræki einn og með ótakmarkaðri ábyrgð, kvað hann vera veitingastarfsemi og skyldan atvinnurekstur. Á tímabili því, sem hér um ræðir, þ.e. frá 1981 - 1988, rak ákærði veitingarekstur og frá árinu 1983 einnig hótelrekstur undir þessu skráða einkafyrirtæki sínu, Gestgjafanum. Starfsemin fór fram bæði að Heiðarvegi 3, Herjólfsgötu 4 og Heiðarvegi 1. Það fólst í starfsemi þeirri, sem ákærði hafði með höndum, að honum bar sem launagreiðanda að halda eftir af launum starfsmanna sinna iðgjöldum og skila þeim til Lífeyrissjóðs Vestmanneyinga, enda voru starfsmenn hans félagar í því verkalýðsfélagi, sem aðild átti að sjóðnum.

Samkvæmt 2. gr. laga nr. 55/1980 um starfskjör launafólks og skyldutryggingu lífeyrisréttinda er öllum launamönnum skylt að eiga aðild að lífeyrissjóði viðkomandi starfsstéttar, enda starfi lífeyrissjóðurinn samkvæmt sérstökum lögum eða reglugerð, sem staðfest hafi verið af fjármálaráðuneytinu. Í sömu lagagrein er getið um skyldu atvinnurekenda að halda eftir af launum starfsfólks síns iðgjaldahluta þess og standa viðkomandi lífeyrissjóði skil á honum ásamt mótframlagi sínu samkvæmt þeim reglum, sem settar eru um iðgjaldagreiðslur í reglugerð viðkomandi sjóðs eða lögum. Í 2. mgr. 4. gr. laga nr. 55/1980 segir, að greiðsla iðgjalda skuli fara eftir reglugerð viðkomandi lífeyrissjóðs. Í níunda kafla reglugerðar fyrir Lífeyrissjóð Vestmanneyinga er fjallað um iðgjöld. Í grein 9.1 nefndrar reglugerðar segir, að iðgjöld til sjóðsins nemi 10% af launum, og sé um launþega að ræða, skiptist iðgjaldið þannig, að launþegi greiði

4%, en launagreiðandi 6%. Í grein 9.2 reglugerðarinnar kemur enn fremur fram, að iðgjald skuli greiða af öllum launatekjum starfsmanna, hverju nafni sem nefnast, og gera upp mánaðarlega, og í grein 9.4 kemur skýrt fram, að launagreiðanda beri að halda iðgjöldum launþega eftir af launum hans og standa sjóðnum skil á þeim mánaðarlega ásamt eigin iðgjaldahluta. Gjalddagi iðgjalda hvers mánaðar er þar tilgreindur 10. dagur næsta mánaðar, en ef vanskil verði lengur en 30 daga fram yfir gjalddaga, eigi að innheimta vangoldin iðgjöld með hæstu vanskilavöxtum, sem Seðlabanki Íslands heimilar innlánsstofnunum að taka frá gjalddaga. Ákæruatriði máls þessa taka einungis til vanskila ákærða á greiðslu iðgjalda starfsmanna fyrirtækis hans og hugsanlegs fjárdráttar hans í því sambandi.

— — —

III.

Niðurstaða varðandi ákæru, er lýtur að fjárdrætti.

Telja verður bæði með eigin játningu ákærða sem og öðrum gögnum máls þessa, að sök ákærða sé sönnuð.

Ákærða bar lagaskylda til að halda eftir af launum starfsfólks síns iðgjöldum til Lífeyrissjóðs Vestmanneyinga og standa lífeyrissjóðnum skil á því fé, sem hann þannig hélt eftir, sbr. 2. gr. laga 55/1980 um starfskjör launafólks og skyldutryggingu lífeyrisréttinda.

Í málinu er fram komið, að ákærði gerði sér grein fyrir, að honum bar að skila iðgjöldum starfsmanna sinna til lífeyrissjóðsins og halda því fé aðgreindu frá rekstrarfé fyrirtækis síns. Þetta vanrækti ákærði hins vegar með öllu. Gögn málsins bera það greinilega með sér, að ákærði hirti ekki um að standa sjóðnum mánaðarlega skil á iðgjöldum starfsmanna sinna, enda var skilagreinum skilað seint og illa og án þess að greiðsla fylgdi.

Með eigin játningu ákærða sem og öðrum gögnum málsins, þar með töldum fram lögðum skilagreinum, telst sannað, að ákærði hafi á árunum 1981 til 1988 gerst sekur um fjárdrátt með því að halda eftir af launum starfsmanna sinna iðgjöldum til Lífeyrissjóðs Vestmanneyinga, Vestmannaeyjum, án þess að standa lífeyrissjóðnum skil á greiðslu þeirra. Ákærði, sem rak einkafyrirtækið Gestgjafann í Vestmannaeyjum, gerði sjóðnum grein fyrir, að hann hefði dregið af launum starfsmanna sinna 968.452,49 kr, en fé þetta notaði hann í þágu einkafyrirtækis síns, Gestgjafans, Vestmannaeyjum, og þar með í eigin þágu.

Kemur þá til álita, hvort ákæruvaldið hafi fært fram nægilegar sannanir fyrir því, að ákærði hafi einnig á árunum 1986, 1987 og 1988 dregið sér 9.039 krónur, sem ákæruvaldið telur, að hann hafi dregið af launum starfsmanna sinna, en ekki gert grein fyrir því á skilagreinum né heldur skilað

fénu til lífeyrissjóðsins. Í ákæru er þetta sérgreint sem utan skilagreina. Ljóst er, að ákæruvaldið byggir þetta ákæruatriði á upplýsingaskýrslu og yfirliti, sem þeirri skýrslu fylgdi, dskj. III, 11, en hvort tveggja var unnið af vitninu Geir Jóni Þórissyni lögreglufulltrúa, en einnig væntanlega á framburðarskýrslu þeirri, sem lögreglufulltrúinn tók af ákærða 29. ágúst 1989. Af þessum fyrirliggjandi gögnum sem og framburði vitnisins Geirs Jóns Þórissonar hér fyrir réttinum er ljóst, að yfirlitið, sem hefur að geyma nafn einstaks launamanns, vinnutímabil sem og þá iðgjaldafjárhæð, er ákærði dró af starfsmanninum, var unnið eftir launamiðum þeim, sem ákærði afhenti vitninu við rannsókn málsins. Þótt hér sé að sjálfsögðu aðfinnsluverður galli á rannsókninni, þar sem lögreglufulltrúanum láðist að taka ljósrit af launamiðum þeim, sem hér skipta máli, áður en hann afhenti ákærða þá aftur, verður að telja, með því að ákærði gerði ekki athugasemdir við samantekt lögreglufulltrúans við yfirheyrslu 29. ágúst 1989, sem og staðfesting lögreglufulltrúans við vitnayfirheyrslu hér fyrir dóminum um, að við gerð yfirlitsins hefði algjörlega verið farið eftir framvísuðum launamiðum, að einnig sé fram komin lögfull sönnun fyrir sekt ákærða, að því er tekur til þessa þáttar ákærunnar.

Samkvæmt framansögðu þykir sannað, að ákærði hafi gerst sekur um fjárdrátt með því að hafa árin 1981-1988 haldið eftir af launum starfsmanna fyrirtækis síns, Gestgjafans, Heiðarvegi 3, Vestmannaeyjum, iðgjöldum til Lífeyrissjóðs Vestmanneyinga, Vestmannaeyjum, og ekki staðið á þeim skil, svo sem honum bar skylda til, heldur notað peningana, alls 977.491,49, í eigin þágu eða nefnds fyrirtækis síns, allt eins og nánar greinir í ákæruskjali ríkissaksóknara, dagsettu 16. október 1990. Hegðun ákærða telst réttilega lýst í ákæruskjali ríkissaksóknara, enda þótt í ákærunni standi, að fyrirtæki ákærða sé Hótel Gestgjafinn, Heiðarvegi 3, Vestmannaeyjum, en ekki, eins og rétt er, Gestgjafinn, Heiðarvegi 3, Vestmannaeyjum, en eins og að framan greinir, hafði ákærði með höndum veitinga- og þar með hótelstarfsemi. Með vísan til 3. mgr. 118. gr. laga 74/1974 hlýtur ákærði áfellisdóm fyrir brot sitt, enda er hér alls ekki um verulegan ágalla að ræða, en nákvæmar upplýsingar um þetta atriði komu fram við fyrstu fyrirtöku í málinu 24. janúar sl.

Það er aðfinnsluvert, að lögreglufulltrúi sá, er fór með lögregluranns6kn í málinu, yfirheyrði dóttur ákærða án þess að benda henni áður á, að hún ætti rétt á að skorast undan vitnaskyldu, en þann rétt nýtti hún sér við meðferð málsins fyrir dómi, sbr. dskj. XXII. Þá er það einnig aðfinnsluvert, að raunveruleg rannsókn málsins skyldi ekki hefjast fyrr en rúmu hálfu ári eftir, að kæra hafði borist embætti bæjarfógetans í Vestmannaeyjum, allt eins og nánar greinir hér að framan.

— — —

V.

Ákvörðun refsingar og sakarkostnaðar.

Í samræmi við þá niðurstöðu, sem að framan greinir, að vísa ber ákæru, út gefinni 23. júlí 1990, frá dómi, kemur sá þáttur málsins við refsiákvörðun ekki til álita.

Ákærði, Pálmi Lórensson, er sakhæfur, en hann er fæddur 21. ágúst 1938 og hefur á tímabilinu frá 23. apríl 1960 til 1. október 1986 fjórtán sinnum sæst á sektarrefsingu fyrir minni háttar brot á áfengis-, tolla-, umferðar- og hegningarlögum. Tvisvar á sama tímabili, þ.e. 1962 og 1974, var hann dæmdur í óskilorðsbundna refsingu, átta mánaða fangelsisrefsingu í fyrra skiptið og 60 daga varðhaldsrefsingu í síðara skiptið, fyrir brot á almennum hegningarlögum. Að öðru leyti er sakaferill ákærða sem hér greinir:

1989 24/11 Sakadómur Rvík. Dómur: 100.000 kr. sekt f. brot g. tékkal., sbr. l. nr. 35, 1977.

1990 17/4 Sakadómur Rvík. Dómur: Fangelsi 3 mán., skb. 3 ár, hegningarauki, f. brot g. 248. gr. alm. hgl.

Við refsiákvörðun ber að hafa í huga, að fjárdrátturinn nam að höfuðstól tæpri milljón króna og telst því umtalsverður, og einnig, að ákærði hefur að engu leyti greitt Lífeyrissjóði Vestmanneyinga það fé, sem hann ólöglega dró sér. Brot ákærða er hegningarauki við framangreinda tvo dóma sakadóms Reykjavíkur, sbr. 1. mgr. 78. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, en af því leiðir, að með broti sínu hefur ákærði ekki rofið skilorð dómsins frá 17. apríl 1990. Ber því nú að taka öll þrjú málin til meðferðar og dæma í einu lagi og tiltaka refsingu samkvæmt ákvæðum 60. og 78. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940. Refsing ákærða þykir nú hæfilega ákveðin fangelsi tíu mánuði, en eftir atvikum og með heimild í 57. gr. a almennra hegningarlaga nr. 19/1940, sbr. 9. gr. laga nr. 101/1976, þykir mega fresta fullnustu sjö mánaða þeirrar refsingar og láta hana niður falla að liðnum þremur árum, haldi ákærði almennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, sbr. 4. gr. laga nr. 22/1955.

Við ákvörðun greiðslu á sakarkostnaði verður í samræmi við niðurstöðu málsins farið eftir ákvæðum 2. mgr. 141. gr., sbr. 140. gr. laga 74/1974 um meðferð opinberra mála.

Ákærði, Pálmi Lórensson, greiði ⅔ hluta alls sakarkostnaðar, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda ákærða, Gísla Baldurs Garðarssonar hrl., sem þykja hæfilega ákveðin 150.000 krónur, en ⅓ hluta skal greiða úr ríkissjóði.

— — —

Jón Ragnar Þorsteinsson héraðsdómari kvað upp dóm þennan.

Dómsorð:

Framangreindri ákæru, út gefinni 23. júlí 1990, er ex officio vísað frá dómi.

Ákærði, Pálmi Lórensson, sæti fangelsi tíu mánuði, en fresta skal fullnustu sjö mánaða þeirrar refsingar og hún falla niður að liðnum þremur árum frá birtingu dóms þessa, haldi hann almennt skilorð 57. gr. laga nr. 19/1940, sbr. 4. gr. laga nr. 22/1955.

Skaðabótakröfu Lífeyrissjóðs Vestmanneyinga er vísað frá dómi.

Ákærði, Pálmi Lórensson, greiði ⅔ hluta alls sakarkostnaðar, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda ákærða, Gísla Baldurs Garðarssonar hrl., 150.000 krónur, en ⅓ hluti alls sakarkostnaðar greiðist úr ríkissjóði.

Fimmtudaginn 19. mars 1992.

Nr. 110/1992. **Gísli M. Sigmarsson og Sigmar Gíslason**
gegn
Tryggingastofnun ríkisins.

Kærumál. Frávísunardómur staðfestur.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Þór Vilhjálmsson, Garðar Gíslason og Gunnar M. Guðmundsson.

Sóknaraðilar hafa með heimild í b-lið 1. tl. 1. mgr. 21. gr. laga nr. 75/1973 um Hæstarétt Íslands skotið máli þessu til réttarins með kæru 24. febrúar 1992. Kæran barst Hæstarétti 13. mars 1992.

Hinn kærði dómur var kveðinn upp að aðilum fjarstöddum. Lögmaður sóknaraðila kveðst hafa fengið vitneskju um málsúrslit 17. febrúar 1992. Telst kæran því nægjanlega snemma fram komin.

Sóknaraðilar krefjast þess, að hinum kærða frávísunardómi verði hrundið og lagt fyrir héraðsdómara að leggja efnisdóm á málið. Þá krefjast sóknaraðilar kærumálskostnaðar.

Af hálfu sóknaraðila er því haldið fram, að varnaraðili hafi viðurkennt óvinnufærni Gísla M. Sigmarssonar og greiðsluskyldu sína, en í málinu sé fyrst og fremst deilt um bótafjárhæð. Því er einnig haldið fram, að héraðsdómari geti ekki vísað máli frá dómi vegna skorts á ákveðnum sönnunargögnum, sem hann hafi ekki gefið aðilum kost á að afla, sbr. 120. gr. laga nr. 85/1936 um meðferð einkamála í héraði.

Varnaraðili hefur hvorki gert kröfur né haft uppi varnir í kærumálinu.

Í greinargerð varnaraðila í héraði var skorað á sóknaraðila að leggja fram læknisfræðileg gögn svo og launauppgjör og framtalsgögn, sem staðfest gætu, að sóknaraðila Gísla hafi verið greitt staðgengilskaup þann tíma, sem hann var frá vinnu. Sóknaraðilar sinntu ekki þeirri áskorun.

Eins og fram kemur í hinum kærða dómi, hefur sóknaraðili ekki sinnt því að afla gagna um mikilsverð málsatriði þrátt fyrir áskoranir varnaraðila. Ljóst mátti vera, að öflun þessara gagna væri líkleg til að hafa verulega þýðingu við mat á öðrum höfuðþætti þess

álitaefnis, sem um er deilt í málinu. Samkvæmt því og að öðru leyti með vísan til forsendna hins kærða dóms ber að staðfesta hann.

Kærumálskostnaður dæmist ekki.

Dómsorð:

Hinn kærði frávísunardómur á að vera óraskaður.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 6. febrúar 1992.

I.

Mál þetta, sem dómtekið var 3. febrúar 1992, hafa Gísli M. Sigmarsson, kt. 091037-3519, Faxastíg 47, Vestmannaeyjum, og Sigmar Gíslason, kt. 271257-2449, Illugagötu 62, Vestmannaeyjum, báðir f. h. útgerðar ms. Katrínar, VE-47, höfðað með þingfestingu málsins 5. mars 1991 á hendur Tryggingastofnun ríkisins, kt. 660269-2669, Laugavegi 114, Reykjavík, til greiðslu skuldar, að fjárhæð 1.077.375 kr., auk [dráttarvaxta og málskostnaðar].

Stefndi krefst aðallega sýknu af öllum kröfum stefnenda, en til vara, að stefndi verði einungis dæmdur til að greiða 430.950 kr. með vöxtum af þeirri fjárhæð. Í báðum tilvikum er þess krafist, að stefnendur verði dæmdir til þess að greiða stefnda málskostnað [...].

II.

Stefnendur kveða málavexti vera þá, að 1. apríl 1989 hafi það óhapp orðið um borð í ms. Katrínu, VE-47, þar sem skipið hafi verið statt á Öræfagrunni að fiska í siglingu á Bretlandsmarkað, að skipstjóri skipsins, stefnandi Gísli, hafi runnið í stiga í brú skipsins og slasast á fæti. Hafi stefnandi Gísli snúist illa á hægra fæti um ökkla. Hinn 15. júní 1989 hafi stefnandi komist að á Borgarspítalanum. Stefnandi hafi orðið að vera fjóra mánuði í gifsi og síðan með spelkur og ekki orðið vinnufær fyrr en í ársbyrjun 1990.

Samkvæmt 46. gr. sjómannalaga nr. 35/1985, sbr. 36. gr., hafi útgerðin greitt stefnanda staðgengilslaun (aflahlut) í tvo mánuði og síðan kauptryggingu næstu mánuði á eftir. Stefnandi, útgerð ms. Katrínar, VE-47, sótti un endurgreiðslu á staðgengilslaunum (aflahlut) skipstjóra til stefnda, sem endurgreiðir útgerðarmönnum staðgengilslaun fyrstu tvo mánuðina í vinnuslysum og síðan dagpeninga. Stefndi hafi greitt útgerðinni dagpeninga, en neitað að endurgreiða útgerðinni staðgengilslaun vegna stefnanda Gísla M. Sigmarssonar.

— — —

IV.

Stefnendur rökstyðja kröfur sínar í máli þessu með slysi, sem starfsmaður stefnanda og annar eigandi, Gísli M. Sigmarsson, kveðst hafa orðið fyrir 1. apríl 1989. Enda þótt ekki sé ágreiningur um það í málinu, að stefnandi hafi slasast 1. apríl 1989, liggur ekki fyrir, hverjar afleiðingar slyssins voru né heldur hver óvinnufærni stefnanda var af þeim sökum. Af framlögðu læknisvottorði á dskj. nr. 10 má ráða, að óvinnufærni stefnanda Gísla, sem nú er krafist bóta fyrir, stafi af eldra slysi, sem stefnandi hafi orðið fyrir árið 1979. Hefur stefnandi ekki orðið við áskorun í greinargerð stefnda um gagnaöflun vegna síðara slyssins. Þá hafa ekki heldur verið lögð fram skattframtöl, hvorki af hálfu stefnanda, útgerðar ms. Katrínar, VE-47, né heldur framtöl af hálfu hins slasaða, sem staðfesti tekjuákvörðun stefnanda Gísla þrátt fyrir áskorun þar um í greinargerð stefnda.

Mál þetta er því vanreifað í svo verulegum atriðum, að ekki þykir unnt að leggja á það efnisdóm, og ber því að vísa því frá dómi ex officio.

Með hliðsjón af þessum úrslitum þykir rétt, að málskostnaður falli niður.

Dóminn kvað upp Hervör Þorvaldsdóttir, fulltrúi yfirborgardómara.

Dómsorð:

Máli þessu er vísað frá dómi ex officio.

Málskostnaður dæmist ekki.

Fimmtudaginn 19. mars 1992.

Nr. 107/1992. **Atli Már Jósafatsson,**
Jósafat Hinriksson og
Smári Jósafatsson
gegn
Sundaborg hf.

Kærumál. Skuldabréf. Aðilaskýrsla.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Þór Vilhjálmsson, Garðar Gíslason og Gunnar M. Guðmundsson.

Sóknaraðilar skutu máli þessu til Hæstaréttar með kæru 12. febrúar 1992. Kærður er úrskurður bæjarþings Reykjavíkur 29. janúar 1992 í bæjarþingsmálinu nr. 2186/1990. Kæruheimild er lögjöfnun frá c-lið 1. tl. 1. mgr. 21. gr. laga nr. 75/1973 um Hæstarétt Íslands.

Sóknaraðilar krefjast þess, að hinum kærða úrskurði verði hrundið og þeim leyft að gefa skýrslur fyrir dómi. Þá krefjast þeir kærumálskostnaðar.

Varnaraðili krefst þess, að úrskurðurinn verði staðfestur. Þá krefst hann kærumálskostnaðar.

I.

Hinn kærði úrskurður er kveðinn upp af Eggerti Óskarssyni borgardómara. Úrskurðurinn er án forsendna, og hljóða úrskurðarorð hans svo:

„Beiðni um það, að stefndu komi fyrir dóm til skýrslugjafar, er synjað."

Héraðsdómarinn hefur með vísan til 2. mgr. 190. gr. laga nr. 85/1936 um meðferð einkamála í héraði, sbr. 23. gr. laga nr. 54/1988, sent Hæstarétti svofelldar forsendur, þar sem segir meðal annars:

„Stefnandi reisir kröfur sínar í málinu á skuldabréfi útgefnu 29. maí 1987 af stefnda Atla Jósafatssyni til stefnanda, upphaflega að fjárhæð kr. 455.574, tryggðu með sjálfskuldarábyrgð stefndu Jósafats og Smára. Skuldina skyldi greiða með 9 afborgunum á 6 mánaða fresti, í fyrsta sinn 15. febrúar 1988. Af skuldinni, eins og

hún var á hverjum tíma, skyldi greiða hæstu meðaltals auglýsta vexti sambærilegra lána skv. skráningu Seðlabanka Íslands hverju sinni, er reiknast skyldu frá útgáfudegi og borgast eftir á, á sama tíma og afborgun. Skuldin sé bundin lánskjaravísitölu, grunnvísitölu 1364 stig, og sé höfuðstóll þess því breytilegur skv. ákvæðum laga nr. 13/1979 miðað við breytingu á vísitölunni. Skuldabréfið sé í vanskilum frá og með fjórða gjalddaga þess hinn 15. ágúst 1989 og sé því allt í gjalddaga fallið samkvæmt ákvæðum í bréfinu sjálfu."

Stefnandi sundurliðar kröfur sínar þannig: Eftirstöðvar skuldabréfsins kr. 541.712,20, hækkun vísitölu frá 15. febrúar 1989 til 15. ágúst 1989 2317/2557 stig kr. 56.111,80, 8,1% samningsvextir frá 15. febrúar 1989 til 1. maí 1989, kr. 10.088,28, 7,9% samningsvextir frá 1. maí 1989 til 15. ágúst 1989, kr. 13.661,82 eða samtals kr. 621.574,10, sem er stefnufjárhæð málsins.

Stefnandi rekur málið samkvæmt XVII. kafla laga nr. 85/1936.

Stefndu reisa kröfur sínar á þeim málsástæðum að stefndi Atli hafi í viðskiptum við stefnanda afhent 8 skuldabréf, sum með ábyrgð annarra stefndu eða annarra vina og venslamanna stefnda Atla. Inn á þessar skuldbindingar hafi stefndi Atli greitt verulegar fjárhæðir án þess þó að þessara innborgana sé getið á skuldabréfunum, heldur aðeins uppgefnar ætlaðar eftirstöðvar.

Af hálfu stefndu hefur verið lögð fram í málinu svofelld bókun: „Dómkröfur stefndu, bæði aðal- og varakröfur, eru enn fremur reistar á þeirri málsástæðu, að skuldabréfið, sem út er gefið 29. maí 1987, ber ekki gildandi lánskjaravísitölu á útgáfudegi, sem var 1662, heldur grunnvísitöluna 1364. Kann því hér um misritun vera að ræða. Útgáfa skuldabréfs þessa fer því í bága við ákvæði 39. gr. laga nr. 13/1979."

Í þinghaldi í málinu hinn 29. janúar sl. var sett fram sú krafa af hálfu stefndu, að þeir kæmu fyrir dóm til skýrslugjafar. Var því andmælt af hálfu stefnanda, og þurfti því að úrskurða þar um.

Lögmaður stefndu byggði kröfu sína að þessu leyti á því, að samkvæmt grunnreglum réttarfars eigi málsaðili rétt á því að koma fyrir dóm til skýrslugjafar, stefnandi hafi neitað að koma fyrir dóm, í málinu liggi fyrir kvittanir um innborganir, og stefndu, einkum Atli Már Jósafatsson, gætu veitt upplýsingar þar um, auk þess sem fram-

burður Atla gæti skýrt, hvers vegna röng vísitala sé skráð á skuldabréfið.

Lögmaður stefnanda byggði á því, að mál þetta væri rekið sem skuldabréfamál samkvæmt XVII. kafla eml. nr. 85/1936, og samkvæmt 208. gr. þ. l. væru tæmandi talin þau efnisatriði, sem kæmust að í máli sem þessu. Ekkert þeirra væri haft uppi í máli þessu, og væri skýrslutaka því þýðingarlaus og mótmælt af þeim sökum.

Synjað var um skýrslutöku þessa með úrskurði í þinghaldi 29. janúar sl. Var sá úrskurður án forsendna.

Röksemdir dómara fyrir niðurstöðu sinni eru þessar:

„Mál þetta fullnægir réttarfarsskilyrðum um málsmeðferð samkvæmt XVII. kafla laga nr. 85/1936 um meðferð einkamála í héraði, sbr. 3. tl. 207. gr. laganna.

Af hálfu stefndu hafa ekki verið lagðar fram í málinu kvittanir um það, að greitt hafi verið af skuldabréfi þessu umfram það, sem sóknargögn bera með sér. Sú vörn hans kemst því ekki að í málinu, sbr. 3. mgr. 208. gr. laga nr. 85/1936. Aðilaskýrslur eru því þarflausar og verða ekki heimilaðar gegn andmælum stefnanda, sbr. 1. mgr. 115. gr. laga nr. 85/1936 um meðferð einkamála í héraði."

II.

Skilyrði eru til að reka mál þetta sem skuldabréfamál eftir XVII. kafla laga nr. 85/1936. Höfuðtilgangur kaflans er að tryggja eigendum tiltekinna skjala greiða málsmeðferð. Að þessu miðar meðal annars 3. mgr. 208. gr.

Svo sem fram kemur í framangreindum forsendum héraðsdómara, reisir sóknaraðili varnir sínar í héraði einkum á því, að vísitala sú, er færð hafi verið á skuldabréfið, fari í bága við ákvæði 39. gr. laga nr. 13/1979 og um misritun kunni að hafa verið að ræða.

Varnir þessar varða gildi verðtryggingarákvæða skuldabréfsins, og kemur 3. mgr. 208. gr. laga nr. 85/1936 ekki í veg fyrir, að þær megi hafa uppi í málinu. Við úrlausn þessa álitaefnis reynir fyrst og fremst á túlkun lagaákvæða og auglýsinga Seðlabanka Íslands um grundvöll verðtryggingar sparifjár og lánsfjár, sem í gildi voru á útgáfudegi skuldabréfsins. Er hér um málflutningsatriði að ræða og því ekki þröf skýrslugjafar. Það athugast, að krafa sóknaraðila um skýrslugjöf í máli þessu verður ekki reist á 3. mgr. 208. gr.

laga nr. 85/1936. Ber því að staðfesta niðurstöðu hins kærða úrskurðar.

Rétt þykir, að kærumálskostnaður falli niður.

Dómsorð:

Hinn kærði úrskurður á að vera óraskaður.

Kærumálskostnaður fellur niður.

Föstudaginn 20. mars 1992.

Nr. 222/1990. **Uppsalir hf.**
(Guðmundur Ingvi Sigurðsson hrl.)
gegn
Geir Rögnvaldssyni,
Ingvari Ásmundssyni og
Ólafi Ásgeirssyni
(Jón Þorsteinsson hrl.).

Húsaleiga. Samningar. Sératkvæði.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Þór Vilhjálmsson, Garðar Gíslason og Gunnar M. Guðmundsson.

Áfrýjandi skaut máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 1. júní 1990 og gerir þær dómkröfur, að stefndu verði dæmdir til að greiða sér óskipt 552.423 krónur með tilteknum vöxtum frá 1. mars 1988 til greiðsludags og málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndu krefjast staðfestingar hins áfrýjaða dóms og að áfrýjandi verði dæmdur til að greiða sér málskostnað fyrir Hæstarétti.

Nokkur ný gögn hafa verið lögð fyrir Hæstarétt.

Í leigusamningi þeim, er aðilar málsins gerðu 21. desember 1984, var húsnæðið, sem áfrýjandi leigði stefndu, samtals 386 fermetrar. Undanfari samningsins var bráðabirgðasamkomulag, dagsett 7. sama mánaðar. Á stjórnarfundi í Rótax hf., sem haldinn var 11. sama mánaðar, var samþykkt, að félagið yfirtæki væntanlegan leigusamning við áfrýjanda. Hinn 3. janúar 1985 gerðu stefndu leigusamning við Snorra F. Welding og framleigðu honum 118 fermetra af húsnæðinu til 31. desember 1986. Hinn 9. apríl 1985 framleigðu stefndu Gunnari Vigfússyni 116 fermetra húsnæðisins. Hinn 10. september 1986 framleigði Rótax hf. öryggismálanefnd 151,29 fermetra húsnæðisins, og með samningi 15. janúar 1987 framleigði Rótax hf. Garðari Garðarssyni o. fl. 116 fermetra af húsnæðinu.

Með samkomulagi milli áfrýjanda og Rótax hf. 16. desember 1987, sem getið er um í héraðsdómi, yfirtók áfrýjandi framleigusamning Rótax hf. við öryggismálanefnd og yfirtók jafnframt til eigin ráðstöfunar 116 fermetra af húsnæði því, sem upphaflega var

leigt stefndu. Voru þá eftir í leiguumráðum Rótax hf. 119 fermetrar. Jafnframt hækkaði leiga fyrir það húsnæði á hvern fermetra úr 241 krónu í 340 krónur, en fyrrnefnda fjárhæðin hafði verið ákveðin í samkomulaginu frá 12. janúar 1987. Auk þess var nú samið um, að lánskjaravísitala tæki við af vísitölu byggingarkostnaðar, sem ákveðin hafði verið í upphaflegum leigusamningi. Enn fremur áskildi áfrýjandi sér rétt til endurskoðunar á leigu að ári liðnu, og skyldi leiga þá miðast við gangverð fyrir sambærilegt húsnæði. Eigi verður séð, að haft hafi verið samráð við stefndu um þessar breytingar á leiguskilmálum, og af þeirra hálfu er því eindregið mótmælt, að þáverandi stjórnendur Rótax hf. hafi haft umboð þeirra til þessara ráðstafana.

Þegar þetta er virt, verður að líta svo á, að hinn upphaflegi leigusamningur hafi fallið úr gildi með samþykki áfrýjanda í síðasta lagi 1. janúar 1988, er samkomulag þetta tók gildi. Samkvæmt því og með vísan til forsendna hins áfrýjaða dóms ber að staðfesta hann.

Áfrýjandi greiði stefndu málskostnað fyrir Hæstarétti, eins og í dómsorði greinir. Við ákvörðun hans er ekki tekið tillit til virðisaukaskatts.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Áfrýjandi, Uppsalir hf., greiði stefndu, Geir Rögnvaldssyni, Ingvari Ásmundssyni og Ólafi Ásgeirssyni, sameiginlega 100.000 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti.

Sératkvæði
Garðars Gíslasonar hæstaréttardómara.

Stefndu mynduðu fyrstu stjórn hlutafélagsins Rótax, sem þeir stofnuðu í júní 1984 ásamt þremur sonum stefnda Ingvars, þeim Áka, Ásmundi og Þórði, og var hinn síðastnefndi framkvæmdastjóri og prókúruhafi félagsins. Hlutafélagið vantaði húsnæði fyrir starfsemi sína, og fannst það á 4. hæð á Laugavegi 26, sem er í eigu áfrýjanda. Bráðabirgðasamkomulag var gert um húsaleiguna 7. desember 1984. Kom þegar fram, að áfrýjandi vildi ekki gera leigusamninginn við félagið, heldur við stjórnarmenn persónulega, og varð það úr. Á stjórnarfundi í Rótax hf. 11. desember var samþykkt, félagið yfirtæki væntanlegan leigusamning við áfrýjanda. Hinn 21. desember gerðu aðilar máls þessa síðan ýtarlegan húsaleigusamning í 15 greinum, og

snýst deila þeirra um það, hvort aðilaskipti hafi orðið að samningnum, eins og stefndu vildu og bókað var á stjórnarfundi í félagi þeirra 11. desember 1984.

Í 8. gr. húsaleigusamningsins er ákvæði um, að leigutakar hafi heimild til að framleigja hluta húsnæðisins tímabundið fyrir rekstur, sem leigusali getur samþykkt, en þeir séu eftir sem áður ábyrgir fyrir greiðslu leigu vegna alls húsnæðisins og rekstri að öðru leyti. Með hliðsjón af þessu samningsákvæði verður að telja, að stefndu hafi í raun framleigt Rótax hf. húsnæðið, með vísan til bókunar stjórnarinnar 11. desember.

Stefndu halda því fram, að með viðbót þeirri, sem gerð var við leigusamninginn 12. janúar 1987 og undirrituð var af Þórði Ingvarssyni vegna Rótax hf. f. h. leigutaka, hafi Rótax hf. verið viðurkennt sem samningsaðili af forsvarsmanni áfrýjanda og að með þessu samkomulagi hafi verið skipt um leigutaka. Ekkert er þó minnst á aðilaskipti í viðbót þessari, sem fjallar eingöngu um hækkun á húsaleigu frá 1. febrúar 1987, og að húsaleigan verði endurskoðuð að tveimur árum liðnum.

Hinn 16. desember 1987 var gerð breyting á upphaflegum húsaleigusamningi aðila og viðbótinni frá 12. janúar 1987. Breyting þessi er berum orðum nefnd „Viðbótarsamkomulag við húsaleigusamning milli Uppsala og Ingvars Ásmundssonar og fl. sem leigutaka, dags. 21. 12. 1984", og varðar ráðstöfun á húsnæðinu og fjáhæð húsaleigu. Viðbótarsamkomulag þetta er undirritað á sama hátt og viðbótin frá 12. janúar.

Fram er komið í málinu, að framkvæmdastjóri Rótax hf. hafði samskipti við leigusalann, enda var húsnæðið tekið á leigu fyrir rekstur þessa félags. Aðilaskipti að húsaleigusamningnum gátu þó ekki farið fram án samþykkis leigusala. Stefndu hafa ekki gegn eindregnum andmælum áfrýjanda sýnt fram á, að áfrýjandi hafi samþykkt skipti á leigutaka. Ekkert er fram komið í málinu, að áfrýjandi hafi samþykkt mánaðaruppsagnarfrest í janúar 1988. Ber því að mínu áliti að taka kröfur áfrýjanda til greina og dæma stefndu til að greiða áfrýjanda málskostnað.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 22. mars 1990.

Mál þetta, sem dómtekið var 14. febrúar sl., er höfðað fyrir bæjarþinginu með stefnu, birtri 15. og 16. mars 1989, af Uppsölum hf., kt. 670269-

5239, Laugavegi 26, Reykjavík, gegn Ingvari Ásmundssyni, kt. 100734-3709, Fýlshólum 8, Reykjavík, Geir Rögnvaldssyni, kt. 220349-7569, Kjarrhólma 34, Kópavogi, og Ólafi Ásgeirssyni, kt. 201147-2559, Suðurgötu 66, Hafnarfirði.

Dómkröfur.

Dómkröfur stefnanda eru þær, að stefndu verði dæmdir til að greiða sér óskipt 552.423 kr. með [nánar tilgreindum vöxtum svo og málskostnaði].

Dómkröfur stefndu eru þær, að þeir verði sýknaðir af öllum kröfum stefnanda og tildæmdur hæfilegur málskostnaður úr hendi stefnanda. Til vara er krafist stórfelldrar lækkunar á stefnukröfunni að mati réttarins.

Málavextir og málsástæður.

Af hálfu stefnanda er málavöxtum svo lýst, að með húsaleigusamningi 21. desember 1984 hafi stefndu tekið á leigu hjá stefnanda húsnæði í húseigninni nr. 26 við Laugaveg hér í borg. Hið leigða hafi verið 386 m² að stærð. Leigan fyrir húsnæðið hafi verið ákveðin 130 kr. fyrir hvern fermetra miðað við vísitölu byggingarkostnaðar, sem gilti tímabilið október til desember 1984, 168 stig. Húsaleigan hafi síðan átt að breytast í hlutfalli við breytingar, sem yrðu á vísitölu byggingarkostnaðar frá 168 stigum. Leigutími hófst 1. janúar 1985, og hafi honum átt að ljúka án uppsagnar 31. desember 1989.

Hinn 12. janúar 1987 hafi verið gerð viðbót við áðurnefndan leigusamning. Aðilar hafi þá verið sammála um, að húsaleigan yrði 241 kr. fyrir hvern fermetra frá 1. febrúar 1987. Miðað hafi verið við byggingarvísitölu 293 stig, og hafi húsaleigan síðan átt að fylgja breytingum á þeirri vísitölu. Síðan segi í viðbótinni, 2. gr.: „Húsaleigan verði endurskoðuð að tveimur árum liðnum og miðuð við gangverð á sambærilegu húsnæði."

Hinn 16. desember 1987 hafi enn verið gerð viðbót við áðurnefndan húsaleigusamning. Samkvæmt þeirri viðbót hafi stefnandi yfirtekið leigusamning Rótax hf., sem sé fyrirtæki í eigu stefndu, við fjármálaráðuneytið, dags. 10. september 1986, auk þess sem stefnandi hafi yfirtekið 116 m² af hinu upphaflega leigða húsnæði. Stefndu hafi haldið eftir 119 m² og hafi greitt fyrir hvern fermetra 340 kr. á mánuði. Húsaleigan hafi verið miðuð við lánskjaravísitölu 1886 stig og hafi átt að breytast skv. breytingum á henni. Aðilar hafi fellt viðbótarsamkomulagið frá 12. janúar 1987 úr gildi.

Í lok febrúar 1988 hafi stefndu farið fyrirvaralaust úr húsnæðinu. Stefnandi hafi reynt að takmarka tjón sitt með því að leigja út húsnæðið, og frá 1. ágúst 1988 hafi stefnanda tekist að leigja út 39 m² af 119 m², sem stefndu höfðu haft á leigu. Stefndu hafi reynst ófáanlegir til þess að greiða stefnanda húsaleigu frá 1. mars 1988.

Samkvæmt 10. gr. húsaleigusamningsins hafi stefndu átt að greiða rafmagn samkvæmt sérmæli. Rafmagnsnotkun í sameign, hita og kostnað af ræstingu fyrir sameign hafi stefndu átt að greiða samkvæmt reikningi stefnanda.

Stefnukrafa málsins sé 552.423 kr. og sundurliðist þannig: Húsaleiga ásamt fleira fyrir mars 1988 52.968 kr., fyrir apríl 1988 53.469 kr., fyrir maí 1988 49.344 kr., fyrir júní 1988 50.576 kr., fyrir júlí 1988 52.786 kr., fyrir ágúst 1988 38.550 kr., fyrir september 1988 36.390 kr., fyrir október 1988 36.390 kr., fyrir nóvember 1988 36.390 kr., fyrir desember 1988 36.390 kr., fyrir janúar 1989 36.390 kr., fyrir febrúar 1989 36.390 kr. og fyrir mars 1989 36.390 kr., samtals 552.423 kr.

Málsástæður stefnanda eru þær, að stefnandi hafi gert húsaleigusamning við stefndu. Stefndu hafi tekið á leigu húsnæði að Laugavegi 26, Reykjavík, frá 1. janúar 1985, og hafi leigutíma átt að ljúka 31. desember 1989. Stefnandi hafi staðið við sinn hluta samningsins með afhendingu á húsnæðinu til stefndu. Stefndu hafi farið úr húsnæðinu fyrirvaralaust í lok febrúar 1988 og þar með rofið samning sinn við stefnanda. Stefndu hafi reynst ófáanlegir til að greiða stefnanda umsamið leigugjald fyrir húsnæðið.

Um lagarök vísar stefnandi til grundvallarreglu samningaréttarins um bindandi gildi samninga svo og 2. mgr. 7. gr. og 1. mgr. 51. gr. laga nr. 44/1979 um húsaleigusamninga.

Af hálfu stefndu er á því byggt, að hlutafélagið Rótax hf. hafi verið stofnað í júnímánuði 1984. Fyrstu stjórn félagsins hafi stefndu skipað, þ.e. Ingvar Ásmundsson, Geir Rögnvaldsson og Ólafur Ásgeirsson. Hlutafélagið hafi vantað húsnæði, og því hafi verið tekin á leigu 4. hæð hússins Laugavegar 26, Reykjavík. Leigusali hafi verið stefnandi máls þessa, Uppsalir hf. Leigusali hafi talið tryggara að leigja húsnæðið stjórnarmönnum persónulega heldur en félaginu, og hafi sú orðið niðurstaðan. Engu að síður hafi það verið Rótax hf., sem notað hafi húsnæðið, greitt húsaleiguna og lagt fram tryggingarfé, 90.000 kr. Stefndu hafi talið eðlilegt, að þeir losnuðu sem fyrst undan þessum leigusamningi, en Rótax hf. tæki við sem formlegur leigutaki.

Samkvæmt húsaleigusamningi 21. desember 1984, 8. gr., hafi leigutaka verið heimilt að framleigja hluta húsnæðisins. Þennan rétt hafi leigutaki nýtt sér. Með framleigusamningum, dags. 3. janúar 1985 og 9. apríl 1985, hafi hlutar húsnæðisins verið framleigðir. Framleigusalar í þessum samningum hafi verið þeir félagar Ingvar, Geir og Ólafur. Síðari framleigusamningar við aðra aðila hafi hins vegar verið gerðir af Rótax hf. sem framleigusala. Stjórnarmennirnir Ingvar, Geir og Ólafur hafi í reynd hætt öllum afskiptum af þessum leigumálum eigi síðar en á árinu 1986, enda hafi þeir þá verið gengnir úr stjórn félagsins.

Breytingar á upphaflega húsaleigusamningnum hafi verið gerðar þrívegis, 12. janúar 1987, 14. desember 1987 og 16. desember 1987. Með breytingum þessum sé ljóst, að Rótax hf. sé orðið formlegur aðili að húsaleigusamningnum sem leigutaki í stað Ingvars og félaga hans og að Uppsalir hf. viðurkenni það. Þetta megi einnig sjá af bréfi lögmanns stefnanda, dags. 3. maí

1988. Athyglisvert sé, að á viðbótasamkomulagi 16. desember 1987 sé handrituð yfirlýsing framkvæmdastjóra Uppsala hf., svohljóðandi: „Ingvar o.fl. eiga inni tr-fé, 43.500 kr." Þetta verði naumast skilið öðruvísi en svo, að Ingvar og félagar hans séu lausir allra mála og eigi inni hjá Uppsölum hf. tryggingarfé, að fjárhæð 43.500 kr., sem sé tæpur helmingur hins upphaflega tryggingarfjár.

Það, sem hér að framan sé rakið, leiði til þess, að sýkna beri stefndu sökum aðildarskorts. Önnur sýknuástæða grundvallist á bréfi Rótax hf. til lögmanns stefnanda, dags. 25. maí 1988, en þar sé því haldið fram, að Hjörtur Jónsson hafi fyrir hönd Uppsala hf. fallist á að stytta uppsagnarfrestinn í einn mánuð.

Verði eigi fallist á sýknukröfu, sé til vara krafist stórfelldrar lækkunar stefnufjárhæðarinnar. Þar séu einkum höfð í huga eftirfarandi atriði:

1. Rótax hf. telji sig hafa greitt leigu fyrir marsmánuð 1988.
2. Sérstaka húsaleigu fyrir geymslu í kjallara eigi ekki að greiða fyrir aprílmánuð 1988, þar sem geymslan hafi verið tæmd í marslok, en leigumáli fyrir geymslu þessa sé utan húsaleigusamningsins.
3. Kröfum um greiðslu á sameiginlegum húsgjöldum sé mótmælt.
4. Leigutekjur stefnanda af húsnæðinu komi ekki að fullu til frádráttar kröfum hans.
5. Stefnanda beri að draga tryggingarféð frá kröfum sínum.

Að því er varði tryggingarféð, 90.000 kr, hafi það átt að standa inni hjá leigusala allan leigutímann vaxtalaust, en endurgreiðast við lok leigutímans, sbr. 6. gr. húsaleigusamningsins frá 1984. Þetta samningsákvæði um vaxtalaust tryggingarfé sé andstætt lögum, sbr. 2. mgr. 55. gr. laga nr. 44/1979, sbr. og 11. gr. sömu laga. Tryggingarféð, 90.000 kr., hafi staðið í árslok 1987 í 190.586 kr. miðað við ávöxtunarkjör kjörbókar Landsbanka Íslands. Allt tryggingarféð standi nú inni hjá stefnanda að undanskildum 22.300 kr., sem dregnar hafi verið frá reikningi á dskj. nr. 25.

Tekið skuli fram, að hinum stefndu og framkvæmdastjóra Rótax hf. hafi ekki verið kunnugt um reikninga fyrir húsaleigu á dskj. nr. 6-18 fyrr en við málsókn þessa.

Í greinargerð lögmanns stefnanda áskilji hann stefnanda rétt til að höfða síðar nýtt mál til innheimtu á væntanlegri húsaleiguskuld stefndu fyrir tímabilið 1. apríl 1989 til 31. desember 1989. Þessum áskilnaði sé andmælt. Stefnandi geti ekki innheimt bótakröfu sína í áföngum á þennan hátt.

Niðurstaða.

Með leigusamningi, dags. 21. desember 1984, tóku stefndu á leigu 386 m² húsnæði hjá stefnanda að Laugavegi 26, 4. hæð. Var umræddur leigusamningur undirritaður af stefndu og Hirti Jónssyni f. h. stefnanda. Var húsnæðið nýtt undir starfsemi Rótax hf., og upplýst er, að félagið greiddi húsaleiguna

fram til febrúarloka 1988. Stefndu hafa borið fyrir dómi, að á árinu 1986 hafi þeir verið hættir afskiptum af starfsemi Rótax hf.

Hinn 12. janúar 1987 var gerður samningur, sem nefndur er „Viðbót við húsaleigusamning, dags. 21. desember 1984". Er þar samið um húsaleigugreiðslur frá 1. febrúar 1987, og ákvæði er þar að finna um það, að húsaleiga verði endurskoðuð að tveimur árum liðnum. Er samningurinn undirritaður f. h. leigusala af Uppsölum hf., Hjörtur Jónsson, og f. h. leigutaka af Rótax hf., Þórður Ingvarsson.

Hinn 16. desember var aftur gerður samningur, sem nefndur er „Viðbótarsamkomulag við húsaleigusamning milli Uppsala og Ingvars Ásmundssonar og fl. sem leigutaka, dags. 21.12. 1984". Samkvæmt samningi þessum yfirtekur leigusali leigusamning, dags. 10. september 1986, en með samningi þeim framleigði Rótax hf. öryggismálanefnd 151,29 m² af umræddu húsnæði, leigusali yfirtekur og leigir sjálfur 116 m², og leigutaki heldur eftir 119 m². Þá er samið um fjárhæð húsaleigu og að húsaleigan verði endurskoðuð að ári liðnu. Samningur frá 12. janúar 1987 er felldur niður, og skyldi þessi umræddi samningur gilda frá 1. janúar 1988. Er hann undirritaður f. h. leigusala af Uppsölum hf., Hjörtur Jónsson, en f. h. leigutaka af Rótax hf., Þórður Ingvarsson.

Þrátt fyrir það að í upphafi þessara tveggja síðustu samninga sé vitnað til húsaleigusamnings milli stefnanda og stefndu frá 1984, liggur ekki fyrir, að Rótax hf. hafi undirritað samningana í umboði stefndu, og er ósannað, að Rótax hf. hafi með undirritun sinni haft umboð til þess að binda stefndu. Gegn andmælum stefndu þykir því ekki sýnt fram á, að þeir séu aðilar að þessum samningum.

Leigutími samkvæmt leigusamningi við stefndu frá 1984 skyldi hefjast 1. janúar 1985 og ljúka án uppsagnar 31. desember 1989. Ekki liggur fyrir, að samningur þessi hafi verið felldur niður með formlegum hætti, en þegar litið er til þess, að samningur stefnanda við Rótax hf., dags. 16. desember 1987, felur í sér ráðstöfun á öllu því húsnæði, er stefndu tóku á leigu með samningi frá 1984, verða stefndu gegn andmælum þeirra ekki taldir bundnir af leigusamningi þeim, er þeir gerðu við stefnanda á árinu 1984, eftir 16. desember 1987. Ber því með hliðsjón af framansögðu að sýkna stefndu af kröfum stefnanda í máli þessu.

Eftir atvikum þykir rétt, að málskostnaður falli niður.

Kristjana Jónsdóttir borgardómari kvað upp dóm þennan. Uppkvaðning dómsins hefur dregist vegna embættisanna dómarans.

Dómsorð:

Stefndu, Ingvar Ásmundsson, Geir Rögnvaldsson og Ólafur Ásgeirsson, skulu vera sýknir af kröfum stefnanda, Uppsala hf.

Málskostnaður fellur niður.

Föstudaginn 20. mars 1992.

Nr. 114/1992. **Ásgeir Ólafsson,**
Birgir Viðarsson,
Einar Sigurjónsson,
Elmar Þór Þorkelsson,
Guðjón S. Þóroddsson,
Guðlaugur Aðalsteinsson,
Guðmundur Ö. Bergþórsson,
Hannes Haraldsson,
Helgi Guðmundsson,
Hilmar Ingimarsson,
Hilmar Ögmundsson,
Hreinn Vilhjálmsson,
Hugi Ingibjartsson,
Ingi Jóhann Valsson,
Jóhannes Kjartansson,
Jón Einar Guðlaugsson,
Jón Páll Sigmarsson,
Jón V. Einarsson,
Kristinn Margeir Jóhannesson,
Kristján Jónsson,
Oliver Pálmason,
Óskar Barkarson,
Pétur B. Sch. Thorsteinsson,
Snæbjörn Aðils,
Sólberg Svanur Bjarnason,
Steingrímur Sigurðsson,
Sveinn Helgi Geirsson,
Sölvi Fannar Viðarsson,
Tryggvi Rúnar Guðjónsson,
Úlfar Hauksson,
Valbjörn Jónsson,
Viðar Jónsson,
Þorgeir Axelsson,
Þórhallur Guðmundsson og
Ævar Jónsson
gegn
Pétri Péturssyni.

Kærumál. Frávísunardómur úr gildi felldur.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Þór Vilhjálmsson, Garðar Gíslason og Gunnar M. Guðmundsson.

Sóknaraðilar hafa með heimild í b-lið 1. tl. 1. mgr. 21. gr. laga nr. 75/1973 um Hæstarétt Íslands skotið máli þessu til réttarins með kæru 5. mars 1992. Kæran barst Hæstarétti 16. sama mánaðar. Hinn kærði dómur var kveðinn upp 21. febrúar 1992.

Sóknaraðilar krefjast þess, að hinum kærða frávísunardómi verði hrundið og lagt fyrir héraðsdómara að leggja efnisdóm á málið. Þá krefjast þeir kærumálskostnaðar.

Af hálfu sóknaraðila er því haldið fram, að engir þeir hnökrar séu á málatilbúnaði þeirra, er réttlæti frávísun málsins frá héraðsdómi.

Varnaraðili krefst staðfestingar hins kærða frávísunardóms og kærumálskostnaðar úr hendi sóknaraðila.

Varnaraðili færir fram ýmis rök fyrir kröfu sinni. Í fyrsta lagi er því haldið fram, að aðild sóknaraðila sé svo óljós og illa rökstudd, að vísa eigi málinu frá héraðsdómi þegar af þeirri ástæðu. Er um þetta vísað til 88. gr. og 108. gr. laga nr. 85/1936 um meðferð einkamála í héraði. Í öðru lagi sé kröfugerð sóknaraðila, efnislýsing brota og heimfærsla þeirra til refsiákvæða mjög óljós. Refsikröfur séu settar fram án beinnar skírskotunar til þeirrar háttsemi, sem krafist er refsingar fyrir. Þá sé miskabótakrafa í engu rökstudd. Allt sé þetta andstætt ákvæðum c- og d-liðar 88. gr. laga nr. 85/1936 og ákvæðum 115. gr. laga nr. 74/1974 um meðferð opinberra mála. Í þriðja lagi er því haldið fram, að 47. gr. laga nr. 85/1936 eigi ekki við og samlagsaðild að málinu sé því óheimil. Óhugsandi sé, að 35 menn, sem varnaraðili þekki ekkert til, hafi orðið fyrir sömu óþægindum og þjáningum vegna viðtals við hann í fjölmiðli. Í fjórða lagi hafi málinu verið stefnt til dómstóla samtímis því, að sóknaraðilar kærðu hin átöldu ummæli til siðanefndar Læknafélags Íslands. Slíkt geti ekki verið heimilt að lögum.

Lagaskilyrði eru til þess, að sóknaraðilar stæðu saman að höfðun málsins, sbr. 1. mgr. 47. gr. laga nr. 85/1936, sbr. 13. gr. laga nr. 28/1981. Telja verður, að í stefnu sé gerð nægileg grein fyrir sóknaraðild málsins. Ummæli þau, sem stefnt er út af í málinu, eru tilgreind orðrétt í stefnu og afmörkuð þar nægilega. Þar er og vísað til tiltekinna greina í almennum hegningarlögum, sem sóknaraðilar telja, að brotið sé gegn með ummælunum. Í stefnu og greinargerð eru tildrög málsins

rakin og málsástæður sóknaraðila reifaðar. Eru því ekki efni til þess að fallast á það með héraðsdómara, að lagaskilyrði hafi verið til þess að vísa málinu frá héraðsdómi.

Samkvæmt því ber að fella hinn kærða frávísunardóm úr gildi og leggja fyrir héraðsdómara að taka málið til efnismeðferðar.

Rétt er, að varnaraðili greiði sóknaraðilum sameiginlega 30.000 krónur í kærumálskostnað, og er þá ekki tekið tillit til virðisaukaskatts.

Dómsorð:

Hinn kærði frávísunardómur er úr gildi felldur, og er lagt fyrir héraðsdómara að taka málið til efnismeðferðar.

Varnaraðili, Pétur Pétursson, greiði 30.000 krónur í kærumálskostnað til sóknaraðila, Ásgeirs Ólafssonar, Birgis Viðarssonar, Einars Sigurjónssonar, Elmars Þórs Þorkelssonar, Guðjóns S. Þóroddssonar, Guðlaugs Aðalsteinssonar, Guðmundar Ö. Bergþórssonar, Hannesar Haraldssonar, Helga Guðmundssonar, Hilmars Ingimarssonar, Hilmars Ögmundssonar, Hreins Vilhjálmssonar, Huga Ingibjartssonar, Inga Jóhanns Valssonar, Jóhannesar Kjartanssonar, Jóns Einars Guðlaugssonar, Jóns Páls Sigmarssonar, Jóns V. Einarssonar, Kristins Margeirs Jóhannessonar, Kristjáns Jónssonar, Olivers Pálmasonar, Óskars Barkarsonar, Péturs B. Sch. Thorsteinsson, Snæbjörns Aðils, Sólbergs Svans Bjarnasonar, Steingríms Sigurðssonar, Sveins Helga Geirssonar, Sölva Fannars Viðarssonar, Tryggva Rúnars Guðjónssonar, Úlfars Haukssonar, Valbjörns Jónssonar, Viðars Jónssonar, Þorgeirs Axelssonar, Þórhalls Guðmundssonar og Ævars Jónssonar.

Dómur bæjarþings Akureyrar 21. febrúar 1992.

Mál þetta, sem tekið var til dóms eða úrskurðar að loknum munnlegum málflutningi 17. þessa mánaðar um frávísunarkröfu stefnda, Péturs Péturssonar, Hjarðarlundi 9, Akureyri, er höfðað hér fyrir dómi með stefnu, þingfestri 23. maí 1991, af Valbirni Jónssyni [o.fl.].

Dómkröfur:

„Dómkröfur stefnenda eru þær, að stefndi, Pétur Pétursson, verði dæmdur til að greiða stefnendum öllum saman 10.500.000 kr. með dráttar-

vöxtum skv. 10. gr. l. nr. 25/1987, sbr. 7. gr. og 15. gr. s. l., og í samræmi við ákvarðanir Seðlabanka Íslands frá 10. apríl 1991 til greiðsludags kröfunnar. Vaxtavextir reiknast í fyrsta sinn 10. apríl 1992 og síðan árlega. Enn fremur er þess krafist, að stefndi verði dæmdur til refsingar í samræmi við 234. gr., 235. gr. og 2. mgr. 236. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, þ.e. fangelsi í tvö ár, og að ummælin: „Mér skilst, að þeir, sem stunda vaxtarrækt, að það heyri til undantekninga, ef þeir karlmenn séu ekki á sprautum," verði dæmd dauð og ómerk. Þá er þess krafist, að stefndi verði dæmdur til að greiða hæfilega fjárhæð til að standast kostnað af birtingu dóms í þessu máli í fjölmiðlum. Að lokum er þess krafist, að stefndi verði dæmdur til að greiða stefnendum málskostnað samkvæmt gjaldskrá LMFÍ, og beri málskostnaðarfjárhæðin dráttarvexti skv. III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987 frá 15. degi eftir dómsuppsögu til greiðsludags. Jafnframt er þess krafist, að dráttarvextir leggist við tildæmdan málskostnað á tólf mánaða fresti, í fyrsta sinn tólf mánuðum eftir upphafsdag vaxtanna, allt þetta að viðbættum virðisaukaskatti á málflutningsþóknun."

Dómkröfur stefnda eru þær í fyrsta lagi, að máli þessu verði vísað frá dómi, en verði ekki fallist á frávísunarkröfuna, að stefndi verði sýknaður af öllum kröfum stefnenda í málinu. Í báðum tilvikum er krafist málskostnaðar in solidum úr hendi stefnenda [...].

— — —

Álit dómsins.

Svo sem hér að framan er rakið, eru dómkröfur stefnenda þær, að stefndi verði dæmdur til refsingar í samræmi við 234., 235. og 2. mgr. 236. gr. alm. hgl. nr. 19/1940, þ.e.a.s. fangelsi í tvö ár. Er refsikrafa þessi sett fram án beinnar skírskotunar til þeirrar háttsemi, sem krafist er refsingar fyrir. En um refsikröfuna er hins vegar fjallað sérstaklega í kaflanum um málavexti og málsástæður. Í þeim kafla stefnunnar svo og greinargerð er einnig fjallað um setninguna: „Eistun á þessum ræflum rýrna og verða ræfilsleg"- og vísað til hegningarlagagreina, en ekki tilgreint um þessi orð í kröfugerð.

Fellst dómari á þá málsástæðu stefnda, að málatilbúnaður stefnenda varðandi refsikröfuna sé með þeim hætti, að ekki samrýmist ákvæðum c- og d-stafliðar 88. gr. laga nr. 85, 1936, um meðferð einkamála í héraði, og hið sama megi segja um miskabótakröfu stefnenda. Með vísan til þessa er þegar af þeirri ástæðu fallist á þá kröfu stefnda, að máli þessu verði vísað frá dómi.

Eftir atvikum þykir dómara rétt, að málskostnaður falli niður.

Dóm þennan kvað upp Ásgeir Pétur Ásgeirsson héraðsdómari.

Dómsorð:

Máli þessu er vísað frá dómi.

Málskostnaður fellur niður.

Þriðjudaginn 24. mars 1992.

Nr. 345/1991. **Ákæruvaldið**
(Atli Gíslason, sérstakur saksóknari)
gegn
Ingvari Sveinssyni
(Jónatan Sveinsson hrl.),
Hönnu Elíasdóttur
(Jón Magnússon hrl.),
Birni Sveinssyni
(Bjarni Ásgeirsson hdl.),
Ágústi Aðalsteini Ragnarssyni
(Gísli Baldur Garðarsson hrl.)
og Ingvari Björnssyni
(Guðmundur Ingvi Sigurðsson hrl.).

Gjaldþrot. Greiðslustöðvun. Fjárdráttur. Fjársvik. Skilasvik. Söluskattur. Leyfissvipting. Skilorð.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Guðrún Erlendsdóttir, Haraldur Henrysson, Hjörtur Torfason, Hrafn Bragason og Pétur Kr. Hafstein.

Ríkissaksóknari áfrýjaði máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 8. maí 1991 að ósk ákærðu Ingvars Sveinssonar, Ingvars Björnssonar og Ágústs Aðalsteins Ragnarssonar, en einnig af hálfu ákæruvaldsins, að því er varðar ákærðu Hönnu Elíasdóttur og Björn Sveinsson. Af hálfu ákæruvaldsins er krafist staðfestingar á sakfellingum hins áfrýjaða dóms á hendur ákærðu, en jafnframt refsiþyngingar gagnvart ákærðu Ingvari Sveinssyni og Ingvari Björnssyni og refsiákvörðunar, að því er varðar ákærðu Hönnu, Björn og Ágúst Aðalstein. Enn fremur er krafist sakfellingar samkvæmt ákæru og refsiákvörðunar á hendur ákærðu sem hér segir:

Á hendur Ingvari Sveinssyni samkvæmt I. kafla ákæru, töluliðum 1 a og b, 2 og 3, og samkvæmt II. kafla ákæru, tölulið 1.

Á hendur Hönnu Elíasdóttur samkvæmt I. kafla ákæru, töluliðum 1 a og b, 2 og 3, samkvæmt II. kafla ákæru, töluliðum 1 og 2, og samkvæmt III. kafla ákæru.

Á hendur Birni Sveinssyni samkvæmt I. kafla ákæru, tölulíðum 1 a og b, 2 og 3, og samkvæmt II. kafla ákæru, tölulíðum 1 og 2.

Á hendur Ingvari Björnssyni samkvæmt V. kafla ákæru, tölulíðum 1 og 3.

Á hendur Ingvari Björnssyni er einnig krafist frekari sviptingar málflutningsleyfis.

I.

Tildrög máls þessa eru þau, eins og nánar greinir í héraðsdómi, að samkvæmt 4. mgr. 88. gr. gjaldþrotalaga nr. 6/1978 tilkynnti skiptaráðandi í Reykjavík ríkissaksóknara með bréfi 24. mars 1988, að við athugun á málefnum þrotabús Töggs hf., Bíldshöfða 16, Reykjavík, hefði komið í ljós, að ástæða væri til að ætla, að fyrirsvarsmenn hins gjaldþrota félags, svo og aðrir, kynnu að hafa gerst sekir um refsivert athæfi. Að ósk ríkissaksóknara hóf Rannsóknarlögregla ríkisins rannsókn málsins sumarið 1988, og stóð hún fram í febrúar 1990. Ákæra var út gefin 10. apríl sama ár, og hófst meðferð málsins fyrir héraðsdómi 18. maí sama ár.

Saga Töggs hf. og aðdragandi að gjaldþroti þess eru að nokkru rakin í héraðsdómi. Fyrirtækið var stofnað 18. maí 1979 af fjórum systkinum og mökum þeirra. Það fékkst við innflutning og sölu á nýjum og notuðum bifreiðum og aðra skylda starfsemi, en félagið hafði einkaumboð fyrir Saab-bifreiðar hér á landi. Ákærði Ingvar Sveinsson varð forstjóri fyrirtækisins árið 1980 ásamt mági sínum, Garðari Eyland, og eftir að Garðar lét af störfum í ársbyrjun 1985, var hann eini forstjóri þess. Garðar og kona hans munu þá jafnframt hafa selt sinn hlut í félaginu. Á aðalfundi í félaginu 30. mars 1985 voru ákærðu Björn Sveinsson og Hanna Elíasdóttir kosin í stjórn þess ásamt ákærða Ingvari Sveinssyni, sem varð formaður. Engar breytingar urðu á stjórninni eftir það. Hanna Elíasdóttir var á þessum tíma eiginkona ákærða Ingvars Sveinssonar, en þau eru nú skilin, og er samningur þeirra um skilnaðarkjör frá 4. júlí 1988. Á hlutahafafundi 10. júlí 1985 var samþykkt að auka hlutafé félagsins um 210.000 krónur að nafnverði, úr 405.000 krónum í 615.000 krónur. Átti að selja hlutafjáraukann á 6.000.000 króna, sem greiðast skyldu með jöfnum mánaðarlegum afborgunum á næstu sex mánuðum. Aðrir hluthafar en Ingvar og Hanna afsöluðu sér for-

kaupsrétti, og var hið aukna hlutafé selt þeim á stjórnarfundi 26. júlí 1985. Þau urðu þannig eigendur meiri hluta hlutafjár. Samkvæmt ársreikningi 1986 virðast þau ekkert hafa greitt af þessari hlutafjáraukningu, en Ingvar Sveinsson heldur því fram, að þetta hafi greiðst þannig, að eftir hafi staðið 2.100.000 krónur. Í framhaldi af þessu varð að samkomulagi á stjórnarfundi 31. júlí 1985, að ákærði Björn léti af störfum hjá félaginu, og hætti hann 26. ágúst. Stjórnarfundur var haldinn 15. ágúst 1985 og síðan ekki fyrr en í febrúar 1986. Þá voru haldnir tveir fundir, og var efni þeirra það, að Birni og konu hans hafði borist tilboð í hlutafé sitt og vildu þau selja. Ingvar Sveinsson óskaði þá eftir að nýta sér forkaupsrétt sinn, en aðrir hluthafar féllu frá forkaupsrétti. Á síðari fundinum er samþykkt að selja honum hlutaféð, og er vitnað til tilboðsins. Óupplýst er, hvort þetta gekk eftir. Aðeins eru haldnir tveir stjórnarfundir eftir þetta í félaginu, 30. janúar 1987, þar sem samþykkt er að leita greiðslustöðvunar, og 15. júní sama ár, þar sem samþykkt er að gefa félagið upp til gjaldþrotaskipta. Allir stjórnarmenn eru viðstaddir fyrri fundinn ásamt ákærða Ingvari Björnssyni héraðsdómslögmanni. Á síðari fundinn mæta hinir sömu að undanskildum Birni. Aðalfundir voru ekki haldnir 1986 og 1987. Félagið fékk heimild til greiðslustöðvunar 2. febrúar 1987, og var ákærði Ingvar Björnsson samkvæmt heimild 7. gr. gjaldþrotalaga nr. 6/1978 fenginn til að vera félaginu til aðstoðar á greiðslustöðvunartímanum. Heimildin var síðan framlengd tvívegis, og rann hún út 15. júní, og var bú félagsins tekið til gjaldþrotaskipta daginn eftir.

Töggur hf. hafði starfsemi sína að Bíldshöfða 16, Reykjavík, en eigandi þess húsnæðis var Bíldshöfði 16 hf. Töggur hf. var eigandi 25% hlutafjár í því félagi, en eigandi meiri hluta hlutafjár var Kristín Ingvarsdóttir, móðir systkinanna, sem stofnuðu Tögg hf.

II.

I. kafli ákæru.

1. liður a og b.

Samkvæmt þessum lið ákærunnar er stjórnarmönnunum Ingvari Sveinssyni, Hönnu Elíasdóttur og Birni Sveinssyni gefið að sök að hafa allt frá því á árinu 1985 og til 16. júní 1987 rekið hlutafélagið Tögg hf. í trássi við 14. gr., sbr. a-lið 13. gr., gjaldþrotalaga með

því að stofna til viðskipta og skulda, þótt þeim hlyti að vera ljóst, meðal annars af ársreikningum félagsins, að það var látið taka á sig skuldbindingar, sem það gat ekki efnt, og stofna með því fé viðskiptamanna sinna í stórfellda hættu. Við þessar aðstæður hafi þeim borið á öndverðu þessu tímabili að stöðva skuldasöfnunina eða gera viðhlítandi ráðstafanir til að firra félagið gjaldþroti. Þess í stað hafi þeir með sviksamlegum hætti leynt viðskiptamennina ógjaldfærni félagsins. Samkvæmt ákæru er brotið talið hafa beinst gegn almennum kröfuhöfum í þrotabúi félagsins að öðru leyti en því, að í b-lið eru viðskipti félagsins við Sjóvátryggingafélag Íslands hf. á greindu tímabili sérstaklega tíunduð. Brot stjórnarmannanna er í ákæru heimfært til 248. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940 og til vara til 261. gr. sömu laga.

Í héraðsdómi er rakið, hvernig verulegur hagnaður varð fyrir fjármagnsliði á árinu 1986 eða 9.641.000 krónur, en þegar fjármagnsliðir og óregluleg gjöld, alls 16.285.000 krónur, voru tíunduð, var tap ársins 6.644.000 krónur. Ástæður mikils fjármagnskostnaðar voru fyrst og fremst slæm lausafjárstaða félagsins, sem versnaði verulega þetta ár vegna stórfelldra úttekta ákærða Ingvars Sveinssonar svo og álaga og dráttarvaxta, sem leiddi af söluskattsvanskilum. Svonefnd viðskiptaskuld ákærða Ingvars Sveinssonar, að fjárhæð 14.021.034 krónur, var ekki færð sem skammtímakrafa í ársreikninga 1986, en hún hafði í febrúar 1987 verið framseld Bíldshöfða 16 hf. gegn yfirtöku þess félags á langtímaskuldum að sömu fjárhæð, að því er talið var. Ársreikningar 1986 eru undirritaðir 28. apríl 1987 af ákærðu Ingvari Sveinssyni og Hönnu Elíasdóttur.

Þótt á það megi fallast með ákæruvaldinu, að skylt hafi verið að lögum að gefa félagið upp til gjaldþrots mun fyrr en raun varð á, er það út af fyrir sig ekki mælt refsivert, hvorki í gjaldþrotalögum né lögum nr. 32/1978 um hlutafélög, að gera það ekki. Í öðrum liðum ákærunnar er ákært sérstaklega fyrir ýmis ætluð brot vegna reksturs félagsins og ráðstafana stjórnenda fyrir gjaldþrot, svo sem vegna söluskattsvanskila, einkaúttekta ákærðu Ingvars Sveinssonar og Hönnu Elíasdóttur, framsals kröfu félagsins vegna þessara úttekta o.fl. Í verknaðarlýsingu samkvæmt ákærulið 1 a þykir skorta nákvæmari og sérgreindari útlistun á meintu broti ákærðu sem fjársvikabroti samkvæmt 248. gr. almennra hegningarlaga, og

gögn málsins þykja ekki renna nægilega stoðum undir þetta ákæruefni. Þá þykir 261. gr. sömu laga ekki eiga hér við. Í málflutningi í héraði og fyrir Hæstarétti hefur ákæruvaldið einnig viljað heimfæra atferli ákærðu til vara til 4. tl. 1. mgr. 250. gr. sömu laga. Verjendur ákærðu hafa mótmælt því, að tekið verði tillit til þeirrar heimfærslu, með hliðsjón af meðferð og reifun málsins, sbr. 118. gr. laga nr. 74/1974 um meðferð opinberra mála. Á þetta verður að fallast.

Með vísun til framanritaðs og annars með skírskotun til raka héraðsdóms þykir mega staðfesta niðurstöðu hans um sýknu ákærðu samkvæmt 1. tl. a.

Með skírskotun til raka hins áfrýjaða dóms ber að staðfesta hann, að því er varðar 1. tl. b þessa kafla.

2. liður.

Stjórnarmönnum Töggs hf. eru samkvæmt þessum ákærulið gefin að sök söluskattssvik með því að hafa ekki í samræmi við ákvæði 12. gr. laga nr. 10/1960 um söluskatt, sbr. lög nr. 33/1982, greitt innheimtumanni ríkissjóðs ótilkvaddir mánaðarlega þann söluskatt, sem Töggur hf. átti að standa skil á, og að hafa ekki á greiðslustöðvunartíma haldið honum sérgreindum frá öðru fé félagsins. Fyrir Hæstarétti hefur verið fallið frá ákæru vegna söluskatts fyrir september og október 1986 ásamt vöxtum og álagi. Eins og í héraðsdómi greinir, verður ekki séð, að lagaskylda hvíli á fyrirtækjum að sérgreina innheimtan söluskatt á greiðslustöðvunartímabili, svo sem vikið er að í ákæruskjali. Þá voru staðin skil á innheimtum söluskatti á greiðslustöðvunartímabili að undanskildum þeim skatti, sem gjaldféll, eftir að félagið varð gjaldþrota. Fallist er því á niðurstöðu héraðsdóms um þann þátt þessa töluliðar. Þá er eftir samkvæmt ákæru álagður söluskattur fyrir júlí 1985, janúar 1986, apríl til ágúst 1986, nóvember og desember 1986 og janúar 1987, samtals 32.158.105 krónur, með álagi og vöxtum 14.102.679 krónur. Tölur þessar eru miðaðar við 15. júní 1987. Um þessar fjárhæðir er ekki ágreiningur, og viðurkennt er af ákærða Ingvari Sveinssyni, að ekki var staðið í skilum með söluskattinn á réttum eindögum. Þannig er skatturinn fyrir júlímánuð árið 1985 í reynd vantalinn skattur, sem skattstjóri ákvarðaði eftir á samkvæmt fram-

komnum upplýsingum í tekjuskattsframtali félagsins. Um söluskatt vegna starfsemi á árinu 1986 er það ljóst samkvæmt gögnum málsins, að verulegur brestur varð á réttum skilum hans. Að vísu nýtur við skýrslna frá fyrirtækinu fyrir alla mánuði ársins, og eru þær undirritaðar af ákærða Ingvari Sveinssyni og flestar dagsettar á eindaga hvers skilamánaðar. Hins vegar var skýrslunum um þann skatt, sem ákæran tekur til, mörgum skilað alllöngu síðar, og nokkrar voru afhentar á eindaga án greiðslu. Þurfti skattstjóri þannig að áætla skatt fyrir marga mánuðina og leiðrétta hann síðar, og í öllum tilvikum þurfti að beita viðurlögum í formi álags. Í verknaðarlýsingu ákæru er ekki vikið sérstaklega að þessari seinkun á skilum söluskattsskýrslna, enda er ákært vegna þess skatts, sem reyndist ógreiddur, þegar að gjaldþroti kom. Fyrir liggur, að fyrirtækið greiddi nokkurn söluskatt á árinu 1986, en ekki er gerð tæmandi grein í málinu fyrir þeim greiðslum. Af hálfu ákærðu er því haldið fram, að vanskil þessi hafi verið umliðin af hálfu innheimtuaðila, enda kom aldrei til þess á vanskilatímanum, að fyrirtækið yrði stöðvað, sbr. 8. mgr. 12. gr. söluskattslaga. Í því sambandi er meðal annars bent á afhendingu tryggingarvíxils, að fjárhæð 10.000.000 krónur, til tollstjórans í Reykjavík, þegar líða tók að árslokum 1986. Svaraði fjárhæð hans sem næst til þeirrar söluskattsskuldar, sem þá var bókfærð hjá tollstjóra, og var afhending víxilsins ætluð til að afstýra stöðvun á starfsemi fyrirtækisins. Samkvæmt upplýsingum tollstjórans skýrist sá mikli munur, sem er á umræddri fjárhæð og fjárhæð samkvæmt ákæru, með því, að síðar bárust til innheimtu söluskattshækkanir vegna eldri tímabila ársins 1986, að fjárhæð um það bil 10.000.000 krónur. Einnig bættust við skuldir vegna nóvember og desember 1986. Samkvæmt skrá ákærða Ingvars Björnssonar 13. apríl 1987 yfir kröfuhafa Töggs hf. 31. desember 1986 nam söluskattsskuldin þá 26.085.792 krónum, vextir og viðurlög námu 16.950.023 krónum, samtals 43.035.815 krónum. Um þessar skuldir átti félagið í viðræðum við fjármálaráðuneytið á greiðslustöðvunartíma með aðstoð Ingvars Björnssonar. Heimilaði ráðuneytið 14. maí 1987 tollstjóra að taka við skuldabréfi til 4 ára með eðlilegum lánskjörum, ef settar yrðu tryggingar, sem teldust viðunandi að mati tollstjóra. Af þessu varð ekki.

Það er þannig í ljós leitt, að félagið var í stórfelldum vanskilum með söluskatt, þegar það fékk greiðslustöðvun. Samkvæmt gögnum málsins var ákærði Ingvar Sveinsson bæði stjórnarformaður og forstjóri félagsins, og eftir að þeir Garðar Eyland og ákærði Björn Sveinsson létu af störfum hjá félaginu, nær einráður að eigin sögn um starfsemi félagsins. Á honum hvíldi sú skylda að standa skil á innheimtum söluskatti, sbr. 52. gr. laga um hlutafélög. Í ljós er leitt, að þetta vanrækti hann, en samkvæmt 1. mgr. 25. gr. söluskattslaga, er þá voru í gildi, var þetta refsivert, sbr. og 6. mgr. sömu greinar, og ber að refsa honum samkvæmt því, sbr. til hliðsjónar 40. gr. laga um virðisaukaskatt nr. 50/1988, sbr. 1. mgr. in fine 2. gr. almennra hegningarlaga. Það horfir honum hins vegar til málsbóta við ákvörðun refsingar, að samkvæmt bréfi tollstjóra frá 12. febrúar 1991 greiddi hann á tímabilinu nokkrum sinnum inn á söluskattsskuldir og reyndi að semja um innheimtu þeirra.

Ákærða Hanna Elíasdóttir fór á þessum tíma með meiri hluta hlutafjár í félaginu ásamt eiginmanni sínum, ákærða Ingvari Sveinssyni, og saman mynduðu þau meiri hluta stjórnar. Verður samkvæmt 52. gr. laga um hlutafélög að gera þær kröfur til hennar, að hún aflaði sér vitneskju um rekstur félagsins í höfuðdráttum. Mátti henni vera kunnugt um vanskil félagsins á söluskatti, sem stóðu um langan tíma. Verður að telja, að hún hafi vanrækt eftirlitsskyldu sína, og ber því að sakfella hana samkvæmt sömu lagaákvæðum og ákærða Ingvar Sveinsson.

Í ljós er leitt, að á því tímabili, sem hér um ræðir, voru fáir stjórnarfundir haldnir, og söluskattsskil voru þar ekki til meðferðar. Fram er komið, að ákærði Björn var þá hættur að vinna hjá fyrirtækinu og var að reyna að losa sig úr félaginu. Með hliðsjón af þessum aðstæðum þykir ekki nægileg ástæða til að leggja refsiábyrgð á hann vegna þessara vanskila, og verður hann því sýknaður af þessum ákærulið.

3. liður.

Hér er um að ræða ætluð skilasvik stjórnarmanna Töggs hf. í tengslum við framsal samkvæmt bréfi 20. mars 1987 til Bíldshöfða 16 hf. á viðskiptakröfu, að fjárhæð 14.021.034 krónur,

á hendur ákærða Ingvari Sveinssyni og framsal 12. júní 1987 á viðskiptakröfum, samtals 1.096.211 krónur, á hendur fjórum aðilum, þremur hluthöfum Töggs hf. og einum tengdum þeim, á móti eftirgjöf á jafnhárri inneign Bildshöfða 16 hf. hjá félaginu

Fram er komið, að framsal viðskiptakröfu Töggs hf. á hendur ákærða Ingvari Sveinssyni til Bildshöfða 16 hf. var gert að ráðum ákærða Ingvars Björnssonar, aðstoðarmanns Töggs hf. á greiðslustöðvunartímanum, sem hluti af nýskipan, sem ráðgerð var á fjármálum félagsins. Á móti átti að koma, að Bildshöfði 16 hf. tæki að sér greiðslu tiltekinna langtímaskulda Töggs hf., en fyrrnefnda félagið hafði áður lánað veð fyrir þessum skuldum. Óljóst er um verðgildi viðskiptakröfunnar á þessum tíma, en samkvæmt framburði þeirra, sem að þessu stóðu, var krafan talin lítils virði, og var þessi ráðstöfun aðallega gerð í því skyni að gera það eftirsóknarverðara fyrir nýja hluthafa að koma inn í Tögg hf. Þótt endurskipulagning félagsins hafi ekki tekist, þykir með framangreint í huga eiga að staðfesta niðurstöðu héraðsdóms um framsal kröfunnar og sýkna stjórnarmenn af kröfu ákæruvaldsins, að því er það varðar.

Framsal krafna Töggs hf. á hendur fjórmenningunum, sem áður er getið, gegn kröfum Bildshöfða 16 hf. á hendur félaginu fór fram þegar fyrirsvarsmönnum þessara félaga var ljóst, að endurskipulagning Töggs hf. myndi mistakast og gjaldþrot var yfirvofandi. Ráðstöfun þessi var ekki heimil sem skuldajöfnun og var til þess fallin að rýra fullnusturétt annarra kröfuhafa Töggs hf. Varð hún ekki gerð án atbeina ákærða Ingvars Sveinssonar sem forstjóra og stjórnarformanns Töggs hf. og ákærða Björns Sveinssonar, sem einn fjórmenninganna hlýtur að hafa haft vitneskju um hana. Ber að staðfesta niðurstöðu héraðsdóms um, að þeir hafi með háttsemi sinni gerst sekir við 4. tl. 1. mgr. 250. gr. almennra hegningarlaga.

Staðfesta ber enn fremur niðurstöðu héraðsdóms um sýknu ákærðu Hönnu Elíasdóttur af þessum lið ákæru.

4. liður.

Fyrir Hæstarétti hefur af hálfu ákæruvaldsins verið fallið frá kröfum varðandi þennan lið ákæru.

III.

II. kafli ákæru.

1. og 2. liður.

Samkvæmt þessum ákæruliðum er stjórnarmönnum Töggs hf. gefið að sök að hafa greitt verulegar fjárhæðir á greiðslustöðvunartíma í andstöðu við 8. gr. gjaldþrotalaga. Við rannsókn málsins var kannað hvort forsvarsmenn Töggs hf. hefðu á greiðslustöðvunartíma greitt einhverjar skuldir, sem til var stofnað fyrir 2. febrúar 1987. Voru yfirfarin öll fylgiskjöl vegna útborgana af hlaupareikningum fyrirtækisins nr. 3568 við Sparisjóð Reykjavíkur og nágrennis og nr. 72 við Iðnaðarbanka Íslands hf., Grensásútibú, svo og færslur í sjóðbók. Kom í ljós, að frá 2. febrúar til 12. mars 1987 voru inntar af hendi ýmsar greiðslur, að fjárhæð 1.083.435 krónur, af fyrrnefnda reikningnum, en 412.405 krónur af þeim síðarnefnda frá 2. febrúar til 14. maí 1987. Nægilega er fram komið, að þessar fjárhæðir voru greiddar á greiðslustöðvunartíma.

Ákærði Ingvar Sveinsson hefur fyrir dómi skýrt svo frá, að greiðslur þessar séu rétt tilgreindar í ákæru. Þá hefur hann viðurkennt að hafa tekið ákvörðun um þessar greiðslur.

Greiðslur vegna VISA-úttekta samkvæmt fylgiskjölum nr. 803 og 1832, samtals að fjárhæð 15.763 krónur, virðast skuldfærðar á hlaupareikning nr. 3568 án beins atbeina forráðamanna Töggs hf. og verða því ekki færðar þeim til sakar. Greiðslur samkvæmt fylgiskjölum nr. 1387, 1388, 1389, 1390, 1391, 1392 eru allt gjöld, sem fyrirsvarsmönnum Töggs hf. bar að halda eftir af kaupi starfsmanna sinna og standa skil á til opinberra aðila. Þessi innheimta þeirra verður að teljast tilgangi greiðslustöðvunarinnar óviðkomandi, og bar þeim að greiða þessar fjárhæðir óháð henni. Greiðsla samkvæmt fylgiskjali nr. 2060 er fyrir afnot af síma. Samkvæmt gagnályktun frá 2. mgr. 8. gr. gjaldþrotalaga hefði mátt loka fyrir símnotkun fyrirtækisins samkvæmt reglum þar um þrátt fyrir greiðslustöðvun. Er því fallist á niðurstöðu héraðsdóms um þessa greiðslu. Standa þá eftir kröfur, samtals að fjárhæð 710.333 krónur, á þessum reikningi.

Á stjórnarfundi 30. janúar 1987, þar sem viðstaddir voru allir stjórnarmenn Töggs hf. ásamt ákærða Ingvari Björnssyni, var bókað:

„Ingvar Björnsson útskýrði hvað fælist í því þegar félagið fengi greiðslustöðvun, samkvæmt lögum einnig hvað fælist í eftirliti og umsjón tilsjónarmanns, sem skipaður yrði.“ Miða verður við, að stjórnarmönnum hafi mátt vera ljóst eftir þennan fund, að fyrirtækinu væri óheimilt að greiða gjaldfallnar skuldir á greiðslustöðvunartíma. Ber því að staðfesta hinn áfrýjaða dóm um sakfellingu ákærða Ingvars Sveinssonar samkvæmt 1. og 2. lið II. kafla ákæru, og er brot hans þar réttilega heimfært til 4. tl. 1. mgr. 250. gr. almennra hegningarlaga.

Greiðslur þær, sem að framan eru taldar, heyra til daglegum rekstri, sem var í höndum framkvæmdastjórnar fyrirtækisins. Með vísan til þess og til raka héraðsdóms ber að staðfesta ákvæði hans um sýknu ákærða Björns og ákærðu Hönnu af þessum liðum II. kafla ákæru.

3. liður.

Fyrir Hæstarétti er fallið frá ákæru eftir þessum tölulið að öðru leyti en því, að ákærða Ingvari Sveinssyni er gefið að sök að hafa látið skuldfæra af hlaupareikningi Töggs hf. nr. 3568 við Sparisjóð Reykjavíkur og nágrennis 25. febrúar 1987 fjórar greiðslur af skuldabréfum, sem hann skuldaði persónulega, að fjárhæð samtals 94.584,80 krónur. Fallið er frá ákærum á hendur öðrum samkvæmt þessum lið. Vitnið Pétur Þór Jónsson, vanskilafulltrúi hjá sparisjóðnum, bar fyrir dómi, að hann hefði annast þessar skuldfærslur að beiðni ákærða Ingvars Sveinssonar.

Staðfesta ber niðurstöðu hins áfrýjaða dóms um sakfellingu ákærða Ingvars samkvæmt þessum lið, og er brot hans þar réttilega heimfært til 4. tl. 1. mgr. 250. gr. almennra hegningarlaga.

IV.

III. kafli ákæru.

Í ákæru er ákærðu Ingvari Sveinssyni og Hönnu Elíasdóttur gefið að sök að hafa á árunum 1985, 1986 og 1987, á tíma, er félagið gat ekki staðið í skilum við skuldheimtumenn sína, slegið heimildarlaust eign sinni á allt að 14.195.828 krónur umfram venjulegar og umsamdar launagreiðslur og látið bókfæra þær í opinn viðskiptareikning ákærða Ingvars Sveinssonar. Stærstu úttektirnar eru frá

árinu 1986, og nokkrar eru frá greiðslustöðvunartímabilinu árið 1987. Ingvar Sveinsson hafði vörslur þessara fjármuna, og þeir voru eign Töggs hf.

Með skírskotun til raka hins áfrýjaða dóms ber að staðfesta hann um sakfellingu ákærða Ingvars Sveinssonar samkvæmt þessum kafla, og er brot hans þar réttilega heimfært til 247. gr. almennra hegningarlaga.

Undir þennan ákærulið falla meðal annars greiðslur vegna bifreiða ákærðu Hönnu Elíasdóttur, greiðslur á opinberum gjöldum hennar og greiðslur fyrir verslunina Blása fuglinn, sem hún rak á þessum tíma, o. fl. Henni bar sem stjórnarmanni í fyrirtækinu að fylgjast með fjárvörslu þess. Gat henni ekki dulist, að svo miklar greiðslur til sín og manns síns persónulega væru óheimilar, og verður því að telja, að hún hafi gerst sek um brot á sama lagaákvæði og hann.

V.

IV. kafli ákæru.

I. liður.

Ákærði Ingvar Sveinsson hefur ekki getað bent á gögn því til styrktar, að hann hafi átt inni óuppgert orlof. Ber að staðfesta niðurstöðu hins áfrýjaða dóms um sakfellingu hans samkvæmt þessum lið ákæru, og er brot hans réttilega heimfært til 247. gr. almennra hegningarlaga.

2. liður.

Með skírskotun til forsendna hins áfrýjaða dóms ber að staðfesta hann um sakfellingu ákærða Ingvars Sveinssonar og heimfærslu til 247. gr. almennra hegningarlaga.

3. liður.

Samkvæmt þessum lið ákæru er ákærða Ingvari Sveinssyni gefið að sök að hafa á síðustu dögum greiðslustöðvunar, þegar öllum var orðið ljóst, að ekki varð komið í veg fyrir gjaldþrotaskipti Töggs hf., ráðstafað fjórum bifreiðum með afslætti, sem samtals nam 390.392 krónum, en afsláttur þessi var langt umfram það, sem tíðkast hafði hjá fyrirtækinu. Bifreiðunum var ráðstafað til eigin-

konu fjármálastjóra fyrirtækisins, aðstoðarmanns þess við greiðslustöðvun, bróður aðstoðarmannsins og loks félaga hans um rekstur lögmannsskrifstofu.

Með skírskotun til forsendna hins áfrýjaða dóms ber að staðfesta hann um sakfellingu ákærða Ingvars Sveinssonar og heimfærslu til 4. tl. 1. mgr. 250. gr. almennra hegningarlaga. Við ákvörðun refsingar verður hins vegar litið til þess, að ráðstöfun bifreiðanna var að ráðum ákærða Ingvars Björnssonar, aðstoðarmanns fyrirtækisins á greiðslustöðvunartíma.

VI.

V. kafli ákæru.

Staðfesta ber úrlausn hins áfrýjaða dóms varðandi sýknu ákærða Ingvars Björnssonar af ákæru samkvæmt 1. og 3. tl. þessa kafla, en um sakfellingu hans samkvæmt 2. tl. kaflans. Rétt þykir hins vegar að heimfæra brot hans til 139. gr. almennra hegningarlaga, en ekki til 4. tl. 1. mgr. 250. gr., sbr. 138. gr. og 22. gr. sömu laga, svo sem gert er í hinum áfrýjaða dómi, þar sem líta verður svo á, að brot hans sé sjálfstætt.

VII.

VI. kafli ákæru.

Ákærði Ingvar Sveinsson sá ekki, svo sem honum bar sem forstjóra Töggs hf., um greiðslu og aflýsingu veðskulda þeirra, sem hvíldu á þeim tveimur lyfturum, sem í málinu greinir. Kaupendum lyftaranna var ekki skýrt frá veðböndunum. Ljóst er, að kaupendur lyftaranna hefðu ekki keypt þá fyrir sama verð, hefðu þeir vitað um veðböndin, og fram er komið, að við gjaldþrot Töggs hf. höfðu fyrirsvarsmenn fyrirtækisins ekki enn greitt hluta skuldanna. Staðfesta ber því úrlausn héraðsdóms um sakfellingu ákærða Ingvars Sveinssonar varðandi þennan kafla svo og heimfærslu brots hans til 248. gr. almennra hegningarlaga.

Ákærði Ágúst Aðalsteinn Ragnarsson, sölumaður hjá Töggi hf., gekk frá sölu annars lyftarans. Þetta var gert 8. ágúst 1986, og keypti kunningi hans lyftarann fyrir fyrirtæki á Raufarhöfn. Eins og rakið er í héraðsdómi, skýrði ákærði svo frá fyrir dómi, að hann hefði aldrei vitað með vissu, hvort tækin, sem hann var að selja,

væru veðsett eða ekki, og hafi eigendur fyrirtækisins séð um þessa hlið málsins. Fær þetta stoð í framburði ákærða Ingvars Sveinssonar fyrir dómi, sem bar, að það hefði ekki verið í verkahring ákærða Ágústs að ganga frá umræddum veðbréfum. Ákærði Ágúst sýndi að vísu litla aðgát við frágang á sölu umræddra lyftara, en ósannað er, að hann hafi mátt sjá fyrir hættu á því, að kaupandinn biði tjón af. Verður hann því sýknaður af ákæru fyrir brot gegn 248. gr. almennra hegningarlaga

VIII.

1. Refsiákvörðun.

Sakaferill ákærðu er rakinn í héraðsdómi.

Staðfesta ber ákvörðun hins áfrýjaða dóms um fangelsisrefsingu ákærða Ingvars Sveinssonar. Auk þess er rétt að ákvarða honum 2.500.000 króna sekt vegna brots á 1. mgr., sbr. 6. mgr. 25. gr. söluskattslaga, sbr. nú 40. gr. laga um virðisaukaskatt, sbr. 1. mgr. in fine 2. gr. almennra hegningarlaga. Greiðist sektin ekki innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa, komi í hennar stað 5 mánaða fangelsi. Við ákvörðun sektarinnar er tekið tillit til þess auk þeirra atriða, sem áður er um getið, að bú hans var tekið til gjaldþrotaskipta 14. mars 1990, sbr. 51. gr. almennra hegningarlaga.

Ákvarða ber ákærðu, Hönnu Elíasdóttur, refsingu vegna þáttar hennar hæfilega ákveðin 5 mánaða fangelsi, en fullnustu refsingar ákærða Ingvars Sveinssonar á fjármunum í hans vörslum fyrir félagið. Með vísan til 77. gr. almennra hegningarlaga þykir refsing hennar hæfilega ákveðin 5 mánaða fangelsi, en fullustu refsingarinnar þykir mega fresta, og skal hún niður falla að liðnum 3 árum frá uppkvaðningu dómsins, haldi ákærða almennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga. Jafnframt þykir rétt að ákvarða henni 300.000 króna sekt, og komi 30 daga fangelsi í stað hennar, greiðist hún ekki innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Staðfesta ber ákvæði héraðsdóms um frestun ákvörðunar refsingar ákærða Björns Sveinssonar.

Þá þykir mega staðfesta ákvæði héraðsdóms um ákvörðun refsingar ákærða Ingvars Björnssonar.

2. Leyfissvipting.

Verslunarleyfi ákærða Ingvars Sveinssonar rann út árið 1984, og hefur hann ekki endurnýjað það. Hann hefur því ekki verslunarleyfi og verður ekki sviptur því. Heimild 2. mgr. 68. gr. almennra hegningarlaga lýtur aðeins að því að svipta menn því leyfi, sem þeir hafa, en ekki rétti til að öðlast það. Verður því ekki fallist á kröfu ákæruvaldsins um sviptingu réttar ákærða Ingvars Sveinssonar til að öðlast verslunarleyfi.

Staðfesta ber ákvæði hins áfrýjaða dóms um að svipta ákærða Ingvar Björnsson málflutningsleyfi í 6 mánuði, og telst sviptingin frá uppkvaðningu dóms þessa.

3. Sakarkostnaður.

Staðfesta ber ákvæði héraðsdóms um sakarkostnað að öðru leyti en því, að kostnaður, sem ákærði Ágúst Aðalsteinn Ragnarsson var dæmdur til að greiða í héraði, skal greiðast úr ríkissjóði, og ákærða, Hanna Elíasdóttir, skal greiða 3/4 hluta málsvarnarlauna skipaðs verjanda síns í héraði, eins og þau eru þar ákvörðuð.

Dæma ber ákærðu til að greiða áfrýjunarkostnað málsins, eins og í dómsorði greinir, þar á meðal þóknun saksóknara, sem starfar á grundvelli 3. mgr. 29. gr., sbr. 193. gr. laga nr. 19/1991 um meðferð opinberra mála.

Dómsorð:

Ákærði Ágúst Aðalsteinn Ragnarsson skal sýkn af öllum kröfum ákæruvaldsins í máli þessu.

Ákærði Ingvar Sveinsson sæti fangelsi í 18 mánuði. Þá greiði hann 2.500.000 króna sekt til ríkissjóðs. Komi fimm mánaða fangelsi í stað sektarinnar, verði hún eigi greidd innan fjögurra vikna frá birtingu dóms þessa.

Ákærða, Hanna Elíasdóttir, sæti fangelsi í fimm mánuði, en fresta skal fullnustu refsingarinnar og hún falla niður að liðnum þremur árum frá uppkvaðningu dóms þessa að telja, haldi ákærða almennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, sbr. 4. gr. laga nr. 22/1955. Þá greiði hún 300.000

króna sekt í ríkissjóð. Komi 30 daga fangelsi í stað sektarinnar, verði hún eigi greidd innan fjögurra vikna frá birtingu dóms þessa.

Ákvörðun refsingar ákærða Björns Sveinssonar er frestað, og skal hún niður falla að liðnum þremur árum frá uppkvaðningu héraðsdóms, haldi hann almennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, sbr. 4. gr. laga nr. 22/1955.

Ákærði Ingvar Björnsson sæti fangelsi í þrjá mánuði, en fullnustu refsingar hans skal fresta, og skal hún falla niður að liðnum þremur árum frá uppkvaðningu héraðsdóms, haldi hann almennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, sbr. 4. gr. laga nr. 22/1955. Þá skal hann sviptur leyfi til málflutningsstarfa í sex mánuði frá uppkvaðningu dóms þessa að telja.

Ákvæði héraðsdóms um sakarkostnað eiga að vera óröskuð að öðru leyti en því, að sakarkostnaður, sem ákærði Ágúst Aðalsteinn Ragnarsson var dæmdur til að greiða, greiðist úr ríkissjóði, og ákærða, Hanna Elíasdóttir, skal greiða 3/4 hluta þeirra málsvarnarlauna skipaðs verjanda síns, sem þar er ákvarðaður.

Ákærði Ingvar Sveinsson greiði málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Jónatans Sveinssonar hæstaréttarlögmanns, 300.000 krónur.

Ákærða, Hanna Elíasdóttir, greiði málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Jóns Magnússonar hæstaréttarlögmanns, 200.000 krónur, að 3/4 hlutum.

Málsvarnarlaun skipaðs verjanda ákærða Björns Sveinssonar, Bjarna Ásgeirssonar héraðsdómslögmanns, 120.000 krónur, greiðast úr ríkissjóði.

Málsvarnarlaun skipaðs verjanda ákærða Ágústs Aðalsteins Ragnarssonar, Gísla Baldurs Garðarssonar hæstaréttarlögmanns, 120.000 krónur, greiðast úr ríkissjóði.

Ákærði Ingvar Björnsson greiði málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Guðmundar Ingva Sigurðssonar hæstaréttarlögmanns, 200.000 krónur, að 3/4 hlutum.

Annan áfrýjunarkostnað, þar með talin saksóknarlaun skipaðs sækjanda, Atla Gíslasonar hæstaréttarlögmanns, 550.000 krónur, greiði ákærði Ingvar Sveinsson að 3/5 hlutum, ákærðu, Hanna Elíasdóttir, og ákærði Ingvar Björnsson óskipt að 1/5 hluta, en 1/5 hluti greiðist úr ríkissjóði.

Dómur sakadóms Reykjavíkur 21. mars 1991.

Ár 1991, fimmtudaginn 21. mars, er á dómþingi sakadóms Reykjavíkur, sem háð er í Borgartúni 7 af Hirti O. Aðalsteinssyni sakadómara sem dómsformanni og meðdómsmönnunum Stefáni Daníel Franklín, löggiltum endurskoðanda, og Stefáni Má Stefánssyni prófessor, kveðinn upp dómur í sakadómsmálinu nr. 138-144/1991: Ákæruvaldið gegn Ingvari Sveinssyni, Hönnu Elíasdóttur, Birni Sveinssyni, Ágústi Ragnarssyni, Ingvari Björnssyni, X og Y, sem tekið var til dóms 19. febrúar sl.

Málið er höfðað með ákæruskjali ríkissaksóknara, dagsettu 10. apríl 1990, á hendur ákærðu, Ingvari Sveinssyni, Blátúni 2, Bessastaðahreppi, fæddum 31. maí 1940 í Reykjavík, Hönnu Elíasdóttur, Hvassaleiti 10, Reykjavík, fæddri 3. desember 1935 í Hafnarfirði, Birni Sveinssyni, Svalbarði 3, Hafnarfirði, fæddum 3. mars 1950 í Reykjavík, öllum sem stjórnarmönnum og ákærða Ingvari sem stjórnarformanni og framkvæmdastjóra Töggs hf., Bíldshöfða 16 í Reykjavík, Ágústi Ragnarssyni, Víkurströnd 5, Seltjarnarnesi, fæddum 11. desember 1948 í Reykjavík, sem starfsmanni og deildarstjóra hjá Töggi hf., Ingvari Björnssyni héraðsdómslögmanni, Móabarði 14, Hafnarfirði, fæddum 8 júlí 1944 í Kaupangi, Öngulsstaðahreppi, Eyjafjarðarsýslu, X [...] og Y [...] „fyrir eftirgreind brot, eins og þeim er lýst á hendur hverjum ákærðu fyrir sig:

I.

Gegn stjórnarmönnunum Ingvari Sveinssyni, Hönnu Elíasdóttur og Birni Sveinssyni fyrir fjársvik, söluskattssvik og brot gegn lögum um verslunaratvinnu.

1.

a) Hinum ákærðu stjórnarmönnum Töggs hf. er gefið að sök að hafa allt frá því á árinu 1985 og til 16. júní 1987 rekið hlutafélagið í trássi við

14. gr., sbr. a-lið 13. gr. gjaldþrotalaga nr. 6, 1978, með því að stofna til viðskipta og skulda, enda þótt þeim hlyti að vera ljóst, meðal annars af ársreikningum hlutafélagsins, að hlutafélagið var látið taka á sig skuldbindingar, sem það fyrirsjáanlega gat ekki efnt, og stofna með því fé viðskiptamanna sinna í stórfellda hættu, allt án vitundar þeirra, sbr. skrá yfir viðurkenndar kröfur í þrotabúi hlutafélagsins. Samkvæmt ársreikningum hlutafélagsins árin 1982-1986 nam veltufjárhlutfall, rekstrartap og neikvætt eigið fé reiknað í þúsundum króna sem hér segir:

Ár	*Rekstrar-tap*	*Skuldir umfram eignir*	*Veltufjár-munir*	*Skamm-tímalán*	*Veltufjár-hlutafall*
1982	2.890	857	15.060	17.936	15.060 = 0,84
					17.936
1983	5.986	7.292	24.094	32.567	24.094
					32.567 = 0,74
1984	3.320	13.097	16.448	29.822	16.448
					29.822 = 0,55
1985	8.586	19.986	24.228	39.871	24.228
					39.871 = 0,61
1986	6.644	32.861	28.585	64.357	28.585
					64.357 = 0,44

Við þessar aðstæður bar stjórn hlutafélagsins þegar á öndverðu ofangreindu tímabili að stöðva skuldasöfnun þess eða gera viðhlítandi ráðstafanir til að firra hlutafélagið gjaldþroti, en eigi verður séð, að gerðar hafi verið neinar raunhæfar áætlanir, rökstuddar með skynsamlegum hætti, til að svo mætti verða. Þess í stað þykja hinir ákærðu stjórnarmenn hlutafélagsins hafa með sviksamlegum hætti leynt viðskiptamenn þess ógjaldfærni félagsins (illikviditet og insufficiens) með því að hagnýta sér rangar eða óljósar hugmyndir þeirra um fjárhagsstöðu þess. Enda þótt ákærðu hefðu á þeim tíma (1985) eigi ráðgert, á hvaða einstökum kröfuhöfum svikin myndu bitna, mátti þeim ekki dyljast, að brotið væri gegn hinum almennu kröfuhöfum sem heild.

b) Meðal þeirra viðskiptamanna, sem hin ákærða stjórn Töggs hf. leyndi sviksamlega fjárhagsstöðu hlutafélagsins, var Sjóvátryggingafélag Íslands hf., en hjá því var Töggur hf. í föstum viðskiptum. Samkvæmt reikningsyfirliti vátryggingafélagsins nam inneign þess hjá Töggi hf. 3.448.262,80 kr. á frestdegi. Inneign samkvæmt sama reikningsyfirliti 1. janúar 1986 nam 527.335,21 kr., svo að frá þeim tíma og til janúarloka

1987 stofnaði Töggur hf. til skuldar í opinn reikning hjá vátryggingafélaginu, að fjárhæð 2.960.927,59 kr., en aðeins mun óverulegur hluti þeirrar fjárhæðar fást greiddur úr þrotabúi hlutafélagsins. Hinum ákærðu stjórnarmönnum hlaut á þessum tíma að vera ljóst, að þeir létu félagið með þessu stofna sviksamlega til skuldbindinga, er það gæti ekki efnt, og hagnýttu sér þá ranga eða óljósa hugmynd stjórnenda vátryggingafélagsins um fjárhagsstöðu Töggs hf.

Framangreind háttsemi ákærðu bæði samkvæmt a- og b-liðum telst aðallega varða við 248. gr. almennra hegningarlaga nr. 19, 1940, en til vara við 261. gr. sömu laga.

2.

Framangreindum stjórnarmönnum Töggs hf. eru gefin að sök söluskattssvik með því að hafa ekki í samræmi við ákvæði 1. mgr. 12. gr. laga nr. 10, 1960, um söluskatt, sbr. lög nr. 33, 1982, greitt vegna hlutafélagsins, eins og þeim bar og síðar verður rakið, innheimtumanni ríkissjóðs ótilkvaddir mánaðarlega þann söluskatt, er hlutafélagið skyldi standa skil á, eða sérgreint hann frá öðru fé félagsins á greiðslustöðvunartíma. Hinar ógreiddu skattfjárhæðir að viðbættu álagi og vöxtum til 15. júní 1977 (sic) eru sem hér segir:

Ár *mánuður*	*Álagður söluskattur*	*Álag og vextir*	*Gjalddagi*
1985 7	2.310.819	1.914.513	15.8. 1985
1986 1	247.228	140.487	15.2. 1986
1986 4	2.895.271	1.463.560	15.5. 1986
1986 5	1.350.702	652.389	15.6. 1986
1986 6	6.153.695	2.833.777	15.7. 1986
1986 7	7.083.135	3.102.414	15.8. 1986
1986 8	1.320.440	548.643	15.9. 1986
1986 9	500.000	51.500	15.10. 1986
1986 10	500.000	39.000	15.11. 1986
1986 11	4.649.512	1.572.695	15.12. 1986
1986 12	3.860.524	1.181.307	15.1. 1987
1987 1	2.286.779	692.894	15.2. 1987
Greiðslustöðvun 2.2. 1987.			
1987 5	2.256.508	451.302	15.6. 1987
1987 6	2.869.192	573.839	15.7. 1987
	kr. 38.283.805	kr. 15.218.320	

Framangreind háttsemi telst varða við 1. og 6. mgr. 25. gr. laga um söluskatt nr. 10, 1960, sbr. lög nr. 33, 1982.

3.

Þá er sömu stjórnarmönnum Töggs hf. gefið að sök að hafa í greiðslustöðvun félagsins samkvæmt II. kafla laga nr. 6, 1978 (líklega um 20. mars 1987), framselt, andstætt 8. gr. gjaldþrotalaga, miðað við 31. desember 1986, viðskiptakröfu á hendur ákærða Ingvari Sveinssyni, að fjárhæð 14.021.034 kr., til Bíldshöfða 16 hf., Bíldshöfða 16, Reykjavík, gegn því endurgjaldi, að það félag tæki að sér greiðslu langtímalána Töggs hf. að sömu fjárhæð, en bæði voru skuldir þessar tryggðar með veði í fasteign Bíldshöfða 16 hf. og hluthafar í félögunum ýmist hinir sömu eða nákomnir. Var þessari ráðstöfun ætlað að koma því til leiðar, að kröfuréttur samkvæmt viðskiptakröfunni nýttist ekki þrotabúi Töggs hf., ef til gjaldþrots kæmi, en yrði að sama skapi hluthöfum sjálfum, skyldmennum og venslamönnum þeirra til hagsbóta, en ákærðu hlaut á þessum tíma að vera kunnugt um yfirvofandi gjaldþrot Töggs hf.

Þá er stjórnarmönnum Töggs hf. einnig gefið að sök að hafa 12. júní 1987 skuldajafnað viðskiptakröfum á hendur fjórum neðangreindum aðilum, samtals að fjárhæð 1.096.211 kr., á móti skuld félagsins við Bíldshöfða 16 hf. í því skyni, að kröfur þessar nýttust ekki þrotabúi Töggs hf., en skuldarar þessara krafna voru:

Björn Sveinsson (stjórnarmaður í Töggi hf.)	kr.	770.343
Kristín Ingvarsdóttir (móðir eða tengdamóðir hluthafa Töggs hf.)	"	68.506
Eyjólfur A. Ármannsson (tengdasonur Kristínar)	"	145.318
Kristín Sveinsdóttir (hluthafi í Töggi hf.)	"	112.043
Samtals	kr.	1.096.210

Brot samkvæmt þessum lið teljast varða við 4. tl. 1. mgr. 250. gr. almennra hegningarlaga nr. 19, 1940.

4.

Enn er framangreindum stjórnarmönnum Töggs hf. gefið að sök að hafa frá og með árinu 1984 rekið hlutafélagið án tilskilinna verslunarleyfa samkvæmt lögum um verslunaratvinnu nr. 41, 1968.

Brot þetta telst varða við 16. gr. ofangreindra laga nr. 41, 1968.

II.

Gegn sömu stjórnarmönnum Töggs hf. og ákærðu X og Y fyrir skilasvik.

Með úrskurði skiptaréttar Reykjavíkur 2. febrúar 1987 var Töggi hf. veitt heimild til greiðslustöðvunar í þrjá mánuði, sem síðan var framlengd til 15. júní s. á. Þrátt fyrir það greiddi stjórn hlutafélagsins eða lét greiða, eins og að neðan verður rakið, andstætt 8. gr. laga um gjaldþrotaskipti, verulegar fjárhæðir af hlaupareikningi þess nr. 3568 í Sparisjóði Reykjavíkur og nágrennis og hlaupareikningi nr. 72 í Iðnaðarbanka Íslands hf., Grenssássútibúi, sem henni var bæði óskylt og óheimilt, enda kröfurnar orðnar ógjaldkræfar samkvæmt áðurnefndri lagagrein.

1.

Ýmsar greiðslur af hlaupareikningi nr. 3568 í Sparisjóði Reykjavíkur og nágrennis.

Færslu-dagur	*Fylgi-skjal*	*Fjárhæð*	*Hvað greitt*
2.2.	803	6.845	Greidd VISA-úttekt frá desember 1986.
4.2.	843	30.000	Radíóþjónusta Bjarna, úttekt í janúar 1987.
4.2.	843	28.092	Radíóþjónusta Bjarna, úttekt í janúar 1987.
5.2.	879	11.000	Gúmmívörugerðin, úttekt í janúar 1987.
6.2.	901	21.835	Greiddur víxill pr. 4/2 1987.
	952	131.426	Höfðadekk, úttektir í sept./janúar 1987.
9.2.	974	42.111	Jóhann Ólafsson, úttekt í desember 1986.
	1282	6.802	Ljósborg, reikningur 30. 11. 1986.
	1285	72.240	Ryðvarnarskálinn, vöruúttekt í okt./nóv. 1986.
	1285	72.240	Ryðvarnarskálinn, vöruúttekt í okt./nóv. 1986.
	1285	72.240	Ryðvarnarskálinn, vöruúttekt í okt./nóv. 1986.
17.2.	1387	12.153	Ágúst Ragnarsson, v/opinberra gjalda 1986.
17.2.	1388	30.788	Bæjarfógetinn, Kópavogi, opinber gjöld 1986.
	1389	58.411	Bæjarfógetinn, Kópavogi, opinber gjöld 1986.
	1390	19.375	Gjaldheimtan, Seltjarnarnesi, opinb. gjöld 1986.
	1391	10.929	Gjaldheimtan, Hafnarfirði, opinber gjöld 1986.

	1392	184.210	Gjaldheimtan í Reykjavík, opinber gjöld 1986.
18.2.	1541	21.008	Ormsson hf., reikningur 15/1 1987.
	1542	9.580	Aðalbraut hf., reikningur 31.1. 1987.
	1543	18.000	Björgvin sf., reikningur 30.1. 1987.
15.2.	1634	9.647	Fönn hf., reikningur frá janúar 1987.
	1635	1.418	Smjörlíki hf., reikningur frá september 1986.
25.2.	1637	719	Ísól hf., reikningur, desember 1986.
	1640	6.237	Frigg hf., reikningur frá október 1986.
	1639	4.860	Frigg hf., reikningur frá desember 1986.
	1636	2.776	Smjörlíki hf., reikningur frá desember 1986.
	1638	309	Frigg hf., reikningur frá desember 1986.
	1632	10.476	Fönn hf., reikningur frá desember 1986.
	1678	54.209	Jóhann Ólafsson og Co., reikningur frá janúar 1987.
2.3.	1832	8.918	Visa, greiðslukortareikn. fyrir janúar 1987.
4.3.	1999	67.150	Flugleiðir, greiddur vanskilavíxill frá 1986.
9.3.	2060	41.471	Símareikningur fyrir október 1986-janúar 1987.
12.3.	2191	5.160	Ásbjörn Ólafsson hf., reikningur frá janúar 1987.
	2597	10.800	Björgvin sf., reikningur frá janúar 1987.
	Samtals kr.	1.083.435	

2.

Ýmsar greiðslur af hlaupareikningi nr. 72 í Iðnaðarbanka Íslands hf., Grensássútibúi.

2.2	914	3.000	Fóstbræður, reikningur pr. 3. 11. 1986.
	915	1.979	Skagfjörð, vöruúttekt í desember 1986.
	916	14.045	Frigg, vöruúttekt september/nóvember 1986.
	917/918	5.665	Sveini Ingvarss. greitt fyrir bílaþrif í janúar 1987.
3.2.	919	6.312	Eldverk hf., reikningur dagsettur 26/11 1986.
	920	3.713	Háberg hf., vöruúttekt í janúar 1987.

	921	986	Fjöðrin, vöruúttekt í janúar 1987.
	925	17.715	Ýmsir reikningar í janúar 1987.
	926	7.320	Olís hf., vöruúttekt í janúar 1987.
4.2.	935	5.330	Prenttækni, reikningur, dagsettur 20. 1. 1987.
6.2.	949	689	Griffill sf., reikningur, dagsettur 31. 1. 1987.
	1022	5.626	Ísaga hf., vöruúttekt í janúar 1987.
	1024	4.629	Smjörlíki hf., vöruúttekt í janúar 1987.
9.2.	1040	6.808	Kúlulegasalan hf., vöruúttekt í janúar 1987.
	1041	7.857	Rafgeymasalan, vöruúttekt í nóvember 1986.
	1042	9.803	Fönn hf., reikningur í nóvember 1986.
10.2.	1050	415	Bæjarleiðir, reikningur fyrir janúar 1987.
	1052	7.270	Vikan, reikningur í desember 1986 og janúar 1987.
	1054	1.103	GS-varahlutir, vöruúttekt í nóvember, desember, janúar 1987.
	1064	6.034	Arnarhóll, reikningur, dagsettur 28. 12. 1986.
12.2.	1076	5.037	Bifreiðaverkst. Áki, reikningur í janúar 1987.
	1077	10.800	Björgvin sf., reikningur 19. 1. 1987.
17.2.	1100	20.616	IBM, reikningur í janúar 1987.
	1102	7.857	Rafgeymasalan, reikningur 7. 1. 1987.
	1103	13.471	Skrifstofuvélar hf., reikningur 31. 1. 1987.
	1105	13.250	Tölver hf., vöruúttekt í desember og janúar 1987.
	1403	166.293	Iðnaðarbankinn, gr. skbr., gjalddagi 25. 10. 1986.
18.2.	1419	9.970	Smith og Norland, reikningur 4. 12. 1986.
	1429	2.100	Sig. Sævarsson, reikningur 7. 5. 1986.
18.3.	2349	27.574	Hótel Holt, skuld frá 1. 1. 1987.
14.5.	3835	12.680	IBM, vöruúttekt í nóv./des. 1986.
	Samtals kr.	412.405	

3.

Víxlar og skuldabréf Sparisjóðs Reykjavíkur og nágrennis á hendur Töggi hf., greiddir úr hlaupareikningi nr. 3568.

Svo sem á eftir verður rakið, greiddu hinir ákærðu stjórnarmenn Töggs hf. Sparisjóði Reykjavíkur og nágrennis tiltölulega háar kröfur á greiðslustöðvunartíma, sem eigi voru gjaldkræfar vegna 8. gr. laga um gjaldþrotaskipti nr. 6, 1978. Viðskiptin við sparisjóðinn fóru þannig fram á greiðslustöðvunartíma, að þegar Töggur hf. leitaði eftir sölu á víxlum eða skuldabréfum hjá sparisjóðnum, voru kaupin samþykkt af fyrirsvarsmönnum sparisjóðsins, ákærðu X og Y, með því skilyrði, að andvirðið gengi til greiðslu á þeim víxlum og skuldabréfum, er Töggur hf. hafði áður ábyrgst greiðslu á og komin voru í vanskil hjá sparisjóðnum. Hafði þessi háttur áður verið viðhafður, og sparisjóðurinn var því kröfuhafi gagnvart Töggi hf. Svo sem síðar greinir, rann andvirðið til greiðslu skulda og skuldbindinga, sem til hafði verið stofnað fyrir frestsdag, og komu hinir ákærðu fyrirsvarsmenn sparisjóðsins forsvarsmönnum Töggs hf. með þessum skilmálum fyrir kaupunum til að ívilna sparisjóðnum og mismuna á þann veg kröfuhöfum hlutafélagsins.

Greiðslurnar af hlaupareikningi nr. 3568 sundurliðast þannig:

Dags.	Útg-dagur	Gjalddagi	Fjárhæð	Greiðandi	Útgefandi/ Ábekingur/Ábyrgðarm.
3.2.87		21.1. 87	11.291,50	Birgir Baldurss.	Friðrik Sig./Töggur hf.
3.2.87		24.1. 87	71.619,00	Sigurst. Karlsson	Jón Sæmundss./Töggur hf.
3.2.87	28.11.86	10.1. 87	246.091,30	Form og áferð hf.	Skapti H./Töggur hf.
3.2.87	15.12.86	15.1. 87	16.524,75	Bílav. Guðj. Ól.	Töggur hf.
3.2.87	27.11.86	10.1. 87	102.338,00	Sighvatur Blöndal	Jón Gunnarss./Töggur hf.
3.2.87	15.12.86	18.1. 87	310.724,50	Guðm. Eiríksson	Töggur hf.
3.2.87	15.12.86	15.1. 87	5.200,50	Kristín Magnúsd.	Magnús Jónss./Töggur hf.
3.2.87	23.12.86	13.1. 87	65.990,20	Bíltækni hf.	Töggur hf.
3.2.87	28.11.86	7.1. 87	40.081,00	Bíltækni hf.	Töggur hf.
11.2.87	23.12.86	3.2. 87	9.863,60	Páll Stefánss.	Töggur hf.
11.2.87	22.7.86	5.2. 87	170.351,60	Kristján Jóhannss.	Octavo/Töggur hf.
11.2.87	23.12.86	31.1. 87	7.223,00	Sigurjón Pálsson	Töggur hf.
17.2.87	5.1. 87	14.2. 87	174.492,00	Auðunn Óskarsson	Töggur hf.
23.2.87	8.1. 87	20.2. 87	66.135,19	Helgi Oddsson	Töggur hf.
25.2.87	23.12.86	15.2. 87	5.156,50	Kristín Magnúsd.	Magnús Jónss./Töggur hf.
25.2.87	23.12.86	10.2. 87	246.047,30	Form og áferð hf.	Skapti H./Töggur hf.
25.2.87		20.9. 86	21.194,90	Ingvar Sveinsson.	
25.2.87		20.12.86	19.307,30	Ingvar Sveinsson.	
25.2.87		20.11.86	28.178,80	Ingvar Sveinsson.	
25.2.87		20.2. 87	25.903,80	Ingvar Sveinsson.	
6.3.87	17.9. 86	17.11.86	243.221,40	Skúli Sigurðss.	M. Aspelund/Töggur hf.
6.3.87	22.9. 86	2.12.86	172.140,70	Kári Eyþórsson	Eyþór Grétarss./ Töggur hf.

6.3.87	23.12.86	16.2. 87	37.330,80	Centrum hf.	Töggur hf.
6.3.87	23.12.86	21.2. 87	11.291,50	Birgir Baldurss.	Friðrik Sig./Töggur hf.
4.3.87	26.1. 87	14.3. 87	73.135,10	Blái fuglinn	Töggur hf.
24.3.87	26.1. 87	9.3. 87	33.947,32	Blái fuglinn	Töggur hf.
22.4.87	26.1. 87	21.3. 87	11.638,00	Birgir Baldurss.	Friðrik Sig./Töggur hf.
6.5.87	21.8. 86	21.4. 87	19.262,80	Jakob Ólafsson	Ellert Róberts./Töggur hf.
		Samtals kr.	2.145.682,36		

Framangreind háttsemi hinna ákærðu stjórnarmanna Töggs hf. telst varða við 4. tl. 1. mgr. 250. gr. almennra hegningarlaga nr. 19, 1940, en háttsemi ákærða X og ákærðu Y, sem í 3. lið greinir, telst aðallega varða við 2. mgr. sömu greinar hegningarlaganna, en til vara við 261. gr. sömu laga.

III.

Gegn ákærða Ingvari Sveinssyni og ákærðu Hönnu Elíasdóttur fyrir fjárdrátt og til vara fyrir skilasvik.

1.

Ákærða Ingvari Sveinssyni og ákærðu Hönnu Elíasdóttur er gefið að sök að hafa á þeim tíma, er hlutafélagið gat eigi staðið í skilum við skuldheimtumenn sína og var í raun gjaldþrota, slegið heimildarlaust eign sinni á verulegar fjárhæðir, allt að 14.195.828 kr., umfram venjulegar og umsamdar launagreiðslur og látið bókfæra þær í opinn viðskiptareikning ákærða Ingvars Sveinssonar, en skuld samkvæmt viðskiptareikningnum nam við frestsdag rúmum 14 milljónum króna. Hafði hún í stærstum dráttum myndast þannig eftir árum:

1985	Kredit		Debet
Saldo 1/1		kr.	567.702
Peningaúttektir		"	1.953.300
Úttektir Hönnu Elíasdóttur		"	767.774
Úttekin bifreið sömu		"	441.888
Greiddir ýmsir reikningar		"	2.281.738
Opinber gjöld I. S. og H. E.		"	32.572
Laun Ingvars Sveinssonar		"	952.805
Aðrar innborganir		"	1.355.486
	kr. 6.044.974		2.308.291
Saldo 31/12		"	3.736.683

1986		Debet	Kredit
Saldo 1/1	kr.	3.736.683	
Peningaúttektir	”	9.097.662	
Úttektir Hönnu Elíasdóttir	”	755.440	
Greiddir ýmsir reikningar	”	4.042.638	
Greidd opinber gjöld v/I.S. og H.E.	”	207.607	
Laun	”		2.376.000
Aðrar innborganir			1.345.843
	kr.	17.840.030	3.721.843
Millifært til Bíldshöfa 16 hf. 31/12 1986 (sbr. ákærulið I. 3)		kr.	14.021.034
Saldo 31/12 1986	”		97.153

1987			
Saldo 1/1	kr.	97.153	
Peningaúttektir	”	652.357	
Úttektir Hönnu Elíasdóttur	”	141.336	
Greiddir ýmsir reikningar	”	476.376	
Greidd opinber gjöld I.S. og H.E.	”	84.102	
Laun ákærða I.S. til 1/6			1.048.402
Laun sama ógjaldfallin við gjaldþrot Töggs hf.			228.128
	kr.	1.451.324	1.276.530
Saldo 15/6 1987			174.794
	Kr.	1.451.324	1.451.324

Framangreind háttsemi ákærðu telst aðallega varða við 1. mgr. 247. gr. almennra hegningarlaga nr. 19, 1940, en til vara við 4. tl. 1. mgr. 250. gr. sömu laga.

IV.

Gegn ákærða Ingvari Sveinssyni fyrir fjárdrátt og skilasvik.

1.

Ákærða Ingvari Sveinssyni er gefið að sök að hafa þremur dögum áður en hlutafélagið var úrskurðað gjaldþrota slegið eign sinni á nýja Saab-bifreið 9000, Turbo 16, árgerð 1987, gegn því að leggja með bókhaldsskjölum hlutafélagsins kvittun fyrir ,,óuppgert sumarleyfi frá 1. maí 1982

til 1. maí 1986", 912.512 kr., en skuld þessi var til málamynda og hennar ekki getið í bókhaldi hlutafélagsins. Bifreiðina seldi ákærði 17 dögum síðar fyrir 1.200.000 kr.

2.

Þá er ákærða Ingvari Sveinssyni gefið að sök að hafa dregið sér á árinu 1987 eftirgreindar fjárhæðir af tékkareikningi Töggs hf. nr. 1686 í Verslunarbanka Íslands hf., en þær eru ekki færðar í bókum hlutafélagsins. Enn fremur er honum gefið að sök að hafa dregið sér greiðslur af andvirði bifreiða, sem seldar voru Einari K. Sigurðssyni, Tryggva Jónssyni og Securitas hf., og greiðslu frá Stefáni Harðarsyni vegna Sigurðar Bjarnasonar, allt framangreint eins og nú verður rakið:

1.	Með ávísun nr. 4787051, 9.janúar	kr.	10.000,00
2.	" ávísun nr. 4787052, 9. janúar	"	11.160,00
3.	" ávísun nr. 4787053, 14. janúar	"	1.200,00
4.	" ávísun nr. 4787054, 15. janúar	"	2.956,00
5.	" ávísun nr. 4787055, 19. janúar	"	210.00
6.	" ávísun nr. 4787056, 19. janúar	"	41.295,00
7.	" ávísun nr. 4787063, 19. janúar	"	17.804,00
8.	" ávísun nr. 4787060, 15. mars	"	300.000,00
9.	" ávísun nr. 4787064, 2. apríl	"	200.000,00
10.	" ávísun nr. 4787065, 27. apríl	"	200.000,00
15.	" ávísun nr. 4787066, 15. maí	"	200.000,00
16.	" ávísun nr. 4787068, 7. apríl	"	40.000,00
17.	" ávísun nr. 4787069, 10. apríl	"	4.000,00
18.	" ávísun nr. 4787070, 2. maí	"	1.110,00
19.	" ávísun nr. 4787073, 11. maí	"	7.500,00
20.	" ávísun nr. 4787074, 10. maí	"	10.000,00
21.	" ávísun nr. 4787075, 14. maí	"	380,00
22.	" ávísun nr. 5010326, 15. maí	"	10.000,00
23.	" ávísun nr. 5010328, 20. maí	"	345,00
24.	" ávísun nr. 5010331, 9. júní	"	41.470,00
25.	" ávísun nr. 4787067, 3. apríl	"	102.389,00
26.	" ávísun nr. 4787071, 4. maí	"	116.837,00
27.	" ávísun nr. 4787072, 4. maí	"	46.433,00
		kr.	1.365.090,00
28.	Af andvirði bifreiðar, sem seld var Einari K. Sigurðssyni, Sunnuflöt 14, Garðabæ, í febrúar 1987	kr.	250.000,00

29.	Andvirði bifreiðar, sem seld var Tryggva Jónssyni um 20. mars 1987	”	350.000,00
30.	Af andvirði bifreiðar, sem seld var Securitas hf., Síðumúla 23, Reykjavík, 7. apríl 1987	”	340.000,00
31.	Greiðsla frá Stefáni Harðarsyni, Vesturgötu 73, Reykjavík, vegna Sigurðar Bjarnasonar samkvæmt kvittun, dagsettri 30. apríl 1987	”	231.000,00
	Samtals	kr.	2.536.090,00

3.

Ákærða Ingvari Sveinssyni er enn gefið að sök að hafa látið Tögg hf. á síðustu dögum greiðslustöðvunar hlutafélagsins ívilna eftirgreindum kaupendum nýrra bifreiða með afslætti frá gildandi verðskrá Töggs hf. í júnímánuði 1987, eins og nú verður rakið:

1.	Selt meðákærða Ingvari Björnssyni, héraðsdómslögmanni og aðstoðarmanni Töggs hf., á greiðslustöðvunartíma samkvæmt reikningi, út gefnum 12. júní 1987, Saab-bifreið 9000, árgerð 1987, með afslætti	kr.	80.000,00
2.	Selt Pétri Kjerúlf héraðsdómslögmanni, Faxatúni 28, Garðabæ, samstarfsmanni ákærða Ingvars Björnssonar, samkvæmt reikningi, út gefnum 15. júní 1987, sams konar fólksbifreið og greinir í 1. tl., með afslætti	”	79.796,00
3.	Selt Ingiríði Oddsdóttur, Laugarásvegi 6, Reykjavík, samkvæmt reikningi, út gefnum 12. júní 1987, Saab-bifreið 9000,		

	Turbo, 5 dyra, árgerð 1987, með afslætti	"	150.800,00
4.	Selt Birni Björnssyni, Miðvangi 100, Hafnarfirði (bróður ákærða Ingvars Björnssonar), samkvæmt reikningi, út gefnum 15. júní 1987, sams konar bifreið og greinir í 1.-2. tl. hér að ofan, með afslætti	"	79.796,00
	Samtals	kr.	390.392,00

Brot ákærða samkvæmt 1. og 2. lið í þessum kafla ákæru teljast aðallega varða við 1. mgr. 247. gr. almennra hegningarlaga nr. 19, 1940, en til vara, að því er varðar brot samkvæmt 2. lið kaflans, við 4. tl. 1. mgr. 250. gr. sömu laga. Brot samkvæmt 3. lið teljast varða við 4. tl. 1. mgr. 250. gr. hegningarlaga.

V.

Gegn ákærða Ingvari Björnssyni fyrir skilasvik og brot í opinberu starfi.

1.

Ákærða Ingvari Björnssyni, héraðsdómslögmanni og aðstoðarmanni stjórnar Töggs hf., er gefið að sök að hafa á greiðslustöðvunartíma lagt á ráðin um framsal viðskiptakröfu, 14.021.034 kr., á hendur meðákærða Ingvari Sveinssyni til Bíldshöfða 16 hf. og lagt liðsinni sitt til framsals á kröfunni, allt eins og lýst er í I. kafla, lið 3, í ákæru.

2.

Þá er ákærða Ingvari Björnssyni gefið að sök að hafa lagt ákærða Ingvari Sveinssyni ráð um það að selja nýjar bifreiðar Töggs hf. á kostnaðarverði eða með verulegum afslætti frá gildandi verðskrá hlutafélagsins, allt eins og lýst er í IV. kafla ákæru, lið 3, 1.-2., og 4. tl., og misnotað sér og samstarfsmanni sínum og bróður á þann veg aðstöðu sína sem lögmaður og aðstoðarmaður Töggs hf. á greiðslustöðvunartíma með kaupum á þremur bifreiðum, eins og þar greinir.

3.

Enn er ákærða Ingvari Björnssyni gefið að sök að hafa vanrækt skyldur sínar sem lögmaður og aðstoðarmaður Töggs hf. á greiðslustöðvunartíma með því að:

a) Tilkynna ekki þegar eftir uppkvaðningu úrskurðar um greiðslustöðvunina lánardrottnum hlutafélagsins um hana, heldur láta nærfellt þrjár vikur líða frá upphafi hennar og til þess er ætla má, að tilkynning um hana bærist þeim, en allan þann tíma greiddi hlutafélagið kröfur, er stofnað hafði verið til fyrir frestsdag, sbr. II. kafla ákæru.

b) Fylgjast ekki með daglegum rekstri hlutafélagsins í meginefnum til að kanna, hvort stjórnendur hlutafélagsins ynnu ekki af trúmennsku á greiðslustöðvunartíma, svo sem að greiða ekki skuldir, er þeim var óheimilt, og að ekki væri stofnað til verulegra skulda á þeim tíma, eins og söluskattsskulda, en ákærða hlaut þá að vera ljóst, að slíkt innheimtufé, eign ríkissjóðs, myndi tapast í verulegum mæli, yrði það ekki sérgreint frá öðrum eignum hlutafélagsins, en eftir góðum lögmannsháttum bar honum að hlutast til um það.

c) Vanrækja að tilkynna skiptaráðanda strax á fyrsta greiðslustöðvunartímabili, að horfur væru ekki á, að samningar tækjust um skuldir hlutafélagsins, sem honum hlaut þá að vera ljóst, en þess í stað beitti hann sér í tvö skipti fyrir framlengingu á greiðslustöðvun.

Brot ákærða samkvæmt þessum kafla, 1. og 2. lið, teljast aðallega varða við 4. tl. 1. mgr. 250. gr., sbr. 138. gr. og 22. gr. almennra hegningarlaga nr. 19, 1940, en til vara við 139. gr. sömu laga. Brot samkvæmt 3. lið teljast varða við 139. gr. almennra hegningarlaga.

VI.

Gegn ákærðu Ingvari Sveinssyni og Ágústi Ragnarssyni fyrir fjársvik.

Ákærða Ingvari Sveinssyni og ákærða Ágústi Ragnarssyni er gefið að sök að hafa selt Jökli hf., Raufarhöfn, 8. ágúst 1986 gegn staðgreiðslu gaffallyftara með seríalnúmeri 72950445 fyrir 1.600.000 kr., en lyftari þessi var veðsettur Landsbanka Íslands með þinglýstu veðbréfi, út gefnu 18. október 1985, að fjárhæð JPY 3.200.000. Ákærðu leyndu kaupanda veðsetningunni og hafa eigi greitt hina áhvílandi skuld eða aflýst veðsetningunni og þannig með blekkingum haft fé af kaupanda.

Þá er ákærða Ingvari Sveinssyni gefið að sök að hafa selt Frjálsri fjölmiðlun hf., Reykjavík, 7. janúar 1986 með skuldajöfnuði gaffallyftara með serialnúmeri 0417-36006 fyrir 1.221.852 kr., en lyftari þessi var veðsettur Landsbanka Íslands með þinglýstu veðbréfi, út gefnu 4. júní 1984, að fjárhæð upphaflega USD 9.800,00. Ákærði leyndi kaupanda veðsetningunni

og hefur eigi greitt hina áhvílandi skuld eða aflýst veðsetningunni og þannig haft fé af kaupanda.

Framangreind háttsemi ákærðu telst varða við 248. gr. almennra hegningarlaga.

VII. Dómkröfur.

Þess er krafist:

1. að ákærðu verði dæmd til refsingar,
2. að ákærði Ingvar Sveinsson verði samkvæmt 2. mgr. 68. gr. almennra hegningarlaga nr. 19, 1940, sviptur rétti til að fá leyfi til verslunaratvinnu og ákærði Ingvar Björnsson sviptur leyfi til málflutnings fyrir héraðsdómi,
3. að ákærðu verði dæmd til greiðslu alls sakarkostnaðar."

Við munnlegan flutning málsins leiðrétti sækjandi misritun ártals á blaðsíðu 5 í ákæruskjali; þar stendur 15. júní 1977, en á að vera 15. júní 1987.

Málavextir eru þessir:

Með bréfi, dagsettu 12. apríl 1988, sendi ríkissaksóknari Rannsóknarandinn í Reykjavík, Ragnar Halldór Hall, athygli á því, að við athugun á málefnum þrotabús Töggs hf., Bíldshöfða 16, Reykjavík, hefði komið fram, að ástæða væri til að ætla, að fyrirsvarsmenn hins gjaldþrota félags svo og aðrir tilgreindir kynnu að hafa gerst sekir um refsiverða háttsemi, en bú félagsins hafði verið tekið til gjaldþrotaskipta með úrskurði skiptaréttar Reykjavíkur 16. júní 1987.

Með bréfi, dagsettu 12. apríl 1988, sendi ríkissaksóknari Rannsóknarlögreglu ríkisins fyrirmæli um opinbera rannsókn af þessu tilefni. Er í bréfi ríkissaksóknara gerð grein fyrir þeim atriðum, sem fram hafa komið við athugun á málefnum þrotabúsins, þar sem sérstök ástæða þykir vera til að ætla, að um refsiverða háttsemi kunni að vera að ræða, þ.e.:

A. Framsal viðskiptakrafna Töggs hf. 20. mars 1987.
B. Uppgjör orlofskröfu Ingvars Sveinssonar.
C. Afhending bifreiða til Ingvars Björnssonar hdl. og Péturs Kjerúlf hdl. Uppgjör lögmannsþóknunar Ingvars Björnssonar.
D. Skuldbreytingar vegna ógreiddra hlutafjárloforða.
E. Ætlaður fjárdráttur Ingvars Sveinssonar.
F. Aðrar ráðstafanir stjórnenda Töggs hf. á greiðslustöðvunartíma.

Rannsóknarlögregla ríkisins hóf rannsókn málsins sumarið 1988, og stóð rannsóknin yfir fram í febrúar 1990 og lauk með útgáfu ákæru 10. apríl sl., eins og að framan er rakið.

A.

Saga fyrirtækisins og aðdragandi gjaldþrots.

Töggur hf. var stofnað 18. maí 1979 og starfaði frá upphafi við innflutning og sölu á nýjum og notuðum bifreiðum, bifreiðavarahlutum og aðra skylda starfsemi, en félagið hafði einkaumboð fyrir Saab-bifreiðar hér á landi.

Félagið var stofnað af fjórum systkinum og mökum þeirra, en ýmsar breytingar urðu þó síðar á hlutafjáraðild. Á aðalfundi í félaginu 30. mars 1985 voru eftirtaldir hluthafar kosnir í stjórn þess: ákærðu Björn Sveinsson, Hanna Elíasdóttir og Ingvar Sveinsson. Ingvar varð formaður, Björn varaformaður og Hanna ritari. Engar breytingar urðu á stjórninni eftir þetta.

Ákærði Ingvar Sveinsson varð forstjóri félagsins árið 1980 ásamt öðrum hluthafa, Garðari Eyland, en eftir að Garðar hætti störfum í ársbyrjun 1985, var Ingvar eini forstjóri þess.

Félagið var með starfsemi sína að Bíldshöfða 16 hér í borg, en eigandi húsnæðisins er Bíldshöfði 16 hf. Var Töggur hf. eigandi 25% hlutafjár í því félagi, en eigandi meiri hluta hlutafjár í Bíldshöfða 16 hf. er Kristín Ingvarsdóttir, móðir systkinanna, er stóðu að stofnun Töggs hf. Garðar Eyland varð framkvæmdastjóri Bíldshöfða 16 hf., er hann hætti störfum hjá Töggi hf.

Með bréfi, dagsettu 30. janúar 1987, fór stjórn Töggs hf. þess á leit við skiptaráðandann í Reykjavík, að félaginu yrði veitt heimild til greiðslustöðvunar í allt að þrjá mánuði vegna fjárhagsörðugleika. Hafði ákærði Ingvar Björnsson hdl. tekið að sér að vera félaginu til aðstoðar við endurskipulagningu á fjármálum þess. Skiptaréttur Reykjavíkur féllst á ofangreinda beiðni. Heimild til greiðslustöðvunar var síðan framlengd tvívegis, og rann hún út 15. júní 1987. Daginn eftir var bú félagsins tekið til gjaldþrotaskipta, eins og að framan er rakið.

Við gjaldþrotameðferðina þótti koma í ljós, að ýmis atriði varðandi fjármál félagsins þyrftu nánari skoðunar við. Bókhald félagsins var ekki að öllu leyti uppfært, og af skjölum, sem þar fundust, taldi skiptaráðandi ýmsar hæpnar ráðstafanir hafa verið gerðar. Var tekin sú ákvörðun að fá endurskoðunarskrifstofu þá, sem undanfarin ár hafði tekið saman ársreikninga félagsins, til þess að ljúka uppfærslu og afstemmingu bókhaldsins Tók Hyggir hf. verk þetta að sér í samvinnu við þann starfsmann Töggs hf., sem hafði færslu bókhalds með höndum.

B.

Einstakir ákæruliðir, framburður ákærðu og vitna og niðurstöður.

Hér verður gerð grein fyrir einstökum ákæruliðum, framburði ákærðu

og vitna og gerð grein fyrir niðurstöðum í hverjum ákærulið fyrir sig.

Ákæruliður I. 1.

— — —

Niðurstöður.

Samkvæmt þessum ákærulið eru stjórnarmenn hlutafélagsins ákærðir fyrir að hafa allt frá árinu 1985 með sviksamlegum hætti leynt viðskiptamenn þess ógjaldfærni félagsins með því að hagnýta sér rangar eða óljósar hugmyndir þeirra um fjárhagsstöðu þess. Er í þessu sambandi vísað til skrár um viðurkenndar kröfur í þrotabúi hlutafélagsins, auk þess sem rakin eru sérstaklega viðskiptin við Sjóvá. Þá er gerð grein fyrir rekstrartapi, eiginfjárstöðu og veltufjárhlutfalli áranna 1982 til 1986. Í lögum um gjaldþrot nr. 6/1978 er ekki að finna refsiákvæði gagnvart þeim, sem láta undir höfuð leggjast að gefa bú upp til gjaldþrotaskipta, en hins vegar voru sjálfstæð refsiákvæði í gjaldþrotalögunum frá 1929. Í ákæru eru ætluð brot ákærðu færð undir tiltekin ákvæði almennra hegningarlaga. Ákærðu stunduðu atvinnurekstur, sem háður var verulegum sveiflum milli ára. Samkvæmt gögnum málsins virðist hafa tekið að halla undan fæti árið 1983. Samkvæmt gögnum málsins var rekstrartap hjá fyrirtækinu frá árinu 1982, eiginfjárstaðan fór smám saman versnandi, og veltufjárhlutfall var slæmt öll árin. Miklar sveiflur urðu í bifreiðasölu, eins og glöggt má sjá, milli áranna 1985 og 1986, úr 75.499.000 kr. sölu árið 1985 í 175.649.000 kr. árið 1986. Verulegur hagnaður var fyrir fjármagnsliði á árinu 1986, 9.641.000 kr. Hins vegar voru fjármagnsliðir og óregluleg gjöld alls 16.285.000 kr., svo að tap á árinu varð 6.644.000 kr. Ástæður mikils fjármagnskostnaðar hjá félaginu var umfram allt slæm lausafjárstaða þess, sem versnaði verulega undir lokin vegna mikilla úttekta ákærða Ingvars Sveinssonar svo og álaga og dráttarvaxta, sem leiddi af söluskattsvanskilum. Um veltufjárhlutfall ársins 1986 verður að hafa hliðsjón af því, að svonefnd viðskiptaskuld ákærða Ingvars Sveinssonar, að fjárhæð 14.021.034 kr., var ekki færð sem skammtímakrafa árið 1986, en hún hafði vaxið verulega frá árinu á undan. Hefði þessi skammtímakrafa verið færð undir veltufjármuni árið 1986, svo sem eðlilegt var að gera miðað við það, hverig framsali viðskiptakröfunnar var háttað, hefði veltufjárhlutfall verið svipað og árið 1985. Ekki liggur fyrir örugg vitneskja um gjaldþol ákærða Ingvars Sveinssonar á þessum tíma. Þykir óvarlegt að slá því föstu, að hann hafi ekki átt eignir til að standa undir þessari skuld á þeim tíma, sem hér um ræðir. Þá þykja gögn málsins sýna, að félagið hafi á þessum tíma átt möguleika á að koma í verð eignum, sem ekki er sérstaklega getið í bókum félagsins,

svo sem Saab-umboðinu og hlutabréfum í Bíldshöfða 16 hf., en ekki er ólíklegt, að koma hefði mátt hlutabréfunum í verð umfram nafnverð þeirra.

Af því, sem hér hefur verið rakið, þykir varhugavert að fullyrða, að stjórnendur félagsins hafi mátt sjá fram á gjaldþrot fyrirtækisins á þeim tíma, sem hér skiptir máli. Af því leiðir, að sú háttsemi ákærðu að stofna til skuldbindinga braut ekki í bága við 248. gr. almennra hegningarlaga. Ber því að sýkna ákærðu af ákæru fyrir brot, sem þeim eru gefin að sök í a-lið þessa ákæruliðar.

Samkvæmt b-lið þessa ákæruliðar er ákærðu sérstaklega gefið að sök að hafa sviksamlega stofnað til skuldbindinga í nafni Töggs hf., við Sjóvátryggingafélag Íslands, er þau gætu ekki efnt, og þannig hagnýtt sér ranga eða óljósa hugmynd stjórnenda vátryggingafélagsins um fjárhagsstöðu félagsins. Hér verður að hafa í huga, að skuldin við Sjóvá jókst á árinu 1986, meðal annars vegna aukinnar veltu Töggs hf. Skuldin virðist einkum hafa myndast vegna kaupa Töggs á eigin tryggingum fyrirtækisins, sölu á tryggingum til viðskiptavina fyrir Sjóvá, enn fremur vegna endursendra viðskiptabréfa, sem Sjóvá hafði áður fengið hjá Töggi hf. Þá ber að líta til þess, að viðskipti við Sjóvá héldu áfram út greiðslustöðvunartímabilið, einkum í formi sölu Töggs fyrir Sjóvá á tryggingum fyrir viðskiptamenn sína. Ekki verður séð af gögnum málsins, að stjórnendur Sjóvá hafi krafið forsvarsmenn Töggs hf. um skýrslur um stöðu fyrirtækisins eða aflað annarra upplýsinga um stöðu þess. Með hliðsjón af þessu og að öðru leyti með skírskotun til forsendna hér að framan varðandi ákærulið I. 1. a., verður að telja ósannað, að ákærðu hafi með þessari skuldasöfnun brotið gegn þeim lagaákvæðum, er í ákæru greinir. Ber því að sýkna ákærðu af b-lið þessa ákæruliðar.

Ákæruliður I.2.

— — —

Niðurstöður.

Samkvæmt þessum ákærulið eru hinum ákærðu stjórnarmönnum Töggs hf. gefin að sök söluskattssvik með því að hafa ekki í samræmi við ákvæði laga um söluskatt greitt vegna hlutafélagsins, eins og þeim bar, innheimtumanni ríkissjóðs ótilkvaddir mánaðarlega þann söluskatt, er hlutafélagið skyldi standa skil á, eða sérgreint hann frá öðru fé hlutafélagsins á greiðslustöðvunartíma. Ekki er ágreiningur um fjárhæðir, og eru þær rétt tilgreindar í ákæruskjali.

Ákæran verður að þessu leyti ekki skilin á annan veg en þann, að ákærðu

hafi sent inn söluskattsskýrslur, en án greiðslu. Samkvæmt gögnum málsins er ljóst, að í flestum tilvikum varð verulegur misbrestur á skýrsluskilum, sem leiddu til viðurlaga síðar.

Samkvæmt verknaðarlýsingu í ákæru er þó ekki saksótt samkvæmt þessu, og málflutningur hér fyrir dómi snerist ekki um, hvort vanrækt hefði verið að skila inn söluskattsskýrslum. Því verður ekki frekar fjallað um það hér, hvort misbrestur á því að skila söluskattsskýrslum hefði getað leitt til sakaráfalls, sbr. 118. gr. laga nr. 74/1974. Rétt er að taka fram, að reifan máls varðandi þennan ákærulið er eigi að öllu leyti svo skýr sem skyldi. Sérstaklega þykir á skorta, að greiðslustaðan hafi verið sundurliðuð miðað við áætlanir og söluskattsskýrslur árin 1986 og 1987. Þá er ekki gerð grein fyrir einstökum innborgunum, en samkvæmt gögnum málsins greiddu ákærðu á tímabilinu júní til desember 1986 verulegar fjárhæðir eða settu tryggingar.

Hér verður að hafa í huga, að söluskattur er almenn krafa í þrotabúi. Ákærðu var ekki skylt samkvæmt 8. gr. laga nr. 6/1978 um gjaldþrot að greiða álagðan söluskatt fyrir janúarmánuð 1987, sem féll í gjalddaga, eftir að greiðslustöðvun fékkst.

Svo sem fyrr greinir, er ákært fyrir að greiða ekki söluskattinn og jafnframt að hafa ekki sérgreint fé á greiðslustöðvunartíma. Ekki verður séð, að nein lagaskylda sé til um að sérgreina innheimtan söluskatt með þeim hætti, sem vikið er að í ákæruskjali. Verður þessum þætti í ákæru því eigi frekar sinnt. Samkvæmt gögnum málsins virðist staðan hafa verið þannig, að samið hafði verið um söluskattsskuldina samkvæmt bókum tollstjóraembættisins fram til 1. nóvember 1986, m.a. með afhendingu víxils, að fjárhæð 10.000.000 kr.

Söluskattur virðist hafa verið áætlaður fyrir mánuðina nóvember og desember, og þennan áætlaða söluskatt virðast ákærðu hafa greitt. Eftir það, í apríl 1987, sendi Töggur hf. leiðréttar söluskattsskýrslur fyrir ýmsa mánuði ársins 1986, sem leiddu til verulegra hækkana og álaga. Þessi viðbót kom fyrst fram á greiðslustöðvunartíma, og var ákærðu þá óskylt að greiða þá hækkun og álag.

Með vísan til framanritaðs hefur ekki verið sýnt fram á, að ákærðu hafi gerst sek um háttsemi þá, sem þeim er gefin að sök í þessum ákærulið, og ber því að sýkna þau.

Það athugast, að við útgáfu ákæru höfðu lög um virðisaukaskatt nr. 50/1988 leyst söluskattslögin af hólmi, og bar því að vísa til þeirra laga í ákæruskjali.

Ákæruliður I.3.

— — —

Niðurstöður.

Í þessum ákærulið er fjallað um ætluð skilasvik stjórnarmanna Töggs hf. í tengslum við framsal á viðskiptakröfu, að fjárhæð 14.021.034 kr., á hendur ákærða Ingvari Sveinssyni og skuldajöfnun á viðskiptakröfum á hendur fjórum tilgreindum aðilum, samtals að fjárhæð 1.096.211 kr.

Framsal viðskiptakröfu Töggs hf. á hendur ákærða Ingvari var andstæð 8. gr. laga nr. 6/1978 um gjaldþrot. Samkvæmt gögnum málsins var samið um það, að Bíldshöfði 16 hf. eignaðist kröfu Töggs hf. á hendur ákærða Ingvari Sveinssyni, að fjárhæð 14.021.034 kr., en á móti skyldi koma, að Bíldshöfði 16 hf. tæki að sér greiðslu tiltekinna langtímaskulda Töggs hf., sem þeir (sic) höfðu áður lánað veð fyrir. Þegar lögskipti þessi eru skoðuð, verður ekki séð, að ætlunin hafi verið að draga með ólögmætum hætti fé úr félaginu eða mismuna kröfuhöfum. Verður að ætla, að Bíldshöfði 16 hf. hefði átt endurkröfurétt á hendur Töggi hf. að því leyti, sem þeir (sic) hefðu orðið að innleysa þá kröfu vegna veðsins, ef ekki hefði komið til framsalsins á umræddri viðskiptakröfu. Töggur hf. hefði jafnframt átt kröfu á Bíldshöfða 16 hf. að því leyti, sem þeir (sic) hefðu orðið að greiða fyrrgreint langtímalán, eftir að samningurinn um framsalið á umræddri viðskiptakröfu gekk í gildi. Það er því ósannað, að Töggur hf. hafi beðið tjón af umræddum viðskiptum.

Með vísan til framanritaðs ber að sýkna ákærðu af þessum þætti ákæruliðar þessa.

Með hliðsjón af því, að ákærða Ingvari Sveinssyni, sem var stjórnarformaður og framkvæmdastjóri félagsins, hlaut að hafa verið kunnugt um skuldajöfnun á hendur fjórum tilgreindum einstaklingum, og vitneskja ákærða Björns Sveinssonar um ráðstöfunina sem stjórnarmanns og eins af skuldurum verður að telja, að þeim hafi mátt vera ljóst, að ráðstöfun þessi var til þess fallin að rýra fullnusturétt kröfuhafa Töggs hf. Hafa ákærðu Ingvar og Björn Sveinssynir með þessari háttsemi sinni gerst brotlegir gegn 4. tl. 1. mgr. 250. gr. almennra hegningarlaga. Hins vegar hefur ekkert komið fram í málinu, sem bendir til þess, að ákærðu Hönnu hafi verið kunnugt um framsal þetta, og ekki verður talið, að hún beri refsiábyrgð á þessari ráðstöfun sem stjórnarmaður. Ber því samkvæmt framansögðu að sýkna ákærðu Hönnu, að því er varðar þennan þátt ákæruliðar þessa.

Ákæruliður I.4.

— — —

Niðurstöður.

Samkvæmt þessum ákærulið er stjórnarmönnum Töggs hf. gefið að sök að hafa rekið hlutafélagið án tilskilinna verslunarleyfa samkvæmt lögum

um verslunaratvinnu nr. 41/1968. Í málinu er upplýst, að ákærða Ingvari Sveinssyni láðist að endurnýja verslunarleyfi sitt, en hlutafélagið var rekið á þessu verslunarleyfi. Eins og að framan er rakið, var félagið tekið til gjaldþrotaskipta 15. júní 1987 og hefur ekki verið rekið síðan. Samkvæmt 16. gr. ofangreindra laga varða brot gegn lögunum sektum. Verður því að telja, að jafnvel þótt sök ákærðu yrði sönnuð, sé hún fyrnd samkvæmt ákvæðum 81. og 82. gr. almennra hegningarlaga, enda verður ekki séð, að fyrningarfrestur hafi verið rofinn með þeim hætti, er þar segir. Ber því að sýkna ákærðu af þessum ákærulið.

Ákæruliður II. 1-2.

— — —

Niðurstöður.

Samkvæmt þessum ákærulið er stjórnarmönnum Töggs hf. gefið að sök að hafa á greiðslustöðvunartíma greitt verulegar fjárhæðir af hlaupareikningi nr. 3568 í Sparisjóði Reykjavíkur og nágrennis andstætt 8. gr. laga nr. 6/1978 um gjaldþrot. Telja verður, að heimilt hafi verið eftir atvikum að greiða eftirtaldar kröfur af reikningi nr. 3568: Fylgiskjal nr. 1387, 1388, 1389, 1390, 1391, 1392 og 2060, samtals að fjárhæð 357.337 kr. Aðrar greiðslur, samtals að fjárhæð 726.098 kr., voru vegna skulda, sem ákærða Ingvari Sveinssyni sem stjórnarmanni og framkvæmdastjóra hlutafélagsins hlaut að vera ljóst, að skerða myndu fullnusturétt annarra lánardrottna. Ekki verður af gögnum málsins séð, að aðstoðarmaður hafi gefið leyfi sitt til greiðslnanna. Hins vegar verður ekki talið, að ákærðu Hanna og Björn hafi verið í aðstöðu til að fylgjast með og/eða hindra greiðslurnar, enda máttu þau ætla, að ákærði Ingvar leitaði ráða hjá aðstoðarmanni félagsins á greiðslustöðvunartíma.

Samkvæmt framansögðu verður ákærði Ingvar Sveinsson sakfelldur samkvæmt þessum ákærulið, og varðar brot hans við 4. tl. 1. mgr. 250. gr. almennra hegningarlaga. Hins vegar ber að sýkna ákærðu Hönnu og Björn af þessum ákærulið.

Samkvæmt ákærulið II.2. er ákærðu stjórnarmönnum Töggs hf. gefið að sök að hafa á sama hátt og í ákærulið II.1. greinir greitt gjaldfallnar kröfur af hlaupareikningi nr. 72 í Iðnaðarbanka Íslands hf. Telja verður, að allar þær greiðslur, er í þessum ákærulið greinir, hafi verið óheimilar og ákærða Ingvari Sveinssyni refsiverðar, með sömu rökum og greinir um ákærulið II.1. hér að framan. Varðar háttsemi ákærða Ingvars við 4. tl. 1. mgr. 250. gr. almennra hegningarlaga. Hins vegar ber með sömu rökum og greinir hér að framan að sýkna ákærðu Hönnu og Björn af þessum ákærulið.

Ákæruliður II.3.

— — —

Niðurstöður.

Viðskipti þau við Sparisjóð Reykjavíkur og nágrennis, sem lýst er í þessum ákærulið, voru þáttur í eðlilegum og nauðsynlegum viðskiptum, sem ekki verður séð, að hafi skaðað þrotabúið eða verið til þess fallin. Hins vegar virðist ákærði Ingvar Sveinsson hafa látið greiða með millifærslu á viðskiptareikning Töggs hf. persónulega skuld sína, að fjárhæð 94.584,80 kr. Var þessi ráðstöfun óviðkomandi rekstri Töggs hf. og til þess fallin að skerða hlut lánardrottna. Var ákærða Ingvari þetta ljóst sem stjórnarmanni og framkvæmdastjóra hlutafélagsins. Verður ákærði Ingvar Sveinsson því sakfelldur fyrir brot gegn 4. tl. 1. mgr. 250. gr. alm. hgl., að því er þessar tilteknu ráðstafanir varðar. Ekki verður talið, að ákærðu Hanna og Björn hafi haft vitneskju um þessar síðastgreindu ráðstafanir, og verða þau sýknuð af þessu ákæruatriði. Að því er aðrar ráðstafanir varðar, verður að telja, eins og að framan er rakið, að um eðlilegan og nauðsynlegan þátt hafi verið að ræða í rekstri félagsins á greiðslustöðvunartíma, sem ekki verður séð, að ákærðu Ingvar, Hanna og Björn beri refsiábyrgð á. Verða ákærðu því sýknuð að þessu leyti.

Forsvarsmenn Sparisjóðs Reykjavíkur og nágrennis tóku þá ákvörðun að halda viðskiptum við Tögg áfram í því skyni að aðstoða við endurreisn á fjárhag fyrirtækisins. Ein aðgerð í því skyni var að veita fyrirtækinu fyrirgreiðslu með þeim hætti, sem lýst hefur verið og áður hafði tíðkast. Án þessara bankaviðskipta hefði ekki verið unnt að halda fyrirtækinu gangandi. Ráðstafanir þessar brutu því ekki í bága við 8. gr. laga nr. 6/1978 um gjaldþrot. Ekki verður með neinu móti séð, að ákærðu X og Y hafi með þessu gerst brotleg við þau ákvæði hegningarlaganna, er tilgreind eru í ákæru, og ber því að sýkna ákærðu af ákæru í máli þessu.

Ákæruliður III.1.

— — —

Niðurstöður.

Einkaúttekt sú, sem fjallað er um í þessum ákærulið, er í andstöðu við 112. gr. laga nr. 32/1978 um hlutafélög.

Úttekt þessi virðist hafa vaxið verulega, eftir að ákærði Björn Sveinsson hætti hjá félaginu. Verður að telja, að í síðasta lagi í ágúst 1985 hafi allar úttektir ákærða Ingvars Sveinssonar umfram samningsbundin laun verið óheimilar skv. 112. gr. hlutafélagalaga. Samkvæmt gögnum málsins virðist óformleg samþykkt hafa verið fyrir viðskiptareikningi og úttektum af

honum, og virðast úttektirnar hafa verið miðaðar við árslaun. Engin formleg samþykkt virðist vera til um þessa tilhögun, en þessi framkvæmd var látin óátalin og kom til skoðunar um hver áramót. Úttektir ákærða Ingvars Sveinssonar frá árinu 1985 voru langt umfram það, sem talið verður, að honum hafi verið leyfilegt samkvæmt þeim heimildum, sem fyrir voru í félaginu. Verður að telja, að þessar úttektir hafi verið þess eðlis, að varði ákærða Ingvar Sveinsson refsingu samkvæmt 247. gr. almennra hegningarlaga.

Úttektir ákærðu Hönnu samkvæmt áðurgreindum viðskiptareikningi á árunum 1985 og 1986 verða ekki taldar henni til sakar sem fjárdráttur, enda hafði hún ekki með höndum fjárvörslu fyrirtækisins. Þá verður ekki talið, að um skilasvik af hennar hálfu sé að ræða varðandi þessar úttektir, enda ósannað, að fjárhagsstaða fyrirtækisins hefði óhjákvæmilega leitt til gjaldþrots, sbr. það, sem áður hefur verið rakið um það atriði.

Um úttekt, sem skráð er á ákærðu Hönnu á árinu 1987, að fjárhæð 141.336 kr., sem gerð var á síðustu dögum fyrir greiðslustöðvun og ákærðu hlýtur að hafa verið kunnugt um, verður þó að telja, að ákærðu Hönnu hafi á þeim tíma verið ljós eða mátt vera ljós staða fyrirtækisins, ólögmæti úttektarinnar og að hún væri til þess fallin að skerða fullnusturétt lánardrottna. Hefur hún með þessu atferli sínu brotið gegn 4. tl. 1. mgr. 250. gr. alm. hgl.

Ákæruliður IV.1.

— — —

Niðurstöður.

Samkvæmt þessum ákærulið er ákærða Ingvari Sveinssyni gefið að sök að hafa slegið eign sinni á nýja Saab-bifreið þremur dögum fyrir gjaldþrot félagsins með því að leggja inn í bókhaldið málamyndaskuld vegna óuppgerðs orlofs.

Samkvæmt gögnum málsins var orlofskröfu ákærða rift með dómi með þeim röksemdum, að ekki hefði verið að finna í bókhaldi Töggs hf. upplýsingar um óuppgert orlof ákærða og því ekki sýnt fram á, að orlofskrafan hafi átt við rök að styðjast.

Upplýst er í máli þessu, að orlofskrafa ákærða var ekki færð í bókhald félagsins sem ógreitt orlof.

Þá er upplýst samkvæmt gögnum málsins, að ákærði tók sér að minnsta kosti að hluta til sumarleyfi umrædd ár. Hér var um einhliða ákvörðun að ræða, sem var ekki borin undir stjórn félagsins. Engin gögn eða sundurliðun er að finna í málinu, sem styðji réttmæti þessarar kröfu. Hins vegar verður að líta til þess ákærða til hagsbóta, að hann kann að hafa átt eitt-

hvert orlof inni. Samkvæmt þessu verður að telja sannað, að ákærði hafi með þessari háttsemi sinni brotið gegn 247. gr. almennra hegningarlaga.

Ákæruliður IV.2.

— — —

Niðurstöður.

Samkvæmt þessum ákærulið er ákærða Ingvari Sveinssyni gefið að sök að hafa dregið sér á árinu 1987 af tékkareikningi nr. 1686 í Verslunarbanka Íslands samtals 1.365.090 kr. og jafnframt af andvirði fjögurra bifreiða, sem seldar voru tilteknum aðilum, samtals 1.171.000 kr., eða alls 2.536.090 kr. Ákærði hefur við rannsókn og meðferð málsins kannast við að hafa hagnýtt fé þetta til eigin nota, en borið því við, að færa hafi átt greiðslurnar í bókhaldið síðar.

Með framburði ákærða, sem er í samræmi við gögn málsins, telst sannað, að ákærði hafi með þessari háttsemi sinni brotið gegn 1. mgr. 247. gr. almennra hegningarlaga.

Ákæruliður IV.3.

— — —

Niðurstöður.

Samkvæmt þessum ákærulið er ákærða Ingvari Sveinssyni gefið að sök að hafa á síðustu dögum greiðslustöðvunar ívilnað tilteknum kaupendum bifreiða með afslætti frá gildandi verðskrá Töggs hf., og nam afslátturinn samtals 390.392 kr.

Samkvæmt fundargerðum félagsins var heimilt að veita starfsmönnum 5% afslátt af útsöluverði bifreiða. Miðað við verðskrá og kaupendur bifreiðanna var sá afsláttur, sem hér um ræðir, umfram þær heimildir, sem giltu í félaginu. Ráðstöfun þessi fór því í bága við 8. gr. laga nr. 6/1978 um gjaldþrot og var til þess fallin að mismuna kröfuhöfum. Verður því að telja sannað, að ákærði Ingvar Sveinsson hafi með þessari háttsemi sinni brotið gegn 4. tl. 1. mgr. 250. gr. almennra hegningarlaga.

Ákæruliður V.1.

— — —

Niðurstöður.

Samkvæmt þessum ákærulið er ákærða Ingvari Björnssyni gefið að sök að hafa lagt á ráðin um framsal viðskiptakröfu, 14.021.034 kr., á hendur meðákærða Ingvari Sveinssyni, eins og rakið hefur verið hér að framan.

Telja verður, að ákæra taki aðeins til afskipta ákærða Ingvars Björnssonar af viðskiptakröfu ákærða Ingvars Sveinssonar, en ekki til skuldajöfnunar á kröfum á hendur fjórum tilgreindum aðilum. Með vísan til rökstuðnings fyrir sýknu ákærðra stjórnarmanna Töggs hf., að því er þessa ráðstöfun varðar, sbr. niðurstöður í ákærulið I.3., ber að sýkna ákærða Ingvar Björnsson, að því er þennan ákærulið varðar.

Ákæruliður V.2.

— — —

Niðurstöður.

Samkvæmt þessum ákærulið er ákærða Ingvari Björnssyni gefið að sök að hafa lagt ákærða Ingvari Sveinssyni ráð um sölu bifreiða þeirra, er greinir í ákærulið IV.3., 1., 2. og 4. tl., og þannig misnotað sér, samstarfsmanni og bróður aðstöðu sína sem aðstoðarmaður Töggs hf. á greiðslustöðvunartíma. Ákærði er ekki saksóttur fyrir að hafa notað þóknunarreikning sinn til greiðslu á bifreiðum þeim, er seldar voru honum og samstarfsmanni hans, en samkvæmt gögnum málsins hefur greiðslu Töggs hf. 12. júní 1987 á reikningi ákærða Ingvars Björnssonar, að fjárhæð 882.921 kr., verið rift. Í úrskurði skiptaréttar Reykjavíkur frá 22. nóvember 1988 segir svo m.a.: „Burtséð frá (sic) kröfu varnaraðila í þrotabú Töggs hf. er alveg ljóst, að greiðsla Töggs hf. á reikningi varnaraðila, þremur dögum áður en greiðslustöðvun átti að renna út og fjórum dögum áður en bú félagsins var að kröfu stjórnar þess tekið til gjaldþrotaskipta, verður að teljast varnaraðila til hagsbóta á ótilhlýðilegan hátt á kostnað annarra kröfuhafa, þar til úr því hefur verið skorið, hve sanngjörn þóknun til hans skuli vera. Ekki síst er háttsemi þessi ótilhlýðileg, þegar litið er til þess, með hverju var greitt. Greiðsla var að hluta til í bifreiðum, sem seldar voru varnaraðila og samstarfsmanni hans með verulegum afslætti. Ráðstöfun þessi leiddi til þess, að eignir félagsins voru ekki til reiðu til fullnustu öðrum kröfuhöfum, þar sem Töggur hf. var á þeim tíma, er greiðslan fór fram, ógjaldfær, og vissi varnaraðili manna best um þá ógjaldfærni og hvert stefndi."

Ákærði var ráðinn aðstoðarmaður hlutafélagsins á greiðslustöðvunartíma. Honum var almennt skylt að stuðla að því, að tilgangur með greiðslustöðvun næðist og að heimild til hennar yrði ekki misnotuð. Ákærða var því óheimilt að stuðla að því, að hann, samstarfsmaður hans og bróðir fengju bifreiðar á greiðslustöðvunartíma með verulegum afslætti. Slíkt fær með engu móti samrýmst fyrrgreindum tilgangi. Ákærði var sem aðstoðarmaður á greiðslustöðvunartíma opinber sýslunarmaður í skilningi 138. gr. almennra hegningarlaga. Verður því að telja sannað, að ákærði hafi með

þessari háttsemi sinni brotið gegn 4. tl. 1. mgr. 250. gr., sbr. 138. gr. og 22. gr. almennra hegningarlaga.

Ákæruliður V.3.

— — —

Niðurstöður.

Samkvæmt þessum ákærulið er ákærða Ingvari Björnssyni gefin að sök nánar tilgreind vanræksla í störfum sínum sem lögmanni og aðstoðarmanni Töggs hf. á greiðslustöðvunartíma. Ætluð afhafnaleysisbrot ákærða, sem um er fjallað í þessum ákærulið, falla ekki undir 139. gr. alm. hgl. Verður ákærði því sýknaður af ákæru um brot gegn þeirri grein. Í sóknarræðu sinni óskaði sækjandi þess, að málið yrði reifað á grundvelli 140. og 141. gr. almennra hegningarlaga, að því er þennan ákærulið varðaði. Þessu var mótmælt af hálfu verjanda. Telja verður, að þessi krafa hafi verið of seint fram komin, enda gaf dómurinn málsaðilum ekki kost á því, að málið væri reifað að þessu leyti. Þá ber að líta til þess, að enda þótt talið yrði, að ákærði hefði með athafnaleysi sínu brotið gegn 140. og 141. gr. almennra hegningarlaga, er ástæða til að ætla, að sök hans sé fyrnd samkvæmt ákvæðum 81. gr. og 82. gr. almennra hegningarlaga.

Ákæruliður VI.

— — —

Niðurstöður.

Ákærðu Ingvari Sveinssyni og Ágústi Ragnarssyni er hér gefið að sök að hafa selt veðsetta lyftara og leynt kaupendur veðsetningunni og eigi greitt veðskuldina eða aflýst henni. Sannað telst, að ákærði Ingvar Sveinsson hafi ekki gert reka að því að upplýsa kaupendur þeirra tveggja lyftara, er í máli þessu greinir, um veðsetningu þeirra og ekki heldur sem framkvæmdastjóri félagsins séð um greiðslu eða aflýsingu veðskuldanna. Varðar þessi háttsemi ákærða Ingvars við 248. gr. almennra hegningarlaga.

Ákærði Ágúst Ragnarsson sá um lyftarasölu og vissi, að þeir (sic) voru veðsettir. Í framburði sínum hjá RLR viðurkennir ákærði að hafa vitað, að umræddur lyftari, sem seldur var Jökli hf. á Raufarhöfn, hafi verið veðsettur. Fyrir dómi hefur ákærði hins vegar ekki kannast við þetta. Ákærða bar sem sölumanni að upplýsa kaupendur um veðsetninguna, en hins vegar var það ekki í verkahring ákærða að sjá um að aflétta veðskuldum. Verður að telja sannað með hliðsjón af framburði ákærða hjá RLR og öðrum gögnum málsins, að ákærði hafi ekki upplýst kaupanda um veðsetninguna með þeim hætti, að varði við 248. gr. almennra hegningarlaga.

C.

Sakaferill ákærðu.

Samkvæmt sakavottorði ákærða Ingvars Sveinssonar hefur hann þrívegis hlotið dóm fyrir brot gegn 248. gr. og 261. gr. almennra hegningarlaga, árið 1967 sex mánaða skilorðsbundið fangelsi, árið 1972 þriggja mánaða skilorðsbundið fangelsi og árið 1974 fimm mánaða óskilorðsbundið fangelsi. Auk þess hefur ákærði nokkrum sinnum á árunum 1961 til 1972 sæst á sektagreiðslur, sem hér þykja eigi skipta máli.

Samkvæmt sakavottorði ákærðu Hönnu Elíasdóttur hefur hún á árunum 1972 til 1983 þrívegis sæst á sektagreiðslur, sem eigi þykja skipta máli hér.

Samkvæmt sakavottorði ákærða Björns Sveinssonar hefur hann eigi sætt refsingu, svo að kunnugt sé.

Samkvæmt sakavottorði ákærða Ágústs Ragnarssonar sættist hann tvívegis árið 1978 á sektagreiðslur vegna umferðarlagabrota.

Samkvæmt sakavottorði ákærða Ingvars Björnssonar hefur hann ekki sætt refsingu, svo að kunnugt sé.

D.

Viðurlög.

Við ákvörðun refsingar ákærða Ingvars Sveinssonar ber að hafa í huga, að með ráðstöfunum sínum kom ákærði því til leiðar, að gífurlegir fjármunir nýttust ekki þrotabúinu við gjaldþrot þess, en ákærði rak fyrirtækið í raun nánast sem einkafyrirtæki sitt. Með vísan til 77. gr. almennra hegningarlaga þykir refsing ákærða hæfilega ákveðin fangelsi í 18 mánuði.

Eftir atvikum þykir mega fresta ákvörðun um refsingu ákærðu Hönnu, Björns og Ágústs, og skal hún niður falla að liðnum þremur árum frá uppkvaðningu dómsins, haldi ákærðu almennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga.

Við ákvörðun refsingar ákærða Ingvars Björnssonar ber að hafa í huga, að ákærða var sem lögmanni falið að vera aðstoðarmaður félagsins á greiðslustöðvunartíma, og var hann sem slíkur opinber sýslunarmaður. Þykir ákærði með broti sínu hafa misnotað aðstöðu sína sér og öðrum til hagsbóta. Refsing ákærða þykir hæfilega ákveðin fangelsi í þrjá mánuði, en fullnustu refsingarinnar þykir mega fresta, og skal hún niður falla að liðnum þremur árum frá uppkvaðningu dómsins, haldi ákærði almennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga.

E.

Leyfissvipting.

Í ákæru eru gerðar þær kröfur, að ákærði Ingvar Sveinsson verði samkvæmt 2. mgr. 68. gr. almennra hegningarlaga sviptur rétti til að fá leyfi

til verslunaratvinnu og ákærði Ingvar Björnsson sviptur leyfi til málflutnings fyrir héraðsdómi. Samkvæmt gögnum málsins rann verslunarleyfi ákærða Ingvars Sveinssonar út árið 1984, og virðist hann ekki hafa endurnýjað það. Með hliðsjón af því, að hér er um stórfelld brot ákærða Ingvars Sveinssonar að ræða, verður fallist á kröfu ákæruvaldsins að þessu leyti, og skal sviptingin standa ævilangt.

Með bréfi, dagsettu 6. desember 1989, óskaði ríkissaksóknari eftir upplýsingum dómsmálaráðuneytisins um það, hvenær ákærði Ingvar Björnsson fékk leyfi til málflutnings fyrir héraðsdómi. Að auki var óskað eftir umsögn ráðuneytisins um mál þetta, sbr. 2. mgr. 21. gr. laga nr. 74/1974. Í svarbréfi ráðuneytisins til ríkissaksóknara, dagsettu 24. janúar 1990, segir, að leyfi til málflutnings fyrir héraðsdómi hafi verið gefið út til ákærða 15. janúar 1974. Síðan segir í bréfinu:

„Að því er meint brot lögmannsins sem lögmanns Töggs hf. og aðstoðarmanns stjórnar Töggs hf. á greiðslustöðvunartíma varðar, er ljóst, að lögmaðurinn er opinber sýslunarmaður samkvæmt 1. gr. laga um málflytjendur og hefur því réttindi og skyldur samkvæmt því.

Störf hans fyrir Tögg hf. sem lögmanns félagsins og ráðins aðstoðarmanns samkvæmt 7. gr. gjaldþrotalaga nr. 6/1978 teljast að mati ráðuneytisins opinber störf í skilningi XIV. kafla almennra hegningarlaga, og brot, sem hann kann að hafa framið sem slíkur, varða við þau lagaákvæði."

Háttsemi sú, sem ákærði Ingvar Björnsson hefur verið sakfelldur fyrir í máli þessu, var honum ósamboðin sem lögmanni og aðstoðarmanni félagsins á greiðslustöðvunartíma. Þykir ekki verða hjá því komist með vísan til 2. mgr. 68. gr. almennra hegningarlaga að svipta hann leyfi til málflutnings fyrir héraðsdómi í sex mánuði frá birtingu dómsins að telja. Áfrýjun frestar áhrifum þessa dómsákvæðis, sbr. 5. mgr. 68. gr. almennra hegningarlaga.

F.

Sakarkostnaður.

Samkvæmt reglum XVI. kafla laga nr. 74/1974 ber að dæma ákærða Ingvar Sveinsson til greiðslu ¾ hluta málsvarnarlauna skipaðs verjanda síns, Jónatans Sveinssonar hrl., sem þykja hæfilega ákveðin 500.000 kr.

Ákærða Hanna Elíasdóttir greiði ¼ hluta málsvarnarlauna skipaðs verjanda síns, Jóns Magnússonar hrl., sem þykja hæfilega ákveðin 300.000 kr.

Ákærði Björn Sveinsson greiði ¼ hluta málsvarnarlauna skipaðs verjanda síns, Bjarna Ásgeirssonar hdl., sem þykja hæfilega ákveðin 300.000 kr.

Ákærði Ágúst Ragnarsson greiði málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns,

Gísla Baldurs Garðarssonar hrl., sem þykja hæfilega ákveðin 200.000 kr.

Ákærði Ingvar Björnsson greiði helming málsvarnarlauna skipaðs verjanda síns, Guðmundar Ingva Sigurðssonar hrl., sem þykja hæfilega ákveðin 350.000 kr.

Málsvarnarlaun skipaðs verjanda ákærðu X og Y, Baldurs Guðlaugssonar hrl., sem þykja hæfilega ákveðin 350.000 kr., svo og annar sakarkostnaður, er þau varðar, greiðist úr ríkissjóði.

Annar sakarkostnaður, þar með talin saksóknarlaun, er renni til skipaðs sækjanda, Atla Gíslasonar hrl., og þykja hæfilega ákveðin 750.000 kr., skiptist þannig, að ákærði Ingvar Sveinsson greiði 2/5, ákærðu Hanna, Björn, Ágúst og Ingvar Björnsson greiði 1/5 óskipt, en 2/5 greiðist úr ríkissjóði.

Dómsorð:

Ákærði Ingvar Sveinsson sæti fangelsi í 18 mánuði.

Ákvörðun um refsingu ákærðu Hönnu Elíasdóttur, Björns Sveinssonar og Ágústs Ragnarssonar er frestað, og skal hún falla niður að liðnum þremur árum frá uppkvaðningu dómsins, haldi ákærðu almennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga.

Ákærði Ingvar Björnsson sæti fanglesi í þrjá mánuði, en fullnustu refsingarinnar skal fresta, og skal hún niður falla að liðnum þremur árum frá uppkvaðningu dómsins, haldi ákærði almennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga.

Ákærðu X og Y skulu vera sýkn af öllum kröfum ákæruvaldsins í máli þessu.

Ákærði Ingvar Sveinsson skal sviptur rétti til að fá leyfi til verslunaratvinnu ævilangt.

Ákærði Ingvar Björnsson skal sviptur leyfi til málflutnings fyrir héraðsdómi í sex mánuði frá birtingu dómins að telja. Áfrýjun frestar áhrifum þessa dómsákvæðis.

Ákærði Ingvar Sveinsson greiði ¾ hluta málsvarnarlauna skipaðs verjanda síns, Jónatans Sveinssonar hrl., 500.000 kr. Ákærða Hanna Elíasdóttir greiði ¼ hluta málsvarnarlauna skipaðs verjanda síns, Jóns Magnússonar hrl., 300.000 kr. Ákærði Björn Sveinsson greiði ¼ hluta málsvarnarlauna skipaðs verjanda síns, Bjarna Ásgeirssonar hdl., 300.000 kr. Ákærði Ágúst Ragnarsson greiði málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Gísla Baldurs Garðarssonar hrl., 200.000 kr. Ákærði Ingvar Björnsson greiði helming málsvarnarlauna skipaðs verjanda síns, Guðmundar Ingva Sigurðssonar hrl., 350.000 kr. Málsvarnarlaun skipaðs verjanda ákærðu X og Y, Baldurs Guðlaugssonar hrl., 350.000 kr., greiðist úr ríkissjóði.

Annan sakarkostnað, þar með talin saksóknarlaun, 750.000 kr., er renni til skipaðs sækjanda, Atla Gíslasonar hrl., greiði ákærði Ingvar Sveinsson að 2/5, ákærðu Hanna, Björn, Ágúst og Ingvar Björnsson óskipt að 1/5, en 2/5 greiðist úr ríkissjóði.

Fimmtudaginn 26. mars 1992.

Nr. 519/1991. **Ákæruvaldið**

(Hallvarður Einvarðsson ríkissaksóknari)

gegn

X

(Þorsteinn Júlíusson hrl.)

og

Y

(Atli Gíslason hrl.).

Rán. Líkamsárás leiðir til dauða. Hlutdeild. Skilorð. Sératkvæði.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Guðrún Erlendsdóttir, Haraldur Henrysson, Hjörtur Torfason, Hrafn Bragason og Pétur Kr. Hafstein.

Ríkissaksóknari skaut máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 22. nóvember 1991 samkvæmt 1. tl. 1. mgr. 175. gr. laga nr. 74/1974 um meðferð opinberra mála, að því er varðar ákærða, X, en einnig að því er varðar ákærðu, Y. Af ákæruvaldsins hálfu er krafist sakfellingar samkvæmt ákæru og þyngingar á refsingu.

Fyrir Hæstarétt hafa verið lögð nokkur ný gögn um ákærðu, Y. Varða þau aðallega hegðun hennar eftir uppkvaðningu héraðsdóms, en einnig er meðal gagnanna vottorð Áskels Arnar Kárasonar deildarstjóra, þar sem hann staðfestir, að hún hafi verið vistuð í lokaðri vistun á móttökudeild Unglingaheimilis ríkisins tímabilið 14. mars 1991 til 7. júní sama ár, alls 86 daga.

Málavextir eru raktir í hinum áfrýjaða dómi.

Staðfesta ber þá niðurstöðu hins áfrýjaða dóms, að ákærðu hafi orðið sek um brot á 252. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940 og að þátttöku þeirra beggja beri að heimfæra undir lokamálslið greinarinnar. Þótt sannað sé, að ákærði, X, hafi með árás sinni á Úlfar Úlfarsson veitt honum áverka þá, er leiddu hann til bana, þykir, þegar framburður ákærðu og önnur rannsóknargögn eru virt, ekki sannað, að ákærði hafi hlotið að sjá þær afleiðingar fyrir. Verður hann því sýknaður af ákæru fyrir brot á 211. gr. almennra hegningarlaga. Hins vegar ber að heimfæra brot hans til 2. mgr. 218. gr. sömu laga, þar sem hann mátti gera sér grein fyrir hættu

þeirri, sem árás hans var samfara. Þá þykir ákærða, Y, hafa mátt gera sér grein fyrir hættu þeirri, sem fylgdi beitingu ákærða, X, á hnúajárnunum, en það var þáttur í skipulögðum ránum þeirra. Brot hennar þykir því einnig eiga að heimfæra til 2. mgr. 218. gr. almennra hegningarlaga, sbr. 22. gr. sömu laga.

Ákærðu eru bæði sakhæf. Bæði ránin voru framkvæmd á mjög fólskulegan hátt, og annað þeirra hafði í för með sér andlát þess, er á var ráðist. Þau hafa hins vegar ekki áður hlotið dóm um brot á refsilögum og voru mjög ung, þegar þau frömdu verknaðinn, hann 17 ára, en hún 15 ára, og ber að taka tillit til þess við ákvörðun refsingar, sbr. 2. tl. 1. mgr. 74. gr. almennra hegningarlaga. Þá hafa þau bætt árásarþolanum Arnþóri Jónssyni tjón hans að kröfu hans.

Ákærði, X, skýrði, eftir að upp um brot hans komst, mjög hreinskilnislega frá öllum atvikum að því. Refsing hans þykir með hliðsjón af 77. gr. almennra hegningarlaga hæfilega ákveðin fangelsi í 5 ár. Samkvæmt 76. gr. almennra hegningarlaga kemur gæsluvarðhaldsvist hans frá 15. mars 1991 til dagsins í dag til frádráttar refsingunni með fullri dagatölu.

Refsing ákærðu, Y, þykir með hliðsjón af 77. gr. almennra hegningarlaga hæfilega ákveðin fangelsi í 3 ár. Samkvæmt 76. gr. almennra hegningarlaga er rétt að ákveða, að framangreind vistun hennar á Unglingaheimili ríkisins í 86 daga komi að fullu til frádráttar refsingunni, sbr. 3. tl. 69. gr. laga nr. 74/1974. Með tilliti til ungs aldurs hennar, hegðunar hennar að undanförnu og þeirrar meðferðar, sem hún hefur notið, allt frá því er upp um brot hennar komst, þykir mega fresta þeirri refsingu hennar, sem ekki hefur verið tekin út, sbr. 57. gr. a almennra hegningarlaga, og skal hún falla niður að liðnum 3 árum frá uppkvaðningu dóms þessa að telja, haldi hún almennt skilorð 57. gr. sömu laga og hlíti á sama tíma einnig sérstöku umsjónarskilyrði 1. tl. 3. mgr. sömu greinar.

Ákvæði héraðsdóms um sakarkostnað skal vera óraskað.

Ákærðu skulu greiða allan áfrýjunarkostnað máls þessa, svo sem nánar greinir í dómsorði.

Dómsorð:

Ákærði, X, sæti fangelsi í 5 ár, en gæsluvarðhaldsvist hans frá 15. mars 1991 komi refsingu hans til frádráttar með fullri dagatölu.

Ákærða, Y, sæti fangelsi í 3 ár, en vist hennar á Unglingaheimili ríkisins í 86 daga komi refsingu hennar til frádráttar með fullri dagatölu. Fresta skal fullnustu refsingar hennar að öðru leyti og hún falla niður að þremur árum liðnum, haldi hún almennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940 og hlíti sérstöku umsjónarskilyrði 1. tl. 3. mgr. sömu greinar, sbr. í báðum tilvikum 4. gr. laga nr. 22/1955.

Ákvæði héraðsdóms um sakarkostnað skal vera óraskað.

Ákærðu greiði óskipt allan áfrýjunarkostnað máls þessa, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, 130.000 krónur, en málsvarnarlaun skipaðra verjenda sinna skulu þau greiða hvort fyrir sig, ákærði, X, Þorsteini Júlíussyni hæstaréttarlögmanni, 130.000 krónur, og ákærða, Y, Atla Gíslasyni hæstaréttarlögmanni, 130.000 krónur.

Sératkvæði
Haralds Henryssonar hæstaréttardómara.

Ég er samþykkur atkvæði meiri hluta dómenda að öllu öðru leyti en því, að ég tel, að sýkna beri ákærðu, Y, af ákæru fyrir hlutdeild í broti ákærða, X, gegn 2. mgr. 218. gr. almennra hegningarlaga. Ákærðu eru bæði sakfelld fyrir rán samkvæmt 252. gr. sömu laga, og vegna þeirrar hættu, sem var samfara ráninu, er atferlið heimfært undir lokamálslið greinarinnar. Ekki er sannað í málinu, að ákærða, Y, hafi veitt liðsinni eða hvatningu til frekari aðfarar að Úlfari Úlfarssyni en þeirrar, sem fellur undir verknaðarlýsingu 252. gr. hegningarlaganna. Eins og hér háttar til, þykir mér því ekki unnt að sakfella hana sérstaklega vegna afleiðingar árásar ákærða, X.

Sératkvæði
Hjartar Torfasonar hæstaréttardómara.

Rán þeirrar tegundar, sem um ræðir í máli þessu, eru hættuleg og andstyggileg og brýn nauðsyn að sporna við þeim, bæði almennt og vegna afleiðinga eins og þeirra, sem hér komu fram. Afbrot ákærðu voru þó ekki liður í annarri brotastarfsemi eða tengd afbrigðilegu líferni. Voru ákærðu ekki komin út á glæpabraut, áður

en brotin voru framin, en höfðu búið við erfiða persónuhagi. Virðist æska þeirra og reynsluleysi hafa átt einna ríkastan þátt í atferli þeirra. Á þetta einnig við um það hættulega tiltæki ákærða, X, að nota heimasmíðuð hnúajárn við árásirnar, en sannað má telja, að hann hafi ekki beitt þeim áður í átökum.

Ákvæði 57. gr. almennra hegningarlaga eru gagngert til þess ætluð að veita dómstólum óskorað vald um frestun á fullnustu refsingar við hvaða broti sem er. Þessu úrræði laganna verður að beita af varúð og með hæfilegu tilliti til jafnræðissjónarmiða. Hins vegar missir heimildin marks, ef beiting hennar verður með öllu kerfisbundin.

Með hliðsjón af æsku ákærða, X, og atvikum varðandi brot hans ásamt þeim upplýsingum um hagi hans, sem raktar eru í héraðsdómi, tel ég nægar ástæður fram komnar til þess að fresta fullnustu á refsingu hans að því leyti, sem hún er ekki þegar afplánuð, en hann hefur nú verið vistaður í gæsluvarðhaldi í tiltækum stofnunum um meira en eins árs skeið. Verði refsingin skilorðsbundin um 5 ár og háð áskilnaði um umsjón samkvæmt 1. og 2. tl. 3. mgr. 57. gr. almennra hegningarlaga. Um önnur atriði málsins er ég sammála meiri hluta dómenda að öllu leyti.

Dómur sakadóms Kjósarsýslu 1. október 1991.

Ár 1991, þriðjudaginn 1. október, er á dómþingi sakadóms Kjósarsýslu, sem háð er að Strandgötu 31, Hafnarfirði, af Guðmundi L. Jóhannessyni héraðsdómara, kveðinn upp dómur í sakadómsmálinu nr. 1687-1688/1991: Ákæruvaldið gegn Y og X.

Mál þetta, sem dómtekið var 10. september sl., er með ákæruskjali ríkissaksóknara, dags. 28. júní 1991, höfðað gegn Y og X fyrir eftirgreind brot á almennum hegningarlögum, framin í Reykjavík aðfaranótt sunnudagsins 3. mars 1991:

I. Manndráp og rán.

Fyrir að hafa í félagi rænt Úlfar Úlfarsson, kt. 050163-547, í sundi við Bankastræti 14, þar sem Y gaf sig á tal við Úlfar og fékk hann með sér innar í sundið. Veittist ákærði, X, þar að Úlfari, sem sat í tröppum, og sló hann með hnúajárnum á krepptum hægri hnefa tvö til þrjú högg í andlitið, svo að Úlfar missti meðvitund, sló hann síðan fleiri högg í andlitið að áeggjan meðákærðu, meðan hún leitaði í fórum Úlfars, og tók af honum veski með um 1.100-1.200 krónum, sem ákærðu köstuðu eign sinni á.

Hlaut Úlfar við árásina rof á heilaæð og blæðingu á heila, sem leiddi hann skömmu síðar til dauða.

II. Rán.

Nokkru eftir ofangreint rán sammælst um að ræna Arnþór Jónsson, kt. 090858-610, sem þau sáu í Lækjargötu vestan Stjórnarráðshússins, og ákærða í því skyni gefið sig á tal við Arnþór og fengið hann með sér upp Hverfisgötu og þar inn í sund við hús nr. 14, þar sem ákærði X réðst á Arnþór og sló hann nokkrum sinnum í andlitið með hnúajárnum á krepptum hægri hnefa. Tókst ákærðu, Y, er ákærði, X, og Arnþór áttu í átökum, að ná af Arnþóri lyklum og seðlaveski með tékkhefti og um 1.000 krónum, sem ákærðu slógu eign sinni á, og yfirgáfu ákærðu Arnþór meðvitundarlítinn, eftir að hafa veitt honum frekari áverka á höfuð.

Hlaut Arnþór eftirgreinda áverka vinstra megin í andlit: sár í neðri vör, bólgu og blæðingar í nefi, mikið og bólgið glóðarauga og mar á enni.

Þykir háttsemi ákærðu, sem lýst er í I. lið ákæru, varða við 211. gr. almennra hegningarlaga nr. 19, 1940, en til vara við 2. mgr. 218. gr. sömu laga, sbr. 11. gr. laga nr. 20, 1981, í báðum tilvikum sbr. 22. gr. hegningarlaganna, að því er varðar ákærðu, Y, en ránin í báðum liðum ákæru við 252. gr. hegningarlaganna.

Þess er krafist, að ákærðu verði dæmd til refsingar og til greiðslu alls sakarkostnaðar.

Ákærðu eru bæði komin yfir lögaldur sakamanna. Ákærða, Y, er fædd ....., og hefur ekki sætt refsingum, svo að kunnugt sé. Ákærði, X, er fæddur ....., og hefur ekki sætt refsingu, svo að kunnugt sé.

— — —

Málavextir.

I. Mannslát við Bankastræti 14, Reykjavík.

Sunnudaginn 3. mars 1991 kl. 7.05 hringdi Jón Valur Guðmundsson, Faxatúni 17, Garðabæ, á lögreglustöðina við Hverfisgötu í Reykjavík og tilkynnti, að maður lægi meðvitundarlaus við dvalarstað sinn að Bankastræti 14, Reykjavík. Fóru tveir lögreglumenn á staðinn ásamt sjúkraliðsmönnum, en í fylgd þeirra var læknir. Var Jón Valur þar á staðnum og vísaði þeim á mann, sem lá neðarlega í tröppunum að inngangi að íbúð hans, en gengið er inn í hana frá bakhlið hússins, en inn á baklóðina er farið um undirgang frá Skólavörðustíg. Maðurinn lá á bakinu í tröppunum með höfuð upp, en fætur voru krumpaðir (sic) undir honum, og var hann kaldur viðkomu. Að áliti læknisins, sem kom með sjúkrabifreiðinni, var maðurinn látinn. Var hann með sár á vinstra gagnauga og vinstra kinnbeini. Eftir að rannsóknarlögreglumenn frá Rannsóknarlögreglu ríkisins voru

komnir á staðinn og höfðu kannað vettvang, var maðurinn færður til, og kom þá í ljós, að hann var með sár á hnakka hægra megin, og var sjáanlegt hár á tröppubrún rétt við þann stað, sem höfuð hans lá. Við lauslega athugun lögreglumannanna í vösum hins látna var ekkert að finna nema tvo tíukrónapeninga, en engin skilríki um, hver hinn látni gæti verið. Annar lögreglumannanna, sem komu fyrstir á staðinn, Óskar Kristjánsson, lýsti manninum sem meðalmanni á hæð, 25-30 ára gömlum, dökkhærðum, með kollvik, en frekar þunnhærðum. Hann hafi verið í svörtum, mittissíðum, þykkum jakka, með svartan trefil um háls, í þunnum, grábrúnum bol, bláum gallabuxum með belti, svörtum sokkum og brúnum rúskinnsskóm, reimuðum. Hann hafi ekki verið með armbandsúr eða hringa, en hjá honum hafi verið par af leðurhönskum, og hann hafi legið að hluta á öðrum þeirra.

— — —

Lík Úlfars var krufið, og í krufningarskýrslu Gunnlaugs Geirssonar prófessors kemur fram þessi frumályktun um dánarorsök:

„Samkvæmt því, sem greint er frá í lögregluskýrslum, svo og því, sem fannst við krufningu og réttarefnafræðilega rannsókn, má ályktа, að maðurinn hafi látist af höfuðáverka, sem olli heilablæðingu. Áverkar í andliti vinstra megin voru þess eðlis, að gætu hafa verið eftir högg eða pústra. Var um að ræða mar í mjúkvefjum og fleiður á yfirborði hörunds, en ekki meiri háttar áverka eða beinbrot. Áverkarnir á höfuðið hafa valdið rofi í heilaæð með blæðingu umhverfis heilastofn og mjúku heilahimnur. Ekki var að sjá, að neitt væri athugavert við æðarnar, sem hefði getað stuðlað að blæðingu þessari. Sömuleiðis var ekki að sjá, að neitt væri athugavert við blóð mannsins, sem gæti hafa stuðlað að blæðingum. Hann var mjög ölvaður, er hann lést, og hafði tekið lyfið perfenacin (trilafon), áður en hann lést, og var það í lækningalegum skömmtum, en hefur getað aukið á áhrif áfengis. Af framanskráðu þykir líklegt, að maðurinn hafi í ölvunarástandi hlotið áverka af völdum annars manns með þeirri afleiðingu, að blæddi á heilann."

Í réttarefnafræðilegu mati Þorkels Jóhannessonar, prófessors í lyfjafræði, um rannsókn á blóði og þvagi úr Úlfari segir svo:

„Magn etanóls í blóði mældist 2,56‰ og 3,36‰ í þvagi. Hvorki amfetamín, kannabinóíðar né kókaín/benzóýlekgónín eða morfín eða skyld lyf voru í mælanlegu magni í blóðinu. Við síun á basískum lyfjum í blóði fundust engin lyf eða eiturefni, sem greina má með þeirri aðferð. Beðið var sérstaklega um að ákvarða perfenazín í blóði, og var magn þess 16 ng/ml.

Niðurstöðutölur þessara rannsókna staðfesta því, að maðurinn hafi verið mjög ölvaður, er hann lést. Magn perfenazíns, sem er sefandi lyf, var enn fremur margfalt meira en svarar til töku þess í lækningalegum skömmtum. Eituráhrif perfenazíns eru fremur lítil. Engu að síður verður að ætla, að taka svo mikils magns af perfenazíni og hér ræðir um svo og neysla áfengis í þeim mæli, er hér um ræðir, geti saman hafa dregið manninn til dauða."

— — —

Það er svo nokkru síðar, um 14. mars, sem rannsóknarlögreglan fær vísbendingu um, að ákærðu og fleiri ungmenni úr Mosfellsbæ gætu verið viðriðin dauða Úlfars, en útlit ákærðu samsvarar að mörgu leyti til framangreindrar lýsingar Björns.

Ákærðu voru bæði færð fyrir rannsóknarlögreglu til skýrslutöku 14. mars sl., en skýrslan þó fyrst tekin af ákærðu, Y, sem viðurkenndi að búa yfir vitneskju í máli þessu, þ.e., að hún hefði verið viðstödd framangreint manndráp í Bankastræti aðfaranótt sunnudagsins 3. mars sl. og vissi hver væri valdur að því. Eftir að henni hafði verið skipaður réttargæslumaður, greindi hún svo frá því, að meðákærði, X, hefði ráðist á Úlfar og barið hann í andlitið, og lét hún fyrst í það skína, að hún hefði ekki fylgst nánar með átökunum, heldur farið út úr portinu, meðan ákærði, X, hefði lamið Úlfar, og dró hún fyrst undan að mestu það, sem varðaði þátt hennar í aðförinni að Úlfari, en síðar breytti hún framburði sínum og viðurkenndi þátt sinn að verulegu leyti í því að ræna Úlfar fémæti.

Ákærði, X, viðurkenndi, er hann var tekinn fyrir af rannsóknarlögreglu síðar sama dag, að hafa ráðist á Úlfar umrædda nótt og slegið nokkur högg í andlitið, og er frásögn hans nokkuð ýtarleg og nákvæm, en þó dró hann í fyrstu undan atriði, er vörðuðu hann, en leiðrétti það við síðari yfirheyrslu.

Samkvæmt leiðréttum og nánari skýrslum af ákærða hjá rannsóknarlögreglu og hér fyrir dómi svo og einnig framburði kunningjanna, sem koma úr ....., þeirra A, Á, bróður hans, E, F, og íbúa og gesta að ....., Reykjavík, sem nafngreindir verða hér síðar, er atburðarásin þessi:

Laugardagskvöldið 2. mars sl. um kl. 23.00 koma ákærðu ásamt framangreindum piltum saman á heimili Á, þar sem áfengi var haft um hönd, og höfðu þau flest neytt áfengis, þó mismikils, þar til þau fóru saman til Reykjavíkur með leigubifreið um miðnætti. Þau voru félagar, sem haldið höfðu hópinn í sambandi við skemmtanir o.fl., nema E, sem var nokkru eldri en hin. A, og Y voru saman á þessum tíma og höfðu komið saman heim til Á, og hefur hún haldið því fram, að hún hafi áður tekið inn

sjóveikistöflu til að fá af því vímuáhrif. Ekki hafði hún þó greint A eða öðrum þarna frá því, en hins vegar neytti hún þarna áfengis. Það voru samt fyrst og fremst ákærði, X, og Á, sem þarna neyttu áfengis og voru með áfengi og höfðu með sér til Reykjavíkur. Þau drukku það saman á ferð sinni um Reykjavík, auk þess sem þau neyttu víns og bjórs á þeim veitingastöðum, sem þau fóru á, er þau röltu um bæinn. Þau höfðu komið til Reykjavíkur um eða rétt eftir miðnætti og létu setja sig úr við Hlemm, og var Á þá orðinn mjög ölvaður. Þau höfðu gengið þaðan niður Laugaveg og farið til G, sem býr að ....., en hjá henni voru þá gestkomandi þrjár vinkonur, þær A, C og S. Þær héldu þarna myndlistarkvöld, þ.e. voru að teikna saman, jafnframt því sem þær fengu sér í glas. Íbúð G var frekar lítil, og var þarna þröng á þingi, eftir að ákærðu og kunningjar þeirra komu þangað, og þau því ekki beint vel séð þar. Þau höfðu dvalist þarna í um hálftíma, en héldu þá niður í bæ, og í ferð sinni um Laugaveg og miðbæinn fóru þau inn á nokkra veitingastaði, þar sem neytt var bjórs eða annars áfengis. Þau höfðu þó hvergi komist öll inn á neinn skemmtistað, en E hafði hitt kunningja á veitingastaðnum Tveim vinum við Frakkastíg og orðið þar eftir. Hin höfðu eftir kráarráp og rölt um bæinn haldið aftur að .... um kl. 3.00.

Ákærði, X, hafði þá fyrir um það bil ári smíðað sér hnúajárn, og notaði hann í þau U-laga járn, sem haft er til að festa lista niður á tréverk, og er gat í botni þess og eitt á hvorri hlið. Hann hafði fundið það í bílskúrnum heima hjá sér og flatt það út, þar til það varð að járnplötu, sem hann límdi svo með heftiplástri á svokallaðar lyftingargriplur úr leðri. Hann setti svo upp leðurhanska yfir griplurnar, er hann setti á sig hnúajárnin. Hann gaf þá skýringu á þessu uppátæki, að hann hefði um þetta leyti tvívegis orðið fyrir því, er hann sótti dansleiki, í annað skiptið austur í Aratungu, að margir strákar hefðu veist að sér og borið sig ofurliði og lamið. Hann kvaðst því hafa útbúið járnin til að nota í varnarskyni, ef hann yrði aftur fyrir slíkum árásum, og alltaf hafa haft þau með sér, er hann hefði farið út að skemmta sér. Hann hefði og haft þau með sér, er hann fór þarna um kvöldið í bæinn, og vissu meðákærða og kunningjarnir af því, enda hefði hann sett þau upp á rölti þeirra um bæinn og m. a. lamið þeim í húsrennu, svo að hún beyglaðist.

Þegar ákærðu og félagar komu aftur að ....., voru þau orðin peningalítil, áttu naumast fyrir leigubifreið upp í Mosfellsbæ. F hafði þarna reynt að brjóta upp stöðumæli við ....., en ekki tekist. Öll voru þau þá undir áhrifum áfengis og ákærðu orðin alldrukkin, og enn var Á mjög drukkinn, þó að eitthvað hefði bráð af honum.

Ákærða, Y, hefur borið, að vegna ölvunar og áhrifa frá fyrrgreindri sjóveikistöflu muni hún lítið eftir því, sem gerðist þarna í þetta sinn. Þau

höfðu verið einhverja stund inni hjá G að ..... ásamt áðurnefndum gestum, sem voru þar inni. Þá fara þau að ræða um að fara aftur í bæinn til að ræna fólk og berja, og er ljóst af framburði gestanna, að það eru ákærðu, sem hafa sig mest í frammi í umræðunni, en lítið fer fyrir hinum. A fannst ákærða, Y, hafa verið meira fyrir hópnum og rekið á eftir honum að fara í bæinn í þessum erindagjörðum, en C taldi ákærða, X, hafa haft meiri forystu í umræðunum. Hann hefði þarna tekið upp framangreind hnúajárn og sett á sig, og kvað C það hafa komið skýrt fram, að hann hefði ætlað að beita þeim í fyrirhuguðum ránum, og átti að afla peninga með þeim. Hún kvað enga nema meðákærðu hafa tekið undir, en varð samt ekki vör við nein mótmæli hjá hinum, sem virtist vera sama, nema einum strákanna, sem verið hafi frekar fálátur og ekkert tekið undir þetta, en einn félaga ákærðu var á skilorði vegna refsilagabrots. Ekki er fram komið, að hinir gestirnir hafi séð, er ákærði setti upp hnúajárnin, en vegna þess, hve þröngt var í stofunni, þar sem umræðurnar fóru fram, voru hinir gestirnir meira til hliðar við ákærða. Ákærðu og félagar höfðu svo farið út, og þarna fyrir utan var haldið áfram umræðunni um að fara ránsferð í bæinn. Jafnframt hafði F o.fl. reynt aftur að brjóta upp fyrrgreindan stöðumæli, tókst það og tóku úr honum um 650 kr. í peningum.

Ljóst er af framburði þeirra, að ákærðu höfðu komið sér saman um að fara í ránsferðir í bæinn og ákærði, X, ætlaði að nota hnúajárnin í því sambandi, og átti að ráðast helst á drukkið fólk og hafa af því peninga. Ákærðu höfðu sig bæði í frammi um að fá A og félagana með sér í ránsferðina, og mun hafa verið fyrirhugað, að ákærða, Y, lokkaði drukkna menn inn í húsasund, þar sem ákærði, X, og A sætu fyrir þeim og réðust á þá og hefðu af þeim peninga. A og félagar voru tregir til ferðarinnar, en létu þó til leiðast að fara með, og kvaðst A hafa fallist á það, en ekki til að taka þátt í ránunum, heldur til að fylgjast með Y og reyna að koma í veg fyrir þátttöku hennar. Er þau höfðu öll farið skamman spöl áleiðis niður í bæ, hafði A rekið fótinn utan í eitthvað, svo að upp tóku sig gömul meiðsli og hann tók að haltra. Ákærða, Y, hafði þá fengið hann til að fara aftur að ....., og skyldi Á líka fara með honum, þar eð hann þótti of drukkinn til að taka þátt í ránsferðinni. Varð það úr, að þeir fóru aftur að ..... til G og F með þeim, og fengu þau að bíða þar ákærðu. Ákærðu héldu svo niður Laugaveg frá ...., og er ljóst, þó að ákærða, Y, muni lítið eftir sér á þessari leið að Bankastræti, að þarna lögðu þau niður fyrir sér, hvernig standa skyldi að ránunum, og átti ákærða, Y, að lokka ölvaða og mjög drukkna menn, þó einn í senn, sem yrðu á vegi þeirra, inn í húsasund með því að bera sig illa undan kærasta sínum, en síðar kæmi ákærði að, þar sem hún hefði náð hinum drukkna manni afsíðis, létist vera kærastinn, sem væri reiður, og réðist svo á manninn. Ákærði ætlaði að

nota hnúajárnin til að slá hlutaðeigandi, svo að hann rotaðist eða yrði óvígur og þau gætu hirt af honum peninga eða annað fémæti. Hann hafði á þessari leið sett aftur upp hnúajárnin, og þótt ákærðu sé óljóst í minni, hvað gerðist þarna á leiðinni, hlýtur hún að hafa fylgst með því, því að hún veit, að hann er með hnúajárnin, er hann síðar ræðst á Úlfar. Ákærðu höfðu lagt af stað frá ..... um kl. 3.40-3.45, að því er ákærði ætlaði, og rétt undir kl. 4.00 voru þau á móts við veitingastaðinn Laugavegi 22, en út af honum var þá að koma framangreindur Björn Björnsson og var vel ölvaður og hélt af stað niður í miðbæ, þar sem hann hugðist kaupa sér pylsu, sennilega í pylsubarnum í Hafnarstræti. Samkvæmt framburði ákærða höfðu þau afráðið þarna, að ákærða gæfi sig á tal við manninn, en ákærði færi á undan og inn í port þar fyrir ofan veginn, og þangað átti ákærða að lokka manninn og ákærði svo að ráðast á hann. Ákærða hefur borið, að hún muni fremur óljóst eftir atvikum að þessu vegna ölvunarástands síns og kveður þetta tímabil að mestu hafa dottið út úr minni sínu. Hún minnist þó að hafa hitt þarna mann, sem hún hefði beðið um vindling og taldi, að væri Vestfirðingur. Framburður ákærða er í verulegum atriðum í samræmi við framburð Björns, og þykir mega treysta því, að þarna hafi átt að lokka Björn inn í húsaport ofan við Laugaveg, sennilega á Bergstaðastræti, til að ræna hann, svo sem hann hefur lýst hér að framan. Er hann hafði horfið frá og haldið áfram niður Laugaveg, hafði ákærða kallað til ákærða inn í portið, þar sem hann hafði beðið og hlustað á umræður ákærðu og Björns og átt von á þeim inn í portið, og sagði honum, að maðurinn væri farinn. Þau höfðu þá gengið áfram niður Laugaveg.

Ákærðu voru stödd við gatnamót Laugavegar, Bankastrætis og Skólavörðustígs, er þau höfðu séð mann í eða við undirgang hússins Bankastrætis 14, þar sem það liggur að húsi nr. 2 við Skólavörðustíg. Maðurinn hafði virst ölvaður, og kvað ákærði, X, hann hafa setið í undirganginum, en ákærða, Y, kvað hann hafa staðið, en sagði þó síðar hér fyrir dómi, að verið gæti, að hann hafi hallað sér eða setið upp að húsveggnum. Ákærðu greinir á um, hvort þeirra hafi séð manninn fyrr og hvort hafi átt uppástunguna um að ræna hann. Hins vegar er ljóst, að þau komu sér saman um að ræna hann og að ákærða lokkaði eða fengi hann til að fara innar í portið þar inn af, svo að hann sæist ekki af götunni, og svo kæmi ákærði og réðist á hann, og er augljóst, að að þessu skyldi staðið svo sem áður hafði verið ráðgert. Ákærða fór og talaði við manninn og fékk hann með sér inn í portið og bar sig jafnframt illa undan kærasta sínum. Á hægri hönd við undirganginn, þegar gengið er inn í portið, eru þrep, sem liggja að íbúð á annarri hæð, svo sem fyrr er lýst. Þau ákærða og maðurinn settust neðarlega í þessar tröppur og voru að ræða saman, er ákærði kom

inn í portið, eins og ráðgert var. Hann kvað þau hafa komið sér saman um merkjakerfi, þannig, að hún myndi hlæja hátt, þegar honum væri óhætt að koma, en hún kannast ekki við það. Hann hafði látist vera unnusti ákærðu, sem kæmi óvænt að þeim, og spurt manninn, hvað hann væri að eiga við kærustuna hans, og þá ráðist fyrirvaralaust að honum, en ákærða hafði þá staðið upp eða var staðin upp rétt áður. Ákærðu höfðu þá bæði gert sér grein fyrir, að maðurinn var ölvaður. Maðurinn hafði ekki veitt neina mótspyrnu, í mesta lagi reynt að standa upp og bera handlegginn fyrir sig, en ákærði hafði þá slegið hann a.m.k. þrjú þung hnefahögg í andlitið vinstra megin, svo að hann féll eða hneig aftur fyrir sig í tröppunum, en ákærði hafði áður, eins og fyrr er getið, sett upp hnúajárnin og var með þau á hendinni, er hann sló. Eftir að maðurinn hafði fallið aftur og virtist meðvitundarlaus, tók ákærða að leita í vösum hans að peningum. Meðan á því stóð, hafði heyrst eins og hrothljóð í manninum, og er hann virtist vera að rumska, hafði ákærði slegið hann aftur hnefahögg í andlitið, en hann kvað það ekki hafa verið eins þungt högg og hin fyrri, en verið gæti, að höfuð hans hefði þá slegist í tröppurnar. Ákærða hafði eftir einhverja leit fundið veski mannsins í einhverjum vasa hans, mundi ekki hverjum, og tekið það. Maðurinn hafði eftir það sýnt einhver merki um, að hann væri að rakna úr rotinu, og hafði ákærði þá slegið hann eitt högg enn í andlitið, en þó vægara en hin fyrstu, en tilgangurinn með því var að halda manninum áfram meðvitundarlausum. Eftir þetta höfðu ákærðu haldið á brott, og hafði þá korrað í manninum, eins og hann ætti í öndunarerfiðleikum, og hafði ákærði hugleitt að setja hann í svokallaða læsta hliðarstöðu, en svo talið hann vera í þeirri stöðu, að þess væri ekki þörf. Ákærði kvaðst hafa slegið manninn tvö síðustu höggin eftir hvatningu eða áeggjan frá ákærðu, en því hefur hún neitað. Hún kveður hann hafa sagt sér að taka veski mannsins þarna, en hann kveður hana hafa tekið það upp hjá sjálfri sér, án þess að hann hafi sagt henni að gera það. Hann kvaðst aldrei hafa slegið manninn í hnakkann, heldur taldi hann, að maðurinn hefði frekar hlotið áverka á hnakkann við það, að hann hefði slegist utan í tröppuna, er hann sló manninn. Ákærða kvað manninn hafa verið húkandi mestallan tímann, sem barsmíðarnar stóðu. Ákærði kvaðst ekki hafa ætlað að bana manninum, heldur hefði hann einungis ætlað að rota hann eða gera hann óvígan og gert sér grein fyrir, að enginn kæmist ómeiddur frá því að vera rotaður. Hins vegar hefði það ekki verið tilgangur sinn að meiða manninn og veita honum örkuml. Hann kvaðst ekki hafa gert sér grein fyrir, hverjar afleiðingar það gæti haft að nota hnúajárnin eins og hann gerði, hann hefði enga reynslu haft í notkun þeirra og dómgreind sín verið skert vegna ölvunar. Hvorugt ákærðu kvaðst hafa gert sér þarna grein fyrir, að manninum væri hætta búin með því að skilja hann

eftir svona bjargarlausan. Þau höfðu svo farið út úr portinu og haldið út á Laugaveg og svo niður Bankastræti, og athugaði þá ákærða innihald veskisins, og reyndust vera í því um 1.000 kr. í peningum, skilríki o.fl., þ. á m. ökuskírteini mannsins, og skoðuðu þau það bæði, og vissu þau því, að nafn hans var Úlfar Úlfarsson. Eftir að ákærða hafði tekið peningana úr veskinu og stungið inn á sig, fleygði hún veskinu inn í garð við Stjórnarráðshúsið í Bankastræti. Ákærðu fóru svo um miðbæinn og svo upp Hverfisgötu að ....., eftir að hafa rænt mann í húsaporti við Hverfisgötu, svo sem lýst verður í II. lið hér á eftir. Ákærðu fóru ekki aftur að Bankastræti 14 til að huga að Úlfari, og er ekki fram komið, að það hafi nokkru sinni hvarflað að þeim. Þau höfðu, eftir að þau komu aftur að ....., greint félögum sínum frá ránsferð sinni um bæinn, þ. á m., að þau hefðu rænt og slegið mann að nafni Úlfar Úlfarsson. Þau höfðu síðar, er nafn Úlfars var birt í fjölmiðlum og myndir af portinu, þar sem hann fannst látinn, gert sér grein fyrir, að þau áttu aðild að dauða hans. Um svipað leyti höfðu þau og félagarnir komið saman heima hjá A, þar sem rætt var, hvað gera skyldi, og hafði ekki komið til álita hjá ákærðu að gefa sig fram við lögreglu, heldur ráðgerðu þau helst að fara af landi brott, ef böndin bærust að þeim. Ákærði hafði um þetta leyti fleygt hnúajárnunum út í móa af veginum, sem liggur yfir Lágafellið frá Reykjavegi að Hlíðartúni í Mosfellsbæ, og fundust þau ekki við leit, en sams konar festingarjárn og hann bjó hnúajárnin til úr fannst í bílskúrnum heima hjá honum, og hefur ljósmynd af því verið lögð fram í málinu.

Gunnlaugur Geirsson prófessor, Bjarkargötu 2, Reykjavík, kt. 300140-3279, hefur staðfest framangreinda krufningarskýrslu um Úlfar, og bar hann sem vitni nánar um hana. Hann var spurður um, hvort það magn áfengis og lyfja, sem mældist í blóði og þvagi Úlfars og prófessor Þorkell Jóhannesson telur hafa getað valdið dauða Úlfars, hafi getað verið meðverkandi að dauða hans ásamt áverkunum, sem hann hlaut af völdum ákærða, X. Vitnið kvað áverkana, sem voru á líki Úlfars, vera dánarorsök hans, þ.e. blæðing inn á heila, og ekki hafi reynt á það, hvort hann hefði síðar látist af áfengi því og lyfjum, sem hann hafði tekið inn, en töluvert væri misjafnt, hvað menn þyldu í þeim efnum, og sé það einstaklingsbundið, en afleiðing af mikilli neyslu þessara efna valdi stöðvun öndunar og hjartsláttar. Vitnið kvað blæðinguna inn á heila koma til af því, að snúningur verði á heilanum, sem rífi fíngerðar æðar, svo að blæðing verði. Vitnið kvað blæðinguna ekki þurfa að vera nálægt áverkastað. Það kvað slíkan snúning verða við áverka á höfuð og nefndi sem dæmi, að ef maður fengi höfuðhögg framan á hnakka, gæti áverkinn verið aftan á heilanum, og þurfi yfirleitt snöggt og þungt höfuðhögg til að valda slíkum snúningi.

Þorkell Jóhannesson prófessor, Oddagötu 10, Reykjavík, kt. 300929-3389, staðfesti og hér fyrir dómi álit sitt um áhrif þess magns áfengis og lyfja, sem mældist í Úlfari, og kom fram hjá honum hér fyrir dómi, að hann taldi, að Úlfar hefði verið kominn mjög langt með að ganga frá sér sjálfur, og taldi líklegt, að ástand hans hefði verið slíkt eftir þá neyslu, sem mælingin benti til, að hann hefði ekki náð að standa upp sjálfur, t.d. ekki komist á eigin fótum undan stýri. Þá taldi hann, ef Úlfar t.d. hefði þurft að selja upp, að veruleg hætta hefði verið á því, að hann hefði dáið í eigin uppsölu.

II. Líkamsárás og rán við Hverfisgötu 14, Reykjavík.

Ákærðu gengu um miðbæinn í framhaldi af verknaði þeim, sem lýst er í I. lið hér að framan. Ákærði kvaðst vegna ölvunar muna óljóst eftir sér þarna í miðbænum. Hann hafði þó ráðist að manni, sem ákærða hafði beint inn í húsasund hjá Skólabrú, en þar hafði hann komið út undan ruslagámi, sem þar var, en maðurinn hafði komist undan, án þess að til nokkurra átaka kæmi. Þau höfðu svo síðar, er þau ræddu við félaga sína um ránsferðirnar, talað um þennan mann sem ríka manninn, sem hefði sloppið. Þau höfðu svo gengið norður Lækjargötu að Lækjartorgi, en þá var staddur norðanvert í Bankastræti nálægt gatnamótum Lækjargötu og Bankastrætis Arnþór Jónsson, Lerkilundi 6, Akureyri, kt. 090868-6109, og var talsvert eða mjög drukkinn. Hafði hann verið á veitingastaðnum Glaumbar við Tryggvagötu og drukkið mikið af bjór og sterku áfengi frá því kl. um 20.00 fram til kl. um 3.00, en þá fór hann að rölta um miðbæinn. Ákærðu, sem sáu Arnþór um svipað leyti, komu sér saman um að ræna hann, og þó að þau greini á um eins og í fyrri skiptin, hvort hafi átt uppástunguna, er ljóst, að þau fara að eins og áður höfðu verið lögð á ráð um. Ákærða skyldi gefa sig á tal við Arnþór og fá hann með sér upp Hverfisgötu, en ákærði myndi fara á undan, og átti hún að fá Arnþór inn í húsasund það eða port, sem ákærði vísaði á og færi inn í. Það gekk eftir. Ákærða gaf sig á tal við Arnþór og bar sig illa við hann undan kærasta sínum, sem hún hafði sagt, að væri brjálaður út í sig. Þau höfðu svo gengið upp Hverfisgötu, og hafði hún fylgst með því, er ákærði fór á undan og svo inn í húsasund skáhallt á móti Þjóðleikhúsinu, en það var við hús nr. 14 við Hverfisgötu. Inn í þetta sund fór ákærða með Arnþór og úr því inn í húsaport eða bakgarð. Er þangað var komið, réðst ákærði á Arnþór. Hann var með hnúajárnin á hendinni og sló Arnþór nokkur högg í andlitið í því skyni að yfirbuga hann, svo að þau gætu rænt hann. Arnþór hafði veitt mótspyrnu og náð taki á ákærða, og hafði komið til fangbragða á milli þeirra og þeir fallið í jörðina og velst þar um. Ákærði kvað þarna

hafa komið upp pattstöðu, þannig, að ákærði hafi haft tak á Arnþóri og Arnþór tak á sér, en ákærði kvaðst svo hafa náð að losa hægri höndina og slá Arnþór tvö högg í andlitið og þá haft undirtökin og haldið Arnþóri niðri, meðan ákærða hafi náð að fara í vasa hans og taka af honum lyklakippu með billyklum og húslyklum og fleira, en áður hafði hún náð veski Arnþórs úr hægri rassvasa hans. Hann hafði svo fengið upp gefið hjá Arnþóri, hvar billinn væri, sem billyklarnir gengu að, og hverrar tegundar hann væri, og minnti hann, að hann hefði átt að vera grá Nissan-bifreið, sem hefði verið lagt við Ásvallagötu. Hann kvaðst, meðan hann var að slást við Arnþór, hafa verið að rífast við hann og þá spurt hann, hvers vegna hann hefði verið að eiga við konuna sína, og látist hafa fylgst með honum o.s.frv.

Arnþór Jónsson, sem borið hefur vitni í málinu, mundi ekki mikið eftir átökunum og minnti, að einhverjar stimpingar hefðu orðið milli sín og ákærða og þeir tekist fangbrögðum. Hann mundi eftir að hafa fengið mikið högg við vinstra auga, en mundi svo ekki meira og taldi, að hann hefði rotast fljótlega eftir það.

Ákærða hefur lýst áflogunum á svipaðan hátt og ákærði og kvað þau hafa staðið yfir nokkra stund. Þá kemur fram hjá henni, að áflogunum hafi lokið og Arnþór legið í götunni og verið vankaður, en hún var ekki viss, hvort hann var alveg rotaður eða rænulaus, er hún hafi tekið af honum veskið, lyklakippuna o.fl.

Ákærði kvaðst í viðureigninni hafa misst báða hanskana af sér og verið þá eingöngu með gripluna á hægri hendi í lokin. Hann hafði þá sleppt Arnþóri, sem þá hafi ekki verið alveg rotaður, en óvígur, og farið að leita að hönskunum. Á meðan á leitinni stóð, kvað hann Arnþór hafa virst vera að rakna við, og hefði ákærða þá tekið hellustein, sem þarna var, og látið hann detta tvisvar í höfuð Arnþóri, sem hafi legið á grúfu á jörðinni, og hann virst hálfmeðvitundarlaus á eftir, hættur að velta sér. Ákærði kvaðst ekki hafa slegið Arnþór mjög fast með hnúajárnunum, þar eð hann hefði verið orðinn mjög aumur í hendinni, kominn með mar undan hnúajárnunum og fundið til sársauka í hendinni, þegar hann sló. Ákærða hefur neitað því að hafa látið hellustein detta tvívegis á höfuð Arnþóri, en kveðst minnast þess að hafa fallið þarna um hellustein og fært hann til. Hún kvaðst og hafa þarna stigið á gleraugu Arnþórs og brotið þau. Arnþór man ekki eftir að hafa rumskað svo vel þarna, að hann gæti borið um þetta, og mundi ekki eftir því.

Sams konar hella og sú, sem talin er geta átt við hér og fannst rétt hjá staðnum, þar sem átökin urðu, var tekin til skoðunar af rannsóknarlögreglu. Var hún vegin og reyndist 10,734 kg að þyngd. Ákærða hafði tekið úr veskinu peninga, að upphæð um 1.000 kr., og tékkhefti, en fleygði því

svo yfir í næsta húsagarð. Ákærðu höfðu svo farið út á Hverfisgötu austan megin við húsið og haldið að .....

Arnþór hafði rankað við sér, þegar klukkan var vel yfir 5.00, og hafði þá vantað á hann annan skóinn, sem hann fann ekki við leit né gleraugu sín. Hann hafði komist niður í Lækjargötu og reyndi þar að fá leigubifreið, en hann var þá svo illa útleikinn, bæði forugur og blóðugur, að þeir leigubílstjórar, sem hann náði til, vildu ekki taka hann upp í bifreiðar sínar, en einn kallaði á lögreglu fyrir hann, sem tók hann upp við biðskýli SVR í Lækjargötu kl. 5.20 og flutti á slysadeild til aðhlynningar.

Samkvæmt vottorði Brynjólfs Jónssonar læknis voru áverkar Arnþórs þessir við skoðun, eftir að komið var með hann á slysadeildina kl. 5.40:

„1) Bólga í kringum vinstra auga, mikið glóðarauga, nær sokkið. Ekki að sjá nein áverkamerki á auganu.

2) Það var mar á enni vi. megin.

3) Nef mjög bólgið og aumt, en ekki úr lagi fært og virðist stöðugt. Báðar nasir opnar og merki um blæðingar.

4) Sár á neðri vör innanvert og gegn vi. megin, virðist sem tönn hafi þar gengið í gegn.

Ekki önnur áverkamerki og sjúklingur virðist í góðu andlegu ástandi og ekki undir áhrifum áfengis, að því er séð verður. Gert er að sárum sjúklings, blóð þvegið. Sár á vör saumuð og búið um.

Álit:

Sjúklingur hefur áverka á andliti, sem geta verið eftir högg og ofbeldi af annars hálfu. Töluvert mar, sár og bólga er í andliti, en áverkarnir líklegir að geta gróið án teljandi framtíðaróþæginda."

Arnþór hefur verið spurður sérstaklega um það, hvort hann hafi verið með einhverja áverka á hnakka eða ofanverðu höfði. Hann hefur ekki getað svarað því ákveðið, en kveðst hafa verið allur aumur í höfðinu, en ekkert hafi sést, og sé ekki svo gott að sjá mar undir hárinu, en hann hafi verið allur „krambúleraður". Ekki gat hann sagt um það sérstaklega, hvort óhreinindi hefðu verið í sárunum á höfðinu. Ekki gat hann heldur sagt, að hann hefði haft nein sérstök eymsli í hnakka fremur en annars staðar.

Í bótakröfu Arnþórs kemur fram, að hann hafi verið um fimm daga frá vinnu vegna meiðslanna, sem hann hlaut, auk þess sem jakki hans og gleraugu hafi eyðilagst. Þá gerði hann kröfu um 200.000 kr. í miskabætur. Alls námu kröfur hans 368.830 kr., og hefur í rekstri málsins verið samið um kröfuna af ákærðu, og hefur hún verið greidd að fullu.

Ákærði hefur haldið því fram, að á leið þeirra ákærðu að Vitastíg 14 hafi ákærða gefið sig á tal við mann, sem hún hafi viljað ræna, en hann ekki, þar eð hann hafi verið orðinn aumur í hendinni eftir hnúajárnin,

en hún þá viljað fá þau lánuð til að beita sjálf á manninn, en hann ekki viljað lána henni þau. Hann kvað manninn hafa boðið henni í samkvæmi, en ekkert orðið úr ráninu. Ákærða kannaðist ekki við þetta.

Hins vegar er fram komið, að eftir að á Vitastíg 14 kom, kom til álita og var ráðgert að einhverju marki, að þau tækju leigubifreið að Ásvallagötu og tækju þar bifreið þá, sem Arnþór var með. Það hafði ekki fengið undirtektir hjá félögunum og ákærði þá líklega ekki viljað standa að því, og hafði ákærða þá hent lyklakippunni með lyklunum að bifreiðinni og húslyklum inn í húsagarð þar hjá, þar sem þeir fundust síðar eftir ábendingu hennar.

III. Persónulegir hagir ákærðu.

Ákærðu hafa bæði vegna þessa máls gengist undir geðrannsókn hjá Láru Höllu Maack geðlækni, og einnig hefur ákærði, X, í gæsluvarðhaldinu verið í sálfræðilegri meðferð hjá Jóni Friðriki Sigurðssyni sálfræðingi. Ákærða var vistuð á Unglingaheimili ríkisins í forsjá Ársæls Arnar Kárasonar sálfræðings. Í málinu liggja fyrir skýrslur þessara manna um ákærðu, og þeir hafa og borið vitni í málinu. Samkvæmt þessum gögnum og því, sem ákærðu hafa borið við rannsókn málsins, er þetta komið fram um persónulegar aðstæður þeirra:

1. Ákærði X.

— — —

Niðurstaða í skýrslu geðlæknisins er sú, að ákærði sé ekki og hafi ekki verið haldinn neinum þeim geðsjúkdómi, sem skert gæti sakhæfi hans varðandi þau afbrot, sem hann er grunaður um. Hann taldi ekki, að hann væri bráðhættulegur, en taldi miðað við afbrot hans, að hann væri líklegri en aðrir að fremja ofbeldisverk síðar meir.

— — —

2. Ákærða, Y.

— — —

„...Y er ekki og var ekki haldin neinum þeim geðsjúkdómi, sem skert gæti sakhæfi hennar varðandi þau afbrot, sem hér um ræðir. Augljóst er þó, að hún hefur sýnt veruleg hegðunarafbrigði öll unglingsárin, s.s. ofdrykkju og lauslæti. Tilfinningalega er hún misþroska, og hún hefur að

auki síðustu tvö árin sýnt veruleg merki óyndis, án þess að beinlínis hafi verið um þunglyndi að ræða (sjá lið E). Sálarástand hennar er nátengt þeim aðbúnaði og misnotkun, sem hún hefur orðið fyrir í uppvexti, auk þess sem erfðaþættir koma til."

Þá kemur fram hjá geðlækninum, að hann telur enga hættu af ákærðu allsgáðri, en drukkin, sérstaklega í „ réttum félagsskap", er hún óútreiknanlegri, en ekki bráðhættuleg.

Í framburði læknisins hér fyrir dómi kom fram, að reynslan væri sú, að stúlkum, sem orðið hefðu fyrir sifjaspellum, væri hætt við síðar að þjást af þunglyndi og að reynsla ákærðu vegna kynferðislegrar áreitni af hálfu stjúpa síns og afbrigðileg uppvaxtarskilyrði hefðu leitt til óeðlilegs tilfinningaþroska hjá henni og algjörs virðingarleysis hennar fyrir sjálfri sér sem kvenmanni.

— — —

IV. Niðurstöður málsins.

Í málinu verður að telja, þegar virtur er í heild framburður ákærðu, vætti vitna og önnur rannsóknargögn, að sannað sé, að ákærðu hafi komið sér saman um og framið í sameiningu framangreind tvö rán, sem ákært er út af og lýst er hér í I. og II. lið. Ákærðu hagnýttu sér þá peninga, sem þau höfðu upp úr þessum ránum, og fyrir lá strax, að ákærði myndi beita valdi til að yfirbuga fórnarlömbin, og er ekki fallist á þau rök ákærðu, Y, að einungis beri að líta á þátt hennar sem hlutdeild, heldur er hún þátttakandi í framkvæmd ránanna. Hins vegar þykir ekki sannað gegn mótmælum hennar, að hún hafi látið gangstéttarhellu falla tvívegis á höfuð Arnþóri, svo sem ákærði fullyrðir, en það fær hvorki stuðning í framburði Arnþórs né læknisvottorði, en ósennilegt þykir, að Arnþór hefði ekki haft greinilega áverka, eftir að fallið hefði tvívegis á höfuð honum rúmlega 10 kílógramma steinhella.

Með verknuðum þessum hafa ákærðu gerst brotleg við 252. gr. almennra hegningarlaga nr. 19, 1940.

Þá er sannað með framburði ákærðu og öðrum gögnum, að ákærði, X, réðst á Úlfar Úlfarsson, svo sem lýst er í I. lið, og sló hann fimm hnefahögg í andlitið, en hann var þá með á hendinni hnúajárn, sem hann hafði sjálfur útbúið. Ljóst er af framlagðri krufningarskýrslu prófessors Gunnlaugs Geirssonar og vætti hans, að áverkar þeir, sem ákærði veitti Úlfari, leiddu til heilablæðingar, sem varð banamein hans, þó að samkvæmt áliti og vætti Þorkels Jóhannessonar prófessors megi telja, að Úlfar hafi þá verið svo langt leiddur vegna lyfja og áfengisneyslu og samverkandi áhrifa þeirra, að mjög líklega hefðu þau ein og sér getað leitt hann til dauða síðar um nóttina.

Ljóst er, að ásetningur ákærða í upphafi árásarinnar var að rota Úlfar eða gera hann óvígan, en það er mat réttarins, að með því að slá Úlfar fimm hnefahögg með hnúajárnunum í andlitið, þar af þrjú mjög þung, en hin, er hann lá út af í tröppunum, svo að líklegt var, að höfuð hans slægist við höggin í tröppurnar, hafi ákærða ekki getað dulist, að yfirgnæfandi líkur voru á því, að Úlfar hlyti bana af, og hefur hann með því gerst brotlegur við 211. gr. almennra hegningarlaga.

Varhugavert þykir hins vegar gegn mótmælum ákærðu að telja, að næg sönnun sé fram komin um, að hún hafi hvatt ákærða til að slá Úlfar tvö síðustu höggin, svo sem ákærði heldur fram, og ber því að sýkna hana af því að eiga hlutdeild í broti ákærða á 211. gr. almennra hegningarlaga, en ekki verður heldur talið, að hún hafi getað séð fyrir, að ákærði myndi beita slíkri hörku sem raun varð á, en hins vegar vissi hún, að ákærði ætlaði að beita hnúajárnunum við það að yfirbuga Úlfar, og verður því þátttaka hennar í ráni þessu sem og hlutur beggja ákærðu í ráninu í II. lið metin með hliðsjón af lokasetningu 252. gr. alm. hegningarlaga.

Ákærðu eru bæði sakhæf, sbr. framlagðar geðheilbrigðisskýrslur.

Við refsimat í málinu verður annars vegar að líta til þess, að árásir ákærða eru fólskulegar, og einkum er löðurmannleg árásin á Úlfar, sem gaf ekkert tilefni til svo harkalegrar aðferðar og var með öllu ófær um að veita nokkra mótspyrnu vegna ölvunarástands síns. Þá þykir það og vega til þyngingar, að þau yfirgefa bæði Úlfar og Arnþór meðvitundarlausa á brotastað og huga síðar ekki að þeim eða gera neinar ráðstafanir til þess, að einhver kæmi þeim til hjálpar. Þá verður tregða þeirra til að gefa sig fram eftir brotin metin þeim til lasts. Hins vegar verður hinn lági aldur þeirra og það, að þau hafa ekki gerst áður brotleg við refsilög, metin þeim til refsimildunar, svo og þykir rétt að taka að einhverju leyti tillit til þess í refsimatinu, að ákærðu hafa bæði orðið fyrir slæmri reynslu á bernskuárum (einelti, kynferðisáreitni) og búið við slæmar uppeldisaðstæður, sem kunna að geta valdið þeim persónuleikatruflunum, sem geri það líklegra, að þau leiðist út í afbrot, en aðrir unglingar, sem búið hafa við eðlilegar aðstæður.

Refsing ákærða, X, þykir með hliðsjón af 77. gr. almennra hegningarlaga hæfilega ákveðin fangelsi í sex ár og fimm mánuði.

Samkvæmt heimild í 76. gr. almennra hegningarlaga þykir rétt að ákveða, að gæsluvarðhaldsvist ákærða frá 15. mars sl. til dagsins í dag komi með fullri dagatölu til frádráttar refsingunni.

Refsing ákærðu, Y, þykir með hliðsjón af 77. gr. og 57. gr. a almennra hegningarlaga, sbr. lög nr. 101, 1976, hæfilega ákveðin þannig, að hún sæti varðhaldi í þrjá mánuði, en að auki sæti hún fangelsi í 21 mánuð, en fresta skal fullnustu þeirrar refsingar, og niður skal hún falla að liðnum þremur árum frá uppkvaðningu dóms þessa, haldi hún almennt skilorð 57. gr.

almennra hegningarlaga og hlíti á sama tíma sérstöku umsjónarskilyrði 1. tl. 4. mgr. sömu greinar, í báðum tilfellum sbr. lög nr. 22, 1955.

Ákærðu, Y, var samkv. úrskurði sakadóms Reykjavíkur frá 15. mars sl. gert að hlíta forsjá barnaverndarnefndar Mosfellsbæjar, meðan á rannsókn málsins stæði, en þó ekki lengur en til miðvikudagsins 17. apríl nk. Ekki liggur fyrir í málinu, hvernig þessari forsjá var háttað eða hvort henni fylgdi frelsisskerðing, sem jafna megi til gæsluvarðhaldsvistar, og verður að meta það við fullnustu dómsins, hvort unnt er að taka tillit til þess til styttingar á afplánunartíma, en 43. gr. almennra hegningarlaga þykir eiga við refsiúttekt beggja ákærðu.

Dæma ber ákærða, X, að greiða skipuðum verjanda sínum, Þorsteini Júlíussyni hrl., réttargæsluþóknun og málsvarnarlaun, sem ákveðast 350.000 kr., auk virðisaukaskatts.

Þá ber að dæma ákærðu, Y, til að greiða verjanda sínum, Atla Gíslasyni hrl., í réttargæsluþóknun og málsvarnarlaun 270.000 kr. auk virðisaukaskatts.

Allan annan sakarkostnað, þar með talin saksóknarlaun til ríkissjóðs, sem ákveðst 220.000 kr., ber að dæma ákærða, X, til að greiða að 3/5 hlutum, en ákærðu Y að 2/5 hlutum.

Dómsorð:

Ákærði, X, sæti fangelsi í sex ár og fimm mánuði.

Gæsluvarðhaldsvist ákærða frá 15. mars sl. til dagsins í dag komi með fullri dagatölu til frádráttar refsingunni.

Ákærða, Y, sæti varðhaldi í þrjá mánuði, og enn fremur sæti hún fangelsi í 21 mánuð, en fresta skal fullnustu þeirra refsingar, og niður skal hún falla að liðnum þremur árum, haldi ákærða almennt skilorð samkv. 57. gr. almennra hegningarlaga nr. 19, 1940, og hlíti sérstöku umsjónarskilyrði samkvæmt 1. tl. 4. mgr. sömu greinar, í báðum tilvikum sbr. lög nr. 22, 1955.

Ákærði, X, greiði skipuðum verjanda sínum, Þorsteini Júlíussyni hrl., í réttargæsluþóknun og málsvarnarlaun 350.000 kr. auk virðisaukaskatts.

Ákærða, Y, greiði skipuðum verjanda sínum, Atla Gíslasyni hrl., í réttargæsluþóknun og málsvarnarlaun 270.000 kr. auk virðisaukaskatts.

Ákærðu greiði saman allan sakarkostnað, þar með talin saksóknarlaun til ríkissjóðs, 220.000 kr., þannig að ákærði X greiði 3/5 hluta hans, en ákærða, Y, 2/5 hluta.

Dómi þessum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Fimmtudaginn 26. mars 1992.

Nr. 415/1991. **Ákæruvaldið**
(Bragi Steinarsson vararíkissaksóknari)
gegn
Tryggva Erni Björnssyni
(Örn Clausen hrl.).

Bifreiðar. Umferðarlög. Ölvunarakstur.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Haraldur Henrysson og Gunnar M. Guðmundsson og Auður Þorbergsdóttir borgardómari.

Ríkissaksóknari áfrýjaði máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 9. október 1991 að ósk ákærða og einnig af hálfu ákæruvalds til þyngingar á refsingu. Við munnlegan málflutning fyrir Hæstarétti krafðist ríkissaksóknari staðfestingar hins áfrýjaða dóms.

Með skírskotun til forsendna hins áfrýjaða dóms ber að staðfesta hann.

Ákærði greiði allan áfrýjunarkostnað málsins, eins og í dómsorði greinir.

D ó m s o r ð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Ákærði, Tryggvi Örn Björnsson, greiði allan áfrýjunarkostnað málsins, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, 30.000 krónur, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns fyrir Hæstarétti, Arnar Clausen hæstaréttarlögmanns, 30.000 krónur.

Dómur sakadóms Kópavogs 2. október 1991.

Mál þetta, sem dómtekið var 29. ágúst sl. og endurupptekið 18. september og dómtekið að nýju 2. október, er höfðað af ákæruvaldsins hálfu með ákæru, dagsettri 10. desember 1990, „á hendur Tryggva Erni Björnssyni, Daltúni 32, Kópavogi", kennitala 161249-4329, fyrir að aka laugardaginn 18. febrúar 1989 undir áhrifum áfengis bifreiðinni R-18796 frá heimili sínu við Barónsstíg í Reykjavík, þar sem lögregla hafði afskipti af honum.

Telst þetta varða við 1. mgr., sbr. 2. mgr. 45. gr., sbr. 1. mgr. 100. gr. umferðarlaga nr. 50/1987.

Þess er krafist, að ákærði verði dæmdur til refsingar, til sviptingar ökuréttinda samkvæmt 101. gr. og 102. gr. nefndra umferðarlaga og til greiðslu alls sakarkostnaðar".

Málavextir.

Samkvæmt lögregluskýrslum, framburði ákærða og vitna svo og öðrum gögnum eru málavextir þeir, að laugardaginn 18. febrúar 1989 kl. 10.13 var lögreglunni í Reykjavík tilkynnt um árekstur á Barónsstíg/Grettisgötu bifreiðanna R-18796 og R-33333. Ökumaður bifreiðarinnar R-18796, ákærði í máli þessu, var grunaður um ölvun við akstur. Var hann því færður á lögreglustöð til skýrslutöku hjá varðstjóra. Í skýrslu varðstjóra er meðal annars eftir ákærða haft, að hann hafi verið að koma heiman að frá sér og verið að aka konu sinni til vinnu. Hann hafi ekki fundið til áfengisáhrifa við aksturinn. Hann hafi drukkið áfengi kvöldið áður rétt fram yfir miðnætti, nokkur glös af vodka, um magn geti hann ekki sagt.

Í skýrslu varðstjóra eru gerðar þær athugasemdir, að áfengisþefur hafi verið af andardrætti ákærða, jafnvægi stöðugt, málfar skýrt og framburður greinargóður. Þá kemur fram, að öndunarsýni hafi sýnt 3. stig.

Tekið var blóðsýni úr ákærða kl. 11.30, og samkvæmt niðurstöðu rannsókna mældist magn alkóhóls í blóði hans 0,86‰.

Við skýrslutöku hjá lögreglu 21. ágúst 1989 kvaðst ákærði vilja gera athugasemdir við varðstjóraskýrslu. Í skýrslunni sé krossað við já, þar sem spurt sé, hvort hann hafi verið að drekka áfengi. Hann hafi viðurkennt að hafa drukkið áfengi um 10 klst. áður en hann var spurður. Þá sé í skýrslunni krossað við, að ökutækið hafi verið tekið í vörslu lögreglunnar. Það sé ekki rétt. Lögreglan hafi aldrei óskað eftir að fá kveikjulásslyklana. Hann hafi spurt varðstjóra eftir blóðsýnistökuna, hvort hann mætti fara á bílnum, hvort hann væri frjáls ferða sinna, og hafi hann svarað því játandi. Hann hafi því farið á bifreið sinni og ekið til Þorsteins J. Jónssonar, Holtagerði, Kópavogi.

Á árekstrarstaðnum hafi hann verið látinn blása tvisvar í öndunarsýni, en hvergi komi fram niðurstaða úr þeim öndunarsýnum. Lögreglumaður, sem hafi látið sig blása í bílnum, hafi sagt sér, að sýnið sýndi undir þremur stigum. Hjá varðstjóra hafi hann verið látinn blása tvisvar í öndunarsýni og einu sinni í eitthvert tæki. Hann hafi blásið fyrst einu sinni, síðan skolað munninn og blásið aftur tvisvar.

Læknirinn, sem blóðsýnið tók, hafi sett glasið í umslag og afhent það lögreglumönnunum. Ekkert innsigli hafi verið notað, hvorki á glasið né umslagið. Hann hafi verið viðstaddur, er varðstjóri reif umslagið upp og

tók glasið og merkti það einhverjum tölum, og hafi hann sagt, að glasið væri síðan geymt í innsigluðum skáp, en það hafi enn verið á borði varðstjórans, er hann fór frá lögreglustöðinni. Hann vilji efast um, að málsmeðferð öll í málinu sé lögum samkvæm, og telur sig því ekki sekan um neitt brot.

Ákærði kom fyrst fyrir dóm vegna máls þessa 15. janúar 1990, og játaði hann þá ekki, að efni kærunnar væri rétt, og kannaðist ekki við brot sitt frá 18. febrúar 1989. Hafnaði hann að ljúka málinu með dómsátt og taldi meðferð blóðsýnis algjörlega ótæka.

Við yfirheyrslu fyrir dómi 16. janúar 1991 gerði ákærði sömu athugasemdir og við skýrslutöku hjá lögreglu og skýrði frá á sama veg. Hann kvaðst í umrætt sinn hafa verið að aka konu sinni til vinnu. Rétt áður en hann komi að Sundhöll Reykjavíkur, rekist hliðarspegill bifreiðar sinnar á hliðarspegil bifreiðar, sem hann mæti. Spegillinn hafi rétt lagst til, og því hafi hann ekki séð ástæðu til að nema staðar. Þegar hann sé svo að koma frá því að aka konu sinni, verði hann var við það á Bergþórugötu, að flautað er og ljósum blikað, og þegar hann staðnæmist á biðskyldu, komi maður hlaupandi og spyrji sig, hvers vegna hann hafi ekki stansað, er bílarnir rákust saman. Á planinu hjá Sundhöllinni fari hann inn í bíl mannsins, setjist í aftursætið og halli sér fram á sætið hjá honum. Spyrji hann þá ákærða, hvort hann hafi verið að drekka vín. Hann svari því neitandi, en kveðst hafa verið að gera það kvöldið áður. Hann hafi verið í matarboði og drukkið lítið af léttvínsglundri með mat, en eftir matinn hafi verið skálað í „bollu", sterkum drykk. Skipti þá engum togum, að hann hringi í lögreglu og hún komi.

Hann sé þá tekinn yfir í lögreglubílinn og þar tekin af sér skýrsla og hann látinn blása. Hann spyrji lögreglumanninn, hvort þetta sé í lagi, og hann svari, að hann viti það ekki, þetta sé alveg á mörkunum. Hann sé síðan látinn blása í aðra blöðru, og það sé sama. Á milli þess, sem hann sé látinn blása, tali lögreglumaðurinn við ökumann hins bílsins úti. Hann hafi haft hugboð um, að sá stjórnaði. Síðan sé farið með sig á lögreglustöðina. Hjá varðstjóra sé hann látinn blása í blöðru, skola síðan munninn og blása í tæki og loks aftur í blöðru. Hann fái enga niðurstöðu að sjá. Að skýrslutöku lokinni segi varðstjóri, að hann verði líklega að fara í blóðtöku. Eftir blóðtöku sé farið aftur á lögreglustöðina, og taki varðstjóri á móti þeim og taki við blóðsýninu. Ákærði hafi sagt honum, að hann væri ósáttur við meðferð blóðsýnisins. Þá rífi hann upp umslagið og bjóðist til að sýna sér, hvernig þetta fari fram. Ákærði hafi sagt honum, að hann treysti ekki lögreglunni. Hann skrifi á miða og límí á flöskuna, skrifi eitthvað í bók og segist svo fara með þetta í innsiglaðan skáp. En hann hafi ekki séð hann fara með það þangað, hann hafi bara sett það til hliðar.

Aðspurður kvaðst ákærði síðast hafa neytt áfengis á milli kl. 10.00 og 11.00 kvöldið áður. Hann hafi þá fundið til mjög lítilla áfengisáhrifa. Hann hafi drukkið borðvín með matnum, síðan hafi verið skálað í ,,bollu''. Þá minni sig, að hann hafi drukkið viskí, rétt neðan í glasi.

Aðspurður um, hvort honum hafi ekki þótt óvarlegt að aka heimleiðis á bíl sínum eftir það, sem á undan var gengið hjá lögreglu, kvaðst ákærði alveg hafa talið sig ,,bláedrú'' og að hann hefði getað treyst sér til að aka heim kvöldið áður, þ.e., að hann hafi dómgreindarinnar vegna getað ekið, þótt hann hafi e.t.v. verið yfir mörkum.

Þá kvað ákærði ekki hættu á öðru en varðstjóri hefði fengið rétt blóðsýni, en eftir það telji hann ekki öruggt um það og ekki öruggt, að rétt blóðsýni hafi farið til Rannsóknarstofu háskólans. Í niðurstöðu alkóhólrannsóknar komi ekki fram blóðflokkur sinn, og geti því niðurstaðan átt við blóðsýni einhvers annars.

Vitnið Þorvaldur Kristjánsson lögreglumaður hefur skýrt svo frá, að hann hafi farið að sinna umræddum árekstri ásamt öðrum lögreglumanni. Hafi útlit ákærða líkst meira útliti manns, sem hafi drukkið kvöldið áður, en manns, sem nýlega hafi neytt áfengis. Öndunarsýni hafi verið tekið af ákærða, og hafi það sýnt litarbreytingu og þeir (sic) þá ákveðið að flytja hann á lögreglustöðina til frekari ákvörðunar. Þar hafi verið tekið öndunarsýni, eftir að ákærði hafði skolað munninn úr vatni, og hafi það einnig sýnt litarbreytingu. Hefði varðstjóri því ákveðið, að ákærði yrði fluttur á slysadeild til töku á blóðsýni.

Vitnið Magnús G. Arneson lögreglumaður skýrði svo frá við yfirheyrslu hjá lögreglu, að hann hefði farið út að kanna skemmdir. Þegar hann komi aftur yfir í lögreglubifreiðina, hafi hann fundið áfengisþef í bifreiðinni. Þar sem öndunarsýni, sem tekið var af ákærða, hafi sýnt litarbreytingu, hafi þeir (sic) tekið ákvörðun um að flytja hann á lögreglustöð. Þar hafi verið tekið öndunarsýni, eftir að ákærði hafði fengið að skola munninn úr köldu vatni, og hafi það einnig sýnt litarbreytingu. Því hafi varðstjóri ákveðið, að ákærði yrði fluttur á slysadeild til töku blóðsýnis. Áfengisþefur hafi verið lítill af ákærða, en útlit hans bent til þess, að hann hefði neytt áfengis kvöldið áður, frekar en að hann hefði verið nýbúinn að neyta áfengis.

Við yfirheyrslu fyrir dómi skýrði vitnið frá á sama veg, en kvaðst ekki muna, hvort ákærði bar merki ölvunar.

Vitnið Guðmundur I. Sigurðsson lögregluvarðstjóri hefur skýrt svo frá, að tveir lögreglumenn hafi komið með ákærða á lögreglustöðina vegna grunar um ölvun við akstur og að ákveðið hafi verið, að hann yrði sendur til blóðsýnistöku að skýrslugerð lokinni. Hann muni ekki eftir útliti og ástandi ákærða, en tilefni hafi verið til að senda hann í blóðsýnistöku, fyrst hann hafi tekið ákvörðun um það.

Lögreglumenn, sem komi með ökumenn á lögreglustöð, sem grunaðir séu um ölvun við akstur, merki venjulega bíllykla og setji þá á töflu í Almennri deild hjá varðstjóra og færi bifreið á geymslusvæði lögreglunnar. Hann muni ekki eftir lyklum í þessu máli.

Vitnið Vignir Sveinsson lögreglumaður hefur komið fyrir dóminn og skýrt svo frá, að hann stundi ökukennslu í aukastarfi. Í umrætt sinn hafi hann verið að kenna og verið á leið suður Barónsstíg. Sjái hann þá bíl koma á móti. Akbrautin hafi verið með skorningum og því erfitt að mætast. Nemandi sinn aki eins utarlega og unnt hafi verið og hraði bifreiðarinnar vart verið mælanlegur. Sér hafi virst bíllinn á móti, þ.e. bíll ákærða, ekkert draga úr hraða, og þegar bílarnir mætast, skella hliðarspeglar þeirra saman. Ákærði stansi ekki og haldi áfram. Hann veiti honum eftirför. Á horni Njálsgötu og Barónsstígs nemi ákærði staðar, og nái hann þá tali af honum, en áður hafi hann verið búinn að flauta og blika ljósum.

Á bifreiðastæði á milli Sundhallarinnar og Heilsuverndarstöðvarinnar komi ákærði yfir í bílinn til sín og setjist aftur í, og þá finni hann alveg greinilega áfengislykt af honum. Ákærði hafi ekki viljað lögreglu á staðinn og ólmur viljað greiða fyrir spegilinn á bíl vitnisins, en hann hafði skemmst við áreksturinn. Hann hafi hringt á lögreglu úr bíl sínum og tilkynnt um árekstur og „meint", þ.e. meinta ölvun við akstur. Ákærði hafi verið þreytulegur og greinilega áfengislykt af honum. Hann hafi ekki séð, að hann væri áberandi ölvaður, en slæptur að sjá. Kalt og rakt hafi verið úti, og því hafi bíllinn verið vel heitur; því hafi áfengislykt fundist greinilega af honum. Vitnið hafi áréttað við lögreglu, er hún kom á staðinn, að það grunaði, að ákærði væri ölvaður.

Vitnið Rúnar Guðmundsson, fyrrverandi aðalvarðstjóri, hefur komið fyrir dóminn og skýrt svo frá, að ekki sé víst, að hann hafi tekið við blóðsýni í máli þessu, þó að hann hafi undirritað beiðni. Hún sé útbúin, um leið og sýnin séu send í rannsókn, en það sé gert tvisvar í viku. Hann muni ekki eftir máli þessu.

Vitnið Jónas Hallsson aðalvarðstjóri hefur skýrt eftirfarandi frá við yfirheyrslu hjá lögreglu:

„Laugardaginn 18. febr. 1989 kl. 11.30 tók ég á móti blóðsýni, sem tekið hafði verið úr Tryggva Björnssyni, Daltúni 32, Kópavogi.

Ég tók umslag utan af blóðsýnisglasinu og merkti það með tölunni 100. Ég færði blóðsýnið í blóðsýnishornabók lögreglunnar, eins og sjá má á ljósriti úr blóðsýnishornabók, sem ég undirskrifa. Síðan setti ég blóðsýnið í annað umslag og merkti það með nr. 100. - Þá setti ég blóðsýnið í þar til gerðan álkassa, og eftir að það hefur verið sett niður um op á kassanum, er ekki hægt að ná því úr honum nema opna hann með lykli. - Lykil þennan

hefur stöðvarstjóri og ekki aðrir. -Tvisvar í viku eru blóðsýni flutt til Rannsóknastofu háskólans af tveimur lögreglumönnum.

Þegar blóðsýni eru tekin úr áburgreindum geymslukassa, gera það stöðvarstjóri og aðalvarðstjóri. Blóðsýnin, sem farið er með í hvert skipti, eru færð inn í þar til gerða bók, sem lögreglumennirnir fara með, og er kvittað fyrir móttöku í rannsóknastofunni. Í þessu tilfelli voru flutningsmenn lögregluþjónar nr. 143 og 149.

Í rannsóknastofunni kvittar fyrir móttöku á blóðsýni nr. 100 Sigríður Í. Hákonsson, eins og sjá má á ljósriti úr móttökubók, sem fylgir.

Vitnið kom fyrir dóminn og skýrði frá á sama veg og hjá lögreglu. Þá kvað það gengið frá einu blóðsýni í senn til að koma í veg fyrir, að þau ruglist. Þegar allt hafi verið skráð, sé kallaður til vottur til að fara yfir skráninguna, og að honum viðstöddum sé blóðsýnið sett í umslag, sem merkt sé sama númeri, því lokað og stungið í læstan kassa. Þá benti vitnið á, að samkvæmt ljósritum úr blóðsýnishornabók sé næsta blóðsýni á undan blóðsýni ákærða, þ.e. sýni nr. 99, tekið kl. 7.45, sýni ákærða, nr. 100, kl. 11.30 og sýni nr. 101, næsta sýni þar á eftir, kl. 1.45. Óhugsandi sé, að sýni þessi hafi samtímis verið á borði, því að gengið sé frá færslu sýna jafnóðum.

Aðspurt um bíllykla kvað vitnið lykla kærða setta í geymslu hjá varðstjóra. Aðalvarðstjóri komi þar hvergi nærri. Vaktaskipti séu kl. 12.30, og vera kunni, að ný vakt hafi afhent lyklana fyrir mistök.

Vegna rannsóknar málsins beindi dómarinn þeirri fyrirspurn til lögreglustjóraembættisins í Reykjavík, hvaða reglur giltu um meðferð og vörslu blóðsýna. Í svarbréfi Sturlu Þórðarsonar, dagsettu 14. maí 1991, sem lagt er fram sem dskj. nr. 5, segir:

„Þegar læknir hefur tekið blóðsýni úr ökumanni og skrifað vottorð þar að lútandi, færa lögreglumenn blóðsýnið, sem er í til þess gerðu glasi, á lögreglustöð til varðstjóra. Glasið er í umslagi, merktu ökumanni. Varðstjórinn skráir nafn ökumanns og aðrar upplýsingar í sérstaka blóðsýnabók, þar sem blóðsýnið fær ákveðið númer. Númerið er skráð á miða, sem er áfastur glasinu, sem síðan er lokað í umslagi, sem einnig ber númer sýnisins. Blóðsýninu er síðan stungið í læstan kassa, sem geymdur er í kæliskáp, uns blóðsýnin eru færð Rannsóknastofu háskólans í lyfjafræði, en starfsmenn þeirrar stofnunar hafa lykilinn að blóðsýnakassanum. Starfsfólk rannsóknastofunnar tæmir kassann og kvittar fyrir móttöku blóðsýnanna í til þess gerða bók og færa síðan kassann og bókina aftur til varðstjóra. Niðurstöður blóðrannsókna koma síðan að nokkrum dögum liðnum og eru sameinuð viðkomandi málum með hjálp blóðsýnabókarinnar."

Þá beindi dómarinn þeirri fyrirspurn til Rannsóknastofu háskólans, hversu lengi blóðsýni, sem rannsóknastofunni berast frá lögreglu til alkó-

hólsákvörðunar, séu varðveitt og hvort fyrirliggjandi væru niðurstöður einhverra annarra rannsókna á sýnum, er fargað hefði verið, þannig, að unnt væri að rannsaka, hvort um blóðsýni úr tilteknum manni væri að ræða. Í svarbréfi Rannsóknastofu í lyfjafræði, dags. 28. júní 1991, sem lagt er fram sem dskj. nr. 7, kemur fram, að blóð- og þvagsýni úr ökumönnum séu geymd í kæli í eitt ár, eftir að þau berist rannsóknastofu, og að ekki liggi fyrir neinar rannsóknir á blóðsýnum, sem geti sagt til um, úr hvaða manni sýnið var tekið.

Vitnið Þorsteinn J. Jónsson hefur borið fyrir dómi, að ákærði hafi komið á heimili þess um kl. 12.30 umræddan dag. Hafi hann komið á bíl sínum. Hann hafi ekkert séð á ákærða, sem hafi kvartað undan meðferð lögreglunnar á sér, meðal annars því, að hann hafi verið látinn blása 4-5 sinnum. Allt hafi verið gert til að koma á sig sök. Varðstjóri hafi síðan afhent sér lyklana og hann farið á bílnum. Hann hafi sagt vitninu, að hann hefði neytt áfengis kvöldið áður, en talið sig vera búinn að sofa nóg, annars hefði hann ekki ekið konunni.

Ákærði krafðist þess í munnlegri vörn, að hann yrði sýknaður af öllum kröfum ákæruvaldsins í máli þessu og allur sakarkostnaður greiddur úr ríkissjóði.

Niðurstöður.

Ákærði hefur viðurkennt neyslu áfengis kvöldið fyrir aksturinn. Í varðstjóraskýrslu er eftir honum haft, að hann hafi drukkið áfengi kvöldið áður rétt fram yfir miðnætti, nokkur glös af vodka. Við yfirheyrslu fyrir dómi kvaðst ákærði síðast hafa neytt áfengis á milli kl. 10.00 og 11.00. Hann hafi drukkið borðvín með mat, síðan hafi verið skálað í „bollu", sterkum drykk, og sig minni, að hann hafi drukkið viskí, rétt neðan í glasi. Hann hafi fundið til lítilla áfengisáhrifa.

Vitnin Þorvaldur Kristjánsson og Magnús G. Arneson lögreglumenn hafa báðir borið, að útlit ákærða hafi meira líkst útliti manns, sem hafi drukkið kvöldið áður, en manns, sem nýlega hafi neytt áfengis. Þá hefur Magnús G. Arneson borið, að hann hafi fundið áfengisþef, er hann kom inn í lögreglubifreiðina, og að lítill áfengisþefur hafi verið af ákærða. Báðir hafa borið, að öndunarsýni ákærða hafi sýnt litarbreytingu, einnig eftir að hann hafi skolað munninn á lögreglustöð.

Vitnið Guðmundur I. Sigurðsson lögregluvarðstjóri hefur borið, að hann muni ekki eftir útliti og ástandi ákærða, en tilefni hafi verið til að senda hann í blóðsýnistöku, fyrst hann hafi tekið ákvörðun um það.

Vitnið Vignir Sveinsson hefur borið, að hann hafi fundið alveg greinilega áfengislykt af ákærða, er hann kom inn í bíl vitnisins, og hann hafi verið

þreytulegur. Hann hafi ekki séð, að hann væri áberandi ölvaður, en slæptur að sjá.

Í skýrslu varðstjóra eru gerðar þær athugasemdir, að áfengisþefur hafi verið af andardrætti ákærða og að öndunarsýni hafi sýnt 3. stig.

Samkvæmt niðurstöðu alkóhólrannsóknar mældust 0,86‰ alkóhóls í blóði ákærða.

Ákærði hefur borið, að hann hafi talið sig „bláedru" við aksturinn í umrætt sinn.

Ákærði hefur haldið því fram, að hann telji meðferð blóðsýnisins ekki örugga, eftir að það var afhent varðstjóra, og ekki sé öruggt, að rétt blóðsýni hafi farið til Rannsóknastofu háskólans. Í niðurstöðu alkóhólrannsóknar komi ekki fram blóðflokkur sinn, og geti því niðurstaðan átt við blóðsýni einhvers annars.

Rannsókn á meðferð og vörslu blóðsýna þykir hafa leitt í ljós, að meðferð og varsla blóðsýnis ákærða hafi verið venju samkvæmt. Þykir því mega treysta niðurstöðu alkóhólrannsóknar, enda þykir hún samrýmanleg öðru, sem fram er komið í málinu.

Með vísan til alls þessa verður því að teljast sannað, að ákærði hafi gerst sekur um þá háttsemi, sem honum er að sök gefin í ákæruskjali og þykir þar réttilega heimfærð til refsilagaákvæða.

Ákærði er sakhæfur og hefur sætt kærum og refsingum sem hér segir: [Ákærði hefur sætt fjórum refsidómum fyrir ölvunarakstur o.fl., síðast 1973, er hann var sviptur ökuleyfi ævilangt. Ökuleyfi veitt að nýju 10. júlí 1981.].

Refsing ákærða þykir hæfilega ákveðin eftir þeim refsilagaákvæðum, sem sakfellt er fyrir, sekt í ríkissjóð, að fjárhæð 21.000 kr., og komi sjö daga varðhald í stað sektarinnar, verði hún eigi greidd innan fjögurra vikna frá birtingu dóms þessa.

Þá ber, svo sem krafist er í ákæru, og með vísan til þeirra lagaákvæða, sem þar er vitnað til, að svipta ákærða ökuréttindum, og þykir sviptingartími hæfilega ákveðinn þrír mánuðir frá birtingu dómsins að telja.

Loks ber að dæma ákærða til greiðslu alls sakarkostnaðar.

Dóm þennan kvað upp Þorgerður Erlendsdóttir, settur héraðsdómari.

Dómsorð:

Ákærði, Tryggvi Björnsson, greiði sekt í ríkissjóð, að fjárhæð 21.000 kr., og komi sjö daga varðhald í stað sektarinnar, verði hún eigi greidd innan sex vikna frá birtingu dómsins að telja.

Ákærði er sviptur ökuréttindum í þrjá mánuði frá dómsbirtingu.

Ákærði greiði allan kostnað sakarinnar.

Dómi þessum ber að fullnægja að viðlagðir aðför að lögum.

Fimmtudaginn 26. mars 1992.

Nr. 439/1991. **Ákæruvaldið**
(Bragi Steinarsson vararíkissaksóknari)
gegn
Aðalsteini Aðalsteinssyni
(Kristján Stefánsson hrl.).

Þjófnaður. Sönnun.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Haraldur Henrysson og Gunnar M. Guðmundsson og Auður Þorbergsdóttir borgardómari.

Ríkissaksóknari áfrýjaði máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 18. október 1991, að því er varðar ákærða, Aðalstein Aðalsteinsson. Var málinu áfrýjað að ósk ákærða, en einnig af hálfu ákæruvalds „til staðfestingar um skilorðsrof og þyngingar á refsingu". Við munnlegan málflutning krafðist ríkissaksóknari aðallega staðfestingar hins áfrýjaða dóms, að því er varðar ákærða, Aðalstein, en til vara „staðfestingar á ákvæðum um sakfellingu ákærða, greiðslu sakarkostnaðar og á ákvæðum um skilorðsrof á reynslulausn frá 28. mars 1990 af eftirstöðvum refsingar, 160 dögum, en ákvörðun refsingar í þessu máli verði frestað skilorðsbundið í 2 ár frá uppkvaðningu dómsins, haldi ákærði almennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga nr. 19, 1940, sbr. 4. gr. laga nr. 22, 1955."

Meðákærði í héraði undi héraðsdómi.

Í máli þessu er ákært fyrir stuld á tveim áfengisflöskum, sem Sigrún Ólafsdóttir taldi, að stolið hefði verið á Hótel Snæfelli. Einu gestir á hótelinu aðfaranótt 11. júní 1990 voru ákærði og meðákærði í héraði. Þeir höfðu verið í brúðkaupsveislu kvöldið áður og eftir það á dansleik og voru ölvaðir, er þeir komu heim á hótelið um nóttina. Er lögregla kom á vettvang morguninn eftir, þegar klukkan var langt gengin í fimm, að því er ætla verður, lá ákærði Aðalsteinn sofandi í rúmi sínu í herbergi á þriðju hæð hótelsins og virðist hafa verið ofurölvi. Leit var gerð að áfengisflöskum þeim, sem Sigrún Ólafsdóttir taldi horfnar, en hún bar ekki árangur. Hins vegar fann lögreglan hvítvínsflösku, sem falin hafði verið á bak við dýnu á gangi þriðju hæðar. Mun það hafa verið flaska, sem Sigrún Ólafsdóttir hafði séð, að vantaði í kæliskáp í eldhúsi hótelsins.

Við lögreglurannsókn gekkst meðákærði við því að hafa brotist inn á bar hótelsins, en mótmælti því að hafa tekið annað en vínflösku þá, sem fannst og áður er getið. Hann bar og jafnan, að hann hefði farið einsamall inn á barinn, og hefði ákærði verið sofandi inni á herbergi þeirra. Þegar meðákærði kom fyrir dóm við meðferð máls þessa hinn 26. nóvember 1990, var einungis bókað, að hann viðurkenndi að hafa stolið tveim áfengisflöskum greint sinn ásamt ákærða, Aðalsteini. Hann var hins vegar ekkert spurður um misræmi milli þessa framburðar og skýrslu sinnar hjá lögreglu.

Kærandinn, Sigrún Ólafsdóttir, kom til skýrslutöku hjá lögreglu 7. ágúst 1990. Var skýrsla hennar um þjófnað á áfengi óskýr. Hún kom ekki fyrir dóm.

Samkvæmt framansögðu eru atvik máls þessa óljós og illa upplýst. Ekki þykir unnt að byggja sakfellingu ákærða á skýrslu hans hjá lögreglu einni, og þegar gögn málsins í heild eru virt, þykir ekki sannað, að hann hafi gerst sekur um verknað þann, sem hann er ákærður fyrir. Ber því að sýkna hann af kröfum ákæruvalds í málinu.

Eftir framangreindum úrslitum ber að leggja allan kostnað málsins í héraði, að því er ákærða varðar, á ríkissjóð, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda hans þar, svo sem þau voru ákveðin í héraðsdómi. Áfrýjunarkostnað ber einnig að greiða úr ríkissjóði, eins og í dómsorði greinir.

Dómsorð:

Ákærði, Aðalsteinn Aðalsteinsson, skal vera sýkn af kröfum ákæruvalds í málinu.

Málskostnaður í héraði, að því er ákærða varðar, greiðist úr ríkissjóði, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda hans, eins og þau voru ákveðin í hinum áfrýjaða dómi.

Allur áfrýjunarkostnaður málsins greiðist úr ríkissjóði, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda ákærða fyrir Hæstarétti, Kristjáns Stefánssonar hæstaréttarlögmanns, 35.000 krónur.

Dómur sakadóms Reykjavíkur 27. september 1991.

Ár 1991, föstudaginn 27. september, er á dómþingi sakadóms Reykjavíkur, sem háð er í Borgartúni 7 af Hirti O. Aðalsteinssyni sakadómara,

kveðinn upp dómur í sakadómsmálinu nr. 462-463/1991: Ákæruvaldið gegn Aðalsteini Aðalsteinssyni og X, sem tekið var til dóms 18. september sl.

Málið er höfðað með ákæruskjali ríkissaksóknara, dagsettu 9. nóvember sl., á hendur ákærðu, Aðalsteini Aðalsteinssyni, Yrsufelli 9, fæddum 12. febrúar 1965, fæðingarnúmer 423, og X [...], báðum til heimilis í Reykjavík, „fyrir þjófnað með því að hafa aðfaranótt mánudagsins 11. júní 1990 brotist inn í vínstofu Hótel Snæfells, Austurvegi 3, Seyðisfirði, og stolið tveimur áfengisflöskum.

Telst þetta varða við 244. gr. almennra hegningarlaga nr. 19, 1940.

Þess er krafist, að ákærðu verði dæmdir til refsingar og til greiðslu skaðabóta og alls sakarkostnaðar".

Málavextir eru þessir:

Mánudaginn 11. júní 1990 kl. 4.35 sneri Sigrún Ólafsdóttir, eigandi Hótel Snæfells á Seyðisfirði, sér til lögreglunnar á staðnum og tilkynnti um innbrot á hótelinu. Kvaðst hún gruna tvo hótelgesti um verknaðinn, þar sem hún hefði komið að öðrum þeirra, þar sem hann var að sópa saman glerbrotum á barnum. Lögreglumenn fóru þegar á vettvang og höfðu tal af ákærða X, sem neitaði í fyrstu aðild að þjófnaðinum. Lögreglumenn fundu hvítvínsflösku á gangi hótelsins, og í herbergi ákærðu fannst ógreiddur reikningur ákærðu, að fjárhæð 7.540 kr. Segir í lögregluskýrslu, að reynt hafi verið að vekja ákærða Aðalstein, en hann hafi verið „dauður" af áfengisneyslu og ekki vaknað þrátt fyrir ítrekaðar tilraunir.

Við yfirheyrslu hjá lögreglunni daginn eftir viðurkenndi ákærði X að hafa stolið einni vínflösku, sem hafi verið í ísskáp í eldhúsi, og jafnframt viðurkenndi hann að hafa tekið áðurgreindan reikning og farið með hann upp á herbergi sitt. Kvaðst ákærði hafa verið einn á ferð, en meðákærði, Aðalsteinn, hefði farið á undan sér af dansleik, sem þeir voru á, og hefði Aðalsteinn verið með lyklana. Kvaðst ákærði X því hafa skriðið inn um glugga á herbergi þeirra á þriðju hæð.

Ákærði Aðalsteinn var yfirheyrður hjá lögreglu N.-Múlasýslu daginn eftir kl. 16.05. Kvaðst ákærði hafa verið á dansleik og misst minnið vegna áfengisneyslu og ekki vitað af sér, fyrr en hann var að reyna að opna glugga við bar hótelsins í þeim tilgangi að sækja þangað áfengi. Kvað ákærði gluggann hafa brotnað, og hefði meðákærði þá skriðið inn og sótt eina vodkaflösku. Kvaðst ákærði síðan ekkert muna, fyrr en lögreglan vakti hann um morguninn.

Samkvæmt gögnum málsins greiddu ákærðu hóteleigandanum tjón sitt að fullu, samtals 30.000 kr. Kvaðst hóteleigandinn hafa lofað ákærðu að falla frá kæru, ef þeir bættu tjónið.

Ákærði X skýrði svo frá fyrir dómi, að hann hefði ásamt meðákærða stolið tveimur áfengisflöskum á Hótel Snæfelli, Seyðisfirði.

Ákærði Aðalsteinn skýrði svo frá fyrir dómi, að hann hefði umrætt sinn verið undir mjög miklum áhrifum áfengis. Ákærði kvaðst fyrr um kvöldið hafa verið í brúðkaupsveislu hjá frænda sínum, og kvaðst ákærði síðast hafa vitað af sér í þessari veislu. Ákærði kvaðst ekki muna eftir heimferð sinni og ekkert muna, fyrr en lögreglan stóð yfir sér morguninn eftir. Ákærði kvaðst hafa tjáð lögreglumanni þeim, sem tók af sér skýrsluna, að hann gæti hvorki játað né neitað sakargiftum. Kvað ákærði skýrslu þá, er hann skrifaði undir, vera það, sem lögreglumaðurinn lagði sér í munn.

Ofangreind skýrsla var borin undir ákærða, og kvaðst hann staðfesta undirskrift sína undir hana.

Ákærði kvaðst ásamt meðákærða hafa samþykkt að greiða kæranda skaðabætur, enda hefði þeim verið tjáð, að málið yrði þá látið niður falla. Ákærði vildi þó taka fram, að enda þótt hann hefði greitt skaðabætur, teldi hann sig ekki með því hafa viðurkennt verknaðinn.

Vitnið Egill Ragnarsson lögreglumaður, kt. 071259-8039, gaf skýrslu í sakadómi Seyðisfjarðar 4. júlí sl. Kvað vitnið Sigrúnu hafa komið á lögreglustöðina og lagt fram kæru. Hafi lögreglumennirnir farið á vettvang, og hafi annar ákærðu verið sofandi í herbergi sínu, en hinn ekki kannast við neitt á þessu stigi málsins. Kvað vitnið annan ákærðu hafa játað brotið að fullu, en hinn hefði játað líka, en verið tregur til, þar sem hann var á skilorði. Vitnið kvað ákærða Aðalstein hafa verið lítillega ölvaðan eða „þunnan" við handtöku, og kvað vitnið það sitt mat, að hann hefði verið fullfær um að gefa skýrslu kl. 16.05. Vitnið kvaðst ekki hafa verið viðstatt skýrslutökuna allan tímann, en kvaðst hafa verið viðstatt upplestur hennar og undirritun. Kvað vitnið ákærða X hafa tjáð lögreglu, að hann hefði verið einn að verki, þar sem hann hefði ekki viljað blanda ákærða Aðalsteini í málið, vegna þess að hann var á skilorði.

Vitnið Sigurjón Andri Guðmundsson aðstoðarvarðstjóri, kt. 070963-5829, gaf skýrslu í sakadómi Seyðisfjarðar 9. ágúst sl. Kvaðst vitnið hafa tekið skýrslu af ákærða Aðalsteini, sem hefði játað á sig sinn þátt. Vitninu fannst ákærði í alla staði „bláedrú" og hefði ekki tekið eftir því, að hann hefði drukkið kvöldið áður, ef sér hefði ekki verið sagt það. Kvað vitnið ákærða hafa beðið um magnýl vegna höfuðverkjar. Vitnið kvað skýrsluna ekki hafa verið lesna upp fyrir ákærða, hann hefði lesið hana sjálfur, áður en hann skrifaði undir hana. Kvað vitnið ákærða ekki hafa virst slappan eða þreyttan, er skýrslutaka fór fram, og fannst vitninu ákærði geta komið þokkalega fyrir sig orði. Vitnið kvað Egil hafa verið viðstaddan skýrslutökuna einhverja stund, en ekki mundi vitnið, hvort einhver var viðstaddur, er ákærði skrifaði undir skýrsluna.

Vitnið Geir Stefánsson héraðslögreglumaður, kt. 040167-5799, gaf skýrslu í sakadómi Seyðisfjarðar sama dag. Vitnið kvaðst ekki hafa verið

viðstatt yfirheyrslur yfir ákærðu, en vitnið kvað ákærðu í fyrstu hafa neitað aðild að innbrotinu. Vitnið kvað ákærðu ekki hafa verið undir áhrifum áfengis, er skýrslur voru teknar af þeim. Vitnið kvað sér hafa verið tjáð daginn eftir, að ákærðu hefðu játað.

Niðurstöður.

Með játningu ákærða X telst nægilega sannað, að hann hafi gerst sekur um háttsemi þá, sem honum er gefin að sök í ákæruskjali og varðar við 244. gr. almennra hegningarlaga.

Ákærði Aðalsteinn hefur hins vegar viljað hverfa frá framburði sínum hjá lögreglu og borið því við, að skýrsla sú, sem hann skrifaði undir, hafi verið það, sem lögreglumaðurinn lagði sér í munn. Eins og mál þetta er vaxið, þykir ekki verða hjá því komist að treysta framburði ákærða hjá lögreglu, enda ekkert komið fram við meðferð málsins, sem veiki þá játningu hans, og verður því ekki tekið mark á síðari afturköllun hans. Með hliðsjón af framansögðu svo og með hliðsjón af framburði ákærða X um aðild ákærða Aðalsteins telst nægilega sannað, að ákærði hafi gerst sekur um háttsemi þá, sem honum er gefin að sök í ákæruskjali og varðar við 244. gr. almennra hegningarlaga.

Samkvæmt sakavottorði ákærða Aðalsteins hefur hann frá árinu 1981 hlotið samtals tólf dóma, og nemur óskilorðsbundin samanlögð refsivist hans nú þremur árum og rétt tæpum þremur mánuðum. Síðast hlaut ákærði dóm 21.3. 1989, átta mánaða fangelsi og fjársekt fyrir þjófnað. Þá hefur ákærði níu sinnum sæst á sektagreiðslur fyrir brot gegn umferðarlögum, áfengislögum og lögum um ávana- og fíkniefni. Hinn 28.3. 1990 hlaut ákærði reynslulausn í tvö ár á eftirstöðvum refsingar, 160 dögum. Samkvæmt vottorði Fangelsismálastofnunar ríkisins hefur ákærði ekki afplánað framangreindar eftirstöðvar. Þar sem ákærði hefur rofið skilorð reynslulausnarinnar, ber því samkvæmt ákvæðum 42. gr., sbr. 60. gr. almennra hegningarlaga, að taka upp eftirstöðvarnar. Þykir refsing ákærða með hliðsjón af málavöxtum öllum og með vísan til 77. gr. almennra hegningarlaga hæfilega ákveðin fangelsi í sex mánuði.

Samkvæmt sakavottorði ákærða X hefur hann þrívegis sætt refsingu fyrir umferðarlagabrot.

Rétt þykir, að ákvörðun um refsingu ákærða X skuli frestað, og skal hún niður falla að liðnum tveimur árum frá uppkvaðningu dómsins, haldi ákærði almennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga.

Samkvæmt gögnum málsins hafa ákærðu greitt skaðabætur að fullu.

Dæma ber ákærðu til greiðslu alls sakarkostnaðar in solidum, en ákærði Aðalsteinn greiði þó einn málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Kristjáns Stefánsson hrl., 30.000 kr.

Dómsorð:

Ákærði Aðalsteinn Aðalsteinsson, sæti fangelsi í sex mánuði.

Ákvörðun um refsingu ákærða X skal frestað og hún niður falla að liðnum tveimur árum frá uppkvaðningu dómsins, haldi ákærði almennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga.

Ákærðu greiði allan sakarkostnað in solidum, en ákærði Aðalsteinn greiði þó einn málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Kristjáns Stefánssonar hrl., 30.000 kr.

Föstudaginn 27. mars 1992.

Nr. 221/1989. **Jón Oddsson**
(sjálfur)
gegn
Ægi Stefáni Hilmarssyni
(Sigurmar K. Albertsson hrl.).

Ómerking. Heimvísun. Vítur. Sératkvæði.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Hrafn Bragason, Garðar Gíslason, Haraldur Henrysson, Hjörtur Torfason og Pétur Kr. Hafstein.

Áfrýjandi skaut máli þessu til Hæstaréttar með áfrýjunarstefnu 8. júní 1989. Hann gerir þær dómkröfur, að hinum áfrýjaða dómi verði hrundið og breytt á þann veg, að hann verði sýknaður af öllum kröfum stefnda og sér dæmdur málskostnaður í héraði og fyrir Hæstarétti.

Dómkröfur stefnda eru þær, að héraðsdómur verði staðfestur og sér dæmdur málskostnaður fyrir Hæstarétti, eins og málið væri ekki gjafvarnarmál, en stefndi fékk gjafvörn fyrir Hæstarétti með bréfi dómsmálaráðuneytisins 5. mars 1990.

Að ákvörðun Hæstaréttar var mál þetta flutt um formhlið þess, sbr. 48. gr. laga nr. 75/1973 um Hæstarétt Íslands. Áfrýjandi gerði þá þær dómkröfur, að hinn áfrýjaði dómur yrði ómerktur og stefnda gert að greiða sér málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti. Stefndi óskaði þess, að málið yrði tekið til efnismeðferðar, en gerði ekki málskostnaðarkröfur í þessum þætti málsins.

Aðalflutningur í máli þessu fór fram 27. október 1988, og var málið þá dómtekið. Það var síðan endurupptekið og endurflutt hinn 15. mars 1989 án nokkurra skýringa og án þess að ný gögn væru lögð fram eða leitað væri nýrra upplýsinga í málinu, er réttlætt gætu drátt þennan, sbr. 120. gr. laga nr. 85/1936 um meðferð einkamála í héraði. Dómur var svo kveðinn upp 12. maí 1989, átta vikum og tveimur dögum eftir munnlegan málflutning og dómtöku málsins í annað sinn. Þessi dráttur á dómsuppsögu er freklegt og vítavert brot á ákvæðum 191. gr. laga nr. 85/1936, enda getur munnlegur málflutningur eigi komið að því gagni, sem til er ætlast,

er dómsuppsaga dregst svo lengi. Ber því að ómerkja hinn áfrýjaða dóm og leggja fyrir héraðsdómara að taka málið til munnlegs flutnings og dómsuppsögu að nýju.

Eftir atvikum þykir rétt, að málskostnaður fyrir Hæstarétti falli niður.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera ómerkur, og ber héraðsdómara að taka málið upp að nýju til munnlegs flutnings og dómsuppsögu.

Málskostnaður fyrir Hæstarétti fellur niður.

Sératkvæði
Hjartar Torfasonar hæstaréttardómara.

Í máli þessu varð alvarlegur dráttur á uppsögu dóms í héraði, sem ekki hefur verið nægilega réttlættur. Aðilar málsins hafa ekki gert kröfu um ómerkingu dómsins og ekki bent á gagnger missmíði á honum, er rekja megi til þessa eða torveldi meðferð málsins hér fyrir dómi, en hingað er því áfrýjað til endurskoðunar frá grunni. Tel ég ekki óhjákvæmilegt að vísa málinu heim vegna þess ágalla eins, sem hér um ræðir, og sé rétt eftir atvikum, að flutningi þess verði fram haldið.

Dómur bæjarþings Hafnarfjarðar 12. maí 1989.

I.

Mál þetta, sem dómtekið var 15. mars sl., hefur Ægir Stefán Hilmarsson, nnr. 9881-5597, Háengi 6, Selfossi, höfðað fyrir dóminum með stefnu, birtri 19.4. 1988, á hendur Jóni Oddssyni, nnr. 5173-1867, Ásbúð 102, Garðakaupstað.

Endanlegar dómkröfur stefnanda eru þær, að stefndi verði dæmdur til greiðslu skuldar, að fjárhæð 115.900 kr., ásamt 27% ársvöxtum af 105.900 kr. frá 1.6. 1986 til 1.11. 1986, en af 115.900 kr. frá þeim degi til 1.3. 1987 með [nánar tilgreindum vöxtum].

Þá er krafist málskostnaðar úr hendi stefnda, eins og málið væri eigi gjafsóknarmál.

Með leyfisbréfi dómsmálaráðuneytisins, dags. 3. júní 1988, er stefnanda veitt gjafsókn í málinu.

Af hálfu stefnda eru þær dómkröfur gerðar, að hann verði alsýknaður af öllum kröfum stefnanda og að stefnanda verði gert að greiða sér málskostnað samkvæmt gjaldskrá Lögmannafélags Íslands auk 12% sérstaks sölugjalds, sbr. l. nr. 1/1988, að mati réttarins.

Til vara gerir stefndi þær dómkröfur, að kröfur stefnanda verði verulega lækkaðar og einungis teknar til greina að óverulegu leyti og að stefnandi verði dæmdur til greiðslu málskostnaðar á sama hátt og í aðalkröfu er krafist.

Sáttatilraunir dómara reyndust árangurslausar.

Málið var áður flutt og dómtekið 27. október sl., en endurflutt og dómtekið að nýju 15. mars sl.

— — —

Dómsorð:

Stefndi, Jón Oddsson, greiði stefnanda, Ægi Stefáni Hilmarssyni, 90.000 kr. með [nánar tilgreindum vöxtum].

Stefndi greiði 50.000 kr. í málskostnað, þ. m. t. söluskattur, og rennur málskostnaður í ríkissjóð.

Allur gjafsóknarkostnaður í málinu greiðist úr ríkissjóði. Þóknun skipaðs talsmanns stefnanda, Ólafs Sigurgeirssonar hdl., 47.950 kr., þ. m. t. söluskattur og útlagður kostnaður, 2.050 kr.

Allar greiðslur fari fram innan fimmtán daga frá lögbirtingu dómsins að viðlagðri aðför að lögum.